Frumvarp til fjárlaga

fyrir

árin 1900 og 1901.

(Lagt fyrir alþingi 1899.)

1. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1900 og 1901 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,415,900 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,142,000 kr.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000.	17,000.	34,000.
b) á lausafje	25,000.	25,000.	50,000.
2. húsaskattur	5,500.	5,500.	11,000.
3. tekjuskattur	13,000.	13,000.	26,000.
4. aukatekjur	30,000.	30,000.	60,000.
5. erfðafjárskattur	2,000.	2,000.	4,000.
6. vitagjald	9,000.	9,000.	18,000.
7. gjöld fyrir leyfisbrjef. Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.	2,000.	2,000.	4,000.
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2 % í innheimtulaun	45,000.	45,000.	90,000.
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	135,000.	135,000.	270,000.
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	75,000.	75,000.	150,000.
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	175,000.	175,000.	350,000.
12. tekjur af póstferðum	35,000.	35,000.	70,000.
13. óvissar tekjur	2,500.	2,500.	5,000.
samtals...	571,000.	571,000.	1,142,000.

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs og fl. eru taldar 50,200 kr.:

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr.			
að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls..... 9,000 —			
	23,000.	23,000.	46,000.
2. Tekjur af kirkjum	100.	100.	200.
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli,	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	25,100.	25,100.	50,200.

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 94,000 kr.:

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	42,000.	42,000.	84,000.
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1900 38,673 kr. 66 a.			
- — 1901 39,058 — 37 -			
77,732 kr. 03 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans ..	5,000.	5,000.	10,000.
samtals...	47,000.	47,000.	94,000.

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000.	2,000.	4,000.
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna...	600.	600.	1,200.
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum ..	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	4,600.	4,600.	9,200.

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 120,500 kr.:

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000.	60,000.	120,000.
Aukatillag	500.	»	500.
samtals...	60,500.	60,000.	120,500.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1900 og 1901 veitast til útgjalda 1,450,495 kr. 40 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1900: 12,400 kr., og árið 1901: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 331,736 kr. 67 a.

A.	1900.	1901.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	18,066. 67	18,100.	36,166. 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl. ..	4,400.	4,400.	8,800.
3. hin umboðslega endurskoðun:			
a. Laun endurskoðanda ..... 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda ..... 500 —			
c. Skrifstofukostnaðar ..... 1,300 —			
	4,300.	4,300.	8,600.
	26,766. 67	26,800.	53,566. 67
flyt...	.....	.....	53,566. 67

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
	fluttar...	.....	.....	53,566. 67
	B.			
	Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1.	laun:			
	a. til dómara og sýslumanna	68,100.	68,100.	
	b. til hreppstjóra.....	8,000.	8,000	
2.	ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík....	1,400.	1,400.	
3.	til hegningarhússins og fangelsanna:			
	a. laun umsjónarmannsins ..... 1900. 1,000 kr. 1901. 1,000 kr.			
	viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ..... 200 — 200 —			
	þóknun handa dómkirkjuprestinum .... 100 — 100 —			
	þóknun handa lækni 60 — 60 —			
	b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag. 1,225 — 1,225 —			
	3 skammtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e..... .... 230 — 230 —			
	þvottur ..... 30 — 30 —			
	til eldiviðar og ljósa 520 — 520 —			
	útgjöld við húsið sjálft og áhöld ..... 400 — 400 —			
	til þess að útvega verkefni ..... 500 — 500 —			
	ýmisleg útgjöld..... 150 — 150 —			
	4,415 kr. 4,415 kr.			
	arður af verkum talinn..... 615 — 615 —			
	3,800 kr. 3,800 kr.			
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna ..... 1,900 — 300 —			
		5,700.	4,100.	
	flyt...	83.200.	81,600.	53,566. 67

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
	fluttar...	83,200.	81,600.	53,566. 67
4.	önnur útgjöld:			
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn 1,600 kr.			
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn. 50 —			
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum 50 —			
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl. ..... 50 —			
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál ..... 3,000 —			
	f. kostnaður við gjafsóknarmál .... 300 —			
	g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk..... 150 —			
	h. útgjöld við sáttamál ..... 50 —			
		5,250.	5,250.	
		88,450.	86,850.	175,300.
	C.			
	Ýmisleg útgjöld:			
1.	til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
	a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
	b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), 43 kr. örkin..... 2,580 —			
	c. til kostnaðar við sending með póstum ..... 450 —			
	d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina.... ..... 1,200 —			
		4,680.	4,680.	
2.	endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.....	2,500.	2,500.	
3.	brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar.....	900.	900.	
4.	styrkur til eflingar búnaði:			
	a. til búnaðarskóla:			
	1. til skólans í Ólafsdal ..... 2,500 kr.			
	2. til skólans á Hólum ..... 2,500 —			
	flyt... 5,000 kr.	8,080.	8,080.	228,866. 67.

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
fluttar...	5,000 kr.		8,080.	8,080.	228,866. 67
3. til skólans á Eyðum	2,500 —				
4. — — - Hvanneyri	2,500 —				
	10,000 kr.				
b. til búnaðarfjelaga	18,000 —				
c. til búnaðarfjelags Suðuramtsins .	2,000 —				
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina	240 —				
			30,240.	30,240.	
5. laun handa tveim dýralæknum			2,400.	2,400.	
6. til vita:					
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa		kr. 300			
b. til eptirlitsferða		150			
c. til vitans á Reykjanesi:					
1. til launa vitamannsins ...	1,200				
2. fyrir olíu.....	200				
3. — lampakveiki o. fl....	150				
4. — steinkol.....	160				
5. flutningskostnaður	250				
6. til viðhalds á húsum og áhöldum	300				
7. eptirgjald eptir lóðina....	30				
8. til að byggja geymsluhús fyrir olíu og fl. 1900	300				
		2,590			
d. til vita á Skagatá:					
1. til vitamanns	400				
2. fyrir olíu	150				
3. — lampakveiki o. fl. ..	100				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum.....	200				
5. steinkol.....	100				
6. flutningskostnaður	75				
7. eptirgjald fyrir lóðina ...	10				
		1,035			
flyt...		4,075	40,720.	40,720.	228,866. 67

		1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.	kr. a.
fluttar...	4,075	40,720.	40,720.	228,866. 67
e. til vita við Gróttu:				
1. til vitamanns 400				
2. fyrir olíu 125				
3. — lampakveiki o. fl. .. 100				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum..... 160				
5. steinkol. 60				
6. flutningskostnaður 40				
	885			
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð.....	500			
þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð, og má þá útvega tvo spegla til þeirra í skiptum fyrir tvo spegla, er áður voru notaðir í Reykjaness vitanum.				
1. til vitagerðarinnar 1900 2,000				
2. til vitamanns, hvort árið 400				
3. til að kaupa olíu 175				
4. til annarar neyzluvöru .. 150				
5. til viðhalds á húsum og áhöldum 80				
6. til flutningskostnaðar ... 50				
	2,855			
h. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga.	50			
		8,365.	6,065	
flyt...		49,085.	46,785.	228,866. 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	49,085.	46,785.	228,866. 67
7. til nýrra þríhyrninga- og strandmælinga á suðvesturhlið Reykjaness fyrir 1900	5,000.		
8. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði	1,000.	1,000.	
	55,085.	47,785.	102,870.
samtals...	.....	.....	331,736. 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 191,120 kr. 08 a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	40,190.	40,190.	80,380.
2. styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
flyt...	40,190.	40,190.	80,380.

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	fluttar...	40,190.	40,190.	80,380.
	m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum,			
	n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnesssýslu.			
	o. til læknis í Bólstaðahlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
	p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þorleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá;			
	til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið.....	16,000.	16,000.	32,000.
3.	fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar sjeu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.	150.	150.	300.
4.	a. styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði	2,000.	2,000.	4,000.
	b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi, hvort árið allt að 300 kr.	300.	300.	600.
5.	Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði	1,000.	1,000.	2,000.
6.	Ársútgjöld við holdsveikraspítalann:			
		kr. a.		
	a. Laun til starfsmanna	4,840.		
	b. Viðurværi:			
	1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag.....	8,322 kr.		
	2. handa 17 starfsmönnum 247 kr. 12 a. á ári....	4,184 kr. 04 a.		
		12,506. 04		
	flyt...	17,346. 04	59,640.	59,640.	119,280.

	kr. a.	1900. kr.	1901. kr.	alls. kr.
fluttar...	17,346. 04	59,640.	59,640.	119,280.
c. klæðnaður sjúklinga	600.			
d. meðöl og sáraumbúnaður	1,500.			
e. eldsneyti	4,600.			
f. ljósmeti	570.			
g. viðhald á húsum.....	1,200.			
h. húsbúnaður og áhöld	600.			
i. þvottur og ræsting	600.			
k. greptrunarkostnaður.....	250.			
l. flutningskostnaður	200.			
m. til að skemmta sjúklingum...	200.			
n. hestafóður.....	430.			
o. ýmisleg gjöld	1,500.			
		29,596. 04	29,596. 04	59,192. 08
7. Útgjöld við bólusetningar.....		500.	500.	1,000.
8. Önnur útgjöld:				
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200 kr.			
b. — — á Akureyri	400 —			
c. — — á Ísafirði .	400 —			
d. — — á Seyðisfirði.....	400 —			
e. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa.....	24 —			
f. til náms yfirsetukvenna	2,000 —			
g. til verkfæra handa yfirsetukonum	400 —			
h. gjöld samkv. 13. gr. í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma 31. jan. 1896.....	1,000 —			
		5,824.	5,824.	11,648.
samtals...		95,560. 04	95,560. 04	191,120. 08

12. gr.

Til samgöngumála veitast 462,800 kr.:

A.

Til útgjalda við póststjórnina:		1900. kr.	1901. kr.	alls. kr.
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum.....	3,000 kr.			
b.1. — póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur.....	8,100 —			
2. — tveim póstafgreiðslum. í Reykjavík.....	2,500 —			
c. — brjefhirðingamönnum	6,000 —			
		19,600.	19,600.	
flyt...		19,600.	19,600.	

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	19,600.	19,600.	
2. póstflutningur	40,000.	40,000.	
3. önnur útgjöld:	1900. kr.	1901. kr.	
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	2,000	2,000	
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu 1 ‰ um	200	200	
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	200	200	
d. fyrir prentun á ýmsu	1,000	1,000	
e. til áhalda	1,500	1,500	
f. 1 brjefberi í Reykjavík	400	400	
g. óviss gjöld	200	200	
h. til viðhalds húsi og áhöldum	1,500	100	
		7,000.	5,600.
4. til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum		1,000.	
samtals...		67,600.	65,200. 132,800.
B.			
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur:			
a. laun	3,000		
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandskipum	500		
		3,500	
		3,500.	3,500.
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur allt að		1,500.	1,500.
3. til flutningabrauta		25,000.	25,000.
4. Til þjóðvega		50,000.	50,000.
5. Til fjallvega		5,000.	5,000.
samtals...		85,000.	85,000. 170,000.
flyt...	.....	.....	302,800.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	.....	.....	302,800.
C.			
1. Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafjelags, 3. og 4. ársborgun af 5 ára styrk, með þeim skilyrðum, að fjelagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli Íslands á eina hlið og Danmerkur og Stóra-Bretlands á hina, og umhverfis Ísland, samkvæmt ákvæðunum á fjárlögunum fyrir 1898 og 1899	50,000.	50,000.	
2. Til gufubátaferða: kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að 7,500			
b. á Breiðafirði 2,500			
c. á Ísafjarðardjúpi 2,500			
	12,500.	12,500.	
Ferðaáætlun bátanna undir stafl. a og b. samþykkir landshöfðingi eptir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda. Styrkina undir staflið a. og b. má sameina um einn og sama gufubát.			
Styrkurinn undir staflið a—c greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomustöðum án sjerstaks endurgjalds.			
Styrkurinn undir staflið c. greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefndar, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelag leggi til gufubátsferða $^1/_5$ á móti $^4/_5$ úr landssjóði.			
	62,500.	62,500.	
D.			125,000.
Til ritsíma milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, allt að.....	.....	35,000.	35,000.
Að því tilskildu, að sá, er leyfi fær til að leggja ritsímann í sæ, veiti 300,000 kr. tillag til lagningar á ritsíma yfir land milli þess staðar, er sæsíminn kemur í land á Íslandi og Reykjavíkur, má stjórnin ákveða, að sæsíminn sje lagður í land á Austurlandi. Auk þess er stjórninni heimilt, ef til þess kemur, að verja á fjárhagstímabilinu allt að 75,000 kr. til þess að undirbúa landsímalagninguna og til að útvega efni og áhöld til þess.			
samtals...	.....	.....	462,800.

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 300,238 kr. 65 a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000.	7,000.	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,000.	9,500.	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	1,700.	1,700.	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600.	600.	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi.....	200.	200.	
5. bráðabirgðaruppbót á Meðallandsþingum ..	200.	200.	
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000.	3,000.	
7. bráðabirgðaruppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi	100.	100.	
8. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000.	1,000.	
	22,800.	23,300.	46,100.
B.			
Kennslumálefni:			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,200.	9,200.	
b. önnur útgjöld:			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1900 og 16 1901, 80 kr. handa hverjum. 1900. 960 kr. 1901. 1,280 kr.			
2. námsstyrkur ... 800 — 1,000 — Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
flyt... 1,760 kr. 2,280 kr.	9,200.	9,200.	46,100.

	1900.	1901.	1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
fluttar...	1,760 kr.	2,280 kr.	9,200.	9,200.	46,100.
3. til tímakennslu.	100 —	100 —			
4. til bókakaupa..	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa.....	150 —	150 —			
6. til umsjónar...	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	200 —	200 —			
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að..	250 —	250 —			
			2,860.	3,380.	
			12,060.	12,580.	24,640.
II. Til læknaskólans:					
a. laun			3,200.	3,200.	
b. önnur útgjöld:					
1. námsstyrkur ... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,200 kr.	1,200 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting	150 —	150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra	500 —	500 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum ...	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 16 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	1,280 —	1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að...	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld.	100 —	100 —			
			3,830.	3,830.	
			7,030.	7,030.	
					14,060.
		flyt...	.....	.....	84,800.

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar...	.....	.....	84,800.
III. Til hins lærða skóla:					
a. laun			19,200.	19,200.	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum ...		700 —			
— dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —	2,500.	2,500.	
c. önnur útgjöld:	1900.	1901.			
1. til bókasafns skólans	720 kr. a.	720 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa.....	1,200 —	1,200 —			
3. til skólahússins utan og innan .	5,422 — 65	1,400 —			
4. til tímakennslu og prófdómenda	1,850 —	1,850 —			
5. námsstyrkur ... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	5,000 —	5,000 —			
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum.	720 —	720 —			
7. þóknun handa lækni.....	100 —	100 —			
8. ýmisleg útgjöld	800 —	800 —			
9. fyrir prestsverk.	48 —	48 —			
10. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði .	400 —	400 —			
11. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða					
flyt...	16,460.kr.65	12,438kr.	21,700.	21,700.	84,800.

	1900. kr. a.	1901. kr.	1900. kr.	1901. kr.	alls. kr.
fluttar...	16,460. 65	12,438	21,700.	21,700.	84,800.
skólanum, 25 kr. fyrir örkina ...	600.	600			
12. til áhalda við leikfimiskennslu	200.	200			
			17,260. 65	13,238.	
			38,960. 65	34,938.	73,898. 65
V. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			6,600.	6,600.	
b. önnur útgjöld:	1900.	1901.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 —	500 —			
3. til skólahússins utan og innan..	200 —	200 —			
4. ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum....	400 —	400 —			
			2,000.	2,000.	
			8,600.	8,600.	17,200.
V. Til stýrimannaskólans:					
a. laun			3,000.	3,000.	
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakennslu.	1,200 kr.	1,200 kr.			
2. til áhaldakaupa o. fl.....	1,100 —	300 —			
3. til eldiviðar og ljósa.....	500 —	500 —			
4. ýmisleg útgjöld	600 —	500 —			
5. til að kaupa lóð	440 —				
			3,840.	2,500.	
			6,840.	5,500.	12,340.
VI. Til annarar kennslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.		2,500 kr.			
flyt...		2,500 kr.	.....	.....	188,238, 65

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
fluttar...	2,500 kr.	.....	.....	188,238. 65
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey	1,200 —			
3. til kvennaskóla Eyfirðinga .	1,200 —			
4. til kvennaskólans á Ytri-Ey og kvennaskóla Eyfirðinga . Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þaraf 500 kr. til námsmeyja.	2,000 —			
		6,900.	6,900.	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.		5,500.	5,500.	
2. til sveitakennara, allt að 80 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eptir tillögum stiptsyfirvaldanna.		5,500.	5,500.	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg		2,500.	2,500.	
d. til kennarafræðslu.....		2,800.	2,800.	
e. til skólaiðnaðar-kennslu		500.	500.	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík		1,000.	1,000.	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur.....		300.	300.	
h. til kennslu heyrnar- og málleysingja		5,000.	5,000.	
i. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja.....		150.	150.	
		30,150.	30,150.	60,300.
flyt...		.....	.....	248,538. 65

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	.....	.....	248,538. 65
VII. Til sundkennslu:			
a. í Reykjavík	200.	200.	
Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.			
b. til sundkennslu annarsstaðar	1,000.	1,000.	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.			
	1,200.	1,200.	2,400.
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,500.	1,500.	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900.	900.	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá.....	3,400.	3,400.	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.....	450.	450.	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300.	300.	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins. 500 kr.			
b. til amtsbókasafns Austuramtsins. 400 —			
c. til amtsbókasafnsVesturamtsins . 400 —	1,300.	1,300.	
Fje þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minnsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. til landsskjalasafnsins:			
a. laun skjalaverðar	1,200.	1,200.	
b. húsleiga	500.	500.	
c. til at koma safninu fyrir og til viðhalds...	500.	200.	
4. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík.....	1,500.	1,500.	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn	500.	500.	
flyt...	12,050.	11,750.	250,938. 65

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	12,050.	11,750.	250,928. 65
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni, eða sem því svarar af registri.			
5. til þjóðvinafjelagsins	750.	750.	
6. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda ..... 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 400 —			
	1,400.	1,400.	
7. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800.	800.	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
8. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800.	800.	
9. til fornleifafjelagsins	300.	300.	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna	300.	300.	
11. til náttúrufræðisfjelagsins	500.	500.	
þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 100 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.			
flyt...	16,900.	16,600.	250,938. 65

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	16,900.	16,600.	250,938. 65
12. styrkur til eins manns til að nema dýralækningar	600.	600.	
13. styrkur til cand. mag. Boga Melsteð til þess að semja sögu Íslands	600.	600.	
14. til sjera Matthíasar Jochumssonar	600.	600.	
15. til Páls Ólafssonar skálds	500.	500.	
16. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800.	800.	
17. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300.	300.	
18. til cand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800.	800.	
19. styrkur til cand. mag. Helga Jónssonar til jurtafræðisrannsókna á Íslandi og til vísindaiðkana	2,000.	2,000.	
20. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	600.	600.	
21. til þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	600.	600.	
22. til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	500.	500.	
	24,800.	24,500.	49,300.
samtals...	.....	.....	300,238. 65

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 90,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eptirlaun hans, til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr., til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjóhnsen 300 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr., til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

Stjórninni er heimilt að veita kennara við lærða skólann, Dr. phil. Þorv. Thoroddsen lausn frá embætti með eptirlaunum, enda þótt hin almennu skilyrði fyrir þeirri lausn sjeu eigi fyrir hendi, en þó hætti eptirlaun hans, ef hann á ný fær launað embætti í hinu danska ríki.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 34,595 kr. 40 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán hvort árið til þilskipakaupa frá útlöndum, er veitast einkum þeim mönnum eða fjelögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 4,000 kr. til hvers skips.

Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

I. kafli.

Tekjur.

Við 2. gr.

1. a. og b.: Ábúðar- og lausafjárskattur. Skattar þessir hafa á 5 ára tímabilinu 1893—97 numið að meðaltali 17,505 kr. 28 a. hinn fyrnefndi og 29,141 kr. 38 a. hinn síðarnefndi á ári, og á 3 ára tímabilinu 1895—97 að meðaltali 17,695 kr. 97 a. og 30,314 kr. 26 a. á ári, virðist því mega telja hinn fyrnefndna 17,000 kr., en hinn síðarnefnda ekki hærra en 25,000 kr. hvort árið, vegna lækkunar á vöruverði eptir verðlagsskrám og hins lága verðs, er nú er á íslenzkum afurðum.

2. Húsaskattinn, sem stöðugt eykst og á 3 ára tímabilinu 1895—97 hefur numið að meðaltali 5,278 kr. 50 a. á ári (árið 1897 5,769 kr.), virðist mega telja 5,500 kr. hvort árið.

3. Tekjuskattinn, sem á 5 ára tímabilinu 1893—97 hefur numið 13,911 kr. 20 a. að meðaltali á ári og 3 árin 1895—97, 13,963 kr. 50 a., virðist mega telja eins og á fjárlögunum fyrir árin 1898 og 1899, 13,000 kr. hvort árið.

4. Aukatekjur hafa á 5 ára tímabilinu 1893—1897 numið að meðaltali 27,171 kr. 48 a. og á 3 ára tímabilinu 1895—97 32,141 kr. 78 a. að meðaltali á ári. Virðist því mega telja þær 30,000 kr. hvort árið.

5. Erfðafjárskattinn, sem á fimm ára tímabilinu 1893—97 hefur numið 2,595 kr. 61 e. og á 3 ára tímabilinu 1895—97 2,882 kr. 58 a. að meðaltali á ári, en annars er mjög á reiki, mun vart hægt að telja meira en á núgildandi fjárlögum, 2,000 kr. á ári, vegna hnignunar þeirrar, er nú er á velmegun manna.

6. Vitagjald, er á árunum 1893—97 hefur numið 8,790 kr. 10 a. að meðaltali á ári, og á 3 ára tímabilinu 1895—97 að meðaltali 9,029 kr. 86 a. á ári, virðist vaxa reglulega og þykir mega telja það 9,000 kr. hvort árið.

7. Gjöld fyrir leyfisbrjef hafa árin 1893—97 numið að meðaltali 2,900 kr. 20 a. á ári og árin 1895—97 3,266 kr. 20 a.; en af því tekjugrein þessi er mjög mismunandi, þykir eigi rjett að telja hana hærri en á núgildandi fjárlögum, 2,000 kr. hvort árið.

8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m. hefur á árunum 1893—97, að frádregnum 2% fyrir innheimtuna, numið að meðaltali 49,149 kr. 28 a. á ári, og á 3 ára tímabilinu 1895—97 að meðaltali 52,077 kr. 42 a. Tekjugrein þessi er mjög á reiki og þykir því ekki rjett að telja hana hærri en 46,000 kr. hvort árið, eins og á núgildandi fjárlögum.

9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum hefur á árunum 1893—97, að frádregn-

um 2% fyrir innheimtuna, numið að meðaltali 133,330 kr. 78 a. á ári og árin 1890—97 143,806 kr. 28 a. á ári, þykir því mega telja það 135,000 kr. hvort árið.

10. Aðflutningsgjald af tóbaki hefur á 5 ára tímabilinu 1893—97, að frádregnum 2 % fyrir innheimtuna, numið að meðaltali 72,345 kr. 2 a. á ári og á 3 ára tímabilinu 1895—97 75,980 kr. 85 a. á ári og þykir því mega telja hana 75,000 kr. hvort árið, eins og á núgildandi fjárlögum.

11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, sem á 5 ára tímabilinu 1893—97, að frádregnum 2% fyrir innheimtuna, hefur numið að meðaltali 162,575 kr. 38 a. á ári og á 3 ára tímabilinu 1895—97 175,817 kr. 14 a. á ári, þykir mega telja 175,000 kr. hvort árið, þareð tekjugrein þessi hefur farið sívaxandi og 1897 var meira að segja 186,500 kr. 87 a.

12. Tekjur af póstferðum, sem á 5 ára tímabilinu 1893—97 hafa numið að meðaltali 30,156 kr. 65 a. á ári og árin 1896—97 35,136 kr. 48 a. ár hvort, virðist mega telja 35,000 kr. hvort árið, þar sem þessi tekjugrein vex töluvert.

13. Óvissar tekjur hafa á 5 ára tímabilinu 1893—97 numið 6,892 kr. 62 a. að meðaltali á ári, og árin 1896—97 8,629 kr. 40 a. á ári, en þareð ei er hægt að ætlast á tekjugrein þessa með vissu, samkvæmt eðli hennar, og hækkun hennar síðustu ár stafar mestmegnis af sektum fyrir ólöglegar fiskiveiðar o. fl., er útlendir fiskimenn hafa verið í dæmdir, og eigi er hægt að ætla á, að slíkt viðhaldist eptirleiðis, er hjer farið fram á, að telja tekjur þessar, eins og á núgildandi fjárlögum 2,500 kr. hvort árið.

Við 3. gr.

1. Tekjur af fasteignum landssjóðs hafa 1893—97, að frádregnum umboðslaunum o. fl., numið að meðaltali 26,685 kr. 28 a. á ári, og árin 1895—97 voru þær 26,098 kr. 4 a. á ári; þareð líkur eru til að allmargar landssjóðsjarðir verði seldar á yfirstandandi fjárhagstímabili, virðist eigi rjett að telja þessar tekjur hærri en 32,000 kr. ÷ 9,000 = 23,000 kr. hvort árið, eins og á núgildandi fjárlögum.

2. Þareð búast má við að eptirlit og fjárhald flestra landssjóðskirkna verði fengið í hendur hlutaðeigandi sóknuðum á yfirstandandi fjárhagstímabili samkvæmt lögum nr. 28 18 des. 1897 mun ei hægt að telja tekjur af kirkjum meira en 100 kr. hvort árið.

3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli hafa árið 1896 numið 1,057 kr. 99 a. og 1897 2,490 kr. 90 a. og mun óhætt að telja 2,000 kr. hvort árið 1900 og 1901.

Við 4. gr.

1. Hjer skal sýnt yfirlit yfir tekjur þær, sem ætla má að landssjóður hafi af viðlagasjóði árin 1900 og 1901:

	1900.	1901.
1) Leigur af 3½ % ríkisskuldabrjefum, samkvæmt innritunarskýrteini að upphæð: 207,800 kr. ...	7,273 kr. 00 a.	7,273 kr. 00 a.
2) a) Leigur af skuldabrjefum, sem hljóða uppá afborgun..... (Eptirstöðva-eign 31/12 99: 175,840 kr. 98 a.).	7,033 — 63 —	6,603 — 30 —
b) Leigur af láni til þilskipakaupa til fiskiveiða (Eptirstöðva-eign 31/12 99 : 62,131 kr. 74 a.).	2,041 — 40 —	1,860 — 77 —
flyt...	16,348 kr. 03 a.	15,737 kr. 07 a.

	1900.	1901.
fluttar...	16,348 kr. 03 a.	15,737 kr. 07 a.
c. Leigur af lánum til andlegu stjettarinnar, presta, kirkna, skóla ..... (Eptirstöðva-eign 31/12 99 : 96,727 kr. 38 a.)	3,864 — 02 —	3,668 — 16 —
d. Do. af lánum til amta, sýslna og hreppa... (Eptirstöðva-eign 31/12 99 : 70,120 kr. 88 a.)	6,804 — 84 —	6,366 — 91 —
e. Do. af skuldabrjefum með veði á seldum þjóðjörðum ..... (Eptirstöðva-eign 31/12 99 : 60,326 kr. 89 a.)	2,413 — 06 —	2,349 — 78 —
f. Do. af lánum til að byggja íshús ..... (Eptirstöðva-eign 31/12 99 : 23,900 kr.)	732 — 00 —	624 — 97 —
g. Do. af lánum til útvegunar tóvinnuvjela .... (Eptirstöðva-eign 31/12 99 : 34,394 kr. 11 a.)	1,203 — 79 —	1,147 — 80 —
h. Do. af lánum til sveita til jarðabóta ..... (Eptirstöðva-eign 31/12 99 : 30,000 kr.)	900 — 00 —	900 — 00 —
i. Do. af láni til að byggja brú yfir Ölfusá ... (Eptirstöðva-eign 31/12 99 : 19,104 kr. 96 a.)	764 — 20 —	756 — 16 —
3) Do. af skuldabrjefum með hálfs árs uppsagnarfresti ..... (Höfuðstóll 31/12 98 : 255,900 kr. 55 a.).	10,236 — 02 —	10,236 — 02 —
	43,265 kr. 96 a.	41,786 kr. 87 a.

Tekjur þessar virðist því mega telja 42,000 kr. hvort árið.

Af skuldabrjefum þeim, sem nefnd eru í 2. lið, a.—g. og i. verða á árunum 1900 og 1901, samkvæmt ákvæðum þeirra, borgaðar þessar fjárupphæðir:

	1900.	1901.
af þeim er taldar eru við a.....	10,756 kr. 40 a.	10,844 kr. 28 a.
— — — b.....	5,153 — 98 —	5,155 — 89 —
— — — c.....	4,945 — 22 —	4,951 — 33 —
— — — d.....	10,948 — 97 —	11,166 — 54 —
— — — e.....	1,582 — 13 —	1,645 — 34 —
— — — f.....	3,485 — 69 —	3,485 — 70 —
— — — g.....	1,600 — 22 —	1,600 — 22 —
— — — i.....	201 — 05 —	209 — 07 —
	38,673 kr. 66 a.	39,058 kr. 37 a.

Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer fullkomna skrá, er landfógeti hefur samið yfir þessi skuldabrjef, og skýrir frá upphæðum hinna einstöku lána, afborgunarskilmálum o. fl.

2. Smbr. athugasemdirnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895.

Við 5. gr.

Upphæðir þær, sem hjer eru taldar undir 1.—3. lið, sem sje það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum $^{27}/_{2}$ 1880, endurgjald skyndilána til embættismanna og endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum, þykir mega telja eins og á fjárlögunum fyrir árin 1898 og 1899.

Við 6. gr.

Tillagið úr ríkissjóði er talið samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871: Aukatillagið verður 1900: 500 kr. og fellur svo burtu. Af þessum tekjugreinum greiðast fyrirfram útgjöldin í 8. gr. til hinnar æðstu stjórnar innanlands og til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1901; og eru síðast töldu gjöldin með sjerstökum konungsúrskurði 27. apríl þ. á ákveðin 2,000 kr.

---

2. kafli.

Gjöld.

Við 8. og 9. gr.

Gjöldin í þessum greinum eru talin eins og að undanförnu.

Við 10. gr.

A. 1. Þessi gr. liðast sundur á þessa leið:

	1900.	1901.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu, laun ..... 5,000 kr.			
viðbót fyrir hann sjálfan ..... 1,000 —	6,000.	6,000.	12,000.
Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu, laun	5,000.	5,000.	10,000.
Landfógetinn á Íslandi, skipaður 18. febr. 1861, laun ..... 3,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann ..... 1,600 —	5,100.	5,100.	10,200.
Skrifarinn við landshöfðingjaembættið, skipaður 28. febrúar 1896	1,966. 67	2,000.	3,966. 67
samtals...	18,066. 67	18,100.	36,166. 67

Laun þeirra 3 embættismanna, sem fyrst voru nefndir, eru talin samkvæmt lögum um laun íslenzkra embættismanna og fl. 15. oktbr. 1875, 9. og 11. gr., og lögum um breyting á þeim lögum 9. des. 1889 2., 3. og 7. gr., smbr. fjárlög fyrir árin 1894 og 1895 og athugasemd við 10. gr. A. 1. frumvarpsins.

Með tilliti til viðbótar þeirrar (1,100 kr.), sem talin er landfógetanum samkvæmt 7. gr., 3. tölulið í lögunum frá 1875, skal þess getið, jafnframt og vísað er til athugasemd-

anna við 10. gr. A. 1. í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877, að hann samkvæmt hinum fyrri launaákvörðunum hefði verið búinn að ná 5,100 kr. launum 1. marz 1881.

Laun landshöfðingjaskrifarans eru talin samkvæmt konungsúrskurði 29. júni 1872, og skal þess getið, að embættismanni þessum, sem skipaður er 28. febrúar 1896, bera 2000 kr. í árslaun frá 1. marz 1900 að telja.

A. 2. Í þessari grein er talið:

1.	endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminum	2,000 kr.	árlega.
2.	endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu	1,000 —	—
3.	endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa landfógeta	1,000 —	—
4.	þóknun til sama fyrir að taka við póstávísana-upphæðum þeim, sem borgaðar eru í jarðabókarsjóð Íslands, og fyrir ábyrgð þá, sem er þessu samfara, ef honum mistelst	200 —	—
5.	útgjöld til yfirskattanefnda og við virðingar til að ákveða húsaskatt	200 —	—
		4,400 kr.	árlega.

Skrifstofukostnaður handa amtmanninum í norður- og austurumdæminu og handa landfógeta er talinn samkv. lögum 15. okt. 1875, 14 gr., en samkvæmt umsókn amtmannsins í suður- og vesturumdæminu er farið fram á að hækkað sje endurgjaldið fyrir skrifstofukostnað handa honum úr 1,400 kr. í 2000 kr. á ári. Til að styðja umsókn sína, sem þinginu mun gefið færi á að kynna sjer, hefur þessi embættismaður sjerstaklega tekið það fram, að mál þau, er afgreidd eru á skrifstofu hans, hafa seinustu árin verið meir en helmingi fleiri en árið 1875 og þar í kring, er ákveðið var endurgjald fyrir skrifstofukostnað við embætti þetta. Því hefur orðið að gjalda árin 1895, 1896 og 1897 fyrsta árið 132 kr. 38 a. annað 175 kr. 71 a. þriðja 267 kr. 45 a. fram yfir fje það, sem veitt hefur verið, og hjá frekari útgjöldum hafa menn því að eins komizt, að amtmaður sjálfur hefur tekið á sínar herðar miklu meira erfiði en ætti. Verður því að telja vel rökstudda umsókn hans um að hann framvegis fái bæði hjálp til að forðast tekjuhalla þann sem nú er, og fái að halda tvo skrifara með 1680 kr. árslaunum samtals, í stað þess að verja nú 1260 kr. til skrifaralauna.

Að því er snertir 4. og 5. lið skal vísað í athugasemdirnar við fjárlagafrumvörpin 1876—77 og 1888—89.

A. 3. a—c. Þóknun til endurskoðanda er talin hin sama sem á núgildandi fjárlögum, en skrifstofukostnaðarendurgjald það, sem hann nú fær, og er svo lítið, að það nær engri átt, er nú settur sem liður fyrir sig og skilið frá viðbótinni fyrir hann sjálfan; er það hækkað um 1000 kr. og er til ætlast að verja því til að launa föstum aðstoðarmanni. Fram á þetta er farið samkvæmt umsókn frá endurskoðanda, er landshöfðingi hafði tjáð sig meðmæltan; mun þinginu gefinn kostur á að sjá umsókn þessa, og styðst hún við það, hversu mjög störf endurskoðanda hafa aukizt síðan hann tók við stöðu þessari 1880. Síðan þá hafa tekjur landsins tvöfaldast og verður að játa, að endurskoðun reikninganna, sem fara sívaxandi, er meira verk en svo, að einn maður geti enzt til. Og þó ei sje á það litið, að ef endurskoðandi kynni að falla frá, myndi enginn sá reikningsfróður maður vera til taks, sem gæti tekið við störfum hans um stundarsakir, þá mun enginn vafi á því að alltaf getur verið þörf á aðstoðarmanni, æfðum og fullnuma í þeirri grein, og virðist eigi hægt að ætla honum lægri laun en 1000 kr.

B. 1. a. Þessi útgjöld liðast þannig suudur:

	1900.	1901.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Forstjórinn í landsyfirrjettinum, skipaður 16. apríl 1889, laun ..... 4,800 kr. viðbót fyrir sjálfan hann ..... 1,000 —	5,800.	5,800.	11,600.
Fyrsti dómandi í sama rjetti, skipaður s. d., laun ..... 3,500 kr. viðbót fyrir sjálfan hann ..... 500 —	4,000.	4,000.	8,000.
Annar dómandi í sama rjetti, skipaður 9. ágúst 1889, laun ..... 3,500 kr. viðbót fyrir sjálfan hann ..... 500 —	4,000.	4,000.	8,000.
Bæjarfógetinn í Reykjavík, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Arnesssýslu, laun	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu, laun	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, laun	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu, laun.....	3,500.	3,500.	7,000,
Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetinn í Ísafjarðar kaupstað, laun sem sýslumaður ..... 3,000 kr. — — bæjarfógeti ..... 500 —	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, laun.....	3,000.	3,000.	6,000.
flyt...	49,300.	49,300.	98,600.

	1900.	1901.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	49,300.	49,300.	98,600.
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn í Akureyrar kaupstað, laun sem sýslumaður ..... 3,000 kr. — — bæjarfógeti ..... 500 —	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu, laun sem sýslumaður ..... 3,000 kr. — — bæjarfógeti ..... 300 —	3,300.	3,300.	6,600.
Sýslumaðurinn í Dalasýslu, laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Barðarstrandarsýslu, laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Strandasýslu, laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu, laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjasýslu, laun	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	68,100.	68,100.	136,200.

Laun og viðbót forstjórans og dómendanna í yfirrjettinum eru talin samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 10 gr., og lögum um breyting á þeim lögum 9. des. 1889, 3. og 7. gr., en laun sýslumanna og bæjarfógeta samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, 4., 5. og 7. gr., sbr. lög 24. oktbr. 1879, lög 8. nóvbr. 1883 og lög 8. maí 1894.

B. 1. b. Gjöld þessi hafa 1896 numið 7782 kr. 50 a. og 1897 7,997 kr. og eru því talin 8000 krónur, eins og á núgildandi fjárlögum.

B. 2. Upphæð þessi er talin eins og í fjárlögum fyrir 1886 og 1887 og eptirfylgjandi fjárlögum.

B. 3. a—b. Þessar upphæðir eru taldar eins og á núgildandi fjárlögum.

B. 3. c. Til viðhalds á fangelsum er stungið uppá að veita 300 kr. að venju hvort árið, eins og á núgildandi fjárlögum. Ennfremur er farið fram á aukaveitingu fyrir árið 1900, sem sje 1,600 kr. til þess að gjöra við fangelsið í Stykkishólmi. Samkvæmt skýrslu amtmannsins í suður- og vesturamtinu þarf að gjöra rækilega við hús þetta, því borðklæðnaður utan á þrjá vega, grunnurinn og nokkur hluti grindarinnar er svo fúið, að nýtt verður að setja í staðinn og járnklæða allt að utan, ennfremur verður að járnklæða þakið, sem nú er úr trjáspónum. Mikill hluti borðklæðnaðar innan er einnig fúinn, tveir ofnar og

allar ofnpípur brostnar, og verður hjer að fá nýtt í staðinn. Ennfremur verður að byggja upp aptur girðinguna kringum garð þann, er ætlaður er föngum, og steinlíma húsgrunninn. Tveir trjesmiðir þar á staðnum hafa ætlazt á að kostnaður við aðgjörðir þessar mundi verða 1,274 kr., ef húsið verður járnklætt á alla vegu. En amtmaður, sem hefur grandgæfilega athugað áætlun þessa með aðstoð verkfróðra manna, hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að ef góð efni á að nota til aðgjörðanna, munu þær kosta 1600 kr. að minnsta kosti, og er því farið fram á að veita það fje.

B. 4. a—h. Þessir gjaldaliðir eru taldir sem á núgildandi fjárlögum, en þó er sú breyting á gerð, að í staflið c og d (eldiviður í yfirrjettar stofurnar og viðhald á þeim) er talið 50 kr. á hvorum stað fyrir sig í stað þess að áður var 40 kr. í fyrra og 60 kr. í seinna lið.

C. 1. a—d. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur. Þessir liðir eru taldir sem á núgildandi fjárlögum.

2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef var 1896 3,082 kr. 96 a. og 1897 2,475 kr. 66 a. og mun því mega telja það 2,500 kr. hvort árið, 1900 og 1901.

3. Brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar er talið eins og á yfirstandandi fjárhagstímabili.

4. Styrkur til eflingar búnaði.

a. Til búnaðarskóla. Þessi liður er talinn með sama árstillagi sem á yfirstandandi fjárhagstímabili, sbr. athugasemdir við frv. til fjárlaga 1896 og 1897.

b. Til búnaðarfjelega,

c. Til búnaðarfjelags Suðuramtsins og

d. Styrkur til Hermanns Jónasarsonar til að gefa út búnaðarrit. Þessir liðir eru taldir eins og á yfirstandandi fjárhagstímabili. Athugasemdinni við c. og við 5 lið hefur verið sleppt að uppástungu landshöfðingja, þareð svo lítur út, sem menn sjeu orðnir því afhuga að stofna búnaðarfjelag fyrir land allt.

5. Laun handa 2 dýralæknum. Samkvæmt lögum nr. 22, 2. okt. 1891 eru hjer taldar 2,400 kr. á ári til að launa 2 dýrlæknum, öðrum í suður- og vesturamtinu, hinum í norður- og austuramtinu, 1,200 kr. handa hvorum þeirra; hjer ber að athuga, að fyrir fyrra umdæmið er búið að setja dýralækni frá 1. nóvember 1896.

6. Til vita.

a. Til umsjónarmannsins við vitana við Faxaflóa er stungið uppá að veita sömu upphæð og á þessu fjárhagsári.

b. Farið er fram á að hækka veitinguna til umsjónarferða upp úr 50 kr. í 150 kr. þareð fara verður minnsta kosti 3 þesskonar ferðir á ári, sem sje tvær um vetur, er vitar brenna og eina í lok júlímánaðar áður en kveikt er á þeim.

c. 1—8. Til Reykjanesvitans. Hjer eru laun vitavarðar og afgjald af lóðinni talin eins og á yfirstandandi fjárhagstímabili. Farið er fram á að hækka veitingarnar til

lampakveikja og kola samkvæmt tillögu umsjónarmanns vitanna úr 100 og 150 kr. í 150 og 160 kr. Ennfremur hefur það orðið augljóst, að upphæð sú, 300 kr., er veitt er á núgildandi fjárlögum til að útvega olíu, er of lítil, ef líka á að borga flutningskostnað allan af því fje. Samkvæmt tillögum umsjónarmanns vitanna er því stungið upp á, að 250 kr. sjeu veittar sem nýr gjaldliður til flutningskostnaðar, en gjöldin til olíukaupa færð niður í 200 kr.

Þar eð greitt er töluvert fje til þess árlega að gjöra við lendingu á Reykjanesi og landveginn til næstu byggðar af fje því, sem veitt hefur verið til viðhalds á húsum og áhöldum, er stungið upp á að hækka fje þetta upp í 300 kr.

Loks er stungið upp á að veita 300 kr. árið 1900 til að byggja lítið geymsluhús, þar sem hægt sje að geyma steinolíuílát og steinkol handa vitanum, þar sem geymsluhús það, sem nú er, er orðið ónýtt.

d—f. Til vitanna á Skagatá og Gróttu og vitans á Dalatanga er stungið upp á að veita yfirleitt sama fje og á núverandi fjárhagstímabili. Hvað snertir báða fyrstu vitana er þó, samkvæmt tillögum umsjónarmanns, farið fram á að hækka gjöldin til að kaupa lampakveiki o. fl. og að veita nokkuð fje til steinkola, flutningskostnaðar og afgjalda af lóð.

g. Umsjónarmaðurinn við vitana við Faxaflóa hefur lagt það til og landshöfðingi mælt með því að reistir sjeu tveir leiðarvitar við innsiglinguna á Hafnarfjörð, sem er allógreið, þar sem sú höfn er bezt á öllu suðurlandi og einasta örugt hæli fyrir skip í vetrarstormum. Umsjónarmaður vitanna skrifaðist á um málið við vitastjórnina í Kaupmannahöfn, sem lofaði að láta tvo spegla handa leiðarvitum þessum í skiptum fyrir tvo beztu speglana sem áður voru notaðir í Reykjanesvitanum; segist hann nú geta tekið að sjer að hafa eptirlit með byggingu þessara vita, og er svo til ætlast, að þeir sjeu byggðir úr timbri en járnklæddir utan, og ennfremur með því að ljósker sjeu sett í rjettar skorður. Kostnaður við byggingu vitanna og kaup áhalda þeirra, er þörf er á, ætlar hann að muni nema 2,000 kr.

Samkvæmt þessu er stungið upp á að árið 1900 sjeu veittar 2,000 kr. til að byggja vitann og að bæði árin sje veitt svo sem þarf til viðhalds og útgerðar.

h. Upphæð þessi er hin sama, sem veitt er á yfirstandandi ári.

7. Til nýrra þríhyrninga- og strandmælinga á suður- og vesturhlið Reykjaness. Yfirmaður herskipsins »Heimdalls« hafði bent á, að ýmsir staðir á Reykjanesskaga væru ekki rjett markaðir á kortinu, og var þá hið kgl. Sjóbrjefasafn beðið álits í máli þessu. Samkvæmt áliti þess hafa ýmsar og það ekki litlar villur skotizt inn við þríhyrninga- og strandmælingar á Íslandi, að því er snertir Reykjanesskagann, þannig að afstöður skagans og vitans á honum og skerja þeirra, er liggja suðvestan við hann, eru rangar bæði hver í hlutfalli við aðra og út af fyrir sig. Af þessu leiðir fyrst og fremst, að það er talsverð áhætta að sigla leið þessa, eins og þó mörg skip hljóta að gjöra, og ennfremur að ómögulegt er að ákveða staði nákvæmlega, þá er hafa skal eptirlit með fiskiveiðum. Þar sem nú Sjóbrjefasafnið tjáði sig fúst á að takast á hendur nýjar þríhyrninga- og strandmælingar ef 5,000 kr. væru fengnar því til umráða, er hjer farið fram á að veita fje þetta.

8. Kostnaður við eptirlitsferðir embættismanna að því leyti, sem hann greiðist úr landssjóði; gjald þetta er talið eins og að undanförnu.

Við 11 gr.

Útgjöld við læknaskipunina.

1. Þessi grein liðast í sundur á þennan hátt:

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Landlæknirinn á Islandi, að auki forstöðumaður læknaskólans í Reykjavík	4,000.	4,000.	8,000.
læknirinn í 1. læknishjeraði	1,900.	1,900.	3,800.
— í 2. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 3. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 4. —	1,900.	1,900.	3,800.
— í 5. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 6. —			
laun 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann 540 —			
	2,440.	2,440.	4,880.
læknirinn í 7. læknishjeraði	1,500.	1,500.	3,000.
— í 8. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 9. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 10. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 11. —	1,900.	1,900.	3,800.
— í 12. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 13. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 14. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 15. —	1,900.	1,900.	3,800.
— í 16. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 17. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 18. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 19. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 20. —			
laun 1,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann 950 —			
	2,450.	2,450.	4,900.
læknirinn við holdsveikraspítalann í Laugarnesi	2,700.	2,700.	5,400.
samtals	40,190.	40,190.	80,380.

Laun landlæknisins eru talin samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1883. Laun læknanna eru talin samkvæmt lögum um aðra skipun á læknahjeröðunum á Íslandi og fl., 15. oktbr. 1875, 3. gr., fyrsta kafla hennar, og fjárlögum fyrir 1888 og 1889. Laun læknisins við holdsveikraspítalann eru talin samkvæmt lögum 4. febrúar 1898.

2. Styrkur til 16 aukalækna. Þessi liður er óbreyttur eins og á núgildandi fjárlögum.

3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga.

Þareð styrkur sá, 50 kr. fyrir hvora læknisferð, er veittur er á núgildandi fjárlögum til þessa, er ekki einusinni nægilegur til að borga ferðakostnaðinn við læknisferðina, hvað þá heldur til að borga hlutaðeigandi lækni dagpeninga samkv. lögum 15. okt. 1875, 4. gr., er stungið upp á að færa styrkinn upp í 150 kr. hvort árið.

4. a—b. Styrkur og endurgjald ferðakostnaðar til Björns Ólafssonar augnalæknis, og

5. Styrkur til tannlæknis er hafi aðsetur í Reykjavík.
Þessi gjöld eru talin eins og á fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

6. Ársútgjöld við holdsveikraspítalann. Samkvæmt tillögum spítalastjórnarinnar er farið fram á að veita talsvert meira fje á þessum gjaldlið en veitt er á þessu ári og ætlazt var til, þegar spítalinn var byggður; kemur það til af því, að áður en spítalinn tók til starfa, skorti menn reynslu til að ætlast á um kostnað við hann, þareð sú raun varð á, að kostnaðaráætlanir þær, sem gjörðar höfðu verið eptir líkum stofnunum í Noregi, ekki komu heim, eins og á stóð á Íslandi. Einkum hagar svo til með aðbúnað sjúklinganna, og hefur ekki auðnazt að gjöra hann minni en 38 a. á dag fyrir hvern sjúkling. Ennfremur hefur orðið að verja meira fje til vinnufólks, en til var ætlazt, þareð vonir hafa algjörlega brugðizt með það, að hægt væri að nota vinnukrapta hinna holdsveiku manna. Ástand sjúklinganna, sem var miklu bágbornara en menn höfðu haldið, hefur einnig haft það í för með sjer, að útgjöldin til meðala og umbúða hafa orðið meiri en til var ætlazt. Til greptrunarkostnaðar hafa 40 kr. verið taldar fyrir hverja jarðarför og samkvæmt reynslu manna í Noregi má ætla að 6 sjúklingar deyi að meðaltali á ári hverju. Til ýmsra óvissra útgjalda teljast brunabótargjald, afgjald af lóðinni, kirkjutíund o. fl.

Nákvæmari áætlanir og útreikningar eru í tillögum spítalastjórnarinnar, og mun þinginu gjörður kostur á að kynna sjer þær.

7. Bólusetningarkostnaður er talinn eins og á núgildandi fjárlögum.

8. a—h. Önnur útgjöld. Þessar upphæðir eru hinar sömu, sem veittar hafa verið á núverandi fjárhagstímabili, nema hvað 400 kr. á ári er við bætt, sem stungið er upp á að veita til sjúkrahússins á Seyðafirði, og 1,000 kr. á ári, sem að öllum líkindum ganga til varna gegn útbreiðslu sóttnæmra sjúkdóma, sem um er getið í lögum 31. jan. 1896, 13. gr.

Við 12. gr.

Útgjöld við póststjórnina.

1. Laun.

a. Póstmeistarinn hefur sótt um, að laun þau er fylgja embætti hans og hækkuð voru á fjárlögunum 1884 og 1885 úr 1,700 kr. upp í 2,400 kr., verði færð upp í 3,000 kr., einkum vegna þess að embættisstörfin seinustu 15 árin hafa vaxið mjög mikið vegna þess, hvað póstsamgöngur hafa aukizt, og vegna þess að seinast, þá er launin voru hækkuð, var búizt við að póstmeistarinn gæti haft aukaatvinnu við hliðina á embætti sínu til að auka tekjur sínar, en slíkt er með öllu óhugsandi vegna þess, hvernig embætti þessu nú er varið og hvað yfirgripsmikið það er orðið.

Það verður að játa, að embætti póstmeistarans er eitthvert hið erfiðasta og

ábyrgðarmesta embætti á öllu landinu, og þareð tilmæli þessi um launahækkun verða því að álítast sanngjörn og rjettmæt í alla staði, eru launin talin því samkvæmt.

b. Samkvæmt tillögum póstmeistara, er landshöfðingi hefur líka mælt með, er farið fram á, að þessum lið sje skipt í 2 undirliði: 1) til póstafgreiðslumanna fyrir utan Reykjavík 8,100 kr. og 2) til póstafgreiðslumanna í Reykjavík 2,500 kr. Hvað fyrri liðinn snertir er það að athuga, að flestallir núverandi póstafgreiðslumenn hafa sótt um launahækkun og að margir þeirra afsegja að halda áfram stöðu sinni, nema þeir fái þetta. Það verður líka að játa, að laun póstafgreiðslumanna eru orðin ónóg, þar sem störf þeirra fara sívaxandi. Því er stungið upp á, að færa launin upp úr 6,700 kr. í 8,100 kr. Að því er snertir útbýtingu á fje þessu, hefur póstmeistari komið með ítarlegar tillögur og verður þinginu gefið færi á að kynna sjer þær.

Ennfremur er stungið upp á að tveir póstafgreiðslumenn, skipaðir af landshöfðinga, sjeu settir á pósthúsinu í Reykjavík, og styðst sú uppástunga við það, að störf póstmeistara eru nú orðin svo yfirgripsmikil og margbreytileg, að honum er allsendis ómögulegt að líta sjálfur eptir hverju, er gjöra skal, einkum þegar svo á stendur, sem opt kemur fyrir, að á sama tíma þarf að afgreiða póst til staða bæði utanlands og innan. Hjer við bætist, að á ári hverju verður póstmeistarinn að vera burtu frá pósthúsinu lengri tíma til eptirlitsferðar. Og þar sem það er mjög þýðingarmikið, bæði fyrir hið opinbera og alla alþýðu manna, að vegna hinnar miklu peningaábyrgðar, sem hvílir á póstmeistaranum, sjeu æfðir menn til að gegna störfum á pósthúsinu, þykir ekki hæfa að setja launin til afgreiðslumannanna lægri en 1,500 kr. fyrir annan og 1,000 kr. fyrir hinn á ári hverju.

c. Þó að veitingin til brjefhirðingamanna hafi vaxið talsvert á síðari árum, verður enn að fara fram á að færa þennan lið upp í 6,000 kr. á ári, þar eð það hefur komið í ljós að fje það, sem veitt hefur verið, er ónóg, einkum þar sem nauðsyn hefur til borið vegna strandferðanna, að setja á stofn marga nýja brjefhirðingastaði á höfnum þeim, er strandferðaskipin koma við á, og að hækka talsvert þóknun ýmsra brjefhirðingamanna.

2. Póstflutningur. Gjöld þessi numu árið 1896 37,985 kr. 59 a. og 1897 42,543 kr. 12 a. og mun því ei hægt að telja það minna en 40,000 kr. hvort árið.

3. Önnur útgjöld.

a. Endurgjald á skrifstofukostnaði til póstmeistara er farið fram á að færa úr 1,800 kr. upp í 2,000 kr. og liðast það sundur á þessa leið:

a.	Aðstoðarfje (auk hinna tveggja afgreiðslumanna)....	1,200 kr.
b.	til eldiviðar og ljósa.....	300 —
c.	til ræstingar	240 —
d.	önnur útgjöld.....	260 —
		2,000 kr.

b. Endurgjald til póstmeistarans fyrir ábyrgð á mistalningi,

c. Fæðispeningar og ferðakostnaður sama.

Gjöld þessi eru talin eins og á núgildandi fjárlögum.

d. Fyrir prentun á ýmsu. Þareð kostnaður við tilbúning frímerkja er greiddur af þessum gjaldlið, mun eigi hægt að telja hann minna en 1,000 kr. á ári.

e. Til áhalda. Þareð nauðsyn ber til að útvega mörg ný póstáhöld í stað gamalla á næsta fjárhagstímabili er samkvæmt tillögum póstmeistara farið fram á að veita 1,500 kr. til þessa hvort árið.

f. Einn brjefberi í Reykjavík. Nú er Reykjavík orðinn bær með hjerumbil 5,000 íbúum og þar sem þar er saman komið fólk úr flestum hjerðuðum landsins og opt líka fjöldi útlendra manna, eru brjefaskipti nú orðin svo yfirgripsmikil að það yrði til mesta trafala bæði fyrir þá er brjef eiga að fá og fyrir póstafgreiðslumenn, ef hver sá maður, sem býst við brjefi, á að sækja það sjálfur á pósthúsið. Því bæði er það, að þá er engin vissa fyrir því fengin, að brjef þau er koma, lendi hjá rjettum viðtakanda, og ennfremur verður slíkt aðstreymi að pósthúsinu, að miklar tafir hljóta að verða á öllum störfum þar. Hjer við bætist að ef brjef eru borin út á degi hverjum frá pósthúsinu, munu bæjarmenn fara að skrifast á gegnum pósthúsið og munu frímerki þá notuð miklu meir en áður. Því er stungið uppá að veita 400 kr. til að bera út brjef á Reykjavík.

g. Óviss útgjöld eru talin eins og á núgildandi fjárhagstímabili.

h. Til viðhalds húsi og áhöldum. Í 18. gr. núgildandi fjárlaga voru 30,000 kr. veittar til pósthúss úr steini í Reykjavík, þareð alþingi byggði á því að kaupa skyldi barnaskólann í Reykjavík til þessa og útbúa hann sem pósthús. Var þá gjört ráð fyrir að hægt væri að fá hús þetta keypt fyrir 26,000 kr., og að nota skyldi þær 4,000 er af gengu, til að breyta því í pósthús. En nú var ekki hægt að fá húsið fyrir minna en 28,000 kr., og var það þó mjög lítið verð að dómi byggingafróðra manna, en þareð aðeins 2,000 kr. voru eptir til að breyta því í pósthús, varð að fresta ýmsum nauðsynlegum breytingum. Póstmeistari hefur með aðstoð verkfróðra manna ætlazt á að kostnaður við þessar breytingar muni nema hjerumbil 1,500 kr. og því er stungið upp á að veita til viðhalds húsi og áhöldum 1,500 kr. árið 1900 og 100 kr. árið 1901.

4. Til að útvega eldtrausta skápa handa póstafgreiðslumönnum. Fyrir fje það sem veitt var í 10. gr. B. 4. núgildandi fjárlaga, voru í fyrra keyptar eldtraustar hirzlur handa 6 póstafgreiðslumönnum til að geyma í peningasendingar, ábyrgðarbrjef o. sv. frv., en þareð nauðsyn má telja að útvega fleiri póstafgreiðslumönnum þesskonar hirzlur er farið fram á að veita 1,000 kr. til þessa árið 1900.

B.

Til vegabóta.

Við 1. a. og b. og 2. Þessi gjöld eru hin sömu, sem veitt eru á núgildandi fjárlögum.

Við 3. Til flutningabrauta. Samkvæmt skoðun þeirri er ofan á varð á síðasta alþingi, að meira væri komið undir því að gera við þjóðvegi en að leggja nýjar flutningabrautir, er hjer farið fram á að veita í þessum lið aðeins 25,000 kr. hvort árið. Af þessu er ráðgert að nota 5—6,000 kr. á ári til viðhalds á flutningabrautum þeim, sem búið er að leggja, og hitt sumpart til þess að halda áfram braut þeirri, er byrjað var að

leggja síðastliðið ár fram Eyjafjörð, sumpart til vegabóta á flutningabrautinni gegnum Húnavatnsýslu.

Við 4. Til þjóðvega. Gjöld þessi eru hin sömu sem veitt eru á núgildandi fjárlögum og er ætlast til að þau sjeu notuð til vegabóta sumpart á póstleiðunum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sumpart í þingeyjar og Múlasýslum og loks til vegarins frá Borgarnesi til Stykkishólms, ef samþykkt verður að leggja þjóðbraut þar.

Við 5. Til fjallvega er farið fram á að veita sama fje sem yfirstandandi fjárhagstímabil.

C.

Við 1. Til gufuskipaferða verður samkvæmt samningum þeim, er gjörðir hafa verið við hið sameinaða gufuskipafjelag að veita 50,000 kr. hvort árið á fjárhagstímabilinu, sbr. fjárlög 1898—99, 12. gr. C. 1.

Við 2. Til gufubátaferða er stungið upp á að veita sama fje og veitt er á núgildandi fjárlögum.

D.

Til ritsíma milli Íslands og útlanda.

Til þess að koma á ritsíma milli Íslands, Færeyja og Hjaltlands var 1898 veitt úr ríkissjóði 54,000 kr. árlega í 20 ár. Hins vegar hefur stóra norræna ritsímafjelagið enn ekki getað fengið styrkviðbót þá hjá útlendum ríkjum, sem þörf er á. Það sem fjelagið hefur gjört til að koma því í lag, sjest á skjölum þeim, er alþingi mun gefið færi á að kynna sjer, og á þeim sjest líka, að haldið er áfram að vinna að þessu án þess þó nokkurs árangurs sje að vænta í bráð.

En þó það í raun og veru sje vafa bundið, hvort hægt verði yfir höfuð að koma á fót fyrirtæki þessu, og þó það að minnsta kosti sje mjög ólíklegt, hvernig sem á er litið, að hægt verði að byrja að leggja ritsíma áður en fjárhagstímabilið 1900—1901 er úti, þá hefur samt virzt rjettast að setja fyrsta tillag það úr landssjóði, sem veitt var í síðustu fjárlögum, enn á ný seinna ár fjárhagstímabilsins.

Síðan málið var rætt á þingi seinast, hefur ennfremur komið fram sú skoðun, að ef til vill væri heppilegra að leggja sæsímann til Austurlands, í stað þess að leggja hann að landi eins nálægt Reykjavík og unnt væri, eins og fyrst var til ætlazt. Úr ýmsum áttum hafa menn verið tillögu þessari hlynntir, einkum vegna þess, að svo má ætla, að við það að leggja sæsímann frá Færeyjum til Austurlands, sem er miklu styttra, mætti spara mjög mikið fje, sem þá væri hægt að verja til ritsíma, er tengdi saman ýmsa hluti Íslands, og bráð þörf myndi verða á til framhalds af ritsíma frá útlöndum. Til endurgjalds fyrir fje það, er þannig sparaðist, hefur stóra norræna ritsímafjelagið tjáð sig fúst á, ef til kemur, að veita 300,000 kr. til ritsíma, er lagður yrði yfir land milli Austurlands og Reykjavíkur. Til þess og að láta ekki það að leggja þennan síma dragast meir en vera ætti, af því að ekki væri búið að gjöra bráðnauðsynlegustu undirbúningsrannsóknir þegar þar að kæmi, ef nokkuð yrði úr aðalfyrirtækinu, hefur fjelagið látið Hanson verkfræðing, sem er vel kunnugur á nokkrum hluta svæðis þessa frá því er hann hefur áður verið á Íslandi, fara

rannsóknarferð um svæðið í sumar er leið, en þó svo, að íslenzka stjórnardeildin hefur lofað, að fjelagið, ef til þess kæmi, skyldi mega telja kostnaðinn við ferð þessa og reikningsstörf og annað er af henni leiddi, og nam 4,000 kr. — eða 8,000 kr., ef hlutaðeigandi verkfræðingur ekki ætti neitt við ritsímalagninguna, — sem part úr og fyrirframgreiðslu af áðurnefndu 300,000 kr. tillagi.

Nú getur það skeð, þó lítið sje útlit til þess, eins og sagt hefur verið, að, ef allt gengur sem æskilegast, verði hægt að leggja sæsímannþegar 1901, en þaraf leiðir, að bezt væri að ákveða strax á fjárhagstímabilinu, hvar síminn skuli á land dreginn, og ennfremur að ef menn vilja að það sje á Austurlandi, þá að taka til að undirbúa landsímann. Reyndar verður að játa, að hægt er að láta t. d. Seyðisfjörð vera endastöð símans fyrst um sinn, en þetta verður þó svo óeðlilegt, að í raun og veru ætti helzt að byrja talsvert áður á því að leggja landsímann, þar sem miklu meiri tíma þarf til að undirbúa hann og leggja, en til þess að smíða sæsímann og leggja í sjó. En þó er eigi hægt að gjöra þetta fyr en gengið er úr skugga um, að eitthvað verði úr aðalfyrirtækinu; minnsta kosti væri ekki hægt að gjöra annan undirbúning en lauslegan og kostnaðarlítinn bráðabirgðaundirbúning. En þótt byrjað yrði á að útvega það sem þarf til landsímans og vinna að því að leggja hann undir eins og vissa væri fyrir því fengin að nokkuð yrði úr aðalfyrirtækinu, þá yrði samt ómögulegt undir neinum kringumstæðum að ljúka við landsímann á sama tíma og hinn, og því gæti jafnvel vafi á því leikið, hvort ekki væri heppilegra að fresta því að leggja aðalsímann, ef til kemur, svo lengi sem þarf til að lokið verði við báða símana nokkurn veginn á sama tíma, eða að minnsta kosti komizt hjá of langri bið; því mun auðsætt, að ekki tjáir að fresta lengur en áður gat um að fara að vinna að undirbúningi landsímans, hvernig sem á er litið.

Því hefur það verið talið hentugt til þess að vera við öllu búinn að fá nú strax heimild fyrir stjórnarráðið til þess bæði að velja stað á Austurlandi sem endastöð sæsímans, ef til kemur, og til þess þá að verja allt að 75,000 kr. á fjárhagstímabilinu til að undirbúa það, að landsími verði lagður til Reykjavíkur.

Til þess að geta gjört sjer nokkurnveginn hugmynd um, að minnsta kosti til bráðabirgða, hvað það að leggja þesskonar landsíma myndi kosta ásamt viðhaldi og árlegu starfi og til þess að alþingi líka gæti kynnt sjer það, var stóra norræna ritsímafjelagið fengið til að gjöra áætlun yfir útgjöld þessi samkvæmt útreikningum Hansons verkfræðings. Áætlun þessi finnst meðal skjala þeirra er lögð munu fyrir alþingi, svo sem áður var sagt; telur hún kostnað við frumlagning ritsíma frá Seyðisfirði yfir Akureyri til Reykjavíkur 356,700 kr., árskostnað við störf við ritsímann 18,000 kr. og árskostnað við viðhald 15,000 kr. Fjelagið hefur þó sett margann fyrirvara er það sendi stjórnardeildinni áætlun þessa. Stjórnardeildin fjekk og áætlun þessa svo seint, að ekki var tími til að leita álits íslenzkra yfirvalda á þeim stöðum um hana, og allir þessir reikningar eru þess eðlis, að það er auðsýnt, að ekki er hægt að byggja á þeim með neinni vissu.

Ástæðan fyrir því að stinga upp á að fje það, er til taks sje, svo menn sjeu við öllu búnir, er talið 75,000 kr., er sú, að ætlazt er til að mestum hluta af því fje sje varið til þeirra 57,500 kr., er í áætluninni eru ætlaðar til ritsímastaura, en að því er ritsímafjelagið segir, verður að panta þá minnsta kosti ári áður en nota skal, og ennfremur verður líklega að undirbúa margt annað svo fljótt sem unnt er, meðal annars þarf að rannsaka símaleiðina til fullnustu.

Við 13. gr.

A.

Í þarfir andlegu stjettarinnar.

A. a. Árslaun biskups, er skipaður var 25. maí 1889, eru samkvæmt 8. gr. laga 25. oktbr. 1875 og 1. og 7. gr. laga 9. desbr. 1889: laun 5,000 kr., og viðbót fyrir sjálfan hann 2,000 kr.

A. b. 1. Á fjárhagstímabilinu 1896 og 1897 var útborgað sem uppbót til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880 1. gr. 8,572 kr. 51 e. á ári. Hjer við bætist uppbót til Lundarbrekkuprestakalls, sem losnað hefur síðan, 300 kr. á ári. Má því telja gjaldlið þennan sem á núgildandi fjárlögum.

A. b. 2. Til bráðabirðaruppbótar fátækum brauðum. Þareð Lundarbrekkuprestakall, eins og áður er um getið, fær fast tillag úr landssjóði á næsta fjárhagstímabili, færist þessi gjaldliður niður um 300 kr. og má því telja hann 1,700 kr. á ári.

A. b. 3. Eins og í síðustu fjárlögum.

A. b. 4. Smbr. athugasemdirnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 og fjárlög fyrir árin 1890 og 1891.

A. b. 5. Eins og í núgildandi fjárlögum.

A. b. 6. Viðbótin við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá, er talin 3,000 kr. eins og vant er.

A. b. 7. Sama sem veitt er á yfirstandandi ári.

A. b. 8. Eins og á núgildandi fjárlögum.

B.

I. Prestaskólinn.

a. Útgjöldin í þessari grein liðast í sundur eins og hjer segir:

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Forstöðumaður prestaskólans:			
laun	4 000.	4,000.	8,000.
Fyrsti kennari við tjeðan skóla:			
laun	2,800.	2,800.	5,600.
Annar kennari við sama skóla:			
laun	2,400.	2,400.	4,800.
samtals...	9,200.	9,200.	18,400.

Launin eru tilfærð samkvæmt lögum 9. desbr. 1889, 5. gr.

A. b. 1—8. Þessir gjaldliðir eru taldir eins og veitt er á yfirstandandi fjárhagstímabili, nema hvað samkvæmt tillögum forstöðumanns prestaskólans er stungið upp á að hækka veitinguna til eldiviðar og ljósa með 50 kr. og lækka veitinguna til ýmislegra útgjalda um 50 kr.

II. Læknaskólinn.

a. Útgjöldin á þessum gjaldlið liðast sundur á þennan hátt:

Þóknun sú, sem veitt er læknunum í fyrsta læknishjeraði fyrir kennslu á skólanum, nemur samkvæmt lögum 11. febrúar 1876	800 kr.
Laun hins fasta kennara eru samkvæmt lögum 8. nóvember 1883	2,400 —
alls á ári...	3,200 kr.

b. 1—8. Þessir gjaldliðir eru taldir eins og á fjárlögunum 1898 og 1899, nema hvað gjöldin í 3. lið eru færð niður í 500 kr. hvort árið.

III. Hinn lærði skóli.

a. Laun.

forstjóri hins lærða skóla	3,600 kr.
yfirkennarinn	3,200 —
fyrsti kennari	2,800 —
annar kennari	2,800 —
þriðji kennari	2,400 —
fjórði kennari	2,400 —
fimmti kennari	2,000 —
samtals...	19,200 kr.

Launin eru talin eptir lögum 9. desbr. 1889, 6. gr.

b. Eins og á núgildandi fjárlögum.

c. 1—2. Eins og á núgildandi fjárlögum.

c. 3. Stiptsyfirvöld og landshöfðingi hafa samkvæmt tillögum rektors farið fram á að veitt verði sem sjerstök útgjöld til skólahússins utan og innan árið 1900 það sem hjer segir:

til steingirðingar um lóð skólans	1,800 kr.	» a.
til steinsteypugólfs í bókasafni skólans	880 —	» —
til að byggja timburskúr við leikfimishúsið	600 —	» —
til viðgjörðar á skólahúsinu austanverðu	742 —	65 —
Alls...	4,022 kr.	65 a.

og bætist hjer við þær 1,400 kr. á ári, sem vant er að veita til skólahússins utan og innan.

Fyrstu upphæðina til steingirðingar um lóð skólans hefur áður verið stungið upp á að veita í núgildandi fjárlögum, en alþingi gat ekki fallizt á málið, þar eð ekki virtist

brýna nauðsyn bera til gjalda þessara. En nú fer talsvert fje í það að halda við trjágirðingu þeirri, sem nú er, og afleit er orðin, og virðist það því óráðsýnlegt að fresta því að byggja sterka girðingu, en þar eð grjót hefur hækkað í verði er búizt við að hún verði nokkuð dýrari en gert var ráð fyrir 1896 (þá var áætlað 1,732 kr. 50 a.).

Ennfremur ber nauðsyn til að leggja nýtt gólf í bókasafn skólans, þar eð komið hefur í ljós að undirbjálkarnir í gólfi því, sem nú er, eru svo fúnir, að hætta er við að allt hrynji saman. Ráðlegast er talið að leggja steinsteypugólf, sem er ætlazt á að muni kosta 880 kr., eins og um er getið.

Þegar nýja leikfimishúsið var byggt, var leitað ráða um þá byggingu hjá fimleikafróðum mönnum í Kaupmannahöfn, og tóku þeir fram, að það væri mjög áríðandi fyrir heilsu lærisveina að byggt væri framdyri fyrir utan dyr leikfimishússins, þar sem piltar gætu lagt af sjer yfirhafnir og óhreinan skófatnað. Þeir gætu þá komið inn í fimleikasalinn í þurrum klæðum og með hreina skó, en annars myndi loptið inni verða óhollt af ryki og raka. Timburskúr til þessa mun mega byggja fyrir 600 kr. og má þá líka geyma þar ýms leikfimisáhöld, sem eru of fyrirferðarmikil inni í salnum. Að því er snertir tillögu rektors, að í fordyri þessu sjeu líka höfð steypiböð handa skólapiltum, hefur verið komizt að sömu niðurstöðu og landshöfðingi og stiptsyfirvöld, að það myndi ekki verða að tilætluðum notum, og er því ekki farið fram á að veita neitt fje til þessa.

Loks þarf að gjöra við skólahúsið að austanverðu, þareð það á stóru svæði er svo fúið fyrir innan járnklæðinguna, að varla er hægt að búa í herbergjunum fyrir innan vegna súgs og raka. Verkfróðir menn hafa ætlazt á að það myndi nema 742 kr. 65 a.

Samkvæmt þessu er farið fram á að veita á þessum gjaldlið 5,422 kr. 65 a. árið 1900 og 1,400 kr. árið 1901.

c. 4. Í þessum gjaldlið er farið fram á að veita 1,850 kr. sem sje 150 kr. á ári til prófdómenda auk hinna vanalegu 1,700 á ári til tímakennslu. Er ætlazt til að fje þetta sje notað sem þóknun handa prófdómendum við burtfararpróf og fjórða bekkjar próf, þar eð örðugt hefur verið að fá hæfa menn til að taka þann starfa að sjer, þar eð hann er talsverð tímatöf fyrir þá.

c. 5–12. Þessir gjaldliðir eru taldir eins og á núgildandi fjárlögum.

IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum.

Allir liðir og undirliðir hjer eru eins og á fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

V. Til stýrimannaskólans.

a. Laun eru talin eins og veitt er fyrir 1899.

b. 1. Til tímakennslu er stungið upp á 1,200 kr. að tillögum forstöðumanns, er stiptsyfirvöld og landshöfðingi hafa fallizt á, og mun þörf á því fje, þar eð sú kennsla fer sívaxandi.

b. 2. Forstöðumaður hefur sótt um og stiptsyfirvöld og landshöfðingi mælt með því, að farið sje fram á að veita 700 kr. til að útvega og reisa höggvið siglutrje handa skólapiltum, bæði til að bæta úr því að æfingaskip vantar, og ennfremur til að koma í stað allmennrar skólaleikfimi. Ennfremur er þörf á skápum til að geyma í verkfæri og bækur og vegna þess, hvað lærisveinum hefur fjölgað, þarf að fá fleiri áhöld til að nota við kennsluna.

Samkvæmt þessu er stungið upp á að veita 1,100 kr. í þessum gjaldlið árið 1900 og 300 kr. árið 1901.

b. 3. Til eldiviðar og ljósa hefur reynzt að þurfi að verja 500 kr. á ári og er því farið fram á að veita það fje.

b. 4. Til ræstingar, ofnhirðingar o. fl. fara 200 kr. á ári, og til vanalegs viðhalds, vátryggingar, skatta og afgjalda 300 kr. á ári. Þaraðauki þarf nauðsynlega að nota 100 kr. fyrra árið til þess að klæða að nýju hluta af loptinu og veggjunum, þar eð klæðnaður sá er ónýtur, er nú er. Því er stungið upp á að veita 600 kr. í þessum gjaldlið árið 1900 og 500 kr. árið 1901.

b. 5. Forstöðumaður hefur stungið upp á og stiptsyfirvöld og landshöfðingi mælt með því, að kaupa handa skólanum lóð austan við skólalóðina, hjerumbil 220 □ faðma að stærð, svo að skólinn eigi jafnmikið í austur og í vestur. Reyndar er nú sem stendur ekki þörf á lóð þessari handa skólanum, en þareð starfsvið hans fer sívaxandi verður það að teljast óheppilegt, ef því væri tálmað, að hægt væri að færa hann út síðarmeir við það að lóð sú, er um ræðir, væri útmæld til bygginga, og þar eð hægt er að fá hana á 440 kr. er stungið upp á að veita það fje.

VI. Til annarar kennslu.

Allir þessir gjaldliðir eru taldir eins og á núgildandi fjárlögum.

VII. Til sundkennslu.

Þessi liður er óbreyttur frá því sem er á núgildandi fjárlögum.

C.

1. Til landsbókasafnsins.

a. og b. Eins og í fjárlögunum 1898 og 1899.

c. Stjórn landsbókasafnsins hefur farið fram á og landshöfðingi mælt með því að þær 3,000 kr., sem veittar eru á ári til bókakaupa o. fl., sjeu færðar upp um 400 kr., og á að brúka það fje sumpart til að afskrifa gömul skinn- og pappírshandrit á bókasafninu, sem vegna elli og slits eru orðin hart að því ólæsileg og má því búast við að þau bráðum fari forgörðum, sumpart til að útvega afskriptir af ýmsum skjölum úr safni Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn, sem mikilsvert er að hafa á landsbókasafninu. Þar eð hvorttveggja þetta er þarflegt og ekki dugar að draga af fje því, er veitt er til bókakaupa, er farið fram á að veita þetta fje sem viðbót við það, sem nú er veitt.

d. og e. Eins og í fjárlögunum 1898 og 1899.

2. a.—c. Stungið er upp á að veita sem vanalegt er í gjaldliðum þessum.

3. a.—c. Til landsskjalasafnins.

Með auglýsingu 3. apríl 1882 (Stjórnartíð. 1882 B., bls. 59) var stofnað landsskjalasafn í 7 deildum, er inniheldur skjalasöfn landshöfðingja, stiptsyfirvalda, suður- og vesturamtsins, biskups, landfógeta og hins umboðslega endurskoðanda, og í einu lagi ýms önnur embættisskjalasöfn, einkum sýsluskjalasöfn. Landsskjalasafni þessu var komið fyrir í 7 afþiljuðum geymsluklefum á dómkirkjuloptinu, en þeir eru allt of litlir og óhentugir, einkum klefi sá, er sýsluskjalasöfnin eru í geymd. Því varð að leggja skjölin í búnka á gólfið, og er því nú allsendis ómögulegt að ná í þau fyrir þá, er ætla að nota þau til vísindalegra rannsókna eða hagnýta sjer þau í málaferlum, og ennfremur er hætt við að þau stórskemmist, einkum þar sem skjölin vanalega eru afhent safninu þannig á sig komin, að hafa verður mestu varúð, ef þau ekki eiga að gjörtýnast. Það er því bráðnauðsynlegt að fá nýjan geymslustað fyrir sýsluskjalasöfnin og stiptamtsskjalasafnið gamla, og væri þá um leið auðvitað hentugast að koma hinum deildum landsskjalasafnsins fyrir á sama stað, og það því heldur sem herbergin, þar sem þau nú eru geymd, eru allt of þröng, og þörf væri á að losa dómkirkjuloptið, svo hægt væri að geyma þar gamla árganga af alþingistíðindum og stjórnartíðindum og ef til vill ýmsa forngripi, sem ekki er rúm fyrir á herbergjum forngripasafnins, en allt þetta liggur nú í einni þvögu uppi á lopti í alþingishúsinu. Húsnæði fyrir landsskjalasafnið mætti fá á efra lopti bankahúss þess, sem nú er í smíðum, og væri það þá tryggt gegn eldsvoða og staðurinn að öðru leyti þægilegur.

Ennfremur er það þýðingarmikið að skjalasafnið, er hefur mörg skjöl inni að halda vísindalega merkileg, sje gjört greitt aðgöngu þeim, er það vilja nota, en til þess þarf að setja umsjónarmann við safnið til að raða því sem vera skal, annast um varðveizlu skjala og einkum til að líta eptir afnotum þeirra, svo að safnið sje opið á vissum tíma fyrir þá sem vilja nota það, og skjalavörður þá viðstaddur til eptirlits.

Gjöld þau er þarf til þessa fyrirkomulags, er landshöfðingi hefur farið fram á, eru þau er nú skal greina:

1. til húsaleigu fyrir safnið, þar með talið hitun á herbergjum 500 kr. á ári.

2. til að koma safninu fyrir og til viðhalds á því, sem sje til að útvega skápa, binda inn og búa um skjöl þarf líklega hjer um bil 500 kr. fyrra árið og hjer um bil 200 kr. á ári upp frá því.

3. laun skjalavarðar, er vart má telja lægri en 1,200 kr. á ári ef hann á að vera á safninu nokkrar klukkustundir, að minnsta kosti 3var í viku, og annars hafa stöðugt eptirlit með því.

Er því farið fram á að veita fje þetta í nýjum gjaldlið í 13 gr. C.

4. a. og b., 5. og 6. Farið er fram á að veita sama fje hjer og á fjárlögunum 1898—99.

7.—18. Styrkveitingar þær, er hjer ræðir um, eru taldar eins og á fjárlögunum 1898—99.

Að því er snertir styrk þann er um ræðir í nr. 13. skal þess getið að cand. Bogi Melsteð hefur skýrt ráðaneytinu frá, að hann síðastliðin 2 ár hafi haldið áfram að vinna úr efni því er hann hafði safnað til sögu Íslands á landnámstíð, og er það svo langt komið að búizt er við, að hægt verði að fara að prenta ritið á næsta ári. Hr. Melsteð hefur einnig byrjað á að gefa út rit þar sem alþýðlega er sagt frá aðalatriðum úr sögu Íslands og mun fyrsta hepti þessa rits koma út í sumar.

19. Cand. mag. Helgi Jónsson hefur samkvæmt núgildandi fjárlögum fengið 1000 kr. styrk hvort árið 1898 og 1899 til jurtafræðisrannsókna og hefur nú sótt um það til ráðaneytisins að honum sje veittur 2000 kr. styrkur til hins sama hvort árið 1900 og 1901. Cand. Helgi Jónsson hefur skýrt ráðaneytinu frá að árangurinn af rannsóknum hans hingað til sjáist í ritgjörðum, er hann hefur látið út koma í »Botanisk Tidsskrift«, en að hann enþá sje að vinna úr ýmsu af því efni, er hann hafi saman dregið. Þaraðauki vill hann halda áfram að rannsaka íslenzkar jurtir, einkum þaragróður við strendur Íslands, sem hefur mikla þýðingu fyrir jurtafræðina. Þareð rannsóknir þessar hafa mikinn kostnað í för með sjer, bæði til að ferðast á Íslandi og til vísindaiðkana í Kaupmannahöfn, og umsækjandi hefur lagt fram ágætis vottorð og beztu meðmæli frá þeim mönnum, er bezt geta dæmt um slíkt, er farið fram á að veita styrk þennan.

20.—21. Báðar þessar styrkveitingar eru taldar eins og á núgildandi fjárlögum, og hafa umsækjendur bæði fært sönnur á, að þeir þurfi styrk til að ljúka námi sínu, og lagt fram meðmæli, er hrósa þeim fyrir gáfur þeirra og ástundun. Þess skal sjerstaklega getið, að hjer er farið fram á að láta það vera í síðasta skipti, sem þetta er veitt.

22. Eins og á núgildandi fjárhagstímabili.

Við 14. gr.

Gjöldin samsvara tekjum þeim, sem taldar eru í 2. og 3. lið 5. greinar.

Við 15. gr.

Farið er fram á að telja gjöld þessi 90,000 kr., og skal hjer vísað til lista þess, er prentaður er hjer að aptan yfir eptirlaun þau til embættismanna og embættismannaekkna og barna, er hvíla á landssjóði við árslok 1898.

Að því er það snertir, að í þessari grein er farið fram á, að stjórninni sje heimilt að veita dr. phil. Þ. Thóroddsen lausn frá embætti hans sem kennara við lærða skólann með þeim eptirlaunum, er honum bæri, ef skilyrði fyrir embættislausn með eptirlaunum væru fyrir hendi, skal þess getið að dr. Thóroddsen í umsókn, er hann hefur sent um þetta, segist vera neyddur til að dvelja mörg ár til utanlands, ef hann eigi að geta lokið við að vinna úr hinu mikla vísindalega efni, sem er árangurinn af rannsóknarferðum hans, en að þetta verði sjer ókleyft, nema hann fái lausn frá embætti með venjulegum eptirlaunum.

Vegna þess hvað dr. Thóroddsen hefur unnið sjer margt til ágætis, og vegna þess að honum líklega verður veittur annarsstaðar frá styrkur sá, er hann auk þessa þarfnast til þess fyrst um sinn að gefa sig algjörlega við vísindaiðkunum, er hjer farið fram

á að verða vel við umsókn hans, einkum þar sem líka gjöld landssjóðs til eptirlauna hans verður aðeins lítið fram yfir þær 1,000 kr., sem hann nú hefur fengið í mörg ár til að safna til vísindanota, og nú falla burtu. Auðvitað falla eptirlaun burtu, ef hann á ný fær launað embætti í hinu danska ríki.

Við 16. gr.

Eins og á núgildandi fjárlögum.

Samkvæmt tillögum landshöfðingja er farið fram á, að heimild sú, er veitt er í fjárlögunum 1898 og 1899 til að lána allt að 30,000 kr. úr viðlagasjóði til að kaupa þilskip, sje tekin upp aptur í fjárlögunum 1900 og 1901, en þó með þeirri breytingu, að það sem mest má lána til að kaupa hvert skip fyrir sig sje ákveðið 4,000 kr., eins og í fjárlögunum 1894—95 og 1896—97.

Fylgiskjal.

Skrá

yfir

eptirlaun þau til embættismanna og embættismanna ekkna og barna, sem hvíla á landssjóði í árslok 1898.

		kr. a.
	A. Embættismenn.	
1	Adolph Christian Baumann, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu	982. 18
2	Benedikt Gröndal, kennari við lærða skólann í Reykjavík .... kon. úrsk. 13. apr. 1883, stj. br. 14. apr. s. á.; frá 1. maí 1883.	800.
3	Halldór Guðmundsson, kennari við lærða skólann í Reykjavík ..... kon. úrsk. 19. marz 1885.	1,200.
4	Stefán Thórarensen, sýslumaður og bæjarfógeti á Akureyri ..... kon. úrsk. 17. apríl 1891.	2,660.
5	Páll Melsteð, sögukennari..... lög 16. septbr. 1893.	1,800.
6	Guðmundur Guðmundsson, hjeraðslæknir..... kon. úrsk. 26. febr. 1895.	1,000.
7	Skúli Thóroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði. kon. úrsk. 31. maí 1895.	1,500. 54
8	Jón Þorkelsson, rektor við lærða skólann í Reykavík..... kon. úrsk. 26. febr. 1895.	3,066. 66
9	Halldór Kr. Friðriksson, yfirkennari við lærða skólann í Reykjavík.. kon. úrsk. 24. Júlí 1895.	2,133. 33
10	Þorgrímur Johnsen, hjeraðslæknir..... kon. úrsk. 14. apr. 1896.	1,586. 20
11	Einar Thorlacius, sýslumaður í Norður-Múlasýslu ..... kon. úrsk. 29. maí 1896.	1,593. 78
12	Benedikt Sveinsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu ..... kon. úrsk. 13. apríl 1897.	2,297. 76
13	Fritz Zeuthen, hjeraðslæknir í 15 læknishjeraði ..... kon. úrsk. 1. júní 1898.	1,479. 87
	alls...	22,100. 32
	B. Embættismanna ekkjur og börn:	
1	Anna María Johnsen, ekkja hjeraðslæknis Eggerts Johnsen kon. úrsk. 20. febr. 1856; fra 1. ágúst 1855..... 69 rd. 36 sk. = 138 kr. 75 a. og eptir fjárlögunum fyrir 1882 og 83 viðbót.. 150 — » — frá 1. jan. 1882.	288. 75
	flyt...	288. 75

		kr. a.
	fluttar...	288. 75
2	Ragnheiður Thorarensen, ekkja sýslumanns V. Thorarensen í Strandasýslu	100. 79
3	Clara Margrete Henriette Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðarsýslu	212. 87
	ennfremur styrkur til húsaleigu á ári	40.
4	Ingibjörg Schulesen, ekkja kammerráðs, sýslumanns S. Schulesen í Þingeyjarsýslu	416. 60
5	Antonía Jósefína Thorarensen, ekkja sýslumanns B. Thorarensen í Dalasýslu	228.
6	Maren Ragnheiður Friðrikka Lárusdóttir, ekkja sýslumanns Jóhannesar Guðmundssonar í Mýra- og Hnappadalssýslu	289. 83
7	Ingibjörg Magnússen, ekkja sýslumanns í Dalasýslu Kristjáns Magnússen	262. 89
8	Ragnheiður Thorarensen, ekkja hjeraðslæknis, kancelliráðs Skúla Thorarensens	273. 33
9	Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis Þórðar Tómassonar frá 1. desbr. 1873 ..... 184 kr. kon. úrsk. 20. júní 1874. viðbót frá sama tíma ..... 13 — stj. br. 18. nóvbr. 1876.	197.
10	Kristjana Havstein, ekkja amtmanns Havsteins ..... kon. úrsk. 12. nóvbr. 1875.	529. 16
11	Hildur Sólveig Bjarnadóttir, ekkja sýslumanns B. M. Magnússonar.	538. 27
12	Louise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadts... frá 1. nóvbr. 1881.	81. 25
13	Guðrún Guðjohnsen, ekkja organsleikara P. Guðjohnsens ..... frá 1. jan. 1880, fjárlögin fyrir 1880 og 1881.	300.
14	Sígríður Blöndal, ekkja sýslumanns Blöndals ..... frá 1. júní 1884.	300. 45
15	Elínborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorberg..... frá 1. febr. 1886.	919. 17
16	Christiane Caroline Bolbroe, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Bolbroe á Vestmannaeyjum, frá 1. maí 1888.....	75.
17	Kristín Skúladóttir, ekkja hjeraðslæknis Boga Pjeturssonar ..... frá 1. jan. 1890. Samkv. kon. úrsk. 9. maí 1890 handa syni hennar til fullra 18 ára: Pjetri, fæddum 14. desbr. 1882	187. 50 70.
18	Sígríður Bogadóttir Pjetursson, ekkja biskups P. Pjeturssonar ..... frá 1. júni 1891.	954.
19	Caroline Rosa Jónassen, ekkja amtmanns E. Th. Jónassen ..... frá 1. október 1891.	750.
20	Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja hjeraðslæknis Einars Guðjohnsen.... frá 1. ágúst 1891. Samkv. kon. úrsk. 13. apríl 1892 handa dóttur hennar til fullra 18 ára: Sigríði, fæddri 11. júli 1885	187. 50 80.
	flyt...	7,282. 36

		kr. a.
	fluttar...	7,282. 36
21	Oline Marie Christine Vigfússon, ekkja Sigurðar Vigfússonar, eptirlaun sem ekkja sýslumanns J. Árnasonar í Þingeyjarsýslu, er dó árið 1840, frá 9. júli 1892	40.
22	Þórhildur Tómasdóttir, ekkja lektors theol., forstöðumanns prestaskólans Helga Hálfdánarsonar frá 1. febrúar 1894	575.
23	Guðlaug Jensdóttir, ekkja sýslumanns Sigurðar Jónssonar í Snæfellsnessýslu frá 1. desember 1893	370. 28
24	Ásta Hallgrímsson, ekkja læknaskólakennara Tómasar Hallgrímssonar frá 1. janúar 1894 ..... 350 kr. Samkv. kon. úrsk. 26. febrúar 1894 handa börnum hennar til fullra 18 ára: 1. Sylvíu, fæddri 28. maí 1884 ..... 100 — Samkv. kon. úrsk. 9. nóv. 1894 handa 2. Tómasi syni hennar, fæddum 9. ágúst 1894, til fullra 18 ára ..... 100 —	550.
25	Ingunn Halldórsdóttir, ekkja sýslumanns H. E. Johnsen í Rangárvallasýslu frá 1. maí 1894 ..... 412 kr. 59 a. Samkv. kon. úrsk. 30. maí 1894 handa syni hennar Oddi, fæddum 23. júní 1884, til fullra 18 ára ..... 100 — » —	512. 59
26	Kristín Blöndal, ekkja sýslumanns Lárusar Blöndals í Húnavatnssýslu frá 1. júní 1894 ..... 582 kr. 45 a. Samkv. kon. úrsk. 9. nóv. 1894 handa syni hennar Haraldi, fæddum 10. septbr. 1882, til fullra 18 ára ..... 100 — » —	682. 45
27	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja hjeraðslæknis Hjörts Jónssonar í Stykkishólmi frá 1. maí 1894	305.
28	Guðríður Kjerúlf, ekkja hjeraðslæknis Þorvarðar Kjerúlf frá 1. júlí 1893 ..... 187 kr. 50 a. Samkv. kon. úrsk. 30. maí 1894 handa Sigríði dóttur hennar, fæddri 25. maí 1891, til fullra 18 ára ..... 80 — » —	267. 50
29	Þuríður Johnsen, ekkja sýslumanns Jóns Johnsen í Suður-Múlasýslu frá 1. nóvemb. 1895 ..... 430 kr. 80 a. Samkv. kon. úrsk. 16. júni 1896 handa syni hennar til fullra 18 ára: Ásmundi, fæddum 13. maí 1885 ..... 100 — » —	530.
30	Sigríður Friðriksdóttir, ekkja justitiarii Jóns Pjeturssonar frá 1. febr. 1896	725.
31	Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja hjeraðslæknis Ólafs Sigvaldasonar frá 1. júní 1896	187. 50
	flyt...	12,028. 48

		kr. a.
	fluttar...	12,028. 41
32	María Kristín Finsen, ekkja O. Finsens póstmeistara frá 1. apríl 1897 ..... 300 kr. kon. úrsk. 14. júní 1897 handa syni hennar Vilhjálmi fæddum 7. nóv. 1883..... 100 —	400.
33	Sigurveig Friðfinnsdóttir, ekkja Árna Jónssonar hjeraðslæknis frá 1. apríl 1897 ..... 187 kr. 50 a. kon. úrsk. 13. sept. 1897 handa börnum hennar til fullra 18 ára: 1. Sigríði, f. 29. júlí 1892 ..... 80 — » — 2. Sigurbjörgu, f. 15. júlí 1894. ..... 80 — » — 3. og handa stjúpsyni hennar Jóni f. 11. ág. 1889 ..... 80 — » —	427. 50
34	Margrjet Guðmundsdóttir ekkja Jóhannesar Ólafssonar, sýslumanns frá 1. apríl 1897 ..... 398 kr. 37 a. kon. úrsk. 11. jan. 1898 handa börnum hennar til fullra 18 ára: 1. Ólafi, f. 23. nóv. 1885 ..... 100 — » — 2. Guðmundi, f. 25. janúar 1887..... 100 — » — 3. Alexander, f. 15. júlí 1888 ..... 100 — » — 4. Sigrúnu, f. 1. ágúst 1889 ..... 100 — » — 5. Valdimar Davíð, f. 18. sept. 1896..... 100 — » —	898. 37
35	Elín Arnadóttir, ekkja fyrv. sýslumanns Árna Gíslasonar frá 1. júlí 1898	332. 79
	alls...	14,087. 14

C. Uppgjafaprestar,

er eptirlaun þeirra eru greidd úr landssjóði.

1	Einar Vernharðsson, fyrv. prestur að Stað í Grunnavík: frá 6. júní 1883.....	370.
2	Benedikt Eiríksson, fyrv. prestur í Efri-Holtaþingum: frá 6. júní 1884.....	370.
3	Benedikt Kristjánsson, fyrv. prestur að Múla: frá 6. júní 1890.....	500.
4	Jón Bjarnason, fyrv. prestur í Skarðsþingum: frá 6. júní 1891.....	350.
5	Gunnar Ólafsson, fyrv. prestur að Höfða: frá 6. júní 1892.....	260.
	flyt...	1,850.

		kr.
	fluttar...	1,850.
6	Jón Jónsson, fyrv. prestur að Stað á Reykjanesi.	
	frá 6. júní 1895	34. 84
7	Daníel Halldórsson, fyrv. prestur að Hólmum í Reyðarfirði:	
	frá 6. júní 1895, sbr. lög 13. des. 1895	583. 83
8	Pjetur Gudmundsson, fyrv. prestur í Grímsey:	
	frá 6. júní 1895, sbr. lög nr. 20 2. okt. 1895	500.
9	Halldór Þorsteinsson, fyrv. prestur í Landeyjaþingum:	
	frá 6. júní 1898	70.
	alls...	3,039. 47

D. Prestsekkjur.

Eptir landsreikningnum fyrir árið 1897 numu eptirlaunin til prestsekkna við árslok	4,188. 87
Af þeim hafa síðan fallið burtu	347. 98
	3,840. 89
en bætzt við	43. 04
alls...	3,883. 94

E. Samkvæmt 15. gr. fjárlaganna.

Viðbót við eptirlaun præp. hon. Benedikts Kristjánssonar	500.
Viðbót við eptirlaun ekkjufrú Jakobínu Thomsen	300.
Styrkur til ekkjufrú Torfhildar Hólm	200.
Styrkur til Oline Vigfússon, ekkju eptir Sigurð Vigfússon	160.
Styrkur til Sigríðar Árnadóttur	200.
alls...	1,360.

Kaupmannahöfn. — Prentað hjá J. H. Schultz.

Frumvarp

til

laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1896 og 1897.

(Lagt fyrir alþingi 1899.)

I. Tekjur:	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	84,000. »	98,439. 05
2. Húsaskattur	9,000. »	11,288. 09
3. Tekjuskattur	26,000. »	28,276. 75
4. Aukatekjur	40,000. »	66,737. 37
5. Erfðafjárskattur	4,000. »	5,687. 12
6. Vitagjald	15,000. »	18,466. 00
7. Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000. »	6,073. 82
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	70,000. »	109,320. 86
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	220,000. »	293,044. 62
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	130,000. »	155,252. 41
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	280,000. »	366,283. 12
12. Tekjur af póstferðum	50,000. »	70,272. 96
13. Óvissar tekjur	4,000. »	17,258. 80
14. Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	50,000. »	53,124. 49
15. Tekjur af kirkjum	600. »	826. 94
16. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2000. »	3,548. 94
17. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	68,000. »	72,651. 75
Borgað upp í lán, veiting: 44,864 kr. 79 a., reikningur: 117,188 kr. 38 a.		
18. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	10,000. »	12,049. 87
19. Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	4,000. »	9.759. 64
20. Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200. »	2,139. 57
21. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000. »	4,353. 85
22. Tillag úr ríkissjóði	135,000. »	135,000. »
alls...	1,210,800. »	1,539,856. 20

II. Gjöld:	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi ..	26,800. »	26,800. »
2. Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	39,600. »	41,291. 81
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn m. fl.:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	50,816. 66	49,544. 76
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	168,800. »	172,146. 83
C. Ýmisleg útgjöld	107,458. »	106,308. 21
4. Til útgjalda við læknaskipunina	124,964. »	114,764. 16
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	107,000. »	113,699. 53
B. Til vegabóta	151,000. »	169,969, 77
C. Til strandferða	73,000. »	39,007. 63
6. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	46,100. »	44,633. 28
B. Til kennslumálefna	186,386. »	168,962. 99
C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta.	42,125. »	39,684. 85
7. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200. »	10,042. 62
8. Eptirlaun og styrktarfje	80,400. »	87,483. 12
9. Til óvissra útgjalda	3,000. »	2,071. 35
10. Fjáraukaveitingar og útborganir samkvæmt nýjum lögum	.....	216,152. 34
11. Tekjuafgangur	.....	137,292. 77
alls...	1,212,649. 66	1,539,856. 02

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1897	1,042,609	kr. 94	aur.
Tekjueptirstöðvar landssjóðs 31. desember 1897	14,900	— 79	—
Peningaforði landssjóðs 31. desember 1897	499,243	— 20	—
Í landsbankanum á hlaupareikningi	120,000	— »	—

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið gefin út, og fylgir því sundurliðað yfirlit, er lið fyrir lið þræðir fjárlögin, og er þar að auki í athugasemdum þeim, er hjer fara á eptir, vísað til þeirra tekju- og gjaldagreina, er í yfirlitinu standa undir samslags tölulið.

Yfirlit

yfir

tekjur og gjöld Íslands á árunum 1896 og 1897.

Tekjur.	Fjárveiting. kr.	a	Reikningur. kr.	a
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:				
a. á ábúð og afnotum jarða	34,000.	»	98,439.	05
b. á lausafje	50,000.	»		
2. Húsaskattur	9,000.	»	11,288.	09
3. Tekjuskattur	26,000.	»	28,276.	75
4. Aukatekjur	40,000.	»	66,737.	37
5. Erfðafjárskattur	4,000.	»	5,687.	12
6. Vitagjald	15,000.	»	18,466.	»
7. Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000.	»	6,073.	82
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	70,000.	»	109,320.	86
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	220,000.	»	293,044.	62
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	130,000.	»	155,252.	41
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	280,000.	»	366,283.	12
12. Tekjur af póstferðunum	50,000.	»	70,272.	96
13. Óvissar tekjur	4,000.	»	17,258.	80
14. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs, að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl.	50,000.	»	53,124.	49
15. Tekjur af kirkjum	600.	»	826.	94
16. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000.	»	3,548.	94
17. Leigur af fje viðlagasjóðs	68,000.	»	72,651.	75
borgað upp í lán, fjárveiting: 44,864 kr. 79 aur. reikningur: 117,188 — 38 —				
18. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	10,000.	»	12,049.	87
19. Borgað frá brauðum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880.	4,000.	»	9,759.	64
20. Endurborgun á skyndilánum til embættismanna	1,200.	»	2,139.	57
21. Endurgjald á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000.	»	4,353.	85
22. Tillag úr ríkissjóði:				
Fast tillag	120,000.	»	120,000.	»
Aukatillag	15,000.	»	15,000.	»
	1,210,800.	»	1,539,856.	02

	Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800. »	26,800. »
2.	Til kostnaðar við alþingi og við yfirskoðun landsreikninganna	39,600. »	41,291. 81
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:		
3.	1. Laun	36,616. 66	35,133. 33
4.	2. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	7,600. »	7,811. 43
5.	3. a. Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 5,000 kr. b. Launaviðbót til hins núverandi endurskoðara og skrifstofukostn. 1,600 —	6,600. »	6,600. »
	B. Dómgæzla og lögreglumál:		
6.	1. Laun: a. til dómara og sýslumanna	136,200. »	136,366. 67
	b. til hreppstjóra	12,000. »	15,779. 50
7.	2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavik	2,800. »	2,800. »
8.	3. Til hegningarhússins og fangelsanna:	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	a. laun umsjónarmannsins 1,600 kr. Viðbót við hinn núverandi umsjónarmann .. 400 —	2,000. »	2,400. »
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	200. »	200. »
	— — lækni	120. »	120. »
	b. viðurværi handa föngum 2,450. » miðdagsmatur handa fangaverði, 3 skamtar 460. »		2,709. 25
	þvottur	60. »	44. 66
	til eldiviðar og ljósa	1,040. »	1,336. 35
	útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	800. »	1,035. 73
	til þess að útvega verkefni	1,000. »	275. 18
	ýmisleg útgjöld	300. »	225. 25
		8,430. »	8,346. 42
	flyt...	8,430. »	8,346. 42	268,216. 66	272,582. 74

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	8,430. »	8,346. 42	268,216. 66	272,582. 74
	arður af verkum.....	1,230. »	969. 80		
		7,200. »	7,376 62		
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna	200. »	340. 80		
				7,400. »	7,717. 42
9.	4. Önnur útgjöld:				
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn.	3,200. »	3,166. 66		
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn .	100. »	100. »		
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum.	80. »	48. 95		
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.....	120. »	94. 85		
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	6,000. »	4,956. 03		
	f. kostnaður við gjafsóknarmál.....	600. »	715. 50		
	g. til útgáfu á dómasafni	300. »	401. 25		
				10,400. »	9,483. 24
	C. Ýmisleg útgjöld:				
10.	1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
	a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.....	600. »	600. »		
	b. til pappírs og prentunar	4,558. »	6,824. 16		
	c. til kostnaðar við sending með póstum.....	700. »	443. 26		
	d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur, með prófarkalestri...	1,800. »	2,840. »		
				7,658. »	10,707. 42
11.	2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			3,800. »	5,558. 62
12.	3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar			2,400. »	1,660. 02
			flyt...	299,874. 66	307,709. 46

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
fluttar.....			299,874. 66	307,709. 46
13. 4. styrkur til eflingar búnaði: a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans í Ólafsdal....	5,500.	5,500.		
2. til skólans á Hólum	7,000.	7,000.		
3 til skólans á Eyðum	5,000.	5,000.		
4. til skólans á Hvanneyri ..	6,000.	6,000.		
	23,500. »	23,500. »		
b. til búnaðarfjelaga	28,000. »	28,000. 00		
c. til búnaðarfjelags Suðuramtsins.	4,000. »	4,000. »		
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit.....	480. »	480. »		
			55,980. »	55,980. »
14. 5. til að útvega harmonía í Prestsbakka, Langholts og Bjarnaneskirkjur í Skaptafellssýslu			600. »	609. 55
15—6. til að járnklæða kirkjurnar í Langholti og þykkvabæjarklaustri			800. »	800. »
16—7. til ábyrgðarfjelagsins fyrir fiskiskip við Faxaflóa.....			5,000. »	5,000. »
17—8. til að eignast lóðina undir frönsku fiskimannahúsunum í Reykjavík með því að flytja þau á annan stað.....			4,500. »	
	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
18—9. til vitans á Reykjanesi:				
a. til launa vitamannsins	2,400. »	2,400. »		
b. til eptirlits með vitanum	120. »	88. 34		
c. til að kaupa olíu.....	2,400. »	1,313. »		
d. — — lampakveiki o. fl.	300. »	175. 81		
e. — — steinkol	240. »	351. 50		
flyt...	5,460. »	4,328. 65	366,754. 66	370,099. 01

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	5,460. »	4,328. 65	366,754. 66	370,099. 01
18. C. 9. f.	til viðhalds á húsum og áhöldum	400. »	752. 76		
g.	eptirgjald eptir lóðina.....	60. »	60.		
				5,920. »	5,141. 41
19—10.	Til annara vita:				
a.	til að byggja vita á Skagatá og Gróttu	11,000. »	12,448. 31		
b.	til árlegra útgjalda við vitann á Skagatá	1,000. »	803. 95		
c.	til árlegra útgjalda við vitann á Gróttu	800. »	238. 93		
d.	til árlegra útgjalda við vitann á Dalatanga við Seyðisfjörð	1,000. »	1,056. 95		
				13,800. »	14,548. 14
20—11.	Til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði			2000. »	1 303. 05
21. 12.	Til Skúla Thoroddsen			5,000 »	5,000 »
	Útgjöld við læknaskipunina:				
22. 1.	Laun			76,916. »	74,859. 33
23. 2.	Styrkur til aukalækna:				
a.	til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu,				
b.	til læknis í Seyðisfirði, Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði,				
c.	til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum í Borgarfjarðarsýslu,				
d.	til læknis í Dyrhólahreppi og eystri og vestri Eyjafjallahreppum,				
e.	til læknis á Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði,				
f.	til læknis í þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá,				
g.	— læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár,				
h.	til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum,				
i.	til læknis í Eyjarhreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu,				
	flyt...			470,390. 66	470,950. 94

			Fjárveiting.	Reikningur.
			kr. a.	kr. a
		fluttar...	470,390. 66	470,950. 94
		j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu,		
		k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu,		
		l. til læknis í Strandasýslu,		
		m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum.		
		n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða og þingvallahreppum í í Árnessýslu,		
		o. til læknis í Bólstaðahlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar og Svínavatns hreppum í Húnavatnssýslu,		
		p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellshreppi fyrir ofan þorleifará og Jökuldal fyrir ofan Gilsá 1000 kr. til hvers, hvort árið	32,000. »	19,250. »
24.	3.	Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	200 »	200. »
25.	4.	Fyrir þrjár læknisferðir á ári til Eyjahrepps og í Múla- og Gufudalshreppi.....	400. »	311. 80
26.	5. a.	Styrkur til augnlæknis Björns Ólafssonar í Reykjavík.	4000. »	4000. »
		b. Styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandferðaskipanna.....	600. »	446. 05
27.	6.	Styrkur til tannlæknis í Reykjavík	1,000. »	708. 33
			Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
28.	7.	Önnur útgjöld:				
		a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	2,400. »	2,400. »		
		b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	800. »	800. »		
		c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík, fyrir hana sjálfa	48. »	48. »		
		d. til náms yfirsetukvenna	4,000. »	8,633. 25		
		e. til verkfæra handa yfirsetukonum	800. »	1,107. 40		
					8,048. »	12,988. 65
		Til undirbúnings holdsveikisspítala.....			1,800. »	2,000. »
				flyt...	518,438. 66	510,855. 77

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar..			518,438. 66	510,855. 77
	Til samgöngumála.				
	A. Útgjöld við póststjórnina:				
29.	1. Laun:				
	a. handa póstmeistaranum.....	4,800. »	4,800. »		
	b. — póstafgreiðslumönnum .	12,400. »	12,150. »		
	c. — brjefhirðingamönnum..	8,000. »	8,254. »		
				25,200. »	25,204. »
30.	2. Póstflutningur			74,000. »	80,528. 71
31.	3. Önnur útgjöld:				
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans.....	3,000. »	3,000. »		
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 ‰.....	400. »	297. 18		
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	400. »			
	d. fyrir prentun á ýmsu	1,600. »	1,808. 06		
	e. til áhalda	1,900. »	2,238. 48		
	f. 1 brjefberi í Reykjavík.....	100. »	100. »		
	g. óviss útgjöld	400. »	523. 10		
				7,800. »	7,966. 82
	B. Útgjöld til vegabóta:				
32.	a. til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur.....	6,000. »	6,809. 73		
	b. til flutningabrauta..... .	90,000. »	105,550. 42		
	c. til þjóðvega.....	50,000. »	52,548. 42		
	d. til fjallvega.....	4,000. »	4,061. 20		
	e. styrkur til að byggja brú á Langá í Mýrasýslu	1,000. »	1,000. »		
				151,000. »	169,969. 77
	C. Til gufubátsferða:				
33.	a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa	15,000. »	9,000. »		
	b. í Vestfirðingafjórðungi og á Húnaflóa.....	20,000. »	5,475. »		
	flyt..	35,000. »	14,475. »	776,438. 66	794,525. 07

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	35,000. »	14,475. »	776,438. 66	794,525. 07
	c. í Norðlendingafjórðungi.....	20,000. »	9,000. »		
	d. í Austfirðingafjórðungi.....	12,000. »	10,200. »		
				67,000. »	33,675. »
	e. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð.			6,000. »	5,332. 63
	Útgjöld til kirkju- og kennslumála.				
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:				
34.	a. laun biskups			14,000. »	14,000. »
	b. önnur útgjöld:				
35.	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.			18,500. »	16,994. 98
36.	2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum.....			4,000. »	3,925. »
37.	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti.....			1,200. »	1,313. 30
38.	4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar prestakalli í Eyjafjarðar prófastsdæmi			400. »	400. »
39.	5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum.....			6,000. »	6,000. »
40.	6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað ...			2,000. »	2,000. »
	B. Kennslumálefni:				
	I. Til prestaskólans:				
41.	a. laun			18,400. »	18,400. »
42.	b. önnur útgjöld:				
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
	1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	2,240. »	1,200. »		
	2. ölmusustyrkur	800. »	800. »		
	3. til tímakennslu	200. »	200. »		
	4. til bókakaupa.....	600. »	600. »		
	5. til eldiviðar og ljósa.....	200 »	176. 33		
	6. til umsjónar.....	200. »	200. »		
	7. ýmisleg útgjöld	500. »	788. 32		
	8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum .	500. »	496. 25		
	flyt...	5,240. »	4,460. 90	913,938. 66	896,565. 98

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	5,240. »	4,460. 90	913,938. 66	896,565. 98
	9. til að útvega harmóníum til notkunar við kennslu í tónlist og sálmasöng.....	250. »	250. »	5,490. »	4,710. 91
	II. Til læknaskólans:				
43.	a. laun			6,400. »	6,400. »
44.	b. önnur útgjöld:				
	1. 3 ölmusur, 200 kr. hver.....	1,200. »	1,200. »		
	2. eldiviður, ljós og ræsting	300. »	315. 70		
	3. til bókakaupa og verkfæra....	800. »	799. »		
	4. ferðastyrkur handa læknaefnum	600. »	750. »		
	5. húsaleiga handa 8 lærisveinum	1,280. »	1,280. »		
	6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	200. »	200. »		
	7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«.....	400. »	308. 24		
	8. ýmisleg útgjöld.....	200. »	184. 50	4,980. »	5,037. 44
	III. Til hins lærða skóla:				
45.	a. laun			38,400. »	38,400. 01
46.	b. aðstoðarfje:				
	1. handa söngkennaranum	1,200. »	1,200. »		
	2. handa fimleikakennaranum ...	1,400. »	1,400. »		
	3. handa dyraverði	2,000. »	2,000. »	4,600. »	4,600. »
47.	c. önnur útgjöld:				
	1. til bókasafns skólans.....	1,200. »	1,200. »		
	2. til eldviðar og ljósa.....	2,000. »	1,991. 82		
	3. til skólahússins utan og innan	2,400. »	2,395. 70		
	4. til tímakennslu	3,400. »	2,942. 30		
	5. ölmusur	10,000. »	10,000. »		
	6. þóknun handa lækni	200. »	200. »		
	7. ýmisleg útgjöld	2,000. »	1,348. 12		
	flyt...	21,200. »	21,077. 94	973,808. 66	955,714. 34

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	21,200. »	21,077. 94	973,808. 66	955,714. 34
	8. fyrir prestsverk	96. »	96. »		
	9. til vísindalegra áhalda við kennslu:				
	a. í náttúrusögu	400. »	397. 21		
	b. í eðlisfræði	800. »	734. 49		
	10. til að gefa út kennslubækur handa skólanum.....	1,200. »			
	11. til áhalda við leikfimiskennslu	200. »	300. »		
				23,996. »	22,605. 64
	IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
48.	a. laun			13,200. »	13,200. »
49.	b. önnur útgjöld:				
	1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna.....	800. »	796. 65		
	2. til eldiviðar og ljósa	1,000. »	979. 14		
	3. til skólahússins utan og innan.	400. »	376. 84		
	4. ýmisleg útgjöld	1,000. »	960. 54		
	5. til styrkveitingar námspiltum	800. »	800. »		
				4,000. »	3,813. 49
	V. Til stýrimannaskólans:				
50.	a. laun			3,600. »	3,600. »
51.	b. Önnur útgjöld:				
	1. til tímakennslu.....	1,600. »	1,582. 10		
	2. til áhaldakaupa o. s. fr.....	400. »	268. 25		
	3. til eldiviðar og ljósa.....	370. »	400. »		
	4. til húsnæðis fyrir skólann...	300. »	600. »		
	5. til að byggja skólahús.....	8,000. »			
	6. Ýmisleg útgjöld við skólahúsið	250. »			
	7. þóknun til núverandi fastakennara fyrir undangenginn kostnað í þarfir skólans.....	600. »			
				11,520. »	2,850. 35
			flyt...	1,030,124. 66	1,001,783. 82

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar..			1,030,124. 66	1,001,783. 82
	VI. Til annarar kennslu:				
52.	a. til kvennaskóla:				
	1. til kvennaskólans í Reykjavík.	3,600. »	3,600. »		
	2. — — á Ytriey ..	2,400. »	2,400. »		
	3. — — á Laugalandi	2,400. »	2,400. »		
	4. til kvennaskólanna á Ytriey og Laugalandi	4,000. »	3,000. »		
	5. styrkur til að byggja sameiginlegan kvennaskóla á Norðurlandi	2,500. »			
	6. til kvennaskóla á Austurlandi	1,200. »			
				16,100. »	11,400. »
53.	b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum, öðrum en kaupstöðum.....			9,000. »	9,000. »
	2. til sveitakennara			11,000. »	11,000. »
54.	c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			5,000. »	5,000. »
55.	d. til kennarafræðslu			4,400. »	4,400. »
56.	e. til skóla-iðnaðarkennslu.....			1,000. »	1,000. »
57.	f. til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....			2,000. »	2,000. »
58.	g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur...			600. »	
59.	h. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja			300. »	300. »
	VII. Til sundkennslu.				
60.	a. í Reykjavík			400. »	400. »
61.	b. til sundkennslu annarsstaðar.....			2,000. »	845. 15
	C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
62.	1. Til landsbókasafnsins:				
	a. laun bókavarðar.....	2,000. »	2,000. »		
	b. til aðstoðar bókaverði við útlán og niðurröðun bóka o. s. frv.....	1,400. »	1,400. »		
	flyt...	3,400. »	3,400. »	1,081,924. 66	1,047,128. 97

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	3,400. »	3,400. »	1,081,924. 66	1,047,128. 97
	c. til að kaupa bækur, handrit, o. s. frv.	5,000. »	5,000. »		
	d. til eldiviðar og áhalda m. m.	900. »	900. »		
	e. brunabótagjald fyrir safnið ..	600. »	600. »		
				9,900. »	9,900. »
63.	2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins			1,200 »	1,200. »
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
64.	3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík ...	3,000. »	3,000. »		
	b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn	1,000. »	1,000. »		
				4,000. »	4,000. »
65.	4. til þjóðvinafjelagsins			1,500. »	1,500. »
66.	5. til forngripasafnsins:				
	a. til að útvega forngripi og til áhalda	2,400. »	2,000. »		
	b. til umsjónar	800. »	800. »		
	c. persónuleg viðbót við umsjónarmann	400. »	150. »		
	d. til þess að semja skrá yfir forngripina og undirbúa hana til prentunar	400. »			
				4,000. »	2,950. »
67.	6. Styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið			1,600. »	1,600. »
68.	7. til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni			1,600. »	1,600. »
69.	8. styrkur til kennara Þorv. Thóroddsen til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands			2,000. »	2,000. »
70.	9. til fornleifafjelagsins			600. »	600. »
71.	10. til náttúrufræðisfjelagsins			1,000. »	1,000. »
72.	11. styrkur handa tveimur mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi			2,400. »	1,600. »
73.	12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteð til að safna til sögu Íslands			1,200. »	1,200. »
74.	13. til sjera Matthíasar Jochumssonar			1,200. »	1,200. »
			flyt...	1,114,124. 66	1,077,478. 97

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	fluttar...	1,114,124. 66	1,077,478. 97
75. 14.	til Þorsteins Erlingssonar	1,200. »	1,200. »
76. 15.	Til stór-stúku Good-Templara á Íslandi til útbreiðslu bindindis	1,600. »	1,600. »
77. 16.	til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði	1,000. »	1,000. »
78. 17.	til Þórarins B. Þorlákssonar til fullkomnunar í málverkalist	1,000. »	1,000. »
79. 18.	til Jóns rektors Þorkelssonar til að gefa út orðasafn	600. »	600. »
80. 19.	til að prenta endurskoðaða handbók	125. »	134. 85
81. 20.	til cand. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	1,600. »	1,600. »
82. 21.	til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	1,000. »	1,000. »
83. 22.	styrkur til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og endurbættar tóvinnuvjelar á Húsavík	1,200. »	1,200. »
84. 23.	til að rannsaka hafnir og þrautalendingar meðfram suðurströnd landsins	600. »	
85.	til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200. »	10,042. 62
86.	til eptirlauna og styrktarfjár	80,400. »	87,483. 12
87.	Til óvissra útgjalda	3,000. »	2,071. 35
88.	Útborgað samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum	.....	216,152. 34
89.	Tekjuafgangur fjárhagstímabilsins	.....	137,292. 77
	alls...	1,212,649. 66	1,539,856. 02

Athugasemdir

við

yfirlit yfir tekjur og gjöld á árunum 1896 og 1897.

Tekjur:

1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, sbr. fjárlögin 2. gr. 1.
   a. á ábúð og afnotum jarða.
   b. á lausafje.

Þessar tekjur hafa numið eptir reikningnum 1896:		
a.....	17,996 kr. 44 a.	
b.....	30,067 — 75 —	
		48,064 kr. 19 a.
og eptir reikningnum 1897:		
a.....	17,492 kr. 50 a.	
b.....	31.448 — 75 —	
		48,941 — 25 —
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum.....		1,443 — 81 —
	alls...	98,449 kr. 25 a.
Af þessu er borgað:		
1896.....	49,507 kr. 80 a.	
1897.....	48,931 — 25 —	
		98,439 — 05 —
	Tekjueptirstöðvar...	10 kr. 20 a.

2. Húsaskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 2.

Tekjur þessar hafa numið:		
eptir reikningnum 1896.....	5,211 kr. 75 a.	
— — 1897.....	5,769 — 75 —	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum.....	306 — 59 —	
alls...		11,288 kr. 09 a.
Af þessu er borgað:		
1896.....	5,518 kr. 34 a.	
1897.....	5,769 — 75 —	
		11,288 — 09 —

3.	Tekjuskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 3. Þessar tekjur hafa numið:		
	eptir reikningnum 1896	13,950 kr. 75 a.	
	— — 1897	14,013 — 50 —	
	Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum....	312 — 50 —	
	alls...		28,276 kr. 75 a.
	Af þessu er borgað:		
	1896.....	14,199 kr. 50 a.	
	1897.....	14,077 — 25 —	
			28,276 — 75 —
4.	Aukatekjur, sbr. fjárlögin 2. gr. 4, hafa numið:		
	eptir reikningnum 1896	32,402 kr. 36 a.	
	— — 1897	32,638 — 77 —	
	Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	2,037 — 78 —	
	alls...		67,078 kr. 91 a.
	Af þessu er borgað:		
	1896.....	33,899 kr. 72 a.	
	1897.....	32,837 — 65 —	
			66,737 — 37 —
		Tekjueptirstöðvar...	341 kr. 54 a.
5.	Erfðafjárskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 5, hefur numið:		
	eptir reikningnum 1896	2,439 kr. 52 a.	
	— — 1897	3,239 — 80 —	
	Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum.....	67 — 77 —	
	alls...		5,747 kr. 09 a.
	Af þessu er borgað:		
	1896	2,507 kr. 29 a.	
	1897	3,179 — 83 —	
			5,687 — 12 —
		Tekjueptirstöðvar...	59 kr. 97 a.
6.	Vitagjald, sbr. fjárl. 2. gr. 7, hefur eptir reikningnum numið:		
	1896.....	8,963 kr. 75 a.	
	1897.....	9,502 — 25 —	
			18,466 kr. • a.
	Af þessu er borgað 1896	8,881 kr. 15 a.	
	og 1897	9,584 — 85 —	
			18,466 — • —
7.	Gjöld fyrir leyfisbrjef, sbr. fjárl. 2. gr. 8, hafa eptir reikn. numið 1896	2,883 kr. 43 a.	
	— — — — 1897	3,190 — 39 —	
			6,073 kr. 82 a.
		flyt...	6,073 kr. 82 a.

	fluttar...	6,073 kr. 82 a.
Af þessu er borgað 1896	2,883 kr. 43 a.	
og 1897	3,190 — 39 —	
		6,073 — 82 —

8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi o. sv. frv., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. fjárl. 2 gr. 8,

hefur eptir reikn. numið 1896.....	51,673 kr. 15 a.	
og 1897.....	46,883 — 89 —	
fyrri ára eptirstöðvar	11,294 — 55 —	
alls...		109,851 kr. 59 a.
Hjer af borgað 1896.....	62,186 kr. 31 a.	
1897.....	47,134 — 55 —	
		109,320 — 86 —
	Tekjueptirstöðvar ..	530 kr. 73 a.

9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. fjárl. 2. gr. 9,

hefur eptir reikn. numið 1896.....	148,662 kr. 45 a.	
og eptir reikn. 1897.....	143,664 — 42 —	
fyrri ára eptirstöðvar.....	4,023 — 80 —	
alls...		296,350 kr. 67 a.
Hjer af borgað 1896	148,686 kr. 69 a.	
1897.....	144,357 — 93 —	
		293,044 — 62 —
	Tekjueptirstöðvar...	3,306 kr. 05 a.

10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. fjárl. 2. gr. 10,

hefur eptir reikn. numið 1896.....	77,125 kr. 05 a.	
1897.....	76,237 — 39 —	
fyrri ára eptirstöðvar.....	3,456 — 86 —	
alls...		156,819 kr. 30 a.
Hjer af borgað 1896.....	79,553 kr. 19 a.	
1897.....	75,699 — 22 —	
		155,252 — 41 —
	Tekjueptirstöðvar...	1,566 kr. 89 a.

11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. fjárl. 2. gr. 11,

hefur eptir reikn. numið 1896	177,000 kr. 43 a.	
og 1897	186,500 — 87 —	
fyrri ára eptirstöðvar	7,004 — 38 —	
		370,505 kr. 68 a.
Hjer af borgað 1896	178,606 kr. 40 a.	
1897	187,676 — 72 —	
alls...		366,283 — 12 —
Tekjueptirstöðvar...		4,222 kr. 56 a.

12. Tekjur af póstferðum, sbr. fl. 2. gr. 12,

hafa eptir reikn. numið 1896	35,485 kr. 79 a.
1897	34,787 — 17 —
alls...	70,272 kr. 96 a.

13. Óvissar tekjur, sbr. fl. 2. gr. 13,

hafa eptir reikningnum numið 1896	4,482 kr. 11 a.	
1897	12,776 — 69 —	
alls...		17,258 kr. 80 a.
Af þessu er borgað 1896	4,482 kr. 11 a.	
og 1897	12,776 — 69 —	
		17,258 — 80 —

14. Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu o. fl. sbr. 3. gr. fjárl. 1,

hafa eptir reikningnum numið 1896 ...	39,429 kr. 93 a.		
gjöldin voru það árið	9,733 — 41 —		
		26,696 kr. 52 a.	
og eptir reikningnum 1897	34,821 kr. 14 a.		
gjöldin voru það árið	8,995 — 96 —		
		25,825 — 18 —	
fyrri ára tekjueptirstöðvar		3,528 — 93 —	
alls...			56,050 kr. 63 a.
flyt...			56,050 kr. 63 a.

	fluttar...	56,050 kr. 63 a.
Af þessu er borgað 1896.....	26,676 kr. 94 a.	
og 1897.....	26,447 — 55 —	
		53,124 — 49 —
		2,926 kr. 14 a.
þegar hjer frá dragast, samkv. athgr. 2 á fylgiskjali 14 við reikninginn 1896, 4 kr. 36 a., og samkv. athgr. 1 á fylgiskjali 14 við reikninginn 1897, 198 kr. 41 a.....		202 — 77 —
	verða tekjueptirstöðvar...	2,723 kr. 37 a.

15. Tekjur af kirkjum, sbr. fl. 3. gr. 2,

hafa eptir reikn. numið 1896.....	366 kr. 91 a.	
1897.....	459 — 93 —	
fyrri ára tekjueptirstöðvar	„ — 10 —	
alls...		825 kr. 94 a.
Af þessu er borgað 1896	366 — 91 —	
1897	460 — 03 —	
		826 — 94 —

16. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, sbr. fjárl. 3 gr. 3,

hafa eptir reikn. numið 1896.....	1,057 kr. 99 a.	
1897.....	2,490 — 95 —	
		3,548 kr. 94 a.

17. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs, sbr. fjárl. 4. gr. 1,

hafa eptir reikningnum numið 1896....	35,996 kr. 89 a.	
og eptir reikningnum 1897	36,319 — 30 —	
fyrri ára eptirstöðvar	785 — 04 —	
alls...		73,101 kr. 23 a.
Hjer af er borgað 1896	35,477 kr. 53 a.	
1897	37,174 — 22 —	
		72,651 — 75 —
	Tekjueptirstöðvar...	449 kr. 48 a.
Upp í lán er borgað 1896	59,386 kr. 98 a.	
1897	57,801 — 40 —	
		117,188 kr. 38 a.

18. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans, sbr. fjárl. 4. gr., 2.

hafa eptir reikn. numið 1896.....	5,951 kr. 16 a.	
1897.....	6,098 — 71 —	
alls...		12,049 kr. 87 a.

19. Innborganir frá brauðum, smkv. lögum 27. febr. 1880, sbr. fl. 5. gr. 1,

hafa numið eptir reikn. 1896.....	3,881 kr. 19 a.	
1897.....	3,871 — 25 —	
fyrri ára eptirstöðvar.....	3,697 — 20 —	
alls...		11,449 kr. 64 a.
Hjer af borgað 1896	4,355 kr. 36 a.	
1897	5,404 — 28 —	
		9,759 — 64 —
	Tekjueptirstöðvar...	1,690 kr. » a.

20. Endurborgun skyndilána til embættismanna, sbr. fjárl. 5. gr. 2,

hefur eptir reikn. numið 1896	927 kr. 08 a.	
1897	1,212 — 49 —	
		2,139 kr. 57 a.

21. Endurborgun á öðrum fyrirframgreiðslum, sbr. fl. 5. gr. 3,

hefur numið eptir reikn. 1896.....	1,877 kr. 88 a.	
1897.....	2,475 — 97 —	
		4,353 kr. 85 a.

22. Tillag úr ríkissjóði, sbr. fl. 6. gr.,

hefur numið samkv. lögum 2. janúar 1871:

1896.	fast tillag	60,000 kr. » a.	
	aukatillag	8,500 — » —	
			68,500 kr. » a.
1897.	fast tillag	60,000 kr. » a.	
	aukatillag	6,500 — » —	
			66,500 — » —
		alls...	135,000 kr. » a.

II. Gjöld.

1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, sbr. fjárl. 8. gr.,

voru borgaðar 1896	12,400 kr. » a.
1897	14,400 — » —
alls...	26,800 kr. » a.

2. Til alþingis og yfirskoðunar landsreikninganna, sbr. fjárl. 9. gr.,

voru borgaðar 1896	2,459 kr. 04 a.
1897	38,832 — 77 —
alls...	41,291 — 81 a.

3—5. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál, sbr. fjárl. 10. gr. A. 1—3.

		1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
3. A. 1.	Laun	17,433. 33	17,700. »	35,133. 33
4. A. 2.	Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,717. 56	4,093. 87	7,811. 43

		1896. kr. a.	1897. kr. a.			
5. A. 3. a.	Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	2,500. »	2,500. »			
b.	viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðara.	800. »	800. »			
				3,300. »	3,300. »	6,600. »
			alls...			49,544. 76

6—9. Dómgæzla og lögreglustjórn, sbr. fl. 10. gr. B. 1—4.

Gjöldin hafa hjer orðið:

		1896. kr. a.	1897. kr a.	alls. kr. a.
6 B. 1.	laun:			
	a. til dómara og sýslumanna	68,266. 67	68,100. »	136,366. 67
	b. til hreppstjóra	7,782. 50	7,997. »	15,779. 50
7. B. 2.	Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400. »	1,400. »	2,800. »
	flyt...			154,946. 17

	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...			154,946. 17

8. 3. til hegningarhússins og fangelsanna:

	1896. kr. a.	1897. kr. a.			
a. laun umsjónarmannsins.....	1,000. »	1,000. »			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann	200. »	200. »			
þóknun handa dómkirkjuprestinum .	100. »	100. »			
þóknun handa lækni	60. »	60. »			
b. viðurværi handa föngum..... miðdagsmatur handa fangaverði	1,375. 33	1,333. 92			
þvottur.....	30. 36	14. 30			
til eldiviðar og ljósa	694. 84	641. 51			
útgjöld við byggingarnar sjálfa og áhöld til þess að útvega verkefni.....	475. 32	560. 41			
	165. 51	109. 67			
ýmisleg útgjöld ..	111. 61	113. 64			
	4,212. 97	4,133. 45			
arður af verkum .	668. 18	301. 62			
	3,544. 79	3,831. 83			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna.....	270. 30	70. 50			
			3,815. 09	3,902. 33	7,717. 42

9. B. 4. Önnur útgjöld:

a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ...	1,600. »	1,566. 66			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...	50. »	50. »			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum . .	31. 90	17. 05			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum og fleira.....	60. »	34. 85			
flyt...	1,741. 90	1,668. 56			162,663. 59

	1896. kr. a.	1897. kr. a.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	1,741. 90	1,668. 56			162,663. 59
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3,178. 56	1,777. 47			
f. kostnaður við gjafsóknarmál	565. 50	150. »			
g. til að gefa út dómasafn	116. 25	285. »	5,602. 21	3,881. 03	9,483. 24
				alls...	172,146. 83

10—21. Ýmisleg útgjöld, sbr. fjárl. 10. gr. C. 1—12.

10. C. 1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:

	1896. kr. a.	1897. kr. a.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna og fl...	300. »	300. »			
b. til pappírs og prentunar.....	3,362. 68	3,461. 48			
c. til kostnaðar við sending með póstum	219. 60	223. 66			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur.....	1,480. »	1,360. »	5,362. 28	5,345. 14	10,707. 42

Eptirstöðvar samkvæmt reikningi 1897 900 kr. 36 a.

11. C. 2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef..... 3,082. 96 2,475. 66 5,558. 62

12. 3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar..... 839. 61 820. 41 1,660. 02

13. C. 4. styrkur til eflingar búnaði

	1896. kr.	1897. kr.			
a. til búnaðarskóla:					
1. til skólans í Ólafsdal ..	3,000.	2,500.			
2. til skólans á Hólum ...	3,500.	3,500.			
flyt...	6,500.	6,000.			17,926. 06

	1896. kr.	1897. kr.	1896. kr.	1897. kr.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	6,500.	6,000.					17,926. 06
3. til skólans á Eyðum ...	3,000.	2,000.					
4. til skólans á Hvanneyri.	4,000.	2,000.					
			13,500.	10,000.			
b. til búnaðarfjelaga.....			13,000.	15,000.			
c. til búnaðarfjelags suðuramtsins			2,000.	2,000.			
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit			240.	240.			
					28,740. »	27,240. »	55,980. »
14—5. Til að útvega orgel í Prestsbakka, Langholts og Bjarnanesskirkjur í Skaptafellssýslu.....					609. 55	»	609. 55
15—6. Til að járnklæða Langholts- og þykkvabæjarklausturskirkjur í Vestur-Skaptafellssýslu					800. »	»	800 »
16—7. Til þilskipaábyrgðar-fjelagsins við Faxaflóa ...					5,000. »	»	5,000. »
17—8. Til að kaupa lóðina undir frönsku geymsluhúsunum í Reykjavík með því að flytja þau á annan stað.							
18—9. Til vitans á Reykjanesi:							
			1896. kr. a.	1897. kr. a.			
a. til launa vitamannsins..			1,200. »	1,200. »			
b. til eptirlits með vitanum.....			30. »	58. 34			
c. til að kaupa olíu.....			815. »	498. »			
d. til að kaupa lampakveiki o. fl.			106. 47	69. 34			
e. til að kaupa steinkol...			178. 50	173. »			
f. til viðhalds á húsum og áhöldum			623. 61	129. 15			
g. eptirgjald eptir lóðina..			30. »	30. »			
					2,983. 58	2,157. 83	5,141. 41
				flyt...			85,457. 02

		1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...			85,457. 02
	Eptirstöðvar samkvæmt reikningnum 1897 eru 100 kr. 79 a. Af gjöldum þessum er farið fram á að veitt verði til viðbóta í frumvarpi til fjáraukalaga 1896 og 1897: Til viðhalds á húsum og áhöldum 1896: 423 kr. 61 a.			
	Til annara vita:			
		1896. kr. a.	1897. kr. a.	
19 C.10.	a. til að byggja vita á Skagatá og Gróttu	713. 98	11,734. 33	
	b. til árlegra útgjalda við vitann á Skagatá	233. 10	510. 85	
	c. til árlegra útgjalda við vitann á Gróttu	»	238. 93	
	d. til árlegra útgjalda við vitann á Dalatanga við Seyðisfjörð.....	500. »	556. 95	
			1,447. 08	13,101. 06	14,548. 14
	Eptirstöðvar samkvæmt reikningnum 1897: 168 kr. 68 a.			
20—11.	kostnaður við eptirlitsferðir embættismanna að svo miklu leyti sem hann greiðist úr landsjóði.....		1,263. 05	40. »	1,303. 05
21—12.	til Skúla Thoroddsen greiðist.....		5,000. »	»	5,000. »
				alls...	106,308. 21

22—28. Útgjöld við læknaskipunina, sbr. fjárl. 11. gr.:

		1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
22. 1.	Laun	37,135. 33	37,724. »	74,859. 33
23. 2.	Styrkur til aukalækna:			
		1896. kr. a.	1897. kr. a.	
	a. til læknis í Dalasýslu m. m.....	1,000. »	1,000. »	
	b. til læknis á Seyðisfirði m. m.	1,000. »	750. »	
	flyt...	2,000. »	1,750. »	74,859. 33

		1896. kr. a.	1897. kr. a.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...	2,000. »	1,750. »			74,859. 33
	c. til læknis á Skipaskaga m. m.....	1,000. »	1,000. »			
	d. til læknis í Dyrhólahr. o. fl. hreppum.	416. 67	»			
	e. til læknis í Dýrafirði m. m.....	1,000. »	1,000. »			
	f. til læknis í þingeyjarsýslu austan Jökulsár.....	1,000. »	1,000. »			
	g. til læknis í Ólafsvík m. m.....	500. »	500. »			
	h. til læknis milli Straumfjarðarár og Langár.....	1,000. »	1,000. »			
	i. til læknis í Eyjahreppi.....	»	583. 34			
	j. til læknis í Breiðdalshreppi.....	»	250. »			
	k. til læknis í Grunnavík.....	»	»			
	l. til læknis í Strandasýslu	1,000. »	416. 66			
	m. til læknis í Grýtubakkahreppi o. fl. .	1,000. »	1,000. »			
	n. til læknis í Grímsness hreppi.....	333. 33	1,000. »			
	o. til læknis í Bólstaðahliðar hreppi	»	500. »			
	p. til læknis í Skriðdalshreppi m. m...	»	»			
				9,250.	10,000.	19,250.
24.	3. Fyrir tvær læknisferðir á ári til Öræfinga..			100. »	100. »	200. »
25.	4. Fyrir þrjár læknisferðir á ári til Eyjahrepps og Múla- og Gufudalshreppa.....			»	311. 80	311. 80
26.	5. a. styrkur til Björns Ólafssonar, augnlæknis í Reykjavík			2,000. »	2,000. »	4,000. »
	b. styrkur til sama manns til læknisferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandferðaskipanna			269. 90	176. 15	446. 05
27.	6. Styrkur til tannlæknis í Reykjavík			208. 33	500. »	708. 33
			flyt...			99,775. 51

		1896.	1897.	1896.	1897.	alls.
				kr. a.	kr. a.	kr. a.
			fluttar...			99,775. 51
		1896.	1897.			
		kr. a.	kr. a.			
28. 7.	önnur útgjöld:					
	a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200. »	1,200. »			
	b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400. »	400. »			
	c til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa .	24. »	24. »			
	d. til náms yfirsetukvenna	4,770. 95	3,862. 30			
	e. til verkfæra handa yfirsetukonum	546. 90	560. 50			
				6,941. 85	6,046. 80	12,988. 65
	f. til undirbúnings holdsveikisspítala			1,000. »	1,000. »	2,000. »
					alls...	114,764. 16

29—33. Útgjöld til samgöngumála.

29—31. A. Útgjöld við póststjórnina.

		1896.	1897.	1896.	1897.	alls.
29. 1.	Laun:	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
	a. handa póstmeistaranum	2,400. »	2,400. »			
	b. handa póstafgreiðslumönnum.....	6,075. »	6,075. »			
	c. handa brjefhirðingamönnum	4,147. »	4,107. »			
				12,622. »	12,582. »	25,204. »
30. 2.	Póstflutningur.....			37,985. 59	42,543. 12	80,528. 71
31. 3.	önnur útgjöld:					
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans....	1,500. »	1,500. »			
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1‰	149. 73	147. 45			
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	» »	» »			
	d. fyrir prentun áýmsu	505. 94	1,302. 12			
	flyt...	2,155. 67	2,949. 57			105,732. 71

	1896. kr. a.	1897. kr. a.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	2,155. 67	2,949. 57			105,732. 71
e. til áhalda.....	1,049. 98	1,188. 50			
f. 1 brjefberi í Reykjavík.....	50. »	50. »			
g. óviss útgjöld	321. 35	201. 75			
			3,577. »	4.389. 82	7,966. 82
				alls...	113,699. 53

Í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árin 1896 og 1897 er farið fram á fjárveiting á þessum upphæðum, er borgaðar hafa verið fram yfir það, sem veitt var: 1) til brjefhirðingamanna 1896 og 1897: 147 kr. + 107 kr. = 254 kr.; 2) póstflutningur 1896 og 1897: 985 kr. 59 a. + 5,543 kr. 12 a. = 6,528 kr. 71 a.; 3) fyrir prentun 1896 og 1897: 208 kr. 06 a. og 4) til áhalda 1896 og 1897: 338 kr. 48 a.

32. B. Til vegabóta:

	1896. kr. a.	1897. kr. a.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
a. til verkfræðings til að standa fyrir vegagjörðum	3,550. »	3,259. 73			
b. til flutningabrauta.	61,605. 46	43,943. 96			
c. til þjóðvega.....	28,949. 63	23,598. 79			
d. til fjallvega.....	1,334. »	2,727. 20			
f. til brúargjörðar á Langá	» »	1,000. »			
			95,440. 09	74,529. 68	169,969. 77
				alls...	169,969. 77

Af gjöldum þessum er í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897 farið fram á að veita sem viðbót: 1. til flutningabrauta 1896 og 1897 5,550 kr .42 a. 2. til þjóðvega 1896 og 1897 2,548 kr. 42 a.

33. C. Til gufubátsferða:

	1896. kr. a.	1897. kr. a.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
a. í Sunnlendingafjórðungi og Faxaflóa..	1,500. »	7,500. »			
b. í Vestfirðingafjórðungi og á Húnaflóa	2,400. »	3,075. »			
c. í Norðlendingafjórðungi	6,000. »	3,000. »			
d. í Austfirðingafjórðungi	6,000. »	4,200. »			
			15,900. »	17,775. »	33,675. »
e. til að mæla innsigling á Hvammsfjörð ..				5,332. 63	5,332. 63
				alls...	39,007. 63

Eptirstöðvar samkvæmt reikningnum 1897: 1,800 kr.

4—85. Kirkju- og kennslumál, sbr. fjárl. 13.

34—40. A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:

		1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
34.	a. laun biskups	7,000. »	7,000. »	14,000. »
	b. önnur útgjöld:			
35.	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	8,420. »	8,574. 32	16,994. 98
36.	2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	1,950. »	1,975. »	3,925. »
37.	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	654. 65	658. 65	1,313. 30
38.	4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar prestakalli í Eyjafjarðar prófastsdæmi.....	200. »	200. »	400. »
39.	5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum.....	3,000. »	3,000. »	6,000. »
40.	6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000. »	1,000. »	2,000. »
			alls...	44,633. 28

Eptirstöðvar samkvæmt reikningnum 1897: 150 kr. 04 a.

41—42. B. Til kennslumála.

41—42. I. Prestaskólinn.

		1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
41.	a. laun	9,200. »	9,200. »	18,400. »
		1896. kr. a.	1897. kr. a.	
42.	b. önnur útgjöld:			
	1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum	520. »	680. »	
	2. ölmusustyrkur ..	400. »	400. »	
	3. til tímakennslu .	100. »	100. »	
	4. til bókakaupa ..	300. 01	300. »	
	5. til eldiviðar og ljósa	89. 25	87. 08	
	6. til umsjónar ...	100. »	100. »	
	7. ýmisleg útgjöld.	257. 80	530. 52	
	8. til þess að gefa út kennslubækur handa skólanum	318. 75	177. 50	
	9. til að útvega harmonium	250. »	» »	
			2,335. 81	2,375. 10	4,710. 91
				alls...	23,110. 91

Af gjöldum þessum er í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897 farið fram á að veita í viðbót: til ýmislegra útgjalda 1897 280 kr. 52 a.

43—44. II. Læknaskólinn.

		1896. kr. a.	1897. kr. a.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
43.	a. laun			3,200. »	3,200. »	6,400. »
44.	b. önnur útgjöld:					
	1. 3 ölmusur, 200 kr. hvor	600. »	600. »			
	2. eldiviður, ljós og ræsting	127. »	188. 70			
	3. til bókakaupa og verkfæra	499. »	300. »			
	4. ferðastyrkur handa læknaefnum	450. »	300. »			
	5. húsaleiga handa 8 lærisveinum	640. »	640. »			
	6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100. »	100. »			
	7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«	196. 93	111. 31			
	8. ýmisleg útgjöld.	89. 75	94. 75			
				2,702. 68	2,334. 76	5,037. 44
					alls...	11,437. 44

45—47. III. Hinn lærði skóli.

		1896. kr. a.	1897. kr. a.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
45.	a. laun			19,200. 21	19,199. 80	38,400. 01
46.	b. aðstoðarfje:					
	1. handa söngkennaranum	600. »	600. »			
	2. handa fimleikakennaranum	700. »	700. »			
	3. handa dyraverði	1,000. »	1,000. »			
				2,300. »	2,300. »	4,600. »
46.	c. önnur útgjöld:					
	1. til bókasafns skólans	600. »	600. »			
	2. til eldiviðar og ljósa	994. 06	997. 76			
	flyt...	1,594. 06	1,597. 76			43,000. 01

	1896. kr. a.	1897. kr. a.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	1,594. 06	1,597. 76			43,000. 01
3. til skólahússins utan og innan.....	1,395. 98	999. 72			
4. til tímakennslu...	1,493. 75	1,448. 55			
5. ölmusur.....	5,000. »	5,000. »			
6. þóknun handa lækni	100. »	100. »			
7. ýmisleg útgjöld ..	1,349. 22	998. 90			
8. fyrir prestsverk ..	48. »	48. »			
9. til vísindalegra áhalda við kennsluna:					
a. í náttúrusögu	201. 02	196. 19			
b. í eðlisfræði ..	397. »	337. 49			
10. til að gefa út kennslubækur handa skólanum	»	»			
11. Til verkfæra við tilsögn í leikfimi..	300. »	»			
			11,879. 03	10,726. 61	22,605. 64
				alls...	65,605. 65

Samkvæmt reikningnum 1897 standa eptir 20 a.

48—49. IV. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum.

	1896. kr. a.	1897. kr. a.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
48. a. laun.....			6,600. »	6,600. »	13,200. »
49. b. önnur útgjöld:					
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna.....	400. »	396. 65			
2. til eldiviðar og ljósa.....	481. 30	497. 84			
3. til skólahússins utan og innan	197. 03	179. 81			
4. ýmisleg útgjöld ..	465. 16	495. 39			
5. til styrkveitingar námspiltum.....	400. »	400. »			
			1,870. »	1,943. 49	3,813. 49
				alls...	17,013. 49

Eptirstöðvar samkvæmt reikningnum 1897: 99 kr. 69 a.

50—51. V. Stýrimannaskólinn:

		1896. kr. a.	1897. kr. a.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
50. a.	laun			1,800. »	1,800. »	3,600. »
51. b.	önnur útgjöld:					
	1. til tímakennslu	842. 40	739. 70			
	2. til áhaldakaupa o. fl.	124. 72	143. 53			
	3. til eldiviðar og ljósa	200. »	200. »			
	4. til húsnæðis fyrir skólann	300. »	300. »			
	5. til að byggja skólahús	»	»			
	6. ýmisleg útgjöld við skólahúsið	»	»			
	7. þóknun til núverandi fastakennara við skólann fyrir gjöld í þarfir skólans	»	»			
				1,467. 12	1,383. 23	2,850. 35
					alls...	6,450. 35

52—59. VI. Til annarar kennslu:

		1896. kr. a.	1897. kr. a.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
52. a.	til kvennaskóla:					
	1. til kvennaskólans í Reykjavík	1,800. »	1,800. »			
	2. til kvennaskólans á Ytriey	1,200. »	1,200. »			
	3. til kvennaskólans á Laugalandi	1,200. »	1,200. »			
	4. til kvennaskólanna á Ytriey og Laugalandi	1,000. »	2,000. »			
	5. styrkur til að byggja sameiginlegan kvennaskóla fyrir allt Norðurland.					
	6. til kvennaskóla á Austurlandi					
				5,200. »	6,200. »	11,400. »
53. b.	1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum			4,500. »	4.500. »	9,000. »
	2. til sveitakennara			5,500. »	5.500. »	11,000. »
			flyt...			31.400. »

			1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
		fluttar...			31,400. »
54.	c.	til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2.500. »	2,500. »	5,000. »
55.	d.	til kennarafræðslu	2,200. »	2,200. »	4.400. «
56.	e.	til skóla-iðnaðar kennslu	500. «	500. »	1.000. »
57.	f.	til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.	1,000. »	1,000. »	2,000. »
58.	g.	styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	» »	» »	» »
59.	h.	til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150. »	150. »	300. »
				alls...	44,100 »

Samkvæmt reikningnum 1897 standa eptir 1,000 kr.

60—61. Til sundkennslu:

			1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
60.	a.	í Reykjavík	200. »	200. »	400. »
61.	b.	til sundkennslu annarsstaðar	505. 50	339. 65	845. 15
				alls...	1,245. 15

62—89. C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta.

			1896. kr. a.	1897. kr. a.	1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
62.	1.	Til landsbókasafnsins:					
		a. laun bókavarðar	1,000. »	1,000. »			
		b. til að aðstoða bókavörð	700. »	700. »			
		c. fyrir bækur, handrit o. s. frv.	2,500. »	2,500. »			
		d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450. »	450. »			
		e. brunabótagjald fyrir safnið	300. »	300. »			
					4,950. »	4,950. »	9,900. »
63.	2.	til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins			600. »	600. »	1,200. »
				flyt...			11,100. »

			1896.		1897.		alls.	
			kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.
		fluttar...					11,100.	»
			1896.	1897.				
			kr.	kr.				
64.	3a.	til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500.	1,500.				
	b.	til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn.....	500.	500.				
					2,000.	»	2,000.	»
65.	4.	til þjóðvinafjelagsins.....			750.	»	750.	»
66.	5.	til forngripasafnsins:						
	a.	til forngripakaupa og áhalda	1,000.	1,000.				
	b.	til umsjónar	400.	400.				
	c.	persónuleg viðbót fyrir núverandi unnsjónarmann.....	150.	»				
	d.	fyrir að semja skrá yfir safnið og búa hana til prentunar..	»	»				
					1,550.	»	1,400.	»
67.	6.	Styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda o. s. frv.....			800.	»	800.	»
68.	7.	til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni			800.	»	800.	»
69	8.	styrkur til kennara Þorv. Thóroddsen til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands			1,000.	»	1,000.	»
70.	9.	til fornleifafjelagsins.....			300.	»	300.	»
71.	10.	til náttúrufræðisfjelagsins			500.	»	500.	»
72.	11.	styrkur handa tveimur mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi...			1,100.	»	500.	»
73.	12.	styrkur til cand. mag. Boga Melsteð til að safna til sögu Íslands.....			600.	»	600.	»
74.	13.	til sjera Matthíasar Jochumssonar			600.	»	600.	»
75.	14.	til Þorsteins Erlingssonar.....			600.	»	600.	»
76.	15.	til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindis			800.	»	800.	»
77.	16.	til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði.....			500.	»	500.	»
78.	17.	til Þórarins B. Þorlákssonar til fullkommunar í málverkalist			500.	»	500.	»
79.	18.	til rektors Jóns Þorkelssonar til að gefa út orðasafn			300.	»	300.	»
		flyt...					35,750.	»

		1896. kr. a.	1897. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...			35,750. »
80. 19.	til að prenta endurskoðaða handbók.....	»	134. 85	134. 85
81. 20.	til cand. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna.....	800. »	800. »	1,600. »
82. 21.	til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði.....	500. »	500. »	1,000. »
83. 22.	styrkur til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og endurbættar tóvinnuvjelar á Húsavík.....	1,200. »	»	1,200. »
84. 23.	til að rannsaka hafnir og þrautalendingar meðfram suðurströnd landsins.			
			alls...	39,684. 85

85. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna, sbr. fjárl. 14. gr.,

hafa gengið 1896	4,557 kr. 69 a.
1897	5,484 — 93 —
als...	10,042 kr. 62 a.

86. Til eptirlauna, styrktarfjár o. fl., sbr. fjárl. 15. gr.,

hafa gengið 1896	43,189 kr. 04 a.
1897	44,294 — 08 —
alls...	87,483 kr. 12 a.

Eptirstöðvar samkv. reikn. 1897: 326 kr. 89 a.

87. Til óvissra útgjalda, sbr. fjárl. 16. gr.,

hafa gengið 1896.....	1,063 kr. 54 a.
1897	1,007 — 81 —
alls...	2,071 kr. 35 a.

88. Gjöld samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum,

hafa verið 1896.....	106,199 kr. 11 a.
1897.....	109,953 — 23 —
alls...	216,152 kr. 34 a.

89. Tekjuafgangur á fjárhagstímabilinu.

Samkvæmt reikningunum fyrir árin 1896 og 1897 hafa tekjurnar numið:

1896	771,588 kr.	57 a.
1897	768,267 —	45 —
alls	1,539,856 kr.	02 a.

Gjöldin hafa alls numið 1896	686,529 kr.	64 a.	
og 1897	716,033 —	61 —	
			1,402,563 — 25 —
Tekjuafgangur			137,292 kr. 77 a.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1896 og 1897.

(Lagt fyrir alþingi 1899).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897, veitast 16,132 kr. 22 aurar til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 10. gr. C. 9. fjárlaganna til vitans á Reykjanesi veitast:

Við liðinn f. Til viðhalds á húsum og áhöldum 1896 ..... 423 kr. 61 au.

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitast:

Undir A. Til útgjalda við póststjórnina.

Við liðinn 1. c. Handa brjefhirðingamönnum:

1896	147 kr.	» au.
1897	107 —	» -
flyt...	254 kr.	» au.

fluttar... 254 kr. » au.

Við liðinn 2. Póstflutningur:

1896 ..... 985 — 59 -
1897 ..... 5,543 — 12 -

Við liðinn 3. Önnur útgjöld:

Við d. fyrir prentun á ýmsu 1896 og 1897 ..... 208 — 06 -
Við e. til áhalda 1896 og 1897 ..... 338 — 48 -

Undir B. Til vegabóta:

b. til flutningabrauta 1896 og 1897 ..... 5,550 — 42 -
c. til þjóðvega 1896 og 1897 ..... 2,548 — 42 -

alls... 15,428 kr. 09 au.

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum, 13. gr. B. 1. b. til annara útgjalda við prestaskólann veitast:

Við liðinn 7. Ýmisleg útgjöld 1897 ..... 280 kr. 52 au.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að því er snertir upphæðir þær, er ræðir um í hinum einstöku greinum frumvarpsins, skal til skýringar vísað sumpart til athugasemdanna við reikningslagafrumvarpið fyrir árin 1896 og 1897, sumpart til athugasemda yfirskoðunarmanna landsreikninganna, svara landshöfðingja til þeirra og tillaga endurskoðunarmanna.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1898 og 1899.

(Lagt fyrir alþingi 1899.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1898 og 1899 smbr. lög nr. 2, 4. febrúar 1898, 1. gr.,, veitast 17,721 kr. 50 aurar til útgjalda þeirra, sem getið er um í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við fje það, er talið er í fjárlögunum 10. C. 7., staflið d, nr. 5 til að byggja íbúðarhús handa vitamanni við Skagatáarvitann veitast 700 kr.

3. gr.

Sem viðbót við fje það, sem talið er í fjárlögunum, 12. gr. B. til vegabóta veitast:

1) Við 4. lið til flutningabrauta..... 10,000 kr. » au.

2) Við 5. lið til þjóðvega ..... 221 — 50 -

alls... 10,221 kr. 50 au.

4. gr.

Sem viðbót við fje það, sem talið er í 1. gr. laga 4. febrúar 1898 um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, sbr. 8. lið í 21. gr. fjárlaganna 1898 og 1899, veitast 6,800 kr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 2. gr.

Í fjárlögunum 1898—99, 10. gr. 7. d, nr. 5 voru veittar 1500 kr. til að byggja íveruhús handa vitaverði við vitann á Skagatá; var svo í febrúar í fyrra opinberlega skorað á menn að gera boð til byggingar húss þessa. En enginn bauðst til vinnunnar og menn er til þekktu sögðu að eigi myndi vera hægt að byggja þess konar hús fyrir minna en 2,200 krónur. Var þá ákveðið að fresta byggingunni þangað til veitt væri fje það er á vantaði.

En næsta sumar reyndist ógjörningur að fresta því lengur að byggja húsið. Því vitavörður sá, er skipaður hafði verið til þessa starfa, fjekkst með engu móti til að halda áfram starfa sínum, nema hann fengi íveruhús áður en vetraði. Það hefði orðið erfitt og um leið miður æskilegt í sjálfu sjer að fá annan vitavörð í stað þess sem nú er, sem hefur verið duglegur og áreiðanlegur í stöðu sinni; ennfremur virtist það í sjálfu sjer öldungis fráleitt að ætlast til þess af honum eða nokkrum öðrum vitaverði að þeir byggju í varðstofu þeirri er vitanum fylgir, ásamt með heimilisfólki sínu. Var því samið við trjesmið um að byggja timburhús, 10 álna langt og 8 álna breitt fyrir 1300 kr. gjald, og þar að auki var grunnundirstaðan, sem ásamt kjallara kostaði 200 kr., samtals þær 1500 kr., sem veittar höfðu verið. En þó má eigi telja að húsið sje fullgjört eins og það hefur verið byggt fyrir þetta fje, þar eð það meðal annars er ómálað bæði utan og innan, loptið óklárað og loks verður að járnklæða það að utan. Sami trjesmiður hefur nú skuldbundið sig til að vinna það sem eptir er og fullgjöra húsið fyrir 700 krónur og er því hjer farið fram á að fá það fje veitt.

Við 3. gr. 1.

Í fjárlögunum eru í 12. gr. B. veitt til flutningabrauta:

	kr.	kr.
árið 1898		27,000
— 1899		18,000
		45,000
Af fje þessu hefur verið notað 1898:		
a. til flutningabrautar fram Eyjafjörð samkvæmt ákvæðum fjárlaganna, rúmlega	14,000	
b. til viðhalds núverandi flutningabrauta, hjer um bil	7,000	
c. til flutningabrautar frá Eyrarbakka til Selfoss samkvæmt umræðum á alþingi, hjer um bil	11,000	
		32,000
Standa þá eptir...		13,000
Af þeim ganga til viðgjörðar á flutningabrautinni frá Reykjavík til Rangárvallasýslu hjer um bil		7,000
Eptirstöðvar um...		6,000

er ætlast til að notaðar verði til flutningabrautarinnar frá Eyrarbakka til Selfoss, en þar eð eigi mun vera hægt að fullgjöra braut þessa fyrir minna fje en 16,000 krónur, vantar 10,000 krónur ef hana á að fullgjöra í ár. Nú er það mjög þýðingarmikið fyrir hjerað það, er hlut á að máli, að flutningabrautin fullgjörist svo fljótt sem auðið er, og hins vegar bezt vegna vegagerðarinnar sjálfrar, að það sem á vantar sje fullgjört í einu; er því stungið upp á að veita þessar 10,000 kr. sem viðbót við fje það, sem veitt er til flutningabrauta.

Við 3. gr. 2.

Eins og mönnum mun kunnugt, fór A. P. Hanson verkfræðingur í sumar er leið rannsóknarferð að tilhlutun Stóra norræna ritsímafjelagsins til þess að komast að raun um, hvar hentugast væri að leggja ritsíma, sem lagður kynni að verða frá Seyðisfirði yfir Akureyri og Stað í Hrútafirði til Reykjavíkur. Að beiðni hans fjekk amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu og sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu honum tvo fylgdarmenn, er nákunnugir voru þar um slóðir, sem ráðanauta, ekki að því er snerti það að velja leið fyrir ritsímann, heldur vegna þess, að ef til vill þyrfti að breyta um póstvegu þá, sem nú eru, þar eð fyrnefndur verkfræðingur áleit, að sumstaðar yrði að setja þá í samband við ritsímann, eða að af honum myndi leiða breytingar á þeim, ef hann yrði lagður. En að ritsímalagningin muni í raun og veru gjöra yfirgripsmeiri vegabætur nauðsynlegar eða að öllum líkindum hafa þær í för með sjer, hefur eigi þótt svo óyggjandi, að hægt væri að álíta heimild fyrir því að greiða kostnað þann, þótt lítill sje, er stafað hefur af hluttöku þessara tveggja manna í rannsóknarferðinni, af fje því í fjárlögunum, er veitt er til þjóðbrauta. En þar eð hins vegar má ætla, að ferð þessi komi að notum framvegis við vegagjörðir á kostnað landssjóðs, og hlutaðeigandi embættismenn hafa, hvernig sem á er litið, haft talsverðar ástæður til að ætla, að þeir eins og á stóð gætu tekið á sig ábyrgðina á því að greiða kostnað þennan fyrirfram, þá er hjer farið fram á að fá fjáraukaveiting fyrir þessum 221 kr. 50 aurum.

Við 4. gr.

Við útbúnað á holdsveikraspítalanum í Laugarnesi varð það ljóst, að þær 16,000 krónur, er ætlaðar voru til þess samkvæmt lögum nr. 2, 4. febrúar 1898, hrukku ekki til; spítalastjórnin sótti því síðastliðið haust um, að henni væru fengnar 4000 kr. til umráða umfram fje það, sem veitt hafði verið, upp á væntanlega viðbót í fjáraukalögum. Landshöfðingi mælti með umsókn þessari, enda var hún og rökstudd að fullu af skírteinum þeim er með fylgdu, og fjellst ráðaneytið því á hana, þar eð nauðsyn bar til þess að útgjöld þessi væru þegar í stað greidd vegna starfa spítalans.

En á meðan verið var að útvega húsmuni þessa og eptir að þeir voru komnir, varð sú raun á, að áætlun sú yfir útgjöldin, sem gjörð hafði verið, var of lág, og að enn þá var þörf á 2,800 kr. til að útvega hluti, sem með öllu var nauðsynlegt að fá. Samkvæmt öllum skýrslum þeim, sem fram komu og alþingi mun gefinn verða kostur á að kynna sjer, varð ráðaneytið að telja það nauðsynlegt, að gjöld þessi hin síðartöldu væru og greidd, þar eð það var augljóst, að áætlun sú, sem fyrst var gjörð, hafði hvorki tekið allt með, sem þörf var á, nje áætlað nægilega hátt kaupverð á ýmsu, og því er hjer farið fram á að veita báðar þessar upphæðir, 6,800 kr. samtals, sem viðbót við það, sem áður hefur verið sagt.

Frumvarp til laga

um

breyting á 48. gr. í tilskipun 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi.

(Lagt fyrir alþingi 1899.)

Amtmaðurinn í suður- og vestur-amtinu getur, ef amtsráð vesturamtsins leyfir ákveðið að fundir þess sjeu haldnir á amtmannssetrinu í Reykjavík.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, 48. gr. er hinn venjulegi stefnustaður amtsráðsins á amtmannssetrinu, ef það er innan takmarka amtsins, að öðrum kosti ákveður amtmaður stefnustað í sjálfu amtinu. Hjer er farið fram á að rýmka um ákvæði þessi hin síðast nefndu að því er snertir vesturamtið, þannig að, ef amtsráð leyfir, sje líka hægt að halda fundi þess á amtmannssetrinu í Reykjavík.

Frumvarp þetta er til orðið samkvæmt óskum, er hlutaðeigandi amtmaður og amtsráð hafa í ljósi látið, þareð amtsráðsmönnum er það í raun og veru, með samgöngum þeim, sem nú eru, þægilegast, að samkomustaður þeirra sje í Reykjavík. Við meðferð á málum er það og haganlegra að halda fundi á amtmannssetrinu, þar sem upplýsingar þær úr skjalasafni amtsins eru við hendina, er á þarf að halda.

Frumvarp til laga

um

skipun læknishjeraða á Íslandi og fl.

(Lagt fyrir alþingi 1899.)

1. gr.

Islandi skal skipt í 42 læknishjeröð, þau er hjer segir:

1. Reykjavíkur hjerað: Reykjavíkur kaupstaður, Seltjarnarness, Bessastaða, Garða og Mosfells hreppar.

2. Keflavíkur hjerað: hinir 6 hreppar Gullbringusýslu;

3. Kjósar hjerað: þingvallahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur út fyrir Hrafnabjörg og Kjósarsýsla nema Mosfellshreppur;

4. Skipaskaga hjerað: Hvalfjarðarstrandarhreppur inn fyrir Ferstiklu og hinir 4 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu;

5. Borgarfjarðar hjerað: hinn hluti Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýsla austan Langár;

6. Mýra hjerað: hinn hluti Mýrasýslu og Hnappadalssýsla;

7. Ólafsvíkur hjerað: syðri hluti Snæfellsnesssýslu frá Straumfjarðará að Búlandshöfða;

8. Stykkishólms hjerað: hinn hluti Snæfellsnesssýslu; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Fellsstrandarhreppi vestan Kjallaksstaðaár og Skarðsstrandarhreppi sunnan Ballarár, ásamt eyjunum í þessum hreppi, nema Rauðseyjum, Rúfeyjum og Akureyjum;

9. Dala hjerað: Dalasýsla nema Rauðseyjar og Rúfeyjar;

10. Reykhóla hjerað: Geiradals, Reykhóla og Gufudals hreppar; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í Múlahreppi og á Hjarðarnesi;

11. Flateyjar hjerað: Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur,

þegar því verður komið við og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Barðastrandarhreppi milli Vatnsdalsár og Hagavaðals;

12. Barðastrandar hjerað: Barðastrandarsýsla fyrir vestan Vatnsdalsá;

13. Þingeyrar hjerað: Vestur-Ísafjarðarsýsla;

14. Ísafjarðar hjerað: Ísafjarðar kaupstaður ásamt Eyrar, Holts og Súðavíkur hreppum og Vigur í Ögurhreppi;

15. Nauteyrar hjerað: Ögurhreppur nema Vigur, Reykjarfjarðar, Nauteyrar og Snæfjalla hreppar;

16. Hesteyrar hjerað: Grunnavíkur og Sljettu hreppar;

17. Steingrímsfjarðar hjerað: Nyrðri hluti Strandasýslu að Ennishöfða;

18. Hrútafjarðar hjerað: Óspakseyrar og Bæjar hreppar í Strandasýslu, Staðar-Torfastaða (Fremri- og Ytri) og Kirkjuhvamms hreppar í Húnavatnssýslu.

19. Blönduós hjerað: hinn hluti Húnavatnssýslu, nema Svartárdalur;

20. Sauðárkróks hjerað: Skefilsstaða, Sauðár, Staðar, Rípur, Viðvíkur, Hóla og Hofs hreppar;

21. Seilu hjerað: Seilu, Lýtingsstaða og Akra hreppar í Skagafjarðarsýslu og Svartárdalur í Húnavatnssýslu;

22. Siglufjarðar hjerað: Fells og Holts hreppar í Skagafjarðarsýslu, og Hvanneyrar og þóroddsstaða hreppar í Eyjafjarðarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur til að vitja sjúklinga í Grímsey, þegar þess er leitað og því verður við komið;

23. Höfðahverfis hjerað: Svarfaðardalshreppur og Arnarneshreppur inn að Hillum í Eyjafjarðarsýslu, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur norðan við Hálssókn í þingeyjarsýslu;

24. Akureyrar hjerað: hinn hluti Eyjafjarðarsýslu, nema Grímsey, og Svalbarðsstrandarhreppur í þingeyjarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er skyldur til, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í þeim hluta Höfðahverfishjeraðs, sem er að vestanverðu við Eyjafjörð;

25. Reykdæla hjerað: Hálshreppur út að Draflastaðasókn, Ljósavatnshreppur ofan fyrir þóroddsstað, Reykdæla og Skútustaða hreppar.

26. Húsavíkur hjerað: Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, Ljósavatnshreppur upp undir þóroddsstað, Aðaldæla og Húsavíkur hreppar;

27. Axarfjarðar hjerað: Kelduness, Fjalla og Skinnastaða hreppar og Presthólahreppur að Skinnalónsheiði;

28. Þistilfjarðar hjerað: Hinn hluti Norður-Þingeyjarsýslu;

29. Vopnafjarðar hjerað: Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppar. Læknirinn í hjerað þessu er skyldur til að vitja sjúklinga í Möðrudal og Víðidal, þegar hans er vitjað og því verður við komið;

30. Hróarstungu hjerað: Jökuldalshreppur beggja meginn Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðar, Tungu, Hjaltastaða, Eiða og Borgarfjarðar hreppar;

31. Seyðisfjarðar hjerað: Seyðisfjarðar kaupstaður ásamt Loðmundarfjarðar, Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar hreppum;

32. Fljótsdals hjerað: Jökuldalshreppur fyrir ofan Gilsá, beggja megin Jökulsár, að meðtaldri Jökuldalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fella, Fljótsdals, Skriðdals og Valla hreppar:

33. Reyðarfjarðar hjerað: Reyðarfjarðar og Norðfjarðar hreppar;

34. Fáskrúðsfjarðar hjerað: Fáskrúðsfjarðar og Breiðdals hreppar;

35. Berufjarðar hjerað: Beruness og Geithellna hreppar;

36. Hornafjarðar hjerað: Austur-Skaptafellssýsla;

37. Síðu hjerað: Vestur-Skaptafellssýsla frá Skeiðarársandi að Mýrdalssandi;

38. Mýrdals hjerað: Hvamms og Dyrhóla hreppar í Skaptafellssýslu og báðir Eyjafjalla hreppar í Rangárvallasýslu;

39. Vestmannaeyja hjerað: Vestmannaeyjasýsla;

40. Rangár hjerað: Rangárvallasýsla nema Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar;

41. Grímsness hjerað: Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness og Grafnings hreppar í Árnessýslu;

42. Eyrarbakka hjerað: hinn hluti Árnessýslu nema Þingvallahreppur.

Landshöfðingi getur eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda gert breyting á takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða, og verða læknar að sætta sig við þá breyting endurgjaldslaust.

Nú er hjeraðslæknis vitjað úr öðru hjeraði til konu í barnsnauð eða í öðru jafnbrýnu tilfelli, fyrir þá sök, að hægra er til hans að ná en hlutaðeigandi læknis, og hefir hann þá sömu skyldur eins og hjeraðsbúi hans ætti í hlut.

2. grein.

Í hvert læknishjerað skal skipa hjeraðslækni, og er hann skyldur til að setjast að í þeim hluta hjeraðsins, sem landshöfðingi á kveður, eptir að búið er að leita um það álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda. Nú er lækni skylt að búa utan verzlunarstaðar, og skal hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndir þegar útvega honum aðsetursstað, en ábýlisjörð svo fljótt sem unnt er, ef hann óskar þess. Landsstjórnin skal leggja til landsjóðsjarðir fyrir læknissetur, þar sem því verður viðkomið.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar hjeruðum skulu vera búsettir í þeim kaupstað er hjeraðið er kennt við. Hjeraðslæknirinn í Reyðarfjarðarhjeraði skal vera búsettur á Eskifirði og hjeraðslæknirinn í Barðastrandarhjeraði á Patreksfirði.

Ef opinber sjúkrahús eru á þeim stað er hjeraðslæknirinn býr, eða síðar verða reist þar, skal hann skyldur að takast á hendur læknisептirlit við hús þessi án sjerstakrar þóknunar, sama er um sóttvarnarhús þau, er getur um í lögum nr. 30, 17. desember 1875, smbr. lög nr. 32, 18. desember 1897.

3. grein.

Að því er laun snertir, er læknahjeruðunum skipt í 4 flokka: í 1. flokki eru launin 1,900 kr., í 2. 1,700 kr., í 3. 1,500 kr. og í 4. 1,300 kr.

Í 1. flokki eru Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar hjeruð.

Í 2. flokki eru Keflavíkur, Barðastrandar, Blönduóss og Sauðárkróks hjeruð.

Í 4. flokki eru Kjósar, Mýra, Nauteyrar, Seilu, Fáskrúðsfjarðar, Flateyjar, Vestmannaeyja, Axarfjarðar og Þistilfjarðar hjeruð.

Í 3. flokki eru öll hin læknishjeruðin.

Launin greiðast úr landssjóði.

Hafi nokkur hjeraðslæknir, er nú er skipaður í fast embætti, hærri laun (að meðtöldum húsaleigustyrk og embættisjörð), en honum bæri eptir lögum þessum, heldur hann því, sem fram yfir er, sem viðbót fyrir hann sjálfan. Þegar læknisembættið losnar, skal embættisjörðin lögð til landssjóðs.

Þangað til smámsaman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti, skal læknahjeraðaskipting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti.

Hjeraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við hverja breyting, sem verður á hjeruðum þeirra eptir lögum þessum.

4. grein.

Þegar ekki er samið fyrir fram við lækna um borgun fyrir læknisstörf, svo sem um vissa þóknun á ári, þá ber þeim, hvort sem er fyrir læknisstörf í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, þessi borgun:

1) Þegar leitað er ráða til þeirra heima eða þeir vitja sjúklinga eigi lengra en $^1/_{10}$ úr mílu frá bústað sínum, eins þó þeir um leið gefi út læknisfyrirsögn, geri lítils háttar skurði og bindi um, dragi út tönn,nái þvagi af manni eða því um líkt ..... 1 kr.

Komi sjúklingurinn eptir umtali við lækninn þrisvar eða optar þar á eptir til hans eða vitji læknirinn sama sjúklings þrisvar eða optar, færist borgunin niður um helming.

Sje læknis leitað frá kl. 11 e. h. til kl. 6 f. h., tvöfaldast borgunin.

2) Fyrir ferð læknis á skip, er liggur á höfn ..... 4 —
3) Fyrir að kippa í lið, stinga á manni eða taka fingur af eða tá ..... 2 —
4) Fyrir að binda um beinbrot ..... 3 —
5) Fyrir að taka af stærri limi, eða gera því líkan meiri háttar líkamsskurð .. 8 —
6) Fyrir að hjálpa sængurkonum með verkfærum ..... 4 —
7) Fyrir að hjálpa sængurkonum án verkfæra ..... 4 —

Fyrir önnur verk lækna skal borga eptir tiltölu við það, sem hjer er talið.

Þurfi læknir aðstoðar við hina meiri háttar líkamsskurði, skal að auki greiða sanngjarna borgun fyrir þá aðstoð.

5. grein.

Fyrir störf í þarfir heilbrigðis- og rjettargæzlu, ber lækni, hvort sem hið opinbera eða einstakir menn leita hans:

1) Fyrir líkskoðun ..... 2 kr.
2) Fyrir uppskurð á líki ..... 16 —
Hjálpist fleiri læknar að en einn við líkskurðinn, skiptist borgunin jafnt á milli þeirra.
3) Fyrir »kemiska« eða »mikroskopiska« rannsókn, er um eitrun er að ræða, ásamt skýrslu um málið ..... 4 —
Þegar lík er skorið upp, skal þó ekkert greiða fyrir slíka rannsókn sjerstaklega.
4) Fyrir að rannsaka heilsufar manns, eðli sjúkdóms, geðveiki, getnaðarhæfileika, hvort barn sje fullburða, eða því um líkt ..... 3 —
Sjeu fleiri en einn rannsakaðir á sama stað og í sama tilefni, skal þó aðeins greiða 2 kr. fyrir hvern þeirra.
5) Fyrir að rannsaka sjóskemmdar vörur, meðöl, matvæli, hús eða því um líkt, ásamt vottorði ..... 3 —
Ef meira en 5 stundir ganga til starfsins, skal greitt tvöfalt gjald.

6. grein.

Verði læknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, skal sjá honum fyrir flutningi ókeypis og sem beinasta leið að hægt er, og greiða honum ennfremur auk borgunar eptir 4. og 5. grein 3 kr. fyrir hverjar 12 stundir, sem hann er á ferð, eða að læknisstörfum, og að því skapi fyrir kafla úr 12 stundum. Sjái hann sjer sjálfur fyrir farkosti, skal endurgjalda honum það, eptir því sem tíðkast í því byggðarlagi.

7. grein.

Lög 15. október 1875 um aðra skipun á læknahjerðuðum á Íslandi og fleira eru úr gildi numin.

8. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1900.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að því er snertir ástæður þær, er gáfu tilefni til þess, að frumvarp til laga um skipun læknahjeraða á Íslandi og fl., er alþingi samþykkti 1897, náði ekki staðfestingu konungs, skal vísað til brjefs frá stjórnarráði Íslands til landshöfðingja, dags. 13. jan. 1898, sem prentað er í B. deild stjórnartíðindanna 1898, bls. 9—10. Eins og sjá má af brjefinu, voru einungis ákvæðin um sjerstakar eptirlaunareglur fyrir lækna, sem sett voru í 3. grein frumvarpsins og frábrugðnar voru reglum þeim, er almennt gilda um eptirlaun embættismanna, því til fyrirstöðu að frumvarpið yrði að lögum. Þau ákvæði eru því ekki sett í lagafrumvarp þetta, og hin almennu íslenzku eptirlaunalög ná því til embættislækna þeirra, er ræðir

um í því. Að öðru leyti er frumvarpið alveg samhljóða því frumvarpi, er alþingi samþykkti, að undanteknum fáeinum lítilsháttar breytingum, er hjer skal gjörð grein fyrir.

Með því að verzlunarstaðurinn Seyðisfjörður er nú kaupstaður, er Seyðisfjarðarhjerað í 1. gr. táknað í samræmi við það.

Lagt er til, að á öllum hjeraðslæknum hvíli sú skylda, sem síðasti hluti 2. greinar þingfrumvarpsins ákvað að hvíla skyldi á nokkrum þeirra, sem sje að þeir án sjerstaks endurgjalds hafi umsjón með opinberum sjúkrahúsum, sem eru eða reist kynnu að verða á þeim stað, sem þeir búa.

Það virðist því næst miður heppilegt, að þingið í 4. og 5. grein frumvarps síns í stað hinna föstu taxta, sem stungið var upp á í stjórnarfrumvarpinu frá 1897, hefur sett sumstaðar takmarkataxta án þess þó jafnframt að gjöra ákvæði um, hver skuli tiltaka borgunina innan hinna fastsettu takmarka, ef ágreiningur verður milli hlutaðeiganda, því að eigi virðist tiltækilegt að skjóta slíkum málum til dómsstólanna. En þar sem heldur ekki er auðið að benda á annað vald, er hagkvæmt væri að láta skera úr þeim málum, þá er það lagt til, að vikið sje aptur að hinum föstu töxtum stjórnarfrumvarpsins. Þar af leiðir þarnæst, að óhjákvæmilegt er að taka upp aptur ákvæði stjórnarfrumvarpsins í 5. gr. nr. 5 um borgunina fyrir þau störf, er þar um ræðir, er þau taka langan tíma.

Loks er ennfremur orðunum »og að því skapi fyrir styttri tíma« í 6. grein breytt í: »og að því skapi fyrir kafla úr 12 stundum«, þareð það er í samræmi við ákvæði það, er þingið gjörði, að dagpeningarnir skuli vera allt að 3 kr. fyrir 12 stundir.

Frumvarp til laga

um

viðauka við lög 13. apríl 1894 um vegi.

(Lagt fyrir alþingi 1899).

Veg skal leggja frá verzlunarstaðnum Borgarnesi í Mýrasýslu yfir Langárfoss og Brúarfoss til Stykkishólms á kostnað landsjóðs samkvæmt reglum þeim, er gilda um þjóðvegi, og svo að fullnægt sje kröfum þeim, er gjörðar eru til slíkra vega. Jafnóðum og vegurinn verður lagður, skal viðhald hans kostað af sýsluvegasjóðum hlutaðeigandi sýslna

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilefnið til þessa frumvarps er bænarskrá frá sýslunefndinni í Mýrasýslu til amtsráðsins í Vesturamtinu, er formaður þess síðan sendi landshöfðingja ásamt meðmælum

amtsráðsins. Í henni er farið fram á, að stjórnin hlutist til um, að lagt verði fyrir alþingi 1899 frumvarp til laga um að á kostnað landssjóðs verði lagður þjóðvegur frá Borgarnesi norðvestur yfir Mýrarnar og að endastöð hans sje annaðhvort Stykkishólmur eða Búðir. Alþingi mun verða gefið tækifæri á að kynna sjer bænarskrá þessa, en í henni er gjörð ýtarleg grein fyrir nauðsyninni á þessari vegalagningu.

Ef vegur, eins og sá, sem hjer er farið fram á, yrði lagður frá Borgarnesi hjer um bil miðja vega gegnum allan suðvesturhluta Mýrasýslu vestur yfir Hítará, og látinn þaðan af falla saman við póstveginn frá Reykjavík til Stykkishólms, þá getur enginn efi leikið á því, að hann mundi verða til mjög mikilla samgöngubóta á þessu svæði, þar sem vegir eru sem stendur mjög slæmir. Enn er enginn vegur, kostaður af landsjóði, yfir hið mikla svæði milli Norðurár og Hítarár, er nær yfir 3 stóra hreppa, og mælir sanngirni með því, að landssjóður styrki sýsluvegasjóð til að leggja í fyrstu þessa aðalleið, er aðra minni vegu mætti leggja út frá um sveitirnar í kring, og sýslunni er um megn að leggja. Þessu til stuðnings skal það sjerstaklega tekið fram, að um þenna umrædda hluta Mýrasýslu, er tiltölulega er þjettbyggður, er allmikil umferð eigi einungis af sveitarbúum, sem leita til verzlunarstaðanna Borgarness og Kóruness, heldur einnig og það eigi sízt af ferðamönnum af Vesturlandi, er ætla til Reykjavíkur eða fiskiveranna sunnan að Faxaflóa, og nota gufubát þann, er um sumarmánuðina fer reglulegar ferðir milli Reykjavíkur og Borgarness. Því næst er, eins og kunnugt er, landslagið nálega alstaðar í Mýrasýslu og einkum á svæðinu milli Norðurár og Hítarár mjög illa lagað fyrir vegalagningar, svo að bæði vegalagningar og viðhald vega kosta tiltölulega meira þar en í öðrum sýslum landsins. Að ætlazt til þess af hlutaðeigandi sýslufjelagi, að það á sinn kostnað leggi slíkan veg, er hjer er nauðsynlegur fyrir samgöngurnar og nálega er 4 mílur að lengd, eins og annan sýsluveg samkvæmt vegalögunum, virðist eigi rjett. Í bænarskrá sýslunefndarinnar er skýrt frá því, að tekjur sýsluvegasjóðs Mýrasýslu sjeu einungis 550—600 kr. árlega, en vegirnir í sýslunni, sem leggja á og viðhalda með þessu fje, hjer um bil 18 mílur að lengd, og hreppavegirnir í sýslunni til samans álíka langir. Þegar svona er ástatt, ætti það að vera augljóst, að lagningu vegar þess, sem hjer um ræðir, mundi sýslan alls eigi vera fær um að takast á hendur.

Af greindum ástæðum hefur landshöfðingi líka lagt það til, að stjórnin semdi frumvarp í þá átt, að landssjóður tæki að sjer lagningu hins umrædda vegar frá Borgarnesi og að önnur endastöð hans yrði Stykkishólmur, er virðist í því tilliti heppilegri en Búðir, en að kostnaðurinn við viðhald hans yrði hins vegar látinn hvíla á vegasjóðum hlutaðeigandi sýslna. Eins og landshöfðingi einnig hefur tekið fram, virðist engin ástæða til að ætla, að þinginu sje um geð að styrkja hinn umrædda landshluta við vegagjörðir, enda þótt það felldi frumvarp í líka átt, er lagt var fyrir það 1895 af þingmanna hálfu. Það lagafrumvarp fór sem sje fram á, að öll póstleiðin milli Reykjavíkur og Stykkishólms yrði gjörð að þjóðvegi, en bæði er það, að sú leið er helmingi lengri en vegur sá, er ræðir um hjer í frumvarpinu, og svo fellur hún heldur ekki saman við hann fyr en norðvestan megin Hítarár og því sjerstaklega eigi á svæðinu milli Borgarness og ár þessarar, en það er einmitt þar, sem mest er þörf á góðum vegi, og það einkum nú, síðan fastar gufuskipaferðir komust á milli Reykjavíkur og Borgarness, því að við það hefur aðsóknin að hinum síðarnefnda stað orðið miklu meiri en hún var 1895.

Með því að stjórnarráðið samkvæmt framansögðu verður að aðhyllast þá skoðun, að full ástæða sje til að veita sýslu þessari, sem er svo illa stödd að því er vegi snertir, hjálp á þann hátt, er farið er fram á, hefur lagafrumvarp þetta verið til búið fyrir þingið. Að því er nánar snertir efni þess, skal ennfremur tekið fram, að þótt ætlazt sje til, að hinn umræddi vegur verði eins vel úr garði gjörður og þjóðvegur, — það gæti jafnvel komið til mála, hvort ekki væri rjettast að hann yrði lagður sem akbraut á aðalsvæðinu, sem sje milli Borgarness og Hítarár — þá hefur þó ekki þótt rjett að setja hann blátt áfram

í röð vega þeirra, er 5. gr. vegalaganna ræðir um, sumpart af því að hjer er eigi um aðalpóstleið að ræða (sbr. 2. gr. vegalaganna), sumpart af því að svo mikilvægu atriði sem viðhaldi vegarins eigi er fyrirkomið á sama hátt og ef vegurinn hefði verið gjörður að reglulegum þjóðvegi.

Frumvarp til laga

um

fjármál hjóna.

(Lagt fyrir alþingi 1899.)

I. þáttur.

Hjúskaparmálar.

1. gr.

Þá er gjöra á með hjúskaparmála breyting á helmingafjelagi hjóna, sem ávallt endrarnær á sjer stað, þá er sá kaupmáli því að eins gildur, að hann sje skriflegur og undirritaður af þeim, hvort sem hann er gjörður fyrir hjúskap eða í honum.

Eigi má breyta hjúskaparmála nje fella úr gildi, nema með hjúskaparmála.

2. gr.

Nú er annað hjóna eða hjónaefna hálfmyndugt, er það gjörir hjúskaparmála, og þarf þá samþykki tilsjónarmanns; sje það ómyndugt eða svipt fjárforráðum, skal samþykki fjárráðamanns, auk þess sjálfs, koma til.

3. gr.

Nú er hjúskaparmáli gjörður samkvæmt því, er að framan er sagt, og er hann þá skuldbindandi fyrir hjónin sjálf og fyrir erfingja þeirra, sje hann gjörður áður en þau gengu í hjónaband. En ef hann er gjörður í hjúskap þeirra, verður hann skuldbindandi fyrir þau sjálf og erfingja, þegar konungur hefur staðfest hann.

4. gr.

Með hjúskaparmála mega hjón skipa fjármálum sínum á hvern lögmætan hátt, er þeim sýnist, ef þau gæta þess, er í lögum þessum segir; ef staðfesting er áskilin, hefur hlutaðeigandi yfirvald þó rjett til að synja um hana, ef því virðist rjett vera, að einhverju eða öllu leyti.

Eigi má þó ákveða í hjúskaparmála eður á annan hátt, að allar eigur annars hjóna, er það á og síðar eignast, skuli vera sjereign hins, eður að sjereign annars skuli vera í umráðum hins eins, eða að afrekstrinn af sjálfstæðri vinnu annnars skuli vera sjereign hins eða í þess eins umráðum; hvorugt hjóna getur því næst í hjúskaparmála áskilið sjer lausn frá skyldum þeim, er ræðir um í 22. eða 11. gr.

5. gr.

Hjúskaparmáli er gildur gagnvart mönnum út í frá frá stofnun hjónabandsins, sje hann þinglesinn áður svo sem vera ber (smbr. 6. og 7. gr.). Til þess að hann hafi gildi gagnvart mönnum, er telja til skulda, er stofnaðar eru fyrir hjúskapinn, nægir þó, að fyrir þann tíma hafi beiðst verið, að hann yrði sem fyrst þinglesinn. Ávallt endrarnær fær hann eigi gildi gagnvart mönnum út í frá fyr en frá þinglýsingardegi.

Hjúskaparmáli er því eigi til fyrirstöðu, að sá, er eigi hafði vitneskju um hann, eignist með samningi á undan þinglýsing hans rjettindi yfir eigum hjónanna þrátt fyrir hann. Nú á maður skuld hjá öðru hvoru hjóna, sem eldri er en þinglýsing hjúskaparmálans, eða beiðnin um þinglýsing hans, þegar svo stendur á sem segir í annari málsgrein fyrri hluta þessarar greinar, og stafar hún eigi frá samningum, er gjörðir hafa verið með vitneskju um hann, og hefur honum eigi tekizt að ná borgun hjá því hjóna, er skuldin er að, og getur hann þá gengið eptir henni hjá hinu í fjármunum þeim, er það hefur fengið til sjereignar með hjúskaparmálanum, nema sannað verði, að skuldunautur hans, þá er hjúskaparmálinn náði gildi gagnvart skuldheimtumönnum, átti nægilegt fje til að borga allar skuldir sínar. Sje hjúskaparmálinn um framtíðarafla, er skuldheimumönnum þó varnað þessa rjettar til að ganga eptir skuldum, þrátt fyrir hann, ef hann er þinglesinn áður en það aflast, er hann getur um.

6. gr.

Þinglýsing samkvæmt undanfarandi grein skal fram fara á varnarþingi bónda. Nú á hann ekkert varnarþing, og á þó að þinglýsa hjúskaparmála hans hjer í landi, og skal þá þinglýsa við hinn kgl. íslenzka landsyfirrjett.

7. gr.

Til þess að hjúskaparmáli geti haft áhrif á samninga um fasteignir, verður að þinglýsa honum sjerstaklega með tilliti til þeirra. Annars standa þeir samningar, er menn gera, er ókunnugt er um hjúskaparmála, óhaggaðir af honum, enda þótt hann sje þinglesinn á varnarþingi bóndans, sjeu þeir samningar gerðir áður en hjúskaparmálinn er þinglesinn með tilliti til fasteignanna.

8. gr.

Á skuldabrjef, hlutabrjef, ábyrgðarskírteini og önnur slík skjöl skal gera áritun um hjúskaparmála, er gerður hefur verið. Áður en það er gert, geta þeir, er ókunnugt er um hann, eignazt rjettindi yfir þeim skjölum, þrátt fyrir hann.

9. gr.

Eptir rástöfun landshöfðingja skal í Reykjavík halda skrá yfir alla hjúskaparmála, er framvagis verða þinglesnir. Dómritari hver skal þegar er hjúskaparmáli hefur þing-

lesinn verið, senda skrifstofu þeirri, er landshöfðingi tiltekur með auglýsing, skýrslu um það í brjefi, er ábyrgð er fengin á, að hjúskaparmáli hafi gerður verið, og skal tilgreina lstöðu og nöfn málsaðila, bústað þeirra og þinglýsingardag, en eigi nánar um efni hjúskaparmálans. Heimilt er hverjum að fá vitneskju um það úr skránni fyrir 1 krónu borgun, hvort hjúskaparmáli sje gerður, og ef svo er, hvar og hvenær hann sje þinglesinn, ef hann sendir um það skriflega beiðni, og skýrir frá nöfnum málsaðila, og ef unt er, stöðu bónda. Landshöfðingi gefur út nánari reglur um fyrirkomulag skrárinnar og hversu halda skal. Kostnað, er af þessu leiðir, skal telja á fjárlögunum. Við lok hvers mánaðar skal birta það í auglýsingablaði stjórnarinnar á Íslandi, er fært hefur verið inn í skrána þann mánuð. Til að borga kostnað af þessu skal greiða 1 kr. við þinglýsing hvers hjúskaparmála.

II. þáttur.

Um myndugleika giptrar konu og umráðin yfir fjelagsbúinu.

10. gr.

Um myndugleika giptrar konu í fjármálum fer sem um myndugleika ógiptrar. Bónda má skipa tilsjónarmann eða fjárráðamann konu sinnar. En ef ráðstöfun sú, er fram á að fara, snertir hag hans, verður í því máli að skipa annan í hans stað.

11. gr.

Bóndi hefur einn umráð yfir fjelagsbúinu. Eigi má hann þó nema með samþykki konu sinnar afhenda, veðsetja nje leigja með óvenjulegum kjörum eða fyrir óvenjulega langan tíma þær fasteignir, er eignarskjölin bera með sjer, að konan lagði til fjelagsbúsins, og eigi heldur afhenda, veðsetja nje kvitta skuldabrjef, hlutabrjef, ábyrgðarskírteini, sparisjóðsbækur og þess háttar skjöl, er hún hefur lagt til og bera hennar eignarnafn. Heldur ekki má hann seljast arfsali nema með samþykki hennar. Vilji hún ripta ráðstöfunum, er koma í bága við þessi ákvæði, skal málsókn hafin innan árs frá því er þær voru gjörðar, eða þinglesnar þá er því er að gegna.

Bóndi má eigi án samþykkis konu sinnar skuldbinda fjelagsbúið með gjafaloforðum eða gefa úr því á neinu ári fram úr 5 hundruðustu af skuldlausri eign þess við næstu árslok á undan. Breyti hann gegn þessu á hún rjett á skaðabótum af sjereign hans eða af hans hluta fjelagsbúsins, þá er því verður skipt. Krafa til skaðabóta úr sjereign bónda skal þó hafin með lögsökn eða áskilin með notaríalsvarkröfu á hendur honum innan árs frá því er hún fjekk vitneskju um þau atvik, er hún byggir á kröfu sína, og innan mánaðar eptir að búið er tekið til skipta, sje krafa gjörð til skaðabóta úr hluta hans af fjelagsbúinu.

Í stað þess að ripta ráðstöfun samkvæmt fyrsta hluta greinar þessarar, getur konan krafizt skaðabóta úr sjereign bónda síns eða hluta hans af fjelagsbúinu á sama hátt og segir í öðrum kafla greinarinnar.

12. gr.

Skuldbindingar, er kona hefur gengizt undir eða bakað sjer áður en hún giptist, hvíla og á manni hennar, nema annað sje um samið í hjúskaparmála, er þau hafa gjört fyrir hjúskap sinn og látið þinglýsa.

13. gr.

Ráðstafanir þær, er kona gerir með vilja og vitund bónda síns eða til sameiginlegs gagns og óumflýjanlegra þarfinda, skuldbinda hann og um leið fjelagsbú þeirra.

Skaðabótum utan viðskipta og bótum fyrir hegningarvert athæfi, ef kona hefir bakað sjer þeirra í hjúskapnum, má ganga eptir í fjelagsbúinu, en bóndi hefur rjett á að fá þær endurgoldnar af sjereign konu sinnar, atvinnuarði hennar (smbr. 26. gr.) eða af hluta hennar úr fjelagsbúinu, þá er skipt verður.

Öðrum skuldbindingum konu í hjúskapnum verður eigi gengið eptir í öðru en sjereign hennar eða atvinnuarði (smbr. 26. gr.) eða í hluta hennar úr fjelagsbúinu, þá er skipt verður, eða í fjelagsbúinu sjálfu, ef hún situr í því óskiptu.

14. gr.

Nú er bóndi sviptur fjárforráðum og hefur þá fullveðja kona forráð fjelagsbúsins með fjárráðamanni hans.

15. gr.

Þá er kona tekst á hendur að svara ein eða með manni sínum til skulda hans eða skuldbindinga, hvort sem það er með ábyrgð, víxilábeking eður framsali að skaðlausu eður því um líku, eður það loforð kemur fram í annari mynd, svo sem með veðsetning á sjereigum hennar fyrir skuldum hans, en álíta verður, að það í raun og veru miði að þessu, þá er það ógilt fyrir hana, nema það sje eða verði samþykkt af æðra yfirvaldi þar er konan hefur fast aðsetur.

Hið sama er um ráðstafanir, er hún með þeim afsalar sjer trygging, er hún á í eigum bónda síns eða fjelagsbúsins.

16. gr.

Nú hefur bóndi bakað fjelagsbúinu þess háttar kostnaðar er ræðir um í öðrum kafla 13. greinar, og á þá kona hans rjett á að fá hann endurgoldinn af sjereign hans, eða af hluta af fjelagsbúinu, þá er því verður skipt.

III. þáttur.

Sjereign og gjafir hjóna á millum.

17. gr.

Í sjereign hvors hjóna eru ekki að eins persónuleg rjettindi, þótt arðsöm sjeu, svo sem rithöfundar rjettur og önnur eins rjettindi, heldur og fjárhagsrjettindi, er eigi verða frá skilin þeim, er þeirra nýtur, svo sem eptirlaun, lífeyrir, forlagseyrir, afgjaldseyrir, innstæðurjettindi, óafhendanlegur afnotarjettur, þar í talinn ábúðarrjettur, atvinnurjettindi, persónuleg einkarjettindi og því um líkt. Arður af þessu í hjúskapnum rennur þó inn í fjelagsbúið, nema annað sje tiltekið í lögum, hjúskaparmála eða öðru gildu viljaákvæði.

18. gr.

Sjereign er og, þótt eigi sje tiltekið í hjúskaparmála, það er annaðhvort hjóna á eða eignast að erfð, þó skylduarfur þess sje, eður gjöf, ef og að svo miklu leyti sem slíkt

var tiltekið af arfleifanda eða gefanda, þá er gjöf var gefin. Eigi má í hjúskaparmála gjöra breyting á þessu ákvæði gefanda eða arfleifanda.

19. gr.

Auk þess sem talið er í 17. og 18. gr. er sjereign hvað eina það, er ákveðið er löglega í hjúskaparmála að svo skuli vera.

20. gr.

Hvort hjóna hefur umráð yfir sjereign sinni, nema hún sje með hjúskaparmála eður með öðru gildu ákvæði, svo sem arfleifanda eða gefanda, fengin í hendur sjerstökum fjárráðamönnum.

Fyrir konuna má ákveða það í hjúskaparmála, að hún megi eigi, þótt fullveðja sje, ráða yfir sjereign sinni nema með samþykki bónda síns eða tilsjónarmanns.

21. gr.

Arður af sjereign eptir hjúskaparmála og andvirði þess skal sjereign vera, nema annað sje ákveðið í samningnum.

Það sem útvegað er fyrir muni, er heyra sjereign til, eða gengur til að bæta þá eða auka, skal og sjereign vera, nema annað sje ákveðið í hjúskaparmála; en ef varið er til þessa kostnaðar fje úr fjelagsbúi eður af sjereign hins hjóna, má krefja endurgjalds af því af sjereign þess hjóna, er í hlut á, eður af hluta þess í fjelagsbúinu, þá er því verður skipt.

22. gr.

Ef kostnaður til heimilisþarfa (þar í talin bústaðarleiga) og til viðurværis og uppeldis barnanna verður eigi greiddur af fjelagsbúinu, er hvort hjóna um sig skyldugt til að taka þátt í honum með sjereign, ef til er. Sjeu þau ósátt um það, tiltekur æðra yfirvald, hve mikið þau skuli til leggja.

23. gr.

Skuldir, er hvíla á öðru hvoru hjóna, þá er þau koma saman, skal greiða af sjereign þess, ef nokkur er og meðan endist, nema annað sje tiltekið í hjúskaparmála. Hafi þesskonar skuldir greiddar verið af fjelagsbúinu eða sjereign hins, má krefjast endurgjalds af sjereign þess, er í hlut á, eður ef þörf gerist af hluta þess úr fjelagsbúinu, þá er skipti fara fram.

24. gr.

Til þess að gjafir milli hjóna í hjúskap þeirra sjeu gildar, skal um þær gerður hjúskaparmáli, nema gefnir sjeu munir til eigin afnota, eigi meira verðir en samsvari efnahag gefanda, eða sje gjöf lífeyrir eða forlagseyrir eða þesskonar framfærslueyrir bónda til handa konu sinni.

Til gjafa teljast og ráðstafnir þær, er getur um í öðrum kafla 28. greinar í lögum nr. 7, 13. apríl 1894, þar sem gefandi er skyldur til að greiða það aptur, er gjafarþegi hefur af hendi innt.

Það, sem segir í þessari grein, gildir og þá er gjöfin er gefin öðrum út í frá, og af honum síðan afsöluð hinu hjóna, ef álíta má, að það sje að eins gert til þess að fara kringum lögin.

25. gr.

Akvæðin um ógilding ráðstafana í 4. kapítula laga nr. 7, 13. apríl 1894 eiga og við um ráðstafanir hjóna á milli, hvort sem þau eru í fjelagsbúi eður ekki.

IV. þáttur.

Um arð konu af sjálfstæðri atvinnu í hjónabandi.

26. gr.

Nú stundar gipt kona sjálfstæða atvinnu, er hvorki er stofnuð nje henni viðhaldið mestmegnis með fje bónda hennar eða fjelagsbúsins, og á hún þá ein rjett á að ráða, meðan lifir, yfir arði þeirrar atvinnu og því er sannað verður, að hún hafi fengið fyrir hann, án samþykkis bónda síns eða annars fjárráðamanns. Meðan hún lifir má eigi taka fje þetta til lúkningar þeim skuldum, er bóndi hennar hefur stofnað, nema hún hafi samþykkt það, að taka megi sjereign hennar þeim til lúkningar.

V. þáttur.

Um rjett hjóna til að slíta fjelagsskap.

27. gr.

Nú hefur bóndi skert mjög eigur fjelagsbúsins, án þess næg ástæða hafi til þess verið eptir atvikum, eður hefur gefið fulla ástæðu til að óttast, að hann muni vanbrúka yfirráð sín yfir því, og getur kona hans þá krafizt þess, að fjelagsskap þeirra sje slitið, svo að full sjereign komist á.

28. gr.

Þá er kona vill neyta þessa rjettar, skal hún senda æðra yfirvaldi um það skriflega beiðni; ritar hann á beiðnina, hvaða dag hún kom til hans; síðan rannsakar hann málið svo sem þörf er á og gefur, ef unt er, bónda tækifæri á að láta uppi skoðun sína; og leggur þvínæst úrskurð á málið. Úrskurði hans má skjóta til ráðaneytisins fyrir Ísland í gegnum hendur landshöfðingja; er svo er gert, getur skiptarjettur, ef konan æskir þess, gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að varðveita eigur búsins, einkum á þann hátt, er segir í 2. og 3. lið 57. gr. skiptalaganna.

29. gr.

Nú slítur bóndi samvistum við konu sína að ólögum, eður er fjelagsbú þeirra tekið til gjaldþrotaskipta að honum lifanda, og getur kona hans þá krafizt þess, að fjelagsskap þeirra sje slitið. Beiðni sína um þetta sendir hún til æðra yfirvalds og má eigi gera hana apturreka. Ef kona slítur samvistum við bónda sinn að ólögum, hefur hann og sama rjett á að fá fjelagskap þeirra slitið.

30. gr.

Þá er tekin hefur verið til greina beiðni annarshvors hjóna um að fjelagsskap þeirra skuli slitið, getur hvort um sig krafizt þess, að fjelagsbúið sje tekið til skipta á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiptalaganna.

Úrskurður um, að fjelagsskap hjóna skuli slitið, gildir fyrir þau sjálf frá því, er beiðnin um það kom fram, en fyrir menn út í frá frá því er úrskurðurinn hefur þinglesinn verið á varnarþingi bóndans hjer í landi, eða sje hann farinn úr landi, þá á varnarþingi því, er hann átti síðast hjer, og fer um afleiðingar af þinglýsing eins og segir um afleiðingar af þinglýsing á hjúskaparmála í 5. grein laga þessara.

2. og 3. ákvæði 67. gr. í skiptalögunum koma því eigi til greina við þau skipti, er hjer ræðir um.

31. gr.

Þegar það hefur verið löglega ákveðið í hjúskaparmála, að fjelagsskap hjóna skuli slitið, geta þau og hvort um sig krafizt þess, að skipti skuli fram fara á fjelagsbúinu á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiptalaganna, án þess þó nein breyting verði á gildi hjúskaparmálans gagnvart öðrum út í frá eptir 5. gr. þessara laga, og þannig án þess að 2. og 3. ákvæðið í 67. gr. skiptalaganna komi til greina við þau skipti.

VI. þáttur.

Um hvenær meta skal hjúskaparmála eptir útlendum lögum.

32. gr.

Fyrirmæli laga þessara eiga og við hjúskaparmála, er gerðir eru erlendis, ef bóndinn býr hjer í landi; en um myndugleika konunnar til að gera þann samning fer þó eptir lögum þar í landi, er hún á heimili.

Nú er hjúskaparmáli gerður af manni, er eigi er búsettur hjer í landi, og er hann gildur eptir lögum í landi þar sem hann á heimili, og er hann þá, að því er fjármál hjónanna snertir, gildur hjer fyrir hjónin sjálf og erfinga þeirra, ef hann ákveður ekkert, er komi í bága við lög þessi, og því næst gagnvart öðrum, ef alls þess, er segir í 6.—8. gr. laga þessara, verður gætt svo fljótt sem auðið er eptir að bóndinn er fluttur hingað búferlum.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1900.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Af ástæðum þeim, er skýrt er frá í brjefi stjórnarráðsins til landshöfðingja, 6. júlí 1897 (Stjórnartíð. þ. á., B-deild, bls. 178—79), var þá álitið rjettast að bíða fyrst um sinn með að undirbúa og leggja fyrir þingið frumvarp til laga um rjett giptra kvenna, sem þingið hafði æskt eptir; en skilyrði þau, er drepið er á í nefndu brjefi að gera mundu lagasmíði þetta miklu hægar, eru nú fengin, þar sem út hafa gengið 7. apríl þ. á. lög fyrir konungsríkið um fjármál hjóna, er í eru álíka breytingar á gildandi lögum og þær, er þingið einmitt hafði óskað að fá í ályktun sinni 1895. Lög þessi er því farið fram á að lögleiða á Íslandi með þeim breytingum einum, sem nauðsyn er á eptir því sem þar hagar til, og sem síðar mun gerð grein fyrir, er hinar einstöku greinir frumvarpsins verða athugaðar.

Lög þau áðurnefndu, er samþykkt hafa verið fyrir konungsríkið, eru mjög lík í öllum samningi uppkasti einu, er tveir hinir mikilsmetnustu lögfræðingar Dana hafa til

búið og ýtarlega rökstutt, og var frumvarp þeirra með ástæðum lagt óbreytt fyrir ríkisþingið. Látum vjer því ríkisþingsfrumvarpið með athugasemdum vera fylgiskjal með frumvarpi voru til alþingis, því til rökstuðnings í fremsta lagi. Er að vísu svo, eins og hægðarleikur er að sjá á fylgiskjalinu, að einstöku hugleiðingar í því og tilvísanir hafa fyrir augum rjettarástand, er sjerstakt er fyrir konungsríkið, en bæði er það, að allar aðalhugleiðingar þess má blátt áfram nota frumvarpi voru til rökstuðnings, og hið sama er og í öllu verulegu um hugleiðingar þær, er snerta hin einstöku ákvæði frumvarpsins.

Í aðalefninu skal því vísað hjer til athugasemdanna við ríkisþingsfrumvarpið, og er því að eins þörf á sjerstökum athugasemdum um þau atriði, er á milliber voru frumvarpi og því, fyrir þær breytingar annars vegar, er á því voru gjörðar í meðferð málsins í ríkisþinginu, og voru þær fremur þýðingarlitlar, og vegna afbrigða þeirra frá hinum dönsku lögum hins vegar, er vjer förum fram á í frumvarpi voru að gerðar verði vegna sjerstakra ástæðna og laga á Íslandi, og hefur um það áður verið leitað álits landshöfðingja.

1.—3. gr.

Greinir þessar eru eins og 1.—3. gr. ríkisþingsfrumvarpsins.

4. gr.

Fyrri hluti greinarinnar er eins og í ríkisþingsfrumvarpinu, en síðara hluta hennar er, eins og í dönsku lögunum, breytt einkum að því leyti, að það heldur eigi er leyft hlutaðeigandi hjóna að áskilja sjer í hjúskaparmála lausn frá skyldum þeim, er á því hvíla samkvæmt 11. gr., og er það gert til þess að fyrirbyggja, að kona geti með hjúskaparmála afsalað sjer tilkalli til þeirra takmarkana á umráðum bónda síns yfir fjelagsbúinu, er þar eru settar og eptir eðli sínu eiga að vera ófrávíkjanlegar.

5. gr.

Það er samhvæmt dönsku lögunum, að sú breyting er hjer gerð í 5. gr. ríkisþingsfrumvarpsins, að skuldheimtumenn, er til skulda telja, er stofnaðar eru fyrir hjúskapinn, skuli líka vera bundnir við óþinglesinn hjúskaparmála, ef beiðst hefur verið þinglýsingar á honum fyrir stofnun hjónabandsins. Því að þar sem eigi er hægt að fá þinglýsingar nema með töluverðu millibili, gæti það annars hæglega orðið fremur óþægilegt fyrir hjónaefni, er vilja giptast með litlum fyrirvara, að kaupmáli sá, er þau hafa gert með sjer, en ennþá eigi getað fengið þinglesinn, skuli geta reynzt ógildur gagnvart eldri skuldheimtumönnum, og hins vegar geta einmitt þessir menn ekki, eins og þeir er til skulda telja, er yngri eru en hjónabandið, borið það fyrir sig, að þeir hafi gefið bónda lán eða átt viðskipti við hann af því þeir hefðu gert ráð fyrir, að með þeim hjónum væri venjulegt helmingafjelag.

6. gr.

Vegna aðalskrár þeirrar, er getur um í 9. gr. hefur á sama hátt og í hinum dönsku lögum þótt óþarft að taka hjer upp ákvæðið úr 6. gr. ríkisþingsfrumvarpsins um tvær þinglýsingar í einstökum tilfellum, og hefur þótt því síður rjett að taka það ákvæði upp, sem hætt er við, að af því gæti leitt nokkur vafi eða að minnsta kosti misskilningur.

Þá er bóndi á eigi hjer á landi neitt varnarþing fyrir sjálfan sig, er ætlast til, að þinglýsing á hjúskaparmála hans fari fram við hinn konunglega íslenzka landsyfirrjett.

7. og 8. gr.

eru eins og 7. og 8. gr. hinna dönsku laga og að efni til eins og 8. og 9. gr. ríkisþingsfrumvarpsins.

9. gr.

Þessi grein er með nokkrum sjálfsögðum afstöðubreytingum eins og 9. gr. hinna dönsku laga og líka nokkurn veginn samkvæm 7. gr. ríkisþingsfrumvarpsins.

10. gr.

er samkvæm 10. gr. hinna dönsku laga og ríkisþingsfrumvarpsins, og skal um hana vísað til athugasemdanna þar og þess um leið getið, að lög þau frá 7. maí 1880, er þar ræðir um, eru dönsk, og að ekkert þeim líkt er til í lögum á Íslandi, sjá nú 26. gr. frumvarps þessa.

11.

Greinin er eins og 11. gr. hinna dönsku laga og ríkisþingsfrumvarpsins, nema hvað úr fellt er ákvæðið síðast í greininni um, að ákvæðið í d. l. 5—1—10 skuli standa óhaggað, en í stað þess smeigt inn í greinina ákvæði sama efnis, þar sem sagt er, að bóndi megi ekki seljast arfsali nema með samþykki konu sinnar. D. l. 5—1—10 hefur aldrei verið lög á Íslandi. En í 8. kap. í framfærslubálki Jónsbókar er heimild fyrir því, að menn megi seljast arfsali, og er þá rjett, að sagt sje með berum orðum, að slíkt meg, kvongaður maður eigi gjöra nema með samþykki konu sinnar.

12. gr.

er eins og 12. gr. í hinum dönsku lögum og ríkisþingsfrumvarpinu.

13. gr.

Að því er snertir rjett giptrar konu til þess að skuldbinda fjelagsbúið með ráðstöfunum sínum vísa hin dönsku lög til d. l. 5—1—13 og 7. gr. í tilsk. 11. sept. 1839, en þar eð þessi ákvæði eru eigi lög á Íslandi, hefur hjer í frumvarpinu orðið að taka upp sjálfstæð ákvæði um það. Að vísu eru í kaupabálki Jónsbókar, 24. kap., álíka grundvallarreglur og í d. l. 5—1—13, en í þeirri mynd, er þær koma þar fram, eru þær svo úreltar, að í stað þess að vísa til þeirra hefur þótt rjettar að taka upp kafla þann úr d. l. 5—1—13, er hjer á við, á líkan hátt og Norðmenn hafa gjört í lögum sínum. Ákvæði þessi eru yfir höfuð þess eðlis, að eigi verður hjá því komizt að nánari takmörkum á valdi konunnar verði í þessum greinum aðallega falin dómstólunum, með því að þessi mál eru svo vaxin, að ógjörningur er að fyrirskrifa ýtarlegar reglur.

14.—16. gr.

eru samkvæmar 14.—16. gr. hinna dönsku laga og ríkisþingsfrumvarpsins.

Í frumvarp þetta er hins vegar ekki upptekin 17. gr. hinna dönsku laga, er sett var inn í þau í ríkisþinginu, og fer fram á að afnema skerðing þá á arfleiðslurjetti giptra kvenna, er ákveðin er í 3. kafla 29. greinar í tilsk. 21. maí 1845; í erfðatilskipuninni íslenzku frá 25. september 1850 eru engin slík ákvæði.

17.—19. gr.

eru samkvæmar 18.—20. gr. hinna dönsku laga og 17.—19. gr. ríkisþingsfrumvarpsins.

20. gr.

er eins og 21. gr. í hinum dönsku lögum og 20. gr. í ríkisþingsfrumvarpinu nema hvað einu ákvæði viðvíkur, er varð að sníða eptir því, sem til hagar á Íslandi.

21.—23. gr.

eru samkvæmar 22.—24. gr. hinna dönsku laga og 21.—23. gr. ríkisþingsfrumvarpsins.

24.—25. gr.

eru eins og 25.—26. gr. hinna dönsku laga og 24.—25. gr. ríkisþingsfrumvarpsins, nema að því leyti, að vísað er til hinna íslenzku laga nr. 7 frá 13. apríl 1894 í stað gjaldþrotalaganna dönsku, og að ákvæðinu síðast í 25. gr., er afnemur d. l. 5—4—3 og 4, er sleppt, því þær greinar hafa aldrei verið lög á Íslandi.

26. gr.

er eins og 27. gr. hinna dönsku laga, sem hefur gjört lítils háttar breyting á 26. gr. ríkisþingsfrumvarpsins, en er að öðru leyti alveg eins og hún.

27.—32. gr.

Að frátöldum einstöku sjálfsögðum breytingum, er einkum snerta tilvísanir til laga og umboðsstjórnina, eru þessar greinar eins og 28.—33. gr. hinna dönsku laga, og eru og samkvæmar 27.—32. gr. ríkisþingsfrumvarpsins, nema hvað gjörð er sú breyting á 2. kafla 32. greinar, að ákvæðið þar er látið ná til allra hjúskaparmála, er gjörðir eru af mönnum, er eigi eru búsettir hjer á landi, hvort sem þeir kaupmálar eru gjörðir hjer eða erlendis. Það virðist sem sje eiga að standa á sama hvort heldur er, einkum er ræðir um menn út í frá, er erfitt er fyrir að vita það og sem hafa enga ástæðu til að grennslast eptir því, hvort kaupmálinn er skrifaður hjer í landi eða erlendis.

Það hefur loks verið álitið hæfilegt að láta lögin, ef til kemur, öðlast gildi 1. júlí 1900.

Fylgiskjal.
(þýtt.)

Frumvarp til laga um fjármál hjóna.

I. þáttur.

Hjúskaparmálar.

1. gr.

Þá er gjöra á með hjúskaparmála breyting á helmingafjelagi hjóna, sem ávallt endrarnær á sjer stað, þá er sá kaupmáli því að eins gildur, að hann sje skriflegur og undirritaður af þeim, hvort sem hann er gjörður fyrir hjúskap eða í honum.

Eigi má breyta hjúskaparmála nje fella úr gildi, nema með hjúskaparmála.

2. gr.

Nú er annað hjóna eða hjónaefna hálfmyndugt, er það gjörir hjúskaparmála, og þarf þá samþykki tilsjónarmanns; sje það ómyndugt eða svipt fjárforráðum, skal samþykki fjárráðamanns, auk þess sjálfs, koma til.

3. gr.

Nú er hjúskaparmáli gjörður samkvæmt því, er að framan er sagt, og er hann þá skuldbindandi fyrir hjónin sjálf og fyrir erfingja þeirra, sje hann gjörður áður en þau gengu í hjónaband. En ef hann er gjörður í hjúskap þeirra, verður hann skuldbindandi fyrir þau sjálf og erfingja, þegar konungur hefur staðfest hann.

4. gr.

Með hjúskaparmála mega hjón skipa fjármálum sínum á hvern lögmætan hátt, er þeim sýnist, ef þau gæta þess, er í lögum þessum segir; ef staðfesting er áskilin, hefur hlutaðeigandi yfirvald þó rjett til að synja um hana, ef því virðist rjett vera, að einhverju eða öllu leyti.

Eigi má þó ákveða í hjúskaparmála, að allar eigur annars hjóna eða afraksturinn af sjálfstæðri vinnu þess skuli vera sjereign hins eða í þess eins umráðum; hvorugt hjóna getur þvínæst í hjúskaparmála áskilið sjer lausn frá skyldum þeim, er ræðir um í 22. gr.

5. gr.

Hjúskaparmáli er gildur gagnvart mönnum út í frá frá stofnun hjónabandsins, sje hann þinglesinn áður. Sje hann þinglesinn eptir stofnun þess, fær hann eigi gildi gagnvart þeim, fyr en frá þinglýsingardegi.

Hjúskaparmáli er því eigi til fyrirstöðu, að sá, er eigi hafði vitneskju um hann, eignist með samningi á undan þinglýsing hans rjettindi yfir eigum hjónanna þrátt fyrir hann. Nú á maður skuld hjá öðru hvoru hjóna, sem eldri er en þinglýsing hjúskaparmálans, og eigi stafar frá samningum, er gjörðir hafa verið með vitneskju um hann, og hefur honum eigi tekizt að ná borgun hjá því hjóna, er skuldin er að, og getur hann þá gengið eptir henni hjá hinu í fjármunum þeim, er það hefur fengið til sjereignar með hjúskaparmálanum, nema sannað verði, að skuldunautur hans, þá er hjúskaparmálinn náði gildi gagnvart skuldheimtumönnum, átti nægilegt fje til að borga allar skuldir sínar. Sje hjúskaparmálinn um framtíðarafla, er skuldheimtumönnum þó varnað þessa rjettar til að ganga eptir skuldum, þrátt fyrir hann, ef hann er þinglesinn áður en það aflast, er hann getur um.

6. gr.

Þinglýsingar samkvæmt undanfarandi greinum skulu fram fara á varnarþingi bónda. Nú fær hann annað varnarþing, er hann kvongast eða innan hálfs árs síðar, og skal þá þinglýsa á báðum.

7. gr.

Eptir ráðstöfun dómsmálastjórnarinnar skal í Kaupmannahöfn halda skrá yfir alla hjúskaparmála, er framvegis verða þinglesnir. Dómritari hver skal þegar er hjúskaparmáli hefur þinglesinn verið, senda skrifstofu þeirri, er dómsmálastjórnin tiltekur með auglýsing, skýrslu um, að hjúskaparmáli hafi gerður verið, og skal tilgreina nöfn málsaðila, bústað þeirra og þinglýsingardag, en eigi nánar um efni hjúskaparmálans. Heimilt er hverjum að fá vitneskju um það úr skránni, hvort hjúskaparmáli sje gerður, og ef svo er, hvenær hann sje þinglesinn, ef hann sendir um það skriflega beiðni og skýrir frá, hvaða ár hjónabandið hafi verið stofnað. Dómsmálaráðherrann gefur út nánari reglur um fyrirkomulag skrárinnar og hversu halda skal. Kostnað, er af þessu leiðir, skal telja á fjárlögunum.

8. gr.

Ef menn gera samninga um fasteignir og er ókunnugt um hjúskaparmála, þá standa þeir óhaggaðir af honum, enda þótt hann sje þinglesinn á varnarþingi bóndans, sjeu þeir samningar gerðir áður en hjúskaparmálinn er þinglesinn á varnarþingum fasteignanna.

9. gr.

Á skuldabrjef, hlutabrjef, ábyrgðarskírteini og önnur slík skjöl skal gera áritun um hjúskaparmála, er gerður hefur verið. Áður en það er gert, geta þeir, er ókunnugt er um hann, eignazt rjettindi yfir þeim skjölum, þrátt fyrir hann.

II. þáttur.

Um myndugleika giptrar konu og umráðin yfir fjelagsbúinu.

10. gr.

Um myndugleika giptrar konu fer sem um myndugleika ógiptrar. Bónda má skipa tilsjónarmann eða fjárráðamann konu sinnar. En ef ráðstöfun sú, er fram á að fara snertir hag hans, verður í því máli að skipa annan í hans stað.

11. gr.

Bóndi hefur einn umráð yfir fjelagsbúinu. Eigi má hann þó nema með samþykki konu sinnar afhenda, veðsetja nje leigja með óvenjulegum kjörum eða fyrir óvenjulega langan tíma þær fasteignir, er eignarskjölin bera með sjer, að konan lagði til fjelagsbúsins, og eigi heldur afhenda, veðsetja nje kvitta skuldabrjef, hlutabrjef, ábyrgðarskírteini og þess háttar skjöl, er hún hefur lagt til og bera hennar eignarnafn. Vilji hún ripta ráðstöfunum, er koma í bága við þessi ákvæði, skal málsókn hafin innan árs frá því er þær voru gjörðar eða þinglesnar þá er því er að gegna.

Bóndi má eigi án samþykkis konu sinnar skuldbinda fjelagsbúið með gjafaloforðum eða gefa úr því á neinu ári fram úr 5 hundruðustu af skuldlausri eign þess við næstu árslok á undan. Breyti hann gegn þessu, á hún rjett á skaðabótum af sjereign hans eða af hans hluta fjelagsbúsins, þá er því verður skipt. Málsókn til skaðabóta úr sjereign hans skal þó hafin innan árs frá því er hún fjekk vitneskju um þau atvik, er hún byggir á kröfu sína, og innan mánaðar eptir að búið er tekið til skipta, sje krafa gjörð til skaðabótar úr hluta hans af fjelagsbúinu.

Í stað þess að ripta ráðstöfun samkvæmt fyrsta hluta greinar þessarar, getur konan krafizt skaðabóta úr sjereign bónda síns eða hluta hans af fjelagsbúinu á sama hátt og segir í öðrum kafla greinarinnar.

Ákvæðið í d. l. 5—1—10 skal standa óhaggað.

12. gr.

Skuldbindingar, er kona hefur gengizt undir eða bakað sjer áður en hún giptist, hvíla og á manni hennar, nema annað sje um samið í hjúskaparmála, er þau hafa gjört fyrir hjúskap sinn og látið þinglýsa.

13. gr.

Ráðstafanir þær, er konu er heimilt að gera samkvæmt d, l. 4—1—13 og 7. gr. í tilsk. 11. sept. 1839, skuldbinda bónda hennar og um leið fjelagsbú þeirra.

Skaðabótum utan viðskipta og bótum fyrir hegningarvert athæfi, er kona hefir bakað sjer í hjúskapnum, má ganga eptir í fjelagsbúinu, en bóndi hefur rjett á að fá þær endurgoldnar af sjereign konu sinnar, atvinnuarði hennar (smbr. 26. gr.) eða af hluta hennar úr fjelagsbúinu, þá er skipt verður.

Öðrum skuldbindingum konu í hjúskapnum verður eigi gengið eptir í öðru en sjereign hennar eða atvinnuarði (smbr. 26. gr.) eða í hluta hennar úr fjelagsbúinu, þá er skipt verður.

14. gr.

Nú er bóndi sviptur fjárforráðum, og hefur þá fullveðja kona forráð fjelagsbúsins með fjárráðamanni hans.

15. gr.

Þá er kona tekst á hendur að svara ein eða með manni sínum til skulda hans eða skuldbindinga, hvort sem það er með ábyrgð, víxilábeking eður framsali að skaðlausu eður því um líku, eður það loforð kemur fram í annari mynd, en álíta verður, að það í raun og veru miði að þessu, þá er það ógilt, nema það sje eða verði samþykkt af æðra yfirvaldi (amtmanni, í Kaupmannahöfn yfirborgarstjóra) þar er konan hefur fast aðsetur.

Hið sama er um ráðstafanir, er hún með þeim afsalar sjer trygging, er hún á í eigum bónda síns eða fjelagsbúsins.

16. gr.

Nú hefur bóndi bakað fjelagsbúinu þess háttar kostnaðar, er ræðir um í öðrum kafla 13. greinar, og á þá kona hans rjett á að fá hann endurgoldinn af sjereign hans, eða af hluta af fjelagsbúinu, þá er því verður skipt.

III. þáttur.

Sjereign og gjafir hjóna á millum.

17. gr.

Í sjereign hvors hjóna eru ekki að eins persónuleg rjettindi, þótt arðsöm sjeu, svo sem rithöfundar rjettur og önnur eins rjettindi, heldur og fjárhagsrjettindi, er eigi verða frá skilin þeim er þeirra nýtur, svo sem eptirlaun, lífeyrir, forlagseyrir, innstæðurjettindi, óafhendanlegur afnotarjettur, þar í talinn ábúðarrjettur, atvinnurjettindi, persónuleg einkarjettindi og því um líkt. Arður af þessu í hjúskapnum rennur þó inn í fjelagsbúið, nema annað sje tiltekið í lögum, hjúskaparmála eður öðru gildu viljaákvæði.

18. gr.

Sjereign er og, þótt eigi sje tiltekið í hjúskaparmála, það er annaðhvort hjóna á eða eignast að erfð, þó skylduarfur þess sje, eður að gjöf, ef og að svo miklu leyti sem slíkt var tiltekið af arfleifanda eða gefanda þá er gjöf var gefin. Eigi má í hjúskaparmála gjöra breyting á þessu ákvæði gefanda eða arfleifanda..

19. gr.

Auk þess sem talið er í 17. og 18. gr. er sjereign hvað eina það, er ákveðið er löglega í hjúskaparmála að svo skuli vera.

20. gr.

Hvort hjóna hefur umráð yfir sjereign sinni, nema þau sje með hjúskaparmála eður með öðru gildu ákvæði, svo sem arfleifanda eða gefanda, fengin í hendur yfirfjárráðastofnuninni eða öðrum.

Fyrir konuna má ákveða það í hjúskaparmála, að hún megi eigi, þótt fullveðja sje, ráða yfir sjereign sinni nema með samþykki bónda síns eða tilsjónarmanns.

21. gr.

Arður af sjereign eptir hjúskaparmála og andvirði þess skal sjereign vera, nema annað sje ákveðið í samningnum.

Það sem útvegað er fyrir muni, er heyra sjereign til, eða gengur til að bæta þá eða auka, skal og sjereign vera, nema annað sje ákveðið í hjúskaparmála; en ef varið er til þessa kostnaðar fje úr fjelagsbúi eður af sjereign hins hjóna, má krefja endurgjalds af því af sjereign þess hjóna, er í hlut á, eður af hluta þess í fjelagsbúinu, þá er því verður skipt.

22. gr.

Ef kostnaður til heimilisþarfa og til viðurværis og uppeldis barnanna verður eigi greiddur af fjelagsbúinu, er hvort hjóna um sig skyldugt til að taka þátt í honum með sjereign, ef til er. Sjeu þau ósátt um það, tiltekur æðra yfirvald hve mikið þau skuli til leggja.

23. gr.

Skuldir, er hvíla á öðru hvoru hjóna, þá er þau koma saman, skal greiða af sjereign þess, ef nokkur er og meðan endist, nema annað sje tiltekið í hjúskaparmála. Hafi þesskonar skuldir greiddar verið af fjelagsbúinu eða sjereign hins, má krefjast endurgjalds af sjereign þess, er í hlut á.

24. gr.

Til þess að gjafir milli hjóna í hjúskap þeirra sjeu gildar, skal um þær gerður hjúskaparmáli, nema gefnir sjeu munir til eigin afnota, eigi meira verðir en samsvari efnahag gefanda, eða sje gjöf lífeyrir eða forlagseyrir bónda til handa konu sinni.

Til gjafa teljast og ráðstafanir þær, er getur um í 26. gr., 2. málsgr. gjaldþrotalaganna, þar sem gefandi er skyldur til að greiða það aptur, er gjafarþegi hefur af hendi innt.

Það, sem segir í þessari grein, gildir og þá er gjöfin er gefin öðrum út í frá, og af honum síðan afsöluð hinu hjóna, ef álíta má, að það sje að eins gert til þess að fara kringum lögin.

D. l. 5—4—3 og 4 eru úr gildi felldar.

25. gr.

Akvæðin um ógilding ráðstafana í 4. kapítula gjaldþrotalaganna eiga og við um ráðstafanir hjóna á milli, hvort sem þau eru í fjelagsbúi eður ekki.

IV. þáttur.

Um arð konu af sjálfstæðri atvinnu í hjónabandi.

26. gr.

Nú stundar gipt kona sjálfstæða atvinnu, er hvorki er stofnuð nje henni viðhaldið mestmegnis með fje bónda hennar eða fjelagsbúsins, og á hún þá ein rjett á að ráða, meðan lifir, yfir arði þeirrar atvinnu og því er sannað verður, að hún hafi fengið fyrir hann, án samþykkis bónda síns eða annars fjárráðamanns. Meðan hún lifir má eigi taka fje þetta til lúkningar þeim skuldum, er bóndi hennar hefur stofnað án þess samþykki hennar kæmi til.

V. þáttur.

Um rjett hjóna til að slíta fjelagsskap.

27. gr.

Nú hefur bóndi skert mjög eigur fjelagsbúsins, án þess næg ástæða hafi til þess verið eptir atvikum, eður hefur gefið fulla ástæðu til að óttast, að hann muni vanbrúka yfirráð sín yfir því, og getur kona hans þá krafizt þess, að fjelagsskap þeirra sje slitið, svo að full sjereign komist á.

28. gr.

Þá er kona vill neyta þessa rjettar, skal hún senda æðra yfirvaldi um það skriflega beiðni; ritar hann á beiðnina, hvaða dag hún kom til hans; síðan rannsakar hann málið svo sem þörf er á og gefur, ef unt er, bónda tækifæri á að láta uppi skoðun sína; og leggur þvínæst úrskurð á málið. Úrskurði hans má skjóta til dómsmálastjórnarinnar, er svo er gert, getur skiptarjettur, ef konan æskir þess, gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að varðveita eigur búsins, einkum á þann hátt, er segir í 2. og 3. lið 58. gr. skiptalaganna.

29. gr.

Nú slítur bóndi samvistum við konu sína að ólögum, eður er fjelagsbú þeirra tekið til gjaldþrotaskipta að honum lifanda, og getur kona hans þá krafizt þess, að fjelagsskap þeirra sje slitið. Beiðni sína um þetta sendir hún til æðra yfirvalds og má eigi gera hana apturreka. Ef kona slítur samvistum við bónda sinn að ólögum, hefur hann og sama rjett á að fá fjelagskap þeirra slitið.

30. gr.

Þá er tekin hefur verið til greina beiðni annarshvors hjóna um að fjelagsskap þeirra skuli slitið, getur hvort um sig krafizt þess, að fjelagsbúið sje tekið til skipta á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiptalaganna.

Úrskurður um, að fjelagsskap hjóna skuli slitið, gildir fyrir þau sjálf frá því, er beiðnin um það kom fram, en fyrir menn út í frá frá því er úrskurðurinn hefur þinglesinn verið á varnarþingi bóndans hjer í landi, eða sje hann farinn úr landi, þá á varnarþingi því, er hann átti síðast hjer, og fer um afleiðingar af þinglýsing eins og segir um afleiðingar af þinglýsing á hjúskaparmála í 5. grein laga þessara.

2. og 3. ákvæði 68. gr. í skiptalögunum koma því eigi til greina við þau skipti, er hjer ræðir um.

31. gr.

Þegar það hefur verið löglega ákveðið í hjúskaparmála, að fjelagsskap hjóna skuli slitið, geta þau og hvort um sig krafizt þess, að skipti skuli fram fara á fjelagsbúinu á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiptalaganna, án þess þó nein breyting verði á gildi hjúskaparmálans gagnvart öðrum út í frá eptir 5. gr. þessara laga, og þannig án þess að 2. og 3. ákvæðið í 68. gr. skiptalaganna komi til greina við þau skipti.

VI. þáttur.

Um hjúskaparmála, er gerðir eru erlendis.

32. gr.

Fyrirmæli laga þessara eiga og við hjúskaparmála, er gerðir eru erlendis, ef bóndinn býr hjer í landi; en um myndugleika konunnar til að gera þann samning fer þó eptir lögum þar í landi, er hún á heimili.

Nú er hjúskaparmáli gerður í útlandi og er gildur eptir lögum þar, og er bóndinn eigi búsettur hjer í landi, og er hann þá, að því er fjármál hjónanna snertir, gildur hjer fyrir hjónin sjálf og erfingja þeirra, ef hann ákveður ekkert, er komi í bága við lög þessi, og því næst gagnvart öðrum, ef alls þess verður gætt, er segir í 6., 8. og 9. gr. laga þessara, áður liðinn er mánuður frá því bóndinn er fluttur hingað búferlum.

Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eptir að þau hafa birt verið í lagatíðindunum.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Eptir að dómsmálastjórnin hafði farið þess á leit við hans excellence, kgl. þjóðbankastjóra, dr. juris J. Nellemann, og prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, dr. juris J. H. Deuntzer, að þeir ynnu að því í sameiningu að búa til frumvarp til laga um fjármál hjóna, hefur komið frá þeim herrum uppkast til þesskonar lagafrumvarps, og hefur stjórnin getað fallizt á það að öllu leyti; leggur hún því fram lagafrumvarp um þessi mál, sem er alveg samhljóða tjeðu uppkasti, og skal hjer vísað til athugasemda þeirra, er fylgdu upppkastinu og fara hjer á eptir, að því er bæði snertir hinar almennu hugleiðingar, er liggja til grundvallar fyrir frumvarpinu og ástæðurnar til hinna einstöku ákvæða þess.

Athugasemdir við uppkast til laga um fjármál hjóna.

Fjármálum hjóna hefur eigi verið hreyft mikið við síðan lög Christians V. komu út. Að frátöldum ákvæðunum um skipti á fjelagsbúi, þegar hjón skilja eða annað þeirra deyr, og um leyfi til að sitja í óskiptu búi, eru lögin frá 7. maí 1880 um forráð giptrar konu yfir arði af sjálfstæðri atvinnu, er hún stundar, hin einustu fyrirmæli, er til muna kveður að í þessum málum og komið hafa síðar út. Þangað til greind lög komu út, var öll skipun þessara mála byggð eingöngu á lögbók Chr. V., eins og hin ófullkomnu og víða óljósu ákvæði hennar höfðu verið skilin og notuð í rjettarvenju um langan aldur. Aðaldrættirnir í skipuninni eru, eins og kunnugt er: algerð sameign hjóna, bóndinn einráður, konan ófullveðja. En jafnframt þessu hefur hjónum ávalt verið álitið frjálst að gera aðra skipun með hjúskaparmála, svo sem einkum að ákveða annaðhvort fullkomna sjereign eður meira eða minna takmarkaða sameign. Aðeins hefur verið ágreiningur um það, að hve miklu leyti konunglega staðfesting þyrfti til þess að tryggja þá skipun, er hjónin höfðu gjört á alla vegu, bæði gagnvart aðilum sjálfum og öðrum út í frá. En af því að auðvelt hefur verið að fá staðfestinguna, hefur það ekki verið nein veruleg tálmun fyrir hjón, er vildu skipa fjármálum sínum á annan veg en lög standa til, að hennar hefur þurft. Fyrir 10—20 árum voru hjúskaparmálar mjög sjaldgæfir og lítið um afbrigði frá lögákveðnu fyrirkomulagi. Ef þurfa þótti að tryggja eigurnar, svo sem einkum fje konunnar, ef það stafaði frá erfð eða gjöf, — en um það var venjulega að ræða, — þá var það gert á þann hátt, að arfleifandi eða gefandi ákvað lögheptíng á það, venjulega

samfara innsetning þess í yfirfjárráðastofnunina en til þess þurfti þó staðfesting konungs samkvæmt tilskipun 21. maí 1845, 28. gr., ef um skylduarfa var að ræða. Af lögheptingunni leiddi í sjálfu sjer ekki, að fjeð skyldi vera sjereign, en það gat arfleifandi eða gefandi hinsvegar ákveðið, og var álitið, að það ákvæði væri og skuldbindandi fyrir skylduarfa, ef konungleg staðfesting kom til eptir tilsk. 21. maí 1845, 28. gr.

Á síðari tímum eru hjúskaparmálar orðnir langtum algengari en áður, einkum síðan að staðfesting á þeim fæst ókeypis, og eru eigi að eins notaðir, þá er annaðhvort hjóna, einkum konan, á fje til muna, heldur og optsinnis, þótt hún leggi ekki annað til en innbú, og er þá um það ákveðið, að það skuli sjereign hennar, og því undanþegið lögsókn af hendi bæði núverandi og síðari skuldheimtumanna bónda hennar.

Af því að hjúskaparmálar þannig hafa farið í vöxt og tíðkast óðum, hefur leitt, að fjármál hjóna eru eigi svo einföld og óbrotin, sem áður, og að margar spurningar koma fram, einkum um sjereignina, er annaðhvort verður alls eigi svarað eptir ákvæðum hinna fornu laga, eða að minsta kosti ekki á þann hátt, sem rjettast væri eptir eðli málsins. Í nánu sambandi við þessi mál um sjereign í hjónabandi og yfirráð yfir henni er þvínæst ákvæði það, er naumast verður lengur varið, að giptar konur sjeu ómyndugar. Eptir að ógiptum konum hafa sett verið með lögum 29. des. 1857 nálega sömu myndugleikaskilyrði sem karlmönnum, er eðlilegt, að mönnum veiti erfitt að fella sig við það ákvæði, að giptar konur sjeu alla æfi ómyndugar, einkum þar sem hægt er að sýna og sanna, að það tvent getur samrýmzt, að konan sje myndug í hjónabandinu og að bóndinn hafi umráðin yfir fjelagsbúinu, en að svipta hann þeim algerlega væri ekki ráðlegt, en hinsvegar hugsandi, að þau megi að nokkru takmarka. Myndugleiki hefði í reyndinni þýðing fyrir konuna, bæði að því, er til yfirráða yfir sjereign hennar tekur — og ber þess þó að geta, að hægt er nú að fá staðfesting á hjúskaparmála, er veitir henni full ráð yfir sjereign hennar — og þvínæst að því leyti, að hún gæti þá skuldbundið sjálfa sig svo, að ganga mætti að fjárhluta hennar úr fjelagsbúinu, er skipt yrði.

Það er því eðlilegt, að ákvæði hinna gildandi laga um fjármál hjóna þurfi bæði viðbóta og breytinga.

Þessum málum var þegar hreyft í Noregi 1871, en þá var þar enn hin sama skipun á og hjer í Danmörku. Nefnd var skipuð til að semja ný lög um málið; síðan var það rætt á lögfræðingafundum Norðurlanda 1873 og 1875, og síðara árið kom lagafrumvarp um það frá nefndinni og lagði stjórnin síðan hvað eptir annað frumvörp fyrir stórþingið, er voru mjög lík nefndarfrumvarpinu, og leiddi þetta um síðir til laga 29. júni 1888 um fjármál hjóna. Þar sem lagasetning og rjettarvenjur í þessum greinum höfðu allt til þessa verið samskonar í Noregi og í Danmörku, og ástandið að öðru leyti svipað í báðum löndum, lá það beint við fyrir okkur, að hafa einkar mikla hliðsjón af þessum lögum Norðmanna, enda álítum við, að aðalreglur þeirra laga muni og eiga við ástandið hjer.

Við gerum því ráð fyrir — eins og norsku lögin — að full sameign verði hjer eptir eins og hingað til aðalreglan í hjónabandi, en hins vegar verði vandalaust fyrir hjón að skipa fjármálum sínum á annan veg. Bæði höfum við skilið svo hlutverk það, er dómsmálaráðherrann fól okkur og því talið okkur takmörk sett að þessu leyti, og því næst er það okkar eigin sannfæring, að í öðru eins máli og þessu, er nálega tekur til allra og hvers eins, væri mjög óhyggilegt að hverfa frá því, sem þjóðin hefur vanizt um langan aldur á að skoða samkvæmast eðli hjónabandsins, og við efumst alls ekki um, að allur þorri þjóðarinnar muni — eins og raun varð á í Noregi — aðhyllast sameign í hjónabandi sem aðalregluna, en henni samfara hæfilegan aðgang til að víkja frá henni með hjúskaparmála. Við álítum og, að í allflestum hjónaböndum sje fullur fjelagsskapur eðlilegasta og hag-

kvæmasta fyrirkomulagið fyrir hjónin sjálf, og að öll viðskipti við aðra verði þá og óbrotnust, ljósust og að jafnaði hreinust. Það er að okkar skoðun ðfug aðferð að einblína á þesskonar hjónabönd, sem við í stuttu máli viljum kalla ólags-hjúskap, þar sem bóndinn misbeitir stöðu sinni til að setja allt á höfuðið, og að gjöra þá skipun á um allan hjúskap, er æskileg kynni að vera til þess að vernda hag konunnar þegar slíkt ólag er á. Eðlilegast er að leggja til grundvallar hjúskap, þar sem þetta ólag á sjer ekki stað, sem vonandi er að telja megi undantekning, og þá mun fullur fjelagsskapur eflaust vera það fyrirkomulag, er bæði er rjettlátast og hagkvæmast fyrir bæði hjónin, ekki sízt fyrir konuna. Í hjúskap, sem menn byrja með litlum efnum á báðar hliðar, þar sem því hagur hjónanna byggist á atvinnu bóndans, á ástundun hans og giptu — og svo er um þorra hjónabanda hjá alþýðu manna og í miðstjettinni — væri sjereignarfyrirkomulag hættulegt og órjettlátt fyrir konuna, því í hjúskaparlok mundi þá jafnaðarlega fara svo, að bóndinn og erfingjar hans hrepptu allt sem til væri, en konan stæði allslaus uppi. Því venjulega mundu eigurnar reynast afrakstur af atvinnu bóndans við landbúnað, sjóferðir, handiðnað eða verzlun, og þótt heimilisstjórn konunnar hafi verið hin gagnlegasta og sparsemi hennar og ráðdeild mjög að þakka, að fje hefur dregizt saman, mundi þó eigi verða hægt að láta hana fá nokkurn hlut í þessu, ef um fullkomið sjereignarfyrirkomulag væri að ræða, er líka næði til þess, er aflast í hjúskapnum. Og þótt nú konan hafi lagt nokkuð fje til, þá er opt svo, að nauðsyn ber til að bóndinn fái ráð yfir því til þess að koma fótum undir þá atvinnu, er þau geti lifað af. Að eins þar sem konan leggur verulega mikið fje til að tiltölu, svo að það er nóg út af fyrir sig til viðurværis án tillits til atvinnu bóndans, eða þó í öllu falli samfara henni, getur verið ástæða til að tryggja framtíðina með því að halda því fyrir utan umráð bóndans og gjöra það óháð því, hversu fer um starf hans eða atvinnu. En þessi hjónabönd eru sannarlega svo örfá að tiltölu við þau, er fyr var getið, að þeirra gætir naumast. Það fyrirkomulag, sem gæti átt við í þeim, væri ósanngjarnt að gera að reglu fyrir hin. Eðlilegast virðist vera að fela það hjónunum sjálfum í þessum örfáu tilfellum eða foreldrum þeirra og fjárráðamönnum að tryggja fjeð með hjúskaparmála, lögfesting eða á annan hátt, en laga hina almennu reglu eptir þeim hjúskap, sem er algengastur. Að því er loks snertir þau hjónabönd, þar sem konan stundar sjálfstæða atvinnu við hlið manns síns, þá er að vísu svo, að það kemur nú optar fyrir en fyrrum, þó það og þekktist þá; en þau tilfelli eru óefað fá að tiltölu við þau hjónabönd, þar sem heimilisstjórnin ein er hlutverk konunnar. Það væri því ósanngjarnt þeirra vegna að fyrirskipa sjereign á því, er aflast í hjónabandi, sem almenna reglu fyrir öll hjónabönd; því að annars vegar mun atvinna konunnar jafnvel í þessum hjónaböndum optsinnis vera heldur lítil í samanburði við bóndans, og verður þá sjereign á atvinnuarði ekki hagkvæm fyrir hana, og hins vegar verður slíkt fyrirkomulag að minnsta kosti skaðlegt fyrir konuna í öllum þeim hjónaböndum, þar sem hún hefur enga sjerstaka atvinnu. Í þessu efni er víst ákvæðið í lögum 7. maí 1880, sem tekið er upp í frumvarp þetta, hið eðlilegasta og hagkvæmasta fyrirkomulag fyrir konuna. Það fjekk henni forráð fyrir atvinnuarði sínum, en gerði hann ekki að sjereign hennar, einmitt af því menn sáu, að ef atvinnuarður hennar ætti að vera sjereign, þá væri það eigi rjettlátt, ef sama væri eigi um atvinnuarð bóndans, en slíkt fyrirkomulag gæti eigi verið hagkvæmt fyrir hana.

Frumvarp þetta gerir því, eins og norsku lögin, ráð fyrir, að það sje aðalreglan, að hjón hafi allt í fjelagi, en að hægt sje að víkja frá þeirri reglu með hjúskaparmála. Hinar helztu breytingar á gildandi lögum, er farið er fram á, eru þessar:

að afnema ómyndugleik giptrar konu eins og norsku lögin gera, með því að láta hana í þessu njóta jafnrjettis við ógiptar konur; skerðir það að vísu eigi umráð bóndans

yfir fjelagsbúinu, en þýðing þess kemur fram í yfirráðum hennar yfir sjereign og þeim hluta fjelagsbúsins, er hún kann að fá við skipti á því,

að takmarka að nokkru leyti rjett bóndans til að ráða yfir fjelagsbúinu án samþykkis konunnar, að því leyti sem hægt er að gera þetta án þess að lama venjulegan atvinnurekstur,

að gera mönnum hægar fyrir að gera hjúskaparmála með því að afnema nauðsyn á staðfesting hans, er hann er gerður af hjónaefnum,

að setja nokkrar ákveðnar reglur um sjereign, þá er hún á sjer stað, svo að hægar verði að gera hjúskaparmála um þetta, þar sem þá er hægt að halda sjer til þess, er segir í lögunum, og óþarft að gera grein fyrir því í samningnum sjálfum,

að setja ákvæði um gjafir milli hjóna í hjúskapnum, og er ekki vanþörf á þeim, því að lög eru hjer alltvíræð og naumast svo hentug sem vera ætti, og loks

að gefa einkum konunni rjett á að fá fjelagsskapnum slitið og fjelagsbúinu skipt án þess að fram fari skilnaður að borði og sæng; fyrir þessu er hjer engin heimild í lögum og er þó mikil þörf á því til verndar konunni, enda er heimild fengin fyrir því eigi að eins í lögum Norðmanna frá 1888, heldur og í lögum margra annara landa.

1. gr.

Ef ekki á að fara fram á, að hjúskaparmálar sjeu því að eins gildir, að þeir sjeu gerðir í viðurvist notaríusar — sem algengt er í öðrum löndum, en virðist vera allt of ströng og óþjál krafa eptir því sem menn hafa vanizt hjer — virðist ekki ástæða til að heimta meira en að hann sje gerður skriflegur og undirritaður af báðum hjónum eða hjónaefnum, og um undirskript getur þá, ef þörf er á, d. l. 5—1—7 komið að haldi. En þessar formkröfur fyrir gildi hjúskaparmála virðist hins vegar ástæða til að heimta, því að hann verður ekki skoðaður rjett eins og hver almennur samningur, og ber því að vera sjerstök trygging fyrir fyrirhuguðu ráði og ákveðnum vilja þeirra, er hann gera, og til þess er hentugt að hann sje skriflegur og undirritaður af þeim. Að öðru leyti er ekki, að því er til sannana kemur, ástæða til að gera meiri kröfur en ella þykir nægja. Ef færa þarf sönnur á hjúskaparmála, verður að gera það samkvæmt þeim ákvæðum, er almennt gilda um skjalasannanir; að krefjast vitundarvotta sem skilyrði fyrir að hann verði talinn gildur, virðist engin ástæða til, og ef það ætti að eins að gera til þess að hafa sönnun fyrir honum, þá verður eigi sjeð, hvers vegna eigi mætti nota hverja aðra sönnun, er fengizt gæti. Það virðist því rjettast að láta menn sjálfráða um, hvort þeir vilji hafa þessa sönnunar-trygging, sem reyndar er mjög ófullkomin, eða ekki. Að við teljum þá trygging mjög litla, kemur til af því, að opt verður eigi þörf á neinni sönnun um hjúskaparmála fyr en eptir mörg ár, er annað hjóna fellur frá, og þá getur vel komið fyrir, að eigi sje lengur hægt að leiða vitundarvottana. Hins vegar getur ekki verið umtalsmál að skoða hjúskaparmála sannaðan með árituðum nöfnum tveggja vitundarvotta einum, ef eigi er hægt að leiða þá og eiðfesta. Það virðist því rjett, að lögin fari ekki fram á neitt annað en að hjúskaparmálinn sje skrifaður og undirritaður af hjónunum eða hjónaefnunum, en láti þau sjálfráð um, hvað annað skuli gera til þess að hafa sönnur á reiðum höndum, ef til kemur.

2. gr.

Það, sem segir í þessari grein, er ekki nema samkvæmt eðli málsins; það stendur ekki í neinu gildandi lagaboði, en má þó ef til vill þegar telja lögleitt. Það virðist auð-

sætt, að fjárráðamaður konu innan 18 ára aldurs hafi eigi vald til að gera hjúskaparmála fyrir hana, nema hún sje því samþykk; hjer er það því tekið fram með berum orðum.

3. gr.

Það verður að gera glöggan greinarmun á því, er útheimtist til þess að hjúskaparmáli, er gjörður er samkvæmt 1. og 2. gr., sje gildur og skuldbindandi fyrir hjónin sjálf og erfingja þeirra, og því, er útheimtist til þess að hann sje og skuldbindandi fyrir aðra menn. Um fyrri skilyrðin ræðir í þessari grein, um hin síðari í 5., 6., 8. og 9. gr.

Að því er snertir skuldbinding hans fyrir hjónin sjálf og erfingja, þá er hjer farið fram á þá verulegu breyting á gildandi lögum, að staðfesting skuli aldrei eiga sjer stað á hjúskaparmálum, er gerðir eru og þinglesnir á undan hjónabandinu. Eins og hennar er eigi krafizt, er svo á stendur, hjónanna eða erfingja þeirra vegna, eins er hennar heldur eigi krafizt vegna annara út í frá, en hagsmuna þeirra er gætt með þinglýsingum og áritun á skjöl, þegar því er að gegna, smbr. 5., 6., 8. og 9. gr.

Hins vegar þykir rjett að krefjast staðfestingar á hjúskaparmála, er gerður er í hjúskapnum. Þegar hann er byrjaður, fær annað hjónanna eptir algengri mannlegri reynslu hæglega það vald og yfirráð yfir hinu, að það getur fengið það til svo að segja hvers sem vera skal, og þessum áhrifum mætti hæglega misbeita, ef engin væri trygging gegn því, til hins mesta ógagns fyrir hinn veikari málsaðilann. Auðvitað verður það venjulega bóndinn, er í fjármálum fær slíkt vald yfir konunni, en hið gagnstæða getur þó átt sjer stað, þótt sjaldnar sje, að konan fái einsömul eða með stoð ættingja slíkt vald yfir manni sínum. Vissasta ráðið til að koma í veg fyrir þær misfellur væri að banna hvers konar breytingar í fjármálaskipun hjóna eptir að hjúskapur þeirra er byrjaður, eins og til dæmis á sjer stað að nokkru leyti í sænskum og frönskum lögum; en svo langt virðist eigi ráðlegt að fara. Það færi fyrst og fremst mjög í bága við þá heimild, sem vjer höfum hingað til haft til að gera og fá staðfesta hjúskaparmála eptir stofnun hjónabandsins, og sem verið hefur því nær takmarkalaus; en því næst verður því eigi neitað, að svo getur staðið á, að það sje báðum hjónum til sannarlegs hagsmunar og einkum alveg nauðsynlegt til löglegrar verndar konunni, að gerðar sje breytingar á þeirri fjármálaskipun, er hjónin höfðu frá upphafi búskapar síns, hvort sem það var hið venjulega fyrirkomulag eða önnur skipun samkvæmt hjúskaparmála. Sjálfsagt er, að gæta verður hagsmuna annara svo sem nauðsyn krefur og rjettlátt er, svo að þeir bíði eigi tjón af slíkum breytingum; en vegna hjónanna sjálfra verður að vera hægt að gera slíkar breytingar í hjúskap þeirra, að eins verður að fá trygging gegn því, að þeirri heimild verði misbeitt. En hversu má þá trygging fá? Eptir því sem til hagar hjá oss verður hún vart fengin á annan hátt en fyrir milligöngu yfirvalds. Það eitt mundi allsendis ónóg trygging að skipa konunni fjárráðamann og láta breytinguna vera komna undir samþykkt hans. Í reyndinni mundi sá fjárráðamaður verða valinn eptir uppástungu konunnar, og sje ráð fyrir því að gera, að hún sje háð áhrifum bónda síns, þá má auðvitað eins búast við, að hún sje það í þessu máli, og fær hann þá hæglega þann fjárráðamann fyrir hana, er honum verður auðsveipur; en auk þessa yrði engin trygging fengin með þessari aðferð fyrir því, að hagsmuna bóndans verði gætt, og er þó eigi fyrir það að taka, að á henni geti orðið þörf á stundum. Áreiðanlegan og óhlutdrægan dóm á málsatriðum mun eigi hægt að fá nema hjá yfirvaldi, er óháð er alveg málsaðilum og ættingjum, hvað sem á milli ber. En um það, hvaða yfirvald skuli til þess nota, þá gæti svo virzt í fyrsta augnabragði, að valdsmaður hvers staðar eða skiptaráðandi væri bezt til þess fallinn, þar sem þeir þekktu bezt eða ættu hægast með að kynna sjer hag og kringumstæður máls-

aðila. En móti þessu má það hafa, að þá gætu myndast mjög misjafnar rjettarvenjur í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum landsins. Einn valdsmaður eða skiptaráðandi yrði strangur og ófús á að samþykkja breytingar, annar hið gagnstæða, og þá færi hæglega svo, er síður skyldi, að það yrði komið undir bústað hjóna, hvort þeim tækist að gera breyting á skipun fjármála sinna í hjúskap sínum. Það mun því rjettast að fela þetta vald yfirstjórn landsins, þ. e. a. s. dómsmálastjórninni, því með því móti fengist trygging fyrir, að samkynja reglum yrði fylgt alstaðar, og með þeirri skipun mætti engu að síður hafa not af þekking óæðri yfirvalda á hag og kringumstæðum málsaðila með því að leita álits þeirra um hvert einstakt mál. Með þessu fyrirkomulagi mælir það og, að þá verður hinu forna og kunna formi haldið, þ. e. a. s. staðfesting hjúskaparmála, og er það í sjálfu sjer ávinningur og þess gætandi, að staðfestingin fæst ókeypis.

Þau hin sömu rök, sem mæla með því yfir höfuð, að fengin sje trygging hjá yfirvaldi gegn vanbrúkun, leiða og til þess, að þá trygging ber ávallt að hafa, þá er gera á breyting í hjúskapnum á því fjármálafyrirkomulagi hjóna, er þau höfðu er þau komu saman, hvort sem það var venjulegur fjelagsskapur eða önnur skipun samkvæmt hjúskaparmála. Það er auðsætt, að í hjúskapnum getur hinn minni máttar, sem venjulega er konan, eins vel orðið fyrir tjóni eða halla á þann hátt, að fjelagsskap, er á var frá byrjun, er slitið með hjúskaparmála bónda hennar í vil, eins og með því móti, að hjúskaparmála, er á var kominn með þeim fyrir hjúskapinn, er breytt eða hann af tekinn, með því að svo getur staðið á, þegar það er gert, að hún bíði eins vel halla af þeirri ráðstöfun, og því er það tekið fram í 1. gr., að slíka ráðstöfun verði að gera með hjúskaparmála og því á þann hátt, er lögin mæla fyrir um þá. Það virðist því alls engin ástæða vera til að fara að eins og gert er í 5. gr. norsku laganna, að láta krófuna um samþykki yfirvalds að eins ná til þess, er gera á viðbót við eða breyting á eða fella úr gildi hjúskaparmála, er gerður er á undan hjónabandinu, heldur leiðir það af rjettri hugsun, að krefjast verður samþykkis yfirvalds á hverri breyting, er gerð verður eptir stofnun hjónabandsins í fjármálaskipun hjónanna á milli, breytingar, sem venjulega ber að gera með hjúskaparmála, og í stjórnarfrumvarpinu til greindra laga var og farið fram á þetta. Heldur eigi virðist nein ástæða til, eins og 8. gr. norsku laganna gerir, að fara öðru vísi að með þá hjúskaparmála í hjúskap, þar er hjónin koma sjer saman um, að það skuli sjereign hvors, er það síðar eignast að erfð eða gjöf. Af slíkum samning getur og leitt, að hallað verði á annars hvors hluta. Til að sýna þetta þarf ekki nema að nefna það dæmi, að bóndinn fær konu sína til að gera slíkan samning þá, er hann getur sjeð fyrir, að hann muni brátt eiga mikinn arf í vændum, en hefur optsinnis áður látið renna inn í fjelagsbúið og þannig að nokkru leyti til sjálfs sín fje, er henni hefur hlotnazt að erfð.

4. gr.

Þessi grein hefur það aðalákvæði, sem er fylgt nú, að hjónin geti skipað fjármálum sínum eins og þeim sýnist með hjúskaparmála; af þessu leiðir þá og, að þau geti venjulega ákveðið það með fullu gildi fyrir sig og erfingja, að það eður það skuli vera sönnun fyrir, hvað hvort hefur lagt til eða aflað sjer, en auðvitað er, að slíkt ákvæði getur ekki haft gildi fyrir aðra, ef ekki annars er full sönnun í því eptir almennum lögum. Fyrir því, er ákveða megi í hjúskaparmála, er þeim þvínæst að eins sett hin almennu takmörk fyrir öllu samningafrelsi, sjá d. l. 5—1—2, og hin sjerstöku, er leiða af því, að hann verður að vera gefður eptir lögum þessum, og má því eigi hafa neitt það, er í bága við þau komi, enda þótt leyft sje í venjulegum samningum, sjá t. d. 15. gr., en getur hins

vegar haft ákvæði um hvað eina, er þau leyfa, enda þótt ólöglegt væri að setja í aðra samninga, sjá t. d. 2. kafla 20. greinar. Auðvitað eru þau þvínæst takmörkuð í fjármálaskipuninni af nauðsyn þeirri á staðfesting hjúskaparmála, er talað hefur verið um í næstu grein hjer á undan. Það verður eigi til fulls greint í lögum, hverjum reglum fylgja skuli um staðfesting eða synjun á henni. Einkum mun verða á það litið, að annað hjóna verði eigi fyrir vanmáttar sakir eða vankunnandi fyrir ósanngjarnri meðferð eða halla í hjúskaparmálanum, og mun þá, eins og áður er sagt, einkum verða litið á hag konunnar, en bóndans síður, þótt það og geti hent. Sjaldan mun þykja ástæða til að synja um staðfesting vegna manna út í frá, svo sem skuldheimtumanna, því hagsmuna þeirra virðist nægilega gætt í 5., 8. og 9. gr. laganna. En eigi ber þó með öllu að vera loku fyrir það skotið, að synjað verði staðfestingar þeirra vegna, t. d. þá er það er augljóst staðfestingarvaldinu af því er fram er komið í málinu, að hjúskaparmáli sá, er ræðir um staðfesting á, inniheldur ráðstafanir, er fara út fyrir þau takmörk, er sett eru í 5. gr.

Ennfremur er í þessari grein bannað að hafa í hjúskaparmála nokkur ákvæði, sem eru þess eðlis og svo víðtæk, að þau mundu ofurselja rjettindi annars hjóna hinu. Svo er um það ákvæði, að allar eigur annars hjóna skuli sjereign hins eða í þess eins umráðum, og því næst það ákvæði, að hið sama skuli vera um afrakstur af sjálfstæðri atvinnu annars hjóna. Með því að banna hið síðara ákvæðið, er loku fyrir það skotið, að konan geti afsalað sjer umráðum þeim, er lög 7. maí 1880 veita henni yfir því, er hún ávinnur sjer með sjálfstæðri iðn sinni, er óháð er eigum manns hennar og fjelagsbúinu. Af ákvæðinu um, að hjúskaparmáli megi eigi fá öðru hjóna öll umráð yfir öllum eigum hins, virðist leiða, að konan geti eigi, svo að gilt sje, fengið manni sínum óapturkallanlegt og ótakmarkað umboð til þess að ráða yfir eigum sínum, enda mætti að öðrum kosti gera svo að segja öll fyrirmæli laganna, eigum konunnar til tryggingar, einskis nýt.

5. gr.

Eptir að búið er í undanfarandi greinum að ræða um það, er útheimtist til að hjúskaparmáli geti haft gildi fyrir hjónin sjálf og erfingja þeirra, skal nú í þessum og næstu greinum rætt um skilyrðin fyrir því, að slíkur samningur sje og skuldbindandi fyrir menn út í frá, og er þá átt bæði við þá menn, er gera samninga við annaðhvort hjóna, venjulega bóndann, um þá muni, er í hjúskaparmála eru eignaðir hinu, og við skuldheimtumenn hjónanna, ef hjúskaparmáli fer fram á að varna þeim muna, er þeir annars kostar gætu tekið til lúkningar skuldum sínum.

Í fyrra kafla 5. greinar er tiltekið, frá hvaða tíma telja skal gildi hjúskaparmála gegn mönnum út í frá. Sje hann gerður fyrir hjónabandið, má útvega honum gildi gagnvart þeim frá stofnun hjónabandsins með því að þinglýsa honum áður. Sje hjúskaparmálum þinglýst síðar, fá þeir fyrst gildi gagnvart þeim, þá er þeim er þinglýst, hvort sem þeir eru gerðir fyrir stofnun hjónabandsins eða eptir. Það þarf ekki að leiða frekari rök að þessum reglum, þær eru samkvæmar gildandi lögum og eru bein afleiðing af tilgangi þinglýsinga.

Í síðari kafla 5. gr. er því svarað, hvað sagt sje með, að hjúskaparmáli hafi gildi gagnvart mönnum út í frá.

Það mun bezt að tala fyrst um það, er hjúskaparmáli er gerður eptir stofnun hjónabandsins, en sama verður að öðru leyti að segja um það, er hann að vísu er saminn áður, en hann fyrst þinglesinn eptir það. Sá er þá hjer hinn ríkjandi lagaskilningur, er kveðið er að í staðfestingarorðunum, að hjúskaparmálinn fái fyrst frá þinglýsingardegi gildi gagnvart mönnum út í frá. Þeir geta þá til þessa dags öðlazt rjettindi yfir þeim munum, er í hjúskaparmálanum eru gerð ákvæði um, með því að semja við það hjóna, er rjettur

var samningsaðili, áður en hann var gerður, og skuldum, er eldri eru en þinglýsingin, geta menn þá þrátt fyrir hjúskaparmálann gengið eptir í þeim munum, er það hjóna, er skuld er að, hefur ráðstafað til annara. Þessar reglur má þó óhætt segja að veiti mönnum út í frá, einkum skuldheimtumönnum, meiri vernd, en þeir eiga að rjettu skilið, og að þær hamli með því fjármálaskipun í hjúskap eða geri að minnsta kosti slíkar ráðstafanir allt af ótryggilegar. Við höfum því álitið, að við ættum að halda hjer nokkuð aðra leið, en hingað til, og færast nokkru nær því fyrirkomulagi, er Norðmenn hafa í lögum sínum frá 1888.

Við gerum ráð fyrir, að ekki sje ástæða til að líta á þinglýsing sem formskilyrði fyrir gildi hjúskaparmála, heldur sje þýðing hennar hjer hin sama og annarsstaðar í lögum vorum, einkum opnu brjefi 10. apríl 1841, sá, að leiða hjúskaparmálann í ljós fyrir menn út í frá, svo að þeir geti ekki lengur borið fyrir sig ókunnugleika um hann, og við setjum því fram svofelldar reglur:

Menn geta þrátt fyrir hjúskaparmála öðlast með samningum rjettindi yfir þeim munum, er ákvæði eru um í honum, þangað til honum hefur verið þinglýst, nema þeim sje á annan hátt kunnugt um hann; því að sú vitneskja, sem talin er fengin með þinglýsing hans, getur ekki haft meiri áhrif en áreiðanlega fengin vitneskja. Það má vitaskuld ekki gera ráð fyrir því, að menn út í frá þekki hjúskaparmála, áður honum hefur verið þinglýst, og það verður því eigi þeirra skylda að sanna ókunnugleika sinn, heldur hinna að sanna hið gagnstæða, ef þeir ganga í gegn. Menn geta víst fljótt orðið ásáttir um þetta.

Vandameira er að ákveða um stöðu skuldheimtumanna, er telja til skulda, er eldri eru en þinglýsing hjúskaparmálans. Ef skuld er yngri, hefur hann fullt gildi gagnvart skuldareiganda; það er samkvæmt gildandi lögum og þeirri reglu munu engir mótmæla og mun þó ekki vandalaust ætíð að framfylgja henni. Sjeu skuldir eldri, en þær stafa frá viðskiptum, þá er viðskiptamenn höfðu vitneskju um hjúskaparmálann, þá mun óhætt að setja menn þá í sama flokk og hina, er til skulda telja, er yngri eru en þinglýsing hans. En þá er um eldri skuldir er að ræða, og um þá skuldheimtumenn, er eigi er hægt að sanna á, að kunnugt væri um hjúskaparmálann, og ræðir hjer bæði um þær skuldir, er stafa frá viðskiptum, og um aðrar skuldir, svo sem skaðabótakröfur,— þótt eigi komi þá auðvitað til greina, hvort skuldareiganda væri kunnugt um hjúskaparmálann eða eigi, — þá álítum við að segja megi með rökum á þessa leið: þótt það hjóna, er skuldar þessum mönnum, láti með hjúskaparmála meiri eða minni hluta eigna sinna verða sjereign hins, er þeim þó eigi misboðið með slíkri ráðstöfun, ef það enn á nóg fyrir öllum skuldum sínum. Það verður þá eigi sagt, að skuldunautur hafi gert neitt, er skaði þá. Að vísu getur hann síðar orðið gjaldþrota og skuldheimtumenn hans beðið tjón af því, en hjúskaparmálinn getur þá eigi kallazt *orsök* til þess tjóns, heldur er það afleiðing af síðari ráðstöfunum hans og því ekki annað en það, sem skuldheimtumenn ávallt geta átt á hættu, er enga trygging hafa fyrir skuldum sínum. Af því sem nú var sagt leiðir, að skuldheimtumenn þeir, sem hjer ræðir um, eiga ekkert tilkall til þeirra muna, er það hjóna, er skuldar þeim, hefur látið hitt fá til sjereignar með hjúskaparmála, hafi það aðeins haldið svo miklu eptir, að nægði fyrir öllum skuldum, en eiga að öðrum kosti rjett á að ganga eptir skuldum sínum hjá hinu hjóna í fjármunum þeim, er það hefur fengið til sjereignar með hjúskaparmálanum, hafi þeir áður leitað borgunar hjá skuldunaut sínum, en eigi fengið. Hversu þetta fyrirkomulag farnast, og hvort hættulegt sje fyrir skuldheimtumennina, fer eptir því, á hverjum sönnunarskyldan er látin hvíla. Sje hún lögð á skuldheimtumennina og þeim því gert að skyldu að sanna það, að skuldunautur hafi gert sig gjaldþrota með ráðstöfunum sínum í hjúskap-

armálanum, þá yrði slíkt fyrirkomulag reyndar mjög hættulegt fyrir lánstraust manna á meðal, því að það mundi skuldheimtumönnunum venjulega alls eigi vera hægt að sanna, einkum þegar langt er liðið frá því hjúskaparmálinn var gerður, og það verður opt fyrst þá, að spurningin kemur fram. Og því má eigi gleyma, að langtum hættar er við vanbrúkun og svikum fyrir skuldheimtumenn af ráðstöfunum hjóna á millum, en af gjöfum og afhendingum til annara; því að meðan hjónin lifa saman, er bóndinn eigi, eins og þegar munir eru seldir öðrum, útilokaður frá að hafa not af þeim, er hann fær konu sinni, heldur nýtur hann þeirra með henni. Það getur því vel hugsazt, að einn eða annar atvinnurekandi, er berst mikið á og því getur opt haft mikil peningaráð, enda þótt hann, ef öllu er á botninn hvolft, reynist gjaldþrota, geri svo mikið af eigum sínum sem unt að sjereign konu sinnar, til þess að tryggja sjer þægilegt og áhyggjulaust viðurværi þegar óaldan skellur á, og skuldheimtumenn hans verða að láta sjer nægja með lítið eða alls ekkert og fara sumir hverjir enda á höfuðið fyrir bragðið. Það er því með öllu nauðsynlegt, að á því hjóna, er með hjúskaparmála ljet eigur sínar verða sjereign hins, hvíli sönnunarskyldan fyrir því, að það gerði sig eigi með þeirri ráðstöfun gjaldþrota. Að vísu getur opt orðið örðugt fyrir það að leiða rök að þessu, en það á þó hægar með það en skuldheimtumennirnir, og að minnsta kosti getur það um leið og það gerir hjúskaparmálann, búið svo um, að hagur þess verði þá sjeður, og þegar enginn efi getur í raun og veru leikið á um gjaldþol þess, mun naumast heldur verða neinn vandi á að leiða nægileg rök að því.

Í lögum Norðmanna frá 1888 er í 6. gr. mælt svo fyrir, að þegar svo er ástatt, sem hjer ræðir um, skuli gera skrá (Opgave), undirskrifaða og vottaða af tveim áreiðanlegum mönnum, er sýni haginn svo vel, að sjá megi, að fyrirhugaðar ráðstafanir í hjúskaparmála geri þann eigi gjaldþrota, er í hlut á. Í hinu upprunalega stjórnarfrumvarpi, er fór fram á, að staðfesta þyrfti alla hjúskaparmála, er gerðir væri í hjúskap, var ekki ætlazt til annars með skrá þessari, en að hún væri til leiðbeiningar fyrir staðfestingarvaldið, og er þartil aðeins að segja, að ákvæðið um hana virðist þá óþarft, þar sem staðfestingarvaldið hlýtur að hafa vald til að krefjast þeirra skýrslna, er það telur þörf á, en hins vegar ástæðulaust að leggja fyrir það, að heimta ætíð slíka skrá, er auk þess alls eigi er sagt að sje nein áreiðanleg sönnun. En eins og ákvæðinu um þessa skrá er komið fyrir í lögunum frá 1888, 6. gr., smbr. 7. gr., er það mjög óljóst, hvaða verksvið henni er ætlað; telst svo til, að hún sje eiginlega til einskis gagns, en geti hins vegar valdið töluverðum umsvifum, sjá H. Scheel: Um fjármál hjóna, bls. 204. Í þessu atriði er því eigi álitið rjett að fara eptir hinum norsku lögum, heldur bezt að láta sjer nægja með hin áður töldu ákvæði um sönnunarskylduna, er sje í sjálfu sjer næg trygging fyrir skuldheimtumennina, og svo sje hjónunum í sjálfsvald sett, hvort þau vilji til þess að geta fært sönnur á fjárhag sinn, gera slíka skrá yfir eignir og skuldir, og fá menn til að bera um hana, er síðar megi leiða sem vitni, ef á því reynist þörf.

Það verður sjálfsagt að gera eina undantekning frá hinni áður umtöluðu reglu, en hún er það fremur í orði kveðnu en í raun og veru, þegar sem sje hjúskaparmálinn hvorki inniheldur neina ráðstöfun á því fje, er þegar er fyrir hendi, nje fer fram á að láta það fara úr eign annars hjóna til hins, heldur er að eins um framtíðarafla, það er að segja um fje, er síðar kann að aflast, en engin heimting er á. Það verður eigi sagt, að annað hjóna eður hitt reyni á gjaldþol sitt með slíkum hjúskaparmála; þá er hann er gerður, er það með öllu óvíst, hvaða áhrif hann fái á gjaldþol þeirra, og fer það eptir því, hvernig fjárhagurinn verður, þá er fjeð aflast, sem eptir atvikum getur orðið mörgum árum síðar. Hjer má því segja líkt og áður, að ef skuldheimtumenn fá eigi fulla borgun, þá er það ekki hjúskaparmálanum að kenna heldur breytingum þeim, sem orðnar eru á

fjárhag skuldunauts. Hin merkustu dæmi uppá slíkan framtíðarafla til sjereignar eru erfðir og gjafir. Að skuldheimtumenn megi ekkert tilkall gera til „arfvonar«, er auk þess í fullu samkvæmi við ákvæði laga vorra um, að arfvon megi ekki selja, veðsetja nje fjárnámi taka; og það, sem ákveðið er um arf, er í vændum er, en eigi þegar fallinn, virðist og eðlilega eiga að gilda um gjafir, er kunna til að falla, en ekkert loforð er enn fyrir. Það er auðvitað, að slíkir hjúskaparmálar og þeir, er hjer ræðir um, verða eins og aðrir, er í hjúskap eru gerðir, að vera staðfestir til þess að geta haft gildi, smbr. 3. gr. frumvarpsins; og í þessu er þó falin nokkur trygging gegn augljósustu vanbrúkunum slíkra samninga eigi aðeins fyrir hitt hjóna, heldur og fyrir skuldheimtumennina; en slík vanbrúkun getur, að því er þá snertir, víst ekki átt sjer stað, nema þá er búast má við arfi eða gjöf þá og þegar, svo sem ef arfleifandi liggur fyrir dauðanum.

Þegar afleiðingar fyrir menn út í frá af hjúskaparmála, er þinglesinn er eptir stofnun hjónabandsins, eru látnar vera þær, er nú hefur sagt verið, verður og eðlilegt að heimfæra ákvæðin um það upp á hjúskaparmála, er gerður er og þinglesinn fyrir þann tíma. Að því er snertir samninga við þá um muni, er ákvæði er um í hjúskaparmálanum, þá eru þeir gildir, ef þeim hefur verið ókunnugt um hjúskaparmálann og hefur eigi verið gert aðvart með þinglýsing hans um, að hann væri til fyrirstöðu; það má enda gera samningana eptir að þinglýsing hefur fram farið eða eptir að mönnum var orðið kunnugt um hjúskaparmálann, en þá með því móti, að þeir missa gildi sitt, ef hjónabandið stofnast á eptir; það leysir þá upp. Að því er skuldheimtumenn snertir, þá munu það vera lög nú, að ef ekki hefur sett verið neitt skilyrði þeim til verndar, þá er hjúskaparmálinn var staðfestur — en slíkt getur eptir lögum þessum eigi komið til greina, þar sem hjúskaparmálar, er gerðir eru fyrir stofnun hjónabandsins, verða alls eigi staðfestir — þá geti þeir eigi gengið eptir skuldum sínum í eigum þeim, er skuldunautur þeirra hefur látið hitt hjóna fá til eignar með hjúskaparmálanum, nema þeim takist að koma við ógildingarreglum gjaldþrotalaganna. En eins og hin gildandi lög veita skuldheimtumönnum, eins og áður er sagt, allt of mikla vernd gagnvart hjúskaparmálum, er þinglýst er eptir stofnun hjónabands, eins er þetta hins vegar allt of lítil vernd fyrir þá gagnvart þeim hjúskaparmálum, er þinglýst er á undan því. Engin ástæða virðist vera til þess að gera þenna mun á skuldheimtumönnum, er telja til skulda, er eldri eru þinglýsing hjúskaparmálans. Það er líka, þegar hjúskaparmálinn er gerður fyrir hjónabandið, vel hugsandi, að skuldheimtumenn verði fyrir svikum af ráðstöfunum hjúskaparmálans af hálfu þess hjóna, er skuldar þeim, því ekki síður á hjer við, að afhendingin útilokar ekki afhendanda frá að njóta þess er afhent er, með hinu hjóna, er við tók. Það er í báðum tilfellum sama ratio legis til að krefjast þess, að afhendandi verði eins eptir afhendinguna fær um að standa í skilum, og eigi sá, er til skuldar telur, er eldri er þinglýsing, að öðrum kosti rjett á að ganga eptir skuld sinni í því, er afhent var hinu hjóna, hafi honum ekki tekizt að fá borgun hjá afhendanda; og þetta ber svo að vera ekki að eins þá er bú afhendanda er tekið til gjaldþrotaskipta, enda leiðir það og þegar venjulega af gildandi lögum, smbr. d. l. 5—14—46, 2. lið, og 28. gr. gjaldþrotalaganna, heldur og þegar skuldheimtumenn höfða einkamál, og ógildingarreglurnar því eigi koma til greina. Enda þótt þeir gætu komið því til leiðar, að bú afhendanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta — en það mundi opt reynast erfitt, ef eigi ómögulegt — þá er engin ástæða til að neyða þá til þess að fara þessa erfiðu leið til að ná rjetti sínum. Af því, er nú er sagt, er 2. kafli 5. greinar orðaður svo, eins og sjá má, að hann á við rjett manna bæði gagnvart hjúskaparmálum, er þinglýst er fyrir stofnun hjónabandsins, og gagnvart þeim, er síðar er þinglýst.

6. gr.

Þinglýsingar hjúskaparmála virðast eiga fara fram á varnarþingi bónda, og engin ástæða til að gera undantekning, eins og er í 3. gr. hinna norsku laga, þá er hjónin flytja ekki strax saman. Auk þess sem slíkt er mjög sjaldgæft, verður þess að gæta, að það hefur engin áhrif á fjármál þeirra sín á milli, þótt þau búi ekki saman. Umráð bóndans yfir fjelagsbúinu eru hin sömu, og rjettur hans til að skuldbinda það ekki háður sambúð þeirra. Það er því eðlilegt, að það sje þar sem bóndinn á varnarþing að leitað sje upplýsinga um, hvort brugðið hafi verið með hjúskaparmála frá reglum þeim, er gilda um hinn almenna fjelagsskap hjóna, þar sem það er í yfirráðum hans yfir búinu að gerðar verða í honum fleiri eða færri takmarkanir. Að eins þegar svo ber til, að bóndinn flytur ekki þegar þangað, er hjónin ætla sjer að setjast að, svo sem fyrir það, að þau fara í ferðalag eða geta enn þá eigi flutzt til síns nýja heimilis, er ástæða til að mæla fyrir, að þinglýsing skuli líka fram fara þar, er hann til þessa hefur átt varnarþing, því að næst liggur að leita upplýsinga þar, meðan hann er enn eigi í raun og veru fluttur á annan stað.

7. gr.

Þótt okkur sje ekki ókunnugt um hina ýmsu ókosti, er á eru því fyrirkomulagi, að nota þinglýsingar til að gera almenningi eitthvað kunnugt, álítum við þó rjettast að hafa þá birtingaraðferð fyrir hjúskaparmála meðan hún enn er hin almenna birtingaraðferð að lögum. Það er ekki meira að henni að finna þar en annars staðar, þar sem eigi er um fasteignarrjettindi að ræða, t. d. við veðsetning á lausafje og úrskurði um að svipta menn fjárforráðum. Það hefur og ætíð sína kosti að halda þeirri birtingaraðferð, er menn hafa vanizt, og er líka óhentugt og villandi fyrir almenning að hafa mismunandi birtingaraðferðir þar sem ástæðulaust er að gera mismun. Ef þinglýsingar skyldu einhvern tíma verða afteknar og í þeirra stað sett önnur birtingaraðferð, t. d. bókunaraðferðin, þá væri rjett að breyta eins um eptir föngum fyrir hjúskaparmála, en fyr ekki. Frumvarpið fer því fram á, að það sje, eins og áður, þinglýsing hjúskaparmálans, er ráði gildi hans gagnvart mönnum út í frá. En jafnframt þessu stingum við í grein þessari upp á því nýmæli, er við teljum nytsamlegt, að í hvert sinn er hjúskaparmála er þinglýst, skuli dómritari senda um það skýrslu til þeirrar skrifstofu, er dómsmálaráðaneytið tiltekur í Kaupmannahöfn; skuli í skýrslunni að eins tilgreina nöfn hjónanna eða hjónaefnanna, þinglýsingardag og svo auðvitað lögsagnarumdæmið. Á svo eptir skýrslum þessum að halda skrá á skrifstofunni yfir alla hjúskaparmála í landinu, er þinglýst hefur verið. Skráin skal að eins greina nöfn málsaðila og heimili, þinglýsingardag og lögsagnarumdæmi, og teljum við þá eigi ógjörlegt að halda slíka skrá, að minnsta kosti ef aukið er nokkuð aðstoðarfje til hlutaðeigandi skrifstofu; en hins vegar yrði ógjörningur að skrá allt innihald samninganna. Tilgangurinn með þessu er sá, að ef maður getur sagt nokkurn veginn rjett til um, hvenær hjón hafi giptzt, þá sje á einum stað hægt að fá upplýsing um, hvort þau hafi gert hjúskaparmála, og ef svo er, hvar þá megi fá vitneskju um innihald hans. Menn verða svo að snúa sjer til hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis og nefna þinglýsingardaginn og fá svo útskript úr veðmálabókinni, þar sem hjúskaparmálinn, sje hann þinglesinn, hlýtur að vera innfærður, nema menn vilji reiða sig á, hvað hjónin segja sjálf um fjármálaskipun sína, eða þeir geri það að skilyrði fyrir að hafa viðskipti við þau, að þau sýni þeim samninginn, sem þeir vita þá, að til er. Þetta fyrirkomulag mun einkum reynast hentugt, þegar hjónin hafa opt skipt um bústað og verið í ýmsum lögsagnarumdæmum, og mun gera það óþarft að krefjast þess, sem annars gæti komið til mála, að þinglýst sje hjú-

skaparmála hvert sinn sem hjón skipta um varnarþing, eins og skipað er fyrir í tilsk. 28. júlí 1841, en sem mundi reynast hættulegt fyrir hagsmuni konunnar, þar sem hún mundi eiga erfitt með að sjá um, að slíkt yrði gert, og gæti því sviptzt þeim hagnaði, er hjúskaparmálinn heimilar henni, fyrir gleymsku manns hennar eður máske fyrir það, að hann hefur viljandi látið fyrir farast að þinglýsa samningnum að nýju.

Þess þarf naumast að geta, að gildi hjúskaparmálans gagnvart öðrum er þó að eins komið undir þinglýsingunni, og að það fyrirkomulag, er hjer er nefnt, miðar að eins til þess að gera mönnum hægra fyrir að fá vitneskju um hjúskaparmálann, og má margt tilnefna líkt þessu í öðrum lögum vorum, svo sem opið br. 10. apríl 1841, 1. gr., og hina ýmsu birtingarmáta á lögum og tilskipunum, er áður áttu sjer stað jafnframt þinglýsingunni, er var sú birtingaraðferð, er skuldbindandi var fyrir alla.

8. gr.

Til þess að hjúskaparmáli geti haft áhrif á samninga um fasteignir, verður að þinglýsa honum á varnarþingi eignarinnar og taka hann upp í dálk hennar í veðmálaregistrinu. Það leiðir af þinglýsingarreglum vorum um fasteignir, að það verður að geta sjezt á dálki eignarinnar í veðmálabókinni, hvort hin lögheimiluðu yfirráð yfir henni sje á nokkurn sjerstakan hátt takmörkuð. Hver einn hefur rjett til að álíta, þegar hann sjer vígsluvottorð hjóna, að fasteignir þær, er konan hefur lagt til búsins eða síðar eignazt, sje í umráðum manns hennar, og ef takmarkanir á þeim eiga að hafa gildi gagnvart mönnum út í frá, verða þeir að geta fengið vitneskju um þær af dálki eignarinnar eða af veðmálabókarvottorði, og þeir eiga eigi til þess að þurfa að skoða mannaregistrið við varnarþing bóndans.

Að því er til skuldheimtumanna kemur, þá fer um rjett þeirra til þess að halda sjer til fasteignanna eptir hinum almennu reglum, er að framan getur. Sje hjúskaparmálinn því þinglesinn eins og fyrir er mælt í 6. gr, er þeim varnað þess, sjeu skuldir þeirra yngri en þinglýsingin, en sjeu þær eldri, fer eptir því, hvort það hjóna, er afhent hefur hinu með hjúskaparmála fasteignir, átti nóg eptir fyrir öllum skuldum sínum; var eigi svo, geta skuldheimtumennirnir náð til fasteignanna, annars ekki.

21. grein hinna norsku laga mælir svo fyrir, að til þess að lausafje, er konan á að sjereign, geti orðið varið fyrir skuldheimtumönnum bónda hennar eður þeim, er hann hefur afhent, veðsett eða leigt þá muni, og var eigi, svo að sannað verði, kunnugt hið sanna, þá verði að haga svo til, að það sje aldrei í vörzlum hans; en þareð leiða mundi af þessari reglu, að húsgögn og aðrir þeir munir, sem konan hefur til afnota, mættu aldrei, ef sjereign hennar væru, vera á hinu sameiginlega heimili hjónanna, og yrðu því gagnslausir fyrir hana, eru í 22. gr. gerðar svo margar undantekningar frá greindu fyrirmæli í 21. gr., að það er því nær þýðingarlaust. Fyrst eru undanskilin skuldabrjef, ábyrgðarskírteini og hlutabrjef, er henni eru ánöfnuð, áhöfn og amboð jarðar, er hún á að sjereign, íveruföt hennar, rúmföt og skartgripir, og er þetta þrent mjög eðlilegar undantekningar; en því næst eru undanskildir þeir munir hennar, er hún er vön að geyma í læstum hirzlum, ennfremur húsgögn og aðrir afnotamunir, þegar yfir þá er í viðurvist votta gerð skrá af báðum hjónum með nöfnum þeirra undir, og sje síðar viðbætt eða úrtekið, þá sje það og gert í votta viðurvist. Við höfum ekki viljað fara fram á nein slík fyrirmæli, því að við álítum að af þeim muni stafa meiri vandi og vafi í daglegu lífi en gagn. Ættu þau að verða mönnum að nokkru haldi, yrðu að fara fram svo umsvifamiklar rannsóknir, einkum á skrám þeim yfir húsgögn og aðra muni, er getur í 22. gr.,

staflið d, áður en þeir geti árætt að kaupa eða leigja nokkurn slíkan hlut af bónda, að þeir mundu venjulega, er til kæmi, kjósa heldur að sleppa þeim rannsóknum í trausti til þess, að hann segði þeim satt frá, og að því er snertir undantekninguna í 22. gr., stafl. c, þá verður eigi sjeð, hvernig menn út í frá ættu að geta vitað eða fengið upplýsing um það, nema með óþægilegri rekistefnu, hvort kona væri »vön« að geyma einhvern hlut í lokaðri hirzlu, ef hún þó gerði það eigi ætíð. Annars vegar virðast þessi fyrirmæli gagnslítil til verndar mönnum, hins vegar myndu þau verða hjónunum til mikilla umsvifa í daglegu lífi, einkum skráarhaldið á húsgögnum og munum, er getur um í 22. gr., stafl. d, einkar erfið fyrir allan þorra þjóðarinnar, þar sem penni og blek er haft lítið með höndum, Eins og hin norsku lög, að því er snertir lausafje í sjereign bóndans, láta sjer nægja að krefjast þess til verndar honum, að færðar sjeu sönnur á, að sjereign hans sje, svo virðist eins mega fara að um lausafjársjereign konunnar, og það því fremur, sem slík sönnun er bæði í 31. gr. hinna norsku laga og í lögum vorum frá 7. maí 1880 látin nægja til þess, að afrakstri af sjálfstæðri atvinnu giptrar konu og þeim munum, er hún útvegar sjer fyrir sjerafla sinn, verði haldið fyrir utan yfirráð manns hennar og varið fyrir lögsókn skuldheimtumanna hans, hver sem í hlut á.

9. gr.

Það þarf naumast að færa rök fyrir því, að til þess að hjúskaparmáli geti haft áhrif á viðskipti manna um skuldabrjef, hlutabrjef, ábyrgðarskírteini og önnur eins skjöl, verða þau að hafa fengið áritun um hann. Að því er snertir lögsókn af hálfu skuldheimtumanna, þá er um það líkt að segja og sagt er um 8. gr.

10. gr.

Í þessari grein er farið fram á þá breyting á gildandi lögum að afnema ómyndugleik giptra kvenna þannig, að um myndugleik þeirra fari hjeðan af sem um myndugleik ógiptra. Eigi er ætlazt til að þessu sje samfara nein takmörkun á rjetti bónda til þess að ráða einn yfir fjelagsbúinu, smbr. 11. gr., því að þessu leyti stendur á sama, hvort konan er ómyndug eða myndug; aptur á móti fær breytingin gagngerð áhrif á stjórn á sjereignum hennar og á rjett hennar til að skuldbinda sjálfa sig, það er að segja svo, að niður geti komið á fjárhluta hennar úr fjelagsbúinu, þá er því verður skipt, og á því, er henni kann að aflazt eptir að hjúskap er lokið. Gipt kona verður þá, eptir grein þessari, fullveðja, er hún er fullra 25 ára, hálfmyndug 18 ára og hefur þá tilsjónarmann, en er ómyndug allt þangað til. Meðan svo er, stendur hún þá undir venjulegu fjárforræði, sem er sitthvað og fjárforræði bónda hennar, eins og nú er, þar sem það er hvorki háð tilsjón af hálfu yfirfjárráðamanna, nje því samfara nein reikningsskaparskylda eða þess háttar; sjereignum hennar verður að stjórna eptir sömu reglum og eigum ómyndugrar konu ógiptrar, og af því leiðir meðal annars, að peningaeign hennar skal venjulega komið fyrir í yfirfjárráðastofnuninni, og fyrst útborguð henni með tilsjónarmanni, er hún er orðin 18 ára; um tilsjónarmennskuna fer eptir hinum almennu reglum. Að því er snertir persónulegan myndugleika giptrar konu, þá kemur hann ekki lögum þessum við, en við ætlumst til, að það haldist, er hingað til hefur verið lög, að gipt kona sje sjálfráð á hvaða aldri sem er.

Það hefur þótt rjett að taka það fram, að hægt sje að skipa bónda hvort heldur er tilsjónarmann eða fjárhaldsmann konu sinnar, nema hvað skipa verður auðvitað annan í hans stað, þá er ræðir um þesskonar gjörðir, er koma honum við; hins vegar hefur eigi þótt rjett að láta hann eiga neina heimting á að verða kosinn, eða tekinn t. d. fram yfir ættingja, er til fjárhalds eru bornir að lögum; það verður því komið undir áliti

skipunarvaldsins, hvort hann skuli kosinn eða annar. En sje hann til þess kosinn, verður hann bundinn hinum sömu reglum og aðrir tilsjónar- eða fjárhaldsmenn; sje hann hið fyrra, getur hann bakað sjer ábyrgðar til skaðabóta fyrir vanrækslu á skyldum sínum, og sje hann hið síðara, stendur hann undir tilsjón af hendi yfirfjárráðamanna, er sömu takmörkunum háður sem aðrir fjárhaldsmenn í samningum fyrir hönd hins ófullveðja, þarf á stundum samþykki æðri yfirvalda, er skyldur til reikningsskapar og því um líkt.

Eigi er ætlazt til, að gerð verði nein breyting á rjetti þeim, sem víst má álíta að giptar konur hafi til að ráða yfir afrakstri af sjálfstæðri atvinnu sinni, er óháð er fjelagsbúinu, á hvaða aldri sem er, smbr. lög 7. maí 1880; en óþarft er að taka þetta fram, með því að það leiðir af hinum almennu reglum um rjett manna innan lögaldurs til að ráða fyrir því, er þeir afla sjer sjálfir.

Breyting sú á gildandi lögum, sem grein þessi inniheldur, er víst þýðingar- og áhrifamesta breytingin, sem í frumvarpinu felst. Af henni leiðir ekki einungis það, að konan verður venjulega einráð um meðferð á sjerafla sínum, og þarf engan um það að spyrja, smbr. þó 20. gr., 2. kafla, er síðar mun verða rætt um; en breytingin verður og þýðingarmikil, þótt um fullan fjelagsskap sje að ræða, því þótt umráðin yfir fjelagsbúinu sje í höndum bóndans eins, meðan fjelagsskapurinn stendur, og konan geti hvorki, meðan svo er, ráðið þar neinu, nje skuldbundið það — sjá þó undantekninguna í 13. gr. — þá gætir þó myndugleika hennar í því, að skuldbindingum þeim, er hún tekst á hendur, má fá fullnægt í fjárhluta hennar úr fjelagsbúinu, þá er því verður skipt, og er með ákvæðum 15. greinar, er síðar getur um, reynt að tryggja hana gegn óskyggilegum afleiðingum af þessu.

11. gr.

Í þessari grein er fyrst upptekin sú meginregla, að umráðin yfir fjelagsbúinu sje í höndum bóndans eins; að hann hafi þvínæst venjulega sjálfur ábyrgð á skuldum og skyldum fjelagsbúsins, nema í þeim alveg sjerstöku tilfellum, þar sem þær hvíla á konunni, smbr. 13. gr., 2. kafla, mun óþarft að taka fram. Það má að vísu gera undantekningar frá þessari meginreglu, en hins vegar ekki hægt að gera neina aðra skipun að aðalreglu. Að láta rjett bóndans til að ráða fyrir fjelagsbúinu og til að skuldbinda það, vera venjulega kominn undir samþykki konu hans, mundi í allflestum tilfellum verða til þess að fyrirmuna honum eða lama mjög atvinnurekstur þann, sem á að vera stoð heimilisins. Ef samningar og viðskipti bóndans við menn út í frá ættu eigi að vera gildir nema sannað yrði, að konan hefði samþykkt þá, þá yrði ógerandi fyrir hann að stunda verzlun, verksmiðjuiðnað eður annan iðnað, og eins landbúnað, er nokkuð kvæði að; og þar sem konan mundi að jafnaði bera of lítið skyn á þau mál eða hafa of litla þekking á þeim til þess að álit hennar um, hvort þau eða þau viðskipti ættu að eiga sjer stað, geti komið að nokkru verulegu haldi, verður heldur eigi sjeð að neitt gagn væri í rauninni að því, að áskilja samþykki hennar til þeirra hluta. Það yrði og venjulega fengið rjett formsins vegna, því að hún mundi alloptast reiða sig á bónda sinn eða mundi að minnsta kosti ekki vilja eiga það á hættu að baka sjer reiði hans eða óánægju og spilla svo samlyndinu með synjun sinni; en þegar ósamlyndi einu sinni væri komið upp milli hjóna, mundi nauðsyn á samþykki hennar hæglega verða rótin til ertinga af hennar hálfu, og tálmun fyrir því, að bóndi hennar geti ráðstafað málunum haganlega.

Að vísu geta verið þeir samningar, er annað hvort hafa svo mikilsvarðandi áhrif á alla frambúð hjónanna eða á heimilishag þeirra, að eðlilegt væri að konan hefði atkvæðisrjett um þá; en það er með öllu ógerandi að tiltaka svo lagaðan almennan mæli-

kvarða fyrir þá samninga, að mönnum út í frá yrði hægt að sjá í hvert skipti, hvort áskilið sje að lögum samþykki konunnar eða eigi, en slíkt yrði þó að vera hægt, fyrst gildi samnings á að vera komið undir því samþykki, þar sem það er áskilið, ef komast á hjá þeim afleiðingum, sem verri eru, að menn verði hræddir við að hafa viðskipti við kvongaðan mann, svo að hann engum samningum getur náð við þá. Að viðhafa almennan stærðarkvarða, t. d. láta það fara eptir virði þess, er í samningnum er, hvort samþykki konunnar skuli til koma, væri með öllu óhafandi, og sjest það bezt á því, að vegna hins afarmikla mismunar á lífskjörum manna yrði það talið mikilsvert í einu hjónabandi, er lítilsvert yrði talið í öðru, og auk þess yrði opt vandi um það að segja, er verið væri að gera samning, um hve mikið fje þar sje að ræða.

Eigi því nokkuð að undanskilja frá meginreglunni, að bóndi hafi einn umráðin yfir fjelagsbúinu, þá verður að sjá svo um annars vegar, að eigi sjeu fráskildir þesskonar samningar, er honum er nauðsynlegt atvinnu sinnar vegna að geta ráðið einn, eptir því sem honum þykir hentast, eða sem nauðsyn er á að mega ráða að vörmu spori til lykta, og hins vegar sje vandalaust fyrir menn að vita, hvort samþykki konunnar sje nauðsynlegt til þess samnings, er ræðir um, sje gildi hans undir því komið.

Hjer kemur þá fyrst til greina, hvort rjett sje að undanskilja samninga um fasteignir. Engin ástæða er til að áskilja samþykki konunnar til þess, að bóndinn megi ráða yfir fasteignum, er hann hefur sjálfur lagt til fjelagsbúsins. Aptur á móti getur verið ástæða til að áskilja samþykki hennar, þá er um afdrifamikil yfirráð yfir þeim fasteignum er að ræða, er hún hefur lagt til fjelagsbúsins, en þó eigi nema eignarskjölin sýni, að svo sje, svo að menn út í frá geti fengið að vita það með því að hyggja að í dálki eignanna í veðmálabókunum. Í 14. gr. hinna norsku laga er þessu skilyrði eigi bætt við, svo að greinin á við allar fasteignir, sem konan hefur lagt til, þótt eignarskjölin beri eigi eignarnafn hennar; en eigi verður á þetta fallizt; því að ef menn geta eigi með því að hyggja að í dálki eignarinnar sjeð það, að það er konan, sem lagt hefur fasteign til fjelagsbúsins, og ef ekkert hefur þinglesið verið, er takmarki umráð bóndans yfir henni, þá á þeim að vera heimilt að gera ráð fyrir því, að þessi eign sje eins og annað í fjelagsbúinu í venjulegum umráðum bóndans. Heldur eigi virðist rjett að fara svo langt í því að takmarka umráð hans yfir fasteignum þeim, er kona hans hefur lagt til fjelagsbúsins, að banna honum að leigja þær eða byggja öðrum með venjulegum skilmálum og fyrir venjulegan tíma nema með samþykki konunnar, en nóg virðist að banna honum án samþykkis hennar að afhenda eður veðsetja þær og svo að leigja þær öðrum fyrir óvenjulega langan tíma eða með þyngri kostum og kvöðum fyrir eiganda en venja er til um slíka leigumála. En ekki virðist okkur, eptir því sem til hagar nú, nein ástæða til að láta þetta ákvæði ná að eins til fasteigna til sveita, eins og 14. gr. hinna norsku laga gjörir, heldur á það og að gilda um kaupstaðaeignir án tillits til þess, hvaða afnot menn hafa af þeim.

Þegar við þar næst stingum upp á, að bóndi skuli fá samþykki konu sinnar til þess að geta ráðstafað skuldabrjefum og öðrum verðbrjefum, er hún hefur lagt til fjelagsbúsins og bera hennar eignarnafn, þá innifelst í því veruleg takmörkun á umráðum hans, er eigi er í norsku lögunum. Á þeim verðbrjefum geta viðskiptamenn sjeð, hvernig á stendur, þeir eiga því hægt með að vara sig, og fyrir konuna er þetta góð trygging, því nú um stundir er það fje, er hún leggur til, einmitt mjög opt skuldabrjef og önnur verðbrjef. Það er vitaskuld, að þegar bóndi hennar má ekki nema með samþykki hennar afhenda, veðsetja eða kvitta fyrir þessi brjef, þá getur hann heldur ekki afmáð nafn hennar til þess að setja sitt nafn í staðinn eða láta verðbrjefið verða handhafabrjef nema með samþykki hennar, enda þótt það annars væri leyfilegt.

Vegna manna út í frá verður heimild hennar til að ripta gjörðum þeim, er hjer ræðir um, að vera bundin við tiltekinn tíma, og því er farið fram á, að henni sje gefinn til þess eins árs frestur frá þinglýsing samningsins, sje hún skilyrði fyrir gildi hans og annars frá því er hann var gjörður. Noti hún ekki þenna frest, á viðskiptamaður sá, er í hlut á, að hafa rjett til að líta svo á, að hún vilji eigi ripta samningnum, enda þótt hún hafi eigi verið honum samþykk frá upphafi.

Enn er ein takmörkun á umráðum bónda yfir fjelagsbúinu, er hægt er að setja án þess að ganga of nærri rjetti hans til að ráða því til sameiginlegra þarfa, og er hjer átt við rjettinn til gjafa af fjelagsbúinu. Það verður eigi sagt að hann þurfi í þessum efnum að hafa frjálsar hendur, og það er eðlilegt, að honum sje eigi leyft að sóa burt í gjöfum án leyfis konu sinnar öllum sameignum hjónanna eða miklum hluta þeirra; en hins vegar er eigi rjett að banna honum að gefa hvað smáar gjafir sem eru, nema hún samþykki, enda væri slíkt og harla ósanngjarnt, þar sem í fjelagsbúinu er margopt lítið annað en það, sem hann hefur aflað. En hjer er mikill vandi að setja ákveðin takmörk, hvort heldur með tiltekinni upphæð eða að tiltölu. Tiltekin upphæð, svo sem 1000 kr. eða því um líkt, yrði allt of lítil í stórbúum, of há í smábúum. Hlutfallstala er öðrum vanda bundin, eins og dæmi hinna norsku laga sýnir, er lesa má nánar um í umgetnu riti H. Scheels, bls. 44 o. s. frv. Við álítum þó að siglt verði milli skers og báru á þann hátt, er við förum fram á, þar sem við viljum eigi láta bónda mega gefa á einu ári fram úr 5 hundruðustu af skuldlausri eign fjelagsbúsins við næstu árslok á undan, nema kona hans samþykki. Eigi verður alveg sneitt hjá gjörræði, hvernig sem menn vilja setja takmörkin, og við skulum fúsir kannast við, að hægt væri að hugsa sjer mörg önnur takmörk en þessi. Nú er það vitaskuld, að sá er gjöf þiggur, getur eigi vitað, hvort innan takmarka sje gefið, og stoðar því eigi að láta konuna mega ónýta gjafaráðstöfunina, heldur láta hana að eins eiga rjett á skaðabótum af sjereign bónda síns eða hluta hans úr fjelagsbúinu, þá er skipti fara fram. Hjer verður og að hafa hæfileg tímatakmörk fyrir þessum rjetti konunnar gagnvart bónda sínum eða erfingjum hans, svo að ef hún hefur eigi neytt hans innan þessa tíma, skal svo líta á sem hún hafi samþykkt gjöfina. Konan á að geta, hvort heldur hún vill, krafizt skaðabóta þegar í stað af sjereign bóndans, eða beðið með kröfu sína þangað til skipti fara fram á fjelagsbúinu, af hvaða ástæðu sem er, en þann kost á hún þó auðvitað einn, ef bóndi hennar á enga sjereign, sem opt mun vera. Hafi bóndi hennar til dæmis að taka gefið 1000 kr. meir en hann mátti án samþykkis hennar, þá getur hún, ef hún vill bíða þangað til skipti fara fram á fjelagsbúiuu, krafizt 1000 kr. af því fyrirfram sem andvirðis fyrir sinn hluta af því er gefið var; sjeu bætur borgaðar þegar úr sjereign bóndans, verða þær í þessu dæmi 1000 kr., er renna inn í fjelagsbúið, því að það var sú upphæð, er hann hafði ólöglega af því tekið, og með henni bætist því búinu upp í skarðið, svo að það verður eins og það var áður.

Í 3. hluta greinarinnar er ákveðið, að konan geti í stað þess að ripta samning samkvæmt 1. hluta hennar krafizt skaðabóta af sjereign bónda síns eða af hans hluta fjelagsbúsins, þá er því verður skipt, á sama hátt og segir í 2. kafla greinarinnar.

Í 14. gr. hinna norsku laga er sjerstakt ákvæði um afgjaldseyri (Føderaad) þess efnis, að samþykki konunnar þurfi að fá til allra þeirra samninga, er bóndi hennar útvegar sjer eða henni afgjaldseyri fyrir fje fjelagsbúsins eða afsalar sjer fyrir hennar hönd afgjaldseyri, er henni hefur verið útvegaður. Við sjáum ekki neina ástæðu til þess að hafa sjerstakar reglur um afgjaldseyri frekar en um aðra framfærslusamninga, svo sem einkum lífeyrissamninga. Það sem einkennir afgjaldseyrissamninga er, að fasteign er seld til framfæris öðru hjóna eða báðum, þannig að þau njóta ársstyrks í peningum eða landaurum; venjulega er og þessi

fasteign að vísu mestur hluti af eigum afgjaldseyrings, en eptir hugmyndinni þarf það þó eigi svo að vera, nje heldur hitt, að afgjaldseyririnn sje einasta viðurværi þess, er hans nýtur, eða mestur hluti þess. Eins getur verið um lífeyris-samninga, að njótandi hafi til þess að útvega sjer hann, varið mestu af eigum sínum, og að hann sje aðalviðurværi hans. En þar sem við álítum eigi rjett nema á þann hátt er segir í 24. gr., er síðar verður rætt um, að hafa neinar sjerstakar reglur um rjett bónda til að verja fje úr fjelagsbúi til þess að útvega sjer eða konu sinni lífeyri eða aðra framfærslu fyrir lífstíð, teljum við eigi heldur ástæðu til að gera það, að því er til afgjaldseyris tekur.

En öðru máli er að skipta um arfsal; þeir samningar eru miklu víðtækari, og mun því rjett að láta ákvæðið í d. l. 5—1—10 standa óhaggað, enda þótt það muni nú örsjaldan koma fyrir, að menn seljist arfsali á þann hátt, er lögin tala um.

12. gr.

Það er samkvæmt gildandi lögum, sem hjer er ákveðið, að bóndi tekst með hjónabandinu á hendur ábyrgð á skuldbindingum þeim, er kona hans hefur gengizt undir eða bakað sjer, áður þau komu saman, svo að leita má borgunar eigi að eins í eigum fjelagsbúsins, og því næst í sjereign hennar sem auðvitað er, þar sem hún hættir eigi með hjónabandinu að vera skuld bundin sjálf, heldur og í sjereign hans. En þetta á þó, eins og hingað til, því að eins stað, að annað sje eigi um samið í kaupmála, er þau hafa gjört með sjer fyrir hjúskap sinn og látið þinglýsa.

13. gr.

Hjer ræðir um, á hvern hátt konan geti skuldbundið fjelagsbúið. Um rjett hennar til þess að skuldbinda mann sinn og með því móti fjelagsbúið með samningum, þá álítum við að standa megi þau ákvæði er nú eru lög, eins og þau hafa um langan aldur verið skýrð og skilin á nokkurn veginn sama hátt af dómendum, enda mun mega telja þá niðurstöðu eðlilega, er menn eru komnir að í þeim greinum. En ef svo er, þá mun hentast vera hjer í þessum lögum að nefna að eins þessi ákvæði, en það eru d. l. 5—1—13 og 7. gr. í tilskipun 11. september 1839. Að taka þau orðrjett upp er ekki til neins, leikmenn verða eigi með því til fulls fróðir um, hvað lög eru, því að vandinn er um það að segja, hvenær hægt sje að álíta, að samþykki bónda sje fyrir hendi, eður og að það sje til »sameiginlegs gagns og óumflýjanlegra þarfinda« að skuld er stofnuð; hins vegar mundi erfitt mjög að telja upp allar þær reglur, er í dómum hafa leiddar verið út úr ákvæðum þessum, og aldrei yrði sú upptalning fullkomin, og með því yrðu leikmenn engu fróðari en þó þeim sje rjett bent á hin gildandi ákvæði eins og þau eru, þar sem svo opt er búið að hafa þau um hönd, að þeim er orðið æði kunnugt um, hvernig þau eru skilin. Sízt af öllu skyldi ráða til að fara að eins og Norðmenn hafa gert, að tilgreina hin gildandi lög hjer á ónákvæman hátt, nema þá að tilgangurinn sje að breyta þeim um leið, en til þess var leikurinn eigi gjörður hjá þeim.

Auk d. l. 5—1—13 er skýrskotað til tilskipunar 11. sept. 1839, 7. gr., og er það af því álitið er, að þar sje eptir líkingareglum heimild fyrir því að kona geti skuldbundið fjelagsbúið með fjárráðamanni, er manni hennar er skipaður, eigi að eins þegar hann er horfinn svo að menn vita eigi, hvar hann er, heldur og þegar menn vita það að vísu, en hann er svo langt í burtu, að ekki verður beðið eptir því að ná í samþykki hans.

Eptir gildandi lögum getur konan þannig skuldbundið fjelagsbúið í þeim tilfellum, er nú hefur sagt verið, en eigi sjálfa sig, af því hún er ómyndug. En þó hún nú verði myndug eptir almennum reglum, verður hún þó venjulega eigi fyrir það skuldbundin sjálf í þessum málum, því það mun sjaldnast mega gera ráð fyrir því, að hún hafi viljað

gera það. En ákvæði frumvarpsins hafa þá breyting á gildandi lögum í för með sjer, að konan getur nú gert það í þessum málum, ef hún vill það, og er henni þess venjulega eigi varnað með ákvæði 15. greinar.

Akvæðið í 2. kafla 13. greinar er og samkvæmt gildandi lögum, að því leyti, að fjelagsbúið verður að svara til bóta bæði fyrir skaða utan viðskipta af hendi konunnar og fyrir vítavert athæfi af hennar hálfu (sektir, málskostnaður), en við höfum þó álitið rjett að láta bónda hafa álíka rjett til endurgjalds á þeim og konunni er veittur í 2. kafla 11. gr.; því næst er það og lögum samkvæmt, að konan ber sjálf ábyrgð á þess konar gjörðum sínum, og af því verður að leiða, að ef hún á sjereigur, eigi bóndi hennar rjett á að krefjast þess af henni, að þær verði fyr látnar ganga upp í þær skuldir en fjelagsbúið, og hann virðist og eiga að geta krafizt þess, að sjálfsafli hennar (26. gr.) gangi fyr til þess en aðrar eigur fjelagsbúsins.

Nýtt er þar á móti ákvæðið í síðasta kafla greinarinnar, og er það afleiðing af myndugleik konunnar. Af honum leiðir, að hún getur tekizt skuldbindingar á hendur, rjett eins og ógipt kona, en þar eð bóndi hennar hefur einn umráðin yfir fjelagsbúi þeirra, þá getur samningur hennar ekki meðan fjelagsskapur þeirra stendur haft þau áhrif, að viðskiptamenn hennar geti krafizt borgunar af því, nema þá er svo er ástatt, sem segir í undanfarandi köflum greinarinnar. En að hún er myndug og bundin við loforð sín sjest á því, að viðskiptamenn hennar geta gengið eptir borgun bæði í sjereigum hennar, ef til eru, og eigi á neinn hátt, svo sem með ákvæði hlutaðeigandi arfleifanda eða gefanda, eru undanþegnar lögsókn þeirra, og því næst í sjálfsafla hennar, og í hluta hennar úr fjelagsbúinu, þá er því verður skipt.

14. gr.

Hjer er ákveðið, að ef konan er fullveðja en bóndi hennar sviptur fjárforráðum, þá geti hún stjórnað fjelagsbúinu með fjárráðamanni þeim, er honum hefur verið skipaður. Álíka ákvæði er þegar gefið í skiptalögunum 30. nóv. 1874, 5. gr., stafl. b, þegar svo er ástatt sem þar segir. Það virðist eðlilegt að fá konunni þetta vald, bæði vegna myndugleika hennar og svo hins, að hagur fjelagsbúsins er og hennar hagur. En sjereignum bóndans verður að stjórna eptir hinum almennu reglum um fje þeirra, er sviptir eru fjárforráðum, og er þó vitaskuld eigi þar með sagt, að eigi megi taka neitt tillit til hennar, t. d. ef ræðir um, hvort selja skuli sjereignir eða láta fjárráðamann ráðstafa þeim, eða hvort halda skuli áfram atvinnurekstri, þar sem þörf er á þessum munum, o. s. frv.

15. gr.

Í þessari grein er ákvæði, er nauðsyn er á til þess, að myndugleiki giptra kvenna verði þeim eigi svo hættulegur, að mjög er vafasamt, hvort ekki yrði þeim fremur til ógagns en gagns. Það gæti vel hugsast að það yrði almennt, sem nú er engin ástæða til, af því þær eru ómyndugar, að menn, er ættu nokkur viðskipti til muna við bónda, færu að heimta meðundirskript konu hans á skuldbindingarskjölin, og gæti þetta orðið mjög skaðvænleg venja. Annars vegar ætti konan bágt með að synja um undirskript sína, og bóndi hennar mundi jafnan hafa einhver ráð til að ná henni án þess konan væri sjálf fær um að meta afleiðingar af þessu og gagn í hvert sinn; hins vegar mundi konan skuldbindast einmitt þar sem áhættan væri mest, því að viðskiptamennirnir mundu vitaskuld sækjast þá mest eptir undirskript hennar, er bóndi hennar væri eigi talinn áreiðanlegur og gjaldvís, og mundi hún því ekki að eins hætta sjereign sinni, ef til er, heldur og fara á mis við rjett sinn til að gangast eigi við arfi og skuldum eptir mann sinn, að því er til

fjelagsbúsins tæki, þar eð hún bæri að miklu leyti ábyrgð sjálf á skyldum þess. Gegn þessum hættum verður að tryggja konuna, ef myndugleiki hennar á eigi að verða háskaleg snara fyrir hana. Að þessu stefnir 13. gr. hinna norsku laga, en er eigi nógu víðtæk, því að eptir orðum sínum á hún ekki nema við þau tilfelli, þar sem konan tekst á hendur ábyrgð í einhverri mynd fyrir mann sinn, svo að hann er aðalmaðurinn fyrir skuldinni eður sá, er fyrst og fremst á að borga hana, en hún að eins skuldbundin næst honum eða auk hans, og á því venjulega tilkall til endurgjalds hjá manni sínum, ef til kemur. Aptur ná orð greinarinnar ekki til þess, er konan kemur fram sem samningsaðili, ein eða með manni sínum, og er því sjálf fyrir skuld alveg eins og hann, og er þó hættan hjer jafn mikil fyrir hana. Hjer er meðal annars átt við það, að konan undirritar með manni sínum leigusamninga, kaupbrjef, skuldabrjef og þess háttar skjöl, svo að hún kemur til dyra skuldbundin ásamt honum. Til þess að ákvæði það, er hjer ræðir um, veiti konunni nægilega trygging, verður það og að ná til þessara gjörða. Hjer er því greinin víðtækari en í norsku lögunum, því að hún grípur yfir allar ráðstafanir, þar er konan undirgengst að svara með manni sínum til skulda hans og fjelagsbúsins, í hvaða mynd sem það loforð kemur fram. Vitaskuld má reyna að leyna því á ýmsan hátt, en ef dómarar álíta, að til þess sje stofnað að skylda hana eina eða með manni sínum til að svara til skulda hans, þá ber þeim eptir lagafyrirmælinu að skoða þá ráðstöfun ógilda.

En nú getur staðið svo á, að það sje bæði sanngjarnt og eðlilegt og báðum hjónum í hag, að konan beri ein eða með manni sínum ábyrgð á skuldbindingum, einkum fjelagsbúsins, og ber því eigi að láta það vera með öllu útilokað. Í norsku lögunum er því ákveðið, að það megi ske með samþykki yfirfjárráðastofnunarinnar. En eins og henni er fyrirkomið hjer í landi, mun eigi ráðlegt að fela henni að veita eða synja um slíkt samþykki, heldur mun það samkvæmast þeirri skipun sem hjer er á, að það sje æðri yfirvöld — yfirborgarstjórinn í Kaupmannahöfn og annars amtmenn — er geri út um þau mál eptir því sem þeim lízt eptir atvikum í hvert sinn. Það getur auðvitað t. d. verið rjett, að konan undirskrifi með manni sínum leigusamning til þess að útvega þeim og fjölskyldu húsnæði, en hins vegar ósanngjarnt að hún skuldbindist með honum á þann hátt í iðnaðar- eða gróðafyrirtækjum hans, svo sem t. d. leigusamningum um skip, vörugeymsluhús og leikhús. Það getur verið sanngjarnt að hún skuldbindist með honum í kaupum á munum til heimilisþarfa, svo sem húsgögnum og klæðnaði, en eigi á verzlunarvörum, o. s. frv.

Að sama konar reglur gildi um ráðstafanir, er kona afsalar sjer trygging, er hún á í eigum bónda síns eða fjelagsbúsins, mun mega telja sjálfsagt.

16. gr.

Eins og bónda er í þeim tilfellum, er ræðir um í 2. kafla 13. greinar, heimilað endurgjald úr sjereign konu sinnar eða hluta af fjelagsbúinu, er því verður skipt, er og sanngjarnt að hún eigi eins rjett til endurgjalds úr sjereign hans eður hluta af fjelagsbúinu, þá er skipti fara fram, ef honum verður á að baka því þess háttar skulda og þar ræðir um.

Í 18. gr. hinna norsku laga er ákvæði um, að konan eigi rjett á engurgjaldi úr sjereign bónda síns eða hluta hans af fjelagsbúinu, er skipt verður, fyrir barnsfúlgur, er á honum hvíla, og greiddar hafa verið af fjelagsbúinu. Við höfum ekki talið ástæðu til að taka hjer upp þetta ákvæði, því að þar sem bóndi á eigi rjett til endurgjalds á meðlögum konu sinnar með óskilgetnum börnum, er hún hefur eignazt fyrir hjúskap sinn, og sem greidd hafa verið af fjelagsbúinu, þá virðist með engu móti sanngjarnt, að hún eigi rjett til endurgjalds á meðlögum bónda síns með börnum hans óskilgetnum, er fædd er

fyrir hjúskap hans, þótt meðlögin hafi goldin verið af fjelagsbúinu. Öðru máli er að skipta, ef börn þessi eru getin í hjúskapnum, og því í hórdómi, en þá er um hegningarvert athæfi að ræða, og samkvæmt orðum greinarinnar er konunni heimilaður rjettur til endurborgunar á kostnaði, er því er samfara.

17. gr.

Utan við fjelagsskapinn eru bæði persónuleg rjettindi og þesshátttar fjárhagsrjettindi, sem óaðskiljanlega eru sameinuð þeim, er rjettinn hefur, og ennfremur rjettindi, sem samkvæmt ákæðum annara út í frá eru undanskilin sameigninni, og að lokum munir og rjettindi sem lýst hefur verið sjereign í hjúskaparmála.

Það er fremur til þess að láta lögin hafa fullan upptalning, en af því að haldið væri að ný ákvæði væru í lög leidd með því, að fyrsti flokkurinn er nefndur í þessari grein. Rjettindi þau, sem þar eru talin frágreind sameign, eru sumpart rjettindi, sem samkvæmt eðli síuu verður að álíta persónuleg rjettindi, en geta þó gefið af sjer tekjur, og er hjer einkum átt við ýmsar tegundir lögverndaðrar, andlegrar atvinnu (svo sem eignarrjett rithöfunda og samskonar rjettindi listamanna o. s. frv.), sumpart eru það fjárrjettindi í raun og veru, sem annaðhvort samkvæmt eðli sínu eða lagaákvæði eru óaðskiljanlega bundin við rjetthafa sjálfan, og sjest það vanalega á því, að hægt er að vísu, ef til vill, að selja öðrum í hendur afnotin í það og það sinn, en ekki sjálf rjettindin; til þessa má telja eptirlaun, lífeyri og forlagseyri, og mun að því hið síðasttalda snertir vanalega ákveðið með lögum eða sjerstöku leyfisbrjefi, að skuldheimtumenn geti ekki náð til þeirra; ennfremur eru rjettindi, er snerta innstæðueign og rjettindi til afnota, er eigi má af hendi selja, og verður hjer með að telja vanalegan rjett til æfilangrar ábúðar, og loks atvinnurjettindi og persónuleg einkaleyfi líks eðlis, t. d. lyfsalarjettindi bundin við einn einstakan mann. Að því er snertir þessi rjettindi og önnur þeim lík, sem eigi er hægt að telja öll upp hjer, eru það þegar lög, að rjettindin sjálf eru utan við sameign, og sjest það meðal annars á því, að aldrei mun hafa álitið verið, að ef það hjóna, er lengur lifir, á þesskonar rjettindi, þá eigi erfingjar hins, sem dáið er, er skipti fara fram, tilkall til þess, að rjettindin sjeu metin til fjár, til þess að þeir fái sinn hluta af andvirði þeirra. Aptur á móti munu vanalega tekjur þær, sem rjettindi þessi gefa af sjer, og að jafnaði eru peningar, renna inn í fjelagsbúið að svo miklu leyti sem þær aflast meðan fjelagsskapur stendur, og vanalega verða þær þá vegna þessa undir yfirráðum mannsins, en geta þó einnig síðum komizt undir umráð konunnar samkvæmt lögum 7. mai 1880, og er innihald þeirra laga tekið upp í 26. gr. þessa frumvarps. Ennfremur verður að álíta, að ef rjettindi þau, er hjer segir, hætta þannig, að tekjur koma í staðinn, t. d. þegar lífeyri eða forlagseyri er sleppt gegn þóknun í peningum, þá renni tekjur þessar einnig inn í fjelagsbúið, þar eð þá er horfið það eðli þeirra rjettinda, að þau urðu eigi fráskilin rjetthafa sjálfum, en einungis þetta eðli þeirra leiddi það af sjer, að þau voru í sjereign hans. Undantekningu frá framangreindum reglum má auðvitað gera með hjúskaparmála, þegar af honum leiðir annaðhvort, að engin sameign á sjer stað milli hjóna, eða að eins takmörkuð sameign, þannig að þær tekjugreinir, sem hjer ræðir um, eru undanskildar. Ennfremur er hugsanlegt, að undantekningar sjeu gjörðar með lögum, jafnvel þótt eigi sje hægt að nefna nokkurt dæmi til þess nú sem stendur, og ennfremur með ákvæði annars manns, t. d. ef eptirlaun eða styrkur, sem veitt eru af einstökum mönnum, eru bundin fyrgreindum skilyrðum.

18. gr.

Önnur tegund sjereigna verður með ákvæði manna út í frá um, að eitthvað skuli

fráskilið sameign. Hjer er einkum átt við arf eða gjafir, ef arfleifandi eða gefandi hefur ákveðið, að arfurinn eða gjöfin skuli vera fráskilin sameign núverandi eða síðari manns eða konu þess, er erfir eða gjöf þiggur. Slíkt ákvæði mun að jafnaði að eins vera gert um sjálfan höfuðstólinn eða fasteignina, en ekkert er því til fyrirstöðu, að það sje líka gjört um tekjurnar. Því er kveðið svo að orði í frumvarpinu: »að svo miklu leyti sem þetta var tiltekið af arfleifanda eður gefanda«.

Að hvað miklu leyti arfur eða gjöf sje undanskilin sameign, fer eptir viljaákvæði hlutaðeiganda, og auðvitað getur orðið ágreiningur um það, hvernig það eigi að skilja. Þegar til dæmis er ákveðið, að arfurinn og gjöfin skuli undanskulin sameign konu við mann sinn, og að einungis megi borga vexti eða tekjur gegn kvittun frá henni, þá getur verið vafasamt, hvort ætlazt sje til, að ekki einungis höfuðstóllinn sje sjereign konunnar, heldur einnig renturnar eða tekjurnar. Hvernig fara skal að, þegar arfur eða gjöf breytist í aðra eign, t. d. þegar fasteign verður seld, tekin eignarnámi, eða hún eyðileggst svo að vátryggingarupphæð kemur í staðinn, eða sagt er upp veðrjettarskuldabrjefi eður þess háttar, verður sömuleiðis að vera komið undir, hvernig menn skilja þá ráðstöfun, er hlutaðeigandi hefur gjört til þess, að gjöra arfinn og gjöfina að sjereign. Vanalega munu vera sett ákvæði um þetta, beinlínis eða óbeinlínis. Ef það eru peningar, munu þeir vanalega, til þess að tilganginum verði náð, verða settir fastir á yfirfjárráðastofnuninni eða líkri stofnun, og löghepting fjárins ásamt undanþágu þess frá sameign heldur þá áfram að eiga sjer stað, án tillits breytinga þeirra, sem verða á því, hvernig fjenu er komið fyrir. Sje það fasteign, mun vanalega vera ákveðið, að ekki megi selja hana af hendi, eða þá að minnsta kosti tiltekið, hvernig fara skuli með andvirðið, ef það er gjört. Ef nú þannig stendur á, og fasteignin er tekin eignarnámi, eða brennur svo að brunabótargjald er borgað út, hlýtur andvirðið að verða sjereign, þar eð það sjest á ráðstöfuninni, að til þess hefur verið ætlazt, að fasteignin eða það, er í hennar stað kæmi, skyldi haldast sem sjereign. En ef ekkert er því til fyrirstöðu, að hlutaðeigandi hjóna ráðstafi eigninni eptir eigin vild, og sje hún ekki bundin að neinu leyti að því er það snertir, hvernig farið skuli með andvirðið, verður að öllum líkindum rjettast að álíta, að andvirðið skuli renna inn í fjelagsbúið, þareð maður verður þá að álíta, að ákvæðið um sjereign hafi verið bundið við hina upphaflegu mynd sjereignarinnar, og þareð engin ákvæði hafa sett verið til þess að varðveita hana í þessari mynd.

Ennfremur leiðir það af orðum greinarinnar, að arfleifandi getur ákveðið, líka með tilliti til skylduerfingja, að arfurinn skuli vera fráskilinn sameign við núverandi eða komandi mann eða konu erfingjans, og er þetta ákvæði að því einu frábrugðið núgildandi lögum, að nú er heimtuð staðfesting á arfleiðsluskrám, þar sem einskorðuð eru frjáls umráð erfingja á skylduhlutanum og ákveðið er jafnframt, að eign sú, er hept er, skuli vera fráskilin sameign erfingja núverandi eða komandi manns eða konu hans.

Að svo miklu leyti, sem menn geta gert ákvæði þess eðlis, er hjer ræðir um, þannig að gild sjeu, eru hjónin bundin, og þau geta þar af leiðandi ekki gert neina breytingu á því ákvæði með hjúskaparmála, nema auðvitað ef hlutaðeigendur veita samþykki sitt til þess, ef það þá ekki er útilokað vegna þess, að þeir eru fallnir frá.

19. gr.

Loks er það sjereign, er svo er talið á lögmætan hátt í hjúskaparmála. Hvað það snertir, setja að eins ákvæði 4. greinar skorður fyrir hjónin, en annars geta þau komið málum sínum fyrir á þann hátt, sem þau vilja. Þannig má ákvarða, að engin sameign

eigi sjer stað, þannig að allt, sem hvort hjóna fyrir sig á, er hjúskapur byrjar, eða öðlast einhvern veginn síðarmeir í hjónabandi, sje sjereign þess. Það er heldur ekki neitt því til fyrirstöðu, að annað hjóna geti fengið hinu nokkurn hluta eigna sinna, og gjört að sjereign þess, en þó geta skuldheimtendur ript þeim gjörningi eptir atvikum, ef hlutaðeigandi hjóna hefur með því gjört sig gjaldþrota, annaðhvort samkvæmt ónýtingarreglum gjaldþrotalaganna eða 5. gr. þessara laga. Opt mun svo tilhagað, að aðeins nokkrir munir sjeu fráskildir sameign, þannig að bæði er sameiginlegt bú og auk þess sjereign að því er snertir annaðhvort hjóna eða þau bæði, og getur þessu verið margvíslega fyrir komið, stundum þannig, að sjereign að eins nær til þess, sem hjón í byrjun hafa haft með sjer til hjúskapar, eða nokkurs hluta þess, en ekki til þess, sem aflast í hjónabandinu, stundum þannig, að nokkrar tilteknar eignir eða eignir af vissu tagi, svo sem fasteignir, eru fráskildar sameign, ekki einungis þegar hjónin hafa þær með sjer í hjónaband, heldur einnig ef hjónin öðlast þær í hjónabandinu, svo sem einkum að erfðum eða sem gjöf, og mun þetta einkum eiga sjer stað að því er snertir fasteignir eða fje, er sett hefur verið fast í yfirfjárráðastofnuninni. Að fara yfir allt það, sem hjer getur fyrir komið, og setja lagareglur þar að lútandi, mun ekki koma að miklu haldi hjá oss, þar sem ákveðnar fyrirmyndir fyrir hverju því fyrirkomulagi, sem verða kann, hafa eigi myndast af tízkunni, en sjálfræði einstaklingsins breytir fyrirkomulaginu á sinn veginn í hvert skipti. Í næstu greinum munu því að eins settar nokkrar reglur, sem eiga allstaðar við, hvernig sem á stendur.

20. gr.

Af reglum þeim, er settar hafa verið um það, að gipt kona sje fær til fjárforráða afnt ógiptri, leiðir það, að þá aðalreglu má setja, að hvort hjóna ráði yfir sjereign sinni, og framvegis stendur þá eigi það við líði sem nú er, að bóndinn sem fjárráðamaður konu sinnar ráði yfir sjereign hennar, að svo miklu leyti sem ekki er öðru vísi ákveðið í hjúskaparmála; en það á sjer annars optlega stað nú, þannig að yfirráð yfir sjereign eru veitt konunni sjálfri með staðfestum hjúskaparmála, annaðhvort henni einni eða henni og tilsjónarmanni í sameiningu. Vitaskuld er hins vegar, að ef gipt kona enn er á ómagaaldri eða ekki nema hálfmyndug, þá sje hún eigi einfær til fjárráða, en hið sama er um kvongaðan mann, nema hvað varla getur fyrir komið, að hann sje á ómagaaldri, heldur að eins að hann sje ekki nema hálfmyndugur.

Undantekningu frá því, er nú var sagt, má gjöra, með því að hægt er að setja eigur hlutaðeiganda annars hjóna (vanalega konunnar) undir yfirráð annara með ákvæðum um það í hjúskaparmála, og geta menn ennfremur sett ákvæði þess efnis, að því er snertir erfðir eða gjafir; að því er snertir peninga mun þetta opt vera framkvæmt á þann hátt, að þeir eru borgaðir inn á yfirfjárráðastofnunina, en að því er snertir fasteignir þannig að forráðamaður sje settur fyrir þær, þar eð yfirfjárráðastofnunin, eins og henni er fyrir komið með oss, ekki tekst á hendur að stjórna fasteignum.

Nú er það að vísu annars lög, að fullveðja maður geti ekki gjört sig ófullveðja að öllu eða nokkru leyti, svo að gilt sje gagnvart öðrum út í frá, og af því ætti að leiða, að þegar gipt kona verður fullveðja eins og ógipt kona, geti hún ekki takmarkað vald sitt til löglegra gjörða með ákvæðum í hjúskaparmála, en þó verður það að öllum líkindum hentugast að hafa það í lögum, að hægt sje að skipa svo fyrir í hjúskaparmála, að gipt kona, þó fullveðja sje, þurfi samþykkis manns síns eða tilsjónarmanns til þess að ráða yfir sjereign sinni. Sje maðurinn ekki áreiðanlegur og eigi hægt að treysta honum til fjárstjórnar, mun hann opt viðurkenna það og samsinna ákvæðum um, að kona hans þurfi

samþykkis tilsjónarmanns til þess að ráðstafa sjereign sinni til varnar gegn ljettúðugum og óviturlegum áhrifum af hans hálfu, en ef maðurinn er dugandi og áreiðanlegur til stjórnar fjármuna, en konan viðurkennir það, að hana skortir þekkingu og staðfestu til þess, mun hún vanalega ganga að ákvæðum um það, að hún þurfi samþykkis manns síns til þess að ráða yfir sjereign sinni, þar eð þetta, ef svo er, yrði til auðsjáanlegra hagsmuna fyrir þau bæði.

21. gr.

Þegar hjón hafa ekkert í fjelagi, en fullkomin sjereign fyrir hvort þeirra út af fyrir sig er ákveðin með hjúskaparmála, getur enginn efi á því leikið, að tekjur af sjereign hvors hjóna verða líka sjereign, og fjáreign hvors þeirra um sig heldur áfram að vera sjereign án tillits til þeirra breytinga, er verða á eignunum, þareð samkvæmt því er hjúskaparmáli hefur inni að halda, engin sameign á sjer stað og engin sameign getur myndast í hjúskap þeirra.

Hinsvegar getur ágreiningur orðið að því er framangreind atriði snertir, þegar takmörkuð sameign er milli hjóna, þannig að auk sameiginlegra eigna eru einhverjar sjerstakar tegundir af eigum, sem eru sjereign annars hjóna eða beggja.

Þar sem þesskonar eignarástand milli hjóna er lögskipað, t. d þar sem fasteignir eða tilteknar tegundir fasteigna, sem hjónin hafa með sjer í hjúskap eða fá að erfðum eða gjöf arfleifenda í hjúskap, eru sjereignir að lögum, munu vanalega tekjur af þessum eignum renna inn í fjelagsbúið, og ef eignir þessar verða seldar og sala þeirra verður ekki ónýtt sem ógild, mun andvirðið líka renna í fjelagsbúið, en þarmeð er ekki loku fyrir það skotið, að það hjóna, sem hlut á að máli, geti átt að telja til endurbóta hjá hinu út af sölunni.

Öðru máli er að gegna þegar sjereign ekki styðst við lög, heldur er stofnuð með hjúskaparmála. Því þá er algjörlega undir því komið, hvað hlutaðeigendur hafa viljað.

Sje það tekið fram í hjúskaparmála, að tekjurnar, eða það sem kemur í stað sjereignar, skuli vera sjereign, getur enginn vafi verið á því, að það er gott og gilt. En sje ekkert ákveðið um það, verður aðalatriðið, sem ríður baggamuninn, er svara skal spurningunni, hvað verði að teljast vilji málsparta samkvæmt tilgangi fyrirkomulags þess er gjört hefur verið, en þetta atriði kemur ekki í ljós, þegar öllu er í lag komið beinlínis með lögum.

Ef setja skal lagaákvæði að því er þetta snertir, verður víst hentugast að gjöra ráð fyrir því, að tekjur af sjereign og það er fyrir þær er aflað, verði sjereign, og ef þetta á að renna til sameignarbúsins, verði að setja sjerstök ákvæði um það í hjúskaparmála. Að afurðir sjereignar, bæði náttúrlegar og hinar svokölluðu borgaralegu afurðir, verði sjereign, og að það sem fyrir þær fæst verði líka sjereign, virðist eiga bezt við regluna um það, að hvort hjóna ráði sjereign sinni. Þegar konan án tilhlutunar manns síns getur ákveðið, bæði hvort hún yfir höfuð að tala vill láta sjereign sína ávaxtast og hvernig og að hvað miklu leyti, viðist það ekki vel geta samrýmst því, að maðurinn fengi að ráða yfir afurðunum, og þar sem konan samkvæmt núgildandi lögum, sem haldið er að þessu leyti í frumvarpinu, hefur yfirráð yfir tekjunum af starfsemi sjálfrar sín, jafnvel þótt þær verði ekki sjereign hennar, myndi það eigi vel geta samrýmst því, að hún ekki gæti ráðið yfir tekjunum af sjereign sinni, sem hún sjálf ræður; það yrði því óeðlilegt að lögin gerðu ráð fyrir því, að tekjur af sjereign renni í fjelagsbúið.

Þegar breyting verður á sjereign þannig, að höfð eru skipti á munum þeim, er hún er fólgin í, og öðrum munum, virðist enginn vafi geta á því leikið, að reglan eigi

að vera sú, að það sem fæst í stað sjereignar muna, verði líka sjereign, nema öðruvísi sje ákveðið. Þetta er augljósast, þegar umskipti þessi verða ekki eptir eigin geðþótta þess hjóna, er hlut á að máli, t. d. er fasteign er tekin eignarnámi, hús brennur og brunabótargjaldið kemur í stað þess, eða skuldabrjefi er sagt upp. En einnig þegar umskiptin, sem venjulegra er, verða fyrir ráðstöfun þess hjóna, er hlut á að máli, virðist óeðlilegt að ætla, að tilgangurinn með að gjöra eitthvað að sjereign, hafi eingöngu verið sá að láta það aðeins haldast í sjereign, meðan það er í þeirri mynd er það hafði frá byrjun. Það er miklu nær að skilja það þannig, að tilgangur sjereignarákvæðis sje sá að mynda sjerstaka fjáreign handa því hjóna, sem hlut á að máli, sem haldist við þrátt fyrir allar þær breytingar sem á því verða, hverng því fje er fyrir komið.

Það virðist ennfremur enginn vafi geta á því leikið, að stækkanir og umbætur á hlutum, er til sjereignar teljast, eigi líka að heyra til sjereignar, jafnvel þó fje til þess sje goldið af fjelagsbúi hjóna eða sjereign hins, en þó verður fyrir að koma endurgjald af þess hendi, sem útgjöldin hafa verið til hagnaðar. Þegar eitthvað er sjereign, getur það auðvitað ekki misst þann eiginlegleika vegna þess, að það verður fyrir umbótum, aukabyggingum, skurðgrepti, skógrækt o. s. frv. Jafnvel gripi, sem ekki standa í eðlissambandi við sjereign, getur verið rjett að skoða henni sameinaða sem sjereign, jafnvel þó þeir hafi lengnir verið fyrir fje úr fjelagsbúi, t. d. kvígildi og húsgögn fasteignar í sjereign, og bátar og björgunarbelti og annað þesskyns á skipi, sem er sjereign.

22. gr.

Það virðist auðsætt, að útgjöld til heimilisþarfa og til viðurværis og uppeldis barnanna beri öðru fremur að greiða úr fjelagsbúi, og er þetta sjálfsagt, þegar hvorugt hjóna á sjereign. En jafnvel þótt annaðhvort hjóna eða bæði eigi sjereign, virðist eðlilegast að greiða þessi gjöld öðru fremur úr fjelagsbúi, og að þá fyrst sje talað um að heimta, að lagt sje til þessa af sjereignunum, er fjelagsbú ekki hrekkur til. Ef einungis annað hjóna á sjereign, verður tillagið auðvitað að greiðast algerlega af henni. Ef bæði hjónin eiga sjereign eða engin sameign er, mun vanalega semjast á með þeim um það, hvað hvort skuli til leggja, en ef það er eigi gjört, verður að skjóta því máli til æðra yfirvalds. Það er ekki hægt að setja algild ákvæði viðvíkjandi því, hvernig skipt skuli gjöldum milli þeirra, og einkum tjáir eigi að ákveða, að tillag konunnar aldrei megi verða meira en mannsins, þar eð vel getur staðið svo á, að sjereign hennar sje mikil en lítil eða engin hjá manni hennar, og eins getur það komið fyrir, að hann vegna elli eður veikinda ekki geti unnið sjer inn neitt að ráði.

23. gr.

Þessi ákvæði eru sjálfsögð, þegar því er haldið fram, að hvort hjóna fyrir sig beri sjálft ábyrgð á lögmætum skuldum þeim, er á því hvíla, er þau giptast. Auðvitað stendur sjereign þess hjóna, sem hlut á að máli, næst til að gegna skuldinni, og rjett er og sanngjarnt, að ef slíkar skuldir eru borgaðar af fjelagsbúi eða sjereign hins hjóna, verði það hjóna, sem hlut á að máli, að greiða endurgjald af sjereign sinni. Ákvæði þessi hafa þó að eins þýðingu fyrir viðskipti hjóna sín á milli, en skylda ekki skuldheimtumenn til að leita borgunar í sjereign skuldunauts áður þeir geti gengið að fjelagsbúi.

24. gr.

I þessari grein ræðir um gjafir milli hjóna í hjúskap. Svo ber að líta á gjafir

þessar, að þær sjeu breytingar á þeirri fjármálaskipun hjóna, sem áður hefur gerð verið; ef helmingafjelag er með hjónum, er sú þýðing gjafar, ef nokkur er, að gjöra eitthvað að sjereign þiggjanda, og ef þiggjandi á sjereign, að auka hana frá því er hún áður var. En þar sem á annað borð er leyft að gjöra hjúskaparmála og breyta og bæta við hjúskaparmála, sem búið er að gjöra, meðan á hjúskap stendur, þá er eigi heldur hægt að banna að hjónin gefi hvort öðru gjafir í hjúskapnum, en þó verður hjer að gæta þess, sem fyrirskipað er viðvíkjandi hjúskaparmálum, sem gjörðir eru í hjúskap, nefnilega að fá staðfesting á gjöfinni til þess að skuldbinda báða málsaðila, en afstöðu við aðra út í frá verður að ákveða samkvæmt reglunum í 5. gr. Þó mun ástæða til að gjöra tvær undantekningar frá þessari umsvifamiklu aðferð; önnur er með gjafir, sem eru munir til persónulegra afnota, ef verð þeirra samsvarar efnahag gefanda, hin er með það, að maðurinn getur tryggt konunni lífeyri eða forlagseyri. Hvað fyrri undantekninguna snertir, verður hún að styðjast við það, að munir þessir sjeu lítils virði í samanburði við efnahag gefanda, og hjer er ekki að eins litið á það, að hann ef til vill á sjereign, heldur er líka haft tillit til þess, hvað stórt það fjelagsbú er, sem gefandinn á part í, og til þess, hve mikil vandræði myndu af því stafa í daglega lífinu, ef gefa ætti með hjúskaparmála hverja þesshátt gjöf, hvort sem hún væri tekin af fjelagsbúinu eða af sjereign gefanda. Hin undantekningin hefur það við að styðjast, að það er bæði eðlilegt og æskilegt, að maðurinn, sem optastnær sjer fyrir konunni bæði að lögskyldu og í raun og veru, reyni að svo miklu leyti sem honum er hægt að tryggja líf hennar að sjer látnum, enda er honum það á stundum gjört að skyldu í lögum. Það er því eðlilegt, að þetta sje gjört honum eins auðvelt og hægt er, og að það geti orðið án þess að fara þurfi eptir reglunum um að semja nýjan hjúskaparmála, hvort sem varið skal fje úr fjelagsbúinu eða af sjereign mannsins til að útvega henni lifeyrinn eða forlagseyrinn. Á konunni hvílir aptur á móti ekki tilsvarandi siðferðisskylda til að sjá fyrir manni sínum eptir sig látna, og geri hún það, þá verður að skoða það sem aðra gjöf, og verður því að ske með nýjum hjúskaparmála. Hvernig lífeyri eða forlagseyri skal fyrir komið svo að sagt verði, að hann sje »tryggður« konunni, fer eptir þeirri tilhögun, sem höfð er í hvert skipti, smbr. að því er snertir framfærslustofnun ríkisins lög 18. júní 1870, 6. gr. Gjöfin er í þessum tilfellum auðvitað sá kostnaður í hjúskapnum, er það hefur í för með sjer að útvega lífeyrinn eða forlagseyrinn.

Í 24. gr. hinna norsku laga er hjer og undanskilin »lífrenta« sú, er maður tryggir konu sinni. En það er víst ísjárvert að undanskilja hana, því miklu meiri freisting er fyrir mann til að verja fje af fjelagsbúinu til »lífrentu« fyrir konu sína en til lífeyris eða forlagseyris fyrir hana, þar sem hann, ef samvistir haldast með þeim, nýtur lífrentunnar með henni. Ef honum er gjört hægt fyrir að stofna hana, er hætt við að það verði vanbrúkað til að tryggja hann sjálfan á kostnað skuldheimtumanna.

Það sem segir í síðasta kafla þessarar greinar, þarf naumast að rökstyðja. Því er bætt við svo að hægt sje með öllu að nema úr gildi d. l. 5—4—3 og 4, er valdið hafa svo miklum vafa.

Það mun og óþarft að skýra nánar 2. kafla greinarinnar.

25. gr.

I þessari grein er ekki annað en það sem álíta mun mega lög nú; er hún upp tekin til þess að taka af öll tvímæli.

26. gr.

Þessi grein tekur aðeins upp 1. gr. í lögum 7. maí 1880, því 2. gr. þeirra mun

nú óþörf, þar sem það er vitaskuld, að eptir að giptar konur eru orðnar fullráðar fjár síns, þá megi svipta þær eins og hvern annan fjárforráðum. Lög þessi munu hafa reynst eptir því sem til var ætlazt, og hentast virðist að taka þau orðjett upp, svo að eigi komi fram ný atriði til lagaskýringa. Að því er sjálfsafla hennar snertir, þá virðist okkur ekki þörf á þeirri takmörkun frjálsræði hennar, sem sett er í 15. gr., og því er ekki heldur í þessu atriði farið fram á neina breyting á lögunum frá 7. maí 1880.

27. gr.

Eins og nú eru lög, hefur konan engin önnur ráð til að skilja sameign við bónda sinn — nema með hjúskaparmála, er auðvitað þarf beggja samþykki til — en að fá skilnað að borði og sæng; er álitið, að við hann fái þau bæði rjett til fjelagsslita, nema annað sje um samið í skilnaðarskilmálunum. En í þessu er alls ekki falin næg vernd fyrir hana. Að vísu getur dómsmálastjórnin veitt skilnað að borði og sæng, þótt bóndi sje því mótfallinn, en til þess krefst, að konan geti sannað á mann sinn þesskonar breytni af hans hálfu, er gjöri samvistir við hann óþolandi, t. d. misþyrming, drykkjuskap, en aptur á móti er ekki venja að álíta það nóg, að hún sanni á hann eyðslusemi og ljettúðuga meðferð á eigum fjelagsbúsins. Fremur mætti telja vernd fyrir hana í því fólgna, að hann verður sviptur fjárforráðum, en það getur ekki haft fjelagsskilnað í för með sjer, heldur að eins áhrif þau, er getur um í 14. gr. frumvarps þessa, og ná þessi áhrif að öðru leyti líka til umráða yfir sjereign bóndans. En eptir því, sem venja er, skal mikið til þess að fá mann sviptan fjárforráðum að eins vegna illrar og óskynsamlegrar stjórnar á fjelagsbúinu, er alls eigi er sagt að hægt sje að kalla eyðslusemi, en getur optsinnis stafað af óforsjálni og gróðabrallsfíkn. Það er því skarð í lögum vorum að þau heimila henni eigi að slíta fjelagsskap nema með því að fá skilnað að borði og sæng. Því auðsætt er, að hún ætti að eiga rjett á því, þegar svo stendur á, sem segir í 29. gr. Meira vafamál er um 27. gr. Það verður ekki á móti því borið, að það eru harla nærgöngular ráðstafanir gegn honum, er ræðir um, með því að fjelagsslit gegn vilja hans mundu ekki að eins opt og einatt verða sama sem að eyðileggja efnahag hans, heldur mundi og spilla mjög lánstrausti hans og áliti í mannfjelaginu, og það getur því verið harla ísjárvert að ganga svo nærri sjálfræði hans sem hjer ræðir um, því fremur sem eigi er hægt að einskorða það til fulls í lögunum, hvenær því valdi megi beita gegn honum, heldur verður það mjög að metast eptir atvikum í hvert sinn. En þar eð löggjöf ýmsra annara landa veita konunni þenna rjett, sem ræðir um í 27. gr., eigi að eins 32. gr. hinna norsku laga, heldur og sænsk og frönsk lög og eins hin almenna borgaralega lögbók Þjóðverja, og menn því næst vita eigi til að óánægja hafi út af því risið, teljum við rjett að taka það ákvæði hjer upp, enda þótt okkur sje, sem sagt, ekki ókunnugt um þau vandkvæði er á því eru, og vitum hins vegar, að það mundi mjög opt verða um seinan fyrir konuna að grípa til þess úrræðis. Um skilyrðin fyrir því er það sjálfsagt, að það eitt er ekki nægilegt, að maðurinn hafi skert mjög fjelagsbúið, því hann getur hafa verið neyddur til þess, svo sem ef hann vegna tekjuskorts, sjúkdóma eður þess háttar hefur verið neyddur til að eyða af höfuðstólnum til viðurværis eður til uppeldis barnanna eða uppfræðslu eður þesshátt, eins og það heldur ekki er nóg til að kalla hann ljettúðugan og ónýtan, að hann hefur beðið stórtjón í atvinnu sinni. Skilyrðið verður því að vera, að bæði hafi fjelagsbúið gengið mjög til þurðar og að sá þurður sje ekki afsakanlegur eptir ástæðum, er fyrir hendi eru. Sú er önnur ástæða fyrir konuna til að heimta fjelag hafið, að maður hennar hefur gefið tilefni til að óttast, að hann muni misbeita yfirráðum sínum yfir fjelagsbúinu. Þótt eigi sje þegar orðinn mikill þurður á búinu, getur það lýst sjer í háttsemi mannsins og lunderni, að því sje hætta búin, til dæmis af

spilaástríðu, er hann hefur látið á bera, málaþrasgirni, löngun til ýmislegs óhófs, sem ofvaxið er efnum hans, eða óstjórnleg gróðabrallsfíkn. Eins getur og misbrúkun á umráðum yfir fjelagsbúinu komið fram í því, að bóndi verji fje af því til þess að útvega sjer eða ættingjum sínum sjerstaka hagsmuni án þess að konan njóti góðs af, t. d. lífeyri eða forlagseyri fyrir sjálfan sig. Til þess má og eptir atvikum telja óleyfilega stórar gjafir af fjelagsbúinu, smbr. 2. kafla 11. greinar frumvarpsins.

28. gr.

Það er þýðingarmikið atriði, hverjum fela eigi vald til að skilja sameign hjóna samkvæmt undanfarandi grein, þá er konan æskir þess. Þar sem málið er svo afarþýðingarmikið fyrir manninn, gæti virzt rjett að fela þann úrskurð dómstólunum að undangengnum málarekstri, en eptir því rjettarfari sem vjer höfum nú, getur slíkt ekki komið til greina. Í jafnþýðingarmiklu máli yrði eigi hægt að synja manninum um dómskot, og fullnaðardómur í þesshátta málum gætu þá dregist árum saman, og með þessu væri konunni í raun og veru engin vernd veitt; vildu menn hins vegar fara þá leið að leyfa að vísu áfrýjun, en án þess að láta hana hafa stöðvandi áhrif, svo að byrja mætti skiptin og halda þeim fram, hvað sem henni liði, þá sviptu menn bónda með því þeirri vernd, er áfrýjunarrjetturinn veitir honum, þar sem hann allan þann tíma, sem málið stæði yfir til fullnaðardóms í því væri sviptur umráðum yfir búinu. Það verður því nauðsynlegt að fela umboðsvaldinu að skera úr þessum málum, sem tekur miklu minni tíma; svo er og ákveðið í 33. gr. hinna norsku laga. Eins og tilhögun er hjá oss, er nú eigi, eins og í Noregi, hægt að fela málin yfirfjárráðastofnuninni til úrskurðar, og virðist því eigi um annað að velja. en æðri yfirvöldin, í Kaupmannahöfn yfirborgarstjórann og amtmenn annarsstaðar; undir þeirra úrskurð heyra og mál um skilnað að borði og sæng; en úrskurði þeirra verður þó að vera hægt að skjóta til dómsmálastjórnarinnar, eins og venja er. Það er samkvæmt eðli úrskurðarvalds umboðsstjórnarinnar, að þau yfirvöld eru eigi bundin í úrskurði sínum við gögn þau og skýrslur, er málsaðilar leggja fram sjálfkrafa, heldur geta þau bæði lagt fyrir þá að útvega upplýsingar í málinu, og útvegað þær blátt áfram sjálf, ef þeim sýnist. Það virðist því óþarft að taka það nánar fram, hvaða skýrslur skuli útvega; það fer að nokkru leyti eptir atvikum í hvert skipti. Að leitað verði álits áreiðanlegra og kunnugra manna, sjerstaklega meðal nánustu ættingja, smbr. tilsk. 21. maí 1845, 27. gr., er svo skiljanlegt, að naumast þarf að taka það fram með berum orðum, og því síður ástæða til að gjöra það, sem ekki er sagt, að ætíð sje hægt að fá þess konar upplýsingar, og þær heldur ekki eru þær einustu er spurning getur verið um. Að eins mun rjett að taka það fram, að leita skuli, ef unnt er, umsagnar mannsins um beiðni konunnar, hvort hann sje henni samþykkur. Ekki tjáir hins vegar að heimta skilyrðislaust, að álit hans sje fengið, því bæði getur hann verið langt í burtu eða horfinn, og svo getur verið, að hann neiti um álit sitt, og er auðvitað að slíkt má eigi verða framgang málsins til fyrirstöðu. Þegar nú æðra yfirvald hefur úrskurðað, að fjelagsskilnaður megi fram fara eptir ósk konunnar, má sem sagt skjóta þessum úrskurði til dómsmálastjórnarinnar, og verður þá eigi af framkvæmd úrskurðarins, að því leyti, að fjelagsbúið verður eigi tekið til reglulegrar skiptameðferðar, en til þess að maðurinn geti eigi notað þenna stutta frest, meðan stendur á svari dómsmálastjórnarinnar, til þess að eyða búinu, er farið fram á, að skiptarjetturinn geti eptir beiðni konunnar skipað fjárhaldsmann, er á líkan hátt og segir í 2. og 3. kafla í 58. gr. skiptalaganna gæti þess að eins, að hagur búsins haldist óbreyttur meðan á fullnaðarúrskurði stendur.

29. gr.

Það mun þykja bæði rjettlátt og sanngjarnt, að konan geti krafizt fjelagsskilnaðar þegar svo stendur á sem segir í grein þessari. Það er mjög mikill skortur á löggjöf vorri, að ekki er nein heimild fyrir konu til þess að fá fjelagsskilnað, þá er maður hennar hefur að lögum slitið við hana samvistum eða rekið hana frá sjer, er með öðrum orðum desertor malitiosus. Af þessu atvikast það sem opt er svo sárt og sviðandi til að vita, að sá hinn sami maður, er þannig hefur leikið konu sína og sem jafnan ekki að eins lætur hana enga hjálp frá sjer fá, heldur svíkst ofan í kaupið undan að borga framfærslueyri þann, er á hann kann að hafa verið lagður af yfirvaldi, getur tekið af henni og selt öðrum þá þarfamuni, er eptir kunna að hafa verið á heimilinu eða í vörzlum hennar og sem eru henni og börnunum harla nauðsynlegir, og þeim skuldum, er hann stofnar eptir þetta, má ganga eptir í munum fjelagsbúsins, nema þeir sjeu arður af sjálfstæðri atvinnu hennar, smbr. lög 7. maí 1880. Það er því mikil vernd fyrir konuna, að hún getur í þessum tilfellum krafizt fjelagsskilnaðar og fengið að halda þeim munum í friði, er henni verða úthlutaðir, og þarf ekki að láta þá upp í síðari skuldir manns síns.

Það er vitaskuld, að tilskipun 11. sept. 1839, 7. gr., smbr. 6. gr., heldur gildi sínu eins hjer eptir, og að konan getur borið hana fyrir sig, þegar maður hennar er horfinn, en fjelagsskilnaðar getur hún því að eins krafizt, að álíta megi eptir atvikum, að hann sje líka desertor malitiosus; þetta mun ekki svo sjaldan eiga sjer stað, þegar maðurinn hefur fyrst slitið samvistum að ólögum og er síðan horfinn, svo að menn vita eigi, hvar hann er; það, að hann líka hverfur, ber eigi, þegar svo á stendur, að vera fjelagsskilnaðarkröfu hennar til fyrirstöðu.

Loks er það rjett, að konan geti krafizt fjelagsskilnaðar, þegar maður hennar verður fyrir gjaldþrotaskiptum. Þar sem gera má ráð fyrir, að búið hrökkvi eigi fyrir skuldum, verður að jafnaði engri fjelagseign að úthluta, svo að því leyti þurfa engin skipti fram að fara. Hjer gerist ekkert annað en úrskurður yfirvalda þeirra, er ræðir um í undanfarandi greinum, um, að fjelagsskapnum sje slitið, og til að fá þann úrskurð, þarf eigi annað en sanna, að búið sje tekið til gjaldþrotaskipta.

Þótt það hafi ekki svo mikla þýðing fyrir bónda, að geta krafizt fjelagsskilnaðar, þegar kona hans slítur samvistum við hann, eins og fyrir konu hans að geta það, þegar hann slítur samvistum við hana, virðist þó eðlilegt vera, að hann hafi sama rjett til þess og hún, og það því fremur, sem sá rjettur getur komið honum að góðu haldi, þar sem það getur komið fyrir, að hún með ráðstöfunum sínum geti skuldbundið búið, og það getur verið eðlilegt, að hann vilji ekki láta hana fá hlut í atvinnuarði sínum eptir að hún hefur slitið samvistum við hann að ólögum.

Í öðrum kafla 34. greinar hinna norsku laga er konunni ennfremur veitt heimild til að krefjast fjelagsskilnaðar, þegar maður hennar hefur gert einhverjar þær ráðstafanir að henni fornspurðri, er samþykki hennar er tilskilið, og er að þessu leyti skírskotað til 14. greinar þeirra laga, er svarar til 11. gr. þessa frumvarps. Við höfum ekki viljað hafa þetta ákvæði; við teljum það alltof hart aðgöngu fyrir manninn, þar sem það á við, hvað lítið sem út af er brugðið ákvæðinu um samþykki konunnar; það virðist heldur eigi nein þörf á því til verndar henni. Að því er snertir þær ráðstafanir, er ræðir um í fyrsta kafla 11. greinar, þá er það nóg til verndar henni, að hún á kost á að ripta þeim, og um annan kafla greinarinnar er það að segja, að slíkar gjafaráðstafanir og þar ræðir um, munu naumast koma opt fyrir, og ef gjafir fara fram úr öllu hófi, svo að af því sje hætta búin, þá mun mega grípa til ákvæða 27. greinar.

30. gr.

Þá er tekin hefur verið til greina beiðni um fjelagsskilnað, verður hvort hjóna um sig að eiga rjett á að krefjast skipta á fjelagsbúinu, og verður því eigi betur sjeð, en að 6. kapítuli skiptalaganna eigi yfir höfuð eins vel hjer við og í öðrum fjelagsskilnaðarmálum. Að einu leyti er þó rjett að gera mismun, þar sem eigi ber að láta þenna fjelagsskilnað hafa önnur áhrif fyrir menn út í frá, en þau, er verða samkvæmt því, er fyrir er mælt í 5. gr., þá er fjelagsskilnaðurinn er ákveðinn í hjúskaparmála. Af því leiðir, að ákvæðin í 2. og 3. kafla 68. greinar skiptalaganna koma eigi til greina við þessi skipti. Þetta verður svo að vera, því annars gætu hjón með samkomulagi látið hvern fjelagsskilnað, er styðst við hjúskaparmála, líta út eins og væri hann gjörður samkvæmt heimildinni í 27. gr., og á þenna hátt komizt að þeim betri kjörum gagnvart skuldheimtumönnum, er heimild er fyrir í hinum nefndu ákvæðum skiptalaganna.

Til þess að vernda konuna svo vel sem auðið er, er stungið upp á, að þegar fjeagsskilnaður verður úrskurðaður, skuli hann talinn frá því er beiðnin um hann kom fram, að því er hjónin sjálf snertir, svo að skiptin byggjast á hag búsins, eins og hann var þá. En fyrir menn út í frá geta afleiðingar hans auðvitað ekki haft þýðingu fyr en frá því er úrskurðinum er þinglýst; þinglýsing hefur þá sömu þýðingu hjer og þinglýsing hjúskaparmála, er ákveður sameignarskilnað. Þinglýsing verður að fara fram á varnarþingi bóndans, smbr. 6. gr., og sje hann farinn úr landi, og verður hjer að gera ráð fyrir, að slíkt geti hent, þá á varnarþingi því, er hann átti síðast hjer.

31. gr.

Það virðist eðlilegt, þegar fjelagsskilnaður er ákveðinn í hjúskaparmála, að hjónin hafi þá rjett á að fá skipti á fjelagsbúinu á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiptalaganna, en þó auðvitað án þess að afleiðingar af því fyrir menn út í frá verði neinar aðrar en þær, en þinglýsing kaupmálans eru samfara.

32. gr.

Um afleiðingar hjer í landi af hjúskaparmálum, er gjörðir eru erlendis, verður, eptir því sem lög eru hjer, að fara eptir því, hvort bóndi hafi bústað hjer í landi eða erlendis. Að vísu er það á síðari tímum orðið algengara en áður, að dæma persónulegt ástand manns eptir þjóðerni en eigi eptir heimkynni. En þessi skoðun er að minnsta kosti eigi rjett eptir lögum vorum. Í málum þeim, er hjer ræðir um, verður því að fara eptir því, hvort bóndi er búsattur hjer í landi, og fer þá um persónulegt ástand hans eptir dönskum lögum, eða hann hefur bústað erlendis, og fer þá um persónulegt ástand hans eptir útlendum lögum, þjóðernis eða heimkynnis, alveg eptir því, sem ákveðið er í lögum hlutaðeigandi lands.

Frá sjónarmiði danskra laga verður því, þegar hjúskaparmáli er gjörður erlendis, að gera greinarmun á, hvort bóndinn er búsettur í Danmörku, og stendur þá samkvæmt almennum grundvallarreglum á sama, hvort kaupmálinn er gjörður með innlendri eða útlendri konu, eður hann býr erlendis.

Í fyrra tilfellinu eða þegar hjer búsettur maður gerir hjúskaparmála erlendis meðan hann hefur þar stundardvöl, virðist eðlilegt að láta kaupmálann hafa sömu áhrif og ef hann væri hjer í landi gjörður, þó svo, að um myndugleika konunnar, sje hún eigi búsett hjer, fari eptir lögum þar í landi, er hún á heimili. Nú sendir bóndinn kaupmálann hingað og lætur þinglýsa honum á varnarþingi sínu, áður hann gengur í hjónaband, hvort heldur er hjer eða erlendis, og gildir hann þá bæði fyrir hjónin sjálf og menn út

í frá frá stofnun hjónabandsins. Verði honum eigi þinglýst áður, verður að setja hann að því er menn út í frá áhrærir á sömu hyllu og kaupmála, er gerðir eru í hjúskap, og áhrif hans verður að meta eptir þeim lögum, er um þá kaupmála gilda, en hvað áhrifum hans á sjálf hjónin viðvíkur, þá fara þau eptir því, hvort hann er gjörður áður hjónabandið var stofnað eða eptir það, og ef svo er, þarf að staðfesta hann, smbr. 3. gr. hjer að framan.

Sje kaupmálinn gerður af manni erlendis, er eigi býr hjer í landi, er fyrst undir því komið, hvort hann er gildur eptir lögum þar í landi. Sje hann það eigi eða að því leyti sem hann er það eigi, er hann heldur eigi gildur hjer. En sje hann gildur að lögum þar, virðist eðlilegast samkvæmt því, hve frjálst hjónum eptir dönskum lögum er að skipa fjármálum eptir eigin vild, að hann sje látinn gilda hjer fyrir hjónin sjálf og erfingja þeirra, ef hann ákveður ekkert, er komi í bága við lög þessi, og mun það sjaldnast vera; að því er menn út í frá snertir, virðist sanngjarnt að láta hann fá áhrif samkvæmt vorum lögum, ef hjónin sjá um, að honum verði þinglýst svo tímanlega eptir að þau hafa flutzt hingað búferlum, sem með sanngirni verður af þeim krafizt, svo sem innan eins mánaðar eptir það. Ef þau vanrækja þetta, verður um áhrif hans að fara eptir reglunum um hjúskaparmála, sem þinglýst er eptir stofnun hjónabandsins, í 5. gr. lagafrumvarps þessa.

Frumvarp til laga

um

viðauka við og breyting á tilskipun 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilskipun 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa.

(Lagt fyrir alþingi 1899).

---

1. gr.

Heimilt er amtmönnum, þá er þeim virðist nauðsyn bera til, að fyrirskipa almenna skoðun og böðun á sauðfje svo og sótthreinsun fjárhúsa á stærri eða minni svæðum í ömtum sínum, enda þótt eigi sje full vissa fyrir því, að fjárkláða hafi orðið vart á stöðum þeim, er um er að ræða.

Kostnað, er af þessu leiðir, skal greiða samkvæmt reglunum í 3. og 6. gr. tilskipunar 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

2. gr.

Verði vart við kláða í fje á tímabilinu frá byrjun rjetta til jólaföstu, skulu hinar sýktu kindur þegar í stað skornar, nema eigandi kjósi heldur, að hreppstjóri eða aðstoðarmenn hans taki sjálfir kindurnar til umsjónar og lækni þær, og borgar þá eigandi allan kostnað, er af því leiðir.

3. gr.

Allir fjáreigendur skulu hafa glöggar gætur á, hvort kláða verður vart í sauðfje þeirra, og tafarlaust skýra hreppstjóra eða aðstoðarmönnum hans frá sjerhverri grunsamlegri sýki er fyrir kemur, og þangað til næst til þeirra annast um, að hinar sýktu eða grunuðu kindur sjeu hafðar aðgreindar frá öðru sauðfje.

4. gr.

Ákvæðunum í fyrsta hluta 7. gr. í fyrgreindri tilskipun 5. janúar 1866 um sektir allt að 20 rdl. er breytt þannig, að sektirnar eru frá 5 til 200 kr., og gilda ákvæðin í 7. og 8. gr. tilskipunarinnar einnig fyrir brot gegn lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bæði af lagafrumvarpi því um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, er alþingi samþykkti 1897, en synja varð allrahæstrar staðfestingar af ástæðum, sem tilfærðar eru í brjefi frá stjórnarráði Íslands til landshöfðingja 14. apríl 1898 (Stjórnartíð. B. bls. 79—80), og af skýrslum þeim, er fyrir hendi voru að öðru leyti um heilbrigðisástand sauðfjár á Íslandi, mátti ráða, að hið núverandi fyrirkomulag um varnir gegn kláðanum mundi ekki fullnægjandi, heldur væri þörf á nýjum ákvæðum, jafnframt reglum þeim, er um þetta gilda samkvæmt tilskipun 5. janúar 1866 og 4. marz 1871; hefur því verið leitað álits amtsráðanna viðvíkjandi nánara efni ákvæða þeirra, er gera þyrfti, og mun þinginu verða veitt tækifæri á að kynna sjer álit þeirra.

Amtsráðin í Suðuramtinu og Vesturamtinu hafa bæði verið þeirrar skoðunar, að hið núverandi fyrirkomulag væri yfir höfuð viðunandi, og að einungis væri þörf á nýju ákvæði þess efnis, að amtmennirnir hefðu vald til, þegar þeir álitu það nauðsynlegt, að skipa fyrir almennt eptirlit og böðun á sauðfje svo og sótthreinsun fjárhúsa, jafnvel á stöðum, þar sem eigi væri fengin full vissa fyrir að fjárkláða hefði orðið vart. Jafnframt þessu álítur amtsráðið í Vesturamtinu, að slíkar ráðstafanir megi þó amtmennirnir eigi gera nema í samráði við amtsráðin, og að þau eigi í hvert skipti að gefa út nánari reglur um framkvæmd á þessum ráðstöfunum. Amtsráðið í Suðuramtinu hefur þar á móti eigi lagt neitt til í þessa átt, en hins vegar talið æskilegt, að ákvæði um niðurskurð, eins og það, sem er í 3. gr. alþingisfrumvarpsins, yrði tekið upp í stjórnarfrumvarpið.

Allt aðra skoðun hafa amtsráðin í Norður- og Austuramtinu látið í ljósi. Þau álíta, að til þess að útrýma fjárkláðanum svo fljótt sem auðið er, og það eigi að vera markið, þurfi að koma á alveg nýrri lagaskipun, er þau svo hafa samið frumvarp til, en gjöra jafnframt ráð fyrir því, að tilskipanirnar 1866 og 1871 skuli halda áfram að gilda um önnur næm fjárveikindi. Það fyrirkomulag, sem þau fara fram á, víkur í því aðalatriði frá gildandi lagafyrirmælum, að lagt er til, að til þess að sjá um framkvæmd á ráðstöfunum þeim gegn fjárkláðanum, er gjörðar verða og amtmennirnir gefa út í amtsráðunum, skuli skipa einn eða fleiri framkvæmdarstjóra í hverju amti, er hafi þau störf á hendi, er nú hvíla á sýslumönnum og hreppstjórum í kláðamálum, og skuli þeir því hjeðan af einungis veita framkvæmdarstjórunum aðstoð, að því er til lögregluvalds kemur, einkum þá er beita þarf þvingun til þess að framkvæma fyrirskipanir framkvæmdarstjóranna. Sam-

kvæmt frumvarpinu skulu menn þessir eptir nánari skipun amtsins ferðast um, bæ frá bæ, rannsaka heilbrigðisástandið, segja fyrir, hvað gjöra skuli, gefa skýrslur til amtsins o. s. frv. Þeim skal leyfilegt að taka sjer aðstoðarmenn þar sem þess er þörf, og skulu þeir koma í stað framkvæmdarstjóra, er þeir eru fjarverandi. Jafnframt þessu skulu sýslunefndirnar í sýslu hverri skipa eptirlitsmenn til þess að hafa nákvæmt eptirlit með heilbrigðisástandinu o. s. frv.

Landshöfðingi hefur ekki getað aðhyllst tillögur hinna síðarnefndu amtsráða, og hefur hann það einkum á móti þeim, að þar sem framkvæmdarstjórarnir eigi ekkert þvingunar- eða lögregluvald að hafa, þá verði þeir svo lamaðir í aðgerðum sínum, að þær komi ekki að neinu haldi. Hins vegar er hann sammála hinum amtsráðunum í því, að hið núverandi fyrirkomulag sje yfir höfuð viðunandi, og að það megi takast að útrýma fjárkláða þeim, sem nú er í landinu, með því skipulagi, sem er er það hefur verið bætt á þann hátt, sem amtsráð Suðuramtsins hefur farið fram á. Hann álítur, að eigi sje ráðlegt að takmarka hið fyrirhugaða vald amtmannanna á þann hátt, sem amtsráðið í Vesturamtinu leggur til. Eptir hans skoðun ber að fela amtmönnunum sem yfirboðnu lögregluvaldi á hendur að gjöra þessar ráðstafanir án samráðs við amtsráðin, enda komi þau, eins og kunnugt er, venjulega að eins einu sinni saman á ári, og eigi auðið að kalla þau til aukafunda nema með miklum erfiðleikum og kostnaði einkum í þeim ömtum, sem amtmennirnir eru ekki búsettir í, og á þeim tímum sem fjárkláði helzt kemur upp.

Eptir þessum skýrslum hefur stjórnarráðið einnig orðið að aðhyllast þá skoðun að rjett sje að láta hið núverandi fyrirkomulag haldast í aðalatriðunum, að eins með, nokkrum einstökum breytingum og viðaukum, og kemur það líka heim við stefnu alþingis 1897. Af tillögum amtsráðanna í Norður- og Austuramtinu hlyti að leiða mjög mikinn kostnaðarauka fyrir sjóði þá, er í hlut eiga, og þá um leið fyrir gjaldendur, og hins vegar myndi gagnið af hinu nýja fyrirkomulagi reynast minna, en ætlað er á, vegna þess, sem landshöfðingi hefur bent á, að hinir fyrirhuguðu framkvæmdastjórar hefðu ekki framkvæmdavald. Og sem stendur eru víst ekki þau vandræði á ferðum, að ástæða sje að grípa til svo sjerstaklegra úrræða sem að skipa framkvæmdastjóra með fullu lögregluvaldi fyrir þá og aðstoðarmenn. Af því mundi og leiða enn meiri kostnað, og hins vegar auðsætt, að afartorvelt mundi verða að fá jafnábyrgðarmiklar stöður skipaðar nógu mörgum vel hæfum mönnum, er fyrst og fremst yrðu að hafa nákvæma þekkingu á því, hversu fjárkláðanum er háttað, og á ytri einkennum hans.

Eptir að búið er að skýra frá ástæðum fyrir þeirri aðalstefnu, er stjórnin hefur fylgt við samningu lagafrumvarps þessa, skal með tilliti til einstakra ákvæða þess tekið fram:

Við 1. gr.

Fyrri hluti greinarinnar er samkvæmur frumvarpi því, er amtsráðið í Suðuramtinu hefur komið fram með og landshöfðingi fallizt á.

Í síðari hlutanum er samkvæmt tillögum landshöfðingja lagt til, að kostnaður sá, er leiðir af ráðstöfunum þeim, er fyrri hluti greinarinnar ræðir um, verði greiddur samkvæmt reglunum í 3. og 6. gr. tilskipunarinnar frá 1866.

Við 2. gr.

Er samhljóða 3. gr. alþingisfrumvarpsins frá 1897.

Við 3. gr.

Ákvæði líkt því, sem hjer er farið fram á, er í frumvarpinu frá amtsráðunum í Norður- og Austuramtinu. Það virðist eðlilegt sem hjer er farið fram á, að sú skylda hvíli á öllum fjáreigendum, að þeir hafi sjálfir eða láti aðra, er fje þeirra hafa í vörzlum sínum, hafa glöggar gætur á heilbrigðisástandi fjárins, skýri tafarlaust frá grunsamlegri

sýki í því og haldi fyrst um sinn hinu sjúka eða grunaða fje aðgreindu frá öðru fje, og má ætla, að þetta verði góður stuðningur fyrir yfirvöldin.

Við 4. gr.

Í samræmi við frumvarp alþingis 1897 og tillögur amtsráðanna í Norður- og Austuramtinu, er hjer farið fram á talsvert hærri sektir enn í gildandi lögum (tilskipun 1866 7. gr.) fyrir brot gegn lagafyrirmælum þeim, sem gefin eru með tilliti til næmra fjársjúkadóma, eða gegn fyrirskipunum samkvæmt þeim (tilskipun 1866 6. gr.).

Frumvarp til laga

um

stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1899.)

1. gr.

Í landsbankanum í Reykjavík skal stofna veðdeild til þess að veitt verði lán um langt árabil og með vægum vaxtakjörum gegn veði í fasteignum.

2. gr.

Tryggingarfje deildarinnar er 200,000 kr., sem landssjóður leggur til, og skal það ásamt veðbrjefum, sem veðdeildin fær hjá lánþegum sínum og öllum öðrum eignum veðdeildarinnar vera til tryggingar því, að hún standi í skilum.

Fyrstu 10 árin eptir að veðdeildin hefur stofnsett verið, veitist henni 5000 króna tillag á ári úr landssjóði.

3. gr.

Tryggingarfje deildarinnar skal vera í ríkisskuldabrjefum; er það undir umsjón stjórnarinnar og vextir þess renna í landssjóð. Má eigi ráðstafa tryggingarfjenu á annan hátt, nema veðdeildin sje brott felld og hafi staðið í skilum við alla.

Beri nauðsyn til að taka á tryggingarfjenu til þess að veðdeildin geti staðið í skilum, skal endurgjalda fje það sem notað hefur verið undir eins og efnahagur deildarinnar leyfir.

4. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarinnar. Sýni reikningsskil tekjuhalla deildinni á hendur, skal hann greiddur úr varasjóði.

5. gr.

Veðdeildin má gefa út skuldabrjef, sem hljóða upp á handhafa (bankavaxtabrjef) en sem má nafnskrá í deildinni. Stjórnin ákveður nánara um lögun og útlit skuldabrjef-

anna. Upphæð þeirra samtals má ekki fara fram úr sexfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðs samtals; eigi má heldur nokkru sinni vera í veltu bankavaxtabrjef, er nemi meiru en veðskuldabrjef þau, er veðdeildin á.

6. gr.

Upphæð bankavaxtabrjefanna skal talin í lögákveðnum peningum og skal landshöfðingi og stjórn landsbankans rita undir þau. Fjárhæð þeirra skal ákveðin í reglugjörð veðdeildarinnar, svo og vextir og gjalddagi vaxtanna.

7. gr.

Fje veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, eða húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum, en gegn veði í húsum því að eins, að þau sje vátryggð í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telji góða og gilda. Eigi má lána, nema gegn fyrsta veðrjetti. Lánsupphæðin má gegn veði í húsum eigi fara fram úr $^2/_5$ hlutum og gegn veði í jarðeignum helming verðsins, og skal verð húsa þeirra, er á jörðunni eru, því að eins telja með, að þau sjeu vátryggð svo sem fyr er sagt.

8. gr.

Eignir þær, er veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátti er nákvæmar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin. Ennfremur má ákveða í reglugjörðinni, að þegar bankastjórnin krefst þess, skuli sýslunefndir segja álit sitt um verð jarðeigna í sýslufjelaginu, svo og að bæjarfógetar og hreppstjórar fyrir hæfilega þóknun, er landshöfðingi ákveður og veðdeildin borgar, hafi eptirlit með eignum þeim, sem í hlutaðeigandi kaupstað eða hrepp eru veðsettar veðdeildinni.

9. gr.

Lán þau, er veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum eptir ákvæðisverð þeirra, en lánþegi hefur rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að skipta bankavaxtabrjefunum fyrir gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, nema hvað borga skal áfallinn kostnað.

10. gr.

Lánum þeim, er veðdeildin veitir, má hún eigi segja upp meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undir gengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd í rjettan gjalddaga, eða ef veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki húsum, er að veði eru, og talin eru með í matinu (sbr. 7. gr.) vátryggðum, eða falli á veðið eptirstöðvar af sköttum eður afgjöldum með veðrjetti í eigninni, er gengur fyrir kröfu veðdeildarinnar, er bankastjórninni heimilt að telja eptirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undireins án uppsagnar

11. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu að jafnaði greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs

er $^1/_2$ af hundraði á ári af upprunalegri upphæð lánsins og afborgunargjaldið má eigi nema minna en $1^1/_2$ af hundraði á ári hverju af hinni upprunalegu upphæð, þegar veðið er jarðeign, og $2^1/_2$ af hundraði, þegar það er húseign.

Á hinum ákveðnu gjalddögum má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum deildarinnar eptir ákvæðisverði þeirra.

12. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er veðdeildin hefur gefið út, eptir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður landshöfðingi til þess, hinn bankastjórnin. Er hlutkesti hefur varpað verið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara númerin á skuldabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hvaða gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærri stíl.

13. gr.

Handhafar eða eigendur skuldabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og greiðast engir vextir af höfuðstólnum upp frá því.

14. gr.

Höfuðstóls- og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje ekki leitað borgunar innan 20 ára frá gjalddaga. Um ógilding glataðra skuldabrjefa og vaxtamiða fer eptir almennum lögum.

15. gr.

Skuldabrjef þau er innleyst hafa verið með hlutkesti eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltuna, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt með klippingastofnum (talons) og vaxtamiðum þeim, er fylgja, á þann hátt að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í sjóð veðdeildarinnar, og skal svo við lok reikningsársins brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt með vaxtamiðum þeim er innleystir hafa verið það reikningsár.

16. gr.

Vaxtamiða og bankavaxtabrjef sem komin eru í gjalddaga skal borga út í landsbankanum í Reykjavík, svo skulu og gjaldheimtumenn landssjóðs taka á móti þeim til borgunar á sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs og innleysa vaxtamiðana og skuldabrjefin, eptir því sem þeir hafa fje fyrir hendi, sem á að borgast í landssjóð.

Í reglugjörð veðdeildarinnar skal ákveða, hvar borga skuli út erlendis vaxtamiða og skuldabrjef sem komin eru í gjalddaga.

17. gr.

Þegar lánið er komið í gjalddaga (sbr. 10. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt

ákvæðunum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Ennfremur hefur veðdeildin heimild til að láta gjöra fjárnám í lausafje skuldunauts, eins og sátt hefði verið gjörð um skuldina. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið eða fjárnámið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið eða fjárnámið með neinskonar dómskoti. Veðdeildin hefur aptur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu og fjárnáminu og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

18. gr.

Fje ófullráða manna og opinberra stofnana, þar á meðal viðlagasjóðs má verja til þess að kaupa skuldabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverði þeirra, eða, sjeu skuldabrjefin verðlögð í kaupmannahöllinni í Kaupmannahöfn, þá eigi hærra en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

19. gr.

Veðdeildinni er stjórnað af stjórn landsbankans. Þegar veðdeildin er stofnuð, skal þóknun sú, sem gæzlustjórar bankans fá árlega, hækka upp í 750 kr. til hvors. Fyrir endurskoðun á reikningum veðdeildarinnar og til skrifstofuhalds má verja allt að 2500 kr. á ári, eptir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörð veðdeildarinnar. Kostnað við að setja veðdeildina á fót og hækkunina á launum gæzlustjóra greiðir landsbankinn.

20. gr.

Ákvæði þau, er sett eru í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, 13, 14, 18.—24. og 26.—29 og 30. gr., 1. lið, um hlunnindi fyrir bankann, stjórn hans og reikningsskil skulu einnig gilda um veðdeildina, stjórn hennar og reikningsskil.

21 gr.

Reglugjörð veðdeildarinnar skal staðfest af ráðgjafanum fyrir Ísland og auglýst í A-deild Stjórnartíðindanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að ráða bót á þörf þeirri sem á því var að geta fengið lán með góðum afborgunar- og vaxtakjörum gegn tryggingu í fasteignum, lagði stjórnin 1881 fyrir alþingi frumvarp til laga um stofnun lánsfjelags, en það öðlaðist ekki samþykki þingmanna, einkum vegna þess að flestir voru þá á því máli að bankastofnun væri kröptugra meðal til að koma á fót atvinnuvegum landsins.

Síðan var landsbankinn stofnaður samkvæmt lögunum 18. sept. 1885 og fjekk

hann þá meðal annars líka það hlutverk að lána fje gegn veði í fasteignum. En þótt bankinn í mörg ár síðan hafi lánað stórfje gegn þessari tryggingu — 1898 voru öll þess konar lán hjer um bil 850,000 kr. samtals — hefur eigi verið hægt með þessu móti að fullnægja þörfum manna á þess konar lánum og um leið og menn finna að þá vantar lánsstofnun, verða hins vegar þeir sem óska að verja fje sínu til að kaupa góð verðbrjef er gefa af sjer vexti, að afla sjer þeirra utanlands þar sem engin er til peningastofnun á Islandi, sem hafi rjett til að gefa út arðberandi skuldabrjef.

Neðri deild alþingis, sem sá hvað þetta var óheppilegt, samþykkti 1897 þingsályktun, þar sem skorað var á stjórnina að hún legði fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um lánsstofnun eða lánsfjelag fyrir jarðeignir og húseignir í landinu, er gæti veitt veðlán um sem lengst árabil með sem vægustum vaxtakjörum.

Ef menn nú eptir reynzlu þeirri er fengin er, gætu vænzt þess með nokkurri vissu, að nýju lánin, sem mundu leiða af því að mönnum væri gjört hægra fyrir að fá þau, yrðu notuð til arðsamra fyrirtækja, væri auðvitað þess háttar ráðstafanir sjálfsagðar, og jafnvel þótt eigi hafi verið hægt að gjöra ráð fyrir þessu, sem varla er að búast við eptir því sem á stendur, hefur ráðaneytið orðið að vera á sömu skoðun og alþingi um að einhverra ráða verður að leita til að koma lánkjörum að því er snertir landbúnað og líka kaupstaðaeignir í stöðugra horf og vægara lánþegum. Það verður að játa að hvorki landsbankinn eða landssjóður geta fullnægt þörf manna eins og hún er nú. Það er eins með báðar þessar stofnanir, að það er varúðarmál að setja fast stórfje af umráðafje þeirra með því að lána það út á fasteignir, þar sem nauðsyn getur til þess borið að hafa það fje á reiðum höndum til annars. Minnsta kosti leiðir af þessu að lánum verður að haga svo, að lángjafi geti annaðhvort sagt þeim upp eða veitt þau fyrir stuttan tíma með háum afborgunum á ári, en það myndi rýra gildi lánanna eigi allítið í augum lánþega. Ennfremur hefur það komið í ljós, að þau efni, er landsbankinn hefur yfir að ráða, hafa upp á síðkastið verið ónóg til þess að hann geti haldið áfram með lán gegn veði í fasteignum, svo að bankinn hefur orðið að takmarka eða hætta veðbankalánum sínum til þess að geti unnið aðalstarf sitt sem víxilbanki,

Sömu agnúarnir hafa verið á lánstörfum þeim, sem aðrir opinberir sjóðir og sparisjóðir á Íslandi hafa haft á hendi, og þó að fje það, sem þeir hafa lánað út gegn fasteignarveði ásamt landssjóði og bankanum hafi numið allt að því 2 milj. króna, eru öll þessi lán ónóg til að fullnægja þörfum landsmanna, auk þess sem þau hafa verið óhentug. Og hvað loks það ráð snertir, sem eigendur fasteigna auk þessa hafa, sem sje að fá þau lán sem þeir þurfa hjá kaupmönnum þeim, er þeir skipta við, þá mun öllum kunnugt, að reynzlan hefur sýnt að þess konar er ávallt langt frá að vera lánþegum til hagnaðar, enda er þá fremur um vörulán en peningalán að ræða.

Það er óhægt umsagnar, að hvað miklu leyti þörf er á því á Íslandi að koma ónotuðu fje sínu fyrir í innlendum vaxtabrjefum, eins og fyrr var um getið, en þó má með vissu ætla, að nokkur þörf sje á því, og er þá ekki nema gott að úr þessu sje og bætt með því að reisa á stofn lánsstofnun.

Er menn því næst spyrja, hvernig eigi að koma lánsstörfunum fyrir, þá verður fyrst fyrir stjórnarfrumvarpið frá 1881 um stofnun lánsfjelags. Þó mun það nú eigi hentugt, því bæði hafa lánaviðskiptin breytzt mjög við lánsstörf þau, er fyrnefndar fjárstofnanir síðan hafa af hendi innt, og einkum breytir það málinu, að nú er stofnun fengin, sem sje landsbankinn í Reykjavík, sem öðrum fremur má teljast hentug til grundvallar fyrirkomulags þess, er menn óska.

Til þess að undirbúa málið leitaði landshöfðingi álits amtmanna og hefur hann

svo lagt til grundvallar fyrir tillögum sínum ítarlega rökstutt frumvarp, er Páll amtmaður Briem hafði samið um stofnun veðdeildar við landsbankann í Reykjavík, eptir að stjórn bankans hafði tjáð sig því hlynnta. Því næst var stjórn þjóðbankans í Kaupmannahöfn fengin til að segja álit sitt um frumvarpið í þeirri mynd er landshöfðingi hafði framsett það. Þinginu mun verða gefið færi á að kynna sjer frumvarp þessi og skoðanir er fram hafa komið um þau, og eptir þeim hefur þetta frumvarp verið samið; fylgir það frumvarpi Páls amtmanns Briems að mestu leyti, en þó er höfð hæfileg hliðsjón af skoðunum þeim, er báðir bankarnir hafa í ljósi látið.

Þegar velja skyldi milli beggja þeirra aðalsniða, sem þesskonar lánsstofnanir vanalega hafa á sjer, hefur þótt ráðlegast, eptir því sem nú hagar til á Íslandi, að kjósa heldur, eins og Páll amtmaður Briem hefur gjört, veðbanka sem standi undir gæzlu og stjórn eigenda tryggingarfjár þess, er nauðsynlegt er handa slíkum banka, en lánsfjelag með sameiginlegri ábyrgð hlutareigenda (lánþega) og stjórnað af þeim. Því að þar sem ábyrgðin skiptist á fjölda hlutareigenda sem byggju flestir hverjir langt hver frá öðrum, væri hætt við að á hverjum stað fyrir sig yrði tilfinning manna fyrir ábyrgðinni og aðgætni gagnvart veðum þeim er bjóðast, minni en vera skyldi, og þar af leiðandi yrði fyrirtækið ekki grundvallað eins tryggilega og æskilegt væri, og þvínæst mundi allt stjórnarfyrirkomulag fjelagsins verða alldýrt vegna kostnaðar við langferðir þær, sem fulltrúar þeir, sem yrðu að vera fyrir hvert umdæmi í þesshättar sjálfstjórnarfjelagi, yrðu að takast á hendur til aðseturs stjórnarinnar, og vegna útgjalda til sjálfrar stjórnar fjelagsins, sem í þesskonar fjelagi yrði að vera alveg sjálfstæð. Það er ekki hægt að búast við, að lán annarsstaðar frá gegn veði í fasteignum hætti alveg, að minnsta kosti ekki undir eins, og því er ekki hægt að ætla á, að nýstofnað fyrirtæki, sem eingöngu er fyrir fasteignalán, muni þurfa að halda á miklu fram yfir 1 milj. krónur mörg ár fyrst um sinn.

Kostnaðurinn við lánsfjelag gæti hæglega orðið 10—20,000 kr. á ári hverju, ef verja á hæfilegu fje árlega til að mynda varasjóð auk útgjalda þeirra sem nauðsyn er á handa fulltrúum og stjórn og til skrifstofukostnaðar. Jafnvel þótt lagt væri til fje úr landssjóði í nokkur ár, væri með engu móti hægt að leggja minna á lánþega til kostnaðargjalds en 1 af hundraði af frumupphæð lánsins, og lán með mjög vægum kjörum væru þá ekki tök á að veita. Hjá þessum vandkvæðum er að mestu hægt að komast, ef veðbanki er stofnaður í staðinn fyrir lánsfjelag, útbúinn sem líkast veðbanka Norðmanna. Þá kemur sameiginleg ábyrgð (allra fyrir einn og eins fyrir alla) hvergi til greina, og lánþegar eru þá ekki eigendur fjelagsins, þannig að komizt verður hjá hvorutveggja, kostnaðinum og erfiðleikum þeim, sem eru á fulltrúafundum lánþega. Það sem ekki hvað sízt lækkar kostnað við stjórnarfyrirkomulagið er, að svo heppilega vill til, að fela má alla yfirstjórn fyrirtækisins í hendur stjórna landsbankans, gegn því að auka lítilfjörlega þóknun þá, sem henni er ætluð að lögum, með því að stofnsetja veðbankann sem sjerstaka en að öðru leyti alveg óháða deild landsbankans.

Nauðsynleg aukatrygging, sem í lánsfjelagi myndast af sameiginlegri ábyrgð lánþega, verður í veðbanka að myndast af grundvallarsjóði eða tryggingarfje, sem eptir því sem hjer til hagar varla er hugsanlegt að fá annarsstaðar en hjá landssjóði; enda virðist naumast neitt geta verið móti því ef veðdeildin er grundvölluð eins vel og áhættulaust og hægt er, og það er líka nauðsynlegt eigi síður en æskilegt þegar litið er frá öðrum hliðum á málið. Því ef þesskonar lánsstofnun á að verða að tilætluðum notum, verður hún að geta dregið að sjer annað fje en það, sem nú sem stendur er reynt að koma fyrir í fasteignum á Íslandi. Hjer er ekki eingöngu verið ræða um íslenzkt fje, sem nú sem stendur er komið fyrir í útlendum verðbrjefum. Ef haft væri skipti á þeim

og skuldabrjefum veðdeildarinnar, væri strax talsvert áunnið, en þar að auki væri það mjög æskilegt og enda nauðsynlegt, ef mikið á að vera um útlán, að þessi skuldabrjef gætu fengið markað erlendis. En ef þetta á að takast, mun varla vera hægt að gjöra ofmikið til að tryggja skuldabrjefin eins vel og hægt er. Aðalatriðið fyir erlenda kaupendur skuldabrjefanna, sem að öllum jafnaði enga hugmynd geta haft um tryggingu þá fyrir skuldabrjefum veðdeildarinnar, sem er fólgin í veðsetningum þeim er lánþegar gefa, er bæði það, hvernig tryggingarfjeð (innstæðan) í sjálfu sjer er, og hitt að upphæð þess sje nægilega stór í samanburði við upphæð skuldabrjefanna. Að því er snertir fyrra atriðið, er ætlazt til að næg trygging fáist með því að landssjóður leggur fram 200,000 kr. í dönskum ríkisskuldabrjefum, þó auðvitað á þann hátt, að vextir af því fje renna í landssjóð, og að því er snertir síðara atriðið er ætlazt til, að hlutfallið milli tryggingarsjóðsins og skuldabrjefanna sje eins og 1 á móti 6, og mun síðar meir um það talað. Ennfremur er stungið upp á því, að landssjóður 10 fyrstu árin veiti 5,000 króna árstillag til veðdeildarinnar, þar eð annars myndi verða erfitt fyrir hana fyrst um sinn, meðan útlán eru lítil samtals, að standa straum af öllum kostnaði er á kann að falla og safna í varasjóð, sem brýn nauðsyn er á, án þess að krefjast allt of mikilla tillaga hjá lánþegum. Auðvitað má hafa á móti því að veita svo mikið tillag úr landssjóði til hagnaðar stjett manna, sem er svo vel efnum búin tiltölulega, eins og ætla má að lánþegar sjeu, þar sem landssjóður með hinu mikla og nærri því vaxtalausa láni, sem er stofnfje landsbankans, styður ríkulega viðskiptamenn bankans, en það verður eigi annað sjeð, en að nauðsyn beri til að landsjóður taki sjer þessa byrði á herðar, ef svona lagað fyrirtæki, sem þegar öllu er á botninn hvolft verður að telja gagnlegt fyrir þjóðfjelagið í heild sinni, á að heppnast.

Hinsvegar verður líka að telja nauðsyn á því að einskorða tillag landssjóðs innan fastra takmarka. Það sem landssjóður leggur til, verður þá það tvennt, sem nefnt hefur verið, og ennfremur hlunnindi þau, sem eru mjög þýðingarmikil, að vaxtamiðum og bankavaxtabrjefum, sem komin eru í gjalddaga, skuli veitt móttaka við greiðslu á sköttum og afgjöldum, og jafnvel innleyst, ef til kemur; ennfremur kostur sá, sem ekki er lítill, að stjórn landsbankans er sett hanða lánsstofnuninni, og það meira að segja á þann hátt, að landsbankinn sjálfur stenzt kostnaðinn við hækkun á launum gæzlustjóra, sem af því hlýtur að leiða, og ennfremur kostnaðinn við útgerð veðdeildarinnar í byrjun. Hinsvegar yrði það að teljast óráðlegt að binda óbeinlínis landsjóð meira, með því að draga fje það er landsbankinn hefur yfir að ráða á einn eða annan hátt inn á verksvið veðdeildarinnar og til fjárstarfa hennar, en þar með er ekki loku skotið fyrir það að báðar stofnanirnar geti starfað í sameiningu þó hver um sig sje sjálfstæð, en sú samvinna hlýtur að koma af sjálfu sjer.

Að því er snertir einstakar greinar frumvarpsins skal það tekið fram er hjer segira

Við 1. gr.

þar sem stungið er upp á að takmarka verksvið bankans þannig að hann einungis láni gegn veði í fasteignum og ekki líka gegn trygging í tekjum prestakalla eins og Páll amtmaður Briem og landshöfðingi höfðu stungið upp á, þá er það einkum gert vegna gangverðs skuldabrjefanna. Því jafnvel þótt lán með tryggingu í tekjum prestakalla, þegar þau eru veitt innan skynsamlegra takmarka, geti verið fullt eins tryggjandi og lán gegn veði í fasteignum, er þó hætt við því, að þeir sem skuldabrjef kaupa, minnsta kosti erlendis, myndu hafa nokkurn ýmigust á þesskonar lánstörfum, sem þeim er ómögulegt að gjöra sjer hugmynd um, og í sjálfu sjer liggja utan við vanalegt verksvið lánsfjelaga og veðbanka. En ef óttast má óheppileg áhrif á gangverð skuldabrjefanna, ef þess háttar

trygging væri tekin með, þá mun bezt að láta það ógjört, og það því fremur, sem erfitt yrði að koma ákvæðunum um þau lán sjerstaklega inn undir ákvæði frumvarpsins að því er snertir takmörk fyrir lánum, málssókn o. s. frv. Hjer við bætist, að þörf á lánum gegn trygging í tekjum brauða getur varla talizt meiri en svo, að engin vandkvæði munu vera á því að fullnægja henni á sama hátt og til þessa dags, sem sje með lánum úr landssjóði, enda er líka eðlilegt að svo sje gjört, þar sem um embættislán er að ræða, og verður auðveldara, eptir að nýja lánsstofnunin er komin á, með því að landssjóður getur þá minkað fasteignarlán sín.

Við 2. og 3. gr.

Að því er snertir tillagið úr landssjóði, skal vísað til þess, er áður hefur sagt verið, en um tryggingarfjeð skal enn taka það fram, að hentast mun vera, að það sje í ríkisskuldabrjefum, eins og stjórn landsbankans og landshöfðingi hafa stungið upp á, og að því verði ekki komið fyrir t. d. í lánum gegn sjálfskuldarábyrgð eða gegn handveði. Því ef það væri leyft, yrði veðdeildin neydd til að taka að sjer þesskonar bankastörf, er væru alveg utan við verksvið hennar, og ennfremur yrðu veðskuldabrjefin ekki eins örugglega tryggð í augum þeirra, sem kaupa þau, eins og þau eru, ef tryggingarfjenu er komið fyrir í ríkisskuldabrjefum.

Við 4. gr.

Þessari grein þarf ekki nánari skýringar við. Hún er samkvæm 31. gr. laga 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka.

Við 5. gr.

Páll amtmaður Briem og landshöfðingi hafa stungið upp á, að upphæð skuldabrjefa samtals megi vera allt að 8 sinnum stærri en tryggingarfjeð, eins og í veðbanka Norðmanna, en samkvæmt skoðunum þeim, er stjórn þjóðbankans hefur í ljósi látið, hefur þótt rjettast að takmarka upphæð skuldabrjefanna svo, að þau samtals yrðu ekki meira en tryggingarfjeð sexfalt, en þó má telja varasjóð með í þessum reikningi. Reyndar er með þessu fje það, sem veðdeildin getur byrjað með að lána út, fært niður úr 1,600,000 kr. í 1,200,000 kr., en hinsvegar verður þetta eflaust til að halda uppi gangverði skuldabrjefanna og lánþegar fá þannig lán með vægari kjörum. Og ef svo skyldi fara að veðdeildin, með lánsefnum þeim er þannig hafa takmörkuð verið, reyndist ónóg til að fullnægja lánsþörf manna, er alltaf hægt að bæta úr því með því að auka tryggingarfjeð

Ennfremur er það svo sem auðvitað, að upphæð vaxtabrjefa samtals má ekki fara fram úr upphæð veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin á, og eiga að vera hin sanna trygging bankavaxtabrjefanna bæði fyrir landssjóð og fyrir eigendur brjefanna.

Við 6. gr.

Þar sem farið er fram á að landshöfðingi riti undir bankavaxtabrjefin, þá kemur það einkum af því, að landssjóður með því að leggja til tryggingarfjeð er mjög riðinn við veðdeildina.

Öll ákvæði um stærð vaxtabrjefa, hundraðavexti þeirra og gjalddaga vaxta hefur þótt heppilegast að láta setja í reglugjörð veðdeildarinnar, þar sem hæglega getur orðið þörf á að breyta til um þessi atriði, en erfitt yrði að koma því við, ef lagaheimild þyrfti til. Einkum er því svo varið með hæð hundraðsvaxtanna. Það verður að samsinna ósk þeirri, sem allstaðar hefur fram komið, að skuldabrjefin að svo miklu leyti sem hægt er verði seld með ákvæðisverði um leið og þau eru út gefin, en það verður að teljast ómögu-

legt að fá þessu framgengt, ef ekki er auðvelt aðgöngu að breyta vöxtum skuldabrjefanna eptir því sem um verzlunarhorfur skiptir. Stjórn landsbankans hefur látið í ljósi þá skoðun, að hægast myndi verða að halda skuldabrjefunum með ákvæðisverði, ef settur væri lögákveðinn vaxtastofn, 4 af hundraði, og skal ósagt hvort það myndi hafa þessi áhrif á peningamarkað í landinu sjálfu. En erlendis má telja það allsendis ómögulegt að hafa nokkur áhrif á gangverðið með þess háttar lagaákvæðum. Eins og nú (vorið 1899) hagar til með vexti af fje, væri ómögulegt að koma 4% íslenzkum veðskuldabrjefum í ákvæðisverð erlendis, og yfir höfuð geta vel hugsast þær horfur, að þurfi að færa upp vextina í $4^1/_2$ af hundraði að minnsta kosti, til þess að skuldabrjefin geti nokkurn veginn komizt upp á móts við ákvæðisverð, og á hinn bóginn er heldur ekki óhugsandi, að þeir tímar geti komið, að koma megi $3^1/_2$ % skuldabrjefum í gott gangverð. Því verður að telja það hyggilegast að ákveða vextina í reglugjörðinni svo að hægt sje að breyta þeim fljótt og greiðlega.

Við 7. gr.

Í þessari grein eru settar aðalreglurnar um útlán úr bankadeild þessari, og hefur verið talið hentugast að setja að því leyti talsvert harða skilmála til þess að halda uppi gangverði vaxtabrjefanna, því eins og áður hefur verið tekið fram verður að telja það betra að veita aðgang að afmörkuðum lánum með svo vægum kjörum sem verða má, heldur en að veita aðgang til að veðsetja eignirnar upp að yzta verðmarki með verri kjörum.

Því er farið fram á það að lána því að eins út á fasteignir, að þær sjeu í kaupstöðum eða verzlunarstöðum, og þaraðauki aðeins með þeim skilyrðum að lóðin sje veðsett með húsinu. Annars geta hús ekki talizt fullnægjandi veðtrygging.

Sömu rök liggja að tillögu þeirri, að ei sje lánað nema gegn fyrsta veðrjetti og þannig að lánsfjeð eigi nemi hærra en $^2/_5$ hlutum af verði húseigna og helming af verði jarðeigna.

Að lokum hefur nokkur vafi leikið á um það, hvaða kröfur ætti að setja fyrir því að veðsettar eignir væru vátryggðar, því annarsvegar verður að telja það með öllu óráðlegt að lána fje veðdeildarinnar út gegn veði í húsum, sem ekki eru vátryggð, en hins vegar yrði það of strangt að heimta það, er um jarðeignir er að ræða, sem skilyrði fyrir hverju láni, að húsin á henni sjeu vátrygð. Því er stungið upp á að fara þann meðalveg, að krefjast þess um húseignir að þær skuli ávallt vera vátryggðar, en þá er um jarðeignir ræðir, skuli aðeins telja vátryggð hús með í mati þeirra til veðs.

Við 8. gr.

Ákvæðum um mat og eptirlit veðsettra fasteigna er samkvæmt eðli þeirra bezt komið í reglugjörðinni. En þar eð það er harla mikilvægt að hafa fulltryggjandi vissu að því er bæði þessi atriði snertir, hefur þótt rjett að hafa í lögunum heimild til jafnframt hinum reglulegu virðingargjörðum að fá álit sýslunefnda um eignina, og þar eð það myndi hafa alltof mikinn kostnað í för með sjer fyrir veðdeildina að setja sjerstaka tilsjónarmenn til að hafa eptirlit með því, hvernig farið er með veðsettar eignir og þeim viðhaldið, þá er fram á það farið, að störf þessi megi fela hlutaðeigandi bæjarfógetum og hreppstjórum gegn þóknun, er veðdeildin greiðir þeim.

Við 9 gr.

Þessi ákvæði þurfa engra skýringa.

Við 10. gr.

Páll amtmaður Briem hafði stungið upp á því, að lánin skyldu eigi aðeins falla til útgreiðslu ef veðið væri illa hirt og gengi úr sjer, heldur mætti veðdeildin segja upp lánum, er hún áliti það hentugt fyrir sig, en samkvæmt tillögum landshöfðingja hefur þótt rjettar að haga svo til, að bankinn geti ekki sagt upp lánum meðan lánþegi stendur í skilum og veðtryggingin rýrnar ekki. Trygging sú fyrir lánþega, er fæst með þessu fyrirkomulagi verður án efa að teljast miklu gagnlegri fyrir hann en hið gagnstæða yrði fyrir veðdeildina.

Við 11. gr.

Vextir þeir, er skuldunautar veðdeildarinnar verða að greiða, laga sig eptir vöxtum þeim, er veðdeildin greiðir af skuldabrjefum sínum, sem hún gefur út um leið, og er því ekki hægt að ákveða þá í lögum þessum. Aptur á móti er stungið uppá stöðugu árstillagi til varasjóðs og kostnaðar við deildina, er sje $^1/_2$ af hundraði af upprunalegri upphæð lánsins. Að því er snertir endurborgun á lánum, er farið fram á að borga skuli árlega upphæð, er sje $1^1/_2$ eða $2^1/_2$ %, eptir því hvert lánað er gegn jarðeignum eða húseignum, af upprunalegri upphæð lánsins, hærri en vextirnir af hinu upprunalega láni og kostnaðargjaldið. Ef vextir af skuldabrjefunum eru taldir 4%, borga lánþegar eptir því á ári hverju samkvæmt reglunum 6 eða 7% af lánsfjenu, og verða þá lánin endurborguð á hjerumbil $23^1/_2$ eða 32 árum. Gjöri maður ráð fyrir þessu, verða kjör lánþega nokkrum mun betri en þau sem skuldunautar landsbankans og landssjóðs hafa átt við að búa hingað til.

Ívilnun sú fyrir lánþega, sem er í öðrum kafla 11. greinar verður, að teljast eðlileg, enda er hún algeng í lánsstofnunum af sama tagi sem hjer er farið fram á. Auðvitað verður að greiða vexti og afborganir á ákveðnum gjalddögum, er sjeu nokkru fyrr en útborgunargjalddagar eptir 6. gr. Nánari reglur um þetta verður að setja í reglugjörð deildarinnar.

Við 12. og 13. gr.

Ákvæði um innköllun vaxtabrjefa eptir hlutkesti miða að því að halda uppi gangverði brjefanna. Auðvitað hefur þetta fyrirkomulag nokkurn vansa í för með sjer fyrir þá eigendur vaxtabrjefa, sem ekki vilja skipta um fjárvörzlur, en það sem vegur upp á móti þessu og meir en það, eru hin verðhækkandi áhrif, sem að líkurnar fyrir því að skuldabrjef verði dregin með hlutvarpi og innleyst með ákvæðisverði, ætíð hljóta að hafa á tímum þegar gangverð af öðrum ástæðum er lægra en ákvæðisverð eða lítur út fyrir að það muni lækka.

Nánari ákvæði um, hvernig auglýsa skal hlutvarp o. s. frv., mun rjettast að setja í reglugjörð deildarinnar, sbr. 21. gr.

Þessi ákvæði eru tekin úr reglugjörð lánsfjelagsins fyrir smáeignir í sveitum á Jótlandi 13. febrúar 1891, 43 og 44. gr.

Við 16. gr.

Akvæðin um það, að gjaldheimtuþjónar skuli veita vaxtamiðum móttöku til greiðslu á sköttum, eru hin sömu sem voru í 2. gr. nr. 6 í lagafrumvarpi því um að stofna skyldi lánsfjelag á Íslandi, er stjórnin lagði fyrir alþingi 1881. Þareð þetta er næstum því sama sem að landssjóður ábyrgist vaxtagreiðslu skuldabrjefanna, mun það styrkja traust manns

til þeirra, og er tímar líða verða til þess, að vaxtamiðar komnir í gjalddaga verði taldir góð og gild borgun manna á milli og eykst þá veltufje í landinu, sem nú er svo mikill skortur á.

Við 17. gr.

Í þessari grein eru inni falin hlunnindi þau til málssóknar, sem farið er fram á að veita veðdeildinni, og er tilgangur þeirra að gjöra málssóknir óbrotnari og ódýrari bæði veðdeildinni og skuldunautum hennar. Einkum er þetta að því er snertir aðalákvæðið, að uppboð megi halda án undanfarandi fjárnáms, dóms eða sættar, og sparast við það kostnaður sá, er af fjárnámi leiðir og opt er talsverður. Ákvæði þetta má þegar finna í tilsk. um fjármál ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr. og í veðlögunum 4. nóv. 1887, 3. gr., og það sem hjer er nýtt er þá aðeins það, að veðdeildin fær ívilnun þessa jafnvel þótt eigi hafi verið sjerstaklega samið um það áður við lánþega.

Ákvæðin um það, að eigi sje hægt að tálma uppboðinu eða ónýta það með á frýjun, eru tekin úr 2. gr. nr. 7 í lagafrumvarpi því sem stjórnin lagði fyrir þingið 1881 um stofnun lánsfjelags. Veðdeildin gæti stórskaðast á því að lengi stæði á málssókn, og regla sú um málssókn til endurgjalds sem við er bætt, gefur verjanda nægilega trygging gegn halla vegna ranglátra lögsókna, þar sem bankinn er gjaldtraustur.

Aptur á móti er sú regla ný, að stungið er upp á að veðdeildin öðlist rjett til að taka lausafje skuldunauts fjárnámi eins og sætt hefði gjörð verið skuldinni viðvíkjandi, eru þau ákvæði tekin úr norsku lögunum um stofnun veðbanka 28. júní 1887, 18. gr. og eru til þess að veita bankadeildinni eins góða trygging og hægt er fyrir því, að skuldir sjeu borgaðar.

Þar sem farið er fram á að veðdeildin geti komið sjer saman um það við skuldunauta sína að halda uppboðið á skrifstofu uppboðshaldara, þá er það gjört til þess að hægt sje að komast hjá talsverðum kostnaði, sem getur leitt af því, að uppboðið er haldið á eign þeirri, sem veðsett er, sbr. lög nr. 2, 2. febr. 1894.

Við 18. gr.

Leyfið til að verja fje ómyndugra og opinberra stofnana til að kaupa vaxtabrjef veðdeildarinnar, er í samræmi við ákvæði danskra laga að því er snertir þessháttar fjármuni, og mun vera hentug viðbót við ákvæði þau, er hjer við eiga í íslenzkum lögum, tilsk. 18. febrúar 1847, sbr. op. br. 4. júní 1864. Þar sem að öllum líkindum verður reynt að fá verðlag á vaxtabrjefin í kaupmannahöllinni í Kaupmannahöfn, verður, ef til kemur, að leggja það verðlag til grundvallar, þá er kaupa skal vaxtabrjef fyrir fje ómyndugra og opinberra stofnana, en þó á þann hátt að verðið aldrei fari fram úr ákvæðisverði vaxtabrjefanna.

Við 19. gr.

Hin lítilvæga launahækkun handa gæzlustjórum landsbankans upp í 750 kr. á ári til hvors er talin samkvæmt uppástungu bankastjórnarinnar sjálfrar.

Við 20. gr.

Við þessi ákvæði virðist ekki þörf á neinum athugasemdum.

Við 21. gr.

Meðal annars vegna ákvæða þeirra um auglýsingar o. fl., sem í 12. gr. er ákveðið að setja skuli í reglugjörðina, hefur það verið álitið hentugast, að ráðaneytið fyrir Ísland staðfesti reglugjörðina fyrir veðdeildina, og að hún sje tekin upp í A-deild Stjórnartíðindanna, og fæst með því það um leið, að hún þá verður auglýst á dönsku og tekin upp í viðbæti við lögtíðindin dönsku, en það hefur talsverðu þýðingu fyrir erlenda eigendur vaxtabrjefa.

Frumvarp til laga

um

dag- og næturbendingar á íslenzkum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir, er skip rekast á.

(Lagt fyrir alþingi 1899.)

1. gr.

Með konunglegri tilskipun má fyrirskipa dag- og næturbendingar fyrir íslenzk skip, er í sjávarháska eru stödd.

Útgerðarmenn skipa, er eigi eru útbúin bendingatilfærum þeim, er skipað er fyrir um í slíkri tilskipun, sæta sektum, allt að 200 kr.

Sömu refsing sætir sá skipstjóri, er notar eða sýnir bendingar þessar á þann hátt, er skipum er boðið að gjöra það á í sjávarháska, án þess að gild ástæða hafi til þess verið, og er hann auk þess skyldur að greiða þeim skaðabætur, er biðið hafa tjón af slíkri vanbrúkun.

2. gr.

Þá er skip rekast á, er hvor skipstjóra skyldur til, að svo miklu leyti sem það er hættulaust fyrir skip hans, skipshöfn og farþega, að veita hinu skipinu, skipshöfn og farþegum, alla þá hjálp, sem í hans valdi stendur og nauðsynleg er til að koma þeim úr þeirri hættu, er af árekstrinum leiðir, og skýra skipstjóra þess frá nafni skips síns og heimili og frá þeim stað eða höfn, er það kemur frá og er það ætlar til.

Skipstjóri sá, er hlýðir eigi fyrirmælum þessum án gildrar ástæðu, skal talinn sekur í árekstrinum, nema annað sannist, og sætir fangelsi eða sektum, ekki lægri en 100 kr.

3. gr.

Mál um hegning fyrir brot á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í landssjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eptir að komið hafði út 22. jan. 1897 ný tilskipun fyrir Danmörku með til muna breyttum ákvæðum um alþjóðlegar sjóferðareglur fyrir dönsk skip, þótti nauðsyn á að nota heimild þá, er til þess er í lögum nr. 25, frá 9. des. 1889 til þess að breyta á sömu leið sjóferðareglum þeim, er gefnar höfðu verið fyrir Ísland með tilskipun 26. sept. 1890, og var þetta gert með konunglegri tilskipun 20. jan. þ. á. um alþjóðlegar sjóferðareglur á íslenzkum skipum.

En í tilskipuninni nýju fyrir Danmörku er í 31. gr. auk þessara ákvarðana upp tekin ákvæði um neyðarbendingar á skipum. Þessi ákvæði var ekki hægt að taka upp í íslenzku tilskipunina, því að lagaheimild sú, er þörf er á til þess, og fyrir Danmörku er gefin með lögum nr. 34 frá 23. marz 1888, er eigi til, hvað Ísland snertir. Meðal annars vegna fiskiskipafjölgunar þeirrar, er orðið hefur síðari árin við Ísland, mun nú mega telja þörf á að fá þar þesskonar ákvæði, og er því farið fram á að fá lagaheimild til þess að setja þau.

1. gr. frumvarpsins er eins og 1. gr. hinna dönsku laga frá 1888, og er ætlazt til að láta síðar koma út viðauka við síðari tilskipunina íslenzku sama efnis og 31. gr. hinnar dönsku tilskipunar frá 1897.

2. gr. frumvarpsins er samkvæm ákvæðunum í 2. gr. hinna dönsku laga frá 1888 um það, er skip rekast á, eins og þau ákvæði eru nú orðuð í 223. og 294. gr. hinna dönsku farmannalaga frá 1. apríl 1892, og er tilgangurinn með þeim að tryggja skipi því, er orðið hefur fyrir skaða í árekstrinum, hjálp þá, er því er þörf á, og er leitast við að gjöra þetta með hegningarákvæðinu og fyrirmælinu um, að skipstjóri sá, er eigi hlýðir fyrirmælum fyrra kafla greinarinnar, skuli talinn sekur í árekstrinum, nema annað sannist.

Í 3. gr. er ákvæðið um hegninguna og um það, hvernig með málin skuli farið, samkvæmt 3. gr. hinna optnefndu dönsku laga.

Frumvarp til laga

um

meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1899).

---

1. gr.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, er barnsföður er gjört að skyldu að greiða meðlag með óskilgetnu barni sínu eða þar sem meðlagsskyldan er staðfest, skulu vera upplýsingar um aldur barnsföður og fæðingarstað, svo og aðrar upplýsingar, er þá eru fyrir hendi, um framfærslusveit hans.

2. gr.

Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verði gjört að skyldu að greiða að minnsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförunum leiddi fyrir hana, og þröngvað til þess, svo sem heimilað er í lögum til greiðslu á meðgjöf með óskilgetnum börnum. Yirrvöldin tiltaka upphæð þessarar fjárreiðslu, og getur móðir barnsins heimt hana eptir reglum þeim, er segir í 4. gr.

3. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eptir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komin sje í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni gjalda skyldi, svo framarlega sem beiðni um það kemur fram áður en skuldlýsingarfrestur (Proclama) er liðinn eða 6 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi boðaður verið. Ef ekkja barnsföður eða skilgetin börn hans eru á lífi, þá skal eigi fje út leggja öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er getin voru fyrir hið síðasta hjónaband, og skal þess gætt, að meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meiru fje en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri. Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er á barnsföður hvíldi, að svo miklu leyti sem yfirvaldi þykir hæfa eptir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtjeðra fyrirmæla, þó eigi lengur en þar til barnið er orðið 14 vetra. Um barnsfúlgu, er greidd er af hendi í einu eptir lát föðurins, skal fara sem um fje ómyndugra, og skal til taka, á hvaða tíma og hverjum greiða skal meðlögin. Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu, þá skal fje það, er óeytt er þá er barnið deyr eða verður 16 ára, koma til skipta meðal erfingja.

4. gr.

Nú verður barnsfúlga, er föður óskilgetins barns er gjört að skyldu að borga með því samkvæmt úrskurði æðra yfirvalds eða sættargjörð staðfestri af því, eigi greidd í rjettan gjalddaga, og á móðir þess, ef hjálparþurfi verður, enn sem fyrri rjett til framfærslu hjer á landi, og er henni þá heimilt, ef skilyrði þau eru fyrir hendi, er síðar getur og hún beiðist þess munnlega eða brjeflega af lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, er hún dvelur í, að krefjast þess, að meðlagið, en eigi nema fyrir síðasta ár, verði greitt henni af hinu opinbera, án þess það verði talið henni veittur sveitarstyrkur. Beiðninni skal fylgja vottorð um það frá sveitarstjórn í dvalarsveit hennar, að hún sje eigi svo efnum búin eða hafi þá atvinnu, að hún sje sjálf fær um að annast svo sem vera ber framfærslu barnsins og uppeldi, og því næst lögbirtur úrskurður æðra yfirvalds um barnsfúlguna eða lögbirt sættargjörð staðfest af því og lífsvottorð fyrir barnið, og skal hún jafnframt láta þær upplýsingar í tje um dvalarsveit og framfærslusveit barnsföður, er hún er fær um.

Nú þykir lögreglustjóra það líklegt, eptir að hann hefur rannsakað málið, að barnsfaðir sje dáinn eða farinn úr landi, og vísar hann þá beiðninni aptur. Öðrum kosti krefur hann barnsföður um meðlagið fyrir milligöngu dvalarsveitar hans, ef kunnugt er þegar orðið um hana. Náist eigi borgun með þessu móti, eða sje ókunnugt um dvalarsveit barnsföður, er dvalarsveit móður barnsins skyldug til þess, undir eins og henni hefur verið gjört aðvart um þetta, að greiða henni meðlagið fyrirfram, en lögreglustjóri gjörir jafnframt nauðsynlegar ráðstafanir til að ná því inn. Þegar meðlagið er borgað af opinberu fje, skal afplánun að lögum því að eins eiga sjer stað, að framfærslusveit barnsföðurbeiðist þess.

Nú reynist meðlagið ófáanlegt af því að barnsfaðir hefur eigi getað borgað, eða eigi hefur verið hægt að hafa upp á honum, þótt eptir honum hafi lýst verið eptir þörfum,

og skal þá sveitarstjórn í þeirri sveit, er greitt hefur meðlagið fyrirfram, þegar í stað skýrt frá þessu, og meðlagið skal síðan talið sveitarstyrkur til handa barnsföður af þeirri sveit, og fer um endurgjald á honum eptir ákvæðum fátækralaganna.

Nú hefur meðlagið hvorki verið innkallað nje afplánað fyrir því að eigi hefur orðið haft upp á barnsföður eða hann hefur sneitt hjá lögsóknum, og er þá sveit þeirri, er eigi hefur fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er hann síðar kemur fram, að láta hann sæta lögsóknum þessum, ef eigi er um seinan að lögum að því er hlutaðeigandi meðlag snertir, og ennfremur að beita við hann lögum nr. 20, 4. nóvbr. 1887.

5. gr.

Skylda sú, er hvílir á hinu opinbera samkvæmt undanfarandi grein til þess að inna af hendi meðgjöf barnsföður, nemur eigi hærri upphæð en venjulegt er að fátækir barnsfeður borgi í meðlag í þeirri sveit, er barnið er fært fram, en þetta dregur þó eigi neitt úr skyldu yfirvalda til þess, ef unnt er, að ná öllu meðlaginu inn hjá barnsföður í hendur þess er í hlut á. Æðra yfirvald ákveður fyrir 5 ár í senn, hve há þessi meðalfúlga sje.

6. gr.

Þann hinn sama rjett, sem móðir að óskilgetnu barni hefur eptir 3. og 4. gr. laga þessara, hafa og þeir menn, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins eptir móðurina látna, burtfarna eður af öðrum líkum orsökum, og ennfremur fátækrastjórn, þá er hún hefur orðið að takast framfærslu þess á hendur.

Þá er móðir óskilgetins barns deyr, á faðir þess því að eins rjett á að fá það til sín, til framfærslu og uppeldis, að hann annaðhvort ættleiði það, eður hann fái til þess leyfi æðra yfirvalds á þeim stað, er barnið er.

Þegar faðir óskilgetins barns hefur að lögum verið skyldaður til að greiða meðlag með því, en menn vita eigi, hvar hann er niður kominn, hefur bæði móðir barnsins og sá er eptir hana látna, burtfarna eða af öðrum orsökum á að annast framfærslu þess og uppeldi, svo og fátækrastjórnin, hafi hún orðið að takast framfærslu þess á hendur, rjett til þess, ef þörf gjörist, að krefjast fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans, og eins er lögreglustjórn heimilt að lýsa eptir barnsföður í þeim erindum, er henni eru falin í 4. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1900, og falla þá úr gildi lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl., 24. janúar 1890, nema hvað ákvæði þeirra koma til greina um meðgjafir, er komnar eru í gjalddaga fyrir 1. maí 1900 og beiðni um borgun á fyrir þann dag er komin í hendur dvalarsveit eður framfærslusveit barnsföður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hin gildandi ákvæði um meðgjöf með óskilgetnum börnum eru í lögunum frá 24. jan. 1890, sem eru mjög lík hinum dönsku lögum frá 20. apríl 1888. Eptir að farið var að nota síðari lögin, reyndust ákvæði þeirra bæði allvíða óljós og höfðu auk þess í för með sjer allt of mikil umsvif fyrir sveitastjórnirnar, og voru þau því brátt af tekin og í stað þeirra sett ný lög í Danmörku, 12. apríl 1892. Hinir sömu gallar hafa í reyndinni komið fram á lögunum frá 1890, og eptir tillögum landshöfðingja er því farið fram á að semja ný lög fyrir Ísland, og er frumvarp þetta sniðið eptir dönsku lögunum frá 1892, en

með þeim breytingum auðvitað, er með nauðsyn leiða af þeim mismun, er á er löggjöf Íslands og Danmerkur í einstökum atriðum á þessu lagasviði.

Við 1. gr.

Með þessu nýmæli, sem er samhljóða síðasta kafla 1. greinar hinna dönsku laga frá 1892, er tilgangurinn sá, að ljetta lögreglustjóra störf þau, er honum eru falin í 4. gr. Hin önnur ákvæði í 1. gr. tjeðra laga um meðgjafarskylduna, hve langt hún nái, eru ekki upptekin hjer og er það samkvæmt hinum núgildandi lögum.

2. gr.

er sama efnis og 1. gr. hinna núgildandi laga.

Við 3. gr.

Þessi gr. er í óverulegum atriðum aðeins frábrugðin 2. gr. hinna gildandi laga. Auk þess sem orðalaginu er að nokkru breytt, er ætlazt til að ekkja barnsföður haldi áfram að greiða meðlag með börnum hans, eigi aðeins þeim, er fædd eru fyrir hjónabandið, heldur og með þeim, er getin eru fyrir það, að það sje yfirvaldið (ekki amtmenn), er meti efnahag hennar, og að meðgjafarskylda hennar hætti ætíð, þegar barnið er orðið fullra 14 ára.

Við 4. gr.

Í þessari grein eru aðalbreytingarnar á hinum gildandi lögum, og á hún að koma í stað 3. gr. þeirra, er mestum umsvifum hefur valdið sveitastjórnunum. Eptir henni á barnsmóðirin, þegar hún getur ekki fengið meðgjöfina hjá barnsföður, að snúa sjer fyrir milligöngu dvalarsveitar sinnar til dvalarsveitar hans til þess að ná fúlgunni hjá honum, og dvalarsveit hans á svo síðan að snúa sjer að framfærslusveit hans, og hafa þessi ákvæði í för með sjer umsvifamikil brjefaviðskipti milli sveitastjórnanna til þess að ná í barnsföður o. s. frv. Eptir því, sem hjer er farið fram á, á barnsmóðir að snúa sjer að lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, er hún dvelur í, og hann á síðan að annast um að ná meðlaginu. Með þessu er miklum umsvifum ljett af sveitastjórnunum, og yfirvöldunum þó eigi aukin störf að neinu ráði.

Því næst er farið fram á, að þegar meðgjöfin fæst eigi þegar í stað hjá barnsföður, þá skuli dvalarsveit barnsmóður, en eigi barnsföður eins og nú eru lög, borga hana fyrirfram. Með þessu er barnsmóður gert hægra fyrir að fá borgun, og virðist þessi aðferð yfirleitt eðlilegri en hin, þar sem það aldrei er dvalarsveit barnsföður, sem að lokum á að borga meðlagið. Hinsvegar er því ákvæði bætt við, til þess að komast hjá útborgunum, er ekki eiga að eiga sjer stað, að beiðni barnsmóður beri að vísa aptur, þegar lögreglustjóri telur það líklegt, eptir að hann hefur rannsakað málið, að barnsfaðir sje dáinn eða farinn úr landi.

Loks er farið fram á, að taka af allan vafa í hinum gildandi lögum um það, hvort yfirvaldsúrskurðurinn eigi að vera birtur barnsföður, með því að ákveða, að slíkt sje skilyrði fyrir því, að fara megi að eins og segir í 4. gr.

Um fullnaðarendurgjald á meðgjöfinni, er telja skal sveitarstyrk til handa barnsföður af hálfu þeirrar sveitar, er borgað hefur hann fyrirfram, er ætlazt til að fari eptir fátækralögunum, og hefur eigi þótt rjett að fara fram á að halda við undantekning þeirri frá fátækralögunum, er mundi leiða af því, sem landshöfðingi hefur stungið upp á, að halda óbreyttu hinu sjerstaka ákvæði síðast í 3. gr. hinna gildandi laga, að ef barnsfaðir á eigi framfærslurjett hjer á landi, skuli í stað framfærslusveitar koma vistarsveit sú, er faðirinn átti 40 vikum fyrir fæðing barnsins. Því auk þess sem þessi regla, ef löggjöfinni íslenzku í þessum efnum verður eins og hjer er farið fram á að öðru leyti komið í

samræmi við löggjöf Dana, virðist vera einasta tálmunin fyrir því, að endurgjaldsskylda sú, sem á er milli konungsríkisins og Íslands, jafnleg á báðar hliðar, á hinu reglulega fátækralaga svæði, verði og látin ná til framfærslueyris þess, er hjer ræðir um, verður eigi betur sjeð, en að reglan sje í sjálfu sjer næsta óeðlileg og fullt eins gjörræðisleg í raun og veru og sú niðurstaða, sem menn með henni hafa viljað komast hjá og að vísu heldur eigi er góð, að meðgjöfin lendi að síðustu á dvalarhreppi móður barnsins.

Við 5. gr.

Þessi ákvæði eru eins og 5. gr. hinna dönsku laga frá 1892. Þau eru eigi í hinum gildandi lögum, en virðast eðlileg og hentug.

Við 6. gr.

Í þessari grein felast hin sömu ákvæði og í 4. og 5. gr. hinna gildandi laga, en orðalaginu er nokkuð breytt. Auk þess er þó ákvæði síðari greinarinnar um, að sveitarstjórn hafi rjett á að krefjast fulltingis yfirvalds til þess að leita uppi verustað barnsföður, breytt svo, að þann rjett skuli og móðir barnsins hafa og þeir, er í hennar stað hafa orðið að takast framfærslu þess og uppeldi á hendur.

7. gr.

virðist engra skýringa þurfa.

Frumvarp til laga

um

brú og ferju á Lagarfljóti.

(Lagt fyrir alþingi 1899).

Stjórninni er heimilt á kostnað landssjóðs að láta byggja staurabrú yfir Lagarfljót hjá Egilsstöðum og að láta setja ferju á Steinsvaði.

Til brúarinnar má verja 45,000 kr., til ferjunnar 3,000 kr.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Í fjárlögunum 1898 og 1899 voru stjórninni fengnar allt að 3,500 kr. til yfirráða til þess að ráða æfðan norskan verkfræðing til að kanna sumarið 1898 brúarstæði og gjöra teikningar og áætlun um kostnað við brúargjörð á Jökulsá í Axarfirði og Hjeraðsvötnum hjá Ökrum. Samkvæmt því sem komið hafði fram í umræðum á þinginu fór landshöfðingi líka fram á það um leið og hann sendi fjárlagafrumvarp það, er samþykkt hafði verið, að hlutaðeigandi verkfræðing yrði líka falið á hendur að rannsaka staði og gjöra áætlun viðvíkjandi brúargjörð þeirri á Lagarfljóti er heimiluð var í 19. gr. fjárlaganna.

Fyrir góðfúsa milligöngu vegastjórnar Norðmanna var F. Barth verkfræðingur ráðinn og ferðaðist hann um þessi hjeruð í sumar er leið og sendi bráðabirgðarskýrslu til íslenzka ráðaneytisins í desember í fyrra. Aptur á móti dróst að senda fullnaðarskýrslu og fullgjöra teikningar og áætlanir vegna þess að Hr. Barth lagðist veikur þannig að þetta allt komst ekki til ráðaneytisins fyr en 17. maí þ. á.

Að því er snertir brýr þær, er gjört hefur verið ráð fyrir að leggja yfir Jökulsá í Axarfirði og yfir Hjeraðsvötn, hefur Barth — er gjört hefur tillögur um allar þrjár brýrnar í einu lagi — að vísu gjört teikningar þær og áætlanir, er um var beðið, en ræður hinsvegar í álitsskjali sínu frá því að byggja þær. Hann álítur að kostnaðurinn, sem þar af leiði, sje alltof stór í samanburði við umferð þá, er búast má við á þessum stöðum, og væri miklu betra að fullnægja þörfum manna þar með því að leggja vegi og koma á ferjum. Að því er formaður vegastjórnarinnar norsku skýrir frá, er Hovdenak amtsverkfræðingur líka á þessu máli, en hann er einhver hinn duglegasti og reyndasti verkfræðingur Norðmanna í vegagjörðum, og vel kunnugur, hvernig til hagar á Íslandi. En þótt tillögur þessar hefðu eigi komið fram myndi stjórnin af fjárhagsástæðum samt sem áður ekki hafa lagt frumvörp til brúagerða eptir áætlununum þessum fyrir þingið í ár, og eru þær því að eins lagðar fram til aðgæzlu ásamt með áætlununum um Lagarfljót. — Að því er það fljót snertir ræður Barth, sem er á þeirri skoðun eins og Sigurður verkfræðingur Thóroddsen, að sjálfsagt sje að velja brúarstæði hjá Egilsstöðum, til þess að byggja staurabrú, og sjest á viðlögðum teikningum og áætlunum allt, er nánar lítur þar að, og mun hún samkvæmt þeim kosta 45,000 kr. En jafnframt stingur hann upp á því, að til þess að greiða fyrir samgöngum neðar, nær ósum fljótsins, þar sem lítið gagn mundi verða af brú hjá Egilsstöðum, sje ferjusambandi komið á við Steinsvað með loptstreng yfir fljótið er ferjan sje fest við og sje allt svo útbúið að hægt sje að nota ferjuna ferjumannslaust, þannig að ferðamenn geti dregið hana til sín frá hvorum fljótsbakka er vill. Útbúnaður á ferju þessari, sem nánar er lýst í skýrslu Barths, ætlar hann á að muni kosta 2,000 kr., en þar eð formaður norsku vegastjórnarinnar hefur látið í ljósi þá skoðun sína að bezt væri að hafa smíðin öll nokkuð traustari en Barth hefur ætlað á, þykir ráðlegast að hækka fjárhæðina upp í 3,000 kr.

Stjórnin verður að álíta tillögur Barths vel lagaðar til þess að byggja á frekari ákvæði um fyrirtæki þessi, en þar eð ómögulegt er að framkvæma þau þetta ár, verður eigi hægt að nota heimild þá, sem er í núgildandi fjárlögum til þess að byggja brú yfir Lagarfljót, og þar að auki verður að telja það bezt að taka með ferjuna á Steinsvaði, sem stungið er upp á; hefur lagafrumvarp þetta því verið samið, og þótti rjettar, eptir því sem málinu er varið, að hafa um það sjerstök lög, í stað þess að fá að eins heimild í fjárlögunum.

Frumvarp til laga

um

breytingu á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands.

(Lagt fyrir alþingi 1899.)

Hjónavígsla má því aðeins fram fara, að hjónabandsáformi hlutaðeigenda hafi á fyrirskipaðan hátt verið lýst af prjedikunarstól við reglulega guðsþjónustugjörð í sóknarkirkju brúðarinnar 3 vikum áður að minnsta kosti.

Undanþágu frá hjúskaparlýsingu má þó fá með konunglegu leyfisbrjefi.

Athugasemdir við undanfarandi lagafrumvarp.

Synodus sú, sem haldin var sumarið 1898, hefur komið því til leiðar að lagafrumvarp þetta er lagt fyrir alþingi. Hafði mál þetta verið undirbúið af nefnd manna, sem synodus hafði kosið fyrir nokkrum árum, og samþykkti synodus í einu hljóði að leitast við að fá breytingar í þá átt, sem hjer er farið fram á, á núgildandi ákvæðum um hjónalýsingar. Það eru sem sje ýms tilfinnanleg vandkvæði á að framkvæma fyrirmæli gildandi laga í tilskipun 30. apríl 1824, 2. gr. um að hjónalýsingar skuli fram fara 3 sunnudaga í röð í sóknarkirkju brúðarinnar. Í mörgum prestaköllum eru 2, 3 og sumstaðar jafnvel 4 kirkjur, svo að stundum er ekki messað optar en sjötta hvern helgan dag í sömu kirkju, svo að ef lögunum er stranglega fylgt, getur liðið allt að 18 vikum frá fyrstu lýsingu áður en hjónavígsla geti fram farið, og hjer við bætist enn fremur, að samgönguerfiðleikar fyrir hina fámennu og strjálbyggðu þjóð af völdum náttúrunnar, illviðrum vatnavöxtum og ófærum vegum hafa í för með sjer opt og tíðum messuföll. Því er sú venja orðin almenn, að lýsa í annað og þriðja sinn við hverja af kirkjum prestakallsins sem vera skal, en jafnvel þó vægt sje til á þennan hátt, geta fyrirmæli þau, er nú gilda, þó valdið svo miklum erfiðleikum, að ráðaneytið verður að álíta með synodus, eins og biskup og landshöfðingi, er líka hafa fallizt á tillögur hennar, að breytingar sjeu æskilegar. Breyting sú, er hjer er farið fram á, að einungis þurfi eina lýsingu, 3 vikum fyrir hjónavígslu, mun vonandi bæta úr vandkvæðum þeim, er verið hafa og þó veita hjerumbil sömu tryggingar, sem fyrirmæli núgildandi laga. Synodus hafði stungið upp á 14 daga fyrirvara, en það hefur virzt tilhlýðilegast, að því er snertir lengd fyrirvarans, að fara eptir sömu reglu og gefin er í lögum nr. 4, 19. febrúar 1886, 3 gr. viðvíkjandi auglýsingum þeim, er þar segir.

Að ekki er farið fram á að nema úr gildi alla aðra grein í tilsk. 30. apríl 1824 er vegna þess, að tillit hefur verið haft til hinna sjerstöku skilyrða, er þar standa um vígslu sjóhermanna, þar sem eigi er óhugsanlegt, að slíkar vígslur geti fram farið á Íslandi.

Frumvarp til laga

um

afhending lóðar til vitabyggingar o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1899).

1. gr.

Hver maður er skyldur til þess gegn hæfilegu endurgjaldi að láta af hendi lóð þá er þörf er á til að byggja vita og undir íveruhús og til jarðnæðis handa gæzlumönnum og til vega í þarfir vitanna o. fl., og ennfremur lóð þá er þarf til að stækka áður gerða vita.

Ennfremur má skylda hvern mann til að leyfa, að efni þau, er þarf til að byggja eða halda við vitum, svo sem grjót, möl, sandur leir o. sv. frv. sje tekin úr lóð hans eða flutt um hana, gegn endurgjaldi bæði fyrir það, sem efni þessi kosta og fyrir það, sem hann að öðru leyti kann að skaðast á burtnáminu og vinnunni við það.

2. gr.

Landshöfðingi ákveður í hvert sinn, að hvað miklu leyti beri að afhenda lóð og leyfa bráðabirgðaafnot af lóð annars manns samkvæmt 1. gr., hann ákveður hvaða rjettindi, t. d. kvaðir að því er snertir bygging á næstu lóðum o. sv. frv., skuli fá á líkan hátt mót endurgjaldi og nauðsynleg eru vitanum og því sem honum til heyrir.

3. gr.

Ef eigi verður komið við samningum um endurgjaldið samkvæmt undanfarandi greinum, skulu það ávallt meta óhlutdrægir dómkvaddir menn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur frumvarps þessa er að koma á þeirri lagaheimild til að fá látna af hendi lóð o. sv. frv. til vita, sem nauðsyn er á samkvæmt 50. gr. stjórnarskrárinnar til þess menn verði neyddir til að láta slíkt af hendi til þesskonar bygginga á Íslandi, það er að segja, á stöðum þar sem lóðin ekki er opinber eign og eigi semst við eiganda um að hann láti af hendi lóð þá og fleira, er þörf er á undir vitann og undir íveruhús og til jarðnæðis handa gæzlumönnum. Reyndar verður svo að álíta, að í eldri lögum (op. br. 31. júlí 1801 um afhending lóða til opinberra nota sbr. tilskipun 22. nóv. 1799) sje heimild til eignarnáms í tilgangi þeim er um ræðir, líka að því er Ísland snertir, en bezt virðist þó að setja greinilegri ákvæði er hjer að lúta og ákveða nánari reglur fyrir skilyrðum eignarnámsins og endurgjaldsmatinu.

Frumvarp þetta hefur verið sniðið mjög eptir lögum, er sett hafa verið í Danmörku um sama efni, 29. marz 1893, þannig að 1. gr. lögleiðir hina almennu skyldu til þess að láta af hendi lóð, efni o. fl. til vita, gegn endurgjaldi, en með 2. gr. er úrskurður

um það, hvenær þesskonar afhending eigi fram að fara, lagður í hendur landshöfðingja og 3. gr. setur ákvæði um mat á endurgjaldinu.

Þar sem í 2. gr. er ákvæði um það, að kvaðir megi leggja á næstu lóðir, er það gjört bæði til þess að hægt sje að hindra byggingar á þeim sem geti verið til tálma fyrir vitann, og líka til þess að hægt sje að veita vitaverði beitarítak fyrir skepnur sínar í afrjettum eðu öðrum beitilöndum í nánd. Hvað snertir stærð endurgjaldsins fer frumvarpið fram á að goldið sje fullt endurgjald. Reyndar er reglan í 22. gr. vegalaganna, 13. apríl 1894, nokkuð öðruvísi þar sem jarðeiganda er undir vissum kringumstæðum gert að skyldu að leyfa, að vegur sje lagður um land hans endurgjaldslaust. En ákvæði þetta mun eiga að rökstyðjast við það, að jarðeigandi hafi eigi getað skaðazt á vegargerðinni vegna gagns þess, sem af veginum leiðir fyrir hann, en því máli er ekki að gegna hvað vita snertir.

Frumvarp til laga

um

verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

(Lagt fyrir alþingi 1899.)

1. gr.

Hver sá, er rekur verzlun með áfenga drykki — sbr. þó 3 gr. — borgar í landssjóð 500 króna árlegt gjald fyrir hvern sölustað, og skal það greitt fyrir fram fyrir eitt ár í senn, en lögreglustjóri innheimtir.

Allstaðar þar sem áfengir drykkir eru nefndir í lögum þessum er með þeim talið ástöðjastað öl.

2. gr.

Þeir menn, sem hafa rjett til að reka verzlun með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi, halda þessum rjetti gegn því að borga gjald það, er segir í fyrstu grein.

Til þess að öðlast rjett til þessa framvegis þarf sjerstakt leyfisbrjef, sem aðeins gildir fyrir einn sölustað, er í því sje nefndur. Leyfisbrjefið gefur hlutaðeigandi amtmaður út, og gildir það aðeins 5 ár, og verður að fá nýtt leyfisbrjef að þeim tíma liðnum. Fyrir hvert leyfisbrjef greiðist 500 króna gjald, er rennur í landssjóð.

Amtmaður úrskurðar, hvort veita skuli leyfisbrjef að fengnu áliti hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Á stöðum, þar sem áður er verzlað með áfengi, ber að veita það að jafnaði, ef hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn er því meðmælt. Á stöðum, þar sem engin þess háttar verzlun er, má ekki veita það nema hlutaðeigandi hreppsnefnd sje því meðmælt.

3. gr.

Til þess að mega verzla með áfenga drykki á skipi á löggiltum verzlunarstöðum þarf sjerstakt leyfisbrjef og greiðist fyrir það 600 króna gjald til landssjóðs, en gjald fyrir nótkun á því skal eigi greiða. Leyfisbrjefið gefur hlutaðeigandi amtmaður út og gildir það aðeins í eina verzlunarferð, og er á verzlunarstað er komið, skal sýna það hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en verzlað er með vínföng á þeim stað.

Leyfisbrjefið má eingöngu nota í höfnum þeim, þar sem heimilt er að verzla með drykki þessa á sjálfum verzlunarstaðnum.

4. gr.

Eigi má selja áfenga drykki í smærri skömmtum en hjer segir:

a) af víni á flöskum með lakki eður innsigli fyrir, sömuleiðis af brennivíni, rommi, konjakki, púnsextrakti eða þvílíkum drykkjum, ekki minna en $^3/_4$ úr potti;
b) af öli á trje-flátum ekki minna en $^1/_4$ úr tunnu;
c) af öli á flöskum ekki minna en 2 þriggjapelaflöskur eða 4 hálfflöskur ($1^1/_2$ pela-flöskur).

5. gr.

Hver sá verzlunarmaður, forstjóri eða annar starfsmaður kaupfjelags eða pöntunarfjelags, sem ekki hefur sjálfur leyfi til að verzla með áfenga drykki en pantar þá handa öðrum eða annast um sendingu á þeim til annara frá kaupmönnum á Íslandi, er leyfi þetta hafa, eða frá stöðum fyrir utan Ísland, gjörir sig sekan í ólöglegri verzlun.

6. gr.

Hver sá, er rjett hefur til veitingar áfengra drykkja, skal borga í landssjóð 200 krónur í árlegt afgjald, og greiðist það á sama hátt og afgjaldið af verzlun með áfenga drykki.

7. gr.

Nú vill maður öðlast leyfi til veitingar áfengra drykkja, skal þá senda umsókn um það til hlutaðeigandi hreppsnefndar eður bæjarstjórnar, og vilji hún sinna málinu, skal bera það undir atkvæði á hreppaskilaþingi eður almennum fundi bæjarmanna, er atkvæðisrjett eiga í bæjarmálum. Til þess að fá veitt leyfi og skilyrði sett því viðvíkjandi þarf í hreppi meiri hluta atkvæða þeirra hreppsbúa, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum og ennfremur samþykki meira hluta hreppsnefndar og sýslunefndar og staðfestingu amtsins, en í kaupstöðum verður að minnsta kosti þriðjungur allra atkvæðisbærra bæjarmanna að hafa sótt fundinn, og þvínæst, að meiri hluti fundarmanna og meiri hluti bæjarstjórnar hafi fallizt á veitingaleyfið, og að amtmaður þar á ofan hafi staðfezt það. Ekki má veita leyfi þetta nema því fylgi skylda til að geta hýst ákveðna tölu ferðamanna og selt þeim nauðsynlegan greiða. Fyrir leyfið greiðast 50 krónur, er renna í landssjóð.

Leyfisveitingin og skilyrðin skulu uppborin til atkvæða í einu lagi. Liggi fleiri tillögur fyrir en ein, skal þá fyrst upp bera, er síðast kom fram o. s. frv.

Leyfið skal veita fyrir 5 ár í senn, en amtmaður getur, eptir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar eður bæjarstjórnar, eða að fengnu áliti hennar, tekið leyfið af hlutaðeiganda, ef hann ekki heldur skilyrði þau, er leyfið er veitt með.

8. gr.

Leyfi til veitinga áfengra drykkja og leyfi til að verzla með þá má eigi sami maður hafa. Þeir er rjett hafa til veitinga og líka hafa rjett til að verzla með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi, halda þó þessum rjetti gegn því að borga gjald það er segir í 1. gr. auk gjalds þess, er segir i 6. gr. laga þessara.

9. gr.

Hver sá, er rjett hefur til að verzla með eða veita áfenga drykki, getur leyst sig undan gjöldum þeim, er ákveðin eru í 1. og 6. gr. með því að gefa hlutaðeigandi lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það, að hann afsali sjer rjetti sínum til verzlunar eða veitingar áfengra drykkja. Þar sem rjettur þessi byggist á sjerstöku leyfisbrjefi, skal ennfremur afhenda það til ónýtingar.

10. gr.

Sjerhver lyfsali hefur heimild til að selja áfenga drykki, sem fyrirskipaðir eru eptir læknisforskript, enda þótt hann hafi eigi rjett til að verzla með áfengi.

11. gr.

Ólöglegar veitingar eru taldar:

a) ókeypis veitingar áfengra drykkja í verzlunarhúsum eða í sambandi við verzlunaratvinnu yfir höfuð að tala.

b) Sala áfengra drykkja af manni, er til þess hefur leyfi, ef drykkjanna er neytt þar á staðnum, jafnvel þó það sje gjört án hans leyfis, ef það er á hans vitorði, eða ef atvik liggja svo til, að hann hefur haft ástæðu til að gruna, að það yrði gjört, nema hann sanni, að hann hafi gjört það sem í hans valdi stóð, til að koma í veg fyrir það.

12. gr.

Enginn námsmaður á skólum, er standa undir umsjón landstjórnarinnar, er skyldugur til að borga áfenga drykki, sem hann fær til láns.

13. gr.

Ólögleg verzlun með áfenga drykki — að frátöldum brotum á 4. gr. — varðar sektum, fyrsta sinn 50—250 kr., ef brotið er ítrekað, 100—500 kr., og þaraðauki missa þeir, er verzlun reka einnig verzlunarrjett sinn í þriðja sinn sem brotið er. Auk þessara hegninga skal einnig gjöra upptæka alla áfenga drykki, er hjá hinum seka finnast, en er svo á stendur, sem segir í 5. gr., þó því að eins, að hann reki verzlun.

14. gr.

Brot gegn 4. gr. varða í fyrsta sinn 25—250 kr. sektum. Sje brotið ítrekað, varðar það 50—500 króna sektum og missi rjettinda til að verzla með áfengi.

15. gr.

Ólögleg veiting áfengra drykkja varðar sektum 25—250 kr. í fyrsta sinn, og 50—500 kr. ef ítrekað er, og missir hinn seki, ef hann hefur rjett til að verzla með áfenga drykki, þaraðauki rjett þennan, ef brotið er ítrekað, og ef hann rekur verzlun, missir hann verzlunarrjett sinn, er brotið er þriðja sinn. Loks skal við annað brot gjöra upptæka alla áfenga drykki, er finnast hjá hinum seka.

16. gr.

Nú veitir sá, er rjett hefur til veitinga áfengra drykkja, drykki þessa unglingi innan 16 ára aldurs, eða manni sem sölumaður veit gjörla, að á síðastliðnum 5 árum hefur verið sviptur fjárforráðum vegna drykkjuskapar, eða á sama tíma hefur þjáðst af drykkjamanna geðveiki eða er skertur á geðsmunum, og varðar það þá 25—100 kr. sektum fyrsta sinn, 50—200 kr. sektum annað sinn og missi veitingaleyfisins hið þriðja sinn.

17. gr.

Nú hefur maður fyrir brot á lögum þessum eður lögum um veitingu og sölu áfengra drykkja 10. febrúar 1888 fyrirgjört rjetti sínum til verzlunar með eða veitinga á vörum þessum, og getur hann þá ekki fengið nýtt leyfisbrjef fyrr en 5 ár eru liðin frá því hann missti hin fyrri rjettindi sín, án þess hann á þeim tíma hafi brotið áðurnefnd lög. Brjóti hann síðan lög þessi, skal telja það brot hans sem brot í annað sinn.

18. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir eiga ásamt lögreglustjórnum að hafa eptirlit með, að eigi fari fram ólögleg verzlun eða veitingar áfengra drykkja.

19. gr.

Sektir þær, er um ræðir í lögum þessum og andvirði fyrir drykki þá, sem upptækir hafa verið gjörðir samkvæmt þeim, renna í sjóð sveitar þeirrar eða kaupstaðar, er brotið er framið í.

20. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

21. gr.

Lög um veitingu og sölu áfengra drykkja 10. febrúar 1888 eru úr gildi numin.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1900.

Athugasemdir við framangreint lagafrumvarp.

Í brjefi ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja, dags 27. sept. 1898 (Stjórnartíðindin 1898, B-deild, bls. 216—217) eru teknar fram ástæður þær er ollu því, að lagafrumvarp það, er alþingi samþykkti 1897 um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi, ekki öðlaðist konungsstaðfestingu. En eins og tekið er fram í brjefinu varð stjórnin að taka undir með ósk þeirri, sem er rót þingfrumvarpsins, um að löggjöfin reyni að leggja höpt á misbrúkun áfengra drykkja með því að hepta að sumu leyti eður takmarka aðganginn að áfengisverzlun, sem nú er allt of hægur, og í þeim tilgangi hefur svo frumvarp þetta verið samið.

Fyrst og fremst fer það fram á bæði að ákveða ríflegt árgjald af allri áfengisverzlun, einnig þeirri, sem rekin er af verzlunum þeim, sem nú eru við líði, og að framvegis verði aðgangur að því, að stofna þesshättar verzlanir, háður sjerstöku leyfisbrjefi, og sje veiting þessa leyfisbrjefs að nokkru leyti háð vilja hlutaðeigandi bæjar- eður sveitarstjórnar, en aðeins megi veita það fyrir stuttan, ákveðinn árafjölda gegn því að borgað sje all-hátt gjald, bæði í fyrsta skipti sem leyfið er veitt og í hvert skipti, sem það er endurnýjað. En þar eð lög um áfengissölu í þá átt, sem hjer er farið fram á, hljóta á einstaka stað að grípa inn í ákvæði laganna 10. febrúar 1888 um veitingu og sölu áfengra drykkja, þannig að nauðsynlegt hefði orðið að breyta ýmsu, en einkum hegningarákvæðum þeirra, og þar eð nýr bálkur af lagaákvæðum, er stæði jafnhliða lögunum frá 1888, gæti auðveldlega valdið ógreiðum, jafnvel þótt því yrði jafnframt breytt í þeim sem þyrfti, og þar eð í raun og veru þyrfti að breyta fyrnefndum lögum á einstaka stað, bæði hvað orð og innihald snertir, var álitið rjettast að smíða upp lögin 1888, en þó mjög gætilega og innan vissra takmarka, en steypa um leið innihaldi þessara laga saman við hin nýju ákvæði, er voru á prjónunum, þannig að úr því yrði ein heild, og er þá líka því til leiðar komið, að öll lagaákvæði um áfengisverzlun og áfengisveitingar verða saman á einum stað.

Að því er snertir einstök ákvæði frumvarps þessa skal þess getið sem hjer segir.

Við 1.—2. gr.

Þessar greinar hafa inni að halda almenn skilyrði fyrir því að reka verzlun með áfengi. En þar sem alls konar öl er talið til áfengra drykkja, er reikna skal innflutningsgjald af því, hvort sem það er áfengt eða ekki, þá er í lögum þessum farið fram á, að einungis þær öltegundir, sem í raun og veru má telja áfengar, sem sje staðjastað öl (svokallað bajerskt öl), sjeu taldar með áfengum drykkjum.

Þar sem stungið er upp á að setja árgjaldið svo hátt að það nemi 500 krónum fyrir hvern sölustað, og jafnhátt gjald fyrir ný leyfisbrjef, þá styðst það aðallega við röksemdir þær, er nú skal greina.

Það er einkum undir því komið, að reynt sje að hepta þá fjölgun vínsölustaða, sem hefur átt sjer stað síðastliðin ár, og hefur orðið svo greitt aðgöngu til þessa vegna löggildinga þeirra á verzlunarstöðum í flestum sjávarbyggðum landsins, er fram hafa farið. Að því er landshöfðingi hefur skýrt frá og sjest á umræðum um málið á alþingi, er það engan veginn sjaldgæft, að menn kaupi borgarabrjef til verzlunariðnar fyrir hið lága gjald, 50 kr., sem ákveðið er í lögum nr. 28 frá 7. nóv. 1879, sjerstaklega og stundum eingöngu í því skyni að verzla með brennivín og aðra áfenga drykki. Það er aldrei nein bót að því, að verzlanir af því tagi komist á stofn, en skaðvænast er það, ef þesshátta verzlun er stofnuð á stað, þar sem engin vínfangaverzlun hefur áður verið, til að mynda á nýlöggiltum verzlunarstöðum, þar sem engin föst verzlun er komin, eða í smákauptúnum, þar sem aðeins er ein föst verzlun, sem ekki hefur vínföng á boðstólum, eða þar sem þeir, er verzlun reka, hafa komið sjer saman um, að verzla ekki með þesshátta vörur. Til þess að stöðva þesshátta aðgjörðir og — að því er maður vonar — að minnka tölu vínsölustaða þeirra, er á stofn eru kommir, mun árgjald það, er stungið er upp á, vera hentugt ráð, og lengra hefur ekki þótt hægt að fara að því er til þeirra verzlana tekur, er nú eru við líði. En hinsvegar er stungið upp á, að stofnun vínfangaverzlunar sje framvegis komin undir sjerstöku leyfisbrjefi, er nær til 5 ára í senn, ekki er hægt að heimta, og kostar 500 kr. í hvert skipti, sem það er veitt. Veiting leyfisbrjefanna er á hendur falin amtmanni sem æðri lögregluvaldi, og sker hann úr því í hvert skipti, hvort veita skal leyfið, en þó er líka hreppsnefndum og bæjarstjórnum ætlað að geta haft nokkur áhrif á veitinguna; þannig er einkum ætlazt til, að ekki sje hægt að veita leyfisbrjef á þeim stöðum, þar sem vínfangaverzlun hefur eigi verið að undanförnu — en það getur aðeins komið fyrir utan kaupstaða — nema hlutaðeigandi hreppsnefnd mæli með því.

Ákvæði í líking við ákvæðið í 1. gr. laganna 1888, um að einungis megi reka verzlun með áfenga drykki í sambandi við almenna kaupmannsverzlun eða lyfsalaiðn, virðast vera óþörf í sambandi við ákvæði þau, er hjer er farið fram á, og að sameina veitingamannsiðn og áfengisverzlun getur enda ekki talizt ráðlegt, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Við 3. gr.

Ákvæði þau, er nú gilda um leyfi til verzlunar á skipi, finnast í lögum nr. 28 frá 7. nóv. 1879, 3.—4. gr. og lögum nr. 28 frá 2. des. 1887. Samkvæmt lögum þessum er vínfangasala á skipi bönnuð annarstaðar en á löggiltum verzlunarstöðum; en á þeim stöðum verður samkvæmt ákvæðum þeim, er undanfarandi greinar hafa inni að halda, að leggja samsvarandi gjald á þá verzlun, hvort sem það eru fastakaupmenn sjálfir eða hinir svonefndu lausakaupmenn, sem reka hana. Þesskonar verzlun er þannig varið, að hjer getur ei um árgjald verið að ræða, heldur einungis um ákveðna borgun fyrir leyfi til að fara slíkar verzlunarferðir, eina eða fleiri. Því er stungið upp á að binda þetta við leyfisbrjef, en sem endurgjald fyrir það, að árgjaldið fellur burt, greiðist fyrir það dálitið

hærra gjald en fyrir vanaleg leyfisbrjef, sem sje 600 krónur, og gildi leyfisbrjefið aðeins eina verzlunarferð. Samkvæmt eðli málsins getur heldur ekki um það verið að ræða að fá álit sveitaryfirvalda á þeim stöðum er verzla skal, áður en leyfisbrjef sje veitt, en aptur á móti er stungið upp á, að einungis megi nota leyfisbrjefið í þeim höfnum, þar sem heimild er til að verzla með vínföng á sjálfum verzlunarstaðnum.

Við 4. gr.

Orðalagi greinar þessarar er vikið við, en kemur þó heim við þann hluta 3. greinar laganna frá 1888, sem um kaupmenn ræðir, nema hvað farið er fram á, að færa takmarkið fyrir minnstri sölu öls á flöskum niður úr 5 og 10 í 2 og 4 flöskur. Því það verður að telja ósanngjarnt, að t. d. maður sem þarf að halda á 2 flöskum af bajersku öli á skemtiferð eða þesshátt, ekki geti fengið svo lítið í einu.

Við 5. gr.

Þessi ákvæði eru sett til að forðast það, að svo miklu leyti sem unt er, að menn fari kring um ákvæði laganna með því móti, að þeir látast að eins panta vínföngin eða útvega þau sem milligöngumenn fyrir þá, er þeirra eiga að njóta, en eru í raun rjettri kaupmenn, er verzla með þau, svo milligangan er fyrirslátturinn einn.

Við 6. gr.

Reyndar hefur ekki, sbr. 7. gr., þótt ástæða til að hækka gjald það fyrir vínveitingaleyfi sem nú er, heldur aðeins að ákveða að það skuli renna í landssjóð eins og öll önnur gjöld, er um ræðir í lögum þessum, til þess að sveitarsjóður skuli ekki sjá beinan hag sinn í að veita eins mörg sölu og veitingaleyfi og unnt er, en á hinn bóginn verður að telja það nauðsyn, ef veitingamenn eiga ekki að standa allt of vel að vígi í samanburði við þá, er verzla með vínföng, að leggja árgjald á þá, og mun hæfilegt vera að setja það 200 krónur.

Við 7. gr.

Þessi grein er að efni til að mestu leyti samhljóða 6. gr. laganna 1888. Einstaka atriði er sleppt en öðrum bætt við og hefur það, eins og sjest á orðum greinarinnar, verið gjört sumpart til að gjöra greinilegri þau ákvæði, sem áður voru, sumpart til að gjöra þau samkvæm hinum nýju ákvæðum þessara laga, en auk þessa hefur dálítil breyting verið gjörð á enda greinarinnar, og fer hún fram á, að haga orðunum svo, að vald amtmanns til að svipta hlutaðeigandi mann leyfisbrjefi því, er honum hefur verið veitt, þá er svo á stendur sem þar segir, sje ekki beinlínis háð tillögum sveitarstjórnar, en þó skuli ætíð álit hennar á málinu hafa fengið verið.

Við 8. gr.

Eins og þegar er tekið fram hefur þótt ráðlegast að banna framvegis, að sami maður hafi rjett til að verzla með vínföng og veita þau, en þó ber ekki að beita þessum ákvæðum við þá, sem samkvæmt gildandi lögum hafa nú sem stendur heimild til að reka báðar þessar iðnir, en þeir verða þá að borga bæði veitingagjaldið og gjald það, er segir í 1. gr.

Við 8. gr.

Það er auðvitað, að menn með því að afsala sjer rjetti til að verzla með vínföng og veita þau, geta losað sig við að greiða framvegis gjöld þau, er lögð eru á þá, er neyta þessara rjettinda, og hefur þótt rjettast að ákveða, á hvern hátt afsal þetta skuli fram fara.

Við 10. gr.

Auðvitað verða lyfsalar að hafa fullan rjett til að selja vínföng eptir læknisforskript, án þess að ákvæðum fyrstu eða fjórðu greinar sje beitt gagnvart þeirri sölu. En hvað alla aðra vínfangaverzlun snertir, verða þeir að sæta sömu kjörum og allir aðrir.

Við 11. og 12. gr.

Þessar greinar eru að efni til að mestu leyti samkvæmar 4., 5. og 8. gr. laganna 1888, sbr. 9. gr. síðast. En til þess líka að klekkja á ókeypis veitingum áfengra drykkja og sölu til þess að njóta þeirra undir eins, jafnvel þó það sje gjört undir berum himni fyrir utan búðir og geymsluhús, eru í 11. gr. til þess að tákna staðinn notuð nokkru yfirgripsmeiri orð en í núgildandi lögum.

Við 13. gr.

Eins og fyrr er getið hlýtur fyrirkomulag það, sem þetta lagafrumvarp fer fram á, að hafa í för með sjer nokkrar breytingar á hegningarákvæðum laganna 1888, enda eru þau ákvæði ekki öll saman greinileg og hentug.

Reglur þær, er þessi grein hefur inni að halda, eru um vínfangasölu af hálfu manna, sem ei hafa rjett til þess, og svara þannig til fyrstu setningar 9. greinar laganna 1888.

Þar eð ætla má, að af hinum háu gjöldum af áfengissölu leiði meiri freisting en áður til að hafa hana um hönd í óleyfi, þykir nauðsyn bera til að hækka sektargjaldið og því næst bæta við það ákvæði um að gera upptæk vínföng þau, sem finnast hjá hinum seka, og þó því aðeins, ef hin ólöglega verzlun er brot á 5 gr., að hinn seki reki verzlun. Samkvæmt lögunum 1888 eru það aðeins sveitaverzlunarmenn, sem hegna skal með missi verzlunarleyfis, en það virðist rjettast að láta þessa aukahegningu koma niður á öllum, er verzlun reka, ef þeir selja vínföng án þess að hafa leyfi til þess, en samt fyrst við þriðja brot.

Við 14. gr.

Fyrir brot gegn ákvæðum 4. greinar er stungið upp á sömu hegningu og í lögunum frá 1888, sbr. annan og þriðja kafla 9. greinar þeirra, nema hvað hjer er sleppt heimild þeirri, er þar er til að taka af hlutaðeiganda leyfi til að verzla með vínföng undir eins við fyrsta brot. Því hægt væri að beita gjörræði þegar þannig er ákveðið, og hegning þessi fyrir fyrsta brot virðist vera strangari, hvernig sem á kann að standa, en þörf er á samkvæmt eðli brotsins.

Við 15. gr.

Fyrir ólöglega veitingu vínfanga (hjer með teljast einnig brot á 11. gr.) er stungið upp á sömu sektarhegningum og í öðrum lið 9. greinar laganna 1888, og ennfremur að vínföng þau, sem finnast, skuli gjörð upptæk, einsog stungið er upp á í 13. gr. að því er ólöglega verzlun snertir, en þó ei fyrr en við annað brot. Ef svo stendur á, að hinn seki hefur rjett til vínfangaverzlunar, er hjer einnig stungið upp á því, í samræmi við reglu þá, er sett hefur verið í 14. gr., að hann skuli hafa fyrirgjört þessum rjetti sínum við brot í annað sinn, og ennfremur fyrirgjörir hinn seki, ef hann rekur verzlun, verzlunarrjettindum sínum við brot í þriðja sinn.

Við 16. gr.

Grein þessi samsvarar 7. gr. laganna 1888, en stungið er upp á að telja til þeirra, sem ei má selja vínföng að lögum, ýmsa menn, sem að þessu leyti virðist mega setja í tölu ómyndugra.

Við 17. gr.

Ákvæði þau, er hjer eru sett, svara til efnisins í 1. og 11. grein í lögunum 1888.

Við 18.—21. gr.

Þegar sveita- og bæjastjórnum er, eins og hjer er stungið upp á, gjört að skyldu að aðstoða lögreglustjórnina í því að hafa gætur á, að ekki sje höfð um hönd ólögleg verzlun með vínföng eða óleyfilegar veitingar á þeim, og ennfremur er ákveðið, að sektir fyrir þesshátttar brot, og andvirði upptækra vínfanga skuli greiðast í hlutaðeigandi sveitarsjóð, mun víst hægt vera að komast af án þóknunargjalds þess fyrir uppljóstranir, er heimilað er í 12. gr. laganna 1888.

Við 22. gr.

Samkvæmt eðli ákvæða þeirra, sem stungið er upp á, væri bezt að lögin öðluðust gildi sem fyrst, eptir að þau hafa samþykkt verið, og hefur þótt mátulegt að ákveða, að það skuli verða 1. jan. 1900.

Bráðabirgðalög fyrir Ísland,

er

banna dönskum þegnum liðveizlu til handa ríkjum, er i ófriði eiga.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: það er áríðandi, eptir því sem á stendur, að danskir þegnar gjöri ekk neitt það, er hætta sje af búin fyrir stöðu ríkisins sem hlutlauss í ófriði, eða er gefi öðrum ríkjum ásfæðu til að saka það um hluttöku í honum, og teljum Vjer því brýna nauðsyn á að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti heimild til að banna og hegna fyrir þesskonar aðgjörðir af hálfu þegnanna.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Ef ófriður hefst, er hið danska ríki er hlutlaust í, er þegnunum bannað:

1) að ganga í nokkura þjónustu í herum ríkja þeirra, er í ófriði eiga, eða á stjórnarskipum þeirra, og í þessu felst bann gegn hafnsögu á herskipum og flutningaskipum þeirra, utar en á hafnsögusvæði hins danska ríkis, og gegn hjálp til siglingar, nema skipin sjeu stödd í sjávarhættu;
2) að smíða eða umsmíða, selja eða á annan hátt afhenda, beinlínis eða óbeinlínis, til handa ófriðarríkjunum skip, sem víst er um eða grunsamt, að ætluð sjeu til hernaðarafnota, svo og að eiga nokkurn þátt í því á Íslandi, að slík skip sjeu gerð út eða búin út til hernaðar;
3) innan takmarka hins danska ríkis eða þaðan að styðja á nokkurn hátt ófriðarríkin í hernaði sínum, svo sem með því að útvega handa skipum þeirra hluti, er telja verður með hertækjum, eða inna nokkuð það af hendi fyrir ófriðarríkin, er miði til þess að auka vopnabúnað skipa þeirra, eður gera þau að öðru leyti styrkari eða greiðari til hernaðar.
4) að annast flutning á hertækjum fyrir ófriðarríkin eða selja þeim á leigu eða gera út handa þeim skip, er víst er um eða grunsamt, að ætluð sjeu til þeirra nota;
5) að skora á almenning að ganga í herþjónustu, á sjó eða landi, hjá ófriðarríkjunum, eða að veita þeim á annan hátt lið til hernaðar, svo og að bjóða mönnum til hluttöku í ríkisláni til handa þeim, hafi stjórnin gefið út sjerstakt bann gegn því.

2. grein.

Brot gegn ákvæðum 1. greinar varða fangelsi eða sektum, nema við liggi þyngri hegning að lögum. Um tilraunir og hlutdeild í verknaði fer eptir almennum grundvallarreglum hegningarlaga.

Lög þessi öðlast gildi daginn eptir að það númer af B-deild stjórnartíðindanna kemur út, er þau eru birt í.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 29. apríl 1898.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Rump.

Bráðabirgðalög

er nema úr gildi

bráðabirgðalög fyrir Ísland 29. apríl 1898 er banna dönskum þegnum liðveizlu til handa ríkjum, er í ófriði eiga.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur. Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: þar eð bráðabirgðalög fyrir konungsríkið og hinar dönsku eyjar í Vesturheimi frá 29. apríl 1898, þar sem bannað er dönskum þegnum að hjálpa ríkjum, er í ófriði eiga, eru úr gildi gengin, og þar eð eigi mega ólík ákvæði gilda á þessu lagasviði fyrir ýmsa hluta ríkis Vors, hefur Oss þótt brýn nauðsyn bera til að nema og hin íslenzku lög frá sama tíma og um sama efni úr gildi með nýjum bráðabirgðalögum samkvæmt 11. grein stjórnarskrárinnar.

Því bjóðum Vjer og skipum á þessa leið:

Bráðabirgðalög fyrir Ísland 29. apríl 1898, er banna dönskum þegnum liðveizlu til handa ríkjum er í ófriði eiga, eru úr gildi numin.

Gefið á Amalíuborg, 24. mai 1899.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Rump.

Kaupmannahöfn, prentað hjá J. H. Schultz.

Nd. 17. **Tillaga**

til þingsályktunar um hvalaveiðar við strendur Íslands. Flutningsmenn: Kl. Jónsson, Jón Jónsson, þm. Eyf., Pétur Jónsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga hvalaveiðar við strendur Íslands, og láta uppi tillögur sínar um málið.

Nd. 18. **Tillaga**

til þingsályktunar um mentamál. Frá Jóni Þórarinssyni 2. þm. Kjósar- og Gullbringusýslu og Sigurði Gunnarssyni 1. þm. Suður-Múlasýslu.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa fimm manna nefnd til að íhuga uppeldisg mentamál landsins.

Nd. 19. **Frumvarp**

til laga um afnám framtals á lausafé til tíundar og um breyting á gjöldum þeim, er bundin eru við lausafjártíund.

Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson, Ólafur Briem,

1. gr. Skattur á ábúð og afnotum jarða eftir lögum nr. 21 14. des. 1877 2. gr. skal eftirleiðis vera $^4/_5$ álnar af hundraði hverju.

Lög nr. 21 14. des. 1877 3. gr. skal úr gildi numin.

2. gr. Tekjur presta af lausafjártíundum, dagsverkum og offri eftir tilsk. 27. jan. 1847 3. gr. skulu fyrir hvert prestakall um sig reiknaðar til meðaltals í álnum, eftir upphæð þeirra ár hvert hin síðustu 10 ár. — Á sama hátt skulu reiknaðar tekjur kirkju hverrar af lausafjártíundum. Eftir tillögum stiftsyfirvaldanna ákveður landshöfðingi upphæð meðaltalsins fyrir hvert prestakall og fyrir hverja kirkjusókn um sig, og auglýsir skrá yfir upphæðirnar í B-deild Stjórnartíðindanna. Hvert meðaltal skal standa á heilli alin, þannig að $^1/_2$ al. eða meira teljist sem heil. Skyldir eru prestar, kirkjuhaldarar, svo og sýslumenn og hreppstjórar til að láta stiftsyfirvöldunum í té allar nauðsynlegar skýrslur um þetta efni, að viðlögðum þvingunarsektum eftir úrskurði hlutaðeigandi amtmanns.

3. gr. Gjöldin til presta og kirkna samkvæmt 2. gr. þessara laga, eins og þau eru af landshöfðingja ákveðin í álnum, skulu talin til peninga eftir aðalmeðalverði í hvers árs verðlagsskrá, og skal upphæðinni á ári hverju skift niður á gjaldendur í hverju prestakalli og hverri kirkjusókn um sig, eftir sömu niðurjöfnunarreglum og settar eru í lögum nr. 21 22. maí 1890 um kostnað við hljóðfæraslátt og söng í kirkjum.

4. gr. Í kirkjusókn hverri skal sóknarnefndin, með ráði prestsins, jafna niður árlega gjaldinu til kirkjunnar eftir 2. og 3. gr. þessara laga. Hið sama skal og gilda um gjaldið til prests, þar sem prestakallið er ein kirkjusókn að eins. Þar sem sóknarnefndir eru fleiri en ein í prestakallinu, kýs hver sóknarnefnd um sig einn mann úr sínum flokki, og skulu þessir kjörnu menn, með ráði prests, jafna niður í prestakallinu gjaldinu til prestsins. Standi tala hinna kjörnu manna eigi á stöku, tilnefnir prófastur oddamann.

5. gr. Niðurjöfnun gjalda til prests og kirkju eftir þessum lögum skal lokið fyrir 31. okt. ár hvert og skrár yfir niðurjöfnunina liggja almenningi til sýn-

is á hentugum stað, frá 1.—14. nóv. næst á eftir. Eindagi þessara gjalda skal vera 31. desbr. ár hvert, og eru þau rétt goldin í peningum. Bresti gjaldanda peninga, má hann greiða gjaldið í verzlunarinnskrift eða landaurum eftir ákvæði 2. gr. í lögum nr. 20 22. maí 1890. Hver húsráðandi skal inna gjaldið af hendi fyrir sig og heimilismenn sína.

6. gr. Nú telur gjaldandi sig ranglega talinn á gjaldskrá eða einhvern sinna heimilismanna, eða of háu gjaldi á sig jafnað í hlutfalli við aðra gjaldendur, eða einhverjum slept ranglega af skránni, og getur hann þá skriflega kært það fyrir nóvemberlok við hlutaðeigandi sóknarprest, en hann kveður nefnd þá, er um málið fjalladi, til fundar. Skal hún láta kæranda í té skriflegan rökstuddan úrskurð sinn fyrir gjalddaga. Bera má kærandi úrskurðinn á 3 vikna fresti frá eindaga gjaldsins undir sýslunefnd, er leggur endilegan úrskurð á málið, en eigi losar slík áfrýjun kæranda við, að greiða gjaldið á gjalddaga þess.

7. gr. Gjöld til amtsjóðanna samkvæmt lögum nr. 15, 4. júní 1898, eftir niðurjöfnun amtsráðanna, skiftast á sýslufélögin í amtinu, að hálfu leyti eftir tölu fasteignarhundraða, og að hálfu leyti eftir tölu verkfærra karlmanna í hverri sýslu um sig. Eftir hinum sama mælikvarða skiftast gjöldin til sýslusjóðanna eftir niðurjöfnun sýslunefndanna á hina einstöku hreppa hverrar sýslu um sig.

8. gr. Árleg þóknun til hreppstjóra skal af landshöfðingja ákveðin fyrir hvern hrepp um sig eftir meðaltali af upphæð þeirri, er þeim er greidd ár hvert á fardagaárunum 1895—1896 til 1899—1900 samkvæmt lögum nr. 33, 13. des. 1895 1. gr. — Hvert meðaltal skal látið standa á heilli krónu, þannig, að hálf kr. eða meira skal talin heil.

9. gr. Kostnaður sá, er af fátækraflutningum rís, skal eftirleiðis greiddur af framfærslusveit þurfamannsins með þrem fjórðu hlutum, en af dvalarsveit hans, er flutningurinn er byrjaður úr, með einum fjórða hluta. Opið brjef 17. apríl 1868 skal úr gildi numið.

10. gr. Hreppaskilaþing skal haldið á hausti hverju, eins og verið hefir, og skulu búendur allir mæta þar, til þess að gefa lögboðnar upplýsingar til undirbúnings hagfræðisskýrslna, hundahaldsskráa og annara opinberra skýrslna, og skal, að því er þetta snertir, farið eftir ákvæðum laga 12. júlí 1878 um lausafjártíund, en að öllu öðru leyti skulu nefnd lög 12. júlí 1878, svo og lög nr. 9, 6. apríl 1898, úr gildi numin.

11. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1901.

Nd. 20. **Tillaga**

til þingsályktunar frá Pjetri Jónssyni, Sigurði Gunnarssyni og Birni Sigfússyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga landbúnaðarmálið.

Nd. 21. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Norðurfjörð í Strandasýslu. Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

Við Norðurfjörð í Árneshreppi í Strandasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. 22. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við reglugjörð um fátækramálefni 8. jan. 1834, o. fl. frá Kristjáni Jónssyni og Þorkeli Bjarnasyni.

1. gr. Hver maður skal eiga rétt til framfærslu í þeim hreppi eða því bæjarfélagi, þar er hann hefir síðast dvalið 1 ár búsettur, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang eftir 16 ára aldur, svo framarlega hann eigi hefir hin síðustu 3 ár þegið sveitarstyrk, sem er óendurgoldinn.

2. gr. Hver sá maður, karl eða kona, er á hinum síðustu 5 árum hefir þegið sveitarstyrk, og ekki endurgoldið hann, má ekki giftast, nema því að eins, að sveitarstjórnin þar, sem karlmaðurinn er sveitlægur, gefi samþykki sitt til þess.

3. gr. Hreppur sá eða bæjarfélag, þar er þurfamaður dvelur, sem beiðist sveitarstyrks, skal, ef styrkurinn álízt nauðsynlegur, veita þurfamanninum fátækrastyrk eða framfærslu til bráðabirgða, þótt hann sé þar eigi sveitlægur, þangað til hann getur fengið nauðsynlegan styrk frá framfærsluhreppi sínum.

Þá er þurfamanni er veittur sveitarstyrkur, sem sveitarstjórnin vill fá endurgoldinn frá framfærsluhreppi hans, skal hún láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn fyrir vottum, til að fá skýrslu um þessi atriði:

a, nafn, aldur, fæðingarheimili og fæðingarstað þurfalingsins; sé þurfalingurinn giftur eða hafi verið giftur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gifst.

b, æfiferil hans eftir 16 ára aldur, og sérstaklega hvar hann hafi síðast átt lögheimili um eins árs tíma.

c, hvort og hvenær og hvar hann hafi þegið sveitarstyrk á síðustu 5 árum, og hvort hann sé endurgoldinn.

d, heimilisástæður og hag þurfamannsins yfir höfuð, og hvers vegna hann sé orðinn þurfandi.

Sé skýrslan gefin fyrir sýslumanni, skal hún tekin í rétti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún vera skrifleg, og undirskrifuð af honum og vottunum og þurfamanninum, ef hann er skrifandi; að öðrum kosti handsalar hann nafn sitt undir hana.

4. gr. Sé skýrsla sú, sem ræðir um í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkur er veittur, svo framarlega að þess hefir verið kostur, missir hlutaðeigandi sveitarfélag tilkall til endurgjalds á honum.

5. gr. Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 3. gr., og skal þá sveitarstjórnin, áður en mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni eða bæjarfógeta áskorun um, að rannsaka svo fljótt, sem við verður komið, hvar þurfalingurinn sé sveitfastur, svo framarlega þetta eigi þegar er fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sé endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal einnig send skýrsla sú, sem um er rætt í 3. gr. Vanræki sveitarstjórnin án brýnna orsaka að gjöra það, er fyrir er mælt í þessari grein, missir hrepps- eða bæjarsjóðurinn rétt til endurgjalds á hinum veitta styrk.

6. gr. Þegar gjörð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurétt þurfalings í hreppi sínum eða bæjarfélagi, skal sveitarstjórnin, áður en 4 vikur eru liðnar frá því fyrirspurnin barst henni til handa, senda hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta svar sitt upp á hana. Vanræksla í þessu efni skal varða hreppsnefnd sektum eftir dómi, og á hið opinbera sókn á máli út af broti því.

7. gr. Dvalarsveit og framfærslusveit manns þess, er þegið hefir sveitarstyrk,

hafa hvor um sig rétt til að krefjast þess, að þurfalingurinn sé fluttur þurfamannaflutningi á framfærsluhrepp sinn.

8. gr. Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sé sannað, hvar hann eigi framfærslurétt annaðhvort með yfirlýsingu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar þeirrar, er hlut á að máli, eða með úrskurði yfirvalds.

9. gr. Nú á þurfalingur að flytjast til framfærslusveitar sinnar, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti gefa honum vegabréf, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skal fluttur, svo og hve margt fólk er í flutningnum, ef um fleiri en einn er að ræða. Skulu nöfn þeirra og aldur tilgreint.

10. gr. Dvalarsveit eða framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sér saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann; en náist eigi samkomulag um það, getur dvalarsveitin ein annast flutninginn.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í framfærslusveitinni.

11. gr. Þurfamann skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg eða sjóveg; svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sé eigi í hættu stofnað.

12. gr. Eigi má flytja þurfaling fátækraflutningi, ef hinn veitti sveitarstyrkur nemur eigi meiru en 100 kr., nema því að eins, að bersýnilegt sé, að þurfamaðurinn sé kominn á stöðugt sveitarframfæri.

13. gr. Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveitin ¼ hluta, en framfærslusveitin ¾ hluta; skal kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess hrepps eða bæjarfélags, sem annast flutninginn.

14. gr. Af tekjum hreppsjóðs eða bæjarsjóðs skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn árlega leggja í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands sem eign hreppsins eða bæjarfélagsins 1—4%, eftir því sem hreppsnefndin eða bæjarstjórnin sjálf ákveður.

Vextir af innlögunum leggjast óskertir við höfuðstólinn, þangað til þeir árlega nema helmingi hærri upphæð en hreppurinn eða bæjarfélagið hefir frá upphafi lagt sjóðinn að meðaltali ár hvert. Upp frá því greiðist helmingurinn af ársvöxtunum í hreppssjóðinn, en hinn helmingur vaxtanna legst við höfuðstólinn. Sömuleiðis getur hreppurinn eða bæjarfélagið, sem í hlut á, frá sama tíma hætt að greiða í Söfnunarsjóðinn tillag samkvæmt upphafi þessarar greinar.

15. gr. Ákvæði þau í Reglugjörð fyrir fátækramálefna lögun og stjórn fyrst um sinn á Íslandi, 8. jan. 1834, Opnu bréfi 6. júlí 1848, um breyting á 6. gr. í nefndri reglugjörð, og Opnu bréfi 17. apríl 1868 um þurfamannaflutningskostnað, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr gildi numin.

16. gr. Lög þessi öðlast gildi 12 mánuðum eftir að birt hefir verið í Stjórnartíðindunum, deildinni B, að þau hafi hlotið staðfestingu konungs.

Nd. **23. Frumvarp**

til laga um breyting á yfirsetukvennalögum 17. des. 1875. Flutningsmenn: Þórður Guðmundsson og Þorlákur Guðmundsson.

1. gr. Hin föstu laun yfirsetukvenna (100 kr. í kaupstöðum og 60 kr. í sveitum) skal eftirleiðis greiða úr landsjóði; en ef þeim eru veittar launaviðbætur eða eftirlaun, skal sá kostnaður tekast úr sýslusjóði eða bæjarsjóði þeim, er hlut á að máli.

2. gr. Með þessu er úr gildi numin 1. málsgrein 4. greinar í yfirsetukvennalögum 17. desember 1875.

Nd. **24. Tillaga**

til þingsályktunar um fátækramálefni. Flutningsm.: Sighv. Árnason, Guðjón Guðlaugsson, Þorlákur Guðmundsson, Þórður Guðmundsson.

Neðri deild alþingis ályktar, að skipa 5 manna nefnd til að íhuga fátækralöggjöf landsins og semja tillögur til umbóta á henni.

Nd. **25. Frumvarp**

til laga um breyting og viðauka á lögum um friðun fugla og hreindýra. Flutningsmaður: Tryggvi Gunnarsson.

Álftir skulu vera friðaðar frá 15. maí til 15. október ár hvert. Álftaregg skulu og vera friðuð, og liggja sömu sektir við töku þeirra og drápi fuglsins á friðunartímanum.

Nd. **26. Frumvarp**

til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi. Flutningsmaður B. Sveinsson, þm. Norðurþingeyinga.

Til frekari umbóta á fyrirkomulaginu um peningamál Íslands, sem lög 18. sept. 1885 miða að, og til þess enn fremur að greiða fyrir og efla framfarir í verzlun, fiskiveiðum, iðnaði og búnaði landsins, er ráðaneytinu heimilað að veita félagi, sem þeir hæstaréttarmálaflutningsmaður Ludvig Arntzen, R. af D., og stórkaupmaður Alexander Warburg, báðir í Kaupmannahöfn, standa fyrir, og sem myndað er til þess að stofna hlutabanka, er nefnist »Íslands banki«, einkarétt um níutíu ára tímabil til þess, að gefa út seðla, er greiðist handhafa með gullmynt þegar krafist er — með þeim nánari skilyrðum, sem hér segir:

1. Almenningur á Íslandi skal látinn sitja fyrir því að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, annaðhvort með því að borga hlutaupphæðina í peningum með ákvæðisverði, eða með því, að gefa út skuldabréf fyrir hinni sömu upphæð með 1. veðrétti í fasteignum á Íslandi, er þó nemi ekki meira en 20% af virðingarverði fasteignanna og gefi 4% ársvexti, en greiðsla á vöxtum þeim skal trygð af landssjóði. Skuldabréfin mega að eins nema heilum hundruðum. Útgefendur þeirra og seinni eigendur fasteigna þeirra, sem ræða er um, mega, eftir vild, hvenær sem þeir vilja borga lánið með peningum með sex mánaða uppsögn í 11. júní og 11. desember-gjalddaga. Þá er skuldabréf er borgað, getur sá, er í hlut á, krafist kvittunar eða yfirfærslu til sín.

2. Þeir sem einkarétturinn veitist, skulu skyldir að útvega með ákvæðisverði jafnmikla hlutaupphæð þeirri, sem Íslendingar leggja fram samkvæmt 1. gr., þó ekki meira en svo, að hlutafé nemi fyrst um sinn 6 miljónum króna alls.

3. Heimilt skal bankanum vegna veðskuldbindinga þeirra, sem hann tekur á móti samkvæmt 1. gr., að gefa út bankaskuldabréf, sem nemi sömu upphæð og sem trygð sé með hinum nefndu veðskuldbindingum. Nú eru skuldabréf

þau, sem 1. gr. ræðir um, innleyst, og skal þá jafnmikil upphæð af þessum banka-skuldabréfum einnig leyst inn, að undangengnu hlutkesti, með peningum eftir á-kvæðisverði.

4. Islandsbanka skal heimilt, eptir því sem viðskiftaþörfin krefst, að gefa út seðla, er greiðist handhafa með gullmynt, þegar krafist er, gegn því að bankinn

1) hafi í vörzlum sínum málmforða, er nemi því verði, er seðlar bankans, þeir sem úti eru, samtals fara yfir þá hlutaupphæð sem innborguð er *að fullu* og skal málmforðinn aldrei nema minna verði en $^3/_8$ af því fje, sem hin nefnda seðlaupphæð hljóðar á.

2, hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlafúlgunnar, sem ekki er trygður með málmforðanum, þannig að verð eignarinnar í hlutfalli við seðla sé 150 kr. fyrir hverjar 100 kr. í seðlum.

5. Til málmforða má teljast:

a, lögleg gjaldgeng mynt eptir því verði, sem myntin hljóðar á;

b, ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2480 kr. fyrir hvert kilogram af skíru gulli;

c, kröfur, er gjaldist þegar heimtað er, hjá þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregsbanka og Englandsbanka (eða Skotlands), gegn því, að kröfur þær, er nefndir bankar hafa með sama skilorði gegn Íslandsbanka, sjeu dregnar frá verði málmforðans.

d, seðlar gefnir út af
Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn,
Noregs banka,
Ríkisbanka Svía,
Englands banka,
Skotlands banka,
Frakklands banka,
og hinum þýzka ríkisbanka.

6. Sá hluti málmforðans, sem er fyrir hendi í bankanum í löglegum gjald-gengum eyri, skal jafnan nema minst $^1/_4$ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er. Ó-slegið gull, sem Íslands banki kynni að hafa afhent til myntunar hinni konung-legu peningasmiðju í Kaupmannahöfn, má teljast til þeirrar upphæðar, er bank-inn skal hafa í reiðu gjaldi.

7. Til þeirrar eignar, sem tryggja skal seðlaupphæð þá, er málmforðinu nægir ekki til, teljast einkum:

Skuldabréf gefin út fyrir lánum gegn handveði.

Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.

Kröfur á hendur útlendum viðskiftamönnum, er gjaldast skulu þegar heimtað er.

Opinber verðbréf eptir gangverði og veðskuldabréf gefin út fyrir lánum út á fasteignir, þó þannig að hin síðastnefndu verðbréf nemi ekki meiru en 1 miljón króna.

8. Íslands banki skal vera nú og framvegis sú einasta stofnun á Íslandi,

sem rétt hefir til að gefa út gjaldmiðil, er komið geti í stað myntaðra peninga, og ákveðst það til tryggingar Íslands banka og handhöfum seðla hans, að ekki skuli, svo lengi sem lög þessi eru í gildi, gefa út eða leyfa að gefa út nokkurn slíkan gjaldmiðil; en þar á móti skulu seðlar Íslands banka vera þeir einustu, sem þannig geti gilt manna á milli, og sem tekið skuli á móti í alla opinbera sjóði, en þar skulu seðlarnir takast gildir sem lögleg borgun til jafns með reiðu gulli.

9. Vegna réttar þess, er bankinn nýtur til seðlaútgáfu, skal hann háður eftirliti stjórnarinnar samkvæmt nánari ákvörðunum í stofnskrá bankans, sem staðfest skal af ráðaneytinu, sem einnig skal veita samþykki sitt til, í hverju formi og á hverjar upphæðir seðlarnir skuli gefnir út.

10. Hver sem býr til eftirmynd seðla, sem útgefnir eru af Íslands banka eða falsar þá, skal sæta sömu hegning sem hin almennu hegningarlög 25. júní 1869, 266. gr., ákveða fyrir að búa til eftirmynd af eða falsa danska mynt eða seðla þjóðbankans. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að búa til eða falsa seðilinn, þó ekki sé búið að láta hann úti.

11. Íslands banki tekur að sér eignir og skuldir Landsbankans og tekst einnig á hendur að leysa inn seðla þá, sem bankinn á úti. Það sem verða kann afgangs hinu ákveðna innlausnargjaldi, skal lagt til varasjóðs Íslands banka.

12. Seðlar þeir, sem útgefnir eru af stjórninni fyrir hönd landssjóðs, mega aldrei aukast fram yfir það, sem nú er, en skulu innkallast og innleysast í síðasta lagi 3 árum eftir að Íslands banki hefir tekið til starfa.

Alla seðla, sem þannig eru kallaðir inn, lætur bankinn, undir hæfilegri tilsjón, ónýta opinberlega með því að brenna þá, og í hvert skifti sem seðlar hafa þannig verið brendir, tilkynnist almenningi, hve mikil upphæð hafi verið eydd.

13. Þar eð bankasjóðurinn, sem eingöngu er ætlaður til að tryggja útgefna seðla hans, skuldbindingar og aðrar kvaðir, er fé, sem ekki má verja til annars, þá skal a l d r e i íþyngja honum með neinum opinberum afgjöldum, hverju nafni sem nefnast.

14. Mynt sú, sem gjaldgeng er í Danmörk á hverjum tíma sem er, skal vera sú, er bankinn notar til viðskifta og sem bækur bankans hljóða um.

15. Heimilt skal bankanum, að nota óstimplaðan pappír til seðla sinna, bóka, ávísana og alls konar skuldbindinga, sem útgefast af bankanum og í nafni hans.

Einnig skulu skuldbindingar þær, sem 1. gr. ræðir um og bankaskuldabréf þau, sem nefnd eru í 3. gr., mega yfirfærast manna í milli, án þess að stimplaður pappír sé notaður. Enn fremur mega og þær skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, gefast út á óstimpluðum pappír.

16. Bankinn skal sem handveðshafandi hafa rétt til þess, ef ekki er öðru vísi um samið, að selja veðið við opinbert uppboð, þá er hann hefir gjört þeim, er veðið hefir sett, aðvart um það með vottum með daga fyrirvara, eða þá, ef veðsetjandi þekkist ekki eða ef ókunnugt er um heimili hans, eftir að hafa

innkallað hlutaðeigandi með daga fyrirvara til þess að leysa út veðið, með opinberri auglýsing í blöðum þeim, sem ætluð eru til að flytja aðrar lögbirtingar.

17. Bankinn skal hafa skrifstofu sína í Reykjavík og útibú á hinum stærri kauptúnum Íslands, einkum á Seyðisfirði, Akureyri (Eyjafirði) og Ísafirði.

18. Í stjórn bankans skulu vera 11 menn og velur alþingi 5 af þeim og hluthafar 5, en ráðgjafinn fyrir Ísland eða sá, sem hann skipar til þess, er sjálfkjörinn formaður bankaráðsins.

19. Svo framarlega sem skyldum, þeim sem að framan eru greindar, ekki verður fullnægt af nefndum leyfishafendum innan 12 mánaða frá staðfesting þessara laga, er ráðaneytinu heimilt að veita samkyns leyfi öðru félagi, sem kynni að vera fært um að fullnægja hinum ákveðnu skilyrðum.

Nd. 27. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Suðureyrarmölum í Ísafjarðarsýslu. Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Að Suðureyrarmölum í Súgandafirði í Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 28. **Tillaga**

til þingsályktunar um tollmál, frá Þórði J. Thoroddsen, Jens Pálssyni, Einari Jónssyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skipa 5 manna nefnd til að íhuga tollmál landsins.

Ed. 29. **Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan 1874. Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Þorleifur Jónsson.

Í staðinn fyrir 2. gr., 3. gr., 8. gr., 19. gr., 1. lið 25. gr., 34. gr., og 2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni komi svohljóðandi greinar:

1. grein. (2. gr. stj.skr.).

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sérstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafa fyrir Ísland framkvæma það. Ráðgjafinn fyrir Ísland má eigi hafa önnur stjórnarstörf á hendi og verður að skilja og tala íslenzka tungu.

Hið æðsta vald innanlands á Íslandi skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar og hefir aðsetur sitt á Íslandi. Konungur ákveður verksvið landshöfðingja.

2. grein. (3. gr. stj.skr.).

Ráðgjafinn ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Konungur eða alþingi geta kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans eftir þeim reglum, er nánar verður skipað fyrir um með lögum.

3. grein. (8. gr. stj.skr.).

Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sé liðnir frá því það var leyst upp, og alþingi stefnt saman

næsta ár eftir að það var leyst upp. Þó er eigi skylt að kveðja til aukaalþingis, þegar alþingi er leyst upp samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar.

4. grein. (19. gr. stj.skr.).

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

5. grein. (1. málsgr. 25. gr. stj.skr.).

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sérstaklegu gjalda Íslands, þó þannig, að greiða skuli fyrir fram af tillagi þessu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, eins og þau verða ákveðin af konunginum.

6. grein. (34. gr. stj.skr.).

Ráðgjafinn fyrir Ísland á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og á hann rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Nú er sjúkdómur eða önnur slík forföll því til fyrirstöðu, að ráðgjafinn geti mætt á alþingi, og má hann þá veita öðrum manni umboð til þess að mæta þar á sína ábyrgð, en að öðrum kosti mætir landshöfðinginn á ábyrgð ráðgjafans. Atkvæðisrétt hefir ráðgjafinn, eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

7. grein. (2. ákv. um stundars.).

Þangað til lög þau, er getið er um í 2. gr., koma út, skal hæstiréttur ríkisins dæma mál þau, er konungur eða alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland út af embættisfærslu hans, eftir þeim málfærslureglum, sem gilda við téðan rétt.

Nd. 30. **Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki. Flutningsmenn: Björn Sigfússon, Tryggvi Gunnarsson, Kl. Jónsson, Guðl. Guðmundsson.

1. gr. Af smjörlíki (Margarine), sem flutt er til Íslands, skal greiða aðflutningsgjald í landssjóð, 15 aura af hverju pundi.

2. gr. Um greiðslu gjaldsins og innheimtu, um tollskýrslur og um sektir gilda öll hin sömu ákvæði og um aðflutning á kaffi og sykri, samkv. lögum 9. ágúst 1889.

3. gr. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með samkvæmt þeim reglum, sem gilda um opinber lögreglumál.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1900.

Nd. 31. **Tillaga**

til þingsályktunar um bygging, ábúð og úttekt jarða. Frá Sighv. Árnasyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skipa 5 manna nefnd til að íhuga lög frá 12. jan. 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða, og semja tillögur til umbóta á þeim.

Nd. **32. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Heiðarhöfn á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu. — Flutningsmaður: B. Sveinsson.

Við Heiðarhöfn á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **33. Tillaga**

til þingsályktunar um breytingar á lögum um horfelli á skepnum 26. febr. 1898.

Frá Þórði Guðmundssyni og Þorláki Guðmundssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga lög frá 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum, og koma fram með tillögur um breytingar á þeim.

Nd. **34. Frumvarp**

til laga um kjörgengi kvenna. Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Ekkjur og aðrar ógiftar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, sóknarnefnd og safnaðarfulltrúa, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum réttindum, að því er karlmenn snertir.

Nd. **35. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarmál. Flutningsmaður: Einar Jónsson.

Í staðinn fyrir »fimm« komi: sjö.

Nd. **36. Frumvarp**

til laga um undirbúning og stofnun klæðaverksmiðju á Íslandi.

Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson, Ben. Sveinsson.

1. gr.

Stjórninni veitist heimild til að verja alt að 5000 kr. úr landssjóði til þess að undirbúa stofnun klæðaverksmiðju á Íslandi og láta gjöra nauðsynlegar rannsóknir og áætlanir um alt, er lýtur að kostnaði við stofnun og aðra tilhögun á slíkri verksmiðju, svo og um árlegan tilkostnað og væntanlegan arð af þessu fyrirtæki.

2. gr.

Stjórninni veitist heimild til enn fremur að styðja að því, ef það virðist heillavænlegt, að stofnað verði á Íslandi hlutafélag til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, og getur stjórnin fyrir landssjóðsins hönd keypt alt að helmingi hlutabréfa í félaginu, og má til þess verja alt að 75,000 krónum úr landssjóði, en þá skal hlutafélagið háð því eftirliti af hálfu stjórnarinnar, er hún nánar ákveður með reglugjörð, er ráðgjafinn fyrir Ísland semur, og birta skal í A-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Reglugjörð sú, er um er getið í 2. gr. þessara laga, skal, auk annars, er stjórnin kann að telja nauðsynlegt, innihalda þau ákvæði:

1. Að lög hlutafélagsins því að eins geti orðið gild, að þau séu staðfest af landshöfðingjanum yfir Íslandi.

2. Að landshöfðinginn yfir Islandi skipi yfirmann verksmiðjunnar.
3. Að stjórnin geti skipað eftirlitsmann af sinni hálfu við bygging verksmiðjunnar og enn fremur mann, er hafi framvegis eftirlit með rekstri verksmiðjunnar, og skuli ágreiningur milli umboðsmanns stjórnarinnar og hlutafélagsins eða stjórnarnefndar þess borinn undir endilegan úrskurð landshöfðingjans.
4. Að allir reikningar verksmiðjunnar, bæði fyrir stofnunarkostnaði og árlegum kostnaði, séu endanlega úrskurðaðir af landshöfðingja, eftir að þeir hafa verið endurskoðaðir af 2 mönnum, og nefni landshöfðingi annan þeirra, en hinn sé kosinn af hluthöfum, og að gefa skuli aðalfundi hluthafa tækifæri til að láta uppi álit um reikningana og um tillögur endurskoðunarmanna.
5. Að landshöfðingi skipi formann stjórnarnefndarinnar og enn fremur svo marga af meðlimum stjórnarnefndarinnar, er samsvarar eign landssjóðs í hlutaupphæð félagsins.

4. gr.

Stjórnin annast um, að samin sé í einu lagi skýrsla um rannsóknir þær og áætlanir, er nefndar eru í 1. gr., og skal hún prentuð bæði á dönsku og íslenzku og henni útbýtt á Íslandi og í Danmörku.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi sama dag sem þau eru staðfest.

Nd. 37. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Flatey á Skjálfandaflóa. Flutningsm. Pétur Jónsson.

Á Flatey á Skjálfandaflóa skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. 38. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands. Frá Kristjáni Jónssyni, Hallgrími Sveinssyni, J. Jónassen.

1. Fyrir: „Hjónavígsla — kosti“, komi:
   Áður en hjónavígsla má fara fram, skal lýsa hjúskaparáformi hjónaefnanna at prédikunarstól við hámessu á sunnudegi í sóknarkirkju brúðarinnar að minsta kosti 3 vikum fyrir vígsludag.
2. Orðið „þó“ í öðrum lið frumvarpsins falli burt.

Ed. 39. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um dag- og næturbendingar á ísl. skipum í sjávarháska o. s. frv. Frá Hallgrími Sveinssyni, Kristjáni Jónssyni, J. Jónassen.

1. Við 1. gr. 3. málsgrein í 2. línu: orðin „það á“ falli burt.
2. Við 1. gr. næstsíðustu línu: í stað „biðið“ komi: beðið.
3. Við 2. gr. fyrri málsgrein, í síðustu línu: orðin „er það“ falli burt.

Nd. 40. **Frumvarp**

til laga um framfærslurétt þurfamanna. Flutningsm. Sighv. Árnason.

1. gr.

Hver sá, sem hér eftir verður þurfamaður, skal hafa framfærslurétt í þeim hreppi eða bæjarfélagi, sem hann á aldrinum frá 16 til 60 ára hefir löglega dvalið lengst í, án þess að hafa þegið óendurgoldinn styrk af fátækrafé, sem sé að minsta kosti 3 ár, hvort þau hafa verið samfleytt eða ekki, og hafi hann dvalið jafn lengi í öðrum hreppi eða bæjarfélagi eða fleirum, þá hafi hann þar jafnan rétt í þeim báðum eða öllum til framfæris.

Sú framfærsla í hreppi eða bæjarfélagi, til hverrar einn eða annar er nú kominn eftir hingað til gildandi reglum, skal standa eftir sem áður óhögguð.

2. gr.

Gift kona heyri til framfærsluátthögum manns hennar, og eins þá hún er ekkja orðin, þar til hún á sama hátt öðlast aðra nýa.

3. gr.

Skilgetin börn yngri en 16 ára fylgi átthögum föðurins, en óskilgetin átthögum móðurinnar.

4. gr.

Nú hefir maður ekki áunnið sér framfærslurétt samkv. 1. gr., skal hann þá hafa rétt til framfæris þar, sem móðir hans átti lögheimili, þegar hann fæddist.

5. gr.

Hér með er úr lögum numin 6. gr. reglugjörðar um fátækramálefna lögun og stjórn frá 8. jan. 1834 og opið bréf frá 6. júlí 1848, svo og önnur lagaákvæði sem koma í bága við lög þessi.

Ed. 41. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Staðarsókn í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi skal vera sérstakt prestakall. Brauði þessu leggjast 300 kr. úr landsjóði.

Nd. 42. **Frumvarp**

til laga um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Ísafjarðarkaupstað.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Ísafjarðarkaupstað, er alt kaupstaðarsvæðið fyrir neðan hinn nýja veg, er lagður hefur verið úr Krók suður í Bug, að götu þeirri, er þar gengur upp úr kaupstaðnum.

Ed. 43. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Nefnd sú, sem sett hefir verið til þess að rannsaka og íhuga frumvarp það, sem stjórnin hefir lagt fyrir alþingi, til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum, lætur svolátandi álit sitt uppi um þetta mál.

Bæði yfirvöld og sveitarstjórnir hafa fundið til þess, hve örðugt og um

svifamikið það væri, að framfylgja lögum 24. janúar 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl., eins og ýmsir úrskurðir, sem prentaðir eru í Stjórnartíðindunum, sýna, og vill nefndin sér í lagi benda á landshöfðingjaúrskurð 13. desbr. 1898, sem staðfestir amtsúrskurð 23. apríl 1897 (Stjórnartíðindi 1898, B. bls. 249—251). Það má því segja, að frumvarp þetta sé beinlínis nauðsynleg réttarbót.

Nefndin hefir yfirleitt getað fallist á frumvarpið, en hefir samt fundið ástæðu til að gjöra ýmsar efnisbreytingar, sem henni þóttu við eiga, eftir því, hvernig til hagar hér á landi, og sem lúta að því, að gjöra þær lagareglur, sem fara skuli eftir, sem óbrotnastar. Jafnframt höfum vér fundið ástæðu til, að laga orðfærið á sumum ákvæðum frumvarpsins, og koma 4. og 7. gr. þess fram í nýrri mynd.

Efnisbreytingarnar eru þessar:

Upplýsingar þær um barnsföður, sem eftir 1. gr. frumvarpsins eiga að vera í meðlagsúrskurði, er stundum örðugt að fá, og gæti þetta leitt til þess, að nokkur dráttur yrði á því, að slíkur úrskurður yrði útgefinn; vér höfum því álitið það nægja, að tilgreindar séu upplýsingar um framfærslusveit barnsföðurins, þó að eins ef unnt væri. Vitanlega mun amtmaður setja í úrskurði sína allar þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru, um barnsföðurinn.

Í 2. gr. frumvarpsins er bætt orðunum »ef þörf gjörist«, og er greinin þá alveg eins og hún er í lögunum 24. jan. 1890.

Fyrirmælunum í 3. gr. um skyldu ekkju barnsföður til þess að greiða meðlög með óskilgetnum börnum hans, — eigi að eins með þeim, sem fædd eru fyrir hjónabandið, heldur og með þeim, sem getin eru fyrir það, — hefir nefndin breytt, svo þau eru orðin eins og þau áður voru, og hefir fyrir sér, að þau fyrirmæli séu eðlilegri og umsvifaminni, en ákvæði stjórnarfrumvarpsins.

Nefndin ræður til að 5. gr. frumvarpsins sé slept. Ákvæðið þar um »normal« meðlag er eigi nauðsynlegt hér á landi, og er að áliti nefndarinnar að eins til þess, að valda umsvifum.

Nefndinni hefir þótt við eiga að skifta 6. gr. frumvarpsins í 2 greinar, og hefir hún gjört þá efnisbreytingu á henni, að ákvæðinu er slept um, að lýsa megi eftir barnsfeðrunum. Fólksfjöldinn hér á landi er eigi svo mikill, að yfirvaldið þurfi að lýsa eftir barnsfeðrum, sem eigi fara huldu höfði, enda er ekki til hér neitt blað, sem slíkar eftirlýsingar yrðu látnar í, svo gagn yrði að.

Nefndin hefir að endingu breytt 7. gr. frumvarpsins að orðalaginu til, og leyfir sér að leggja það til, að hin háttvirta þingdeild fallist á það, með þeim breytingum og leiðréttingum, sem nú skulu taldar.

1. gr. verði á þessa leið:

»Í yfirvaldsúrskurði þeim, er gjörir barnsföður að skyldu að greiða meðlag með óskilgetnu barni sínu, eða þar sem meðlagsskyldan er staðfest, skulu vera upplýsingar um framfærslusveit hans, ef unt er«.

Við 2. gr.:

Fyrir aftan orðin »fyrir hana, og« verði bætt inn í: »ef þörf gjörist«.

Við 3. gr.:

Í stað orðanna «hinn dáni gjalda skyldi« komi: »hinn dáni skyldi gjalda«

Í stað orðsins »fram« (í sömu línu) komi: «til skiftaráðanda«.

Í stað orðsins »getur« (í 6. línu) komi orðið: »fædd«.

4. gr. orðist á þessa leið:

»Sé barnsfúlga, sem föður óskilgetins barns er skylt að borga samkvæmt úrskurði amtmanns eða sættargjörð, staðfestri af honum, eigi greidd á réttum gjalddaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt, ef skilyrði þau eru fyrir hendi, er síðar getur um, að krefjast þess munnlega eða bréflega af lögggreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, er hún dvelur í, að meðlagið, en eigi nema fyrir síðasta árið, verði greitt henni af sveitarfé, án þess það verði talið henni veittur sveitarstyrkur. Beiðninni skal fylgja vottorð um það frá sveitarstjórninni í dvalarsveit hennar, að hún sé eigi svo efnum búin eða hafi þá atvinnu, að hún sé sjálf fær um að annast svo sem vera ber framfærslu barnsins og uppeldi, og ennfremur löglega birtur úrskurður amtmanns um barnsfúlguna, eða löglega birt sættargjörð, staðfest af honum, og lífsvottorð barnsins, og skal hún jafnframt láta þær upplýsingar í té um dvalarsveit og framfærslusveit barnsföður, er hún er fær um.

Nú þykir lögreglustjóra það líklegt, eftir að hann hefir rannsakað málið, að barnsfaðir sé dáinn eða farinn úr landi, og vísar hann þá beiðninni aftur. Að öðrum kosti krefur hann barnsföður um meðlagið fyrir milligöngu dvalarsveitar hans, ef kunnugt er þegar orðið um hana. Náist eigi borgun með þessu móti, eða sé ókunnugt um dvalarsveit barnsföður, er dvalarsveit móður barnsins skyld til þess, undireins og henni hefir verið gjört aðvart um þetta, að greiða henni meðlagið fyrirfram, en lögreglustjóri gjörir jafnframt nauðsynlegar ráðstafanir til þess að innheimta það Þegar meðlagið er borgað af sveitarfé, skal afplánun að lögum því að eins eiga sér stað, að framfærslusveit barnsföður beiðist þess.

Nú reynist meðlagið ófáanlegt, af því að barnsfaðir hefir eigi getað borgað, eða eigi hefir verið hægt að hafa upp á honum, og skal þá sveitarstjórninni í þeirri sveit, sem greitt hefir meðlagið fyrir fram, þegar í stað skýrt frá þessu, og meðlagið skal síðan talið sveitarstyrkur til handa barnsföður frá þeirri sveit, og fer um endurgjald á honum eftir ákvæðum fátækralaganna.

Nú hefir meðlagið hvorki verið innheimt né afplánað, fyrir því að eigi hefir orðið haft upp á barnsföður, eða hann hefir komist undan lagaaðförum, og er þá sveit þeirri, er eigi hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er hann síðar kemur fram, að ganga að honum að lögum, ef eigi er um seinan, að því er meðlagið snertir, og ennfremur beita við hann lögum 4. nóvbr. 1887, um sveitarstyrk og fúlgu.

5. gr. falli niður.

6. gr. skiftist í 2 greinir, þannig, að 5. gr. nái yfir 2 fyrstu málsliðina, en 6. gr. yfir þriðja málsliðinn.

Í 5. gr. komi í stað orðanna »æðra yfirvalds« orðið »amtmanns«.

Úr 6. gr. fellur burt niðurlagið frá orðunum: »og eins er lögreglustjóra o. s. frv.«.

7. gr. orðist á þessa leið:

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1900, og falla þá úr gildi lög 24. janúar 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. Þó koma ákvæði nefndra laga til greina um meðlög þau, sem fallin eru í gjalddaga fyrir 1. maí 1900, ef beiðni um borgun á þeim er komin til dvalarsveitar eða framfærslusveitar barnsföður fyrir nefndan dag.

Í efri deild alþingis 10. júlí 1899.

Kristján Jónsson, formaður. J. Havsteen, skrifari og framsögumaður. Jón Jónsson.

Nd. **44. Frumvarp**

til laga um dag- og næturbendingar á íslenzkum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir, er skip rekast á (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Með konunglegri tilskipun má fyrirskipa dag- og næturbendingar fyrir íslenzk skip, er í sjávarháska eru stödd.

Útgerðarmenn skipa, er eigi eru útbúin bendingatilfærum þeim, er skipað er fyrir um í slíkri tilskipun, sæta sektum, alt að 200 kr.

Sömu refsing sætir sá skipstjóri, er notar eða sýnir bendingar þessar á þann hátt, er skipum er boðið að gera í sjávarháska, án þess að gild ástæða hafi til þess verið, og er hann auk þess skyldur að greiða þeim skaðabætur, er beðið hafa tjón af slíkri vanbrúkun.

2. gr. Þá er skip rekast á, er hvor skipstjóra skyldur til, að svo miklu leyti sem það er hættulaust fyrir skip hans, skipshöfn og farþega, að veita hinu skipinu, skipshöfn og farþegum alla þá hjálp, sem í hans valdi stendur og nauðsynleg er til að koma þeim úr þeirri hættu, er af árekstrinum leiðir, og skýra skipstjóra þess frá nafni skips síns og heimili og frá þeim stað eða höfn, er það kemur frá og ætlar til.

Skipstjóri sá, er eigi hlýðir fyrirmælum þessum án gildrar ástæðu, skal talinn sekur í árekstrinum, nema annað sannist, og sætir fangelsi eða sektum, ekki lægri en 100 kr.

3. gr. Mál um hegning fyrir brot á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í landssjóð.

Nd. **45. Frumvarp**

til laga um breytingu á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands (eins og það var samþykt við 3. umr. Ed.).

Áður en hjónavígsla má fara fram, skal lýsa hjúskaparáformi hjónaefnanna af prédikunarstól við hámessu á sunnudegi í sóknarkirkju brúðarinnar að minsta kosti 3 vikum fyrir vígsludag.

Undanþágu frá hjúskaparlýsingu má fá með konunglegu leyfisbréfi.

Nd. **46. Frumvarp**

til laga um breyting á 48. gr. í tilskipun 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

Amtmaðurinn í suður- og vesturamtinu getur, ef amtsráð vesturamtsins leyfir, ákveðið, að fundir þess séu haldnir á amtmannssetrinu í Reykjavík.

Nd. **47. Frumvarp**

til laga um breyting á og viðauka við reglugjörð um fátækramálefni 8. jan. 1834, o. fl. (eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.).

1. gr. Hver maður skal eiga rétt til framfærslu í þeim hreppi eða því bæjarfélagi, þar er hann hefir síðast dvalið 1 ár búsettur, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang eftir 16 ára aldur, svo framarlega hann eigi hefir hin síðustu 3 ár þegið sveitarstyrk, sem er óendurgoldinn

2. gr. Hver sá maður, karl eða kona, er á hinum síðustu 5 árum hefir þegið sveitarstyrk, og ekki endurgoldið hann, má ekki giftast, nema því að eins, að sveitarstjórnin þar, sem karlmaðurinn er sveitlægur, gefi samþykki sitt til þess.

3. gr. Hreppur sá eða bæjarfélag, þar er þurfamaður dvelur, sem heiðist sveitarstyrks, skal, ef styrkurinn álízt nauðsynlegur, veita þurfamanninum fátækrastyrk eða framfærslu til bráðabirgða, þótt hann sé þar eigi sveitlægur, þangað til hann getur fengið nauðsynlegan styrk frá framfærsluhreppi sínum.

Þá er þurfamanni er veittur sveitarstyrkur, sem sveitarstjórnin vill fá endurgoldinn frá framfærsluhreppi hans, skal hún láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn fyrir vottum, til að fá skýrslu um þessi atriði:

a, nafn, aldur, fæðingarheimili og fæðingarstað þurfalingsins; sé þurfalingurinn giftur eða hafi verið giftur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gifst.

b, æfiferil hans eftir 16 ára aldur, og sérstaklega hvar hann hafi síðast átt lögheimili um eins árs tíma.

c, hvort og hvenær og hvar hann hafi þegið sveitarstyrk á síðustu 5 árum, og hvort hann sé endurgoldinn.

d, heimilisástæður og hag þurfamannsins yfir höfuð, og hvers vegna hann sé orðinn þurfandi.

Sé skýrslan gefin fyrir sýslumanni, skal hún tekin í rétti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún vera skrifleg, og undirskrifuð af honum og vottunum og þurfamanninum, ef hann er skrifandi; að öðrum kosti handsalar hann nafn sitt undir hana.

4. gr. Sé skýrsla sú, sem ræðir um í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkur er veittur, svo framarlega að þess hefir verið kostur, missir hlutaðeigandi sveitarfélag tilkall til endurgjalds á honum.

5. gr. Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 3. gr., og skal þá sveitarstjórnin, áður en mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni eða bæjarfógeta áskorun um, að rannsaka svo fljótt, sem við verður komið, hvar þurfalingurinn sé sveitfastur, svo framarlega þetta eigi þegar er fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sé endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal einnig send skýrsla sú, sem um er rætt í 3. gr. Vanræki sveitarstjórnin án brýnna orsaka að gjöra það, er fyrir er mælt í þessari grein, missir hrepps- eða bæjarsjóðurinn rétt til endurgjalds á hinum veitta styrk.

6. gr. Þegar gjörð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurétt þurfalings í hreppi sínum eða bæjarfélagi, skal sveitarstjórnin, áður en 4 vikur eru liðnar frá því fyrirspurnin barst henni til handa, senda hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta svar sitt upp á hana. Vanræksla í þessu efni skal varða hreppsnefnd sektum eftir dómi, og á hið opinbera sókn á máli út af broti því.

7. gr. Dvalarsveit og framfærslusveit manns þess, er þegið hefir sveitarstyrk,

hafa hvor um sig rétt til að krefjast þess, að þurfalingurinn sé fluttur þurfamannaflutningi á framfærsluhrepp sinn.

8. gr. Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sé sannað, hvar hann eigi framfærslurétt, annaðhvort með yfirlýsingu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar þeirrar, er hlut á að máli, eða með úrskurði yfirvalds.

9. gr. Nú á þurfalingur að flytjast til framfærslusveitar sinnar, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti gefa honum vegabréf, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skal fluttur, svo og hve margt fólk er í flutningnum, ef um fleiri en einn er að ræða. Skulu nöfn þeirra og aldur tilgreint.

10. gr. Dvalarsveit eða framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sér saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann; en náist eigi samkomulag um það, getur dvalarsveitin ein annast flutninginn.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í framfærslusveitinni.

11. gr. Þurfamaður skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg eða sjóveg; svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sé eigi í hættu stofnað.

12. gr. Eigi má flytja þurfaling fátækraflutningi, ef hinn veitti sveitarstyrkur nemur eigi meiru en 100 kr., nema því að eins, að bersýnilegt sé, að þurfamaðurinn sé kominn á stöðugt sveitarframfæri.

13. gr. Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveitin ¼ hluta, en framfærslusveitin ¾ hluta; skal kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess hrepps eða bæjarfélags, sem annast flutninginn.

14. gr. Af tekjum hreppsjóðs eða bæjarsjóðs skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn árlega leggja í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands sem eign hreppsins eða bæjarfélagsins 1—4%, eftir því sem hreppsnefndin eða bæjarstjórnin sjálf ákveður.

Vextir af innlögunum leggjast óskertir við höfuðstólinn, þangað til þeir árlega nema helmingi hærri upphæð en hreppurinn eða bæjarfélagið hefir frá upphafi lagt í sjóðinn að meðaltali ár hvert. Upp frá því greiðist helmingurinn af ársvöxtunum í hreppssjóðinn, en hinn helmingur vaxtanna legst við höfuðstólinn. Sömuleiðis getur hreppurinn eða bæjarfélagið, sem í hlut á, frá sama tíma hætt að greiða í Söfnunarsjóðinn tillag samkvæmt upphafi þessarar greinar.

15. gr. Ákvæði þau í Reglugjörð fyrir fátækramálefna lögun og stjórn fyrst um sinn á Íslandi, 8. jan. 1834, Opnu bréfi 6. júlí 1848, um breyting á 6. gr. í nefndri reglugjörð, og Opnu bréfi 17. apríl 1868 um þurfamannaflutningskostnað, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr gildi numin.

16. gr. Lög þessi öðlast gildi 12 mánuðum eftir að birt hefir verið í Stjórnartíðindunum, deildinni B, að þau hafi hlotið staðfestingu konungs.

Ed. 48. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Norðurfjörð í Strandasýslu (eins og það var samþykt við 3. umræðu í Nd.).

Við Norðurfjörð í Árneshreppi í Strandasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. 49. **Frumvarp**

til laga um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum. Flutningsmenn: Jón Jakobsson og Sigurður Stefánsson.

1. gr. Gagnfræðakenslu skal koma á í lærða skólanum í Reykjavík, og skal svo til hagað, að hún sé neðra kenslustig í skólanum, en lærða kenslan hið efra. Í gagnfræðadeildinni, er nær yfir 3 neðstu bekki skólans, skulu kendar þessar námsgreinir; Íslenzka, danska, enska, saga, stærðfræði, náttúrufræði, eðlisfræði, landafræði, söngur, dráttlist og leikfimi. Í efri deildinni, er nær yfir 3 efstu bekki skólans, skulu þessar námsgreinir kendar: Íslenzka, danska, enska, saga, eðlisfræði, latína, þýzka, frakkneska, stærðfræði, guðfræði, söngur og leikfimi.

2. gr. Við bekki þá, er nú eru í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, skal bætt einum bekk, svo að kenslan í þeim skóla samsvari að öllu leyti kenslunni í þrem neðstu bekkjum Reykjavíkur lærða skóla.

3. gr. Skipa skal við Reykjavíkur lærða skóla 1 yfirkennara, en við Möðruvallaskólann 1 kennara. Yfirkennarinn fær 3200 kr. í árslaun, og kennarinn við Möðruvallaskólann, sem verður annar kennari, 2000 kr. í árslaun.

4. gr. Kenslugreinir í Möðruvallaskólanum skulu vera hinar sömu og taldar eru í gagnfræðadeild lærða skólans í Reykjavík í 1. gr.

5. gr. Landshöfðingi semur reglugjörð fyrir skóla þessa og sér um, að fyrirkomulag það, sem lög þessi skipa fyrir, komist á svo fljótt, sem unt er. Þegar það er komið á, geta lærisveinar þeir, sem tekið hafa burfararpróf úr Möðruvallaskóla, gengið próflaust í 4. bekk Reykjavíkur lærða skóla.

Nd. 50. **Frumvarp**

til laga um tugamál og tugavog. Frá Jóni Jenssyni og Ólafi Briem.

1. gr. Frumeining lengdarmálsins er hinn franski metri. Kilometri er 1000 metrar. Hektometri er 100 metrar. Einn metri er 10 decimetrar, 100 centimetrar og 1000 millimetrar.

Frumeining flatarmálsins er ferhyrningsmetrinn. Einn ari er 100 ferhyrningsmetrar. Einn hektari er 100 arar.

Frumeining rúmmálsins er teningsmetrinn. Einn litri er $^1/_{1000}$ teningsmetri. Einn hektolitri er 100 litrar. Einn litri er 10 decilitrar og 100 centilitrar.

Frumeining vogarinnar er kilogrammið (kilo). Eitt kilogramm er 1000 grömm. Eitt hektogramm er 100 grömm. Eitt gramm er 10 decigrömm, 100 centigrömm og 1000 milligrömm. Ein smálest (ton) er 1000 kilogrömm.

2. gr. Frá 6. júní 1901 skal eingöngu hafa tugamál og tugavog við útreikning á öllum opinberum gjöldum. Frá sama tíma og til ársloka 1902 má hafa tugamál og tugavog manna á milli, þegar hlutaðeigendur koma sér saman um það. Eftir árslok 1902 skal eingöngu hafa tugamál og tugavog bæði við mælingar og í viðskiftareikningum verzlunarmanna, með þeirri einni undantekningu, sem tilnefnd er í 6. gr.

3. gr Hlutfallið milli máls og vogar, er nú gildir, og tugamáls og tugavogar skal reikna þannig:

1 míla . . . . . 7,5 kílometrar

1 fet	. . . . .	0,31385 metrar
1 ferhyrningsalin	. . .	0,394 ferhyrningsmetrar
1 dagslátta (vallar-)	. .	31,914 arar
1 pottur	. . . . .	0,9661 litrar
1 pund	. . . . .	0,5 kilogrömm

Við aðflutningsgjald og útflutningsgjald til landssjóðsins skal þó 1 pottur reiknast 1 litri, 1 síldartunna (108 pottar) 104 litrar, 1 venjuleg lagartunna (120 pottar) 116 litrar, og 1 öltunna (136 pottar) 131 litri.

4. gr. Konungur skipar nákvæmar fyrir um það, sem með þarf út af lögum þessum.

5. gr. Brot gegn 2. gr. í lögum þessum varða sektum til landssjóðs frá 10 kr. til 100 kr., að því leyti sem eigi liggur þyngri hegning við þeim eftir öðrum lögum. Málin skal fara með sem opinber lögreglumál.

6. gr. Allar þær ákvarðanir, er fara í bága við lög þessi, falla úr gildi jafnskjótt og þær geta eigi samrímst þeim.

Lög þessi snerta þó eigi tilskipun um skipamælingar, dags. 25. júní 1869, og ákvarðanir þær, sem standa í sambandi við hana.

Ed. 51. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breytingu á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (41), frá Þork. Bjarnasyni.

Í staðinn fyrir »300 kr.« komi: 500 kr.

Ed. 52. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka við og breyting á tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilskipun 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa.

Vér, sem hin háttvirta efri deild hefur kosið í nefnd, til að íhuga mál þetta, höfum rætt það vandlega, og komist að þeirri niðurstöðu, að frumvarpið væri til stórra bóta, einkum 1. gr. þess, sem veitir amtmönnum rýmra vald heldur en eldri lög gjöra, og virðist nauðsynlegt, þar sem fjárkláðinn er kominn yfir eins mikinn hluta landsins og nú er raun á orðin.

Vér höfum að eins gjört eina breytingu við frumvarpið, nefnilega við 1. gr. þess, til að taka af öll tvímæli um það, að amtmenn hefðu heimild til að fyrirskipa fleiri en eina skoðun og eina böðun á sauðfé á stærri eða minni svæðum í ömtum sínum, ef óttast mætti, að á þeim svæðum kynni kláði að dyljast; því að full reynsla er fyrir því og staðhæfing dýralækna, að eitt bað dugi alls ekki til þess, að lækna kláðasjúkt fé til hlítar.

Vér ráðum því hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þeirri breyting við 1. gr., að í stað orðanna »almenna skoðun og böðun« komi: almennar skoðanir og baðanir.

Efri deild alþingis 11. júlí 1899.

J. Havsteen
formaður og framsögumaður.

Þorkell Bjarnason
skrifari.

Guttormur Vigfússon.

Nd. 53. **Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Einari Jónssyni.

Alþingi ályktar, að skora á stjórnina, að láta útlendan verkfræðing rannsaka á kostnað landssjóðs, hve mikið muni kosta, að byggja höfn við Lagarfljótsós, og hvort það muni dýrara en að leggja akveg frá Reyðarfirði yfir Fagradal að Egilsstöðum, eða hve miklu dýrara það mundi verða. Skal hann eigi að eins meta kostnaðinn við hafnargerðina og vegarlagninguna, heldur og áætla, hvort muni hafa meiri viðhaldskostnað í för með sér.

Nd. 54. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka við lög 13. apríl 1894 um vegi.

Vér undirskrifaðir, er háttvirt neðri deild alþingis kaus til að íhuga ofangreint frumvarp, látum uppi það álit vort, að vegalagning sú á kostnað landsjóðs, er þar ræðir um, sé í alla staði fullkomið nauðsynjamál fyrir landshluta þann, er í hlut á, Mýra- og Snæfellsnessýslur.

Undirbúningur málsins og ástæðurnar fyrir nauðsyn þess er hvorttveggja ljóst og greinilega framsett í bréfi sýslunefndarinnar í Mýrasýslu dags. 10. maí f. á. til amtsráðsins í Vesturamtinu, er nefndin hefir haft fyrir sér, og í athugasemdum stjórnarinnar við frumvarpið sjálft, og þykir nefndinni því óþarfi að endurtaka þetta hér, þar sem deildarmönnum hefir gefist og gefst enn kostur á að kynna sér áðurgreint erindi sýslunefndarinnar í Mýrasýslu, auk þess sem málið er alþingi kunnugt frá árinu 1895, þó það horfði þá talsvert öðruvísi við.

Þá var gert ráð fyrir að vegurinn yrði áframhald af þjóðveginum frá Arnarholti og fylgdi fjöllum vestur eftir, líkt og sýsluvegurinn liggur nú. Þá var og ætlast til að sýsluvegurinn allur frá Arnarholti til Stykkishólms yrði gerður að reglulegum þjóðvegi, og viðhald hans því kostað af landsjóði.

Nú er aftur í frumvarpi stjórnarinnar kveðið svo á, að Borgarnes skuli vera syðri endastöð vegarins og liggja þaðan miðlínis vestur Mýrasýslu um Langárfoss og Brúarfoss, sem verður að álítast margfalt hentugra og kostnaðarminna. Svo er og ætlast til nú, að sýsluvegasjóðir hlutaðeigandi sýslna kosti viðhald hins nýja vegar, jafnóðum og hann verður lagður, og stendur þetta atriði í sambandi við það, að landstjórnin vill ekki taka hinn umrædda veg í tölu reglulegra þjóðvega.

Að vísu þykist nefndin sjá fram á, að viðhald hins nýja vegar verði hlutaðeigandi sýslufélögum allerfitt, en vill þó ekki koma með neina breytingaruppástungu við þá ákvörðun, með því hún verður hins vegar að telja stórmikið unnið fyrir hin fátæku sýslufélög, er hér ræðir um, með sjálfri lagningu vegarins á kostnað landsjóðs.

Nefndin leggur því einhuga til, að frumvarp stjórnarinnar verði samþykt óbreytt.

Alþingi 11. júlí 1899.

Jens Pálsson, formaður. Sigurður Gunnarsson, skrifari og framsögum. Guðjón Guðlaugsson.

Halldór Daníelsson. Eiríkur Gíslason.

Nd. 55. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl.

Vér undirritaðir, er hin háttvirta neðri deild alþingis hefir kosið í nefnd í máli þessu, höfum rætt málið á nefndarfundum, og komist að þeirri niðurstöðu, að frumvarp þetta sé orð í tíma talað, þar sem vitar fara sí-fjölgandi hér á landi, og við efni þess höfum vér ekkert að athuga, enda er frumvarpið að kalla orðrétt þýðing á dönskum lögum um sama efni. Vér höfum því ekki fundið ástæðu til, að stinga upp á efnisbreytingum á frumvarpinu, en að eins gjört nokkrar orðabreytingar við það. Leggjum vér því til, að deildin samþykki frumvarpið með þessum breytingum:

við 1. gr. Í stað fyrri málsgreinar greinarinnar komi:
Hverjum manni er skylt að láta af hendi, gegn hæfilegu endurgjaldi, lóð eftir þörfum til vitastæðis, undir íveruhús og til jarðnæðis handa vitagæzlumönnum, til vega í þarfir vita, o. fl.

við 2. gr. Í stað orðanna: »hann ákveður hvaða réttindi«, og greinina út, komi: Hann getur og ákveðið, að kvaðir skuli lagðar á sama hátt gegn endurgjaldi á landið umhverfis vita, um húsabygging þar og því um líkt, ef kvaðir þær þykja nauðsynlegar vegna vitanna eða þess, er þeim til heyrir.

Neðri deild alþingis 12. júlí 1899.

Jón Jensson formaður og framsögum. Halldór Daníelsson skrifari.

Þórður Guðmundsson.

Nd. 56. **Frumvarp**

til laga um friðun á Hallormsstaðarskógi.

Flutningsmenn: Jón Jónsson, þm. A.-Skaftf., Sigurður Gunnarsson, þm. S.-M.

1. gr. Jörðin Hallormsstaður í Suður-Múlasýslu með kúgildum þeim, er henni fylgja og ítaki hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðarskógi, skal vera landssjóðseign og liggja undir Skriðuklausturs-umboð.

2. gr. Amtsráð Austuramtsins skal hafa yfirumsjón með byggingu og ábúð Hallormsstaðar, skipa fyrir um meðferð á skóginum og semja tillögur um eftirgjald eftir jörðina, er landshöfðingi ákveður síðan.

3. gr. Prestinum til Vallanesprestakalls skal endurgoldinn tekjumissir sá, er af lögum þessum leiðir, með því að gjald það til landssjóðs, að upphæð 1000 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá prestakallinu, færist niður í 760 kr.

Ed. 57. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Suðureyrarmölum í Ísafjarðarsýslu (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

Að Suðureyrarmölum í Súgandafirði í Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. 58. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja.

Nefnd sú, sem kosin var til að íhuga ofannefnt frumvarp, leyfir sér að láta uppi álit sitt um málefni þetta þannig:

Nefndin álítur að í frumvarpi þessu sé farinn mjög heppilegur vegur til þess að takmarka aðganginn að áfengisverzlun og fækka vínsölustöðunum. Sérstaklega skal það tekið fram, að verði frumvarp þetta að lögum, þá fær þingið því fullkomlega framgengt, sem það ætlaðist til með lagafrumvarpi því, er það samþykti 1897 um rétt kaupmanna til að verzla með áfengi, en ekki var staðfest af stjórninni. Í þessu frumvarpi eru ákvæði sett, sem gefa sveitarstjórnum rétt til að tálma því, að áfengisverzlanir komi upp, þar sem nú er ekki verzlað með áfengi, og einnig kaupstaðarbúum og hreppsbúum sama rétt, þegar um nýja veitingastaði er að ræða. Með þessu, og með því að ákveða hátt gjald fyrir leyfisbréf til áfengisverzlunar og leggja þar að auki hátt árlegt gjald á áfengisverzlanir, má telja algjörlega girt fyrir, að nýjar áfengisverzlanir komi upp, þar sem nú er hætt að verzla með áfengi, og sömuleiðis á kauptúnum, sem hér eftir kunna að verða löggilt. Stjórnin hefir þannig með frumvarpi þessu tekið fult tillit til vilja alþingis 1897, og auk þess farið talsvert lengra í sömu stefnu, með því að setja í frumvarpið ákvæði, er hljóta að leiða til þess, að fjöldi kaupmanna hætti áfengisverzlun.

Nefndin leyfir sér því að leggja til, að frumvarpið verði samþykt af hinni háttv. efri deild alveg óbreytt í öllum verulegum atriðum. Það er að eins eitt atriði, er meiri hluti nefndarinnar telur þurfa breytingar við, og er það ákvæðið í 5. gr. að því leyti, sem það snertir forstjóra eða starfsmenn kaupfélaga og pöntunarfélaga. Úr því lög þessi eiga ekki algjörlega að banna mönnum að panta áfenga drykki fyrir sjálfa sig og aðra, þá sýnist meiri hluta nefndarinnar það ósamkvæmni að banna það þessum mönnum, sem þó ekki geta skoðast sem verzlunarmenn, heldur eingöngu verkamenn allra þeirra einstaklinga, sem í félögunum eru, og því að sjálfsögðu ekki geta reiknað sér neinn ágóða af milligöngu sinni í þessu atriði fremur en öðrum.

Minni hluti nefndarinnar (Sigurður Jensson) leggur til að 5. gr. verði haldið óbreyttri, því að ef ákvæðið er ekki látið ná til forstjóra kaupfélaga og pöntunarfélaga, þá sýnist honum, að þar komi fram misrétti gagnvart innlendum verzlunarmönnum, er kaupa leyfi til áfengissölu og borga árlegt gjald fyrir réttinn til þessarar sölu, því að hugsanlegt er, að pantanir þessara félaga á áfengum drykkjum verði í stórum stíl, og standa þá kaupmenn og félögin ójafnt að vígi í samkepninni, þar sem þau ekkert gjald eiga að bera. Afleiðingin af þessu yrði að líkindum sú, að áfengisverzlunin kæmist í hendur útlendra kaupmanna, er ekkert gjald greiddu í landssjóð, en hyrfi að mestu eða öllu úr höndum innlendra kaupmanna, er ekki sæu sér fært að standast hið háa gjald, er á áfengisverzlunina er lagt með lögum þessum.

Allar aðrar breytingar, sem nefndin leggur til að gjörðar verði á frumvarpinu, eru að eins orðabreytingar.

Nefndin leyfir sér því að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna í 2. málsgrein: »Til þess að öðlast — — — framvegis þarf« komi: þeir menn, sem vilja öðlast rétt til áfengisverzlunar, þurfa o. s. frv.
2. — — — Orðið »hlutaðeigandi« falli burt á 4 stöðum í greininni.
3. — 3. gr. Orðið »hlutaðeigandi« falli burt á 2 stöðum í greininni.
4. — 5. gr. Orðin: »forstjóri eða annar starfsmaður kaupfélags eða pöntunarfélags« falli burt.
5. — 7. gr. Orðið »hlutaðeigandi« falli burt á 2 stöðum í greininni.
6. — — — Í stað orðanna: »Til þess að fá veitt leyfi og skilyrði sett því viðvíkjandi« komi: Til þess að leyfið verði veitt og skilyrði sett fyrir því.
7. — — — Í stað orðanna: »Ekki má veita leyfi þetta nema því fylgi skylda til« komi: Hver sá, sem fær leyfi þetta, skal skyldur til.
8. — — — Í stað orðanna: »Leyfisveitingin og skilyrðin skulu uppborin til« komi: Leyfisveitingin og skilyrðin fyrir henni skulu borin upp til.
9. — — — Í stað orðsins: »hlutaðeigandi« komi: leyfishafa.
10. — — — Í stað orðanna í enda greinarinnar: »er leyfið er veitt með« komi: er leyfið er bundið.
11. — 9. gr. Orðið »hlutaðeigandi« falli burt.
12. — — — Aftan við greina bætist: »Afsal á rétti til áfengissölu skal lögreglustjóri tilkynna amtmanni«.
13. — 13. gr. Orðin í enda greinarinnar: »en er svo á stendur, sem segir í 5. gr. . . . . verzlun« falli burt.

Í efri deild alþingis 12. júlí 1899.

J. Havsteen, formaður. Sigurður Jensson, skrifari og framsögumaður.

Jón Jakobsson.

Nd. 59. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um brú og ferju á Lagarfljóti.

Nefnd sú, er sett hefir verið til að íhuga þetta mál, hefir auk ofannefnds frumvarps tekið til íhugunar álitsskjal þessu máli viðvíkjandi til ráðaneytisins fyrir Ísland frá herra Ingeniör Fr. Barth, sem stjórnin útvegaði samkv. tillögu neðri deildar alþingis til þess að rannsaka brúarstæðin á Héraðsvötnum, Jökulsá í Axarfirði og Lagarfljóti. Álitsskjal þetta og meðfylgjandi uppdrættir og áætlanir virðist sérlega vel af hendi leyst, og berandi vott um, að alt sem þessum brúarfyrirtækjum viðvíkur, hafi verið nákvæmlega íhugað og langt um framar, en vér höfum átt að venjast. Að því er snertir brú og ferju á Lagarfljót, sem vér að þessu sinni eigum að segja álit um, föllumst vér fyllilega á tillögur herra

Barths, auk þess sem það er að öðru leyti álit vort, að Lagarfljót sé sá farartálmi hér á landi, bæði sökum fólksfjölda umhverfis fljótið og annarar afstöðu, sem nú liggi næst fyrir að yfirstíga. Þess vegna verður það vor

tillaga:

að samþykkja frumvarp stjórnarinnar um brú og ferju á Lagarfljóti óbreytt. — Alþingi, 12. júlí 1899.

Einar Jónsson formaður og framsögumaður.
Pétur Jónsson skrifari.
Jón Jónsson, þm. Eyf.

Ed.

60. Nefndarálit

í málinu: Frumv. til laga um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík.

Undanfarandi ár hefir það komið æ betur og betur í ljós, hve brýn þörf er á því, að landsmenn geti fengið lán út á fasteignir með vægum afborgunarkostum. Landsbankinn hefir ekki getað fullnægt þessari þörf. Hann hefir að vísu lánað mikið fé gegn fasteignarveðum með þeim kostum, að flest lánin yrðu endurborguð á fáum árum, en lántakendur hafa eigi getað fullnægt þessum afborgunarskilmálum vegna peningaeklu í landinu, sem meðal annars stafar einkum af því, að flestar afurðir landbúnaðarins hafa stórum fallið í verði á síðari árum. Hefir verðfall á Englandi á lifandi fé frá Íslandi, vegna innflutningsbannsins, orðið tilfinnanlegast, því að, áður en bannið komst á, var salan á Englandi á lifandi fé héðan aðalpeningauppspretta landbænda.

Þeir, sem fengið hafa lán í landsbankanum, hafa því síðari árin ekki getað staðið í skilum með afborganir lánanna. Mikið af fé bankans er þess vegna nú bundið í fasteignarveðslánum, sem fást ekki borguð, svo að hann getur ekki nánda nærri gegnt sem vera ber störfum sínum sem víxilbanki, og vegna peningaskorts fást nú lán hvorki í bankanum né annarsstaðar.

Það er því auðsætt, að brýn nauðsyn ber til að ráða bót á þessu og koma því til vegar, að landsmenn geti fengið lán út á fasteignir með löngum afborgunartíma.

Tilgangur frumvarpsins er að koma þessu til leiðar. Að vorri ætlun nær frumvarpið þessum tilgangi með fyrirkomulagi, sem er bæði kostnaðarminna og óbrotnara en auðið væri á annan hátt, t. d. með sérstakri lánsstofnun.

Fyrsta skilyrðið fyrir, að tilgangi frumvarpsins verði náð, er, að veðdeildin fái nóga peninga til lánanna, en aðalskilyrðið fyrir því, að þeir fáist, er aftur það, að skuldabréf veðdeildarinnar nái áliti og fullkomnu trausti, eigi að eins hér á landi, heldur og sérstaklega erlendis, til þess að peningamenn innanlands og utan verji peningum sínum til að kaupa þau, fremur en koma peningum sínum á vöxtu á annan hátt, með öðrum orðum, til þess að skuldabréfin seljist með ákvæðisverði. Það er því aðalatriði í þessu máli, að búa svo um hnútana, að skuldabréf veðdeildarinnar nái fullkomnu trausti og haldi því, enda er lögð áherzla á þetta í frumvarpinu, með ýmsum ákvæðum, svo sem með því, að öll upphæð skuldabréfanna megi ekki fara fram úr sexfaldri upphæð trygg-

ingarfjárins og varasjóðs samtals (5. gr.), með því að ákveða innlausn skuldabréfanna (12. gr.), gera lánin sem tryggilegust fyrir veðdeildina, o. s. frv.

Vér föllumst þess vegna á frumvarpið í öllum aðalatriðum og teljum mjög mikilsvert, að það yrði að lögum. Þó leggjum vér til, að gjörðar verði á því nokkrar breytingar. Flestar þeirra eru litlar orðabreytingar, en efnisbreytingar fáar.

Fyrsta efnisbreytingin er við 7. gr. Vér ætlum, að óhætt muni vera að lána út á alt að helming af virðingarverði húseigna, bæði af því að afborgunartími lána út á húseignir á, eftir tillögu vorri, eigi að vera lengri en 25 ár, eins og vér skulum minnast á síðar, og sökum þess, að bankastjórnin hefir samkvæmt 10. gr. rétt til að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga án uppsagnar, ef veðið gengur svo úr sér, að það verði eigi lengur svo tryggjandi, sem vera skal, auk þess sem eftirlitsákvæði 8. gr. eru til tryggingar í þessu efni.

Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs, sem ákveðið er í 11. gr. $^1/_2$% á ári af lánsupphæðinni, er að vorri ætlun helzt til hátt, þar sem gert er ráð fyrir í 19. gr., að kostnaður við deildina verði fremur lítill. Vér ætlum, að komast megi af með $^2/_5$% á ári af lánsupphæðinni, og leggjum því til, að þessu verði breytt þannig.

Í 11. gr. er minsta afborgun fastákveðin, en bæði virðist oss afborganirnar helzt til háar í sjálfu sér og auk þess teljum vér réttara að fastákveða ekki þannig *minstu afborganir* lánanna, heldur tiltaka *lengsta* afborgunar-*tíma* þeirra, 40 ár, þegar veðið er jarðeign, en 25 ár, þegar veðið er húseign. Ef gert er ráð fyrir, að rentan af lánum ásamt tillaginu til að borga kostnað við veðdeildina, og gjaldinu til varasjóðs, sé 5% á ári, þá þarf, með 40 ára afborgunartíma, að borga tæplega 6% á ári af upprunalegri upphæð lánsins, en með 25 ára afborgunartíma rúmlega 7% á ári. Að lengja afborgunartímann meir en þetta, ætlum vér eigi tiltækilegt, því að þá mundu veðin verða tæplega nógu tryggileg, og það mundi rýra traust skuldabréfanna.

Vér teljum eigi þörf á ákvæðinu í 17. gr., að heimila veðdeildinni að gera fjárnám í lausafé skuldunauts án undanfarandi dóms eða sáttar, sem áður er óþekt í íslenzkum lögum. Vér ætlum, að lánin verði nægilega trygð, þótt þetta ákvæði verði numið burt, og leggjum því til, að það verði felt úr frumvarpinu.

Vér ráðum hinni háttvirtu deild til að samþykkja frv. með þessum breytingum:

1. Við 3. gr. Fyrir »stjórnarinnar« komi: landsstjórnarinnar.
2. — 5. gr. Fyrir »Stjórnin . . . lögum« komi: Landsstjórnin ákveður um lögun.
3. — — — Fyrir »Upphæð þeirra samtals« komi: Öll upphæð þeirra.
4. — — — Fyrir »eigi má heldur« komi: eigi mega heldur.
5. — 6. gr. Fyrir »lögákveðnum peningum og« komi: gjaldgengum peningum, og
6. — 7. gr. Fyrir »húsum . . . vátrygð« komi: húseignum því að eins, að þær séu vátrygðar.
7. — — — Fyrir »telji« komi: telur.

8. — — — Fyrir »Lánsupphæðin . . . verðsins« komi: Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar.
9. — — — Fyrir »jörðunni« komi: jörð.
10. — 8. gr. Fyrir »jarðeigna« komi: fasteigna.
11. — — — Fyrir »hlutaðeigandi . . . . . hrepp« komi: kaupstaðnum eða hreppnum.
12. — 9. gr. Fyrir »skifta bankavaxtabréfunum . . . . kostnað« komi: koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, en borga skal hann kostnað þann, sem af því leiðir.
13. — 10. gr. Fyrir »í réttan gjalddaga« komi: á réttum gjalddaga.
14. — — — Fyrir »ekki húsum« komi: ekki vátrygðum húseignum.
15. — — — Orðið »vátrygðum« falli burt.
16. — — — Fyrir »með veðrétti . . . gengur« komi: en ganga.
17. — 11. gr. Orðin »að jafnaði« falli burt.
18. Við 11. gr. Fyrir »1/2« komi: 2/5.
19. — — — Fyrir »1½ af hundraði . . . húseign« komi: svo, að lánum sé lokið á 40 árum, þegar veðið er jarðeign, og á 25 árum, þegar veðið er húseign.
20. — 12. gr. Fyrir »En hlutkesti hefur varpað verið« komi: Þá er hlutkesti hefur fram farið.
21. — — — Fyrir »á hvaða« komi: á hverjum.
22. — 14. gr. Fyrir »Höfuðstóls — og« komi: Höfuðstóll og
23. — — — Fyrir »sé ekki leitað borgunar« komi: sé þess ekki vitjað.
24. — 15. gr. Fyrir »veltuna« komi: veltu.
25. — — — Fyrir »með klippingastofnum . . . . . á þann hátt að« komi: vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra á þann hátt, að
26. — — — Fyrir »ásamt með vaxtamiðum þeim er« komi: ásamt vaxtamiðum þeim, er
27. — 16. gr. Fyrir »fé fyrir hendi« komi: fyrir hendi fé.
28. — 17. gr. Fyrir »Þegar lánið« komi: Þegar lán
29. — — — Orðin: »Enn fremur hefir veðdeildin . . . skuldina« falli burt.
30. — — — Orðin: »eða fjárnámið« á tveim stöðum falli burt.
31. — — — Fyrir »á uppboðinu og fjárnáminu og« komi: á uppboðinu, og
32. — 18. gr. Fyrir »ófullráða . . . má« komi: ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má
33. — — — Fyrir »eigi hærra en« komi: eigi hærra verði en
34. — 19. gr. Fyrir »Veðdeildinni er stjórnað« komi: Veðdeildinni skal stjórnað.

Efri deild alþingis 13. júlí 1899.

Kristján Jónsson, formaður og framsögumaður. Þorleifur Jónsson, skrifari.
J. Jónassen. Hallgr. Sveinsson. Sigurður Stefánsson.

Ed.

61. Frumvarp

til laga um eftirlaun. Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Sigurður Jensson.

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungs veitingu fyrir embætti og fær laun

úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $^1/_5$ þeirra embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, samkvæmt lögum, hafi embættislaunin verið 2500 kr. eða minni, en hafi þau verið meiri, þá $\frac{1}{70}$ af þeim fyrir hvert þjónustuár með eftirlaunarétti; þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá sem er fullra 70 ára á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í eftirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fékk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið, sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Sá embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, skal á ári hverju senda landshöfðingja vottorð frá héraðslækni um, að hann sé ekki fær um að hafa embætti á hendi. Nú fær hann ekki þetta læknisvottorð og missir hann þá rétt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1, viss árleg laun; 2, launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3, aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fékk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó á virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fékk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti;

hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{8}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. né vera meiri en eftirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er bygð á, sé framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausu frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giftist að nýju; 2, þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifst af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Nd. 62. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands.

Frá Guðlaugi Guðmundssyni, Klemens Jónssyni.

Hjónavígslubréf, er meðal annars undanþiggja frá þessari hjúskaparlýsingu, má veita, eins og að undanförnu. Gjaldið fyrir þessi leyfisbréf skal vera 10 kr. Fela má sýslumönnum að afhenda slík leyfisbréf.

Nd. 63. **Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald á tóbaki.

Frá tollmálanefndinni.

1. grein.

Af alls konar tóbaki, hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki (rullu) eða neftóbaki (rjóli), skal gjalda toll í landssjóð, 50 aura af hverju pundi. Af hverjum 100 vindlum skulu goldnar 2 krónur.

Gjaldheimtumenn fá 2 af hundraði í innheimtulaun.

2. grein.

Á vöruskrám skal tilgreint, hvers konar og hve mikið tóbak sè flutt með hverju skipi, og skal auk þess hver sá, sem fær flutt tóbak frá útlöndum, skyldur til upp á æru og samvizku að segja til, hvort og hve mikið af tóbaki eða vindlum hann hefur fengið frá útlöndum með hverri ferð, og skal hann jafnframt greiða aðflutningsgjaldið.

3. grein.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa leynt sannleikanum í þessu efni, skal hann sæta sektum frá 200 til 2000 króna.

Þeim, sem fyrstur með sannindum ljóstrar upp broti gegn þessum lögum, skal greitt alt að helmingi af upphæð sektarinnar, verði hinn sakfeldi uppvís að brotinu. Hinn hluti sektarinnar renni í landssjóð.

4. grein.

Lög 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki, og lög nr. 11, 9. ágúst 1889, um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki eru hér með úr lögum numin.

5. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1899.

Ed. 64. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885.

(Frá nefndinni í málinu um stofnun veðdeildar).

1. gr. Heimilt skal landstjórninni vera að gefa út seðla fyrir landssjóð fyrir alt að fjórðung miljónar króna (250,000 kr.) í viðbót við seðla-upphæð þá, sem þegar hefur verið gefin út samkvæmt lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, og eftir þeim reglum, sem þar eru settar um seðla landssjóðs.

2. gr. Landsbankinn fær að láni úr landssjóði jafna upphæð fjár, og landssjóður gefur út af seðlum eftir 1. gr. — Fé þetta greiðist bankanum smámsaman eftir því sem þörf hans krefur. Af þessari skuld sinni greiðir landsbankinn landssjóði í vöxtu árlega 1%, og leggur 2% af henni árlega í varasjóð.

Nd. 65. **Nefndarálit**

um skipun læknahéraða á Íslandi.

Um frumvarp það um læknaskipun, er oss hefir verið falið til íhugunar, leyfum vér oss nú að láta uppi álit vort og tillögur, svo sem hér segir:

Eins og sjá má af ástæðum stjórnarinnar fyrir frumvarpi þessu, var eftirlauna-ákvæði það, er frumvarp þingsins 1897 hafði inni að halda, hin einasta ástæða til þess, að því frumvarpi var synjað staðfestingar. Nefndin hefir þess vegna eigi séð sér fært, að leggja það til, að frumvarpinu, er hér liggur fyrir, verði breytt aftur að öllu leyti í sömu mynd, eins og þingið 1897 skildi við það, þar sem nefndin telur það víst, að því þá muni aftur synjað staðfestingar.

Hins vegar er nefndinni það kunnugt, að sterkur meiri hluti þjóðarinnar hér á landi er því mjög mótfallinn, að auka eftirlaunabyrði þá, er á landssjóði

hvílir, sérstaklega að stofna mörg ný embætti með eftirlaunarétti. Nefndin hlýtur því að telja það öldungis víst, að frumvarpið muni eigi, í þeirri mynd, er það liggur fyrir frá stjórnarinnar hendi, geta náð samþykki þingsins, enda lá við sjálft, að það fyrir þessa sök félli þegar við 1. umræðu.

En þar sem hér er um það mál að ræða, sem talið er hafa mikla þýðingu fyrir landið í heild sinni, þá hefir nefndin tekið það undir mjög rækilega yfirvegun, hvort eigi væri mögulegt að finna það fyrirkomulag, er stjórn og þing gæti orðið samdóma um. Nefndin hefir nú í einu hljóði komist að þeirri niðurstöðu, að hinn einasti vegur til þess að ná slíku samkomulagi sé sá, gagnvart vilja þjóðarinnar, að fjölga sem minst þeim embættum, er föst eftirlaun fylgja, og gagnvart vilja stjórnarinnar, að eftirlaun læknа séu, þar sem réttur er til þeirra, reiknuð eftir hinum almenna mælikvarða.

Af þessu hefir svo leitt, að nefndin hefir orðið að skifta embættunum í 5 flokka, og fylgi venjulegur eftirlaunaréttur hinum 3 fyrstu, en eigi 4. og 5. flokki. Nefndin hefir, með hliðsjón af þeirri héraðaskipun, er samþykt var á þinginu 1897, og með sérstöku tilliti til þess ástands, er nú er, að því er eftirlaunarétt lækna snertir, komist að þeirri niðurstöðu, að skifta embættum þeim, er talin eru í 3. flokki eftir frumvarpinu, í tvo flokka, 3. og 4. flokk, þannig, að hin núverandi héraðslækna umdæmi eða þau umdæmi, er til þeirra svara helzt eftir frumvarpinu, verði eftirleiðis talin í 1., 2. og 3. flokki, að viðbættum nokkrum (3) hinna fjölmennustu aukalæknishéraða, en að í 4. og 5. flokki teljist núverandi aukalæknishéruð, auk Vestmannaeyja, er fámennis vegna hefir eigi þótt ástæða til að halda sem héraðslæknis-umdæmi.

Á niðurskipan héraðanna hefir nefndin gjört að eins litlar breytingar, er helzt snerta Skaftafells- og Rangárvallasýslur, Skagafjarðarsýslu, og Húnavatns- og Strandasýslur, og skal um það efni að eins vísað í eftirfarandi breytingartillögur.

Við launa-upphæð frumvarpsins hefir nefndin engar breytingar viljað gjöra, og heldur eigi neinar verulegar breytingar við taxtana eftir 4. og 5. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með þessum breytingum:

1. 1. gr. frá orðunum »hér segir nema Þingvallahreppur« orðist þannig:

1. flokkur.

1. Reykjavíkur hérað: Reykjavíkur kaupstaður, Seltjarnarness, Bessastaða, Garða og Mosfells hreppar.
2. Ísafjarðar hérað: Ísafjarðar kaupstaður, ásamt Eyrar, Hóls og Súðavíkur hreppum og Vigur í Ögurhreppi.
3. Akureyrar hérað: Akureyrar kaupstaður, Öngulsstaða, Saurbæjar, Hrafnagils, Glæsibæjar og Skriðu hreppar, og Arnarness hreppur út fyrir Hillur, og Svalbarðsstrandar hreppur í Þingeyjarsýslu. Læknirinn í héraði þessu er skyldur til, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í þeim hluta Höfðahverfis héraðs, sem er að vestanverðu við Eyjafjörð.

4. Seyðisfjarðar hérað: Seyðisfjarðar kaupstaður, ásamt Loðmundarfjarðar, Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar hreppum.

2. flokkur.

5. Keflavíkur hérað: Vatnsleysustrandar, Njarðvíkur, Rosmhvalaness, Miðness, Hafna og Grindavíkur hreppar í Gullbringusýslu.
6. Barðastrandar hérað: Barðastrandarsýsla fyrir vestan Vatnsdalsá.
7. Blönduóss hérað: Húnavatnssýsla austan Gljúfurár.
8. Sauðárkróks hérað: Skefilsstaða, Sauðár, Staðar, Seilu, Lýtingsstaða, Akra og Rípur hreppar í Skagafjarðarsýslu.

3. flokkur

9. Borgarfjarðar hérað: Skoradals, Andakíls, Lundarreykjadals, Reykholtsdals og Hálsahreppar í Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýsla austan Langár.
10. Stykkishólms hérað: Eyrarsveit, Helgafellssveit og Skógarstrandar hreppur. Læknirinn í héraði þessu er ennfremur skyldur til, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Fellsstrandarhreppi vestan Kjallaksstaðaár og í Skarðsstrandar hreppi sunnan Ballarár, ásamt eyjunum í þessum hreppi, nema Rauðseyjum, Rúfeyjum og Akureyjum.
11. Dalahérað: Dalasýsla, nema Rauðseyjar og Rúfeyjar.
12. Stranda hérað: Strandasýsla nema Bæjarhreppur.
13. Miðfjarðar hérað: Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár og Bæjarhreppur í Strandasýslu.
14. Hofsóss hérað: Viðvíkur, Hóla, Hofs, Fells, Haganess og Holts hreppar í Skagafjarðarsýslu.
15. Höfðahverfis hérað: Svarfaðardals hreppur og Arnarness hreppur inn að Hillum í Eyjafjarðarsýslu, Grýtubakka hreppur og Háls hreppur norðan við Hálssókn í Þingeyjarsýslu.
16. Húsavíkur hérað: Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddstað, Aðaldæla og Húsavíkur hreppar.
17. Vopnafjarðar hérað: Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppar. Læknirinn í héraði þessu er skyldur til að vitja sjúklinga í Möðrudal og Víðidal, þegar hans er vitjað og því verður við komið.
18. Fljótsdals hérað: Jökuldalshreppur fyrir ofan Gilsá, beggja megin Jökulsár, að meðtaldri Jökuldalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fella, Fljótsdals, Skriðdals og Valla hreppar.
19. Reyðarfjarðar hérað: Reyðarfjarðar og Norðfjarðar hreppar.
20. Hornafjarðar hérað: Austur-Skaftafellssýsla.
21. Síðu hérað: Vestur-Skaftafellssýsla frá Skeiðarársandi að Hólmsá og Kúðafljóti.
22. Rangár hérað: Rangárvallasýsla, nema Austur-Eyjafjallahreppur.
23. Eyrarbakka hérað: Villingaholts, Hraungerðis, Gaulverjarbæjar Stokkseyrar, Eyrarbakka, Sandvíkur, Ölfus og Selvogshreppar í Árnessýslu.

4. flokkur.

24. Skipaskaga hérað: Hvalfjarðarstrandarhreppur inn fyrir Ferstiklu og hinir 4 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
25. Ólafsvíkur hérað: Syðri hluti Snæfellsnessýslu frá Straumfjarðará að Búlandshöfða.
26. Þingeyrarhérað: Vestur-Ísafjarðarsýsla.
27. Reykdælahérað: Hálshreppur út að Draflastaðasókn, Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykdæla og Skútustaða hreppar.
28. Hróarstunguhérað: Jökuldalshreppur beggja meginn Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðar, Tungu, Hjaltastaða, Eiða og Borgarfjarðar hreppar.
29. Mýrdalshérað: Álftavers, Hvamms og Dyrhóla hreppar í Vestur-Skaftafellssýslu og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
30. Grímsnesshérað: Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness og Grafnings hreppar í Árnessýslu.

5. flokkur.

31. Kjósarhérað: Þingvallahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur út fyrir Hrafnabjörg og Kjósarsýsla, nema Mosfellshreppur.
32. Mýrahérað: Mýrasýsla vestan Langár og Hnappadalssýsla.
33. Reykhólahérað: Geiradals, Reykhóla og Gufudals hreppar; læknirinn í héraði þessu er enn fremur skyldur, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í Múlahreppi og á Hjarðarnesi.
34. Flateyjarhérað: Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði; læknirinn í héraði þessu er enn fremur skyldur, þegar því verður komið við og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Barðastrandarhreppi milli Vatnsdalsár og Hagavaðals.
35. Nauteyrarhérað: Ögurhreppur nema Vigur, Reykjarfjarðar, Nauteyrar og Snæfjalla hreppar.
36. Hesteyrarhérað: Grunnavíkur og Sléttu hreppar.
37. Siglufjarðarhérað: Hvanneyrar og Þóroddsstaða hreppar í Eyjafjarðarsýslu. Læknirinn í héraði þessu er skyldur til, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í Grímsey.
38. Axarfjarðarhérað: Kelduness, Fjalla og Skinnastaða hreppar og Presthólahreppur að Skinnalónsheiði.
39. Þistilfjarðarhérað: Hinn hluti Norður-Þingeyjarsýslu.
40. Fáskrúðsfjarðarhérað: Fáskrúðsfjarðar og Breiðdals hreppar.
41. Berufjarðarhérað: Beruness og Geithellna hreppar.
42. Vestmannaeyjahérað: Vestmannaeyjasýsla.

2. Upphaf 2. greinar orðist þannig:

»Konungur skipar héraðslækna í embætti þau, er talin eru í 1., 2. og 3. flokki.

Embætti þau, er talin eru í 4. og 5. flokki, veitir landshöfðingi og fylgir þeim eigi réttur til eftirlauna.

Héraðslæknir er skyldur til að setjast að — — « o. s. frv.

3. Upphaf 3. gr. orðist þannig:

»Laun héraðslækna eru þannig ákveðin:

Í 1. flokki	1900 kr.
Í 2. flokki	1700 —
Í 3. flokki	1500 —
Í 4. flokki	1500 —
Í 5. flokki	1300 —

Launin greiðast úr landssjóði« o. s. frv.

4. Við 4. gr. 1. lið, í niðurl. 1. málsgr.:
Á eftir »því um líkt« bætist: alt að

Neðri deild alþingis 13. júlí 1899.

Þórður J. Thoroddsen, formaður og framsögumaður.
Guðl. Guðmundsson, skrifari.
Ólafur Briem. Björn Sigfússon. Sighv. Árnason.

Ed. **66. Frumvarp**

til laga um kjörgengi kvenna (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

Ekkjur og aðrar ógiftar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, sóknarnefnd og safnaðarfulltrúa, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum réttindum, að því er karlmenn snertir.

Ed. **67. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Heiðarhöfn á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

Við Heiðarhöfn á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **68. Viðaukatillaga**

við þingsályktunartillögu nr. 53. Frá Skúla Thoroddsen.

Aftan við tillöguna bætist ný málsgrein svolátandi:

Enn fremur skal og verkfræðingi þessum falið, að rannsaka lendinguna í verstöðinni í Bolungarvík í Ísafjarðarsýslu, og að gjöra áætlun um kostnaðinn við byggingu brimgarðs, er geri lendinguna tryggari og hættuminni.

Nd. **69. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands.

Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson, Kl. Jónsson, Jón Þórarinsson, Guðjón Guðlaugsson, Ólafur Briem, Þórður J. Thoroddsen.

Í stað orðanna í niðurl. greinarinnar:

„Hjónavígslubréf — slík leyfisbréf“ komi:

Gjaldið fyrir hjónavígslubréf skal eftirleiðis vera 10 kr.

Nd. 70. **Frumvarp**
til laga um breytingu á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands (eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

Áður en hjónavígsla má fara fram, skal lýsa hjúskaparáformi hjónaefnanna af prédikunarstól við hámessu á sunnudegi í sóknarkirkju brúðarinnar að minsta kosti 3 vikum fyrir vígsludag.

Hjónavigslubréf, er meðal annars undanþiggja frá þessari hjúskaparlýsingu, má veita eins og að undanförnu. Gjaldið fyrir þessi leyfisbréf skal vera 10 kr. Fela má sýslumönnum að afhenda slík leyfisbréf.

Ed. 71. **Frumvarp**
til laga um löggilding verzlunarstaðar á Flatey á Skjálfandaflóa (eins og það var samþykt við 3. umr. í nd.).

Á Flatey á Skjálfandaflóa skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. 72. **Breytingartillaga**
við frv. til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. (eins og það var samþykt við 2. umr. í efri deild).

Frá landshöfðingja.

Við 1. gr. Í stað orðanna: „upplýsingar um framfærslusveit hans, ef unt er“ komi: upplýsingar þær, er fyrir hendi eru, um aldur hans, fæðingarstað og framfærslusveit.

Nd. 73. **Breytingartillaga**
við frumv. til laga um friðun á Hallormsstaðar-skógi. Frá Jóni Jónssyni, þm. Askf. og Sigurði Gunnarssyni.

Fyrir 1. og 3. gr. komi:

Stjórninni veitist heimild til að gjöra ráðstafanir til þess, að jörðin Hallormsstaður í Suður-Múlasýslu með kúgildum þeim, er henni fylgja, og ítaki hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðar-skógi, verði eign landssjóðs og leggist undir Skriðuklausturs-umboð, gegn því, að gjald það til landssjóðs, að upphæð 1000 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Vallanesprestakalli, færist niður í 760 kr.

Nd. 74. **Frumvarp**
til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla (eins og það var samþykt við 3. umr. í ed.).

Staðarsókn í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi skal vera sér stakt prestakall. Brauði þessu leggjast 300 kr. úr landssjóði.

Ed. 75. **Frumvarp**
til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. ed.).

1. gr.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, er gjörir barnsföður að skyldu að greiða meðlag með óskilgetnu barni sínu, eða þar sem meðlagsskyldan er staðfest, skulu vera upplýsingar um framfærslusveit hans, ef unt er.

2. gr.

Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verði gjört að skyldu að greiða að minsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförunum leiddi fyrir hana, og ef þörf gjörist þröngvað til þess, svo sem heimilað er í lögum til greiðslu á meðgjöf með óskilgetnum börnum. Yfirvöldin tiltaka upphæð þessarar fjárreiðslu, og getur móðir barnsins heimt hana eftir reglum þeim, er segir í 4. gr.

3. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eftir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komin sé í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni skyldi gjalda, svo framarlega sem beiðni um það kemur til skiftaráðanda áður en skuldlýsingarfrestur (Proclama) er liðinn eða 6 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi boðaður verið. Ef ekkja barnsföður eða skilgetin börn hans eru á lífi, þá skal eigi fé út leggja öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband, og skal þess gætt, að meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meiru fé en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri. Nú situr ekkja barnsföður í óskiftu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er á barnsföður hvíldi, að svo miklu leyti sem yfirvaldi þykir hæfa eftir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtéðra fyrirmæla, þó eigi lengur en þar til barnið er orðið 14 vetra. Um barnsfúlgu, er greidd er af hendi í einu eftir lát föðurins, skal fara sem um fé ómyndugra, og skal til taka, á hvaða tíma og hverjum greiða skal meðlögin. Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu, þá skal fé það, er óeytt er þá er barnið deyr eða verður 16 ára, koma til skifta meðal erfingja.

4. gr.

Sé barnsfúlga, sem föður óskilgetins barns er skylt að borga samkvæmt úrskurði amtmanns eða sættargjörð, staðfestri af honum, eigi greidd á réttum gjalddaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt, ef skilyrði þau eru fyrir hendi, er síðar getur um, að krefjast þess munnlega eða bréflega af löggreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, er hún dvelur í, að meðlagið, en eigi nema fyrir síðasta árið, verði greitt henni af sveitarfé, án þess það verði talið henni veittur sveitarstyrkur. Beiðninni skal fylgja vottorð um það frá sveitarstjórninni í dvalarsveit hennar, að hún sé eigi svo efnum búin eða hafi þá atvinnu, að hún sé sjálf fær um að annast svo sem vera ber framfærslu barnsins og uppeldi, og ennfremur löglega birtur úrskurður amtmanns um barnsfúlguna, eða löglega birt sættargjörð, staðfest af honum, og lífsvottorð barnsins, og skal hún jafnframt láta þær upplýsingar í té um dvalarsveit og framfærslusveit barnsföður, er hún er fær um.

Nú þykir lögreglustjóra það líklegt, eftir að hann hefir rannsakað málið,

að barnsfaðir sé dáinn eða farinn úr landi, og vísar hann þá beiðninni aftur. Að öðrum kosti krefur hann barnsföður um meðlagið fyrir milligöngu dvalarsveitar hans, ef kunnugt er þegar orðið um hana. Náist eigi borgun með þessu móti, eða sé ókunnugt um dvalarsveit barnsföður, er dvalarsveit móður barnsins skyld til þess, undireins og henni hefir verið gjört aðvart um þetta, að greiða henni meðlagið fyrirfram, en lögreglustjóri gjörir jafnframt nauðsynlegar ráðstafanir til þess að innheimta það. Þegar meðlagið er borgað af sveitarfé, skal afplánun að lögum því að eins eiga sér stað, að framfærslusveit barnsföður beiðist þess.

Nú reynist meðlagið ófáanlegt, af því að barnsfaðir hefir eigi getað borgað, eða eigi hefir verið hægt að hafa upp á honum, og skal þá sveitarstjórninni í þeirri sveit, sem greitt hefir meðlagið fyrir fram, þegar í stað skýrt frá þessu, og meðlagið skal síðan talið sveitarstyrkur til handa barnsföður frá þeirri sveit, og fer um endurgjald á honum eftir ákvæðum fátækralaganna.

Nú hefir meðlagið hvorki verið innheimt né afplánað, fyrir því að eigi hefir orðið haft upp á barnsföður, eða hann hefir komist undan lagaaðförum, og er þá sveit þeirri, er eigi hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er hann síðar kemur fram, að ganga að honum að lögum, ef eigi er um seinan, að því er meðlagið snertir, og ennfremur beita við hann lögum 4. nóvbr. 1887, um sveitarstyrk og fúlgu.

5. gr.

Þann hinn sama rétt, sem móðir að óskilgetnu barni hefur eftir 3. og 4. gr. laga þessara, hafa og þeir menn, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins eftir móðurina látna, burtfarna eður af öðrum líkum orsökum, og enn fremur fátækrastjórn, þá er hún hefur orðið að takast framfærslu þess á hendur.

Þá er móðir óskilgetins barns deyr, á faðir þess því að eins rétt á að fá það til sín, til framfærslu og uppeldis, að hann annaðhvort ættleiði það, eður hann fái til þess leyfi amtmanns á þeim stað, er barnið er.

6. gr.

Þegar faðir óskilgetins barns hefur að lögum verið skyldaður til að greiða meðlag með því, en menn vita eigi, hvar hann er niður kominn, hefur bæði móðir barnsins og sá er eftir hana látna, burtfarna eða af öðrum orsökum á að annast framfærslu þess og uppeldi, svo og fátækrastjórnin, hafi hún orðið að takast framfærslu þess á hendur, rétt til þess, ef þörf gjörist, að krefjast fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1900, og falla þá úr gildi lög 24. janúar 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. Þó koma ákvæði nefndra laga til greina um meðlög þau, sem fallin eru í gjalddaga fyrir 1. maí 1900, ef beiðni um borgun á þeim er komin til dvalarsveitar eða framfærslusveitar barnsföður fyrir nefndan dag.

Nd. 76. **Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald á kynjalyfum (arcana).

Frá tollmálanefndinni. Framsögumaður Þórður J. Thoroddsen.

1. gr. Af kynjalyfum alls konar skal greiða aðflutningsgjald í landssjóð.

Af fljótandi kynjalyfum er aðflutningsgjaldið 1 kr. á hverjum pela eða minni flátum. Að sama skapi skal aðflutningsgjald greiða, sé lyfið flutt í stærri flátum, og reiknast þá hver hluti úr pela sem heill peli væri.

Af öllum öðrum kynjalyfum, hvort heldur það eru hlutir, plástrar, pillur eða smyrsli eða annað því líkt, skal aðflutningsgjald greiða, er sé jafnt útsöluverði þeirra hér á landi, að aðflutningsgjaldinu undanskildu.

Gjaldheimtumenn fá 2 af hundraði í innheimtulaun.

2. gr. Á vöruskrám skal tilgreint, hvers konar kynjalyf og hve mikið af þeim sé flutt með hverju skipi, og skal auk þess hver sá, sem fær flutt kynjalyf frá útlöndum, skyldur að segja til upp á æru og samvizku, hvort hann hafi fengið kynjalyf frá útlöndum og hvað mikið með hverri ferð, og skal hann um leið greiða aðflutningsgjaldið.

Nú er kynjalyf þess eðlis, að aðflutningsgjaldið er miðað við útsöluverð þess hér á landi, og skal þá sá, er aðflutt fær, skyldur til að segja til, uppá æru og samvizku, hvort, og með hvaða verði hann ætli sér að selja það hér á landi. Sé kynjalyfið flutt án þess, að það verði haft til sölu hér á landi, skal aðflutningsgjaldið vera $^1/_3$ hærra en innkaupsverð.

3. gr. Nú verður ágreiningur um, hvort lyf eða hlutur, sem fluttur er frá útlöndum, heyrir til flokks þeirra lyfja, sem nefnd eru kynjalyf, eða ekki, og er þá rètt að hèraðslæknir sá, er í hlut á, skeri úr. Skjóta mega málsaðilar úrskurði héraðslæknis undir dóm landlæknis.

4. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr. — Þeim, er fyrstur ljóstrar upp broti, skal greiddur helmingur sektarinnar, verði hinn sakfeldi uppvís. Hinn hluti sektarinnar renni í landssjóð.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1899.

Nd. 77. **Frumvarp**

til laga um stofnun gróðrartilraunastöðvar á Íslandi. Flutningsm: Pétur Jónsson, Guðjón Guðlaugsson.

1. gr. Í Reykjavík eða grend við hana skal sett á stofn gróðrartilraunastöð. Skulu þar fara fram tilraunir, er snerta ræktun fóður- og matjurta og trjátegunda, svo og hagnýting áburðar, eftir því sem búast má við, að komið geti að notum hér á landi.

2. gr. Tilraunastöðin skiftist í tvær deildir. Í annari þeirra fara fram tilraunir með matjurtarækt og trjárækt, en í hinni með fóðurjurtir og hagnýting áburðar.

Við tilraunastöðina skipar landshöfðingi tvo forstöðumenn, sinn fyrir hvora deild.

3. gr. Forstöðumenn skulu annast allar tilraunirnar og önnur þau störf, er tilraunastöðina snerta. Skulu þeir árlega semja skýrslur um árangur tilraunanna, er sendast landshöfðingja. Ef búnaðarfélag Íslands óskar, skulu skýrslur þessar birtast almenningi á þann hátt, sem heppilegast virðist. Þeir gjöri einnig landshöfðingja glögg reikningsskil fyrir kostnaði og fjárhag gróðrarstöðvarinnar.

4. gr. Laun forstöðumanna hvors um sig skulu vera 2500 krónur, er greiðast úr landssjóði.

5. gr. Til stofnunar tilraunastöðvarinnar skal veita 6000 krónur úr landssjóði.

Árlegur kostnaður veitist á hvers árs fjárlögum.

6. gr. Forstöðumenn velja tilrauna svæðið með samþykki landshöfðingja, og er landsstjórninni falið að útvega það.

7. gr. Mönnum skal gefinn kostur á, að kynna sér þau vinnubrögð og aðferðir, er fyrir koma á tilraunastöðinni. Skulu forstöðumenn í samráði við landshöfðingja semja reglur um það.

8. gr. Verði búnaðarkensla sett á stofn í Reykjavík á kostnað landssjóðs, skulu forstöðumenn vera kennarar á þeim skóla án sérstaks endurgjalds, en þó svo, að kenslustörf þeirra koma eigi í bága við umsjón tilraunastöðvarinnar.

Nd. 78. **Nefndarálit**

í málinu: hvalaveiðar við strendur landsins.

Nefnd sú, er hin háttvirta neðri deild kaus til þess að íhuga hvalaveiðar við strendur landsins, hefir nú íhugað málið að því er henni var frekast unt.

Áskoranir hafa komið til þingsins úr eigi all-fáum kjördæmum um það, *að* alþingi semji lög, er banni allt hvaladráp í landhelgi við strendur Íslands og landflutning þeirra hvala, sem drepnir eru utan landhelgi, *eða til vara*, að svo hár útflutningstollur sé lagður á allar afurðir hvala, að ekki geti svarað kostnaði að reka þessa atvinnu framvegis. Koma áskoranir þessar fram eigi að eins í þingmálafundargjörðum úr Norður-Þingeyjarsýslu, frá Bakkagerði í Borgarfirði og úr Vopnafirði, heldur koma og beinar áskoranir til þingsins um sama efni frá kjósendum í Vopnafirði, í Hálshreppi, í Kelduness, og Axarfjarðarhreppum og í Eyjafirði með samtals 293 undirrituðum nöfnum.

Af áskorunum þessum virðist mega ráða, að það sé almenn ætlan manna í Eyjafjarðar, Þingeyjar og Norðurmúla sýslum, að hinar miklu hvalaveiðar, er Norðmenn nokkra undanfarna tíð hafa rekið hér við land, hafi spillandi áhrif á síldar- og þorskgöngur inn á firðina, enda rökstyðja Vopnfirðingar, er lengst ganga inn á efni málsins, áskorun sína með þessu. Taka þeir það fram, að áður fyrri hafi Austfirðir allir mátt heita fullir af síld og fiski meiri hluta árs, en það hafi á 4—5 síðustu árum breyzt svo, að til stórvandræða horfi, svo að bátfiski, sem að eins er hægt að stunda innfjarða, hafi brugðist ár eftir ár. Þykjast þeir vita með vissu, að hér sé eigi því um að kenna, að síld og aðrar fiskitegundir hafi eigi gengið þessi ár að landi hér, eins og áður, heldur hafi þeir samhljóða vitnisburð allra, sem stunda fiskiveiðar á skipum úti fyrir, að mikil síldarganga hafi á hverju sumri verið fyrir utan land, þótt ekki hafi orðið vart við hana á fjörðum. Hika þeir sér eigi við, að lýsa yfir þeirri sannfæring sinni, að orsökin til þessa sé hið takmarkalausa hvaladráp, er Norðmenn hafi á síðari árum rekið við Austurland, eins og annarsstaðar, og nálega sé búið að gjöreyða og hrekja burtu allan hval frá landinu. Kveða þeir margra ára reynslu fyrir því, að síld gangi mjög lítið inn á firði eða á grunn, nema því að eins, að hvalir séu til að reka hana inn; að öðrum kosti standi hún kyr á dýpinu fyrir utan firðina.

Þar sem nú nefndin treystist ekki að kveða upp áreiðanlegan úrskurð um það, hvort áskoranir þessar og umkvartanir væru á sönnum rökum bygðar, að því er síldar- og þorskgöngur til landsins snertir, þannig að full ástæða

væri til að banna með lögum hinar umgetnu veiðar við strendur landsins, þá sneri hún sér til þess manns, er nefndin áleit færastan til þess að gefa bendingar hér að lútandi, fiskifræðings Bjarna Sæmundssonar, og óskaði eftir áliti hans á þessu máli. Hefir hann góðfúslega orðið við tilmælum nefndarinnar og sent henni skriflegt álit sitt á þá leið er hér segir:

Þar eð nefnd sú, er sett hefir nú verið á alþingi til þess að íhuga kröfur þær, er komið hafa til þingsins, um að það gjöri ráðstafanir til að koma í veg fyrir hvalafækkun af völdum hvalaveiðara hér við land, hefir æskt þess, að eg léti í ljósi álit mitt um það, hvort hvalir muni hafa áhrif á fiskigöngur, sérstaklega síldargöngur, á þann hátt, að þau séu heillavænleg fyrir fiskiveiðar vorar, og hvalaveiðar þær, er reknar eru nú hér við land, því skaðlegar fyrir þær, eins og haldið hefir verið fram síðast liðinn vetur, sérstaklega í Eyjafirði, þá skal eg, um leið og eg skírskota til greinar, er eg hefi ritað um það efni í 28.—30. tbl. »Ísafoldar« þ. á., og til skýrslu um fiskirannsóknir 1898 í Andv. XXIV. bls. 110—117, verða við þessum tilmælum nefndarinnar.

Skoðun sú, að hvalir séu nauðsynlegir til þess að síld og loðna gangi af hafi inn í firði (að hvalir »reki« síld og loðnu inn í firði) er, mér vitanlega, hvergi uppi nema á Finnmörk í Noregi, og á allmarga áhangendur víðar í Noregi, og hefir nú rutt sér til rúms hér á Norðausturlandi. Hún er bygð á því, að menn verða þess oft varir, að hvalir og þorskur koma með síld og loðnu inn á firði, og ætla menn því, að hvalirnir reki síldina. Hins vegar er það víst, að síld kemur oft inn á firði án hvala, og því hefi eg tekið eftir hér á Reykjavíkurhöfn 3 sumur í röð. Málsmetandi maður einn, sem hefir stundað síldarveiðar hér lengi, telur hvalina ónauðsynlega í þessu sambandi og ýmsir menn segja, að hvalir geti einnig stygt síld út úr fjörðum, en að veðráttan ráði mestu um göngur hennar í firðina. — Eg get því eigi betur séð, en hér sé hvor skoðunin á nytsemi hvalanna og göngu síldarinnar annari andstæð, og að þessi hvalarekstursskenning sé engin reynsla, heldur að eins ímyndun fiskimanna, sem allar sannanir vantar fyrir, og hér sé oft ruglað saman orsök og afleiðingu.

Máli mínu til stuðnings vil eg fyrst taka það fram, að síld, loðna og síli hafa samkvæmt eðli sínu næga hvöt til þess að ganga á grunn eða í firði, þótt engir hvalir né önnur dýr reki, og hvötin er ýmist hrygning eða þörf á fæðu; svo eru ytri orsakir, svo sem hiti og selta sjávarins. Ætið (fæðan) er mestmegnis ýms krabbadýr »krabbaflær« (copepoda) og »ögn«, »augnasíli« (Boreophansia) á norsku kril. Þetta síldaræti lifir aftur af enn smærri dýrum og jurtum, er hrekjast um í sjónum, ofarlega eða neðarlega, fyrir straumum, sem aftur koma af áhrifum vinda og hita á hafið. — Þetta mikilsverða atriði hafa rannsóknir á hafinu um síðasta mannsaldur leitt í ljós; eg segi mikilsverða, því það bendir greinilega á, að hiti, straumar, æti og hrygning sé það, sem einkum ræður göngum fiska og einnig hvala, en þar með er ekki sagt að einhver rekstur geti ekki stundum átt sér stað.

Til skýringar á sambandinu milli hinna ýmsu hvala og fiska, vil eg taka það fram, að steypireiðurin (n. Blaahval), sá hvalur sem einna mest er veiddur hér, lifir að mestu af samskonar fæðu og síldin, sömuleiðis sléttbakur-

inn (n. Nordkaper), sem nú er mjög sjaldgæfur hér. Hnúfubakurinn (n. Knölhval), sem er og mjög veiddur, lifir að mestu af sams konar fæðu, en nokkuð af smáfiskum (síld). Það er því eðlilegt, að þessir hvalir séu oft saman með síld. — Svo eru hér 2 hvalategundir, önnur mikið veidd, á norsku Sildehval (ísl. síldreki?), hin sjaldgæf, n. Finhval (Seihval), er mest lifa af síld og síli og einnig af stærra fiski, t. d. þorski. Búrhveli (Kaskelot) og andarnefja, sem stundum veiðast hér, lifa mest af smokkfiskum. — Enn er einn skíðishvalur, hrefna eða hnýfill (N. Vaagehval) og ýmsir minni tannhvalir, einkum háhyrnur, sem ekki eru veiddir; þeir lifa mjög af síld og öðrum fiski, og þeir segja menn mér að séu helzt með síldinni inni á fjörðum.

Það eru þá einkum þessir 4 hvalir: síldreki, Finhval, hrefna og háhyrna, sem helzt ættu að »reka« síld. Hinir 2 fyrnefndu koma lítið á firðina, en hinir 2 síðarnefndu mjög, en þeir eru ekki veiddir; það bætir mikið úr, þar sem margir segja, að þeir geri gagn með því að styggja síldina á fjörðunum upp að löndum, svo hún veiðist betur. En að þessir síldetandi hvalir reki síldina fremur upp að landi en út á haf, er engin vissa fyrir og lítil líkindi til. En hitt er víst, að hvalirnir eru líkum skilyrðum háðir í göngum sínum og önnur umflakkandi sjávardýr.

Í öðru lagi vil eg taka fram hina sögulegu reynslu fyrir háttum fiskigangna hér við land. Eg hefi aflað mér þeirra upplýsinga, er eg hefi getað, frá 2 síðustu öldum, og þær sýna, að vanalegar fiskiveiðar hafa oft brugðist (eins og líka allir vita), jafnvel um mörg ár í senn, víða hér við land, bæði á fjörðum og í útverum, án þess að mögulegt sé að setja það í samband við hvalveiðar eða hvalafækkun; og engar sannanir eru fyrir því, að fiskitregðan á Austfjörðum á síðustu árum eigi rót sína að rekja til hvalafækkunar; þegar hvalaleysi og fiskileysi fer saman, getur hið fyrra jafnvel verið afleiðing af hinu síðara, eða hvorttveggja stafað af sömu orsökum, þ. e. a. s. ytri skilyrðum, sem mennirnir eru alls ekki ráðandi. — Að síldarveiðum á fjörðum, bæði hér og í Noregi og Svíþjóð, eru, eins og líka sagan sýnir, mikil tímaskifti, sem heldur ekki standa í neinu sýnilegu sambandi við hvalaveiðar.

Í þriðja lagi get eg þess, að hvalveiðamálinu í Noregi hefir verið til þessa fremur lítið sint. Stórþingið hefir enn eigi samþykt neitt hvalveiðabann, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, og auk þess hefir »Selskabet for de norske Fiskeriers Fremme« — öflugt og merkilegt allsherjarfélag fyrir alt landið, — ekki tekið þetta málefni til meðferðar enn þá, það eg frekast veit, hvorki í ræðu né riti, eða á annan hátt. -- Fiskiveiðum Norðmanna hafa heldur ekki hnignað að neinu leyti á hvalveiðatímabilinu.

Samkvæmt hinu framangreinda get eg eigi séð, að hvalir hafi þá hina miklu þýðingu fyrir fiskiveiðar vorar, er sumir nú ætla, né heldur, að þeim (fiskiveiðunum) sé háski búinn, þótt hvalveiðum verði haldið áfram kringum landið, utan landhelgi. Eg verð öllu heldur að álíta marga hvali skaðlega fyrir fiskiveiðar vorar vegna þess, hve mjög þeir eta þorsk og síld eða fæðu frá verðmætum fiskategundum.

Eg verð af þeim ástæðum, er eg hefi tilfært, að halda fram þeirri skoð-

un, að alþingi megi ekki að svo stöddu semja lög, er beinlínis banni hvalveiðamönnum að hafa stöðvar hér á landi, né á annan hátt (t. a. m. með of háum útflutningstolli af hvalsafurðum) gjöra þeim ómögulegt að reka þessa atvinnu hér á landi framvegis; því fyrst og fremst vantar algjörlega nægar ástæður fyrir atvinnubanni og öruggan grundvöll til að byggja lagaboð á, og svo væri með þvílíku banni ekki loku skotið fyrir, að hvalveiðamenn gætu framvegis haldið áfram veiðum sínum á skipum fyrir utan landhelgi, og landið færi þannig á mis við allan þann arð, er það hefir, eða getur haft af þessum veiðum, án þess að fá nokkuð í staðinn, því það er mikið efamál, hvort fiskiveiðar vorar yrðu nokkru betur settar, þó hætt væri öllum hvalveiðum hér við land.

Virðingarfylst.

Reykjavík, 13. júlí 1899.

Bjarni Sæmundsson.

Að fengnum þessum upplýsingum sá nefndin ekki ástæðu til að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja lög um bann gegn hvalaveiðum í landhelgi við Ísland, enda þótt efamál geti verið um, hvort slíkt ekki væri réttara, ekki af því, að nefndin álíti það sannað, að hvalaveiðarnar spilli síldar- og fiskigöngum á firði inn, heldur af því, að auðsætt er að nefndarinnar áliti, að með sama áframhaldi á hvalveiðunum muni hvalur allur innan skamms gjöreyðast hér við land, en slíkt telur nefndin skaðlegt, þar sem það er kunnugra en frá þurfi að segja, að hvalrekar hafa oft hér á landi komið landsmönnum að mjög miklum notum, og það helzt í neyðar-árum. Álítur nefndin, að hið tiltölulega litla gjald, er hvalveiðamenn láta af hendi til almennra þarfa, geti ekki jafnast á við það gagn, er landsmönnum oft hefur orðið að slíku.

En þar sem nú svo almennar áskoranir og umkvartanir hafa komið fram í þessu máli, enda ef til vill nokkrar líkur til, að áskoranirnar hafi við einhver rök að styðjast, virðist nefndinni, að þingið ekki geti leitt það hjá sér algjörlega, en að eitthvað þurfi að gera. Virðist nefndinni þá næst liggja að fara að dæmi Norðmanna í þessu efni, sem þegar munu byrjaðir heima hjá sér að hefja rannsóknir um þetta mál. Vill nefndin því leggja það til, að stjórninni sé fengið hæfilegt fé í hendur og á hana skorað, bæði að láta rannsaka mál þetta hér við land, að því að framast er unt, svo og að leita áreiðanlegra upplýsinga um, hvað sams konar rannsóknum í Noregi verður ágengt.

Enn fremur vill nefndin leyfa sér að leggja til, að hækkaður verði útflutningstollur á hvalafurðum, sérstaklega hvallýsi. Styður nefndin þá tillögu sína við það, að eftir hinum mikla arði, er hvalveiðamenn í flestum árum hafa og hafa haft af rekstri þessarar atvinnu, þá álítur nefndin að þeir greiði tiltölulega of lítið til opinberra þarfa hér á landi, og sé því ekkert því til fyrirstöðu, að þeim sé íþyngt á þennan hátt. — Beinast lægi, ef til vill, við, að hvalveiðamenn væri látnir greiða skatt til landssjóðs af þessari atvinnu sinni, en eftir þeirri reynslu, sem fengist hefur með framtal til slíks skatts hér á landi, telur nefndin, að slíkt mundi í reyndinni ekki hafa tilætlaðan árangur.

Samkvæmt ofanskrifuðu mun nefndin leggja fyrir hina háttvirtu deild

tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á áhrifum hvaladráps á síldar- og fiskigöngur, en að því er snertir toll á hvalafurðir hefur nefndin snúið sér til tollmálanefndar þeirrar, sem skipuð hefur verið í deildinni, og mun sú nefnd koma með frumvarp í þá átt.

Neðri deild alþingis 14. júlí 1899.

Kl. Jónsson formaður og framsögumaður. Þórður J. Thoroddsen skrifari.

Tr. Gunnarsson. B. Sveinsson. Þórður Guðmundsson.

Nd. 79. **Tillaga**

til þingsályktunar um rannsóknir á áhrifum hvaladráps við strendur landsins á síld- og þorskgöngur á firði inn. Frá hvalmálanefndinni.

Framsögumaður Kl. Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að láta rannsaka, að því frekast er unt, áhrif hvaladráps við strendur landsins á síld- og þorskgöngur á firði inn.

Ennfremur skorar deildin á stjórnina að leita upplýsinga um, hver árangur sams konar rannsóknir hafa haft í Noregi, og að leggja fram skýrslu um það á næsta þingi.

Nd. 80. **Frumvarp**

til laga um að umsjón og fjárhald tveggja landssjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi sóknuðum í hendur. Flutningsmenn: Valtýr Guðmundsson og Klemens Jónsson.

Stjórninni veitist heimild til að selja hlutaðeigandi sóknuðum í hendur umsjón og fjárhald þessara landssjóðskirkna:

1. Sóknuðinum í Vestmannaeyjasókn í Rangárvallaprófastsdæmi umsjón og fjárhald Vestmannaeyjakirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag 7000 kr.
2. Sóknuðinum í Munkaþverárklausturssókn í Eyjafjarðarprófastsdæmi umsjón og fjárhald Munkaþverárklausturskirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag 5500 kr.

Nd. 81. **Frumvarp**

til laga um breyting og viðauka við tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872. Flutningsmaður: Jón Jensson.

1. gr. Stjórn fátækramála kaupstaðarins skal bæjarstjórnin hafa á hendi. Enginn má gjörast húsmaður eða þurrabúðarmaður nema hann til þess fái leyfi hjá bæjarstjórninni; synji bæjarstjórnin um leyfið, skal hún skyld að tjá hlutaðeiganda það bréflega með ástæðum fyrir synjuninni, og er honum þá heimilt að skjóta máli sínu til landshöfðingja, sem sker úr, hvort synjunin sé gild eða ekki. Bæjarstjórnin getur falið sérstakri fátækranefnd framkvæmd allra þeirra mála, sem ræðir um í þessari grein, og má einnig í samþykt bæjarstjórnarinnar ákveða, að hin sérstaka umsjón með fátækum og fátækrastofnunum skuli falin á hendur fátækrastjórum, sem ekki eru í bæjarstjórninni, og eru þeir skyldir að takast þennan starfa á hendur kauplaust. Sóknarpresturinn skal taka þátt í umræðunum um þau mál, er snerta uppeldi og kenslu fátækra barna

og hafa atkvæði í þeim. Fallist bæjarstjórnin ekki á álit hans um það, hvar koma eiga þessum börnum fyrir, má hann skjóta þeirri ályktun til landshöfðingja.

2. gr. Stjórn á tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, svo og allra hafnarmála, skal bæjarstjórnin hafa á hendi; fer með reikningshald, endurskoðun og úrskurð reiknings hafnarsjóðs á sama hátt sem ársreikning kaupstaðarins. Hafnarnefndin hefir á hendi umsjón og framkvæmd hafnarmála og eru í henni bæjarfógeti og tveir menn aðrir, er bæjarstjórnin kýs, annan að minsta kosti úr sínum flokki.

3. gr. Stjórn byggingarmála kaupstaðarins skal bæjarstjórnin hafa á hendi og falla burtu afskifti amtmanns af þeim. Byggingarnefndin hefir á hendi umsjón og framkvæmd byggingarmála. Í henni hafa sæti bæjarfógeti, forstjóri brunamálanna og fjórir menn, er bæjarstjórnin kýs; skulu tveir þeirra vera úr flokki bæjarfulltrúanna. Þá er bæjarstjórn og lóðareiganda greinir á í byggingarmálum, eða byggingarnefnd og lóðareiganda í þeim byggingarmálum, sem bæjarstjórn hefir í samþykt sinni fengið byggingarnefnd í hendur til fullnaðarúrslita fyrir sína hönd, getur lóðareigandi leitað úrskurðar landshöfðingja.

4. gr. Stjórn heilbrigðismála og þrifnaðarmála kaupstaðarins skal bæjarstjórnin hafa á hendi. Til þess að hafa umsjón og framkvæmd þessara mála skal sett sérstök nefnd og hafa sæti í henni bæjarfógeti, héraðslæknir og einn bæjarfulltrúi, sem bæjarstjórnin kýs.

5. gr. Í samþykt bæjarstjórnarinnar skulu tilteknar nákvæmari reglur fyrir störfum og verksviði allra framangreindra nefnda. Nefndarmenn skulu skyldir til að vinna starf sitt kauplaust í 6 ár.

6. gr. Með lögum þessum eru numdar úr gildi 13. gr., 15. gr. og 16. gr. í tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, svo og ákvæði þau í tilskipun um lausamenn og húsmenn 26. maí 1863, í reglugjörð fyrir hafnarnefndina í Reykjavík 15. maí 1856 og í opnu bréfi um stofnun byggingarnefndar í Reykjavík 29. maí 1839, sem koma í bága við lög þessi.

Nd. 82. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki.

Jafnvel þó mál þetta út af fyrir sig sýnist eigi mjög yfirgripsmikið, er allmikill vandi um það að dæma, meðan ekki er tekin föst stefna í tollmálum landsins. Þareð sumar tekjugreinir landssjóðs þverra, og búast má við, að útgjöldin fari vaxandi, er fyrirsjáanlegt, að nauðsyn beri til, að auka tolltekjur að miklum mun, en þá hlýtur að koma til álita, hverjar vörutegundir helzt eigi að tolla. Nefndarmenn hafa því í sambandi við þetta mál borið saman álit sitt um, hvaða tollmálastefnu beri að fylgja yfirleitt, og hefir það komið fram, að nefndin aðhyllist þá stefnu, að leggja aðflutningstoll fyrst og fremst á þær vörur, sem landsmenn geti án verið eða sparað meira en nú, og í annan stað á vörur þær, er landið sjálft getur framleitt, svo að fullnægt verði þörfum manna.

Samkvæmt þessu telur nefndin rétt að leggja toll á aðflutt smjörlíki, ef svo verður álitið, að landsmenn með haganlegri notkun þess feitmetis, er landið gefur af sér, geti að skaðlausu án þess verið, að sækja viðbit til útlanda. Og er nefndin ekki í neinum vafa um, að landið gæti að þessu leyti birgt sig sjálft,

ef lögð væri stund á að auka og bæta framleiðslu smjörs og nota rétt tólgina, sem nú er ýmist eytt innanlands, áu þess hún komi að fullum notum sökum óhentugrar meðferðar, eða hún er seld til útlanda fyrir afarlágt verð.

Til að hrinda því í lag, sem ábótavant er í þessum greinum, hefir nefndin borið sig saman við stjórn Búnaðarfélags landsins um að koma á fót innlendri kenslu í mjólkurmeðferð, og í öðru lagi mun nefndin koma fram með þingsályktunartillögu til undirbúnings því, að smjörlíkisverksmiðja verði stofnuð hér á landi. Á hinn bóginn getur nefndinni eigi dulist, að tollur á aðflutt smjörlíki mundi, eins og nú stendur, vera öflugt meðal til þess, að tryggja framleiðendum smjörs og annars feitmetis hér á landi markað í landinu, og að sá markaður væri aftur trygging fyrir aukinni framleiðslu þessarar vörutegunda.

Að öðru leyti höfum vér ekkert sérlegt við frumvarpið að athuga, og leggjum til, að það verði samþykt óbreytt.

Neðri deild alþingis 15. júlí 1899.

Pétur Jónsson	Björn Sigfússon	Ólafur Briem
formaður.	framsögumaður.	skrifari.
Guðjón Guðlaugsson.		B. Sveinsson.
Þorlákur Guðmundsson.		Einar Jónsson.

Nd. 83. **Tillaga**

til þingsályktunar um smjörlíkisverksmiðju.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að undirbúa stofnun smjörlíkisverksmiðju hér á landi, og láta gjöra nauðsynlegar rannsóknir og áætlanir um alt, er lýtur að kostnaði við stofnun og aðra tilhögun á slíkri verksmiðju, svo og um árlegan tilkostnað og væntanlegan arð af þessu fyrirtæki.

Nd. 84. **Nefndarálit**.

um hin lægri mentamál.

Hin háttvirta neðri deild alþingis 1899 hefir kosið oss undirritaða í nefnd til þess að íhuga mentamál landsins. Eftir að vér nú höfum íhugað og rætt á fundum með oss sérstaklega hin lægri mentamál, viljum vér láta uppi álit vort um þau.

Nefndinni dylst eigi, að því fyrirkomulagi, sem nú er á barnauppeldi hér á landi, er í mörgu ábótavant, og að ráðstafanir þær, sem hingað til eru gerðar, muni ekki vera til frambúðar.

Til þess að koma þessu velferðarmáli hinnar íslenzku þjóðar í verulega heillavænlegt horf, þarf að sjálfsögðu að semja ítarleg uppfræðslulög, en af ýmsum orsökum þóttist nefndin að þessu sinni eigi geta ráðist í það, og þó einkum af þeirri ástæðu, að málið er eigi svo undirbúið til þess, sem skyldi.

Nefndin hefir því látið við það lenda, að halda málinu í líku formi og verið hefir, en stingur að eins upp á nokkrum breytingum á þeim skilyrðum, sem nú gilda fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnakenslu. En í breytingum

sínum þykist nefndin hafa farið svo varlega, að hún gerir sér góðar vonir um, að hin heiðraða deild muni fallast á þær.

Að því er snertir núgildandi skilyrði fyrir landsjóðsstyrk til barnaskóla, hefir nefndin farið fram á þá efnisbreytingu, að barnaskólar standi undir þriggja manna stjórnarnefnd, sem sóknarpresturinn sé sjálfkjörinn í; að skólanefnd þessi skipi prófdómanda við árspróf skólanna og að nauðsynlegustu kensluáhöld séu til við hvern skóla til afnota við kensluna. Nefndin leggur það og til, að skilyrðunum fyrir landsjóðsstyrk til sveitakennara sé breytt nokkuð að efninu til: að sveitirnar leggi fram fé til sveitakenslunnar að minsta kosti til jafns við landsjóðsstyrkinn og að hver kennari veiti tilsögn að minsta kosti 6 mánuði af árinu, og önnur börn komi eigi til greina við styrkveitinguna en þau, er notið hafa tilsagnar hans að minsta kosti tvo mánuði af árinu.

Ennfremur leggur nefndin það til, að barnakennarar, — hvort heldur er kennarar við fasta skóla, eða sveitakennarar — séu ráðnir með skriflegum samningi með 3 mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu, og að þeir kennarar, sem tekið hafa próf við kennaraskóla, gangi fyrir óæfðum barnakennurum.

Að því er snertir áðurtaldar breytingar, vill nefndin taka það fram, sem hér segir:

Það virðist heppilegt og eðlilegt, að stjórn barnaskólanna sé, að svo miklu leyti sem auðið er, falin hreppsbúum sjálfum. Slík afskifti hreppsbúanna af uppeldis- og mentamálunum ætti að auka skilning þeirra á barnauppeldinu og glæða áhuga þeirra á því, að afla hinni komandi kynslóð sem hollastrar og staðbeztrar undirbúningsmentunar. Og þegar um það er að ræða, að fela hreppsbúum eftirlit með skólunum, virðist eðlilegt, að fyrst og fremst sé prestinum falin slík afskifti, og í alla staði sanngjarnt, að hreppsnefndin, sem á að veita fé til skólanna, hafi og nokkuð hönd í bagga um stjórn þeirra, en til þess er henni gefið tækifæri með því, að fela henni kosningu tveggja manna í stjórnarnefndina með prestinum.

Kosning prófdómanda þykir nefndinni og eðlilegast að falin sé stjórnarnefndinni, því að bæði getur svo staðið á, að í hreppnum sé prestinum jafnfær maður til að dæma um kensluna og framfarir barnanna, og eins ber það oft við, að próf verður að fara fram í tveim sóknum á sama tíma, og getur sóknarpresturinn þá eigi verið á báðum eða öllum stöðunum í senn.

Tillögum nefndarinnar um það, að hver barnaskóli eigi hin nauðsynlegustu kensluáhöld til afnota við fræðslu barnanna, þykjumst vér fullvissir að hin háttvirta deild sinni, þar sem það er bersýnilegt, að jafnvel hinum bezta kennara er ómögulegt að fræða börn til nokkurs verulegs gagns í sumum þeim námsgreinum, sem hann á að kenna, ef hann á að gera það áhaldalaust, enda er kostnaðurinn við útvegur slíkra kensluáhalda svo lítill, að hann getur með engu móti verið fráfælandi.

Það geta verið skiftar skoðanir um það, hve mikil eða lítil, fullkomin eða ófullkomin kensluáhöld barnaskólakennarar geti komist af með. Nefndin leyfir sér að nefna til dæmis sem hin allra-nauðsynlegustu: Uppdráttur af Gyðingalandi; uppdráttur af Miðjarðarhafslöndunum með ferðum Páls. Uppdráttur

Íslands, jarðlíkan og uppdráttur af Norðurálfu. Nokkrar myndir af pörtum mannlegs líkama. Hitamælir, loftþungavog, leiðarsteinn, einföld gufuvél; gler og speglar til afnota við ljósfræðina; ein rafmagnskolla. Kúlnagrind Við sveitakensluna ætlar nefndin að komast megi af með nokkuð minni áhöld, og telur að nægja mætti fyrst um sinn nauðsynlegustu landauppdrættir, myndir úr náttúrufræðinni og kúlnagrind.

Að því er snertir tillögu nefndarinnar um það, að sveitirnar leggi fé fram til kenslunnar til móts við landsjóðsstyrkinn, skal það tekið fram, að áhugi manna víðsvegar um land á barnauppeldinu virðist vera orðinn svo sterkur, að varla er ástæða til að ætla, að menn vilji skorast undan að taka nokkurn þátt í kostnaðinum við kensluna, enda eru menn hér á landi enn ekki á eitt mál sáttir um það, að hve miklu leyti styrkja beri hina fyrstu undirbúningsmentun úr landsjóði, eða hvort landsjóðsfé skuli yfir höfuð að tala að nokkru leyti varið til barnafræðslu fyrir fermingar-aldur.

Styttra nám en 2 mánaða undir kennara hendi telur nefndin svo gagnslítið, að hún telur ekki rétt að styrkja það, og leggur því til að þau börn, sem njóta skemur tilsagnar en í 2 mánuði, komi eigi til greina við styrkveitinguna.

Þar sem nefndin að síðustu leggur það til, að kennarar séu ráðnir með skriflegum samningi og ákveðnum uppsagnarfresti, og að þeir, sem hafa aflað sér kennaramentunar, séu að öðru jöfnu látnir ganga fyrir þeim umsækjendum, sem eigi hafa gengið í kennaraskóla, þá verður hún að telja bæði þessi atriði til verulegra bóta.

Að því er fyrra atriðið snertir, þá er það alkunnugt, að nú, sem stendur, er allmikið ólag og los á kennararáðningunni, og hlýtur að vera báðum málspörtum þægilegra og tryggilegra, að skriflegur samningur sé gerður.

En að því er seinna atriðið snertir, þá vakti það einkum fyrir nefndinni, að það, að efnilegir og vel hæfir menn með kennaraprófi, sem sækja um kennarasýslan, séu látnir standa alveg jafnfætis öðrum, sem engrar nauðsynlegrar undirbúningsmentunar hafa aflað sér, hljóti að leiða til þess, að draga úr áhuga ungra og efnilegra manna á því að afla sér hinnar nauðsynlegu undirbúningsmentunar. Og verður nefndin að telja mjög illa farið, ef svo færi, því að það háir tilfinnanlega mörgum barnakennurum, þó að annars séu góðir og gegnir menn, að þeir hafa farið á mis við þá fræðslu, sem hverjum kennara er lífsnauðsynleg, ef kenslan og umgengni hans við börnin og andleg áhrif hans á þau eiga að geta komið að fullum notum.

Af þessum ástæðum vill nefndin nálgast það takmark, að vér — að dæmi annara þjóða —, notum með tímanum eigi aðra menn til barnauppfræðingar við opinbera skóla, eða stofnanir, en þá, sem sérstaklega eru til þess mentaðir, og sem sýnt hafi með því að standast próf, að þeir séu til þess hæfir.

Samkvæmt því, sem að framan er tekið fram, vill nefndin leyfa sér að leggja það til, að deildin samþykki þær tvær tillögur til þingsályktunar, sem hér fara á eftir.

Alþingi 15. júlí 1899.

Sigurður Gunnarsson formaður. Valtýr Guðmundsson. Jón Þórarinsson skrifari og framsögum.

Einar Jónsson. Eiríkur Gíslason.

Nd. 85. **Tillaga**

til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakenslu. Frá nefndinni í alþýðumentunarmálinu.

Alþingi ályktar, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnakenslu skuli vera þessi:

I. Til barnaskóla, annarstaðar en í kaupstöðum.

1. Að kent sé auk kristindóms: móðurmálið (lestur, réttritun og æfingar í því, að setja fram eigin hugsanir skriflega), skrift, reikningur, meginatriði landafræðinnar, einkum Íslands, og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar, — samkvæmt reglugjörð, er stiftsyfirvöldin samþykkja.
2. Að skólinn standi eigi skemur en 6 mánuði af árinu og að minsta kosti 12 nemendur njóti þar tilsagnar allan kenslutímann og gangi undir árspróf í þeim námsgreinum, sem skylt er að kenna samkvæmt reglugjörð skólans.
3. Að skólinn standi undir stjórn þriggja manna nefndar, sem í séu sóknarpresturinn og 2 menn, er hreppsnefndin kýs.
4. Að við próf, sem haldið er við lok hvers kenslutímabils, sé, auk kennarans, viðstaddur prófdómandi, annaðhvort einn úr skólanefndinni, eða maður, sem hún kýs til þess.
5. Að skólinn njóti að minsta kosti jafnmikils styrks annarstaðar frá, og þess, er honum er veittur úr landssjóði.
6. Að nauðsynlegustu kensluáhöld séu til við hvern skóla til afnota við kensluna, eftir því, sem stiftsyfirvöldin nánar ákveða.

Styrkbeiðslum frá skólunum skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um síðasta árspróf skólans, kenslutilhögun, kensluáhöld og um ástand skólahússins, svo og endurrit af síðasta ársreikningi yfir tekjur skólans og gjöld.

II. Til sveitakennara.

1. Að kennarinn sé ráðinn til starfa síns af hreppsnefndinni með ráði hlutaðeigandi sóknarprests, og hagi störfum sínum eftir því, sem sóknarpresti og hreppsnefnd kemur saman um.
2. Að sveitirnar leggi fram fé til sveitakenslunnar, að minsta kosti til jafns við landssjóðsstyrkinn, auk fæðis og húsnæðis handa kennaranum, þann tíma, sem kenslan stendur yfir.
3. Að kent sé, auk kristindóms, að minsta kosti: móðurmálið, skrift og reikningur.
4. Að kennarinn kenni að minsta kosti 6 mánuði af árinu, og kemur ekkert barn til greina við styrkveitinguna, sem notið hefir skemur tilsagnar en 2 mánuði.
5. Umsóknarbréfum um styrk til sveitakenslu skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um kensluna (próf, ef það hefir verið haldið), tölu nemanda, hvað kent hafi verið og hve lengi hver nemandi hafi notið tilsagnar, svo og vottorð hlutaðeigandi prests um framfarir þeirra.

Kennarar skulu ráðnir, hvort heldur er til barnaskóla, eða sveitakenslu, með skriflegum samningi og þriggja mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu.

Sé kostur á kennara, sem staðist hefir próf við kennaraskóla, skal hann tekinn fram yfir óæfðan kennara, þegar kennarar eru ráðnir.

Nd. 86. **Tillaga**

til þingsályktunar um rétt til að taka að sér barnakenslu.

Frá mentamálanefndinni.

Eftir árið 1905 hafa aðrir eigi rètt til barnakenslu, sem að einhverju leyti er kostað af landssjóðsfé, en þeir, sem:

a, staðist hafa próf við kennaraskóla;

b, haft hafa barnakenslu á hendi annaðhvort við fasta skóla, eða sveitakenslu að minsta kosti 5 undanfarin ár samfleytt.

Þó má með leyfi stiftsyfirvaldanna eða hverrar þeirrar kenslustjórnar, sem skipuð kann að verða, gera undantekningar frá þessu, ef eigi er kostur á kennurum, sem fullnægja framangreindum skilyrðum.

Nd. 87. **Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar í málinu um skipun læknahéraða á Íslandi o. fl. (á þingskjali 65.).

Frá Halldóri Daníelssyni.

1. Á eftir tölulið 24 komi nýr töluliður, er verði 25. töluliður, svo hljóðandi: »Mýrahérað: Mýrasýsla vestan Langár og Hnappadalssýsla.«
2. 32. töluliður falli burtu.

Tölulið.talan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Nd. 88. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. og við breytingartillögur nefndarinnar á þskj. 65. • Frá Kl. Jónssyni.

1. Við brtill. þskj. 65 við 1. gr. frvs. á eftir »26. Þingeyrarhérað o. s. frv., komi: 27. Siglufjarðarhèrað: Hvanneyrar og Þóroddstaða hreppar í Eyjafjarðarsýslu. Læknirinn í héraði þessu er skyldur til, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í Grímsey.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

2. 37. liður falli burt.

3. Við 2. gr. frvs. Í stað orðanna í upphafi 3. liðs: »Ef opinber sjúkrahús eru á þeim stað« komi: Ef sjúkrahús, er njóta styrks úr landssjóði, eru á þeim stað.

Nd. 89. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 69 (Frá Valtý Guðmundssyni).

Breytingartillagan orðist svo:

Undanþágu frá hjúskaparlýsingu má þó fá með konunglegu leyfisbréfi. Gjaldið fyrir hjónavígslubréf skal eftirleiðis vera 10 krónur.

Nd. 90. **Breytingartillögur**

við breytingar nefndarinnar í málinu: Frumvarp til laga um skipun læknahéraða á Íslandi o. fl.

Frá Þórði J, Thoroddsen. Guðjóni Guðlaugssyni. Sighvati Árnasyni.

1. við 1. 7. Í stað »Húnavatnssýsla austan Gljúfurár« komi: »Vindhælis, Engihlíðar, Ból-

staðarhlíðar, Svínavatns, Torfalækjar, Áss og Sveinsstaða hreppar í Húnavatnssýslu«.

2. — 1. 8. Í stað orðanna: »Seilu, Lýtingsstaða, Akra og Rípur« komi: »Rípur, Víðvíkur, Hóla og Hofs«.

3. — 1. 12. Liðurinn orðist svo: »Steingrímsfjarðarhérað: Nyrðri hluti Strandasýslu að Ennishöfða«.

4. — 1. 13. Liðurinn orðist svo: »Hrútafjarðarhérað: Óspakseyrar og Bæjar hreppar í Strandasýslu, Staðar, Torfastaða (Fremri og Ytri) og Kirkjuhvamms hreppar í Húnavatnssýslu«.

5. — 1. 14. Liðurinn orðist svo: »Seluhérað: Seilu, Lýtingsstaða, og Akra hreppar í Skagafjarðarsýslu og Svartárdalur í Húnavatnssýslu«.

6. — 1. 14. Á eftir þessum tölul. komi nýr tölul., er verði 15., og orðist svo: »Siglufjarðarhérað: Fells og Holts hreppar í Skagafjarðarsýslu og Hvanneyrar og Þóroddstaða hreppar í Eyjafjarðarsýslu. Læknirinn í héraði þessu er ennfremur skyldur til að vitja sjúklinga í Grímsey, þegar þess er leitað og því verður við komið«.

7. — 1. 37. Töluliðurinn falli burt.

Töluliðatalan breytist eftir atkvæðagreiðslunni.

Nd. **91. Tillaga**

til þingsályktunar um að rannsaka hafnarstæði við Lagarfljótsós (eins og hún var samþykt við fyrri umr. í Nd).

Alþingi ályktar, að skora á stjórnina, að láta útlendan verkfræðing rannsaka á kostnað landssjóðs, hve mikið muni kosta, að byggja höfn við Lagarfljótsós, og hvort það muni dýrara en að leggja akveg frá Reyðarfirði yfir Fagradal að Egilsstöðum, eða hve miklu dýrara það mundi verða. Skal hann eigi að eins meta kostnaðinn við hafnargerðina og vegarlagninguna, heldur og áætla, hvort muni hafa meiri viðhaldskostnað í för með sér.

Ennfremur skal og verkfræðingi þessum falið, að rannsaka lendinguna í verstöðinni í Bolungarvík í Ísafjarðarsýslu, og að gjöra áætlun um kostnaðinn við byggingu brimgarðs, er geri lendinguna tryggari og hættuminni.

Nd. **92. Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar í læknahéraðamálinu (þingskj. 65).

Frá Jens Pálssyni.

Úr 2. flokki falli: 7. Blönduóshérað: Húnavatnssýsla austan Gljúfurár.

Úr 3. flokki falli: 14. Hofsóshérað: Viðvíkur, Hóla, Hofs, Fells, Haganess og Holtshreppar í Skagafjarðarsýslu.

15. Höfðahverfishérað: Svarfaðardalshreppur og Arnarneshreppur inn að Hillum í Eyjafjarðarsýslu, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur norðan við Hálssókn í Þingeyjarsýslu.

— og setjist héröð þessi inn í 4. flokk næst á eftir »26: Þingeyrarhérað«.

Tölur liðanna breytast samkvæmt þessu.

Nd. 93. **Breytingartillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar í læknaskipunarmálinu (þingskj. 65).

Frá Valtý Guðmundssyni.

Þessi læknahéruð flytjist úr 3. flokki yfir í 4. flokk.

1. Nr. 13 Miðfjarðar hérað.
2. Nr. 14 Hofsóss hérað.
3. Nr. 15 Höfðahverfis hérað.
4. Nr. 18 Fljótsdals hérað.

Nr. 42 Vestmannaeyja hérað flytjist úr 5. flokki yfir í 4. flokk.

Fyrir orðið »embætti« í 2. lið 2. greinar komi: læknahéruð.

Nd. 94. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um skipun læknahéraða á Íslandi o. fl.

Flutningsmenn: Guðjón Guðlaugsson. Pétur Jónsson.

Við 3. gr. Inn í greinina bætist (eftir málsgreinina: »Launin greiðist úr landssjóði«) svo hljóðandi málsgrein:

Eftirlaun læknis skal þannig reikna, að hann fái $^1/_5$ þeirrar launaupphæðar, sem hann hafði þegar hann fékk lausn frá embætti, og auk þess 20 kr. fyrir hvert embættisár. Þetta ákvæði nær þó ekki til þess læknis, sem hefur fengið veitingu fyrir embættinu áður en lög þessi öðlast gildi. Að öðru leyti skal farið eftir hinum almennu eftirlaunalögum.

Nd. 95. **Breytingartillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar í málinu: frumvarp til laga um skipun læknahéraða á Íslandi o. fl.

Frá Þórði J. Thoroddsen og Sighv. Árnasyni.

1. Á undan 9. tölul. komi í 3. flokki nýr tölul., er verður hinn 9. svohljóðandi: »Skipaskagahérað: Hvalfjarðarstrandarhreppur inn fyrir Ferstiklu og hinir 4 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu«.
2. Á eftir 21. tölul. komi nýr tölul., er verður hinn 22. svohljóðandi: »Mýrdalshérað: Álftavers, Hvamms og Dyrhóla hreppar í Vestur-Skaftafellssýslu og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu«.
3. Á eftir 22. tölul. komi nýr tölul., er verður hinn 24. svohljóðandi: »Grímsness hérað: Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness og Grafnings hreppar í Árnessýslu«.
4. 24., 29. og 30. tölul. falli burt, og töluliðatalan breytist eftir atkvæðagreiðslunni.

Nd. 96. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 79.

Frá Kl. Jónssyni.

Fyrir orðið »deildin« í upphafi annars liðs, komi: alþingi.

Nd. 97. **Tillaga**

til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfélaga.

Frá landbúnaðarnefndinni. Framsögumaður Pétur Jónsson.

Alþingi ályktar, að skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga og reglur fyrir úthlutun styrksins skuli vera á þessa leið:

A. Almenn skilyrði.

1. Að félagið hafi unnið næsta ár á undan því, er styrkurinn er veittur, að minsta kosti 12 dagsverk fyrir hvern búanda í félaginu að meðaltali að þeim jarðabótum, er efla grasrækt og garðrækt, og að minst 8 félagsmenn hafi tekið þátt í jarðyrkjustörfum félagsins.
2. Að bónarbréfum um styrkinn, sem skulu stýluð til landshöfðingja, fylgi reikningur fyrir næsta ár á undan yfir tekjur og gjöld búnaðarfélags þess, er um styrkinn sækir, og skýrsla um hin unnu störf, útgefin af skoðunarmanni, er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir til þess nefnt. Skoðunarmenn sé eigi fleiri en 3 í sýslu.
3. Að skýrslur skoðunarmanna sé samdar eftir formi því, er landsstjórnin gefur út, að í skýrslunum sé tekin fram stærð hverrar jarðabótar, og að skoðunarmaður riti á skýrsluna vottorð sitt um, að hann hafi ekki tekið til greina aðrar jarðabætur en þær, sem vel eru af hendi leystar.

B. Reglur.

1. Þessar jarðabætur skulu teknar upp í skýrslurnar:
   a. Þúfnasléttur.
   b. Matjurtareitir ný-yrktir, jarðvegur byltur og blandaður.
   c. Varnargarðar um tún, sáðreiti, fjárbæli og engi.
   d. Varnarskurðir.
   e. Flóðgarðar.
   f. Stíflugarðar.
   g. Vatnsveitingaskurðir.
   h. Lokræsi.

   Aðgjörðir á gömlum jarðabótum má ekki taka upp í skýrsluna, né heldur þær jarðabætur, sem ekki eru fullgjörðar samkvæmt reglum þessum.
2. Jarðabætur skulu lagðar þannig í dagsverk:

a. þúfnasléttur	12 □	faðmar
b. matjurtareitir	20 □	——
c. varnargarðar:		
1. grjótgarðar einhlaðnir, $3^1/_2$ fet á hæð	3	——
2. grjótgarðar tvíhlaðnir, $3^1/_2$ fet á hæð	$1^1/_2$	——
3. garðar úr torfi og grjóti, 4 fet á hæð	$3^1/_2$	——
4. garðar úr torfi, 3 fet á hæð og 5 fet á þykt að neðan	4	——
d. varnarskurðir, 5—6 feta breiðir að ofan, 2 feta djúpir, og garður á bakkanum 2 feta hár, þakinn að ofan og innan	5	——
e. flóðgarðar	200	teningsfet
f. stíflugarðar	150	———
g. vatnsveitingaskurðir:	29*	

1. einstungnir (1 fet á dýpt) . . . . . 400 teningsfet
2. tvístungnir (2 feta djúpir) . . . . . 300 ———
3. þrístungnir (3 feta djúpir) . . . . . 200 ———

h. lokræsi:

1. með grjóti (mölræsi) . . . . . 3 faðmar
2. með hnaus (holræsi) . . . . . 8 ———

3. Styrkurinn skal miðaður við tölu dagsverka þeirra, sem unnin hafa verið í félaginu að framantöldum jarðabótum næsta almanaksár á undan því, er styrkurinn er veittur.
4. Bónarbréfin um styrkinn eiga að vera komin til landshöfðingja fyrir 1. júlí ár það, sem styrkurinn er veittur.

Nd. 98. **Frumvarp**

til laga um verðlaun fyrir sölu á útfluttu íslenzku smjöri. Frá Jens Pálssyni.

1. gr. Fyrir hver 1000 pd. af íslenzku smjöri, er flutt eru í einu lagi til markaðar erlendis og seld þar í einni heild því verði, er eigi sé meir en 5 aurum lægra en verð er á dönsku smjöri í 1. flokki á sama stað og í sama mánuði samkvæmt vottorði frá hinu danska landbúnaðarfélagi, greiðast úr landssjóði útflutnings- og söluverðlaun 100 kr.

2. gr. Útflutnings- og söluverðlaun þessi lætur landshöfðingi greiða útflytjanda smjörsins, þá er hann með skýrslu skipstjóra þess, er smjörið flutti, reikningi söluumboðsmanns síns, vottorði frá hinu danska landbúnaðarfélagi um markaðsverð á dönsku 1. flokks smjöri, og eigin skýrslu upp á æru og samvizku hefir fært sönnur á, að hann hafi fullnægt verðlaunaskilyrðunum.

Ed. 99. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja.

Frá Hallgr. Sveinssyni.

1. Við 7. gr. Í stað »amtsins« í 6. línu komi: amtmanns.
2. — . — Í stað »og því næst . . . . . staðfest það«, komi: og því næst verður meiri hluti fundarmanna og meiri hluti bæjarstjórnar að hafa fallist á veitingaleyfið og amtmaður staðfest það.

Ed. 100. **Frumvarp**

til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík.

Flutningsmaður: 4. konungkjörni þingmaður.

1. gr. Í Reykjavík skal á hentugum stað byggja landsspítala, er hafi alt að 40 sjúkrarúm. Til byggingar spítalans og útbúnaðar á honum má verja alt að 130,000 kr. úr landssjóði, að meðtöldu andvirði hins núverandi sjúkrahúss í Reykjavík, er Reykjavíkurbær leggur til.
2. gr. Reykjavíkurbær skal hafa rétt til að fá ókeypis aðhjúkrun alla og læknishjálp á sjúklingum, er legið geta í 4 sjúkrarúmum á spítala

þessum á ári hverju, en auk þess skal veita ókeypis aðhjúkrun og læknishjálp árlega fátækum sjúklingum annarsstaðar af landinu, er legið geta í 16 sjúkrarúmum, eftir því, sem stjórn spítalans ákveður.

3. gr. Í stjórn spítalans eru amtmaður og landlæknir og læknir sá í Reykjavík, er landshöfðingi skipar. Stjórnin semur reglugjörð fyrir spítalann og erindisbréf fyrir starfsmenn hans, er landshöfðingi staðfestir. Hún hefur alla umsjón með spítalanum og spítalahaldinu, ræður starfsmenn og segir þeim upp, og ákveður borgun þá, er sjúklingar þeir, sem ekki fá ókeypis aðhjúkrun samkv. 2. gr., skulu greiða fyrir spítalavistina.

4. gr. Starfsmenn spítalans skulu vera þessir, auk nauðsynlegs vinnufólks og hjúkrunarfólks: 2 yfirlæknar og 1 aðstoðarlæknir; ráðsmaður og ráðskona; yfirhjúkrunarkona; endurskoðari reikninga.

Ráðsmaðurinn fær 1000 kr. þóknun á ári fyrir starfa sinn; ráðskonan og yfirhjúkrunarkonan fá auk fæðis og húsnæðis 400 kr. hvor á ári í kaup; endurskoðari 200 kr. á ári og aðstoðarlæknirinn 600 kr. á ári auk húsnæðis.

5. gr. Þangað til öðruvísi verður ákveðið, skulu kennararnir í útvortislækningum (kirurgi og operation) og innvortis lækningum (therapi) við læknaskólann í Reykjavík takast á hendur yfirlæknastörfin við spítalann, og má greiða alt að 2000 kr. fyrir læknisstörfin, eftir því sem stjórnin nánar ákveður og landshöfðingi samþykkir.

6. gr. Kaup starfsmanna, svo og allur kostnaður árlegur við spítala þennan, að því er gjöldin fara fram úr tekjunum, skal greiða úr landssjóði.

Nd. 101. **Frumvarp**

til laga um lögaldur. Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Hver karlmaður, og hver ógiftur kvennmaður, verður fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 16 ára, en fullráður fjár síns 21 árs, og getur þá og tekið að sér ábyrgð í fjármálum, svo að gild sé.

Nd. 102. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um að rannsaka hafnarstæði við Lagarfljótsós (þingskj. 91).

Frá Valtý Guðmundssyni, Jóni Jónssyni, þm. Eyf., Þórði J. Thoroddsen, Pétri Jónssyni, Halldóri Daníelssyni, Birni Sigfússyni.

Í stað orðanna »en að leggja akveg — að Egilsstöðum« komi: en að leggja akveg annaðhvort frá Seyðisfirði yfir Fjarðarheiði, Reyðarfirði yfir Fagradal eða einhverja aðra leið frá sjó að Egilsstöðum.

Ed. 103. **Frumvarp**

til laga um viðauka við og breyting á tilskipun 5. janúar 1866 um fjárkláða og

önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilskipun 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa. (Eins og það var samþykt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Heimilt er amtmönnum, þá er þeim virðist nauðsyn bera til, að fyrirskipa almennar skoðanir og baðanir á sauðfé svo og sótthreinsun fjárhúsa á stærri eða minni svæðum í ömtum sínum, enda þótt eigi sè full vissa fyrir því, að fjárkláða hafi orðið vart á stöðum þeim, er um er að ræða.

Kostnað, er af þessu leiðir, skal greiða samkvæmt reglunum í 3. og 6. gr. tilskipunar 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

2. gr. Verði vart við kláða í fé á tímabilinu frá byrjun rétta til jólaföstu, skulu hinar sýktu kindur þegar í stað skornar, nema eigandi kjósi heldur, að hreppstjóri eða aðstoðarmenn hans taki sjálfir kindurnar til umsjónar og lækni þær, og borgar þá eigandi allan kostnað, er af því leiðir.

3.gr. Allir fjáreigendur skulu hafa glöggar gætur á, hvort kláða verður vart í sauðfé þeirra, og tafarlaust skýra hreppstjóra eða aðstoðarmönnum hans frá sérhverri grunsamlegri sýki, er fyrir kemur, og þangað til næst til þeirra annast um, að hinar sýktu eða grunuðu kindur séu hafðar aðgreindar frá öðru sauðfé.

4. gr. Ákvæðunum í fyrsta hluta 7. gr. í fyrgreindri tilskipun 5. janúar 1866 um sektir alt að 20 rdl. er breytt þannig, að sektirnar eru frá 5 til 200 kr., og gilda ákvæðin í 7. og 8. gr. tilskipunarinnar einnig fyrir brot gegn lögum þessum.

Nd. 104. **Frumvarp**

til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í ed.).

1. gr.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, er gjörir barnsföður að skyldu að greiða meðlag með óskilgetnu barni sínu, eða þar sem meðlagsskyldan er staðfest, skulu vera upplýsingar þær, er fyrir hendi eru, um aldur hans, fæðingarstað og framfærslusveit.

2. gr.

Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verði gjört að skyldu að greiða að minsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförunum leiddi fyrir hana, og ef þörf gjörist þröngvað til þess, svo sem heimilað er í lögum til greiðslu á meðgjöf með óskilgetnum börnum. Yfirvöldin tiltaka upphæð þessarar fjárreiðslu, og getur móðir barnsins heimt hana eftir reglum þeim, er segir í 4. gr.

3. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eftir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komin sé í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni skyldi gjalda, svo framarlega sem beiðni um það kemur til skiftaráðanda áður en skuldlýsingarfrestur (Proclama) er liðinn eða 6 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi boðaður verið. Ef ekkja barnsföður eða skilgetin börn hans eru á lífi, þá skal eigi fé út leggja öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband,

og skal þess gætt, að meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meiru fé en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri. Nú situr ekkja barnsföður í óskiftu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er á barnsföður hvíldi, að svo miklu leyti sem yfirvaldi þykir hæfa eftir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtéðra fyrirmæla, þó eigi lengur en þar til barnið er orðið 14 vetra. Um barnsfúlgu, er greidd er af hendi í einu eftir lát föðurins, skal fara sem um fé ómyndugra, og skal til taka, á hvaða tíma og hverjum greiða skal meðlögin. Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu, þá skal fé það, er óeytt er þá er barnið deyr eða verður 16 ára, koma til skifta meðal erfingja.

4. gr.

Sé barnsfúlga, sem föður óskilgetins barns er skylt að borga samkvæmt úrskurði amtmanns eða sættargjörð, staðfestri af honum, eigi greidd á réttum gjalddaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt, ef skilyrði þau eru fyrir hendi, er síðar getur um, að krefjast þess munnlega eða bréflega af löggreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, er hún dvelur í, að meðlagið, en eigi nema fyrir síðasta árið, verði greitt henni af sveitarfé, án þess það verði talið henni veittur sveitarstyrkur. Beiðninni skal fylgja vottorð um það frá sveitarstjórninni í dvalarsveit hennar, að hún sé eigi svo efnum búin eða hafi þá atvinnu, að hún sé sjálf fær um að annast svo sem vera ber framfærslu barnsins og uppeldi, og ennfremur löglega birtur úrskurður amtmanns um barnsfúlguna, eða löglega birt sættargjörð, staðfest af honum, og lífsvottorð barnsins, og skal hún jafnframt láta þær upplýsingar í té um dvalarsveit og framfærslusveit barnsföður, er hún er fær um.

Nú þykir lögreglustjóra það líklegt, eftir að hann hefir rannsakað málið, að barnsfaðir sé dáinn eða farinn úr landi, og vísar hann þá beiðninni aftur. Að öðrum kosti krefur hann barnsföður um meðlagið fyrir milligöngu dvalarsveitar hans, ef kunnugt er þegar orðið um hana. Náist eigi borgun með þessu móti, eða sé ókunnugt um dvalarsveit barnsföður, er dvalarsveit móður barnsins skyld til þess, undireins og henni hefir verið gjört aðvart um þetta, að greiða henni meðlagið fyrirfram, en lögreglustjóri gjörir jafnframt nauðsynlegar ráðstafanir til þess að innheimta það. Þegar meðlagið er borgað af sveitarfé, skal afplánun að lögum því að eins eiga sér stað, að framfærslusveit barnsföður beiðist þess.

Nú reynist meðlagið ófáanlegt, af því að barnsfaðir hefir eigi getað borgað, eða eigi hefir verið hægt að hafa upp á honum, og skal þá sveitarstjórninni í þeirri sveit, sem greitt hefir meðlagið fyrir fram, þegar í stað skýrt frá þessu, og meðlagið skal síðan talið sveitarstyrkur til handa barnsföður frá þeirri sveit, og fer um endurgjald á honum eftir ákvæðum fátækralaganna.

Nú hefir meðlagið hvorki verið innheimt né afplánað, fyrir því að eigi hefir orðið haft upp á barnsföður, eða hann hefir komist undan lagaaðförum, og er þá sveit þeirri, er eigi hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er hann síðar kemur fram, að ganga að honum að lögum, ef eigi er um seinan, að því er meðlagið snertir, og ennfremur beita við hann lögum 4. nóvbr. 1887, um sveitarstyrk og fúlgu.

5. gr.

Þann hinn sama rétt, sem móðir að óskilgetnu barni hefur eftir 3. og 4. gr. laga þessara, hafa og þeir menn, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins eftir móðurina látna, burtfarna eður af öðrum líkum orsökum, og enn fremur fátækrastjórn, þá er hún hefur orðið að takast framfærslu þess á hendur.

Þá er móðir óskilgetins barns deyr, á faðir þess því að eins rétt á að fá það til sín, til framfærslu og uppeldis, að hann annaðhvort ættleiði það, eður hann fái til þess leyfi amtmanns á þeim stað, er barnið er.

6. gr.

Þegar faðir óskilgetins barns hefur að lögum verið skyldaður til að greiða meðlag með því, en menn vita eigi, hvar hann er niður kominn, hefur bæði móðir barnsins og sá er eftir hana látna, burtfarna eða af öðrum orsökum á að annast framfærslu þess og uppeldi, svo og fátækrastjórnin, hafi hún orðið að takast framfærslu þess á hendur, rétt til þess, ef þörf gjörist, að krefjast fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1900, og falla þá úr gildi lög 24. janúar 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. Þó koma ákvæði nefndra laga til greina um meðlög þau, sem fallin eru í gjalddaga fyrir 1. maí 1900, ef beiðni um borgun á þeim er komin til dvalarsveitar eða framfærslusveitar barnsföður fyrir nefndan dag.

Nd. 105. **Frumvarp**

til laga um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. (eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd).

1. gr.

Íslandi skal skift í 42 læknishéruð, þau er hér segir:

1. flokkur.

1. Reykjavíkur hérað: Reykjavíkur kaupstaður, Seltjarnarness, Bessastaða, Garða og Mosfells hreppar.
2. Ísafjarðar hérað: Ísafjarðar kaupstaður, ásamt Eyrar, Hóls og Súðavíkur hreppum og Vigur í Ögurhreppi.
3. Akureyrar hérað: Akureyrar kaupstaður, Öngulsstaða, Saurbæjar, Hrafnagils, Glæsibæjar og Skriðu hreppar, og Arnarness hreppur út fyrir Hillur, og Svalbarðsstrandar hreppur í Þingeyjarsýslu. Læknirinn í héraði þessu er skyldur til, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í þeim hluta Höfðahverfis héraðs, sem er að vestanverðu við Eyjafjörð.
4. Seyðisfjarðar hérað: Seyðisfjarðar kaupstaður, ásamt Loðmundarfjarðar, Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar hreppum.

2. flokkur.

5. Keflavíkur hérað: Vatnsleysustrandar, Njarðvíkur, Rosmhvalaness, Miðness, Hafna og Grindavíkur hreppar í Gullbringusýslu.

6. Barðastrandar hérað: Barðastrandarsýsla fyrir vestan Vatnsdalsá.
7. Blönduóss hérað: Húnavatnssýsla austan Gljúfurár.
8. Sauðárkróks hérað: Skefilsstaða, Sauðár, Staðar, Seilu, Lýtingsstaða, Akra og Rípur hreppar í Skagafjarðarsýslu.

3. flokkur

9. Borgarfjarðar hérað: Skoradals, Andakíls, Lundarreykjadals, Reykholtsdals og Hálsahreppar í Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýsla austan Langár.
10. Stykkishólms hérað: Eyrarsveit, Helgafellssveit og Skógarstrandar hreppur. Læknirinn í héraði þessu er ennfremur skyldur til, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Fellsstrandarhreppi vestan Kjallaksstaðaár og í Skarðsstrandar hreppi sunnan Ballarár, ásamt eyjunum í þessum hreppi, nema Rauðseyjum, Rúfeyjum og Akureyjum.
11. Dalahérað: Dalasýsla, nema Rauðseyjar og Rúfeyjar.
12. Stranda hérað: Strandasýsla nema Bæjarhreppur.
13. Miðfjarðar hérað: Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár og Bæjarhreppur í Strandasýslu.
14. Hofsóss hérað: Viðvíkur, Hóla, Hofs, Fells, Haganess og Holts hreppar í Skagafjarðarsýslu.
15. Höfðahverfis hérað: Svarfaðardals hreppur og Arnarness hreppur inn að Hillum í Eyjafjarðarsýslu, Grýtubakka hreppur og Háls hreppur norðan við Hálssókn í Þingeyjarsýslu.
16. Húsavíkur hérað: Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddstað, Aðaldæla og Húsavíkur hreppar.
17. Vopnafjarðar hérað: Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppar. Læknirinn í héraði þessu er skyldur til að vitja sjúklinga í Möðrudal og Víðidal, þegar hans er vitjað og því verður við komið.
18. Fljótsdals hérað: Jökuldalshreppur fyrir ofan Gilsá, beggja megin Jökulsár, að meðtaldri Jökuldalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fella, Fljótsdals, Skriðdals og Valla hreppar.
19. Reyðarfjarðar hérað: Reyðarfjarðar og Norðfjarðar hreppar.
20. Hornafjarðar hérað: Austur-Skaftafellssýsla.
21. Síðu hérað: Vestur-Skaftafellssýsla frá Skeiðarársandi að Hólmsá og Kúðafljóti.
22. Rangár hérað: Rangárvallasýsla, nema Austur-Eyjafjallahreppur.
23. Eyrarbakka hérað: Villingaholts, Hraungerðis, Gaulverjarbæjar Stokkseyrar, Eyrarbakka, Sandvíkur, Ölfus og Selvogshreppar í Árnessýslu.

4. flokkur.

24. Skipaskaga hérað: Hvalfjarðarstrandarhreppur inn fyrir Ferstiklu og hinir 4 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
25. Ólafsvíkur hérað: Syðri hluti Snæfellsnessýslu frá Straumfjarðará að Búlandshöfða.
26. Þingeyrarhérað: Vestur-Ísafjarðarsýsla.
27. Siglufjarðarhérað: Hvanneyrar og Þóroddsstaða hreppar í Eyjafjarð-

arsýslu. Læknirinn í héraði þessu er skyldur til, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í Grímsey.

28. Reykdælahérað: Hálshreppur út að Draflastaðasókn, Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykdæla og Skútustaða hreppar.
29. Hróarstunguhérað: Jökuldalshreppur beggja meginn Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðar, Tungu, Hjaltastaða, Eiða og Borgarfjarðar hreppar.
30. Mýrdalshérað: Álftavers, Hvamms og Dyrhóla hreppar í Vestur-Skaftafellssýslu og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
31. Grímsnesshérað: Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness og Grafnings hreppar í Árnessýslu.

5. flokkur.

32. Kjósarhérað: Þingvallahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur út fyrir Hrafnabjörg og Kjósarsýsla, nema Mosfellshreppur.
33. Mýrahérað: Mýrasýsla vestan Langár og Hnappadalssýsla.
34. Reykhólahérað: Geiradals, Reykhóla og Gufudals hreppar; læknirinn í héraði þessu er enn fremur skyldur, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í Múlahreppi og á Hjarðarnesi.
35. Flateyjarhérað: Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði; læknirinn í héraði þessu er enn fremur skyldur, þegar því verður komið við og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Barðastrandarhreppi milli Vatnsdalsár og Hagavaðals.
36. Nauteyrarhérað: Ögurhreppur nema Vigur, Reykjarfjarðar, Nauteyrar og Snæfjalla hreppar.
37. Hesteyrarhérað: Grunnavíkur og Sléttu hreppar.
38. Axarfjarðarhérað: Kelduness, Fjalla og Skinnastaða hreppar og Presthólahreppur að Skinnalónsheiði.
39. Þistilfjarðarhérað: Hinn hluti Norður-Þingeyjarsýslu.
40. Fáskrúðsfjarðarhérað: Fáskrúðsfjarðar og Breiðdals hreppar.

41. Berufjarðarhérað: Beruness og Geithellna hreppar.
42. Vestmannaeyjahérað: Vestmannaeyjasýsla.

Landshöfðingi getur eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda gert breyting á takmörkunum milli hinna einstöku læknishéraða, og verða læknar að sætta sig við þá breyting endurgjaldslaust.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru héraði til konu í barnsnauð eða í öðru jafn-brýnu tilfelli, fyrir þá sök, að hægra er til hans að ná en hlutaðeigandi læknis, og hefir hann þá sömu skyldur eins og héraðsbúi hans ætti í hlut.

2. gr.

Konungur skipar héraðslækna í embætti þau, er talin eru í 1., 2. og 3. flokki.

Læknishéruð þau, er talin eru í 4. og 5. flokki, veitir landshöfðingi, og fylgir þeim eigi réttur til eftirlauna.

Héraðslæknir er skyldur til að setjast að í þeim hluta héraðsins, sem landshöfðingi ákveður, eftir að búið er að leita um það álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda. Nú er lækni skylt að búa utan verzlunarstaðar, og

skal hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndir þegar útvega honum aðsetursstað, en ábýlisjörð svo fljótt, sem unt er, ef hann óskar þess. Landsstjórnin skal leggja til landssjóðsjarðir fyrir læknissetur, þar sem því verður viðkomið.

Héraðslæknarnir í Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar héruðum skulu vera búsettir í þeim kaupstað, er héraðið er kent við. Héraðslæknirinn í Reyðarfjarðarhéraði skal vera búsettur á Eskifirði og héraðslæknirinn í Barðastrandarhéraði á Patreksfirði.

Ef sjúkrahús, er njóta styrks úr landssjóði, eru á þeim stað, er héraðslæknirinn býr, eða síðar verða reist þar, skal hann skyldur að takast á hendur læknisefirlit við hús þessi án sérstakrar þóknunar; sama er um sóttvarnarhús þau, er getur um í lögum nr. 30, 17. desember 1875, smbr. lög nr. 32, 18. desember 1897.

3. gr.

Laun héraðslækna eru þannig ákveðin:

Í 1. flokki	1900 kr.
Í 2. flokki	1700 —
Í 3. flokki	1500 —
Í 4. flokki	1500 —
Í 5. flokki	1300 —

Launin greiðast úr landssjóði.

Hafi nokkur héraðslæknir, er nú er skipaður í fast embætti, hærri laun (að meðtöldum húsaleigustyrk og embættisjörð), en honum bæri eftir lögum þessum, heldur hann því, sem fram yfir er, sem viðbót fyrir hann sjálfan. Þegar læknisembættið losnar, skal embættisjörðin lögð til landssjóðs.

Þangað til smámsaman er búið að skipa héraðslækna í hin nýju embætti, skal læknahéraðaskifting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti.

Héraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við hverja breyting, sem verður á héruðum þeirra eftir lögum þessum.

4. gr.

Þegar ekki er samið fyrir fram við lækna um borgun fyrir læknisstörf, svo sem um vissa þóknun á ári, þá ber þeim, hvort sem er fyrir læknisstörf í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, þessi borgun:

1) Þegar leitað er ráða til þeirra heima eða þeir vitja sjúklinga eigi lengra en $^1/_{10}$ úr mílu frá bústað sínum, eins þó þeir um leið gefi út læknisfyrirsögn, geri lítils háttar skurði og bindi um, dragi út tönn, nái þvagi af manni eða því um líkt, alt að . . . . . 1 kr.

   Komi sjúklingurinn eftir umtali við lækninn þrisvar eða oftar þar á eftir til hans eða vitji læknirinn sama sjúklings þrisvar eða oftar, færist borgunin niður um helming.

   Sé læknis leitað frá kl. 11 e. h. til kl. 6 f. h., tvöfaldast borgunin.

2) Fyrir ferð læknis á skip, er liggur á höfn . . . . . 4 —

3) Fyrir að kippa í lið, stinga á manni eða taka fingur af eða tá . . 2 —

4) Fyrir að binda um beinbrot . . . . . 3 —

5) Fyrir að taka af stærri limi, eða gera þvílíkan meiri háttar líkamsskurð 8 —
6) Fyrir að hjálpa sængurkonum með verkfærum . . . . . 4 —
7) Fyrir að hjálpa sængurkonum án verkfæra . . . . . 4 —

Fyrir önnur verk lækna skal borga eftir tiltölu við það, sem hér er talið.

Þurfi læknir aðstoðar við hina meiri háttar líkamsskurði, skal að auki greiða sanngjarna borgun fyrir þá aðstoð.

5. gr.

Fyrir störf í þarfir heilbrigðis- og réttargæzlu ber lækni, hvort sem hið opinbera eða einstakir menn leita hans:

1) Fyrir líkskoðun . . . . . 2 kr.
2) Fyrir uppskurð á líki . . . . . 16 —
Hjálpist fleiri læknar að en einn við líkskurðinn, skiftist borgunin jafnt á milli þeirra.
3) Fyrir »kemiska« eða »mikróskópiska« rannsókn, er um eitrun er að ræða, ásamt skýrslu um málið . . . . . 4 —
Þegar lík er skorið upp, skal þó ekkert greiða fyrir slíka rannsókn sérstaklega.
4) Fyrir að rannsaka heilsufar manns, eðli sjúkdóms, geðveiki, getnaðarhæfileika, hvort barn sé fullburða, eða því um líkt . . . . . 3 —
Séu fleiri en einn rannsakaðir á sama stað og í sama tilefni, skal þó að eins greiða 2 kr. fyrir hvern þeirra.
5) Fyrir að rannsaka sjóskemdar vörur, meðöl, matvæli, hús eða því um líkt, ásamt vottorði . . . . . 3 —
Et meira en 5 stundir ganga til starfsins, skal greitt tvöfalt gjald.

6. gr.

Verði læknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, skal sjá honum fyrir flutningi ókeypis og sem beinasta leið að hægt er, og greiða honum ennfremur auk borgunar eftir 4. og 5. grein 3 kr. fyrir hverjar 12 stundir, sem hann er á ferð, eða að læknisstörfum, og að því skapi fyrir kafla úr 12 stundum. Sjái hann sér sjálfur fyrir farkosti, skal endurgjalda honum það, eftir því sem tíðkast í því bygðarlagi.

7. gr.

Lög 15. október 1875 um aðra skipun á læknahéruðum á Íslandi og fleira eru úr gildi numin.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1900.

Ed. 106. **Frumvarp**

til laga um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Ísafjarðarkaupstað. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í nd.).

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Ísafjarðarkaupstað, er alt kaupstaðarsvæðið fyrir neðan hinn nýja veg, er lagður hefur verið úr Krók suður í Bug, að götu þeirri, er þar gengur upp úr kaupstaðnum.

Nd. 107. **Frumvarp.**

til laga um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl. (eins og það var samþykt við 2. umr. í nd).

1. gr. Hverjum manni er skylt að láta af hendi, gegn hæfilegu endurgjaldi, lóð eftir þörfum til vitastæðis, undir íveruhús og til jarðnæðis handa vitagæzlumönnum, til vega í þarfir vita o. fl., og ennfremur lóð þá, er þarf til að stækka áður gerða vita.

Ennfremur má skylda hvern mann til að leyfa, að efni þau, er þarf til að byggja eða halda við vitum, svo sem grjót, möl, sandur leir o. s. frv., sé tekin úr lóð hans eða flutt um hana, gegn endurgjaldi bæði fyrir það, sem efni þessi kosta og fyrir það, sem hann að öðru leyti kann að skaðast á burtnáminu og vinnunni við það.

2. gr. Landshöfðingi ákveður í hvert sinn, að hve miklu leyti beri að afhenda lóð og leyfa bráðabirgðaafnot af lóð annars manns samkvæmt 1. gr. Hann getur og ákveðið, að kvaðir skuli lagðar á sama hátt gegn endurgjaldi á landið umhverfis vita, um húsabygging þar og því um líkt, ef kvaðir þær þykja nauðsynlegar vegna vitanna eða þess, er þeim til heyrir.

3. gr. Ef eigi verður komið við samningum um endurgjaldið samkvæmt undanfarandi greinum, skulu það ávalt meta óhlutdrægir, dómkvaddir menn.

Nd. 108. **Frumvarp**

til laga um friðun á Hallormsstaðarskógi.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að gjöra ráðstafanir til þess, að jörðin Hallormsstaður í Suður-Múlasýslu með kúgildum þeim, er henni fylgja, og ítaki hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðar-skógi, verði eign landssjóðs og leggist undir Skriðuklausturs-umboð, gegn því, að gjald það til landssjóðs, að upphæð 1000 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Vallanesprestakalli, færist niður í 760 kr.

2. gr. Amtsráð Austuramtsins skal hafa yfirumsjón með byggingu og ábúð Hallormsstaðar, skipa fyrir um meðferð á skóginum og semja tillögur um eftirgjald eftir jörðina, er landshöfðingi ákveður síðan.

Nd. 109. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um aðflutningsgjald á kynjalyfum (þingskj. 76).

Frá Sighv. Árnasyni.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir „1 kr.“ komi 50 aurar.
2. — — — Í staðinn fyrir orðin „er sé jafnt útsöluverði“ komi: er sé jafnt hálfu útsöluverði.

Ed. 110. **Frumvarp**

til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi (eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Hver sá, er rekur verzlun með áfenga drykki — sbr. þó 3. gr. — borgar í landssjóð 500 króna árlegt gjald fyrir hvern sölustað, og skal það greitt fyrir fram fyrir eitt ár í senn, en lögreglustjóri innheimtir.

Alstaðar þar sem áfengir drykkir eru nefndir í lögum þessum er með þeim talið staðjastað öl.

2. gr. Þeir menn, sem hafa rétt til að reka verzlun með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi, halda þessum rétti gegn því að borga gjald það, er segir í fyrstu grein.

Þeir menn, sem vilja öðlast rétt til áfengisverzlunar, þurfa sérstakt leyfisbréf, sem að eins gildir fyrir einn sölustað, er í því sé nefndur. Leyfisbréfið gefur amtmaður út, og gildir það að eins 5 ár, og verður að fá nýtt leyfisbréf að þeim tíma liðnum. Fyrir hvert leyfisbréf greiðist 500 króna gjald, er rennur í landssjóð.

Amtmaður úrskurðar, hvort veita skuli leyfisbréf, að fengnu áliti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Á stöðum, þar sem áður er verzlað með áfengi, ber að veita það að jafnaði, ef hreppsnefnd eða bæjarstjórn er því meðmælt. Á stöðum, þar sem engin þess háttar verzlun er, má ekki veita það, nema hreppsnefnd sé því meðmælt.

3. gr. Til þess að mega verzla með áfenga drykki á skipi á löggiltum verzlunarstöðum þarf sérstakt leyfisbréf og greiðist fyrir það 600 króna gjald til landssjóðs, en gjald fyrir notkun á því skal eigi greiða. Leyfisbréfið gefur amtmaður út og gildir það að eins í eina verzlunarferð, og er á verzlunarstað er komið, skal sýna það lögreglustjóra áður en verzlað er með vínföng á þeim stað.

Leyfisbréfið má eingöngu nota í höfnum þeim, þar sem heimilt er að verzla með drykki þessa á sjálfum verzlunarstaðnum.

4. gr. Eigi má selja áfenga drykki í smærri skömtum en hér segir:

a) af víni á flöskum með lakki eður innsigli fyrir, sömuleiðis af brennivíni, rommi, konjakki, púnsextrakti eða þvílíkum drykkjum, ekki minna en $^3/_4$ úr potti;
b) af öli á tré-ílátum ekki minna en $^1/_4$ úr tunnu;
c) af öli á flöskum ekki minna en 2 þriggjapelaflöskur eða 4 hálfflöskur ($1^1/_2$ pelaflöskur).

5. gr. Hver sá verzlunarmaður, forstjóri eða annar starfsmaður kaupfélags eða pöntunarfélags, sem ekki hefir sjálfur leyfi til að verzla með áfenga drykki, en pantar þá handa öðrum eða annast um sendingu á þeim til annara frá kaupmönnum á Íslandi, er leyfi þetta hafa, eða frá stöðum fyrir utan Ísland, gjörir sig sekan í ólöglegri verzlun.

6. gr. Hver sá, er rétt hefir til veitingar áfengra drykkja, skal borga í landssjóð 200 krónur í árlegt afgjald, og greiðist það á sama hátt og afgjaldið af verzlun með áfenga drykki.

7. gr. Nú vill maður öðlast leyfi til veitingar áfengra drykkja, skal þá senda umsókn um það til hreppsnefndar eður bæjarstjórnar, og vilji hún sinna málinu, skal bera það undir atkvæði á hreppaskilaþingi eður almennum fundi bæjarmanna, er atkvæðisrétt eiga í bæjarmálum. Til þess að leyfið verði veitt og skilyrði sett fyrir því, þarf í hreppi meiri hluti atkvæða þeirra hreppsbúa, er atkvæðisrétt eiga í sveitamálum, og ennfremur samþykki meira hluta hreppsnefndar og sýslunefndar og staðfestingu amtmanns, en í kaupstöðum verður að minsta kosti þriðjungur allra atkvæðisbærra bæjarmanna að hafa sótt fundinn, og því næst verður meiri hluti fundarmanna og meiri hluti bæjarstjórnar að hafa fallist á veitingarleyfið og amtmaður staðfest það. Hver sem fær leyfi þetta, skal skyldur til að geta hýst ákveðna tölu ferðamanna og selt þeim nauðsynlegan greiða. Fyrir leyfið greiðast 50 krónur, er renna í landssjóð.

Leyfisveitingin og skilyrðin fyrir henni skulu borin upp til atkvæða í einu lagi Liggi fleiri tillögur fyrir en ein, skal þá fyrst upp bera, er síðast kom fram, o. s. frv.

Leyfið skal veita fyrir 5 ár í senn, en amtmaður getur, eftir tillögum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, eða að fengnu áliti hennar, tekið leyfið af leyfishafa, ef hann ekki heldur skilyrði þau, er leyfið er bundið.

8. gr. Leyfi til veitinga áfengra drykkja og leyfi til að verzla með þá má eigi sami maður hafa. Þeir er rétt hafa til veitinga og líka hafa rétt til að verzla með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi, halda þó þessum rétti gegn því að borga gjald það er segir, í 1. gr., auk gjalds þess, er segir í 6. gr. laga þessara.

9. gr. Hver sá, er rétt hefir til að verzla með eða veita áfenga drykki, getur leyst sig undan gjöldum þeim, er ákveðin eru í 1. og 6. gr., með því að gefa lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það, að hann afsali sér rétti sínum til verzlunar eða veitingar áfengra drykkja. Þar sem réttur þessi byggist á sérstöku leyfisbréfi, skal ennfremur afhenda það til ónýtingar. Afsal á rétti til áfengissölu skal lögreglustjóri tilkynna amtmanni.

10. gr. Sérhver lyfsali hefir heimild til að selja áfenga drykki, sem fyrirskipaðir eru eftir læknisforskrift, enda þótt hann hafi eigi rétt til að verzla með áfengi.

11. gr. Ólöglegar veitingar eru taldar:

a) ókeypis veitingar áfengra drykkja í verzlunarhúsum eða í sambandi við verzlunaratvinnu yfir höfuð að tala.

b) sala áfengra drykkja af manni, er til þess hefir leyfi, ef drykkjanna er neytt þar á staðnum, jafnvel þó það sé gjört án hans leyfis, ef það er á hans vitorði, eða ef atvik liggja svo til, að hann hefir haft ástæðu til að gruna, að það yrði gjört, nema hann sanni, að hann hafi gjört það, sem í hans valdi stóð, til að koma í veg fyrir það.

12. gr. Enginn námsmaður á skólum, er standa undir umsjón landsstjórnarinnar, er skyldugur til að borga áfenga drykki, sem hann fær til láns.

13. gr. Ólögleg verzlun með áfenga drykki — að frátöldum brotum á 4. gr. — varðar sektum, fyrsta sinn 50—250 kr., ef brotið er ítrekað, 100—500 kr., og þar að auki missa þeir, er verzlun reka, einnig verzlunarrétt sinn í þriðja sinn, sem brotið er. Auk þessara hegninga skal einnig gjöra upptæka alla áfenga drykki, er hjá hinum seka finnast, en er svo á stendur, sem segir í 5. gr., þó því að eins, að hann reki verzlun.

14. gr. Brot gegn 4. gr. varða í fyrsta sinn 25—250 kr. sektum. Sé brotið ítrekað, varðar það 50—500 króna sektum og missi réttinda til að verzla með áfengi.

15. gr. Ólögleg veiting áfengra drykkja varðar sektum 25—250 kr. í fyrsta sinn, og 50—500 kr., ef ítrekað er, og missir hinn seki, ef hann hefir rétt til að verzla með áfenga drykki, þar að auki rétt þennan, ef brotið er ítrekað, og ef hann rekur verzlun, missir hann verzlunarrétt sinn, er brotið er þriðja sinn. Loks skal við annað brot gjöra upptæka alla áfenga drykki, er finnast hjá hinum seka.

16. gr. Nú veitir sá, er rétt hefir til veitinga áfengra drykkja, drykki þessa unglingi, innan 16 ára aldurs, eða manni, sem sölumaður veit gjörla, að á síðastliðnum 5 árum hefir verið sviftur fjárforráðum vegna drykkjuskapar, eða á sama tíma hefir þjáðst af drykkjumanna-geðveiki eða er skertur á geðsmunum, og varðar það þá 25—100 kr. sektum fyrsta sinn, 50—200 kr. sektum annað sinn og missi veitingaleyfisins hið þriðja sinn.

17. gr. Nú hefir maður fyrir brot á lögum þessum eða lögum um veitingu og sölu áfengra drykkja 10. febrúar 1888 fyrirgjört rètti sínum til verzlunar með eða veitinga á vörum þessum, og getur hann þá ekki fengið nýtt leyfisbréf fyr en 5 ár eru liðin frá því hann misti hin fyrri réttindi sín, án þess hann á þeim tíma hafi brotið áðurnefnd lög.

Brjóti hann síðan lög þessi, skal telja það brot hans sem brot í annað sinn.

18. gr. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir eiga ásamt lögreglustjórnum að hafa eftirlit með, að eigi fari fram ólögleg verzlun eða veitingar áfengra drykkja.

19. gr. Sektir þær, er um ræðir í lögum þessum og andvirði fyrir drykki þá, er upptækir hafa verið gjörðir samkvæmt þeim, renna í sjóð sveitar þeirrar eða kaupstaðar, er brotið er framið í.

20. gr. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

21. gr. Lög um veitingu og sölu áfengra drykkja 10. febrúar 1888 eru úr gildi numin.

22. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1900.

Nd. **111. Viðaukatillaga**

við frv. um friðun á Hallormsstaðarskógi (108).

Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Skaftf., Kl. Jónssyni, Pétri Jónssyni. Birni Sigfússyni, Sigurði Gunnarssyni, Sighv. Árnasyni.

Milli orðanna »með« og »kúgildum« í 1. gr. bætist inn í: hjáleigum og.

Ed. **112. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um eftirlaun (nr. 61).

Frá Hallgr. Sveinssyni.

Við 2. gr. Fyrir: þá $^2/_3$ % komi: þá 1%.

Ed. **113. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um eftirlaun. Frá Sigurði Stefánssyni.

Við 2. gr. fyrir »$^1/_5$« komi: $^1/_4$.

Nd. **114. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um að rannsaka hafnarstæði við Lagarfljótsós (91). Frá Birni Sigfússyni, Jóni Jónssyni, þm. A.skaftf., Þorláki Guðmundssyni, Eiríki Gíslasyni, Sighv. Árnasyni, Þórði Guðmundssyni.

1. Í stað fyrri greinarinnar komi:
   Alþingi ályktar að skora á landshöfðingja, að láta verkfræðing landsins rannsaka, svo fljótt sem því verður viðkomið, hvort bæta megi skipaleið inn um Lagarfljótsós, og hvort tiltækilegt sé, að leggja akveg frá Reyðarfirði um Fagradal að Egilsstöðum, og gjöra áætlun um kostnað við hvorttveggja.

2. Fyrirsögnin verði: Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á Lagarfljóts-ós o. fl.

Nd. 115. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl.

Frá Jens Pálssyni, Skúla Thoroddsen, Valtý Guðmundssyni, Jóni Jenssyni, Sigurði Gunnarssyni, Halldóri Daníelssyni.

1. Við breytingartillögu nefndarinnar við 1. gr.:
   í stað »jarðnæðis« komi: ræktunar.
2. Við breytingartill. nefndarinnar við 2. gr.:
   a, orðin: »á sama hátt«, falli burt.
   b, í stað orðanna: »um húsabyggingar þar«
   komi: að því er snertir húsabyggingar þar, hagagöngu fyrir skepnur vitagæzlumanna.

Nd. 116. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um skipun læknahéraða á Íslandi o. fl.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

Frá landshötðingja.

Við 3. gr. 3. kafla. Í staðinn fyrir orðin: »þangað til smám saman er búið að skipa héraðslækna í hin nýju embætti« komi: þangað til smám saman er búið að skipa héraðslækna í hin nýju læknishéruð.

Nd. 117. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um aðflutningsgjald á kynjalyfum (arcana).

Flutningsm.: Guðl. Guðmundsson.

1. Í stað 1. gr. komi:
   Af öllum bitter-tegundum (Bitter-Essents, Bitter-Likör, Elixir o. fl.) skal greiða í toll 50 a. af hverjum pela eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal aðflutningsgjald greiða, sé drykkjarvaran aðflutt í stærri ílátum. Hlutur úr pela skal talinn sem heill peli.
2. 2. gr. falli burt.
3. 3. gr. falli burt.
4. 4. gr. falli burt.
5. Í 5. gr.: Í stað »1. nóvbr. 1899« komi: 1. janúar 1900.
6. Yfirskriftin verði:
   Frumv. til laga um viðauka við lög nr. 29 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr. 1872.

Nd. 118. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsál. um að rannsaka hafnarstæði við Lagarfljótsós (þingskj. 91).

Frá Einari Jónssyni, Valtý Guðmundssyni, Sigurði Gunnarssyni, Halldóri Daníelssyni, Pétri Jónssyni, Eiríki Gíslasyni.

1. Fyrir orðin: »að byggja höfn við Lagarfljótsós« komi: að gjöra Lagarfljótsós skipgengan smærri skipum.
2. Fyrir orðin: »hafnargerðina og vegarlagninguna« komi: að gjöra ósinn skipgengan og við vegarlagninguna.
3. Orðin »hafnarstæði við« í fyrirsögninni falli burt.

Nd. 119. **Viðaukatillaga**

við frumv. til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla.

Frá Kl. Jónssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

Tillag þetta greiðist því að eins, að sérstakur prestur sé skipaður í prestakallið.

Ed. 120. **Frumvarp**

til laga um breytingu á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

Áður en hjónavígsla má fara fram, skal lýsa hjúskaparáformi hjónaefnanna af prédikunarstól við hámessu á sunnudegi í sóknarkirkju brúðarinnar að minsta kosti 3 vikum fyrir vígsludag.

Undanþágu frá hjúskaparlýsingu má fá með konunglegu leyfisbréfi. Gjaldið fyrir hjónavígslubréf skal eftirleiðis vera 10 krónur.

Nd. 121. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um skipun læknahéraða á Íslandi o fl. Frá Skúla Thoroddsen, Guðjóni Guðlaugssyni, Pétri Jónssyni, Tryggva Gunnarssyni, Halldóri Daníelssyni og Guðl. Guðmundssyni.

Við 1. gr. Á eptir 26. tölulið komi nýr liður, er svo hljóðar:

27. Hesteyrarhérað: Grunnavíkur- og Sléttuhreppar

og breytist töluliðatalan eftir því.

37. liður falli burtu.

Ed. 122. **Nefndarálit**

í stjórnarskrármálinu.

Vér, sem háttvirt efri deild skipaði í nefnd til að íhuga og segja álit vort um frumvarp það, sem hér liggur fyrir, höfum nákvæmlega rætt og íhugað mál þetta.

Frumvarp þetta er alveg samhljóða frumvarpi því, sem efri deild samþykti í þessu máli 1897.

Þær aðalbreytingar á stjórnarfyrirkomulaginu, sem það fer fram á, eru í því fólgnar, að skipaður sé sérstakur ráðherra fyrir Ísland, er mæti á alþingi, mæli á íslenzka tungu og beri fyrir því ábyrgð á allri stjórnarathöfninni.

Þegar litið er á hið núverandi stjórnarfyrirkomulag, þá verður vart annað sagt, en að þessar breytingar horfi til allmikilla bóta. Ísland á að fá sérstakan ráðherra, er eigi hafi öðrum ráðgjafastörfum að gegna; þessi maður getur því gefið sig allan við málefnum Íslands, hann getur aflað sér nákvæmrar og yfirgripsmikillar þekkingar á landi voru og þjóð. Í þessu út af fyrir sig er allmikil trygging fyrir því, að hann geti leyst starf sitt betur af hendi en dómamálaráðherra Dana, sem hingað til hefir haft stjórn Íslands sérstöku mála í hjáverkum og engan kost hefir átt á að kynna sér þau til nokkurrar hlítar. Í annan stað á þessi ráðherra að mæta á alþingi; hann á þannig kost á að kynnast persónulega fulltrúum þjóðarinnar og þar af leiðandi landi og þjóð, háttum þeirra, þörfum og ásigkomulagi. Samkvæmt embættisstöðu sinni á hann að vinna saman með alþingi að hverju einasta löggjafarmáli. Hann heyrir sjálfur vilja og óskir þingsins og það veit skoðanir hans og vilja í hverju máli. Í þriðja lagi ber hann ábyrgð fyrir alþingi á öllum stjórnarathöfnum sínum. Tvö þessi síðastnefndu ákvæði frumvarpsins vantar alveg í stjórnarskrána frá 5. jan. 1874. Nefndin getur ekki betur séð en að öll þessi aðalákvæði frumvarpsins séu til stórmikilla bóta, og að í þeim sé fólgin mikil trygging fyrir hagfeldara stjórnarfari en Íslendingar hafa hingað til átt við að búa.

Eins og kunnugt er, var því á alþingi 1897 lýst yfir af hendi stjórnarinnar, að hún væri fáanleg til að lögleiða þessar breytingar á stjórnarskránni. Stjórnin lýsti því einnig yfir í ráðherrabréfi 29. maí 1897, að engin tiltök væri til þess, að hún enda nokkurn tíma léði liðsinni sitt til þess að lögleiða sumar þær breytingar á stjórnarskránni, er alþingi 1895 fór fram á í þingsályktunum þeim, er samþyktar voru í báðum deildum í stjórnarskrármálinu. Allir vissu líka, að engrar áheyrnar var að vænta hjá stjórninni um staðfesting hinnar endurskoðuðu stjórnarskrár fyrri þinga.

Á þessu þingi eru enn komnar fram yfirlýsingar frá stjórninni um það, að hún sé fáanleg til að vinna að því með þinginu, að þessar aðalbreytingar, sem frumvarp þetta fer fram á, geti orðið lögteknar; að því leyti á alþingi enn kost á að leiða stjórnarskipunarmálið til lykta með allmiklum árangri.

Eins og máli þessu er nú komið, bæði að því, er snertir afstöðu þess til þjóðar og stjórnar, virðist ekki nema um tvent að gjöra fyrir þingið: annaðhvort að taka þessum umbótum, sem nú er kostur á, eða leggja árar í lát og binda þannig enda á hina löngu stjórnarbaráttu og sætta sig við hið núverandi óhagkvæma stjórnarfyrirkomulag, er þó í fyrstunni knúði þing og þjóð til þessarar baráttu. Sé fyrri kosturinn tekinn, komumst vér töluvert áleiðis að því takmarki, er stefnt hefir verið að í sjálfstjórnarbaráttu undanfarinna ára; en sé hinn síðari upp tekinn, stöndum vér í sömu sporum og fyrir 14 árum, og höfum að eins eytt tíma og stórfé í allsendis árangurslausa baráttu.

Að því er sérstaklega kemur til afstöðu stjórnarinnar til þessa frumvarps, þá hefir hún að vísu lýst því yfir í ráðherrabréfi dagsettu 26. maí þ. á., að hún

geti ekki leitað allrahæstrar staðfestingar á því, eins og það liggur fyrir. Samkvæmt bréfi þessu eru það tveir agnúar í frumv., sem stjórnin sérstaklega leggur áherzlu á. Annar sá, að ekki er tekin upp í frumvarpið breyting sú á 61. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. jan. 1874, er í samráði við stjórnina var tekin í privatfrumvarp það, er fyrst kom fram í máli þessu á þinginu 1897; hinn er orðunin á 2. gr. frumvarpsins. — Bæði þessi atriði hefir nefndin athugað rækilega.

Eins og nefndin telur það frágangssök, þótt til samkomulags væri, að ganga að þeim breytingum á frumvarpinu, er á nokkurn hátt kæmi í bága við meginákvæði frumvarpsins um skipun sérstaks ráðherra, er mæti á alþingi og beri því ábyrgð allra sinna stjórnarathafna, eða að öðru leyti skertu á nokkurn hátt landsréttindi Íslands, eins taldi hún sér skylt að sníða alla þá agnúa af frumvarpinu, er, að þessum ákvæðum og réttindum óhreyfðum, gætu orðið því til fyrirstöðu, að samkomulag næðist við stjórnina á þessum grundvelli. Við þetta stefnuákvæði nefndarinnar eru því breytingar hennar á frumvarpinu miðaðar

Breytingin á 61. gr. stjórnarskrárinnar mundi auðvitað hafa það í för með sér, að alþingi yrði ekki leyst upp né til almennra kosningar stofnað út af breytingu á stjórnarskránni, nema þegar stjórnin vildi styðja þá breytingu, þar sem stjórnin nú verður að leysa upp þingið og stofna til nýrra kosninga, hvort sem hún vill eða vill ekki, ef alþingi einungis hefir samþykt stjórnarskrárbreyting. — Það kann í fljótu bragði að virðast skerðing á valdi þingsins, að stjórnin ekki þurfi að leysa upp þingið og stofna til nýrra kosninga, þrátt fyrir það, þótt alþingi samþykki breyting á stjórnarskránni, nema stjórnin vilji sjálf styðja málið; en þegar litið er til þeirrar reynslu, sem vér höfum í þessu efni og sem hlýtur að verða hin sama, svo lengi sem núverandi stjórnarfyrirkomulag helzt óbreytt, þá virðist ekki miklum hlunnindum slept, þótt þessi breyting yrði lögleidd. Réttindi þau, sem 61. gr. veitir alþingi í þessu efni, hafa ekki þokað sjálfstjórnarmáli voru vitund áleiðis. Þótt stjórnin hafi hvað eftir annað orðið að leysa upp alþingi og stofna til almennra kosninga, þá hefir það alls engin áhrif haft á skoðanir hennar í þá átt, að veita oss fremur fyrir það liðsinni sitt til að fá þeim breytingum á stjórnarskránni framgengt, er alþingi hefir samþykt. En vér sjálfir höfum haft mikið og kostnaðarsamt, en að mestu leyti árangurslaust starf, þar sem aukaþingin eru. Hversu oft sem alþingi er leyst upp og aukaalþingi háð, getur stjórnin komið í veg fyrir allar umbætur á stjórnarfyrirkomulaginu. Þessa valds hefir hún neytt gagnvart oss og mun neyta í öllum þeim tilfellum, sem hún sjálf ekki vill styðja að stjórnarskrárbreytingunni. Verði þessi breyting á 61. gr. lögleidd, verður munurinn í stjórnarframkvæmdinni sá, að þá verður alþingi því að eins leyst upp og stofnað til almennra kosninga, að áreiðanleg vissa sé fyrir því, að þær breytingar á stjórnarskránni, sem alþingi óskar eftir, verði lögleiddar, að svo miklu leyti sem stjórnin fær að gert, þar sem vér nú getum haldið hvert aukaþingið á fætur öðru og þannig kastað út stórfé, án þess að fá nokkura breytingu á stjórnarskránni lögleidda.

Annars virðist það ekki miklu máli skifta, hvort þessi grein er óbreytt eða þannig breytt, sem stjórnin vill; sé samvinnan góð milli þings og stjórnar, og stjórnin þekki vel þarfir lands og þjóðar og láti sér af alhug ant um hag-

sældir hennar, þá má telja það mjög líklegt, að sjaldan komi til þess, að stjórnin vilji spyrna á móti nauðsynlegum bótum á stjórnarfyrirkomulaginu og setja sig sökum þess upp á móti vilja þingsins.

Að þessu athuguðu getur nefndin ekki séð neitt hættulegt við það, að fallast á þessa breytingu. Sjálfsforræði Íslands getur aldrei orðið nein hætta búin af henni, en hún getur komið í veg fyrir, að stórfé sé kostað til árangurslausrar stjórnarbaráttu.

Hinum aðalagnúa frumvarpsins hefir og nefndin reynt að bæta úr án þess að raska með því grundvallarákvæðum frumvarpsins.

Að því er snertir aðrar þær breytingar, sem nefndin hefir gjört á frumvarpinu, þá eru þær flestar mestmegnis orðabreytingar, og mun nánari grein gerð fyrir þeim í framsögu málsins.

Samkvæmt þessu vill nefndin því ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfylgjandi breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir orðin: »önnur stjórnarstörf« komi: »annað ráðgjafaembætti«.
2. — 2. gr. Fyrir: »konungur eða alþingi geta« komi: »alþingi getur«.
3. — 3. gr. Þessi grein falli burtu, greinatalan breytist eftir því.
4. Við 5. gr. Fyrir: »bæði hið fasta tillag og aukatillagið« komi: »tillag það«
5. — 6. — Önnur málsgrein greinarinnar orðist þannig:
   »Í forföllum ráðgjafa má hann veita öðrum manni umboð til þess, að mæta á alþingi fyrir sína hönd, en að öðrum kosti mætir landshöfðingi fyrir hönd ráðgjafa«.
6. — 6. — (2. málsgr. 61. gr. stj.skr.). Á eftir 6. gr. frv., er verður 5. gr., komi ný 6. gr. svohljóðandi:
   »Nái uppástungan um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna og vilji stjórnin styðja málið, skal leysa alþingi upp þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju«.
7. — 7. — Orðin »konungur eða« falli burtu.
8. Í formála frumv. falli burtu orðið: »8. gr.«
9. — —— —— á eftir »34. gr.« komi: »2. málsgr. 61. gr.«

Alþingi 17. júlí 1899.

Hallgr. Sveinsson	Sigurður Stefánsson
formaður.	skrifari og framsögumaður.
Kristján Jónsson.	Þorleifur Jónsson.

Eg hef ekki getað orðið mínum heiðruðu meðnefndarmönnum fyllilega samdóma um það, að umbætur þær á stjórnarfari voru, er frumv. það hefir að bjóða, sem nefndin hafði til meðferðar, væru svo mikilsverðar, að tilvinnandi væri fyrir þær að hætta, þó ekki væri nema um stund, baráttunni fyrir innlendri stjórn, búsettri í landinu, og óháðri ríkisráði Dana, með ábyrgð, sem gjöra mætti gildandi fyrir innlendum dómstóli. En eg er einn af þeim, sem óska, að meðferð máls þessa á þinginu gæti orðið þannig, að það tæki sem minstan tíma, og spilti sem minst samvinnu þingsins í öðrum málum. Bæði vegna þess, og svo líka af því, að eg hef heyrt áværing um, að verið sé að gjöra tilraunir til

samkomulags milli flokkanna í stjórnarskrármálinu í Nd., þá vil eg ekki í þetta sinn gjöra málið að deiluefni hér í deildinni. Eg sé mér heldur ekki til neins, að sinni, að koma fram með tillögur til breytinga á frumv. í þá átt, sem eg mundi kjósa, því eg þykist viss um, að stefna meiri hluta nefndarinnar á víst fylgi meiri hlutans í þessari heiðruðu deild, og gætu því breytingar frá mér ekki leitt til neins samkomulags. Eg mun því bíða með öll frekari mótmæli gegn stefnu frumv., þar til málið kemur aftur úr Nd., í þeirri von, að þar verði þau málalok, sem eg og margir fleiri æskja, sem alvarlega hugsa um áhrif og afleiðingar stjórnarskrárbaráttunnar.

Alþingi 17. júlí 1899.
Jón Jónsson.

Nd. 123. **Breytingartillögur**
við frumv. til laga um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. (þingskj. 105). Frá nefndinni.

1. Þessi læknahéruð flytjist úr 3. flokki yfir í 4. flokk.
   13. Miðfjarðarhérað.
   14. Hofsósshérað.
   15. Höfðahverfishérað.
2. 18. Fljótsdalshérað flytjist úr 3. flokki yfir í 4. flokk og 29. Hróarstunguhérað flytjist úr 4. flokki yfir í 3. flokk.

Nd. 124. **Frumvarp**
til laga um breyting á 3. gr. í reglugjörð fyrir fátækramálefna lögun og stjórn fyrst um sinn á Íslandi 8. jan. 1834.

Flutningsmaður: Þórður J. Thoroddsen.

1. gr. Rétt skulu sveitarstjórnir hafa til þess að skjóta þrætum út af fátækramálefnum til úrskurðar æðri yfirvalda, og skal þeim það heimilt, hvort sem sýslumenn þeir, sem hlut eiga að máli, hafa komið sér saman um málið eða ekki.

2. gr. Þau ákvæði 3. gr. í reglugjörð fyrir fátækramálefna lögun og stjórn fyrst um sinn á Íslandi 8. jan. 1834, er koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numin.

Nd. 125. **Breytingartillaga**
við frumv. til laga um skipun læknishéraða á Íslandi (samþ. við 2. umr. í Nd.).

Frá B. Sveinssyni, Skúla Thoroddsen, Jóni Jónssyni, þm. A.-Skaft., Jóni Jónssyni, þm. Eyf., Sigurði Gunnarssyni, Pétri Jónssyni,—

að tölul. 38 í 5. flokki: »Axarfjarðarhérað: Keldunes, Fjalla og Skinnastaða hreppar og Presthólahreppur að Skinnalónsheiði«, færist upp í 4. flokk.

Tölul. breytast því samkvæmt.

Nd. **126. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um skipun læknishéraða á Íslandi.

Flutningsm. Guðjón Guðlaugsson, Skúli Thoroddsen, Sigurður Gunnarsson, Jón Jónsson, þm. Eyf., Kl. Jónsson, Pétur Jónsson.

Við 1. grein:

1. 7. tölul. orðist svo:
   Blönduóshérað: Húnavatnssýsla að undanskildum Staðar, Torfastaða (Fremri og Ytri) og Kirkjuhvamms hreppum.
2. 12. tölul. orðist svo:
   Steingrímsfjarðarhérað: Nyrðri hluti Strandasýslu að Ennishöfða.
3. 13. tölul. orðist svo:
   Hrútafjarðarhérað: Óspakseyrar og Bæjar hreppar í Strandasýslu, Staðar, Torfastaða (Fremri og Ytri) og Kirkjuhvamms hreppar í Húnavatnssýslu.

Ed. **127. Frumvarp**

til laga um eftirlaun (eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungs veitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $^1/_4$ þeirra embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, samkvæmt lögum, hafi embættislaunin verið 2500 kr. eða minni, en hafi þau verið meiri, þá 1% af þeim fyrir hvert þjónustuár með eftirlaunarétti; þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá sem er fullra 70 ára á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í eftirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fékk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið, sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Sá embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, skal á ári hverju senda landshöfðingja vottorð frá héraðslækni um, að hann sé ekki fær um að hafa embætti á hendi. Nú fær hann ekki þetta læknisvottorð og missir hann þá rétt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eft-

irlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1, viss árleg laun; 2, launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3, aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fékk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fékk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{3}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. né vera meiri en eftirlaun þau, sem maðurinn hefði getað tengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er bygð á, sé framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausu frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giftist að nýju; 2, þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifst af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt

til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Ed. 128. **Frumvarp**

til laga um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík (eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.).

1. gr. Í landsbankanum í Reykjavík skal stofna veðdeild, til þess að veitt verði lán um langt árabil og með vægum vaxtakjörum gegn veði í fasteignum.

2. gr. Tryggingarfé deildarinnar er 200,000 kr., sem landssjóður leggur til, og skal það, á-amt veðbréfum, sem veðdeildin fær hjá lánþegum sínum og öllum öðrum eignum veðdeildarinnar, vera til tryggingar því, að hún standi í skilum.

Fyrstu 10 árin, eftir að veðdeildin hefir stofnsett verið, veitist henni 5000 króna tillag á ári úr landssjóði.

3. gr. Tryggingarfé deildarinnar skal vera í ríkisskuldabréfum; er það undir umsjón landsstjórnarinnar og vextir þess renna í landssjóð. Má eigi ráðstafa tryggingarfénu á annan hátt, nema veðdeildin sé brott feld og hafi staðið í skilum við alla.

Beri nauðsyn til að taka á tryggingarfénu, til þess að veðdeildin geti staðið í skilum, skal endurgjalda fé það, sem notað hefir verið, undir eins og efnahagur deildarinnar leyfir.

4. gr. Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarinnar. Sýni reikningsskil tekjuhalla deildinni á hendur, skal hann greiddur úr varasjóði.

5. gr. Veðdeildin má gefa út skuldabréf, sem hljóða upp á handhafa (bankavaxtabréf), en sem má nafnskrá í deildinni. Landsstjórnin ákveður um lögun og útlit skuldabréfanna. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr sexfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðs samtals; eigi mega heldur nokkru sinni vera í veltu bankavaxtabréf, er nemi meiru en veðskuldabréf þau, er veðdeildin á.

6. gr. Upphæð bankavaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum og skal landshöfðingi og stjórn landsbankans rita undir þau. Fjárhæð þeirra skal ákveðin í reglugjörð veðdeildarinnar, svo og vextir og gjalddagi vaxtanna.

7. gr. Fé veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, eða húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær séu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda. Eigi má lána, nema gegn fyrsta veðrétti. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar og skal verð húsa þeirra, er á jörð eru, því að eins telja með, að þau séu vátrygð, svo sem fyr er sagt.

8. gr. Eignir þær, er veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nákvæmar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin. Ennfremur má ákveða í reglugjörðinni, að þegar bankastjórnin krefst þess, skuli sýslunefndir segja álit sitt um verð fasteigna í sýslufélaginu, svo og að bæjarfógetar og hreppstjórar fyrir hæfilega þóknun, er landshöfðingi ákveður og veðdeildin borgar, hafi eftirlit með eignum þeim, sem í kaupstaðnum eða hreppnum eru veðsettar veðdeildinni.

9. gr. Lán þau, er veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að

koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust; en borga skal hann kostnað þann, sem af því leiðir.

10. gr. Lánum þeim, er veðdeildin veitir, má hún eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undir gengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi, sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu (sbr. 7. gr.), eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir krófu veðdeildarinnar, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

11. gr. Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs er $^2/_5$ af hundraði á ári af upprunalegri upphæð lánsins, og afborgunargjaldið má eigi nema minna en svo, að lánum sé lokið á 40 árum, þegar veðið er jarðeign, og á 25 árum, þegar veðið er húseign.

Á hinum ákveðnu gjalddögum má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum deildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra.

12. gr. Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er veðdeildin hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður landshöfðingi til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara númerin á skuldabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

13. gr. Handhafar eða eigendur skuldabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og greiðast engir vextir af höfuðstólnum upp frá því.

14. gr. Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Um ógilding glataðra skuldabréfa og vaxtamiða fer eftir almennum lögum.

15. gr. Skuldabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í sjóð veðdeildarinnar, og skal svo við lok reikningsársins brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

16. gr. Vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í landsbankanum í Reykjavík; svo skulu og gjaldheimtumenn landssjóðs taka á móti þeim til borgunar á sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs og innleysa vaxtamiðana og skuldabréfin, eftir því sem þeir hafa fyrir hendi fé, sem á að borgast í landssjóð.

Í reglugjörð veðdeildarinnar skal ákveða, hvar borga skuli út erlendis vaxtamiða og skuldabréf, sem komin eru í gjalddaga.

17. gr. Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 10. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðunum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti. Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

18. gr. Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til þess að kaupa skuldabréf veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverði þeirra, eða séu skuldabréfin verðlögð í kaupmannahöllinni í Kaupmannahöfn, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

19. gr. Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn landsbankans. Þegar veðdeildin er stofnuð, skal þóknun sú, sem gæzlustjórar bankans fá árlega, hækka upp í 750 kr. til hvors. Fyrir endurskoðun á reikningum veðdeildarinnar og til skrifstofuhalds má verja alt að 2500 kr. á ári, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörð veðdeildarinnar. Kostnað við að setja veðdeildina á fót og hækkunina á launum gæzlustjóra greiðir landsbankinn.

20. gr. Ákvæði þau, er sett eru í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, 13. 14. 18.—24. og 26.—29. og 30. gr.; 1. lið, um hlunnindi fyrir bankann, stjórn hans og reikningsskil, skulu einnig gilda um veðdeildina, stjórn hennar og reikningsskil.

21. gr. Reglugjörð veðdeildarinnar skal staðfest af ráðgjafanum fyrir Ísland og auglýst í A-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. 129. **Frumvarp**

til laga um breyting á 7. gr. í lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890. Frá Þórði Guðmundssyni.

Fyrstu 20 árin eftir að alþýðustyrktarsjóður er stofnaður í sveitarfélögum, leggist hið árlega gjald alt við höfuðstólinn ásamt öllum vöxtum.

Nd. 130. **Frumvarp**

til laga um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands. Frá landbúnaðarnefndinni. Framsögumaður Ólafur Briem.

1. gr. Af andvirði seldra þjóðjarða skal stofna sjóð, er nefnist Ræktunarsjóður Íslands.

2. gr. Stofnfé sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, er seldar hafa verið eftir árslok 1883, bæði það, sem greitt hefir verið í viðlagasjóð, og það, sem stendur óborgað hjá kaupendum jarðanna. Sá hluti, er runnið hefir í viðlagasjóð, skal út lagður í skuldabréfum sveitarfélaga fyrir jarðabótalánum, að því leyti sem þau hrökkva.

3. gr. Tilgangur sjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnfénu skal varið til lánveitinga til jarðabóta og annara framkvæmda, er að jarðrækt lúta. Vöxtunum má verja

til verðlauna fyrir frábæran dugnað í jarðabótum, að því leyti sem þeim er eigi varið til að auka stofnfé sjóðsins.

4. gr. Stjórn sjóðsins skal falin á hendur Búnaðarfèlagi Íslands. Stjórnarnefnd félagsins semur skipulagsskrá fyrir sjóðinn, svo og reglugjörð um lánveitingar og úthlutun verðlauna. Skipulagsskráin skal lögð fyrir konung til staðfestingar: reglugjörðin skal samþykt af landshöfðingja.

Nd. 131. **Breytingartillaga**

við breytingartill. á þingskj. 114.

Flutningsm.: Jón Jónsson, þm. Eyf.

Í stað orðanna: »Að leggja akveg . . . . . að Egilsstöðum« komi: að leggja akveg annaðhvort frá Seyðisfirði yfir Fjarðarheiði, Reyðarfirði yfir Fagradal eða einhverja aðra leið frá sjó til Héraðs.

Ed. 132. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um eftirlaun. (Eins og það var samþykt við 2. umr.).

Frá Hallgrími Sveinssyni, Sigurði Jenssyni og Sigurði Stefánssyni.

3. gr. orðist þannig:

Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landsstjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fékk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði, sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna.

Nd. 133. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aðflutningsgjald á tóbaki. Frá nefndinni.

Við 1. gr. Á eftir »100 vindlum« komi: eða minna.

— -- — Á eftir »2 krónur« komi: af hverju pundi af sígarettum eða minna 1 króna.

Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.

Við 3. gr. Fyrir »hinn sakfeldi« komi: sakborningur.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. 134. **Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald á hvalafurðum. Frá tollmálanefndinni. Framsögum: Þórður J. Thoroddsen.

1. gr. Af hvalafurðum skal útflutningsgjald greiða sem hér segir:

1.	Af hverri tunnu hvallýsis	kr. 1,00
2.	— hverjum 100 pd. af hvalskíðum	— 2,00
3.	— — — 100 — — hvalkjötsmjöli	— 0,25
4.	— — — 100 — — hvalguano	— 0,25
5.	— — — 100 — — hvalbeinum	— 0,05
6.	— — — 100 — — hvalbeinamjöli	— 0,15

2. gr. Um gjald þetta og greiðslu fer eftir fyrirmælum laga 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

3. gr. Með lögum þessum er úr gildi numinn 6. tölul. 2. gr. laga um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl., að því er hvallýsi snertir, svo og 3. tölul. 1. gr. laga nr. 10, 13. apríl 1894 um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

4. gr. Þessi lög öðlast gildi 1. jan. 1900.

Nd. 135. **Frumvarp**

til laga um sölu þjóðjarða.

Flutningsm.: Guðl. Guðmundsson.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúandanum þjóðjörðina Horn í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu fyrir að minsta kosti 3500 kr.

2. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindri jörð.

3. gr. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbréf er gefið út fyrir jörðinni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrétti, þangað til jarðarverðið er greitt að fullu. Kaupandi gefur út skuldabréf fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabréf, sem gefin eru út fyrir ómyndugrafé.

4. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. desember 1902.

Nd. 136. **Frumvarp**

til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja. Flutningsmaður Guðl. Guðmundsson.

1. gr. Á Íslandi skal vera bannað að búa til vínandadrykki og áfenga maltdrykki og sérhverja aðra áfengisvökva, er ætlaðir séu til drykkjar.

Þó skal leyft að brugga öltegundir, er eigi hafa meira en 2° styrkleika.

2. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til landssjóðs, 10—2000 kr., og skulu áfengisdrykkir þeir, er búnir hafa verið til, og áhöld þau, er notuð hafa verið við tilbúninginn, upptæk, og rennur andvirðið í landssjóð.

Nd. 137. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breytingu og viðauka á lögum um friðun fugla og hreindýra.

Vér, sem kosnir vorum í nefnd til að íhuga ofangreint frumvarp, höfum eigi getað orðið að öllu leyti á eitt sáttir um málið.

Meiri hlutinn álítur, að ástæða sé til að taka frumvarp það, er hér ræðir um, til greina á þann hátt, að álftir verði friðaðar betur en hingað til, en til þess að ná því takmarki, virðist einkum nauðsynlegt að færa síðara friðunartakmarkið fram, og hefir meiri hlutanum þótt í því efni hæfilegt að miða við 20. september, í stað þess að nú er miðað við 20. júlí. Á þessu tímabili, sem meiri hlutinn vill bæta við friðunartímann, eru álftir »í sárum«, og ungarnir sumpart ófleygir eða lítt fleygir. Er þessi tími notaður í sumum bygðarlögum til þess að drepa álftirnar og unga þeirra miskunnarlaust, þegar vörnin er minst fyrir, og er slíkt háttalag bæði mjög ómannúðlegt í sjálfu sér, og miðar til þess að eyða smátt og smátt þessari fegurstu og skemtilegustu fuglategund landsins.

Að því er aftur snertir friðun álftareggja, er meiri hluti nefndarinnar að vísu á því, að ástæða gæti verið til að friða þau á sama hátt og álftirnar sjálfar, en telur hins vegar mjög vafasamt, að slík friðunarfyrirmæli mundu í framkvæmdinni koma að nokkru haldi, og ræður því til að láta ákvörðunina um friðun álftareggja falla burtu.

Auk þessa þykir meiri hlutanum ástæða til að friða rjúpur betur en gert hefir verið hingað til, og telur heppilegt, að láta friðunartíma þeirra falla saman við friðunartíma álftanna. Engin fuglategund á Íslandi, sem friðuð er, verður fyrir öðrum eins ofsóknum og rjúpurnar, enda verður eigi betur séð í ýmsum landshlutum en að þær muni von bráðar eyðast. Til þess að stemma nokkuð stigu fyrir þessari yfirvofandi eyðingu ræður meiri hlutinn til að lengja friðunartímann, að því er þær snertir, til 20. september ár hvert. Með því móti yrðu ungarnir eigi drepnir, eins og nú á sér stað, hálfvaxnir og meðan þeir eru svo spakir og vitlitlir, að þeir ganga varla undan fótum veiðimannsins. En til þess nú að gera ákvæðin um friðun fugla og hreindýra aðgengilegri fyrir almenning og handhægari, ræður meiri hlutinn til að gera eitt frumvarp úr lögunum nr. 6, 17. marz 1882, nr. 33, 16. desemb. 1885 um friðun fugla og hreindýra, og frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, með þessari einu breytingu, hvað fuglana snertir: »þó skulu álftir og rjúpur friðaðar frá 1. apríl til 20. september«. Og að því er hreindýrin snertir, vill meiri hlutinn láta með berum orðum nema úr gildi þá ákvörðun í tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849, § 7, að hreini megi elta og veiða, hvar sem er, þar sem hún kemur í beina mótsögn við friðun þessara dýra í lögunum frá 17. marz 1882.

Meiri hluti nefndarinnar leyfir sér því að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja svolátandi frumvarp:

Frumvarp

til laga um friðun fugla og hreindýra.

1. gr. Hér á landi skulu þessar fuglategundir friðaðar fyrir allri veiði á hverjum tíma árs sem er: Kríur, snjótittlingar, þúfutittlingar, maríuerlur, steinn-

deplar, þrestir, rindlar og auðnutitlingar; og allar aðrar fuglategundir, nema ernir, valir, smirlar, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur, mávar, fiskiendur, himbrimar, lómar og bjargfugl, skulu friðaðar frá 1. apríl til 20. júlí ár hvert; þó skulu álftir og rjúpur friðaðar frá 1. apríl til 20. september, lundi frá 10. maí til 20. júní, fýll frá 1. marz til 10. ágúst. Net og skot má eigi hafa við lunda- eða fýlaveiði.

2. gr. Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 50 aura sekt, er tvöfaldast fyrir hvert brot, alt að 16 krónum.

3. gr. Hreindýr skulu friðhelg vera frá 1. janúar til 1. ágúst ár hvert, og varðar 5 króna sekt fyrir dýr hvert hið fyrsta sinn, ef drepið er. Sektin tvöfaldast, ef oftar er brotið, alt að 80 krónum.

4. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, eru opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjárins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

5. gr. Lög nr. 6, 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra, og lög nr. 33, 16. des. 1885 um breytingu á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra skulu úr gildi numin.

Ennfremur skal sú ákvörðun í tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849 § 7: »Hreini má og veiða og elta hvar sem er«, úr gildi numin.

Neðri deild alþingis, 17. júlí 1899.

Tryggvi Gunnarsson, framsögumaður. Sigurður Gunnarsson, skrifari.

Eg hefi eigi getað orðið samdóma háttv. meðnefndarmönnum mínum um fyrra tímatakmarkið fyrir álftafriðuninni, og get eigi séð, að nauðsyn beri til að þær séu friðaðar seinnipart vetrar eða að vorinu, löngu fyrir varptímann. Þvert á móti hygg eg, að jafn ónauðsynlegt og óeðlilegt ákvæði verði þess valdandi, að auka freistni manna til að brjóta lögin, eins og vafalaust hefir átt sér stað að undanförnu, og verð að telja óheppilegt að gjöra slíkt án þarfar. Það mun reynast örðugt að koma því inn í meðvitund manna, að nokkur knýjandi ástæða sé til að fyrirmuna þann hagnað, sem hafa má af álftaveiði um þennan árstíma.

Jafn vel þó eg geti ekki séð að hér sé um neitt sérlegt þarfa- eða velferðarmál að ræða, finn eg ekki brýna ástæðu til að gjöra ágreining um fleiri atriði.

Samkvæmt þessu leyfi eg mér að leggja til, að 1. gr. í frumvarpi meiri hlutans sé breytt þannig, að í stað orðanna: »þó skulu álftir og rjúpur friðaðar frá 1. apríl til 20. september« komi: þó skulu rjúpur friðaðar frá 1. apríl til 20. september og álftir frá 1. júní til sama tíma.

Neðri deild alþingis, 17. júlí 1899.

Björn Sigfússon.

Ed. 138. **Nefndarálit**

í málinu: Frumv. til laga um fjármál hjóna.

Undirskrifuð nefnd, sem háttvirt efri deild kaus til að íhuga ofannefnt

lagafrumvarp, hefur rannsakað og athugað það eftir föngum; höfum vér haldið marga fundi í því skyni, og skulum nú leyfa oss að skýra frá áliti voru á þessa leið: —

Sumarið 1895 samþykti alþingi ályktun, er fór í þá átt, að skorað var á stjórnina, að undirbúa og leggja fyrir næsta þing lagafrumvarp, er tryggi betur en nú er gjört rétt giftra kvenna í fjármálum þeirra, eða félagsbús þeirra. Hafa raddir oft áður komið fram á þingi í sömu átt. Til þess að fullnægja áminstri þingsályktun hefur landstjórnin samið frumv. það, sem hér er um að ræða, og lagt það nú fyrir alþingi. Undirbúningur frumv. hefur verið rækilegur. Um fjármál kvenna og hjúskaparhagi hefur yfirleitt sama löggjöf gilt hér á landi, síðan á fyrri öld, eins og í Danmörku, og mjög ápekk löggjöf hefur gengið í Noregi síðan um lok 17. aldar. Þar sem sama löggjöfin, eða að minsta kosti mjög ápekk löggjöf hefur gengið í þessum þrem löndum um ævalangan tíma, og er orðin öllum almenningi innlifuð og samgróin hugsunarhætti hans, má ætla, að sömu eða ápekkar umbætur á löggjöfinni eigi heima í öllum löndunum. Með lögum 29. júní 1888 skipuðu Norðmenn fjármálum hjóna og höfðu lög þau verið í undirbúningi í 17 ár, og var mjög vandað til laganna. Þá fengu Danir tveim af hinum nafnkendustu lögfræðingum sínum (Nellemann og Deuntzer) þann starfa, að semja lagafrumvarp um sama efni fyrir Danmörku; gjörðu þeir það, og var frumvarp þeirra, sem í öllu verulegu var sniðið eftir norsku lögunum, síðan lagt fyrir ríkisþing Dana, sem samþykti það með örfáum breytingum. Varð frumvarpið síðan að lögum fyrir Danmörku hinn 7. apríl þ. á. Eftir þessum lögum hefur stjórnarráðið samið lagafrumvarp það til handa Íslandi, sem vér höfum til meðferðar, og hefur áður verið leitað álits landshöfðingja um það. Það má þannig segja, að frumvarp þetta hafi verið rækilega undirbúið. — Nefndin álítur og, að frumvarpið hafi í sér fólgna talsverða réttarbót. Það dregur saman á einn stað og setur í eitt lagaboð margvísleg ákvæði, snertandi fjármál hjóna, er áður hafa verið á víð og dreif; mörg ákvæði eru tekin upp í frumvarpið, sem eigi hafa áður verið í lögum, þótt þeim hafi verið beitt í praxis; önnur ákvæði eru gjörð skýrari og gleggri en áður hefur verið. Frumvarpið ákveður að giftar konur skuli hafa sama fjárforræði að lögum sem ógiftar (10. gr.), og mun þetta vera samkvæmt óskum almennings hér á landi. Það ætlast til, að hægra verði að gjöra kaupmála milli hjóna en áður hefur verið, en með honum má á ýmsa vegu tryggja fjárhagslega hagsmuni konunnar í hjónabandinu; það takmarkar að nokkru rétt bóndans til að ráða yfir félagsbúinu án samþykkis konunnar; það setur ýmsar ákveðnar reglur um séreign hjóna, einkum til hagsmuna fyrir konuna, þegar svo á stendur; það veitir hjónunum, en þó einkum konunni, rétt til þess, að fá fjárfélaginu slitið og félagsbúinu skift, án þess að skilnaður að borði og sæng þurfi að fara fram, o. s. frv. Alt þetta telur nefndin góðar réttarbætur. Hún leggur það því til, að frumv. verði samþykt með örfáum efnisbreytingum. En annars hefur nefndin þózt verða að gjöra mjög margar tillögur til breytinga á stíl og orðfæri frumv., því að þessu er mjög ábótavant. Ef vel hefði átt að vera, hefði þurft að semja frumvarpið gjörsamlega upp af nýju, en til þess hafði nefndin eigi nægilegan tíma. Verður

því frumv. að þessu leyti eigi nándar nærri því svo vel úr garði gjört, sem æskilegt væri og nefndin hefði haft vilja til, en þó vonum vér, að breytingartillögur vorar séu til talsverðra bóta. Efnisbreytingar eru við 3. gr. (»án konungsstaðfestingar«), við 7. gr. (»við varnarþing fasteignanna«), við 28. gr. (um að skjóta skuli þar um ræddum úrskurði amtmanns til landshöfðingja). Fleiri verulegar efnisbreytingar er eigi um að ræða. —

Þessar eru þá breytingartillögur vorar:

Breytingartillögur

við frumv. til laga um fjármál hjóna.

Við I. þátt. Fyrir »Hjúskaparmálar« komi: Kaupmálar hjóna.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Þá er gjöra á með kaupmála breyting á hinu venjulega helmingafélagi hjóna, þá er hann því að eins gildur, að kaupmálinn sé skriflegur, og undirritaður af hjónunum, hvort sem hann er gjörður á undan eða eftir giftingu. Eigi má breyta kaupmála né fella hann úr gildi nema með nýjum kaupmála.

Við 2. gr.

Fyrir »hjúskaparmála« komi: kaupmála.

Fyrir »auk þess sjálfs« í síðustu línu, komi: auk samþykkis þess sjálfs.

Við 3. gr.

Fyrir »hjúskaparmála« komi: kaupmála.

Fyrir »og er hann þá skuldbindandi« komi: og er hann þá án konungsstaðfestingar skuldbindandi.

Fyrir »ef hann er gjörður í hjúskap þeirra« komi: sé hann gjörður eftir að þau gengu í hjónaband.

Á eftir »og erfingja« komi: þeirra.

Við 4. gr.

Fyrir »hjúskaparmála« komi: kaupmála.

Fyrir »ef staðfesting er áskilin — — — — að öllu leyti« komi: þurfi kaupmálinn staðfestingar, má yfirvaldið synja um hana að öllu eða nokkru leyti, ef því sýnist svo.

Fyrir »í hjúskaparmála«, í 2. lið gr., komi: með kaupmála.

Fyrir »annars skuli« í 2. línu, komi: annars þeirra skuli.

Fyrir »vinnu« komi: atvinnu.

Fyrir »annars skuli« í 3. línu, komi: annars þeirra skuli.

Fyrir »í þess eins umráðum« til enda greinarinnar, komi: »undir umráðum þess eins; hjón geta eigi heldur með kaupmála þegið sig undan skyldum þeim, er ræðir um í 11. og 22. gr. laga þessara.

Við 5. gr.

Fyrir 1. málslið komi:

Kaupmáli er gildur gagnvart öðrum mönnum frá giftingardegi, sé hann löglega þinglesinn áður (sbr. 6. og 7. gr.). Hann gildir þó gagnvart kröfum, sem eldri eru en hjónabandið, hafi þess áður verið beiðst, að hann yrði sem fyrst þinglesinn. Annars gildir hann eigi gagnvart öðrum mönnum fyr en frá þinglýsingardegi.

Fyrir 2. málslið komi:

Kaupmáli er eigi því til fyrirstöðu, að maður, er eigi hafði vitneskju um hann, öðlist með samningi á undan þinglýsing hans réttindi yfir eigum hjónanna. Skuldheimtumenn þeir, sem eiga kröfur, er eldri eru en þinglýsing kaupmálans eða beiðnin um þinglýsinguna, þegar svo á stendur eins og segir í 2. málslið undanfarandi málsgreinar, og stafi kröfur þeirra eigi frá samningi, er gjörður hefir verið með vitund um kaupmálann, og hafi þeir árangurslaust leitað eftir borgun hjá því hjónanna, sem er skuldunauturinn, geta gengið eftir borgun hjá hinu hjónanna í fjármunum þeim, sem það hefir fengið til séreignar með kaupmálanum, nema það sannist, að skuldunautur sjálfur hafi átt nægilegt fé fyrir öllum skuldum sínum á þeim tíma, er kaupmálinn gekk í gildi gagnvart skuldheimtumönnum. Ræði kaupmálinn um fé, er síðar aflast, er þó skuldheimtumönnum fyrirmunað að leita borgunar í fé þessu, ef kaupmálinn er þinglesinn, áður en þess var aflað.

Við 6. gr.

Fyrir »hjúskaparmála« komi: kaupmála.

Fyrir »hér í landi« komi: hér á landi.

Við 7. gr.

Fyrir »hjúskaparmáli« komi: kaupmáli.

Fyrir »samninga um fasteignir« komi: ráðstafanir yfir fasteignum.

Fyrir »annars standa . . . óhaggaðir af honum« komi: annars standa þeir samningar óhaggaðir, er þeir menn gjöra, er ókunnugt er um kaupmálann.

Fyrir »þeir samningar« í næst síðustu línu, komi: samningarnir.

Fyrir »hjúskaparmálinn« komi: kaupmálinn.

Fyrir »með tilliti til« komi: við varnarþing.

Við 8. gr.

Greinin orðist þannig:

Á skuldabréf, hlutabréf, ábyrgðarskírteini og önnur slík skjöl skal gjöra áritun um kaupmálann. Þangað til það er gjört, geta þeir, er ókunnugt er um hann, eignast réttindi yfir téðum skjölum, er koma í bága við kaupmálann.

Við 9. gr.

Greinin orðist þannig:

Eftir ráðstöfun landshöfðingja skal í Reykjavík halda skrá yfir alla kaupmála hjóna, sem þinglesnir eru. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu, þegar er kaupmáli hefir verið þinglesinn, senda skrifstofu þeirri, er landshöfðingi ákveður og auglýsir, skýrslu um kaupmálann í ábyrgðarbréfi. I skýrslu þessari skal tilgreina nöfn og stétt málsaðila, bústað þeirra og þinglýsingardag kaupmálans, en eigi skal skýra frá efni hans. Sérhverjum er heimilt að fá skýrslu um það eftir skrá þessari fyrir 1 krónu gjald, hvort kaupmáli hafi gjörður verið, og ef svo er, hvar og hvenær hann hafi verið þinglesinn, en senda verður hann skriflega beiðni um það, er skýrir frá nöfnum málsaðila, og, ef unt er, stétt bónda. Landshöfðingi gefur nánari reglur um fyrirkomulag skrárinnar, og hvernig hún skal haldin. Kostnaðurinn, er af þessu leiðir, greiðist úr landssjóði. Við lok hvers mánaðar skal birta í auglýsingablaði stjórnarinnar það, sem fært hefir

verið inn í skrána mánuð þann, er liðinn er. Til að borga auglýsingarkostnað þennan skal greiða 1 kr., auk þinglýsingargjalds fyrir kaupmála.

Við 10. gr.

Fyrir: »myndugleika« tvívegis í greininni komi: »fjárforræði«. Orðin: »í því máli« í 3. línu falli burt.

Við 11. gr. 1. málsl.

Fyrir: »eigi má hann þó« komi: »hann má þó eigi«.

Fyrir: »fyrir óvenjulega langan« komi: »um óvenjulega langan«.

Fyrir: »þær fasteignir«, komi: »fasteignir þær«.

Fyrir: »heldur ekki«, komi: »ekki heldur«.

Fyrir: »þá er því er að gegna« komi: »hafi þær verið lesnar á þingi«.

Við 11. gr. 2. málsl.

Fyrir: »gjafaloforðum« komi: »loforðum um gjafir«.

Fyrir: »á neinu ári« komi: »svo, að það á einu ári fari«.

Fyrir: »eign þess«, í 2. línu komi: »eign búsins«.

Fyrir: »úr séreign« í 4. línu komi: »af séreign«.

Fyrir: »hún fékk« í 6. línu komi: »konan fékk«.

Við 11. gr. 3. málsl.

Málsliðurinn orðist þannig:

Þegar svo stendur á, eins og segir í fyrsta kafla greinar þessarar, getur konan í stað þess að rifta ráðstöfuninni krafist skaðabóta af séreign bónda síns eða hluta hans af félagsbúinu á sama hátt og segir í öðrum kafla greinarinnar.

Við 12. gr.

Fyrir »hjúskaparmála« komi: »kaupmála«..

Við 13. gr.

Greinin orðist þannig:

Ráðstafanir þær, er kona gjörir með samþykki og vitund bónda síns, eða til sameiginlegs gagns og sakir óhjákvæmilegra nauðsynja, skuldbinda félagsbúið.

Ef gift kona verður skaðabótaskyld án þess að það stafi af samningi, eða baki hún sér gjöld fyrir hegningarvert athæfi, má ganga að félagsbúinu til greiðslu nefndra gjalda, en bóndi hefir rétt til að fá þau endurgoldin af séreign konu sinnar, atvinnuarði hennar (sbr. 26. gr.) eða af hluta hennar af félagsbúinu, þegar því verður skift.

Ef kona bakar sér aðrar skuldbindingar í hjúskap sínum, verður til fullnustugjörðar á þeim eigi gengið að öðru en séreign hennar eða atvinnuarði (sbr. 26. gr.) eða að hennar hluta af félagsbúinu, hvort sem því er skift eða hún situr í óskiftu búi.

Við 14. gr.

Eftir orðin »fullveðja kona«, komi: »hans«.

Fyrir »hans« síðast í greininni komi: »bóndans«.

Við 15. gr.

Fyrir »það loforð kemur fram í annari mynd« komi: »skuldbinding þessi kemur fram á annan hátt«.

Fyrir »séreigum« komi: »séreignum«.

Fyrir »að það í raun og veru miði að þessu«, komi: »að skuldbindingin í raun og veru miði að hinu sama«.

Fyrir »þá eru . . . fast aðsetur« komi: »þá eru þessar ráðstafanir ógildar, nema þær séu samþyktar af amtmanni«.

Við 16. gr.

Fyrir »þess háttar kostnaður« komi: »þess háttar gjöld«.

Fyrir »að fá hann« komi: »að fá þau«.

Fyrir »af hluta af« í síðustu línu komi: »af hluta hans af«.

Við 17. gr.

Fyrir »þótt arðsöm séu« komi: »þótt þau kunni að vera arðsöm«

Fyrir »önnur eins réttindi« komi: »sams konar réttindi«.

Fyrir »fjárhagsréttindi«, komi: »verðmæt réttindi«.

Fyrir »afgjaldseyrir« komi: »framfærsluréttur«.

Fyrir niðurlag greinarinnar »arður . . . vilja-ákvæði«, komi: »arður af þessum réttindum, sem fellur til í hjónabandinu, rennur þó inn í félagsbúið, nema öðru vísi sé ákveðið í lögum, kaupmála, eða með annari lögmætri ráðstöfun«.

Við 18. gr.

Greinin orðist þannig:

»Það verður og séreign, þótt eigi sé það ákveðið í kaupmálanum, er annaðhvort hjóna hefir eignast eða síðar eignast að erfð, þó lögarfur þess sé, eða að gjöf, ef og að svo miklu leyti sem svo hefir verið ákveðið at arfleifanda eða gefanda. Eigi má í kaupmála gjöra breyting á ákvæðum gefanda eða arfleifanda í þessa átt«.

Við 19. gr.

Fyrir »séreign hvað eina það er«, komi: »alt það séreign sem«.

Fyrir »hjúskaparmála« komi: »kaupmála«.

Við 20. gr.

Fyrir »hjúskaparmála« komi »kaupmála«.

Fyrir »gildu ákvæði« komi »lögmætu ákvæði«.

Fyrir »svo sem arfleifanda« komi »svo sem af hálfu arfleifanda«.

Fyrir »Fyrir konuna má ákveða það í hjúskaparmála, að hún megi«, komi »Í kaupmála má ákveða, að konan megi«

Við 21. gr.

Fyrir »hjúskaparmála« komi »kaupmála«.

Fyrir »andvirði þess« komi »andvirði hans«.

Fyrir »í samningnum« komi »í kaupmálanum«.

Fyrir »er heyra séreign til« komi »sem í séreign eru«.

Fyrir »í hjúskaparmála« komi »í kaupmála«.

Orðið »kostnaður« falli burt.

Fyrir »má krefja endurgjalds af því« komi »má heimta endurgjald fyrir það«.

Við 22. gr. Greinin orðist þannig:

»Et kostnaður til heimilisþarfa (þar með talin húsaleiga) og til viður-

væris og uppeldis barnanna, getur eigi greiðst af félagsbúinu, er hvort hjóna af sinni hálfu skylt til að leggja fram fé til gjalda þessara af séreign sinni, meðan hún vinst til. Geti hjónin ekki komið sér saman, ákveður amtmaður, hve mikið þau skuli leggja til«.

Við 23. gr.

Fyrir »koma saman« komi »giftast«.

Fyrir »tiltekið í hjúskaparmála« komi »ákveðið í kaupmála«.

Fyrir »þess konar skuldir greiddar verið« komi »þessar skuldir verið greiddar«.

Fyrir »séreign hins« komi: séreign hins hjóna.

Við 24. gr.

Fyrir »hjúskaparmáli« komi: »kaupmáli«.

Fyrir »nema gefnir séu mug í eimintil afnota eigi meira verðir, en sem svari« komi: nema svo sé, að gefnir séunr unir til persónulegra nota, sem eigi séu meira verðir en svo að samsvari.

Fyrir »framfærslueyrir bónda til handa konu sinni« komi: framfærslueyrir af hendi bónda fyrir konu sína.

Fyrir »ráðstafanir þær« komi: afsöl þau.

Fyrir »þar sem gefandi er« komi: en þá er gefandi.

Fyrir »er gefin öðrum út í frá, og af honum síðan afsöluð«, komi: er gefin einhverjum öðrum, en hann afsalar hana síðan.

Við 25. gr.

Fyrir »eru í félagsbúi« komi: hafa félagsbú.

Við IV. þátt.

Fyrirsögnin: »Um arð konu af sjálfstæðri atvinnu í hjónabandi« komi Umráð giftrar komu yfir aflafé hennar af sjálfstæðri atvinnu.

Við 26. grein.

Greinin orðist þannig:

Nú rekur gift kona sjálfstæða atvinnu, sem eigi aðallega er stofnuð né henni viðhaldið með fé bónda hennar eða félagsbúsins, og hefir hún þá, meðan hún lifir, ein og án samþykkis bónda síns eða fjárráðamanns, umráð yfir arði þeirrar atvinnu, og yfir því, er sannað verður, að hún hafi aflað sér fyrir atvinnu-arð sinn. Meðan hún lifir, má eigi taka fé þetta til lúkningar skuldum þeim, sem bóndi hennar hefir stofnað, nema samþykki hennar komi til.

Við V. þátt.

Fyrir »Félagsskap« í fyrirsögninni komi: fjárfélagið.

Við 27. gr.

Greinin orðist þannig:

Nú hefir bóndi eytt mjög eigum félagsbúsins, án þess það verði réttlætt nægilega fyrir sérstök atvik, eða gefið fulla ástæðu til þess að óttast megi, að hann muni fara illa með yfirráð sín yfir félagsbúinu, og getur kona hans þá krafist þess, að fjártélaginu sé slitið, og að full séreign komist á.

Við 28. gr.

Greinin (fyrri hlutinn) orðist þannig:

Þá er kona vill neyta þessa réttar, skal hún senda amtmanni skriflega beiðni um það; rannsakar hann málið, og gefur bónda tækifæri til að láta uppi skoðun sína og leggur síðan úrskurð á það; úrskurði hans má skjóta til landshöfðingja; þegar það er gjört, getur skiftaréttur o. s. frv.

Við 29. gr.

Greinin orðist þannig:

Nú slítur bóndi ólöglega samvistum við konu sína, eða sé félagsbú þeirra tekið til gjaldþrotaskifta að honum lifanda, og getur kona hans þá krafist þess, að fjárfélagi þeirra sé slitið. Beiðni um þetta sendir hún til amtmanns, og skal beiðnin tekin til greina. Ef kona slítur ólöglega samvistum við bónda sinn, hefur hann og hinn sama rétt til þess að fá fjárfélagi þeirra slitið.

Við 30. grein.

Fyrir »félagsskap« komi: fjárfélagi, tvívegis.

Fyrir »kom fram . . . . . :-hér á landi« komi: kom til yfirvaldsins, en fyrir aðra frá því er úrskurðurinn er þinglesinn á varnarþingi bónda hér á landi.

Fyrir »afleiðingar af þinglýsing« komi: verkanir þinglýsingarinnar.

Fyrir »afleiðingu af þinglýsing« á síðari staðnum (í 5. línu) komi: þingi lýsingu.

Fyrir »hjúskaparmála« komi: kaupmála.

Við 31. grein:

Fyrir »í hjúskaparmála« komi: með kaupmála.

Fyrir »félagsskap« komi: fjárfélagi.

Fyrir »hjúskaparmálans« komi: kaupmálans.

Orðin »út í frá« (í 4. línu) falli burt.

Við VI. þátt.

Fyrirsögnin orðist þannig: »Hvenær dæma skal um kaupmála eftir útlendum lögum«. —

Við 32. grein.

Greinin orðist þannig:

Fyrirmæli laga þessara ná og til þeirra kaupmála, sem gjörðir eru erlendis, ef bóndinn á lögheimili hér á landi, en um myndugleika konunnar til að gjöra kaupmálann fer þó eftir lögum lands þess, þar er hún á heimili. —

Nú er kaupmáli gjörður af manni, er eigi er búsettur hér á landi, og sé kaupmálinn gildur eftir lögum lands þess, þar sem maðurinn á heimili, og er málinn þá, að því er fjármál hjónanna snertir, gildur hér á landi fyrir hjónin sjálf og erfingja þeirra, ef hann ákveður ekkert, er kemur í bága við lög þessi, svo og gagnvart öðrum, ef gætt er alls þess, er segir í 6.—8. gr. laga þessara, svo fljótt sem auðið er eftir að bóndinn er fluttur hingað búferlum. —

Í efri deild alþingis, 19. júlí 1899.

J. Havsteen,	Kristján Jónsson,	Sigurður Stefánsson.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Nd. 139. **Frumvarp**
til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Hver sá, er rekur verzlun með áfenga drykki — sbr. þó 3. gr. — borgar í landssjóð 500 króna árlegt gjald fyrir hvern sölustað, og skal það greitt fyrir fram fyrir eitt ár í senn, en lögreglustjóri innheimtir.

Alstaðar þar sem áfengir drykkir eru nefndir í lögum þessum er með þeim talið staðjastað öl.

2. gr. Þeir menn, sem hafa rétt til að reka verzlun með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi, halda þessum rétti gegn því að borga gjald það, er segir í fyrstu grein.

Þeir menn, sem vilja öðlast rétt til áfengisverzlunar, þurfa sérstakt leyfisbréf, sem að eins gildir fyrir einn sölustað, er í því sé nefndur. Leyfisbréfið gefur amtmaður út, og gildir það að eins 5 ár, og verður að fá nýtt leyfisbréf að þeim tíma liðnum. Fyrir hvert leyfisbréf greiðist 500 króna gjald, er rennur í landssjóð.

Amtmaður úrskurðar, hvort veita skuli leyfisbréf, að fengnu áliti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Á stöðum, þar sem áður er verzlað með áfengi, ber að veita það að jafnaði, ef hreppsnefnd eða bæjarstjórn er því meðmælt. Á stöðum, þar sem engin þess háttar verzlun er, má ekki veita það, nema hreppsnefnd sé því meðmælt.

3. gr. Til þess að mega verzla með áfenga drykki á skipi á löggiltum verzlunarstöðum þarf sérstakt leyfisbréf og greiðist fyrir það 600 króna gjald til landssjóðs, en gjald fyrir notkun á því skal eigi greiða. Leyfisbréfið gefur amtmaður út og gildir það að eins í eina verzlunarferð, og er á verzlunarstað er komið, skal sýna það lögreglustjóra áður en verzlað er með vínföng á þeim stað.

Leyfisbréfið má eingöngu nota á höfnum þeim, þar sem heimilt er að verzla með drykki þessa á sjálfum verzlunarstaðnum.

4. gr. Eigi má selja áfenga drykki í smærri skömtum en hér segir:

a) af víni á flöskum með lakki eður innsigli fyrir, sömuleiðis af brennivíni, rommi, konjakki, púnsextrakti eða þvílíkum drykkjum, ekki minna en $^3/_4$ úr potti;
b) af öli á tré-flátum ekki minna en $^1/_4$ úr tunnu;
c) af öli á flöskum ekki minna en 2 þriggjapelaflöskur eða 4 hálfflöskur ($1^1/_2$ pelaflöskur).

5. gr. Hver sá verzlunarmaður, forstjóri eða annar starfsmaður kaupfélags eða pöntunarfélags, sem ekki hefir sjálfur leyfi til að verzla með áfenga drykki, en pantar þá handa öðrum eða annast um sendingu á þeim til annara frá kaupmönnum á Íslandi, er leyfi þetta hafa, eða frá stöðum fyrir utan Ísland, gjörir sig sekan í ólöglegri verzlun.

6. gr. Hver sá, er rétt hefir til veitingar áfengra drykkja, skal borga í landssjóð 200 krónur í árlegt afgjald, og greiðist það á sama hátt og afgjaldið af verzlun með áfenga drykki.

7. gr. Nú vill maður öðlast leyfi til veitingar áfengra drykkja, skal þá senda umsókn um það til hreppsnefndar eður bæjarstjórnar, og vilji hún sinna málinu, skal bera það undir atkvæði á hreppaskilaþingi eður almennum fundi bæjarmanna, er atkvæðisrétt eiga í bæjarmálum. Til þess að leyfið verði veitt og skilyrði sett fyrir því, þarf í hreppi meiri hluti atkvæða þeirra hreppsbúa, er atkvæðisrétt eiga í sveitamálum, og ennfremur samþykki meira hluta hreppsnefndar og sýslunefndar og staðfestingu amtmanns, en í kaupstöðum verður að minsta kosti þriðjungur allra atkvæðisbærra bæjarmanna að

hafa sótt fundinn, og því næst verður meiri hluti fundarmanna og meiri hluti bæjarstjórnar að hafa fallist á veitingarleyfið og amtmaður staðfest það. Hver sem fær leyfi þetta, skal skyldur til að geta hýst ákveðna tölu ferðamanna og selt þeim nauðsynlegan greiða. Fyrir leyfið greiðast 50 krónur, er renna í landssjóð.

Leyfisveitingin og skilyrðin fyrir henni skulu borin upp til atkvæða í einu lagi. Liggi fleiri tillögur fyrir en ein, skal þá fyrst upp bera, er síðast kom fram, o. s. frv.

Leyfið skal veita fyrir 5 ár í senn, en amtmaður getur, eftir tillögum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, eða að fengnu áliti hennar, tekið leyfið af leyfishafa, ef hann ekki heldur skilyrði þau, er leyfið er bundið.

8. gr. Leyfi til veitinga áfengra drykkja og leyfi til að verzla með þá má eigi sami maður hafa. Þeir er rétt hafa til veitinga og líka hafa rétt til að verzla með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi, halda þó þessum rétti gegn því að borga gjald það er segir, í 1. gr., auk gjalds þess, er segir í 6. gr. laga þessara.

9. gr. Hver sá, er rétt hefir til að verzla með eða veita áfenga drykki, getur leyst sig undan gjöldum þeim, er ákveðin eru í 1. og 6. gr., með því að gefa lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það, að hann afsali sér rétti sínum til verzlunar eða veitingar áfengra drykkja. Þar sem réttur þessi byggist á sérstöku leyfisbréfi, skal ennfremur afhenda það til ónýtingar. Afsal á rétti til áfengissölu skal lögreglustjóri tilkynna amtmanni.

10. gr. Sérhver lyfsali hefir heimild til að selja áfenga drykki, sem fyrirskipaðir eru eftir læknisforskrift, enda þótt hann hafi eigi rétt til að verzla með áfengi.

11. gr. Ólöglegar veitingar eru taldar:

a) ókeypis veitingar áfengra drykkja í verzlunarhúsum eða í sambandi við verzlunaratvinnu yfir höfuð að tala.

b) sala áfengra drykkja af manni, er til þess hefir leyfi, ef drykkjanna er neytt þar á staðnum, jafnvel þó það sé gjört án hans leyfis, ef það er á hans vitorði, eða ef atvik liggja svo til, að hann hefir haft ástæðu til að gruna, að það yrði gjört, nema hann sanni, að hann hafi gjört það, sem í hans valdi stóð, til að koma í veg fyrir það.

12. gr. Enginn námsmaður á skólum, er standa undir umsjón landsstjórnarinnar, er skyldugur til að borga áfenga drykki, sem hann fær til láns.

13. gr. Ólögleg verzlun með áfenga drykki — að frátöldum brotum á 4. gr. — varðar sektum, fyrsta sinn 50—250 kr., ef brotið er ítrekað, 100—500 kr., og, þar að auki missa þeir, er verzlun reka, einnig verzlunarrétt sinn í þriðja sinn, sem brotið er Auk þessara hegninga skal einnig gjöra upptæka alla áfenga drykki, er hjá hinum seka finnast, en er svo á stendur, sem segir í 5. gr., þó því að eins, að hann reki verzlun.

14. gr. Brot gegn 4. gr. varða í fyrsta sinn 25—250 kr. sektum. Sé brotið ítrekað, varðar það 50—500 króna sektum og missi réttinda til að verzla með áfengi.

15. gr. Ólögleg veiting áfengra drykkja varðar sektum 25—250 kr. í fyrsta sinn, og 50—500 kr., ef ítrekað er, og missir hinn seki, ef hann hefir rétt til að verzla með áfenga drykki, þar að auki rétt þennan, ef brotið er ítrekað, og ef hann rekur verzlun, missir hann verzlunarrétt sinn, er brotið er þriðja sinn. Loks skal við annað brot gjöra upptæka alla áfenga drykki, er finnast hjá hinum seka.

16. gr. Nú veitir sá, er rétt hefir til veitinga áfengra drykkja, drykki þessa unglingi, innan 16 ára aldurs, eða manni, sem sölumaður veit gjörla, að á síðastliðnum

5 árum hefir verið sviftur fjárforráðum vegna drykkjuskapar, eða á sama tíma hefir þjáðst af drykkjumanna-geðveiki eða er skertur á geðsmunum, og varðar það þá 25—100 kr. sektum fyrsta sinn, 50—200 kr. sektum annað sinn og missi veitingaleyfisins hið þriðja sinn.

17. gr. Nú hefir maður fyrir brot á lögum þessum eða lögum um veitingu og sölu áfengra drykkja 10. febrúar 1888 fyrirgjört rètti sínum til verzlunar með eða veitinga á vörum þessum, og getur hann þá ekki fengið nýtt leyfisbréf fyr en 5 ár eru liðin frá því hann misti hin fyrri réttindi sín, án þess hann á þeim tíma hafi brotið áðurnefnd lög.

Brjóti hann síðan lög þessi, skal telja það brot hans sem brot í annað sinn.

18. gr. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir eiga ásamt lögreglustjórnum að hafa eftirlit með, að eigi fari fram ólögleg verzlun eða veitingar áfengra drykkja.

19. gr. Sektir þær, er um ræðir í lögum þessum og andvirði fyrir drykki þá, er upptækir hafa verið gjörðir samkvæmt þeim, renna í sjóð sveitar þeirrar eða kaupstaðar, er brotið er framið í.

20. gr. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

21. gr. Lög um veitingu og sölu áfengra drykkja 10. febrúar 1888 eru úr gildi numin.

22. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1900.

Nd. 14o. **Frumvarp**

til laga um viðauka við og breyting á tilskipun 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilskipun 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa. (Eins og það var samþykt við 3. umræðu í efri deild).

1. gr. Heimilt er amtmönnum, þá er þeim virðist nauðsyn bera til, að fyrirskipa almennar skoðanir og baðanir á sauðfé svo og sótthreinsun fjárhúsa á stærri eða minni svæðum í ömtum sínum, enda þótt eigi sè full vissa fyrir því, að fjárkláða hafi orðið vart á stöðum þeim, er um er að ræða.

Kostnað, er af þessu leiðir, skal greiða samkvæmt reglunum í 3. og 6. gr. tilskipunar 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

2. gr. Verði vart við kláða í fé á tímabilinu frá byrjun rétta til jólaföstu, skulu hinar sýktu kindur þegar í stað skornar, nema eigandi kjósi heldur, að hreppstjóri eða aðstoðarmenn hans taki sjálfir kindurnar til umsjónar og lækni þær, og borgar þá eigandi allan kostnað, er af því leiðir.

3.gr. Allir fjáreigendur skulu hafa glöggar gætur á, hvort kláða verður vart í sauðfé þeirra, og tafarlaust skýra hreppstjóra eða aðstoðarmönnum hans frá sérhverri grunsamlegri sýki, er fyrir kemur, og þangað til næst til þeirra annast um, að hinar sýktu eða grunuðu kindur séu hafðar aðgreindar frá öðru sauðfé.

4. gr. Ákvæðunum í fyrsta hluta 7. gr. í fyrgreindri tilskipun 5. janúar 1866 um sektir alt að 2o rdl. er breytt þannig, að sektirnar eru frá 5 til 2oo kr., og gilda ákvæðin í 7. og 8. gr. tilskipunarinnar einnig fyrir brot gegn lögum þessum.

Nd. 141. **Frumvarp**
til laga um bann gegn innflutningi á ósútuðum húðum. Flutningsm: Guðl. Guðmundsson, Ólafur Briem.

1. gr. Það er öllum bannað, að flytja ósútuð skinn eða húðir hingað til lands frá útlöndum.

2. gr. Brot gegn lögum þessum varðar sektum til landssjóðs, ekki lægri en 100 kr. fyrir skipstjóra þann, er húðirnar flytur inn, og jafnháum fyrir þann, er húðirnar á. Húðirnar skulu gjörðar upptækar og látnar liggja einn dag í klórkalks uppleysingu (1 : 12), áður en þær eru seldar. Andvirðið rennur í landssjóð.

3. gr. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1900.

Ed. 142. **Breytingartillögur**
við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874.

Frá landshöfðingja.

1. Principaliter: 1. gr. falli burt.
Greinatalan og inngangsorðin breytist samkvæmt því.
2. Til vara: Við 1. gr. Orðin: »og verður að skilja og tala íslenzka tungu« falli burt.

Nd. 143. **Nefndarálit**
um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899.

Eftir að fjárlaganefndin hefir yfirvegað þetta frv. allrækilega, lætur hún uppi álit sitt um það á þessa leið:

Um 2. gr.

Jafnvel þó svo verði að álíta, að mögulegt hefði verið að koma upp viðunanlegu húsi handa vitaverði fyrir þá upphæð, er veitt er til þess með gildandi fjárlögum, þá sýnist eftir atvikum rétt að samþykkja þá aukafjárveiting, sem hér er farið fram á, með því að henni á að verja til að fullkomna húsið og tryggja það fyrir skemdum. — Nefndin vill þó leiða athygli að því, að eigi verður séð, að óhjákvæmilegt sé að hafa til slíkra sýslana þá menn, er hafa fjölskyldu í eftirdragi.

Um 3. gr.

1. liður. Jafnvel þótt nefndin eigi vilji leggja það til, að synjað sé um þessa fjárveitingu, þar sem hún virðist vera allsendis nauðsynleg til þess að vegur sá, sem hér er um að ræða, megi koma að tilætluðu gagni, verður nefndin að benda á, að það er mjög óheppilegt, er áætlanir um kostnað til fyrirhugaðra verka eða fyrirtækja reynast mjög óáreiðanlegar, svo sem nú kemur fram á þessum stað, þar sem talið var á síðasta þingi, að öll sú upphæð, er landssjóður þyrfti að leggja til þessa vegar, mundi eigi yfir stíga 15000—18000 kr. en reynist nú fullum þriðjungi hærri. Það sýnist engin fjarstæða að ætlast til,

að áætlanir um vegagjörðir ættu að geta farið nokkuð nærri lagi, þar sem svo hagar til, sem hér, að um sléttlendi er að ræða, en engar sérstakar torfærur eða örðugleika.

2. liður. Nefndin telur sjálfsagt að þessi upphæð sé veitt, og leggur til, samkvæmt áskorun landsh. að liðurinn sé hækkaður um 50 kr, sem er borgun fyrir fylgd með Hanson verkfræðingi, er sýslum. í Strandasýslu borgaði út síðastl. ár, en sem kom svo seint í hendur stjórninni, að hún gat eigi komist inn í frv.

Nefndin hefir haft með höndum beiðni úr Austur Skaftafellssýslu um 5600 kr. til að fullgera veginn frá Hólum að Höfn, sem styrkur er veittur til á gildandi fjárlögum. Að öllum atvikum yfirveguðum leggur nefndin til, að veitt sé til þessa 5000 kr. — en með því skilyrði viðbættu, að hlutaðeigandi sýslubúar leggi það til, er með þarf, til að fullgera veginn, og að alt viðhald hans framvegis hvíli á sýslufélaginu.

Um 4. gr.

Nefndin leggur til, að þessi fjárveiting sé samþykt, með því svo verður að álíta, að þessi útgjöld hafi verið nauðsynleg.

Nefndinni barst beiðni frá Jóni Sveinssyni trésmið, þar sem hann biður um 765 kr. sem borgun fyrir uppdrátt og áætlun, er hann sendi þinginu 1897, og sem hann bauðst til að byggja stýrimannaskóla eftir. – Nefndinni er ekki ljóst, hvers vegna tilboði hans um að byggja skólann var hafnað af stjórninni og falið öðrum, þar sem þó þingið 1897 virtist vera mjög hlynt nefndu tilboði, og jafnvel hækkaði fjárveitinguna til skólabyggingarinnar með tilliti til þeirrar áætlunar, er Jón Sveinsson hafði gert. — Að svo stöddu treystir nefndin sér eigi til að leggja með því, að hið umbeðna eða nokkuð í þá átt sé veitt, en gerir jafnframt ráð fyrir, að undir meðferð þessa frv. kunni að koma fram skýringar um það, hvort eða að hve miklu leyti beiðandinn hafi sanngirnis- eða réttarkröfu til þess, er hann æskir að fá.

Breytingar þær, er nefndin leggur til að gerðar sé á frv., eru þessar:

Við 3 gr. 2. I. Í staðinn fyrir »221,50«, komi: »271,50«.

II. Aftan við 3. gr. bætist nýr (3.) liður:

Styrkur til vegagerðar frá Hólum að Höfn í Austur-Skaftafellssýslu 5000 kr.

Veitist með því skilyrði, að sýslubúar kosti að fullu, það er til skortir, að þessi upphæð nægi til að fullgera veginn, og að sýslufélagið taki að sér alt viðhald hans framvegis.

Tölurnar í 1. gr. verða samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Neðri deild alþingis 19. júlí 1899.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Jón Jónsson, þm. Eyf., skrifari og framsögumaður. Sigurður Gunnarsson.

Jón Jónsson, þm. A.-Skf. Guðjón Guðlaugsson. Jón Jensson.

Skúli Thoroddsen.

Ed. 144. **Frumvarp**
til laga um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd).

1. gr.

Íslandi skal skift í 42 læknishéruð, þau er hér segir:

1. flokkur.

1. Reykjavíkur hérað: Reykjavíkur kaupstaður, Seltjarnarness, Bessastaða, Garða og Mosfells hreppar.
2. Ísafjarðar hérað: Ísafjarðar kaupstaður, ásamt Eyrar, Hóls og Súðavíkur hreppum og Vigur í Ögurhreppi.
3. Akureyrar hérað: Akureyrar kaupstaður, Öngulsstaða, Saurbæjar, Hrafnagils, Glæsibæjar og Skriðu hreppar, og Arnarness hreppur út fyrir Hillur, og Svalbarðsstrandar hreppur í Þingeyjarsýslu. Læknirinn í héraði þessu er skyldur til, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í þeim hluta Höfðahverfis héraðs, sem er að vestanverðu við Eyjafjörð.
4. Seyðisfjarðar hérað: Seyðisfjarðar kaupstaður, ásamt Loðmundarfjarðar, Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar hreppum.

2. flokkur.

5. Keflavíkur hérað: Vatnsleysustrandar, Njarðvíkur, Rosmhvalaness, Miðness, Hafna og Grindavíkur hreppar í Gullbringusýslu.
6. Barðastrandar hérað: Barðastrandarsýsla fyrir vestan Vatnsdalsá.
7. Blönduóss hérað: Húnavatnssýsla austan Gljúfurár.
8. Sauðárkróks hérað: Skefilsstaða, Sauðár, Staðar, Seilu, Lýtingsstaða, Akra og Rípur hreppar í Skagafjarðarsýslu.

3. flokkur

9. Borgarfjarðar hérað: Skoradals, Andakíls, Lundarreykjadals, Reykholtsdals og Hálsahreppar í Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýsla austan Langár.
10. Stykkishólms hérað: Eyrarsveit, Helgafellssveit og Skógarstrandar hreppur. Læknirinn í héraði þessu er ennfremur skyldur til, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Fellsstrandarhreppi vestan Kjallaksstaðaár og í Skarðsstrandar hreppi sunnan Ballarár, ásamt eyjunum í þessum hreppi, nema Rauðseyjum, Rúfeyjum og Akureyjum.
11. Dalahérað: Dalasýsla, nema Rauðseyjar og Rúfeyjar.
12. Stranda hérað: Strandasýsla nema Bæjarhreppur.
13. Húsavíkur hérað: Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddstað, Aðaldæla og Húsavíkur hreppar.
14. Vopnafjarðar hérað: Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppar. Læknirinn í héraði þessu er skyldur til að vitja sjúklinga í Möðrudal og Víðidal, þegar hans er vitjað og því verður við komið.
15. Hróarstunguhérað: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðar, Tungu, Hjaltastaða, Eiða og Borgarfjarðar hreppar.
16. Reyðarfjarðar hérað: Reyðarfjarðar og Norðfjarðar hreppar.

17. Hornafjarðar hérað: Austur-Skaftafellssýsla.
18. Síðu hérað: Vestur-Skaftafellssýsla frá Skeiðarársandi að Hólmsá og Kúðafljóti.
19. Rangár hérað: Rangárvallasýsla, nema Austur-Eyjafjallahreppur.
20. Eyrarbakka hérað: Villingaholts, Hraungerðis, Gaulverjarbæjar Stokkseyrar, Eyrarbakka, Sandvíkur, Ölfus og Selvogshreppar í Árnessýslu.

4. flokkur.

21. Skipaskaga hérað: Hvalfjarðarstrandarhreppur inn fyrir Ferstiklu og hinir 4 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
22. Ólafsvíkur hérað: Syðri hluti Snæfellsnessýslu frá Straumfjarðará að Búlandshöfða.
23. Þingeyrarhérað: Vestur-Ísafjarðarsýsla.
24. Hesteyrarhérað: Grunnavíkur og Sléttu hreppar.
25. Miðfjarðar hérað: Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár og Bæjarhreppur í Strandasýslu.
26. Hofsóss hérað: Viðvíkur, Hóla, Hofs, Fells, Haganess og Holts hreppar í Skagafjarðarsýslu.
27. Siglufjarðarhérað: Hvanneyrar og Þóroddsstaða hreppar í Eyjafjarðarsýslu. Læknirinn í héraði þessu er skyldur til, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í Grímsey.
28. Höfðahverfis hérað: Svarfaðardals hreppur og Arnarness hreppur inn að Hillum í Eyjafjarðarsýslu, Grýtubakka hreppur og Háls hreppur norðan við Hálssókn í Þingeyjarsýslu.
29. Reykdælahérað: Hálshreppur út að Draflastaðasókn, Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykdæla og Skútustaða hreppar.
30. Axarfjarðarhérað: Kelduness, Fjalla og Skinnastaða hreppar og Presthólahreppur að Skinnalónsheiði.
31. Fljótsdals hérað: Jökuldalshreppur fyrir ofan Gilsá, beggja megin Jökulsár, að meðtaldri Jökuldalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fella, Fljótsdals, Skriðdals og Valla hreppar.
32. Mýrdalshérað: Álftavers, Hvamms og Dyrhóla hreppar í Vestur-Skaftafellssýslu og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
33. Grímsnesshérað: Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness og Grafnings hreppar í Árnessýslu.

5. flokkur.

34. Kjósarhérað: Þingvallahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur út fyrir Hrafnabjörg og Kjósarsýsla, nema Mosfellshreppur.
35. Mýrahérað: Mýrasýsla vestan Langár og Hnappadalssýsla.
36. Reykhólahérað: Geiradals, Reykhóla og Gufudals hreppar; læknirinn í héraði þessu er enn fremur skyldur, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í Múlahreppi og á Hjarðarnesi.
37. Flateyjarhérað: Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði; læknirinn í héraði þessu er

enn fremur skyldur, þegar því verður komið við og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Barðastrandarhreppi milli Vatnsdalsár og Hagavaðals.

38. Nauteyrarhérað: Ögurhreppur nema Vigur, Reykjarfjarðar, Nauteyrar og Snæfjalla hreppar.
39. Þistilfjarðarhérað: Hinn hluti Norður Þingeyjarsýslu.
40. Fáskrúðsfjarðarhérað: Fáskrúðsfjarðar og Breiðdals hreppar.
41. Berufjarðarhérað: Beruness og Geithellna hreppar.
42. Vestmannaeyjahérað: Vestmannaeyjasýsla.

Landshöfðingi getur eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda gert breyting á takmörkunum milli hinna einstöku læknishéraða, og verða læknar að sætta sig við þá breyting endurgjaldslaust.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru héraði til konu í barnsnauð eða í öðru jafn-brýnu tilfelli, fyrir þá sök, að hægra er til hans að ná en hlutaðeigandi læknis, og hefir hann þá sömu skyldur eins og héraðsbúi hans ætti í hlut.

2. gr.

Konungur skipar héraðslækna í embætti þau, er talin eru í 1., 2. og 3. flokki.

Læknishéruð þau, er talin eru í 4. og 5. flokki, veitir landshöfðingi, og fylgir þeim eigi réttur til eftirlauna.

Héraðslæknir er skyldur til að setjast að í þeim hluta héraðsins, sem landshöfðingi ákveður, eftir að búið er að leita um það álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda. Nú er lækni skylt að búa utan verzlunarstaðar, og skal hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndir þegar útvega honum aðsetursstað, en ábýlisjörð svo fljótt, sem unt er, ef hann óskar þess. Landsstjórnin skal leggja til landssjóðsjarðir fyrir læknissetur, þar sem því verður viðkomið.

Héraðslæknarnir í Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar héruðum skulu vera búsettir í þeim kaupstað, er héraðið er kent við. Héraðslæknirinn í Reyðarfjarðarhéraði skal vera búsettur á Eskifirði og héraðslæknirinn í Barðastrandarhéraði á Patreksfirði.

Ef sjúkrahús, er njóta styrks úr landssjóði, eru á þeim stað, er héraðslæknirinn býr, eða síðar verða reist þar, skal hann skyldur að takast á hendur læknisefirlit við hús þessi án sérstakrar þóknunar; sama er um sóttvarnarhús þau, er getur um í lögum nr. 30, 17. desember 1875, smbr. lög nr. 32, 18. desember 1897.

3. gr.

Laun héraðslækna eru þannig ákveðin:

Í 1. flokki	1900 kr.
Í 2. flokki	1700 —
Í 3. flokki	1500 —
Í 4. flokki	1500 —
I 5. flokki	1300 —

Launin greiðast úr landssjóði.

Hafi nokkur héraðslæknir, er nú er skipaður í fast embætti, hærri laun (að meðtöldum húsaleigustyrk og embættisjörð), en honum bæri eftir lögum þessum, heldur hann því, sem fram yfir er, sem viðbót fyrir hann sjálfan. Þegar læknisembættið losnar, skal embættisjörðin lögð til landssjóðs.

Þangað til smámsaman er búið að skipa héraðslækna í hin nýju læknishéruð, skal læknahéraðaskifting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti.

Héraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við hverja breyting, sem verður á héruðum þeirra eftir lögum þessum.

4. gr.

Þegar ekki er samið fyrir fram við lækna um borgun fyrir læknisstörf, svo sem um vissa þóknun á ári, þá ber þeim, hvort sem er fyrir læknisstörf í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, þessi borgun:

1) Þegar leitað er ráða til þeirra heima eða þeir vitja sjúklinga eigi lengra en $^1/_{10}$ úr mílu frá bústað sínum, eins þó þeir um leið gefi út læknisfyrirsögn, geri lítils háttar skurði og bindi um, dragi út tönn, nái þvagi af manni eða því um líkt, alt að . . . . . 1 kr.

Komi sjúklingurinn eftir umtali við lækninn þrisvar eða oftar þar á eftir til hans eða vitji læknirinn sama sjúklings þrisvar eða oftar, færist borgunin niður um helming.

Sé læknis leitað frá kl. 11 e. h. til kl. 6 f. h., tvöfaldast borgunin.

2) Fyrir ferð læknis á skip, er liggur á höfn . . . . . 4 —
3) Fyrir að kippa í lið, stinga á manni eða taka fingur af eða tá . . 2 —
4) Fyrir að binda um beinbrot . . . . . 3 —
5) Fyrir að taka af stærri limi, eða gera þvílíkan meiri háttar líkamsskurð 8 —
6) Fyrir að hjálpa sængurkonum með verkfærum . . . . . 4 —
7) Fyrir að hjálpa sængurkonum án verkfæra . . . . . 4 —

Fyrir önnur verk lækna skal borga eftir tiltölu við það, sem hér er talið.

Þurfi læknir aðstoðar við hina meiri háttar líkamsskurði, skal að auki greiða sanngjarna borgun fyrir þá aðstoð.

5. gr.

Fyrir störf í þarfir heilbrigðis- og réttargæzlu ber lækni, hvort sem hið opinbera eða einstakir menn leita hans:

1) Fyrir líkskoðun . . . . . 2 kr.
2) Fyrir uppskurð á líki . . . . . 16 —
Hjálpist fleiri læknar að en einn við líkskurðinn, skiftist borgunin jafnt á milli þeirra.
3) Fyrir »kemiska« eða »mikróskópiska« rannsókn, er um eitrun er að ræða, ásamt skýrslu um málið . . . . . 4 —
Þegar lík er skorið upp, skal þó ekkert greiða fyrir slíka rannsókn sérstaklega.
4) Fyrir að rannsaka heilsufar manns, eðli sjúkdóms, geðveiki, getnaðarhæfileika, hvort barn sé fullburða, eða því um líkt . . . . . 3 —
Séu fleiri en einn rannsakaðir á sama stað og í sama tilefni, skal þó að eins greiða 2 kr. fyrir hvern þeirra.
5) Fyrir að rannsaka sjóskemdar vörur, meðöl, matvæli, hús eða því um líkt, ásamt vottorði . . . . . 3 —
Et meira en 5 stundir ganga til starfsins, skal greitt tvöfalt gjald.

6. gr.

Verði læknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, skal sjá honum fyrir flutningi ókeypis og sem beinasta leið að hægt er, og greiða honum ennfremur auk borgunar eftir 4. og 5. grein 3 kr. fyrir hverjar 12 stundir, sem hann er á ferð, eða að læknisstörfum, og að því skapi fyrir kafla úr 12 stundum. Sjái hann sér sjálfur fyrir farkosti, skal endurgjalda honum það, eftir því sem tíðkast í því bygðarlagi.

7. gr.

Lög 15. október 1875 um aðra skipun á læknahéruðum á Íslandi og fleira eru úr gildi numin.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1900.

Ed. 145. **Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 13. apríl 1894 um vegi.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í neðri deild).

Veg skal leggja frá verzlunarstaðnum Borgarnesi í Mýrasýslu yfir Langárfoss og Brúarfoss til Stykkishólms á kostnað landssjóðs samkvæmt reglum þeim, er gilda um þjóðvegi, og svo að fullnægt sé kröfum þeim, er gjörðar eru til slíkra vega. Jafnóðum og vegurinn verður lagður, skal viðhald hans kostað af sýsluvegasjóðum hlutaðeigandi sýslna.

Ed. 146. **Frumvarp.**

til laga um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl. (eins og það var samþykt við 3. umr. í nd).

1. gr. Hverjum manni er skylt að láta af hendi, gegn hæfilegu endurgjaldi, lóð eftir þörfum til vitastæðis, undir íveruhús og til ræktunar handa vitagæzlumönnum, til vega í þarfir vita o. fl., og ennfremur lóð þá, er þart til að stækka áður gerða vita.

Ennfremur má skylda hvern mann til að leyfa, að efni þau, er þarf til að byggja eða halda við vitum, svo sem grjót, möl, sandur leir o. s. frv., sé tekin úr lóð hans eða flutt um hana, gegn endurgjaldi bæði fyrir það, sem efni þessi kosta og fyrir það, sem hann að öðru leyti kann að skaðast á burtnáminu og vinnunni við það.

2. gr. Landshöfðingi ákveður í hvert sinn, að hve miklu leyti beri að afhenda lóð og leyfa bráðabirgðaafnot af lóð annars manns samkvæmt 1. gr. Hann getur og ákveðið, að kvaðir skuli lagðar gegn endurgjaldi á landið umhverfis vita, að því er snertir húsabyggingar þar, hagagöngu fyrir skepnur vitagæzlumanna og því um líkt, ef kvaðir þær þykja nauðsynlegar vegna vitanna eða þess, er þeim til heyrir.

3. gr. Ef eigi verður komið við samningum um endurgjaldið samkvæmt undanfarandi greinum, skulu það ávalt meta óhlutdrægir, dómkvaddir menn.

Ed. 147. **Frumvarp**
til laga um friðun á Hallormsstaðarskógi.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að gjöra ráðstafanir til þess, að jörðin Hallormsstaður í Suður-Múlasýslu með hjáleigum og kúgildum þeim, er henni fylgja, og ítaki hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðar-skógi, verði eign landssjóðs og leggist undir Skriðuklausturs-umboð, gegn því, að gjald það til landssjóðs, að upphæð 1000 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Vallanesprestakalli, færist niður í 760 kr.

2. gr. Amtsráð Austuramtsins skal hafa yfirumsjón með byggingu og ábúð Hallormsstaðar, skipa fyrir um meðferð á skóginum og semja tillögur um eftirgjald eftir jörðina, er landshöfðingi ákveður síðan.

Nd. 148. **Nefndarálit**
um breyting á lögum um horfelli á skepnum.

Nefnd sú, er hin háttvirta neðri deild alþingis skipaði til að íhuga lög 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum, hefir nú lokið starfi sínu, og komist að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sé að breyta nokkrum ákvæðum laganna.

Aðalbreytingin er í því fólgin, að veita hreppsnefndum heimild til að fyrirskipa almennar skoðanir á búpeningi og fóðurbirgðum, en að nema úr gildi 2. gr. hinna gildandi laga um fastákveðnar skoðunargjörðir. Nefndin lítur svo á, að leiðbeiningar þær og áminningar, er slíkum skoðunum eiga að vera samfara, komi því að eins að notum, að almenningur eða að minsta kosti þeir sveitarmenn, sem mest kveður að, sé þeim ráðstöfunum fylgjandi, og að því sé haganlegast, að leggja þær framkvæmdir á vald þeirra manna, er hreppsbúar treysta bezt til að annast fjárhag sveitarfélagsins og önnur sameiginleg mál.

Aftur á móti hefir nefndin ekki fundið nægа ástæðu til, að bera upp tillögur um breytingar á þeim ákvæðum laganna, er lúta að því, að koma fram ábyrgð á hendur þeim, er fellir fénað úr hor.

Að vísu er nefndin sammála um, að öruggasta ráðið til að afstýra skepnufelli og þeim hörmungum, er þar af leiða, sé það, að hvert sveitarfélag myndi samtök um skynsamlega heyásetning og tryggi sér nægar fóðurbirgðir, þegar óvanaleg harðindi ber að höndum, og til þess að veita slíkum félagsskap nægа festu, þyrfti að lögleiða héraðasamþyktir með fullu lagagildi. En með því slíkt fyrirkomulag hlyti, einkum í byrjun, að hafa talsverðan kostnað í för með sér, en almenningur er, eins og nú stendur hagur manna, illa við því búinn, að bera mikil aukin útgjöld, sjáum vér oss ekki fært að svo stöddu, að koma fram með beinar tillögur í þessa átt.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sér að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja lagafrumvarp það, sem hér með fylgir, um breyting á lögum 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum.

Neðri deild alþingis, 19. júlí 1899.

Ólafur Briem, form. og framsögum.
Björn Sigfússon, skrifari.
Þórður Guðmundsson.
Guðl. Guðmundsson.
Þorlákur Guðmundsson.

Nd. 149. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 5, 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum.

1. gr. Hreppsnefndir skulu árlega á haustþingi kjósa tvo eða þrjá menn til þess að hafa eftirlit með fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð búpenings í hreppnum. Það er skylda þessara manna, að leiðbeina hreppsbúum í öllu, er lýtur að heyásetning og meðferð búpenings. Verði þeir þess varir, að fénaður einhvers búanda sé illa hirtur eða ætlað oflítið fóður eða húsrúm, skulu þeir áminna þann, er í hlut á.

2. gr. Almennar skoðanir á fóðurbirgðum, búpeningi og fénaðarhúsum, getur hreppsnefnd fyrirskipað einu sinni eða tvisvar á hverjum vetri og skulu hinir kosnu menn framkvæma þessar skoðanir.

Hafi hreppstjóri eða hreppsnefnd ástæðu til að ætla, að fénaði einhvers hreppsbúa sé horfellir búinn vegna fóðurskorts, illrar hirðingar eða harðýðgi, þá skal hreppstjóri eða hreppsnefnd þegar í stað fyrirskipa skoðun hjá þessum búanda, en skoðunarmenn skulu framkvæma hana svo fljótt, sem því verður við komið, og senda hreppstjóra skýrslu um skoðunina.

3. gr. Fyrir skoðunargjörðir þær, er um er rætt í lögum þessum, fá skoðunarmenn 2 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru að skoðunargjörðinni. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

4. gr. Með lögum þessum er 2., 3., 4., 6, og 7. gr. í lögum nr. 5, 26. febr. 1898 feldar úr gildi.

Nd. 150. **Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfélaga (á þingskj. 97).

Frá Sighv. Árnasyni.

1. Við B. 2. a. Í staðinn fyrir »12 □ faðmar« komi: 10 □ faðmar.
2. Við B. 2. c. 1. Í staðinn fyrir »3 faðmar« komi: 4 faðmar.

Nd. 151. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um viðauka við og breyting á tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi og tilskipun 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa.

Frá Skúla Thoroddsen.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »Heimilt er amtmönnum, þá er þeim virðist nauðsyn bera til« komi: Heimilt er amtsráðum að fela amtmönnum sínum.

Við sömu gr. Í stað orðanna: »í ömtum sínum« komi: í ömtum þeirra.

Nd. 152. **Frumvarp**

til laga um eftirlaun (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungs veitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn

frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $^1/_4$ þeirra embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, samkvæmt lögum, hafi embættislaunin verið 2500 kr. eða minni, en hafi þau verið meiri, þá 1% af þeim fyrir hvert þjónustuár með eftirlaunarétti; þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá sem er fullra 70 ára á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í eftirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fékk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið, sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landsstjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fékk lausn frá. Sèu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði, sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum að gegna því, missir hann rètt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1, viss árleg laun; 2, launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3, aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fékk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að

hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fékk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{3}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. né vera meiri en eftirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er bygð á, sé framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausu frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giftist að nýju; 2, þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifst af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Nd. 153. **Viðaukatillaga og breytingartillögur**
við frumvarp til laga um sölu þjóðjarðar. Frá Ólafi Briem.

1. Aftan við 1. gr. bætist:
   Sömuleiðis veitist ráðgjafanum heimild til að selja hreppsnefndinni í Sauðárhreppi í Skagafjarðarsýslu þjóðjörðina Sauðá í sama hreppi fyrir að minsta kosti 3000 kr.
2. Við 2. gr. Fyrir »ofangreindri jörð« komi: ofangreindum jörðum.
3. Við 3. gr. Fyrir »jörðinni« komi: jörðunum.
4. — — — Fyrir »hin selda jörð skal« komi: hinar seldu jarðir skulu.

Nd. 154. **Frumvarp**
til laga um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík (eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.).

1. gr. Í landsbankanum í Reykjavík skal stofna veðdeild, til þess að veitt verði lán um langt árabil og með vægum vaxtakjörum gegn veði í fasteignum.

2. gr. Tryggingarfé deildarinnar er 200,000 kr., sem landssjóður leggur til, og skal það, á amt veðbréfum, sem veðdeildin fær hjá lánþegum sínum og öllum öðrum eignum veðdeildarinnar, vera til tryggingar því, að hún standi í skilum.

Fyrstu 10 árin, eftir að veðdeildin hefir stofnsett verið, veitist henni 5000 króna tillag á ári úr landssjóði.

3. gr. Tryggingarfé deildarinnar skal vera í ríkisskuldabréfum; er það undir umsjón landsstjórnarinnar og vextir þess renna í landssjóð. Má eigi ráðstafa tryggingarfénu á annan hátt, nema veðdeildin sé brott feld og hafi staðið í skilum við alla.

Beri nauðsyn til að taka á tryggingarfénu, til þess að veðdeildin geti staðið í skilum, skal endurgjalda fé það, sem notað hefir verið, undir eins og efnahagur deildarinnar leyfir.

4. gr. Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarinnar. Sýni reikningsskil tekjuhalla deildinni á hendur, skal hann greiddur úr varasjóði.

5. gr. Veðdeildin má gefa út skuldabréf, sem hljóða upp á handhafa (bankavaxtabréf), en sem má nafnskrá í deildinni. Landsstjórnin ákveður um lögun og útlit skuldabréfanna. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr sexfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðs samtals; eigi mega heldur nokkru sinni vera í veltu bankavaxtabréf, er nemi meiru en veðskuldabréf þau, er veðdeildin á.

6. gr. Upphæð bankavaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum og skal landshöfðingi og stjórn landsbankans rita undir þau. Fjárhæð þeirra skal ákveðin í reglugjörð veðdeildarinnar, svo og vextir og gjalddagi vaxtanna.

7. gr. Fé veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, eða húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda. Eigi má lána, nema gegn fyrsta veðrétti. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar og skal verð húsa þeirra, er á jörð eru, því að eins telja með, að þau séu vátrygð, svo sem fyr er sagt.

8. gr. Eignir þær, er veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nákvæmar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin. Ennfremur má ákveða í reglugjörðinni, að þegar bankastjórnin krefst þess, skuli sýslunefndir segja álit sitt um verð fasteigna í sýslufélaginu, svo og að bæjarfógetar og hreppstjórar fyrir hæfilega þóknun, er landshöfðingi ákveður og veðdeildin borgar, hafi eftirlit með eignum þeim, sem í kaupstaðnum eða hreppnum eru veðsettar veðdeildinni.

9. gr. Lán þau, er veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust; en borga skal hann kostnað þann, sem af því leiðir.

10. gr. Lánum þeim, er veðdeildin veitir, má hún eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undir gengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi, sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseign-

um, er að veði eru, og talin eru með í matinu (sbr. 7. gr.), eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

11. gr. Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs er $^2/_5$ af hundraði á ári af upprunalegri upphæð lánsins, og afborgunargjaldið má eigi nema minna en svo, að lánum sé lokið á 40 árum, þegar veðið er jarðeign, og á 25 árum, þegar veðið er húseign.

Á hinum ákveðnu gjalddögum má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum deildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra.

12. gr. Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er veðdeildin hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna: annan kveður landshöfðingi til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara númerin á skuldabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

13. gr. Handhafar eða eigendur skuldabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og greiðast engir vextir af höfuðstólnum upp frá því.

14. gr. Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Um ógilding glataðra skuldabréfa og vaxtamiða fer eftir almennum lögum.

15. gr. Skuldabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í sjóð veðdeildarinnar, og skal svo við lok reikningsársins brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

16. gr. Vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í landsbankanum í Reykjavík; svo skulu og gjaldheimtumenn landssjóðs taka á móti þeim til borgunar á sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs og innleysa vaxtamiðana og skuldabréfin, eftir því sem þeir hafa fyrir hendi fé, sem á að borgast í landssjóð.

Í reglugjörð veðdeildarinnar skal ákveða, hvar borga skuli út erlendis vaxtamiða og skuldabréf, sem komin eru í gjalddaga.

17. gr. Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 10. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðunum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboð-

ið með neinskonar dómskoti. Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

18. gr. Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til þess að kaupa skuldabréf veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverði þeirra, eða séu skuldabréfin verðlögð í kaupmannahöllinni í Kaupmannahöfn, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

19. gr. Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn landsbankans. Þegar veðdeildin er stofnuð, skal þóknun sú, sem gæzlustjórar bankans fá árlega, hækka upp í 750 kr. til hvors. Fyrir endurskoðun á reikningum veðdeildarinnar og til skrifstofuhalds má verja alt að 2500 kr. á ári, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörð veðdeildarinnar. Kostnað við að setja veðdeildina á fót og hækkunina á launum gæzlustjóra greiðir landsbankinn.

20. gr. Ákvæði þau, er sett eru í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, 13. 14. 18.—24. og 26.—29. og 30. gr., 1. lið, um hlunnindi fyrir bankann, stjórn hans og reikningsskil, skulu einnig gilda um veðdeildina, stjórn hennar og reikningsskil.

21. gr. Reglugjörð veðdeildarinnar skal staðfest af ráðgjafanum fyrir Ísland og auglýst í A-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. 155. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885.

(Eins og það var samþykt við 3. umræðu í efri deild).

1. gr. Heimilt skal landstjórninni vera að gefa út seðla fyrir landssjóð fyrir alt að fjórðung miljónar króna (250,000 kr.) í viðbót við seðla-upphæð þá, sem þegar hefur verið gefin út samkvæmt lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, og eftir þeim reglum, sem þar eru settar um seðla landssjóðs.

2. gr. Landsbankinn fær að láni úr landssjóði jafna upphæð fjár, og landssjóður gefur út af seðlum eftir 1. gr. — Fé þetta greiðist bankanum smámsaman eftir því sem þörf hans krefur. Af þessari skuld sinni greiðir landsbankinn landssjóði í vöxtu árlega 1%, og leggur 2% af henni árlega í varasjóð.

Nd. 156. **Frumvarp**

til laga um að skifta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög. Flutningsmaður: Jón Þórarinsson, 2. þm. Kjósar- og Gullbringusýslu.

1. gr. Að því er stjórn sveitarmálefna snertir skal Kjósar- og Gullbringusýslu skift í tvö sýslufélög. Annað sýslufélagið er Gullbringusýsla, og eru í því þessir hreppar: Seltjarnarnesshreppur, Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalanesshreppur, Miðnesshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur. Hitt sýslufélagið er Kjósarsýsla, og eru í því þessir hreppar: Kjósarhreppur, Kjalarnesshreppur og Mosfellshreppur.

Hvort sýslufélagið hefir sinn fjárhag og stjórn sveitamálefna fyrir sig.

2. gr. Í hvoru sýslufélaginu um sig skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi

stjórn sveitamálefna þeirra, er varða sýslufélagið samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872. — Í sýslunefndum þessum eiga sæti, auk sýslumanns, sem oddvita nefndanna, einn maður úr hverjum hreppi, er kosinn sé eftir reglum þeim, sem settar eru í nefndri tilskipun um kosningu sýslunefndarmanna. Sömuleiðis skal eftir sömu reglum kjósa varasýslunefndarmann fyrir hvern hrepp í hinum nýu sýslufélögum samkv. lögum 6. nóv 1897 um breytingu á 6. gr. tilskipunar 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi og um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880.

3. gr. Allar eigur og skuldir sýslufélagsins skiftast milli hinna nýu sýslufélaga að $^2/_3$ eftir samanlagðri tölu fasteignar- og lausafjárhundraða, en að $^1/_3$ eftir tölu verkfærra manna.

4. gr. Landshöfðingi gerir ráðstafanir til þess, að koma lögum þessum til framkvæmda svo fljótt, sem verða má.

Nd. 157. **Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald á tóbaki (eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.)

1. grein.

Af alls konar tóbaki, hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki (rullu) eða neftóbaki (rjóli), skal gjalda toll í landssjóð, 50 aura af hverju pundi. Af hverjum 100 vindlum eða minna skulu goldnar 2 krónur. Af hverju pundi af sígarettum eða minna 1 króna.

Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.

Gjaldheimtumenn fá 2 af hundraði í innheimtulaun.

2. grein.

Á vöruskrám skal tilgreint, hvers konar og hve mikið tóbak sé flutt með hverju skipi, og skal auk þess hver sá, sem fær flutt tóbak frá útlöndum, skyldur til upp á æru og samvizku að segja til, hvort og hve mikið af tóbaki eða vindlum hann hefur fengið frá útlöndum með hverri ferð, og skal hann jafnframt greiða aðflutningsgjaldið.

3. grein.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa leynt sannleikanum í þessu efni, skal hann sæta sektum frá 200 til 2000 króna.

Þeim, sem fyrstur með sannindum ljóstrar upp broti gegn þessum lögum, skal greitt alt að helmingi af upphæð sektarinnar, verði sakborningur uppvís að brotinu. Hinn hluti sektarinnar renni í landssjóð.

4. grein.

Lög 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki, og lög nr. 11, 9. ágúst 1889, um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki eru hér með úr lögum numin.

5. grein.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. 158. **Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um breytingu á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands (þingskjali 120).

Frá J. Havsteen, Sigurði Stefánssyni, Þorkeli Bjarnasyni.

Orðin »Gjaldið fyrir hjónavígslubréf skal eftirleiðis vera 10 kr.« falli burt.

Nd. 159. **Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands.

Frá Valtý Guðmundssyni, Tryggva Gunnarssyni og Sigurði Gunnarssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna »er seldar hafa verið eftir árslok 1883« komi: er seldar hafa verið frá árslokum 1883 til ársloka 1898.

Við 3. gr. Í stað orðanna »Stofnfénu skal varið« komi: Stofnféð má aldrei skerða, en því skal varið.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins og semur skipulagsskrá fyrir hann og reglugjörð um lánveitingar og úthlutun verðlauna, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands. Skipulagsskráin skal staðfest af konungi.

Nd. 160. **Breytingartillaga**
við frv. til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja.

Flutningsmaður: Jón Þórarinsson.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins »drykkjar« komi:
sölu í landinu, eða útflutnings.
2. Við 2. gr. Í stað »10—2000« komi: 1--2000.

Ed. 161. **Breytingartillaga**
við frv. til laga um breytingu á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands (þingskj. 120).

Frá Sigurði Jenssyni, Jóni Jónssyni, Hallgr. Sveinssyni.

Fyrir »10 kr.« komi: 15 kr.

Nd. 162. **Frumvarp**
til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla (eins og það var samþykt við 2. umr. í nd.).

Staðarsókn í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi skal vera sérstakt prestakall. Brauði þessu leggjast 300 kr. úr landssjóði.

Tillag þetta greiðist því að eins, að sérstakur prestur sé skipaður í prestakallið.

Ed. 163. **Frumvarp**

tillaga um brú og ferju á Lagarfljóti (eins og það var samþykt við 3. umr. í nd.).

Stjórninni er heimilt á kostnað landssjóðs að láta byggja staurabrú yfir Lagarfljót hjá Egilsstöðum og láta setja ferju á Steinsvaði.

Til brúarinnar má verja 45,000 kr., til ferjunnar 3,000 kr.

Ed. 164. **Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á Lagarfljótsós o. fl.

(Eins og hún var samþykt við síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar, að skora á landshöfðingja, að láta verkfræðing landsins rannsaka, svo fljótt sem því verður við komið, hvort bæta megi skipaleið inn um Lagarfljótsós, og hvort tiltækilegt sé, að leggja akveg annaðhvort frá Seyðisfirði yfir Fjarðarheiði, Reyðarfirði yfir Fagradal eða einhverja aðra leið frá sjó til Héraðs, og gjöra áætlun um kostnað við hvorttveggja.

Enn fremur skal og verkfræðingi þessum falið, að rannsaka lendinguna í verstöðinni í Bolungarvík í Ísafjarðarsýslu, og að gjöra áætlun um kostnaðinn við byggingu brimgarðs, er geri lendinguna tryggari og hættuminni.

Nd. 165. **Tillaga**

til þingsályktunar um framlenging alþingis 1899.

Frá Sighv. Árnasyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á ráðgjafa Íslands, að hlutast til um, að alþingi sem nú stendur yfir verði framlengt alt að 4 vikum frá þeim tíma, sem seta þess er ákveðin í 5. gr. stjórnarskrárinnar, af þeirri ástæðu, að ýms mikilsvarðandi fjármál landsins, svo og önnur áríðandi mál viðvíkjandi atvinnuvegum landsins, sem miða í þá átt, að verða landinu til viðreisnar, hafa alt of nauman tíma fyrir sér á þeim venjulega þingtíma til þess, að þau geti orðið til lykta leidd á þessu þingi.

Nd. 166. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um friðun fugla og hreindýra (þingskj. 137).

Flutningsmaður: Jón Jónsson, þm. Eyf.

Við 1. gr. Fyrir setninguna »Þó skulu álftir — — september« — komi: Þó skulu álftir friðaðar frá 1. apríl til 20. sept. og rjúpur frá 1. marz til 30. ágúst.

Ed. 167. **Tillaga**

til þingsályktunar um rannsóknir á áhrifum hvaladráps við strendur landsins á síld- og þorskgöngur á firði inn.

(Eins og hún var samþykt við eina umræðu í neðri deild).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að láta rannsaka, að því frekast

er unt, áhrif hvaladráps við strendur landsins á síld- og þorskgöngur á firði inn.

Ennfremur skorar alþingi á stjórnina að leita upplýsinga um, hver árangur sams konar rannsóknir hafa haft í Noregi, og að leggja fram skýrslu um það á næsta þingi.

Nd. 168. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um bann gegn innflutningi á ósútuðum húðum.

Frá Kl. Jónssyni.

1. Fyrir 1. gr. komi svolátandi grein:

   Þá er ósútuð skinn eða ósútaðar húðir eru fluttar hingað til lands frá útlöndum, skulu móttakendur innan 24 tíma, eftir að þær eru fluttar í land, skyldir að láta þær liggja einn dag í klórkalks uppleysingu (1 : 12).

2. 2. grein hljóði svo:

   Brot gegn lögum þessum varðar sektum til landssjóðs, ekki lægri en 100 kr., nema brotið sé svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því að lögum.

3. Fyrirsögnin orðist svo:

   Frumvarp til laga um meðferð á innfluttum ósútuðum húðum.

Nd. 169. **Frumvarp**

til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg við Hafnarfjörð. Flutningsmenn: Jens Pálsson og Þórður J. Thoroddsen.

1. gr. Kennaraskóla skal stofna í Flensborg við Hafnarfjörð.

2. gr. Fræðigreinir þær, er kenna skal í skólanum, eru: uppeldisfræði, guðfræði, íslenzka, danska, enska, landafræði, saga, náttúrufræði, tölvísi, dráttlist, skólaiðnaður og leikfimi. Svo skal og nemendum veitt verkleg æfing í barnakenslu.

3. gr. Við skóla þenna skipar landshöfðingi 3 fasta kennara: forstöðumann, er hefir í árslaun 2400 kr., auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu og ábúðar á Flensborg, annan kennara, er hefir í árslaun 2000 kr., og þriðja kennara með 1600 kr. árslaunum.

4. gr. Laun kennara skal greiða úr landssjóði, svo og önnur gjöld til skólans eftir ákvæðum fjárlaganna.

5. gr. Aðgang að skólanum eiga jafnt konur og karlar.

6. gr. Stiftsyfirvöldin hafa umsjón yfir kenslunni og semja reglugjörð fyrir skólann, er landshöfðingi staðfestir.

Ed. 170. **Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan 1874 (eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.)

Í staðinn fyrir 2. gr., 3. gr., 19. gr., 1. lið 25. gr., 34. gr., 2. málsgr. 61. gr. og 2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni komi svohljóðandi greinar:

1. grein. (2. gr. stj.skr.).

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sérstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafa fyrir Ísland framkvæma það. Ráðgjafinn fyrir Ísland má eigi hafa annað ráðgjafaembætti á hendi og verður að skilja og tala íslenzka tungu.

Hið æðsta vald innanlands á Íslandi skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar og hefir aðsetur sitt á Íslandi. Konungur ákveður verksvið landshöfðingja.

2. grein. (3. gr. stj.skr.).

Ráðgjafinn ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Alþingi getur kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans eftir þeim reglum, er nánar verður skipað fyrir um með lögum.

3. grein. (19. gr. stj.skr.).

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

4. grein. (1. málsgr. 25. gr. stj.skr.).

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja tillag það, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sérstaklegu gjalda Íslands, þó þannig, að greiða skuli fyrir fram af tillagi þessu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, eins og þau verða ákveðin af konunginum.

5. grein. (34. gr. stj.skr.).

Ráðgjafinn fyrir Ísland á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og á hann rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Í forföllum ráðgjafa má hann veita öðrum manni umboð til þess, að mæta á alþingi fyrir sína hönd, en að öðrum kosti mætir landshöfðingi fyrir hönd ráðgjafa. Atkvæðisrétt hefir ráðgjafinn, eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

6. gr. (2. málsgr. 61. gr. stj.skr.).

Nái uppástungan um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna og vilji stjórnin styðja málið, skal leysa alþingi upp þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju.

7. grein. (2. ákv. um stundars.).

Þangað til lög þau, er getið er um í 2. gr., koma út, skal hæstiréttur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland út af embættisfærslu hans, eftir þeim málfærslureglum, sem gilda við téðan rétt.

Nd. 171. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu minnihluta nefndarinnar í málinu: Frumvarp til laga um .... friðun fugla og hreindýra; frá Pétri Jónssyni.

Breytingartillagan orðist þannig:

Þó skulu álftir friðaðar frá 1. júní til 20. september og rjúpur frá 1. marz til 31. ágúst.

Nd. 172. **Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Nefndin hefir á mörgum fundum yfirfarið frumv. þetta svo rækilega, sem tíminn hefir leyft, og sömuleiðis mjög margar bænarskrár og málaleitanir, er til vor hafa borist, og skulum vér stuttlega skýra frá áliti voru og tillögum á þessa leið:

I.

Framsögumenn fjárlaganefndanna á tveim síðustu þingum, 1895 og 1897, tóku það fram við umræður málsins, að formið á fjárlögunum væri orðið allóaðgengilegt, og þyrfti að endurskoða það og breyta því, og viku þeir því málefni í hvorttveggja skiftið til stjórnarinnar, og lýstu yfir, að nefndin ætlaðist til, að stjórnin tæki það til meðferðar og lagfæringar. — Þetta hefir þó ekki verið framkvæmt, og frv. er enn með hinu sama formi og niðurskipun og verið hefir, þannig, að t. d. í 10. gr. um útgjöld við umboðsstjórn, gjaldheimtur, reikningsmál, dómgæzlu og lögreglustjórn er all-langur kafli um fjárveitingar til búnaðarskóla, búnaðarfél. o. fl. þess konar, og í sömu grein enn lengri kafli um öll útgjöld til vita, og enn fremur eru í sömu grein talin laun dýralækna og útgjöld til strandmælinga. — Í síðara hluta 13. gr. agar öllu saman, og er ýmislegt af því all-fjarri því, að geta talist til kirkju og kenslumála, sem greinin þó hljóðar um. Nefndin hefir, nú sem fyrri, eigi treyst sér til, sökum tímaskorts, að kippa þessu í lag, en leyfir sér að óska þess og vænta, að stjórnin taki þessar bendingar til greina áður en hún leggur fjárlagafrv. fyrir alþingi 1901, og að henni verði ljúft að gera það til að létta störf þingsins og til þess að fjárlögin fái eðlilegra og myndarlegra form en nú er á þeim.

II.

Tekjukaflinn.

Vér leggjum til, að gerðar séu breytingar á ýmsum tölum í þessum kafla. Þannig sýnist oss rétt, að hækka lítið eitt 2. og 3. tölul, svo húsaskatturinn verði talinn 6000 kr. hvort árið, og tekjuskatturinn 13,500 kr. Húsaskatturinn eykst stöðugt og var síðastliðið ár rúml. 6350 kr., og tekjuskatturinn hefir um síðastliðin 6 ár verið hér um bil 14000 kr. að meðaltali. Verðum vér því að telja þá hækkun þessara liða, er vér förum fram á, mjög hóflega.

Útflutningsgjald af fiski og lýsi (8. tölul.) leggjum vér til að sé talið 46000 kr. hvort árið. 5 síðustu ár, er reikningar ná yfir, hefir þessi tekjugrein verið yfir 49000 kr. að meðaltali, en síðasta ár ('98) var hún ekki nema tæpl. 43800. Verðum vér að telja hættulaust að samþykkja þessa breytingu, með því að þilskipaútvegurinn er orðinn svo mikill, og auk þess ganga nú nokkur gufuskip til fiskjar, svo ætla má, að útflutningur fiskjar muni ekki þverra, og auk þess verða jafnari og stöðugri en áður.

Vér getum eigi talið ráðlegt að áætla aðflutningsgjald af áfengum drykkjum hærra en 125000 kr. Þótt tekjur af því hafi verið all-miklu hærri að með-

altali hin síðustu 5 ár, er reikningar eru til um, og enn hærri að meðaltali í 8 ár, '90—'97, þá hafa þær ekki verið nema rúml. 120000 síðastliðið ár. Á líkan hátt er það og með tóbakstollinn, að þótt hann hafi stundum að undanförnu náð þeirri upphæð, er frv. til tekur, 75,000 kr., þá hefir hann hið síðasta ár (98) eigi verið nema rúm 65000. Vér teljum því rétt, að hann verði áætlaður 70000 kr. hvort árið.

Aðflutningsgjald af kaffi og sykri hefir eigi lækkað til muna síðastliðið ár, og virðist því óhætt að telja það 180000 kr. Sú tekjugrein var '97 yfir 186000 kr. og '98 yfir 185000 kr.

III.

Gjaldakaflinn.

Við 10. gr. A. 2.

Nefndin telur upphæð þá, er samkvæmt athugasemdunum við frv. er ætluð til endurgjalds fyrir skrifstofukostnað amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu, óþarflega háa, og leggur til, að í þetta sinni sé látið nægja að hækka hana um 200 kr., en ekki 600 kr., eins og frv. fer fram á. Vér leggjum því til, að þessi töluliður sé settur 4000 kr., en ekki 4400, eins og stendur í frv.

10. gr. A. 3.

Í aths. við frv. er sýnt fram á, að hin umboðslega endurskoðun sé orðin svo umfangsmikil, að nauðsynlegt sé að bæta við það fé, er til hennar sé varið, og sömul. er bent á, í aths., að nauðsynlegt sé, að hafa fastan aðstoðarmann við starfið, til þess að fá trygging fyrir því, að ætíð sé til æfður og hæfur maður til að vinna það verk. Nefndin fellst á þetta hvortveggja og telur rétt, að sú upphæð sé veitt, sem stjórnin fer fram á. Þar á móti teljum vér réttara og vænlegra til að ná tilganginum, að ákveða ótvíræðlega í sjálfum fjárlögunum, að 1000 kr. sé ætlaðar föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipi, og leyfum oss því að gera tillögur til breytinga í þá átt.

Við 10. gr. B. 3. c.

Upphæðin til viðhalds fangelsanna, sem með sérstöku tilliti til fangelsisins í Stykkishólmi er í frv. áætluð 1900 kr. f. á., álítum vér að sé óþarflega há, þar sem ætla má, að smiðir þeir, er gert hafa áætlun um kostnað við aðgerð á nefndu fangelsi, mundu fást til að framkvæma hana fyrir þá upphæð, er þeir nefna. Vér leggjum því til, að þessi stafliður sé settur 1600 kr. fyrra árið.

Við 10. gr. C. 1.

Það mun hafa verið tilætlun alþingis 1897, að landshagsskýrslurnar yrðu sérstök bók, en ekki lengur taldar sem ein deild af stjórnartíðindunum, þó svo, að allir þeir, er fá stjórnartíðindin ókeypis, fengju einnig landshagsskýrslurnar á sama hátt, en auk þess væru landshagsskýrslurnar seldar sér, hverjum sem vildi. Vér leyfum oss að vekja eftirtekt á þessu, og vonum að það verði tekið til greina framvegis.

Við 10. gr. C. 4.

Við stafl. a. og b. leggjum vér ekki til að neinar breytingar séu gerðar; enda höfum vér ekki haft með höndum neinar tillögur eða málaleitanir, er fari í þá átt, nema tilboð frá skólastjóra Torfa Bjarnasyni, þar sem

hann býður að selja landinu Ólafsdalsskóla. Vér treystum oss eigi til að leggja með því, að nefndu tilboði sé tekið, því það er hvorttveggja, að til þess þarf allmikið fé, og auk þess og einkanlega er það fjarri þeirri meginreglu, sem á er komin með fyrirkomulag búnaðarkenslumála vorra, þar sem búnaðarskólarnir heyra undir stjórn, yfirráð og umsjón, er heima á í hverju því amti, er búnaðarskólinn stendur í, en viðkoma ekki landsstjórn og löggjöf að öðru en því, að þeir fá fjárstyrk af landssjóði.

Við stafl. c. er það fyrst og fremst að athuga, að nú er þegar stofnað hið ráðgerða búnaðarfélag Íslands, og búnaðarfélag Suðuramtsins því ekki lengur til sem slíkt. Fjárveitingin verður því að miðast við Búnaðarfélag Íslands. Nefndinni hefir borist beiðni frá stjórn þess félags, þar sem farið er fram á, að því séu veittar 10000 kr. hvort árið. Vér teljum nú rétt og sjálfsagt, að styrkja þetta félag all-ríflega, og gerum ráð fyrir, að með tímanum takist það á hendur aðalstjórn og umsjón með búnaðarefnum landsins, þannig, að því verði veitt alt það fé, er nú gengur úr landssjóði til búnaðarskóla, búnaðarfél. og búnaðarrita o. s. frv. En að svo stöddu teljum vér eigi ráðlegt að afhenda búnaðarfél. Íslands öll þessi ráð og alt þetta fé, meðan stjórnun þess og starfasvið er ekki komið á fastan fót. En til þess þó að fél. hafi talsvert fé til umráða, leggjum vér til, að því sé veitt 8000 kr. hvort árið, en þó með því skilyrði, er hér segir.

Frá landbúnaðarnefnd neðri deildar fengum vér í hendur erindi, þar sem óskað er, að veitt sé fé til að fá danskan mann, er kunni vel að mjólkurmeðferð, til að koma mönnum á lag með og kenna fullkomna aðferð við smjör- og ostagerð, á einhverjum hentugum stað, helzt við Hvanneyrarskóla, og óskar landbúnaðarnefndin, að til þess séu lagðar 3000 kr. fyrra árið, en 2000 hið síðara, og að stjórn búnaðarfél. hafi framkvæmd þess máls í höndum sér. Vér erum þessu hlyntir, en teljum hagfeldast og einfaldast, að láta fé það, er með þarf til þessa, vera fólgið í þeirri aðalupphæð, er búnaðarfél. er veitt. Verður þá ekki á það talið, þótt fél. verji, til að útvega manninn, hærri upphæð eða lægri en landbúnaðarnefndin stingur upp á. Vér leggjum því til, að 8000 kr. fjárveiting til búnaðarfél. sé bundin því skilyrði, að fél. útvegi hæfan mann til þess, er hér hefir verið rætt um.

Nefndinni barst beiðni frá prestinum í Sauðlauksdal um 500 kr. fjárveiting til sandgræðslu, er verja mundi tún fyrir eyðileggingu. Vér teljum þetta mál vel þess vert, að því sé gaumur gefinn, en teljum jafnframt ráðlegast, að vísa því til Búnaðarfél. Íslands, er væntanlega mun helzt hafa þeim mönnum á að skipa, er skyn bera á að dæma um nauðsyn og möguleika þessa. Teldum vér því máli vel komið, ef stjórn félagsins vildi taka það til athugunar og aðgerða.

Um stafl. d. viljum vér geta þess, að samkv. upplýsingum, er vér höfum fengið, mun vera réttara að orða hann svo: »styrkur til útgáfu búnaðarrits« með því að ekki er ólíklegt, að annar hafi framvegis útgáfu ritsins á hendi. Það skal þó tekið skýrt fram, að nefndin ætlast til, að styrkur þessi gangi til

framhaldandi útgáfu hins sama rits, sem hingað til, en ekki til annars eða annara búnaðarrita, er út kunna að verða gefin á fjárhagstímabilinu.

Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar leggjum um vér til að sé veittur eins og á gildandi fjárlögum.

10. gr. C. 6. b.

Vér leggjum til, að þessi liður sé ákveðinn 100 kr. Vér verðum að telja umsjónarmannsstarfið allvel launað, og að þessar 100 kr. muni geta nægt til ferðakostnaðarins. Annars verður nefndin að telja það miður heppilegt af stjórninni, að koma eigi fram með tillögur um vitabyggingar á neinum öðrum stöðum en við Faxaflóa, þar sem nauðsyn vita er víst engu minni á ýmsum öðrum stöðum, og mun það taka að vekja óánægju víðsvegar um land, og verður tæplega sagt, að það sé að ástæðulausu. — Vér viljum þó eftir atvikum ráða til að tillögur frv. um vitabyggingar verði samþyktar, en væntum þess, að þegar stjórnin gerir tillögur sínar um vitabyggingar fyrir næsta þing, þá líti hún á nauðsyn lands og þjóðar víðar en við Faxaflóa.

11. gr. 6.

Nefndinni virðist áætlunin um árl. kostnað við spítalann vera mjög há í ýmsum liðum, og verður að ætla, að nokkuð mætti spara á þeim. Þannig viljum vér leggja til, að upphæðin til eldiviðar sé færð niður í 3500 kr. Fyrir þá upphæð mun mega fá 1000 skpd. af kolum, og virðist það vera fullvel til lagt. — Kostnaður til starfsmanna, bæði að því er snertir fjölda þeirra, laun og fæðiskostnað, finst oss vera nokkuð hár; sama er að segja um kostnað til ljósmetis, þvotta og ræstingar og til hestafóðurs. Vér gerum ráð fyrir, að koma ef til vill fram með tillögur til lækkunar á þessum liðum síðar, er vér höfum kynt oss og rannsakað þetta betur en vér höfum getað gert til þessa.

11. gr. 8. d.

Frá stjórn hins nýbygða spítala á Seyðisfirði barst nefndinni beiðni um 6000 kr. fjárveiting til að útbúa spítalann til notkunar. Beiðninni fylgdi lýsing á húsinu og virðingargerð og sömul. yfirlýsing um það, að tilætlunin væri, að afhenda spítalann til eignar Austuramtinu og Seyðisfjarðarkaupstað, þegar er hann væri kominn í það lag, að mega heita fullger, en til þess vantar enn allan rúmfatnað o. fl. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður hafa styrkt bygginguna mjög vel, og margir einstakir menn hafa lagt fram kapp og krafta til að setja hann á stofn, og er hann nú talinn að vera 15000 kr. virði. Þegar nú þess er gætt, að þetta er alt komið á stofn með að eins óvanal. litlum styrk úr landssjóði, virðist rétt að veita spítalanum talsverðan styrk nú, og leggur nefndin til, að til þess sé veittar 4000 kr. —

Samkvæmt beiðni úr Barðastrandarsýslu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að alt að 3000 kr. styrkur sé veittur til spítalabyggingar á Patreksfirði, með því skilyrði, að helmingi hærri upphæð verði veitt til þess fyrirtækis annarsstaðar frá.

Nefndin leggur til, að Guðmundi lækni Hannessyni sé veittur 800 kr. styrkur hvort árið til að launa aðstoðarlækni. — Hin afarmikla aðsókn að Guð-

mundi sem lækni, einkum síðan hinn nýi spítali komst á stofn, gerir þessa fjárveiting mjög nauðsynlega; enda er læknishéraðið mjög mannmargt.

Landlæknirinn hefir óskað að fé væri veitt til að gefa út nýa ljósmóðurfræði. Nefndin felst á, að það muni vera nauðsynlegt, að slík bók komi út, og leggur til, að veitt sé til þess 25 kr. fyrir örkina, alt að 500 kr.

12. gr. A. 1. og 3.

Jafnvel þótt hækkun sú, sem frv. fer fram á, til útgjalda við póststjórnina, sé allgífurleg, verður nefndin á hinn bóginn að játa, að breytingar þær og bætur, sem ætlast er til að gerðar séu, virðast vera nauðsynlegar og gagnvænlegar og viljum vér því ekki leggja til, að útgjöldin á þessum liðum sé lækkuð. — Að eins stingum vér upp á, að í staðinn fyrir orðin: »1 bréfberi í Reykjavík« komi: »til bréfaburðar í Reykjavík«, því vera má, að til þess yrði stundum að nota fleiri en einn mann. — Nefndin ætlast til, að póstbréfakassar séu settir á ýmsum stöðum í bænum, og að bæjarpóstur gangi um bæinn að minsta kosti einu sinni á dag. Í sambandi við það viljum vér vekja athygli á því, að hentugt mundi vera að ákveða bréfburðargjaldið fyrir Reykjavík á annan veg en annarsstaðar, því að 5 aurar fyrir einfalt bréf er nokkuð hátt gjald, og má gera ráð fyrir, að tekjur póstsjóðsins af innanbæjarbréfum mundu fremur vaxa en minka við það, að hafa burðargjaldið lægra. — Væri hæfilegt að láta gjaldið fyrir venjuleg bréf vera 4 aura, eins og það er í Kaupmannahöfn; en til þess yrði auðvitað að búa til ný frímerki. Viljum vér hér með skjóta þessu máli til stjórnarinnar til athugunar og væntanl. aðgerða.

12. gr. A. 4.

Nefndin álítur, að nægja muni að veita að þessu sinni 500 kr. í þessu skyni og leggur því til, að upphæð töluliðsins sé breytt samkvæmt því. —

12. gr. B.

Vér finnum eigi ástæðu til að koma fram með till. til breytinga á þessum liðum, og verðum að telja ákvæði frv. á allgildum rökum bygð. En vér leggjum til, að bætt sé við einum tölul., þeim 6., um styrk til Ísafjarðarsýslu til að gera veg yfir Breiðdalsheiði, alt að 2500 kr., gegn því, að sýslubúar leggi fram að minsta kosti jafnmikla upphæð. — Fjárveiting til vegagerðar á þessari heiði féll með eins atkv. mun í sameinuðu þingi 1897, og teljum vér rétt, að nú sé þessi styrkur veittur, með því að mjög mikil nauðsyn mun vera til þess, að vegur sá, er hér ræðir um, sé bættur.

Nefndin hefir fundið mjög til þess, hve óþægilegt það er, að eiga að taka ákvarðanir um hinar ýmsu fjárveitingar til vegagerða, sem stjórnin stingur upp á, og hafa ekki annað til að átta sig á en það sem stendur í aths., að tilætlunin sé að verja fénu til einhvers þar eða þar, en engin áætlun og jafnvel engin bending um, hvað í ráði sé að vinna á hverjum stað, eða hve mikið fé muni til þess ganga. — Oft er að eins lausleg bending um, að stjórnin hafi hugsað sér að láta gera eitthvað, brúka einhverja fjárhæð í þeirri eða þeirri sýslu, þeim eða þeim hluta landsins. Vér verðum að óska þess alvarlega, að framvegis verði ráðin bót á þessu, og að fyrir þinginu liggi nokkurn veginn nákvæmar áætlanir um sérhver þau verk, er stjórnin óskar að fá veitt fé til,

hvort heldur eru vegir eða annað. Vonum vér, að stjórnin telji þessa kröfu sanngjarna, og sjái um, að úr þessu verði bætt þegar á næsta þingi.

Í fjárlaganefndaráliti síðasta þings var það tekið fram, að ætlast væri til, að af fé, því er þá var veitt til þjóðvega, væri varið því er þyrfti til að varða Þorskafjarðarheiði. — Vér vitum eigi til, að enn sé gerð ráðstöfun til framkvæmdar þessu, og viljum enn halda því fastlega fram, að þetta nauðsynjaverk sé ekki látið dragast lengur en til næsta árs, og sé þá um leið endurbætt sæluhúsið á heiðinni.

12. gr. C. 2.

Nefndin leggur til, að stafl. b., styrkur til gufubátsferða á Breiðafirði, falli burtu. Styrkur þessi mun nú vera borgaður til gufubátsins »Reykjavík«; en þær ferðir, er sá bátur fer til Breiðafjarðar, eru svo fáar og óhagkvæmar, að eigi sýnist rétt að verja svo miklu fé til þeirra, enda allrífleg upphæð, sem veitt er til ferða þess báts, þótt þetta gangi undan. — Aths. breytist samkvæmt því. — Að því er snertir styrkinn til gufubátsferða á Ísafjarðardjúpi leggjum vér til, að skilyrði um fjárgreiðslu til hins sama frá Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað sé felt burtu, án þess þó að hækka styrkinn úr landssjóði.

Frá Árnesingum hefir komið fram beiðni um fjárstyrk til að bæta innsigling og skipalægi á Stokkseyri. — Þar eð þetta er hið mesta nauðsynjamál, og virðist eftir framkominni áætlun að vera ekki ókleift sökum kostnaðar, leggjum vér til, að veittar séu til þess alt að 5000 kr., með því skilyrði, að annarsstaðar að fáist að minsta kosti jafnmikil upphæð til fyrirtækisins, og að trygging sé fyrir, að verkið verði vel unnið.

Frá sömu sýslu hafa komið fram bænir um fjárstyrk til að bæta lendingar á ýmsum stöðum. — Vér leggjum til að veittar sé alt að 400 kr. til að bæta lending í Þorlákshöfn. Þar er þrautalending og þó hættuleg, og mundi mega bæta hana mjög með tiltölulega litlum kostnaði. Skilyrði fyrir fjárveitingunni viljum vér að sett séu hin sömu og við fjárveitinguna til Stokkseyrar.

12. gr. D.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að aths. sé feld burtu.

13. gr. A.

Frá síra Helga Árnasyni í Ólafsvík hefir komið beiðni um, að fé sé veitt til að reisa við $2^1/_2$ fallin prestmötukúgildi á jörðinni Laugarbrekku, og að presturinn fái 459 kr. 50 aura fyrir tekjumissi síðan 1883, er af kúgildafallinu hefir leitt. Vér viljum leggja til, að veittar séu í þessu skyni 300 kr. og séu hin töllnu kúgildi reist fyrir þá upphæð, en presturinn fái afganginn sem uppbót fyrir þann hluta tekjumissisins, er bæzt hefir við síðan hann fyrst leitaði til þingsins með leiðrétting mála sinna, en það var 1895. En vér leggjum það til, að fjárveiting þessi sé gerð með því skilyrði, að jörðin Laugarbrekka með hjáleigunum Holti og Hóli verði afsöluð landssjóðnum til eignar, með því að hún verður að skoðast sem veð fyrir kúgildum og prestsmötu, en hefir reynst óseljandi fyrir nokkurt það verð, er nálgist upphæð þeirrar kröfu, er á henni hvílir í tilefni af þessu.

Á prestssetrinu Felli í Mýrdal hefir presturinn orðið að flytja staðarhúsin

og byggja þau af nýu á öðrum stað, með allmiklum kostnaði, með því að á hefir brotið jarðveginn alt að þeim stað, er staðarhúsin hafa staðið á. Beiðni prestsins um fjárstyrk til byggingarinna þykir oss eftir atvikum sanngjörn og eðlileg og leggjum til að honum séu veittur 600 kr. styrkur.

13. gr. B. I. b. 8.

Þessi liður leggjum vér til að að falli burtu. Vér álítum, að það sé ekki samkvæmt tilgangi fjárveitingarinnar að verja henni til að gefa út rit, þótt góð séu, sem fyrverandi kennarar hafa samið, þar sem vér teljum víst, að þau verði ekki til frambúðar notuð við kensluna.

13. gr. B. II.

Samkvæmt erindi og skýrslu frá landlækninum leggjum vér til að stafl. b. 2 verði hækkaður upp í 200 kr. hvort árið.

13. gr. B. III. c. 3.

Vér leggjum til, að þessi liður sé settur 3200 kr. fyrra árið, en ekki 5,422.65, eins og stendur í frv. Vér ætlum, að aðgerðin á bókhlöðugólfinu eigi að vera af timbri, en ekki af steinsteypu, eins og frv. gerir ráð fyrir, með því að steinsteypa er mjög lengi að þorna, og mundi gera húsið óbrúkandi um alllangan tíma sökum raka. Vér teljum einnig réttast, að gera við girðinguna með timbri, en ekki steini, eins og gert er ráð fyrir í frv., og mælir með þeirri tillvorri það, meðal annars, að af steingarði mundi leiða það, að götur þær, er meðfram girðingunni liggja, mundu verða tímum saman illfærar af snjó. — Ennfremur virðist oss nægilegt að ætla 400 kr. til skúrs þess, sem ráðgert er að byggja við leikfimishúsið. Á þennan hátt hyggjum vér, að mætti spara svo mikið, að upphæð sú, er vér leggjum til að veitt sé, muni nægja.

Bjarni Jónsson kennari, sem um nokkur undanfarin ár hefir haft á hendi tímakenslu við lærðaskólann, ber sig upp um það, að laun þau, er hann hafi fyrir störf sín við skólann, séu með öllu ólífvænleg og í engu réttu hlutfalli við þau laun, er kennarar hafa fyrir jafnmikil störf. Nefndin játar, að launin eru hvergi nærri viðunanleg, og þegar þess er gætt, að hann hefir óvanalega lengi orðið að sitja við þessi kjör, að hann er talinn að vera þarfur skólanum, og að það mundi vera skaði fyrir skólann, ef hann neyddist til að fara frá honum, sýnist sanngjarnt að veita honum uppbót, er skoðast verður sem uppbót fyrir hann sjálfan, og sem að sjálfsögðu fellur burtu, ef hann kemst að embætti við skólann. Vér leggjum því til, að honum sé veittar 500 kr., en viljum um leið taka það fram, að vér ætlumst til, að hann sé þá háður skyldum þeim, er hvíla á föstum kennurum skólans.

13. gr. B. III. c. 4.

Jafnvel þótt nefndin álíti fremur óviðkunnanlegt, að þurfa að veita fé til að fá hæfa menn til að vera prófdómendur við lærðaskólann, þar sem það er annars vegar að skoða sem heiður, viljum vér ekki leggja til, að tillaga stjórnarinnar um það sé felld, en vér verðum að ætla, að 100 kr. megi nægja í bráð, og leggjum því til, að tölul. sé breytt samkv. því.

13. gr. B. III. c. 11.

Vér vítum ekki til, að neinar kenslubækur handa lærðaskólanum hafi

verið gefnar út enn. Og þótt vér ekki leggjum til, að liðurinn sé feldur, væri æskilegt að fá að heyra ástæðurnar fyrir því, að hann er settur í frv.

13. gr. B. IV.

Vér viljum benda á, að hagfeldara mundi vera, að aðalumsjón skólans væri falin amtmanninum yfir Norðuramtinu, heldur en að hún heyri beint undir landsstjórnina, landshöfðingja eða stiftsyfirvöld, eins og nú á sér stað. Landshöfðingi og stiftsyfirvöld eru of langt frá skólanum til að geta haft hönd í bagga með umsjón hans. Vér sjáum heldur ekki neitt því til fyrirstöðu, að landshöfðingi megi fela amtmanninum þetta starf, og teljum ráðlegt, að það sé gert sem fyrst.

13. gr. B. V.

Það er enginn efi á því, að stýrimannaskólinn er þörf og mikilsverð stofnun, enda vex kostnaður til hans óðum. Vér verðum að ætla, að komast megi af með nokkru minna fé en frv. gerir ráð fyrir í sumum liðum, og leggjum vér til að tölul. 2 verði ákveðinn 800—200 og tölul. 4. 500—400. 5. liður leggjum vér til að falli burtu, því að vér sjáum eigi ástæðu til að auka lóð skólans að sinni.

13. gr. B. VI. a.

Vér treystum oss ekki til, að leggja til að breytingar séu gerðar á fjárveiting til kvennaskólanna, þótt úr Húnavatnssýslu hafi komið tilmæli um það. En vér stingum upp á, að bætt sé við nýum lið, 500 kr. fjárveiting til frú Guðl. Wíum til að halda kvennaskóla á Seyðisfirði. Nefndinni sýnist sanngjarnt að veita þetta fé, þar sem enginn kvennaskóli er enn á Austurlandi, og gerir sér góðar vonir um heppilegan árangur af þessu fyrirtæki.

13. gr. B.

Samkvæmt beiðni Stefáns Eirikssonar leggur nefndin til, að honum sé veittur 600 kr. styrkur hvort árið til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík. Nefndin álítur rétt að styrkja þennan mann, sem að allra dómi er einkar-vel að sér í sinni ment, til að koma á fót svo þörfu fyrirtæki, sem þetta verður að teljast.

13. gr. C. 3.

Nefndin hefir eftir föngum reynt að átta sig á þessum nýu tillögum um stofnun landsskjalavarðarsýslunar og um geymslu skjalasafnsins. Nefndin felst í aðalatriðunum á tillögurnar og telur nauðsynlegt og sjálfsagt, að hlynna að skjalasafninu og reyna að haga því svo, að mögulegt verði að hafa þess not. En oss sýnist, að laun þau, er skjalaverðinum eru ætluð, séu óþarflega há, og leggjum til, að þau séu fyrra árið 1000 og síðara árið 800 kr. Ætlum vér rétt, að setja þau hærri fyrra árið, með sérstöku tilliti til flutnings á safninu. En það er ein aðalbreyting á fyrirkomulaginu, sem vér viljum gera, og hún er sú, að leigja ekki rúm fyrir safnið í hinu nýa húsi landsbankans, heldur geyma skjalasafnið í alþingishúsinu, í þeim hluta þess, er forngripasafnið nú hefir, en fá aftur rúm í landsbankahúsinu fyrir forngripasafnið. Af þessu leiðir fyrst og fremst þá breyting á frv., að 13. gr. C. 3. b. fellur burtu. En ástæðurnar fyrir þessum tillögum vorum eru þessar:

Forngripasafnið fer æ vaxandi, og eins og menn munu vita, eru það alt af fleiri og fleiri sem vilja sjá það og skoða, einkum útlendingar. Rúm það, er forngripasafnið nú hefir í þinghúsinu, er ekki stærra en svo, að allmikill hluti gripanna verður alls ekki sýndur, og því, sem sýnt verður, er eigi hægt að raða svo, að safnið sé aðgengilegt til skoðunar, og liggur við, að það verði að kallast óboðlegt. Sé nú svo litið á, að safnið sé dýrgripur, er oss beri að varðveita sem bezt og sæmilegast, verðum vér að fá því hentugri stað, og hefir þeirri tillögu verið hreyft, að landið byggi stórhýsi fyrir söfn sín, með sérstöku tilliti til forngripasafnsins. En eins og högum vorum nú er háttað, verðum vér að telja fremur óráðlegt að leggja í þannig lagaðan stórkostnað að svo stöddu, og er þá ekki annað til, en fá leigðan stað fyrir safnið, en slíkan stað er hvergi að fá nema í hinu nýja bankahúsi. Stjórn safnsins og umsjónarmaður þess telja þetta eftir atvikum hið ráðlegasta, sem nú sé hægt að gera, og sama er ætlun nefndarinnar. En þetta kostar talsvert fé. Landsbankinn er mjög vandað og dýrt hús, og verður að greiða í leigu af þeim hluta hússins, er safnið fær til notkunar, en það er allur efri hluti hússins, 2000 kr. á ári fyrir húsrúm og hita. Þar við bætist kostnaður við flutning safnsins og fyrirhöfn við að koma því fyrir aftur, sem mun einnig kosta töluvert. Nefndin hefir enn eigi fengið áætlun um þann kostnað, en vonar að geta komið fram með beinar tillögur um það til 2. umr.

13. gr. C. 4.

Breytingar þær, sem vér leggjum til að gerðar séu á þessum tölulið, eru beinlínis miðaðar við þá breyting á bókmentafélaginu, að Reykjavíkurdeildin hefir nú tekið að sér útgáfu Fornbréfasafnsins.

13. gr. C. 12.

Vér leggjum til, að tveir menn fái styrk til að nema dýralækningar, og verður því að tvöfalda upphæðina. — Nú sem stendur mun enginn nota styrk þann, sem til þess er ætlaður á gildandi fjárlögum; en vér höfum fyrir satt, að fleiri en einn efnilegir menn vilji framvegis gefa sig við að nema dýralækningar, og teljum rétt að styrkja þá til þess, meðal annars vegna þess, að annað dýralæknis-embættið er enn óveitt.

13. gr. C. 13.

Nefndin leggur til, að þessi liður sé feldur, og færir það til, að hlutaðeigandi hafi nú all-lengi notið ríflegs fjárstyrks, en ávextir þess sjáist tiltölulega litlir. — Þar á móti leggjum vér til, að Jón Jónsson sagnfræðingur fái 600 kr. styrk á ári, til að halda áfram að rannsaka og rita um sögu Íslands. — Af styrk þeim, er hann hefir notið, sést talsverður árangur, og ætlum vér rétt, að styðja hann til að halda áfram.

Geir kennari Zoëga sækir um að hafa framvegis hinn sama styrk og hann hefur nú, 500 kr. á ári, til að halda áfram að semja íslenzk-enska orðabók. Vér teljum rétt að veita þennan styrk, til þess að hann fái haldið áfram verkinu, sem verður að teljast næsta þarft, og gerir hann ráð fyrir að hafa lokið því á 3 árum.

13. gr. C. 19.

Vér stingum upp á, að þessi liður sé lækkaður um helming, en aftur á

móti sé jafnmikilli upphæð og lækkuninni nemur varið til að styrkja Stefán kennara Stefánsson, til að rannsaka fóður- og beitijurtir. Ætlum vér, að slíkar rannsóknir sé líklegar til gagns, og æskilegt að fá þeim framgengt sem fyrst.

Vér leggjum til, að þeim Einari Jónssyni og Þórarni Þorlákssyni (tölul. 20 og 21) sé veittar 1000 kr. hvorum fyrra árið, meðal annars til þess að benda ótvíræðilega á, að ætlast sé til, að nú sé námsstyrk til þessara manna lokið.

Vér höfum haft til yfirvegunar beiðni frá cand. polyt. Sigurði Péturssyni, þar sem hann óskar að fá 2000 kr. styrk til að fara til París árið 1900, dvelja þar við sýninguna og loks rita um sýninguna fyrir oss Íslendinga. Vér játum að þetta getur verið gagnvænlegt, og eigi hvað sízt til að fullkomna umsækjandann sjálfan, sem er talinn einkar-áhugasamur og duglegur maður. Leggjum vér því til að þetta sé veitt.

Frá Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík hefir oss borist beiðni um það, að upphæð sú, sem fél. er ætluð í frv., sé hækkuð um 100 kr. Eftir því sem oss er frekast kunnugt, hefir félagið farið vel með það fé, er því var veitt á fjárlögum þeim, er nú gilda, og teljum vér rétt, að verða við þessari hóflegu beiðni þess; mætti það, ef til vill, verða til þess, að það gæti styrkt einum manni fleira til utanfarar, fyrir þessa litlu upphæð.

15. gr.

Vér föllumst á það, að rétt sé að dr. Þorv. Thoroddsen geti fengið lausn frá störfum sínum sem skólakennari. En vér teljum rétt að hann fái lausn með hærri eftirlaunum en stjórnin leggur til, í heiðurs- og viðurkenningarskyni fyrir störf hans sem vísindamaður og rithöfundur, og fyrir þá sæmd, er hann hefir gert Íslandi í hinum mentaða heimi. Leggjum vér til að eftirlaunin séu sett 2000 kr. Sömuleiðis fellur að sjálfsögðu burtu setningin: »Til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr.«

Landbúnaðarnefndin í neðri deild hefir sent oss tillögu um, að viðlagasjóður veiti lán, alt að 20,000 kr. til stofnunar mjólkurbúum, með 3% vöxtum og borgun á 20 árum. Vér erum meðmæltir þannig lagaðri lánveiting til þessa, og leggjum til, að viðaukagrein um það komi inn í fjárlögin á eftir greininni um lán til þilskipakaupa.

Þar næst leggjum vér til, að sett sé, eftir tillögum landbúnaðarnefndarinnar, viðaukagrein, er gefi heimild til, að veita sveitarfélögum alt að 30000 kr. lán til jarðabóta, með líkum kostum og skilmálum og settir eru fyrir slíkum lánum á gildandi fjárlögum.

Ennfremur leggjum vér til, að Reykjavíkurkaupstaður eigi kost á að fá, samkvæmt beiðni bæjarstjórnarinnar, alt að 90000 kr. lán til skipabryggjugerðar, með $3^1/_2$% vöxtum og afborgun í 25 ár. Heimild til þessarar lánveitingar hefir áður verið veitt, en varð þá ekki notuð.

Loks leggjum vér til, að veita megi alt að 5000 kr. lán til að koma á fót múrsteins- og þakhellugerð.

Allar þær breytingar, sem vér samkvæmt framanrituðu nefndaráliti leggjum til að gerðar sé á frumvarpinu, látum vér prenta á sérstöku skjali, svo sem venja hefir verið til. Sömuleiðis látum vér prenta sérstakl. skrá um bæn-

arskrár þær allar og málaleitanir, er oss hafa borist og vér höfum tekið til yfirvegunar og meðferðar.

Neðri deild alþingis 23. júlí 1899.

Tryggvi Gunnarsson formaður. Jón Jónsson þm. Eyf. skrifari og framsögum.

Guðjón Guðlaugsson. Jón Jensson. Skúli Thoroddsen.

Jón Jónsson þm. A.-Sk. Sigurður Gunnarsson.

Nd. 173. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um aðflutningsgjald á tóbaki.

Frá Jóni Jónssyni þm. A.-Sk., Eiríki Gíslasyni, Sighvati Árnasyni, Sigurði Gunnarssyni, Halldóri Daníelssyni, Sk. Thoroddsen.

Við 1. gr. Fyrir »sígarettum« komi: vindlingum (cigarettum).

Nd. 174. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um útflutningsgjald á hvalafurðum.

Frá Jóni Jónssyni, þm. Askaftf.

Við 1. gr.

Tölul. 3. Fyrir »hvalkjötsmjöli« komi: þvestismjöli.

Tölul. 4. Fyrir »hvalguano« komi: verksmiðjuáburði af hvölum.

Ed. 175. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. Frá Sigurði Jenssyni.

1. V. 1. gr. Í fyrstu málsgrein í stað »42« komi: 43.
2. — — — Aftan við: 6. Barðastrandar hérað: Barðastrandarsýsla fyrir vestan Vatnsdalsá, bætist: nema Dalahreppur og Suðurfjarðar hreppur.
3. — — — Eftir 42. tölulið bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
   43. Bíldudals hérað: Dala hreppur og Suðurfjarðar hreppur í Barðastrandarsýslu.

Ed. 176. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.

Frá Sigurði Jenssyni.

1. Við 1. gr. 4. flokkur og 5. flokkur verði einn flokkur og nefnist 4. flokkur. Orðin: »5. flokkur« falli burt.
2. Við 2. gr. Orðin »og 5.« í 2. málsgrein falli burt.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna: »Í 4. flokki . . . 1500« komi: Í 4. flokki . . . 1400.
3. Við 3. gr. Orðin: »Í 5. flokki . . . 1300« falli burt.

Nd. 177. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. Frá Jóni Jenssyni.

Í stað orðanna í 3. gr. »eða skilgetin börn hans eru á lífi« komi: er á lífi.

Nd. 178. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um aðflutningsgjald á tóbaki (eins og það var samþykt við 2. umræðu í Nd.).

Frá landshöfðingja.

Við 1. gr., 1. málsgr. Fyrir orðin: »Af hverju pundi af sígarettum« komi: »af hverjum hundrað sígarettum«.

Nd. 179. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja.

Flutningsm. Guðl. Guðmundsson, Ólafur Briem, Þórður Thoroddsen, Sk. Thoroddsen, Sigurður Gunnarsson, Jens Pálsson.

Við 2. gr. í niðurlagi:

I stað orðanna: »hafa meira en 2° stykleika« komi: »eru staðjastaðar (hvítt öl)«.

Nd. 180. **Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan 1874 (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.)

Í staðinn fyrir 2. gr., 3. gr., 19. gr., 1. lið 25. gr., 34. gr., 2. málsgr. 61. gr. og 2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni komi svohljóðandi greinar:

1. grein. (2. gr. stj.skr.).

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sérstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafa fyrir Ísland framkvæma það. Ráðgjafinn fyrir Ísland má eigi hafa annað ráðgjafaembætti á hendi og verður að skilja og tala íslenzka tungu.

Hið æðsta vald innanlands á Íslandi skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar og hefir aðsetur sitt á Íslandi. Konungur ákveður verksvið landshöfðingja.

2. grein. (3. gr. stj.skr.).

Ráðgjafinn ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Alþingi getur kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans eftir þeim reglum, er nánar verður skipað fyrir um með lögum.

3. grein. (19. gr. stj.skr.).

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

4. grein. (1. málsgr. 25. gr. stj.skr.).

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal

leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja tillag það, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sérstaklegu gjalda Íslands, þó þannig, að greiða skuli fyrir fram af tillagi þessu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, eins og þau verða ákveðin af konunginum.

5. grein. (34. gr. stj.skr.).

Ráðgjafinn fyrir Ísland á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og á hann rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Í forföllum ráðgjafa má hann veita öðrum manni umboð til þesss, að mæta á alþingi fyrir sína hönd, en að öðrum kosti mætir landshöfðingi fyrir hönd ráðgjafa. Atkvæðisrétt hefir ráðgjafinn, eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

6. gr. (2. málsgr. 61. gr. stj.skr.).

Nái uppástungan um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna og vilji stjórnin styðja málið, skal leysa alþingi upp þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju.

7. grein. (2. ákv. um stundars.).

Þangað til lög þau, er getið er um í 2. gr., koma út, skal hæstiréttur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland út af embættisfærslu hans, eftir þeim málfærslureglum, sem gilda við téðan rétt.

Ed. 181. **Frumvarp**

til laga um fjármál hjóna (eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

I. þáttur.

Kaupmálar hjóna.

1. gr. Þá er gjöra á með kaupmála breyting á hinu venjulega helmingafélagi hjóna, þá er hann því að eins gildur, að kaupmálinn sé skriflegur, og undirritaður af hjónunum, hvort sem hann er gjörður á undan eða eftir giftingu. Eigi má breyta kaupmála né fella hann úr gildi nema með nýjum kaupmála.

2. gr. Nú er annað hjóna eða hjónaefna halfmyndugt, er það gjörir kaupmála, og þarf þá samþykki tilsjónarmanns; sé það ómyndugt eða svift fjárforráðum, skal samþykki fjárráðamanns, auk samþykkis þess sjálfs, koma til.

3. gr. Nú er kaupmáli gjörður samkvæmt því, er að framan er sagt, og er hann þá án konungsstaðfestingar skuldbindandi fyrir hjónin sjálf og fyrir erfingja þeirra, sé hann gjörður áður en þau gengu í hjónaband. Sé hann gjörður eftir að þau gengu í hjónaband, verður hann skuldbindandi fyrir þau sjálf og erfingja þeirra, þegar konungur hefir staðfest hann.

4. gr. Með kaupmála mega hjón skipa fjármálum sínum á hvern löglætan hátt, er þeim sýnist, ef þau gæta þess, er í lögum þessum segir; þurfi kaupmálinn staðfestingar, má yfirvaldið synja um hana að öllu eða nokkru leyti, ef því sýnist svo.

Eigi má þó ákveða í kaupmála eður á annan hátt, að allar eigur annars hjóna, er það á og síðar eignast, skuli vera séreign hins, eður að séreign ann-

ars þeirra skuli vera í umráðum hins eins, eða að afraksturinn af sjálfstæðri atvinnu annars þeirra skuli vera séreign hins eða undir umráðum þess eins; hjón geta eigi heldur með kaupmála þegið sig undan skyldum þeim, er ræðir um í 11. og 22. gr. laga þessara.

5. gr. Kaupmáli er gildur gagnvart öðrum mönnum frá giftingardegi, sé hann löglega þinglesinn áður (sbr. 6. og 7. gr.). Hann gildir þó gagnvart kröfum, sem eldri eru en hjónabandið, hafi þess áður verið beiðst, að hann yrði sem fyrst þinglesinn. Annars gildir hann eigi gagnvart öðrum mönnum fyr en frá þinglýsingardegi.

Kaupmáli er eigi því til fyrirstöðu, að maður, er eigi hafði vitneskju um hann, öðlist með samningi á undan þinglýsing hans réttindi yfir eigum hjónanna. Skuldheimtumenn þeir, sem eiga kröfur, er eldri eru en þinglýsing kaupmálans eða beiðnin um þinglýsinguna, þegar svo á stendur eins og segir í 2. málslið undanfarandi málsgreinar, og stafi kröfur þeirra eigi frá samningi, er gjörður hefir verið með vitund um kaupmálann, og hafi þeir árangurslaust leitað eftir borgun hjá því hjónanna, sem er skuldunauturinn, geta gengið eftir borgun hjá hinu hjónanna í fjármunum þeim, sem það hefir fengið til séreignar með kaupmálanum, nema það sannist, að skuldunautur sjálfur hafi átt nægilegt fé fyrir öllum skuldum sínum á þeim tíma, er kaupmálinn gekk í gildi gagnvart skuldheimtumönnum. Ræði kaupmálinn um fé, er síðar aflast, er þó skuldheimtumönnum fyrirmunað að leita borgunar í fé þessu, ef kaupmálinn er þinglesinn, áður en þess var aflað.

6. gr. Þinglýsing samkvæmt undanfarandi grein skal fram fara á varnarþingi bónda. Nú á hann ekkert varnarþing, og á þó að þinglýsa kaupmála hans hér á landi, og skal þá þinglýsa við hinn kgl. íslenzka landsyfirrétt.

7. gr. Til þess að kaupmáli geti haft áhrif á ráðstafanir yfir fasteignum, verður að þinglýsa honum sérstaklega með tilliti til þeirra. Annars standa þeir samningar óhaggaðir, er þeir menn gera, er ókunnugt er um kaupmálann, enda þótt hann sé þinglesinn á varnarþingi bóndans, séu samningarnir gerðir áður en kaupmálinn er þinglesinn við varnarþing fasteignanna.

8. gr. Á skuldabréf, hlutabréf, ábyrgðarskírteini og önnur slík skjöl skal gjöra áritun um kaupmálann. Þangað til það er gjört, geta þeir, er ókunnugt er um hann, eignast réttindi yfir téðum skjölum, er koma í bága við kaupmálann.

9. gr. Eftir ráðstöfun landshöfðingja skal í Reykjavík halda skrá yfir alla kaupmála hjóna, sem þinglesnir eru. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu, þegar er kaupmáli hefir verið þinglesinn, senda skrifstofu þeirri, er landshöfðingi ákveður og auglýsir, skýrslu um kaupmálann í ábyrgðarbréfi. Í skýrslu þessari skal tilgreina nöfn og stétt málsaðila, bústað þeirra og þinglýsingardag kaupmálans, en eigi skal skýra frá efni hans. Sérhverjum er heimilt að fá skýrslu um það eftir skrá þessari fyrir 1 krónu gjald, hvort kaupmáli hafi gjörður verið, og ef svo er, hvar og hvenær hann hafi verið þinglesinn, en senda verður hann skriflega beiðni um það, er skýrir frá nöfnum málsaðila, og, ef unt er, stétt bónda. Landshöfðingi gefur nánari reglur um fyrirkomulag skrárinnar, og hvernig hún skal haldin. Kostnaðurinn, er af þessu leiðir, greiðist úr landssjóði. Við lok

hvers mánaðar skal birta í auglýsingablaði stjórnarinnar það, sem fært hefir verið inn í skrána mánuð þann, er liðinn er. Til að borga auglýsingarkostnað þennan skal greiða 1 kr., auk þinglýsingargjalds fyrir kaupmála.

II. þáttur.

Um fjárforræði giftrar konu og umráðin yfir félagsbúinu.

10. gr. Um fjárforræði giftrar konu í fjármálum fer sem um fjárforræði ógiftrar. Bónda má skipa tilsjónarmann eða fjárráðamann konu sinnar. En ef ráðstöfun sú, er fram á að fara, snertir hag hans, verður að skipa annan í hans stað.

11. gr. Bóndi hefir einn umráð yfir félagsbúinu. Hann má þó eigi nema með samþykki konu sinnar afhenda, veðsetja né leigja með óvenjulegum kjörum eða um óvenjulega langan tíma fasteignir þær, er eignarskjölin bera með sér, að konan lagði til félagsbúsins, og eigi heldur afhenda, veðsetja né kvitta skuldabréf, hlutabréf, ábyrgðarskírteini, sparisjóðsbækur og þess háttar skjöl, er hún hefur lagt til og bera hennar eignarnafn. Ekki heldur má hann seljast arfsali nema með samþykki hennar. Vilji hún rifta ráðstöfunum, er koma í bága við þessi ákvæði, skal málssókn hafin innan árs frá því er þær voru gjörðar, eða þinglesnar, hafi þær verið lesnar á þingi.

Bóndi má eigi án samþykkis konu sinnar skuldbinda félagsbúið með loforðum um gjafir eða gefa úr því svo, að það á einu ári fari fram úr 5 hundruðustu af skuldlausri eign búsins við næstu árslok á undan. Breyti hann gegn þessu á hún rétt á skaðabótum af séreign hans eða af hans hluta félagsbúsins, þá er því verður skift. Krafa til skaðabóta af séreign bónda skal þó hafin með lögsókn eða áskilin með notarialsvarkröfu á hendur honum innan árs frá því er konan fékk vitneskju um þau atvik, er hún byggir á kröfu sína, og innan mánaðar eftir að búið er tekið til skifta, sé krafa gjörð til skaðabóta úr hluta hans af félagsbúinu.

Þegar svo stendur á, eins og segir í fyrsta kafla greinar þessarar, getur konan í stað þess að rifta ráðstöfuninni krafist skaðabóta af séreign bónda síns eða hluta hans af félagsbúinu á sama hátt og segir í öðrum kafla greinarinnar.

12. gr. Skuldbindingar, er kona hefur gengist undir eða þakað sér áður en hún giftist, hvíla og á manni hennar, nema annað sé um samið í kaupmála, er þau hafa gjört fyrir hjúskap sinn og látið þinglýsa.

13. gr. Ráðstafanir þær, er kona gjörir með samþykki og vitund bónda síns, eða til sameiginlegs gagns og sakir óhjákvæmilegra nauðsynja, skuldbinda félagsbúið.

Ef gift kona verður skaðabótaskyld án þess að það stafi af samningi, eða baki hún sér gjöld fyrir hegningarvert athæfi, má ganga að félagsbúinu til greiðslu nefndra gjalda, en bóndi hefir rétt til að fá þau endurgoldin af séreign konu sinnar, atvinnuarði hennar (sbr. 26. gr.) eða af hluta hennar af félagsbúinu, þegar því verður skift.

Ef kona bakar sér aðrar skuldbindingar í hjúskap sínum, verður til fulln-

ustugjörðar á þeim eigi gengið að öðru en séreign hennar eða atvinnuarði (sbr 26. gr.) eða að hennar hluta af félagsbúinu, hvort sem því er skift eða hún situr í óskiftu búi.

14. gr. Nú er bóndi sviftur fjárforráðum og hefur þá fullveðja kona hans forráð félagsbúsins með fjárráðamanni bóndans.

15. gr. Þá er kona tekst á hendur að svara ein eða með manni sínum til skulda hans eða skuldbindinga, hvort sem það er með ábyrgð, víxilábeking eður framsali að skaðlausu eður því um líku, eður skuldbinding þessi kemur fram á annan hátt, svo sem með veðsetning á séreignum hennar fyrir skuldum hans, en álíta verður, að skuldbindingin í raun og veru miði að hinu sama, þá eru þessar ráðstafanir ógildar, nema þær séu samþyktar af amtmanni.

Hið sama er um ráðstafanir, er hún með þeim afsalar sér trygging, er hún á í eigum bónda síns eða félagsbúsins.

16. gr. Nú hefur bóndi bakað félagsbúinu þess háttar gjöld, er ræðir um í öðrum kafla 13. greinar, og á þá kona hans rétt á að fá þau endurgoldin af séreign hans, eða af hluta hans af félagsbúinu, þá er því verður skift.

III. þáttur.

Séreign og gjafir hjóna á millum.

17. gr. Í séreign hvors hjóna eru ekki að eins persónuleg réttindi, þótt þau kunni að vera arðsöm, svo sem rithöfundarréttur og sams konar réttindi, heldur og verðmæt réttindi, er eigi verða frá skilin þeim, er þeirra nýtur, svo sem eftirlaun, lífeyrir, forlagseyrir, framfærsluréttur, innstæðuréttindi, óafhendanlegur afnotaréttur, þar í talinn ábúðarréttur, atvinnuréttindi, persónuleg einkaréttindi og því um líkt. Arður af þessum réttindum, sem fellur til í hjónabandinu, rennur þó inn í félagsbúið, nema öðru vísi sé ákveðið í lögum, kaupmála eða með annari lögmætri ráðstöfun.

18. gr. Það verður og séreign, þótt eigi sé það ákveðið í kaupmálanum, er annaðhvort hjóna hefir eignast eða síðar eignast að erfð, þó lögarfur þess sé, eða að gjöf, ef og að svo miklu leyti, sem svo hefir verið ákveðið af arfleifanda eða gefanda. Eigi má í kaupmála gjöra breyting á ákvæðum gefanda eða arfleifanda í þessa átt.

19. gr. Auk þess, sem talið er í 17. og 18. gr., er alt það séreign, sem ákveðið er löglega í kaupmála að svo skuli vera.

20. gr. Hvort hjóna hefir umráð yfir séreign sinni, nema hún sé með kaupmála eður með öðru lögmætu ákvæði, svo sem af hálfu arfleifanda eða gefanda, fengin í hendur sérstökum fjárráðamönnum.

Í kaupmála má ákveða, að konan megi eigi, þótt fullveðja sé, ráða yfir séreign sinni, nema með samþykki bónda síns eða tilsjónarmanns.

21. gr. Arður af séreign eftir kaupmála og andvirði hans skal séreign vera, nema annað sé ákveðið í kaupmálanum.

Það sem útvegað er fyrir muni, sem í séreign eru, eða gengur til að bæta þá eða auka, skal og séreign vera, nema annað sé ákveðið í kaupmála; en ef varið er til þessa fé úr félagsbúi eður af séreign hins hjóna, má heimta endur-

gjald fyrir það af séreign þess hjóna, er í hlut á, eður af hluta þess í félagsbúinu, þá er því verður skift.

22. gr. Ef kostnaður til heimilisþarfa (þar með talin húsaleiga) og til viðurværis og uppeldis barnanna getur eigi greiðst af félagsbúinu, er hvort hjóna af sinni hálfu skylt til að leggja fram fé til gjalda þessara af séreign sinni, meðan hún vinst til. Geti hjónin ekki komið sér saman, ákveður amtmaður, hve mikið þau skuli leggja til.

23. gr. Skuldir, er hvíla á öðru hvoru hjóna, þá er þau giftast, skal greiða af séreign þess, ef nokkur er og meðan endist, nema annað sé ákveðið í kaupmála. Hafi þessar skuldir verið greiddar af félagsbúinu eða séreign hins hjóna, má krefjast endurgjalds af séreign þess, er í hlut á, eður ef þörf gerist af hluta þess úr félagsbúinu, þá er skifti fara fram.

24. gr. Til þess að gjafir milli hjóna í hjúskap þeirra séu gildar, skal um þær gerður kaupmáli, nema svo sé, að gefnir séu munir til persónulegra nota, sem eigi séu meira verðir en svo, að samsvari efnahag gefanda, eða sé gjöf, lífeyrir eða forlagseyrir eða þess konar framfærslueyrir af hendi bónda fyrir konu sína.

Til gjafa teljast og afsöl þau, er getur um í öðrum kafla 28. greinar í lögum nr. 7, 13. apríl 1894; en þá er gefandi skyldur til að greiða það aftur, er gjafarþegi hefir af hendi int.

Það, sem segir í þessari grein, gildir og þá er gjöfin er gefin einhverjum öðrum, en hann afsalar hana síðan hinu hjóna, ef álíta má, að það sé að eins gert til þess að fara kringum lögin.

25. gr. Ákvæðin um ógilding ráðstafana í 4. kapítula laga nr. 7, 13. apríl 1894 eiga og við um ráðstafanir hjóna á milli, hvort sem þau hafa félagsbú eður ekki.

IV. þáttur.

Um umráð giftrar konu yfir aflafé hennar af sjálfstæðri atvinnu.

26. gr. Nú rekur gift kona sjálfstæða atvinnu, sem eigi aðallega er stofnuð né henni viðhaldið með fé bónda hennar eða félagsbúsins, og hefir hún þá, meðan hún lifir, ein og án samþykkis bónda síns eða fjárráðamanns, umráð yfir arði þeirrar atvinnu, og yfir því, er sannað verður, að hún hafi aflað sér fyrir atvinnu-arð sinn. Meðan hún lifir, má eigi taka fé þetta til lúkningar skuldum þeim, sem bóndi hennar hefir stofnað, nema samþykki hennar komi til.

V. þáttur.

Um rétt hjóna til að slíta fjárfélagi.

27. gr. Nú hefir bóndi eytt mjög eigum félagsbúsins, án þess það verði réttlætt nægilega fyrir sérstök atvik, eða gefið fulla ástæðu til þess að óttast megi, að hann muni fara illa með yfirráð sín yfir félagsbúinu, og getur kona hans þá krafist þess, að fjárfélaginu sé slitið, og að full séreign komist á.

28. gr. Þá er kona vill neyta þessa réttar, skal hún senda amtmanni skriflega beiðni um það; rannsakar hann málið, og gefur bónda tækifæri til að láta uppi skoðun sína og leggur síðan úrskurð á það; úrskurði hans má skjóta til landsyf-

höfðingja; þegar það er gjört, getur skiftaréttur, ef konan æskir þess, gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að varðveita eigur búsins, einkum á þann hátt, er segir í 2. og 3. lið 57. gr. skiftalaganna.

29. gr. Nú slítur bóndi ólöglega samvistum við konu sína, eða sé félagsbú þeirra tekið til gjaldþrotaskifta að honum lifanda, og getur kona hans þá krafist þess, að fjárfélagi þeirra sé slitið. Beiðni um þetta sendir hún til amtmanns, og skal beiðnin tekin til greina. Ef kona slítur ólöglega samvistum við bónda sinn, hefur hann og hinn sama rétt til þess, að fá fjárfélagi þeirra slitið.

30. gr. Þá er tekin hefir verið til greina beiðni annarshvors hjóna um, að fjárfélagi þeirra skuli slitið, getur hvort um sig krafist þess, að félagsbúið sé tekið til skifta á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiftalaganna.

Úrskurður um, að fjárfélagi hjóna skuli slitið, gildir fyrir þau sjálf frá því, er beiðnin um það kom til yfirvaldsins, en fyrir aðra frá því er úrskurðurinn er þinglesinn á varnarþingi bónda hér á landi, eða, sé hann farinn úr landi, þá á varnarþingi því, er hann átti síðast hér, og fer um verkanir þinglýsingarinnar eins og segir um þinglýsingu á kaupmála í 5. gr. laga þessara.

2. og 3. ákvæði 67. gr. í skiftalögunum koma því eigi til greina við þau skifti, er hér ræðir um.

31. gr. Þegar það hefir verið löglega ákveðið í kaupmála, að fjárfélagi hjóna skuli slitið, geta þau og hvort um sig krafist þess, að skifti skuli fram fara á félagsbúinu á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiftalaganna, án þess þó nein breyting verði á gildi kaupmálans gagnvart öðrum eftir 5. gr. þessara laga, og þannig án þess, að 2. og 3. ákvæðið í 67. gr. skiftalaganna komi til greina við þau skifti.

VI. þáttur.

Hvenær dæma skal um kaupmála eftir útlendum lögum.

32. gr. Fyrirmæli laga þessara ná og til þeirra kaupmála, sem gjörðir eru erlendis, ef bóndinn á lögheimili hér á landi, en um myndugleika konunnar til að gjöra kaupmálann fer þó eftir lögum lands þess, þar er hún á heimili. —

Nú er kaupmáli gjörður af manni, er eigi er búsettur hér á landi, og sé kaupmálinn gildur eftir lögum lands þess, þar sem maðurinn á heimili, og er málinn þá, að því er fjármál hjónanna snertir, gildur hér á landi fyrir hjónin sjálf og erfingja þeirra, ef hann ákveður ekkert, er kemur í bága við lög þessi, svo og gagnvart öðrum, ef gætt er alls þess, er segir í 6.—8. gr. laga þessara, svo fljótt sem auðið er eftir að bóndinn er fluttur hingað búferlum. —

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1900.

Ed. **182. Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald á tóbaki (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

1. grein.

Af alls konar tóbaki, hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki (rullu) eða neftóbaki (rjóli), skal gjalda toll í landssjóð, 50 aura af hverju pundi. Af hverjum 100

vindlum eða minna skulu goldnar 2 krónur. Af hverjum hundrað vindlingum (sígarettum) eða minna 1 króna.

Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.

Gjaldheimtumenn fá 2 af hundraði í innheimtulaun.

2. grein.

Á vöruskrám skal tilgreint, hvers konar og hve mikið tóbak sè flutt með hverju skipi, og skal auk þess hver sá, sem fær flutt tóbak frá útlöndum, skyldur til upp á æru og samvizku að segja til, hvort og hve mikið af tóbaki eða vindlum hann hefur fengið frá útlöndum með hverri ferð, og skal hann jafnframt greiða aðflutningsgjaldið.

3. grein.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa leynt sannleikanum í þessu efni, skal hann sæta sektum frá 200 til 2000 króna.

Þeim, sem fyrstur með sannindum ljóstrar upp broti gegn þessum lögum, skal greitt alt að helmingi af upphæð sektarinnar, verði sakborningur uppvís að brotinu. Hinn hluti sektarinnar renni í landssjóð.

4. grein.

Lög 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki, og lög nr. 11, 9. ágúst 1889, um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki eru hér með úr lögum numin.

5. grein.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. 183. **Frumvarp**

til laga um lögaldur (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

Hver karlmaður, og hver ógiftur kvennmaður, verður fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 16 ára, en fullráður fjár síns 21 árs, og getur þá og tekið að sér ábyrgð í fjármálum, svo að gild sé.

Ed. 184. **Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald á kynjalyfum (arcana).

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Af kynjalyfum alls konar skal greiða aðflutningsgjald í landssjóð.

Af fljótandi kynjalyfum er aðflutningsgjaldið 1 kr. á hverjum pela eða minni flátum. Að sama skapi skal aðflutningsgjald greiða, sé lyfið flutt í stærri flátum, og reiknast þá hver hluti úr pela sem heill peli væri.

Af öllum öðrum kynjalyfum, hvort heldur það eru hlutir, plástrar, pillur eða smyrsli eða annað því líkt, skal aðflutningsgjald greiða, er sé jafnt útsöluverði þeirra hér á landi, að aðflutningsgjaldinu undanskildu.

Gjaldheimtumenn fá 2 af hundraði í innheimtulaun.

2. gr. Á vöruskrám skal tilgreint, hvers konar kynjalyf og hve mikið af

þeim sé flutt með hverju skipi, og skal auk þess hver sá, sem fær flutt kynjalyf frá útlöndum, skyldur að segja til upp á æru og samvizku, hvort hann hafi fengið kynjalyf frá útlöndum og hvað mikið með hverri ferð, og skal hann um leið greiða aðflutningsgjaldið.

Nú er kynjalyf þess eðlis, að aðflutningsgjaldið er miðað við útsöluverð þess hér á landi, og skal þá sá, er aðflutt fær, skyldur til að segja til, uppá æru og samvizku, hvort, og með hvaða verði hann ætli sér að selja það hér á landi. Sé kynjalyfið flutt án þess, að það verði haft til sölu hér á landi, skal aðflutningsgjaldið vera $^1/_3$ hærra en innkaupsverð.

3. gr. Nú verður ágreiningur um, hvort lyf eða hlutur, sem fluttur er frá útlöndum, heyrir til flokks þeirra lyfja, sem nefnd eru kynjalyf, eða ekki, og er þá rètt að hèraðslæknir sá, er í hlut á, skeri úr. Skjóta mega málsaðilar úrskurði héraðslæknis undir dóm landlæknis.

4. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr. — Þeim, er fyrstur ljóstrar upp broti, skal greiddur helmingur sektarinnar, verði hinn sakfeldi uppvís. Hinn hluti sektarinnar renni í landssjóð.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1899.

Nd. 185. **Frumvarp**

til laga um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands (eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Af andvirði seldra þjóðjarða skal stofna sjóð, er nefnist Ræktunarsjóður Íslands.

2. gr. Stofnfé sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, er seldar hafa verið frá árslokum 1883 til ársloka 1898, bæði það, sem greitt hefir verið í viðlagasjóð, og það, sem stendur óborgað hjá kaupendum jarðanna. Sá hluti, er runnið hefir í viðlagasjóð, skal út lagður í skuldabréfum sveitarfélaga fyrir jarðabótalánum, að því leyti sem þau hrökkva.

3. gr. Tilgangur sjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnfé má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til jarðabóta og annara framkvæmda, er að jarðrækt lúta. Vöxtunum má verja til verðlauna fyrir frábæran dugnað í jarðabótum, að því leyti sem þeim er eigi varið til að auka stofnfé sjóðsins.

4. gr. Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins og semur skipulagsskrá fyrir hann og reglugjörð um lánveitingar og úthlutun verðlauna, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands. Skipulagsskráin skal staðfest af konungi.

Nd. 186. **Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá fjárlaganefndinni.

I. Tekjukaflinn.

1. Við 2. gr.	2.	Fyrir:	5500 —	5500 —	11000
		komi:	6000 —	6000 —	12000
2. — 2. —	3.	Fyrir:	13000 —	13000 —	26000
		komi:	13500 —	13500 —	27000
3. — 2. —	8.	Fyrir:	45000 —	45000 —	90000

komi: 46000 — 46000 — 92000
4. — 2. — 9. Fyrir: 135000 — 135000 — 270000
komi: 125000 — 125000 — 250000
5. — 2. — 10. Fyrir: 75000 — 75000 — 150000
komi: 70000 — 70000 — 140000
6. — 2. — 11. Fyrir: 175000 — 175000 — 350000
komi: 180000 — 180000 — 360000
7. Fyrsta grein breytist eftir því, sem atkæðagreiðslan fellur.

II. Gjaldakaflinn.

8. Við 10. gr. A. 2. Fyrir: 4400 — 4400 — 8800
komi: 4000 — 4000 — 8000
9. — 10. — — 3. eftir b. (nýr liður, er verður c.):
Handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar 1000 (innanstriks).
10. — 10. — — 3. c. sem verður d. Skrifstofukostnaður 300 (innanstriks).
11. — 10. — B. 3. c. Fyrir: 1900
komi: 1600
12. — 10. — C. 4. c. Orðist svo:
Til búnaðarfélags Íslands 8000
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að félagið verji af honum alt að 3000 kr. f. á. og 2000 s. á. til að útvega mann frá Danmörku, er hafi fullkomna kunnáttu og góða æfingu í mjólkurmeðferð samkvæmt því, sem gerist á góðum mjólkursamlagsbúum í Danmörku. Maður þessi sé ráðinn til 2 eða 4 ára, til þess að kenna á góðu mjólkurbúi í landinu, helzt á Hvanneyrarskóla, tilbúning osta og smjörs með þeim áhöldum og aðferðum, sem hægt er að koma við á hinum stærri sveitabúum hér á landi, og fari kenslan fram kostnaðarlaust fyrir nemendur.
13. — 10. — C. 4. d. orðist svo:
Styrkur til útgáfu búnaðarrits 20 kr. fyrir örkina.
14. — 10. — C. eftir 5. nýr liður, hinn 6.
Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu 300 — 300 — 600
15. Við 10. gr. C. 6. b. Fyrir: 150
komi: 100
16. — 11. — Á eftir tölul. 2. komi nýr 3. liður:
Styrkur til Guðmundar læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri 800 — 800 — 1600
17. — 11. — 6. e. Fyrir: 4600
komi: 3500
18. — 11. — Eftir 8. tölul. nýr liður:

Styrkur til að gefa út nýja ljósmóðurfræði 25 kr. fyrir örk, alt að 500

19. við 11. gr. nýr töluliður:
Styrkur til útbúnings og áhalda handa sjúkrahúsinu á Seyðisfirði 4000 kr. (fyrra árið).

20. — — — nýr töluliður:
Til sjúkrahússbyggingar á Patreksfirði annað árið alt að 3000 kr. Veitist með því skilyrði, að helmingi hærri upphæð verði veitt til fyrirtækisins annarsstaðar frá.

21. — 12. — A. 3. f. Fyrir »1. bréfberi« komi »til bréfaburðar«.

22. — — — A. 4. Fyrir »1000« komi »500«.

23. — — — B. Eftir 5. nýr liður:
Styrkur til Ísafjarðarsýslu til að gera veg yfir Breiðadalsheiði alt að 2500 kr. Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram að minsta kosti jafnmikla upphæð.

24. — — — C. 2. b. Liðurinn falli burtu og c. verður b.

25. — — C. 2. Fyrsta grein athugasemdanna orðist svo:
Áætlun um ferðirnar undir staflið d. samþykkir landshöfðingi eftir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefnda.

26. — — — — — Upphaf næstu gr. aths. verður:
Styrkurinn undir stafl. a. og b. o. s. frv.

27. — — — — — Þriðja gr. aths. falli burtu.

28. — — — — Nýr liður eftir 2.
Styrkur til að bæta innsigling og skipalægi á Stokkseyri alt að 5000. Veitist með því skilyrði, að annarsstaðar að fáist að minsta kosti jafnmikil upphæð til fyrirtækisins, og að verkfræðingur telji verkið vel af hendi leyst.

29. — — — C. nýr liður:
Styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn alt að 400 kr. Veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Árnessýslu verji að minsta kosti jafnmikilli upphæð til fyrirtækisins, og að verkið verði, að áliti verkfræðings, vel af hendi leyst.

30. — — — D. Aths. falli burtu.

31. — 13. — A. Nýr liður eftir 7. lið.
Til að endurreisa $2^1/_2$ fallin prestmötukúgildi á Laugarbrekku í Nesþingum og sem uppbót til síra Helga Árnasonar fyrir prestsmötumissi 300 kr., gegn því, að jörðin Laugarbrekka með hjáleigunum Holti og Hóli verði afsöluð landsjóði til eignar.

32. — 13. — A. nýr liður næst á eftir:
Styrkur til síra Gísla Kjartanssonar fyrir flutning og bygging staðarhúsa á Felli í Mýrdal, 600 kr.

33. — — — B. I. 8. Liðurinn falli burtu.

34. — — — — II. b. 2. Fyrir: 150—150, komi: 200—200.
35. við 13. gr. B. III. c. 3. Fyrir: 5422,65
komi: 3200,00.
36. — — — — — - 4. Fyrir: 1850
komi: 1800.
37. — — — — — - - eftir 4. komi nýr liður:
Uppbót til Bjarna tímakennara Jónssonar auk venjulegrar tímakensluborgunar 500—500.
38. við 13. gr. B. V. b. 2. Fyrir: 1100—300
komi: 800—200.
39. — — — — — - 4. Fyrir: 600—500
komi: 500—400.
40. — — — — — - 5. Falli burtu.
41. — — — — VI. a. eftir 4. tölul. komi nýr liður:
Styrkur til frú Guðlaugar Wíum til að halda kvennaskóla á Seyðisfirði: 500—500.
42. — — — — eftir VII. komi nýr liður VIII.
Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík: 600—600.
43. — — — C. 3. a. Fyrir: 1200—1200
komi: 1000— 800.
44. — — — — - b. Stafl. falli burtu.
45. — — — — 4. a. Fyrir: 1500—1500
komi: 2000—2000.
46. — — — — - b. Stafl. þessi falli burtu.
47. — — — — - - Aths. orðist svo: 500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði að Bókmentafélagið gefi út o. s. frv.
48. — — — — 12. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til tveggja manna til að nema dýralækningar 600 til hvors — 1200—1200.
49. — — — — 13. Liðurinn falli burtu.
50. — — — — — Komi nýr liður:
Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að halda áfram að rannsaka og rita um sögu Íslands og til að halda alþýðul. fyrirlestra um efni úr Íslandssögu 600—600.
51. — — — — — Eftir 17. komi nýr liður:
Til skólakennara Geirs Zoëga til þess að semja íslenzk-enska orðabók 500—500.
52. við 13. gr. C. 19. Fyrir: 2000—2000
komi: 1000—1000.
53. — — — — — orðin: »og til vísindaiðkana« falli burtu.
54. — — — — Eftir 19. komi nýr liður:
Styrkur til Stefáns kennara Stefánssonar til að rannsaka fóður og beitijurtir 1000—1000.

55. — — — — 20. Fyrir: 600—600
komi: 1000.

56. — — — — 21. Fyrir: 600—600
komi: 1000.

57. — — — — Eftir 21. komi nýr liður:
Styrkur til cand. polyt. Sigurðar Péturssonar, til að fara á Parísarsýninguna 1900 og rita um hana fyrir Íslendinga: 2000.

58. — — — — 22. Fyrir: 500—500
komi: 600—600.

59. — 15. — Orðin: »Til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300« falli burtu.

60. — — — Á eftir orðunum: »fyrir hendi« komi: og skulu eftirlaunin vera 2000 kr. á ári; þó hætti o. s. frv.

61. — Á eftir viðaukagreininni við 18. gr. komi:
Úr viðlagasjóði má verja alt að 20,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum á Íslandi. Búnaðarskólinn á Hvanneyri situr fyrir alt að 5000 kr. af nefndu láni. Að öðru leyti skal haga skiftingu lánsins svo, að allir fjórðungar landsins eigi kost á lántöku til eins eða tveggja mjólkurbúa. Lán þessi veitist eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands, og gegn ábyrgð sýslufélaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, sé afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist síðan á 20 árum.

62. — Ný viðaukagrein þannig:
Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til sveitarfélaga, þó ekki yfir 2000 kr. til hvers. Lán þessi ávaxtast með 3% árlega og sé afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en borgist síðan á 15 árum. Lánum þessum sé ennfremur settir þessir skilmálar:

1. Lánsféð veitist samkvæmt beiðni frá sveitarstjórn til landshöfðingja og eingöngu til jarðabóta, er sé sams konar og þær, sem styrktar eru af landssjóði.
2. Þeir, sem lánin taka fyrir milligöngu sveitarfélaga, verji hver um sig til jarðabóta fyrstu 5 árin, sem lánið stendur, auk lánsupphæðarinnar, 1/3 á móti henni. Dagsverk við jarðabætur þessar skal metið 2 kr.
3. Jarðabæturnar sé samkvæmt vottorði skynbærra manna, er sýslunefnd kveður til að skoða þær, hyggilega stofnaðar og vel unnar.
4. Landshöfðingja sé, eftir nánari fyrirmælum hans, send þau skirteini, er hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að framannefndum skilmálum sé fullnægt.
5. Sé einhverjum af skilmálum þessum ekki fullnægt, er lánið þegar að sama skapi fallið í gjalddaga.
6. Lánbeiðslur sveitarstjórna sé komnar til landshöfðingja fyrir

14. dag maímán. 1900, og veitist eigi neitt af lánum fyr en eftir þann dag.

7. Lán til einstakra manna séu aldrei lægri en 250 kr. til hvers.

63. — Ný viðaukagrein þannig:

Úr viðlagasjóði má veita alt að 90,000 kr. lán til Reykjavíkurkaupstaðar til hafskipabryggjugerðar. Lánið ávaxtist með $3^1/_2$% og endurborgist á 25 árum.

64. — Úr viðlagasjóði má veita alt að 5000 kr. lán til að koma á múrsteins. og þakhellugerð.

Öll þessi lán veitist þó því að eins, að fé sé fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera.

Nd. 187. **Skýrsla**

um bænarskrár og önnur erindi, sem komið hafa til fjárlaganefndarinnar í Nd. 1899.

1. Tilboð frá Torfa skólastjóra Bjarnasyni um sölu á búnaðarskólanum í Ólafsdal.
2. Bænarskrá frá Magnúsi dýralækni Einarssyni um launahækkun.
3. —— — Hólmgeiri Jenssyni á Vöðlum um styrk til dýralækninga . . . . . Sbr. 10. gr. C.
4. Bænarskrá frá Jóni Helgasyni vitaverði við Skagatáarvita um launahækkun.
5. —— — Tómasi lækni Helgasyni um styrk til eyrnalækninga o. fl.
6. —— — yfirhjúkrunarkonu holdsveikraspítalans um launahækkun (300).
7. —— — ráðskonu sama spítala um launahækkun.
8. —— — landlækni J. Jónassen um styrk til útgáfu ljósmóðurfræði . . . . . Sbr. 11. gr. 8.
9. Beiðni um fjárveitingu til spítalans á Seyðisfirði . . . Sbr. 11. gr. 8.
10. — — —— — sjúkrahússbyggingar á Patreksfirði. Sbr. 11. gr. 8.
11. Bænarskrá frá lækni holdsveikraspítalans um ferðastyrk til útlanda.
12. —— — stjórn hússtjórnarskólans í Reykjavík um nýjan styrk.
13. —— um 10,000 króna fjárstyrk til umbóta á Stokkseyrarhöfn . . . . . Sbr. 12. gr. C.
14. —— um alt að 8000 kr. styrk til að lengja bryggjuna á Blönduósi.
15. —— frá sýslunefnd Kjósar og Gullbringusýslu um hlut af sektum botnverpinga.
16. —— — þingmönnum sömu sýslu um 20,000 kr. styrk til vegabóta.
17. Tilboð til alþingis um vagnferðir austur að Þjórsá og upp á Þingvöll.
18. Erindi frá Barðstrendingum um vegabætur á Þorskafjarðarheiði. Sbr. 12. gr. B
19. — — sýslunefnd Árnessýslu um brúargjörð yfir Sogið.
20. — um gistihús handa ferðamönnum við Hellisheiðarveginn að Lækjarbotnum (2000 kr. styrk).
21. — frá stórkaupmanni Thor E. Tulinius um styrk til gufubátsferða.
22. — — stjórn félagsins »O. Wathnes Arvinger« um sama.

23. — — sýslunefndinni í Vestur-Ísafjarðarsýslu um styrk til vegar á Breiðadalsheiði . . . . . Sbr. 12. gr. B
24. Bréf frá stiftsyfirvöldunum um að alþingi veiti styrk til sandgræðslutilrauna í Sauðlauksdal . . . . . Sbr. 10. gr. C. 4.
25. Bænarskrá frá síra Helga Árnasyni í Ólafsvík um uppbót fyrir tekjumissi . . . . . Sbr. 13. gr. A.
26. — — — — Pétri Jónssyni á Kálfafellsstað um launaviðbót (200 kr.).
27. — — — — Árna Þorsteinssyni á Kálfatjörn um uppgjöf á fjárgreiðslum.
28 — — — — Gísla Kjartanssyni um styrk til húsabyggingar að Felli . . . . . Sbr. 13. gr. A.
29. — — — hinu íslenzka bifliufélagi um 1200 kr. ársstyrk til að vinna að þýðingu gamla testamentisins.
30. Erindi frá stiftsyfirvöldunum um kirkjugarðsstæði í Reykjavík.
31. — — — sýslum. í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um 2400 kr. fjárveitingu til að gjöra akfæran veg frá Akranesi á leið upp í Borgarfjörð.
32. Bænarskrá frá Jóni Sveinssyni trésmið um 765 kr. borgun frá landssjóði.
33. — — — Austur-Skaftfellingum um 5600 kr. fjárveitingu til vegarins frá Hólum að Höfn sbr. fjáraukalög f. 1898 og '99 3. gr.
34. — — — stjórn kvennaskólans að Ytri-Ey um 2,500 kr fjárveiting til skólans . . . . . Sbr. 13 gr. B. VI. a. 2.
35. — — — Guðlaugu Eiríksdóttur Wium um styrk til skólahalds á Seyðisfirði . . . . . sbr. 13. gr. B. VI. a.
36. — — — skólastjóra Jóni A. Hjaltalín um 25,000 kr. til að reisa nýtt skólahús á Akureyri.
37. — — — mentamálanefndinni um námsstyrk til kennaraefna.
38. — — — cand. mag. Bjarna Jónssyni um launabót fyrir tímakenslu . . . . . Sbr. 13. gr. B. 3. a.
39. — — — Stefáni tréskurðarmanni Eirikssyni um styrk til kenslu . . . . . Sbr. 13. gr. B. VIII.
40. Tillaga frá landbúnaðarnefndinni um styrk til kenslu í mjólkurmeðferð. . . . . Sbr. 10. gr. C. 4.
41. Bænarskrá frá búnaðarfélagi Íslands um 10,000 kr. árlegan styrk úr landssjóði . . . . . Sbr. 10. gr. C. 4.
42. — — — Guðjóni Guðmundssyni um styrk til landbúnaðarnáms.
43. — — — Magnúsi Stefánssyni búfræðing um alt að 1200 kr. styrk til utanfarar.
44. Erindi frá Stúdentafélaginu um »kemisk Laboratorium«.
45 — — — Árnesingum um um styrk til að koma upp slátrunarhúsi.
46. Áskorun frá náttúrufræðisfélaginu um að alþingi sjái náttúrugripasafninu fyrir húsnæði.
47. Bænarskrá frá Stefáni kennara Stefánssyni um styrk til að rannsaka fóður- og beitijurtir hér á landi. . . . . Sbr. 13. gr. C
48. — — — Jóni Stefánssyni um 800 kr. styrk til að læra »Telegraffspil«.

49. —— — Jóhanni pósti Jónssyni um 600 kr. landssjóðsstyrk.
50. —— — Ólafi hafnsögumanni Teitssyni um ellistyrk.
51. —— — Jóhanni »skyttu« Halldórssyni um ellistyrk (300—400 kr. í eitt skifti).
52. —— — Lárusi Jóhannssyni um 500 kr. styrk til að kynna sér ullarvinnu.
53. —— — hásetafélaginu »Báran« um 1500 kr. styrk til kenslu í seglasaum.
54. —— — Guðmundi Friðjónssyni á Sandi um 600 kr. styrk til að leggja stund á skáldsagnagjörð og ljóða.
55. —— — Magnúsi organleikara Einarssyni um 400 kr. styrk til að kenna «orgelspil» og kirkjusöng.
56. —— — Jul. Schau steinhöggvara um 2000 kr. styrk til að útvega markað í útlöndum fyrir unnið grjót.
57. —— — Markúsi Þorsteinssyni um 1200 kr. styrk til utanfarar.
58. Bænarskrá frá Stórstúku »Goodtemplara« um styrkhækkun (1400 kr. í stað 800).
59. —— — Bindindisfélaginu »Hvíta bandið« um 100 kr. styrk.
60. —— — Bindisfélagasameiningu Norðurlands um 400 kr. styrk.
61. —— — »Leikfélagi Reykjavíkur« um 1000 kr. styrk.
62. —— um styrk til »Leikfimis- og skotfélags Eskifjarðar«.
63. —— frá Eggert Levi um 600 kr. styrk til að kynna sér slátrunaraðferð erlendis.
64. —— — Stefáni Sveinssyni um 1500 kr. styrk til að kynna sér aðferð við reykingar.
65. —— — Ögmundi Sigurðssyni um 1000 kr. styrk til að ferðast á kennarfund o. fl.
66. —— — skólakennara Geir T.Zoëga um 500 kr. árlegan styrk til að semja íslenzk-enska orðabók . . Sbr. 13. gr. C. 18.
67. —— — Oddi prentara Björnssyni um alt að 1500 kr. styrk til að gefa út lestrarbók fyrir alþýðu.
68. —— — Jóni Jónssyni sagnfræðingi um 1200 kr. styrk til að rannsaka og rita um sögu Íslands . . Sbr. 13. gr. C. 13.
69. —— — cand. polyt. Sigurði Péturssyni í Kaupmannahöfn um 2000 kr. styrk til að ferðast á Parísarsýninguna Sbr. 13. gr. C.
70. —— — Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík um aukinn styrk . . . . . Sbr. 13. gr. C.
71. —— — Bjarna Þorkelssyni í Ólafsvík um 1000 kr. styrk til að læra þilskipasmíði.
72. —— — Helga Péturssyni um 500—1000 kr. styrk til jarðfræðisrannsókna.
73. —— — Brynjólfi Þorlákssyni um 1200 kr. styrk til sönglistarnáms.
74. —— — Haraldi Nielssyni um 600 kr. styrk til hebreskunáms o. fl.

75. —— — síra Bjarna Þorsteinssyni um fjárstyrk til útgáfu hátíðasöngva.
76. —— — Benedikt Gröndal um framhald á styrk til vísindalegra starfa.
77. —— — uppgjafapresti Pétri Guðmundssyni um eftirlaunahækkun.
78. —— — síra Brynjólfi Jónssyni á Ólafsvöllum um launaviðbót (200 kr.)
79. Tillaga frá landbúnaðarnefndinni um lánveitingu til sveitarfélaga . . . . . Sbr. aths. við fjárlögin.
80. Skýrsla frá Jóni Ólafssyni um ritstörf hans síðan alþingi 1897 veitti honum styrk.
81. Bréf frá »Fyrdirektören« um vitabyggingar á Íslandi.
82. Erindi frá bæjarfógetanum í Reykjavík um lán til hafskipabryggju. Sbr.aths.
83. — — Birni kaupmanni Kristjánssyni um tígulsteinsgjörð. Sbr. aths.
84. — — D. Thomsen kaupmanni um vagnferðir milli Reykjavíkur og Rauðalækjar.
85. — — Þorsteini kaupmanni Jónssyni um lán til að kaupa fiskigufuskip.
86. — — Mr. Howell um gistihús við Geysi.

Nd. 188. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 5, 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum.

Frá Guðjóni Guðlaugssyni.

Við 1. gr.

Í stað orðanna í upphafi greinarinnar: »Hreppsnefndir — — — þrjá« komi: »Hreppsnefndir skulu árlega á haustþingum annast um, að kosnir séu tveir eða þrír« o. s. frv.

Nd. 189. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Flutningsmenn: Jón Þórarinsson, Sigurður Gunnarsson, Valtýr Guðmundsson, Björn Sigfússon, Skúli Thoroddsen, Jón Jónsson, þm. A.-Sk.

1. Við 5. grein. Orðin: Þann hinn (í byrjun greinarinnar) falli burt.
2. Við 6. grein. Greinin orðist þannig:

Þegar faðir óskilgetins barns hefur að lögum verið skyldaður til að greiða meðlag með því, en menn vita eigi, hvar hann er niður kominn, hefur móðir barnsins rétt til þess, ef þörf gerist að krefjast fulltingis lögreglustjórnar til þess, að leita uppi verustað hans. Sama rétt hefur bæði sá, er á að annast framfærslu óskilgetins barns, hvort heldur er eftir móður þess látna eða burtfarna, eða af öðrum orsökum, og eins fátækrastjórnin, hafi hún orðið að takast framfærslu þess á hendur.

Nd. 190. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um friðun fugla og hreindýra. Flutningsm.: Jens Pálsson, Þórður J. Thoroddsen, Jón Jónsson, þm. Eyf., Þorlákur Guðmundsson, Ólafur Briem, Eiríkur Gíslason.

Við 1. gr. Fyrir »og rjúpur frá 1. marz« komi: og rjúpur frá 20 marz.

Nd. 191. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1900—1901.

Flutningsm. Guðl. Guðmundsson.

Aftan við 3. gr. 1. bætist athugasemd innan striks:

Heimilt er stjórninni, án þess hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gjöra umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða, svo og til verðlauna til landseta á þjóðjörðum, er skara fram úr öðrum að jarðabótum á þeim. — Styrkurinn til húsabóta sé bundinn því skilyrði, að leiguliðinn leggi fram í minsta lagi $^1/_3$ kostnaðarins.

Nd. 192. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um eftirlaun, eins og það var samþ. við 2. umr. neðri deild.

Flutningsmenn: Þórður J. Thoroddsen, Jens Pálsson, Eiríkur Gíslason, Halldór Daníelsson, Þorlákur Guðmundsson, Þórður Guðmundsson.

Við 2. grein:

1. Fyrir »2500 kr.« komi: »3000 kr.«
2. Fyrir »1%« komi: »$^2/_3$%«.

Nd. 193. **Frumvarp**

til laga um breytingu á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands (eins og það var samþykt við eina umr. í Ed.).

Áður en hjónavígsla má fara fram, skal lýsa hjúskaparáformi hjónaefnanna af prédikunarstól við hámessu á sunnudegi í sóknarkirkju brúðarinnar að minsta kosti 3 vikum fyrir vígsludag.

Undanþágu frá hjúskaparlýsingu má fá með konunglegu leyfisbréfi. Gjaldið fyrir hjónavígslubréf skal eftirleiðis vera 15 krónur.

Nd. 194. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um friðun fugla og hreindýra.

Frá: Halldóri Daníelssyni, Sighv. Árnasyni, Þórði Guðmundssyni, Þórði J. Thoroddsen, Sk. Thoroddsen, Einari Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: »Þó skulu álftir friðaðar frá 1. júní til 20. sept.« komi: Þó skulu álftir friðaðar frá 15. maí til 20. sept.

Nd. 195. Frumvarp

til laga um friðun fugla og hreindýra (eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Hér á landi skulu þessar fuglategundir friðaðar fyrir allri veiði á hverjum tíma árs sem er: Kríur, snjótitlingar, þúfutitlingar, maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar og auðnutitlingar; og allar aðrar fuglategundir, nema ernir, valir, smirlar, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur, mávar, fiskiendur, himbrimar, lómar og bjargfugl, skulu friðaðar frá 1. apríl til 20. júlí ár hvert; þó skulu álftir friðaðar frá 1. júní til 20. september og rjúpur frá 1. marz til 31. ágúst, lundi frá 10. maí til 20. júní, fýll frá 1. marz til 10. ágúst. Net og skot má eigi hafa við lunda- eða týlaveiði.

2. gr. Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 50 aura sekt, er tvöfaldast fyrir hvert brot, alt að 16 krónum.

3. gr. Hreindýr skulu friðhelg vera frá 1. janúar til 1. ágúst ár hvert, og varðar 5 króna sekt fyrir dýr hvert hið fyrsta sinn, ef drepið er. Sektin tvöfaldast, ef oftar er brotið, alt að 80 krónum.

4. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, eru opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjárins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

5. gr. Lög nr. 6, 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra, og lög nr. 33, 16. des. 1885 um breytingu á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hrein dýra skulu úr gildi numin.

Ennfremur skal sú ákvörðun í tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849 § 7: »Hreini má og veiða og elta hvar sem er«, úr gildi numin.

Ed. 196. **Frumvarp**

til laga um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls og lausamannsgjalds til kirkju. (Flutningsmenn: Sigurður Jensson og Sigurður Stefánsson).

1. gr. Dagsverk skal vinna hjá presti um túnaslátt, en hann fæðir gjaldanda. Ef gjaldandi ekki vinnur dagsverkið, skal hann greiða presti það eftir verðlagsskrá þeirri er gildir á gjalddaga. Dagsverk eiga að vinna eða greiða: bændur, sem hafa bygging á minst ½ hndr. í jörðu, sem metin er til dýrleika, tíundi þeir ekki full 5 hndr. lausafjár, húsmenn, þurrabúðarmenn, kaupstaðarborgarar og allir þeir, karlar og konur, sem eiga heimili forstöðu að veita, ef ekki gjalda þeir offur; ennfremur lausamenn, séu þeir ekk í skiftitíund, og eins þó þeir tíundi ekkert, einhleypir húsmenn og húskonur og vinnuhjú ef þau tíunda 60 ál.

2. gr. Offur skal greiða hver húsbóndi eða sjálfstæður maður einhleypur, sem á 20 hndr. í fasteign eða lausafé eða hvorttveggja til samans; ennfremur hver húseigandi í kaupstöðum og verzlunarstöðum, séu þau að minsta kosti virt á 3000 kr., og ef þau eru eigi notuð við ábúð á jörð þeirri, er metin sé til dýrleika; konunglegir embættismenn og sýslunarmenn, er landshöfðingi skipar, kaupmenn, lyfsalar, bakarar, verzlunarstjórar og verzlunarþjónar er hafa að minsta kosti 500 kr. í laun. Offrið er að minsta kosti 4 kr. og gjalddagi á því 14. maí ár hvert.

3. gr. Hver sá, sem hefir til afnota jörð eða jarðarhluta, sem metin er til dýr-

leika, skal fóðra lamb fyrir prestinn; sömuleiðis hver sá, sem hefir grasnytjar af slægjulandi, er hann sjálfur á eða leigir, ef það gefur af sér að minsta kosti kýrfóður. Sé lambið ekki fóðrað, skal lambsfóðrið goldið eftir verðlagsskrá og er gjalddagi á því 10. maí ár hvert.

Nú hefir maður tvær eða fleiri heilar jarðir til ábúðar eða afnota, og skal hann þá fóðra jafnmörg lömb og ábúðarjarðir hans eru.

4. gr. Lausamenn og lausakonur greiða presti 50 aura gjald á ári, hvort sem þeir eiga að greiða dagsverk eða ekki. Gjalddagi á þessu gjaldi er 14. maí ár hvert.

5. gr. Heilan ljóstoll til kirkju gjaldi búandi hver eða húsráðandi, sem heldur hjú, hvort sem hann er karl, kvæntur eða ókvæntur, eða kona, gift eða ógift. Hálfan ljóstoll til kirkju gjaldi húsráðendur og húsmenn hjúalausir og ennfremur einhleypir menn og vinnuhjú, sem tíunda 60 ál. eða meira. Hjú teljast börn yfir 18 ára aldur, sem vinna hjá foreldrum sínum.

6. gr. Lausamenn og lausakonur greiði til kirkju 50 aura á ári.

7. gr. Gjalddagi á gjöldum þeim, er talin eru í 5. og 6. gr., er 31. desbr. ár hvert.

8. gr. Ákvæði þau í eldri lögum, er koma í bága við lög þessi, eru numin úr gildi.

Nd. 197. **Viðaukatillögur**

við frumv. til laga um breytingu á lögum nr. 5, 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum. Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson, Eiríkur Gíslason, Sighv. Arnason, Jón Jónsson, þm. Eyf., Sk. Thoroddsen, Einar Jónsson.

Aftan við 1. gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Um kosningarrétt, kjörgengi og skyldu til þess að takast þenna starfa á hendur gilda sömu ákvæði og um kosningar til hreppsnefnda.

Nd. 198. **Frumvarp**

til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í nd.).

1. gr.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, er gjörir barnsföður að skyldu að greiða meðlag með óskilgetnu barni sínu, eða þar sem meðlagsskyldan er staðfest, skulu vera upplýsingar þær, er fyrir hendi eru, um aldur hans, fæðingarstað og framfærslusveit.

2. gr.

Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verð gjört að skyldu að greiða að minsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförunum leiddi fyrir hana, og ef þörf gjörist þröngvað til þess, svo sem heimilað er í lögum til greiðslu á meðgjöf með óskilgetnum börnum. Yfirvöldin tiltaka upphæð þessarar fjárreiðslu, og getur móðir barnsins heimt hana eftir reglum þeim, er segir í 4. gr.

3. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eftir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komin sé í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni skyldi gjalda, svo framarlega sem beiðni um það kemur til skiftaráðanda áður en skuldlýsingarfrestur (Proclama) er liðinn eða 6 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi boðaður verið. Ef ekkja barnsföður er á lífi, þá skal eigi fé út leggja öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband, og skal þess gætt, að meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meiru fé en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri. Nú situr ekkja barnsföður í óskiftu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er á barnsföður hvíldi, að svo miklu leyti sem yfirvaldi þykir hæfa eftir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtéðra fyrirmæla, þó eigi lengur en þar til barnið er orðið 14 vetra. Um barnsfúlgu, er greidd er af hendi í einu eftir lát föðurins, skal fara sem um fé ómyndugra, og skal til taka, á hvaða tíma og hverjum greiða skal meðlögin. Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu, þá skal fé það, er óeytt er þá er barnið deyr eða verður 16 ára, koma til skifta meðal erfingja.

4. gr.

Sé barnsfúlga, sem föður óskilgetins barns er skylt að borga samkvæmt úrskurði amtmanns eða sættargjörð, staðfestri af honum, eigi greidd á réttum gjalddaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt, ef skilyrði þau eru fyrir hendi, er síðar getur um, að krefjast þess munnlega eða bréflega af löggreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, er hún dvelur í, að meðlagið, en eigi nema fyrir síðasta árið, verði greitt henni af sveitarfé, án þess það verði talið henni veittur sveitarstyrkur. Beiðninni skal fylgja vottorð um það frá sveitarstjórninni í dvalarsveit hennar, að hún sé eigi svo efnum búin eða hafi þá atvinnu, að hún sé sjálf fær um að annast svo sem vera ber framfærslu barnsins og uppeldi, og ennfremur löglega birtur úrskurður amtmanns um barnsfúlguna, eða löglega birt sættargjörð, staðfest af honum, og lífsvottorð barnsins, og skal hún jafnframt láta þær upplýsingar í té um dvalarsveit og framfærslusveit barnsföður, er hún er fær um.

Nú þykir lögreglustjóra það líklegt, eftir að hann hefir rannsakað málið, að barnsfaðir sé dáinn eða farinn úr landi, og vísar hann þá beiðninni aftur. Að öðrum kosti krefur hann barnsföður um meðlagið fyrir milligöngu dvalarsveitar hans, ef kunnugt er þegar orðið um hana. Náist eigi borgun með þessu móti, eða sé ókunnugt um dvalarsveit barnsföður, er dvalarsveit móður barnsins skyld til þess, undireins og henni hefir verið gjört aðvart um þetta, að greiða henni meðlagið fyrirfram, en lögreglustjóri gjörir jafnframt nauðsynlegar ráðstafanir til þess að innheimta það. Þegar meðlagið er borgað af sveitarfé, skal afplánun að lögum því að eins eiga sér stað, að framfærslusveit barnsföður beiðist þess.

Nú reynist meðlagið ófáanlegt, af því að barnsfaðir hefir eigi getað borgað, eða eigi hefir verið hægt að hafa upp á honum, og skal þá sveitarstjórninni í þeirri sveit, sem greitt hefir meðlagið fyrir fram, þegar í stað skýrt frá þessu,

og meðlagið skal síðan talið sveitarstyrkur til handa barnsföður frá þeirri sveit, og fer um endurgjald á honum eftir ákvæðum fátækralaganna.

Nú hefir meðlagið hvorki verið innheimt né afplánað, fyrir því að eig hefir orðið haft upp á barnsföður, eða hann hefir komist undan lagaaðförum, og er þá sveit þeirri, er eigi hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er hann síðar kemur fram, að ganga að honum að lögum, ef eigi er um seinan, að því er meðlagið snertir, og ennfremur beita við hann lögum 4. nóvbr. 1887, um sveitarstyrk og fúlgu.

5. gr.

Þann hinn sama rétt, sem móðir að óskilgetnu barni hefur eftir 3. og 4. gr. laga þessara, hafa og þeir menn, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins eftir móðurina látna, burtfarna eður af öðrum líkum orsökum, og enn fremur fátækrastjórn, þá er hún hefur orðið að takast framfærslu þess á hendur.

Þá er móðir óskilgetins barns deyr, á faðir þess því að eins rétt á að fá það til sín, til framfærslu og uppeldis, að hann annaðhvort ættleiði það, eður hann fái til þess leyfi amtmanns á þeim stað, er barnið er.

6. gr.

Þegar faðir óskilgetins barns hefur að lögum verið skyldaður til að greiða meðlag með því, en menn vita eigi, hvar hann er niður kominn, hefur bæði móðir barnsins og sá er eftir hana látna, burtfarna eða af öðrum orsökum á að annast framfærslu þess og uppeldi, svo og fátækrastjórnin, hafi hún orðið að takast framfærslu þess á hendur, rétt til þess, ef þörf gjörist, að krefjast fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1900, og falla þá úr gildi lög 24. janúar 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. Þó koma ákvæði nefndra laga til greina um meðlög þau, sem fallin eru í gjalddaga fyrir 1. maí 1900, ef beiðni um borgun á þeim er komin til dvalarsveitar eða framfærslusveitar barnsföður fyrir nefndan dag.

Ed. 199. **Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd).

1. gr. Af smjörlíki (Margarine), sem flutt er til Íslands, skal greiða aðflutningsgjald í landssjóð, 15 aura af hverju pundi.
2. gr. Um greiðslu gjaldsins og innheimtu, um tollskýrslur og um sektir gilda öll hin sömu ákvæði og um aðflutning á kaffi og sykri, samkv. lögum 9. ágúst 1889.
3. gr. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með samkvæmt þeim reglum, sem gilda um opinber lögreglumál.
4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1900.

Nd. 200. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 5, 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum (eins og það var samþykt við 2. umr. í nd.).

1. gr. Hreppsnefndir skulu árlega á haustþingum annast um, að kosnir séu tveir eða þrír menn til þess að hafa eftirlit með fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð búpenings í hreppnum. Það er skylda þessara manna, að leiðbeina hreppsbúum í öllu, er lýtur að heyásetning og meðferð búpenings. Verði þeir þess varir, að fénaður einhvers búanda sé illa hirtur eða ætlað oflítið fóður eða húsrúm, skulu þeir áminna þann, er í hlut á.

2. gr. Almennar skoðanir á fóðurbirgðum, búpeningi og fénaðarhúsum, getur hreppsnefnd fyrirskipað einu sinni eða tvisvar á hverjum vetri og skulu hinir kosnu menn framkvæma þessar skoðanir.

Hafi hreppstjóri eða hreppsnefnd ástæðu til að ætla, að fénaði einhvers hreppsbúa sé horfellir búinn vegna fóðurskorts, illrar hirðingar eða harðýðgi, þá skal hreppstjóri eða hreppsnefnd þegar í stað fyrirskipa skoðun hjá þessum búanda, en skoðunarmenn skulu framkvæma hana svo fljótt, sem því verður við komið, og senda hreppstjóra skýrslu um skoðunina.

3. gr. Fyrir skoðunargjörðir þær, er um er rætt í lögum þessum, fá skoðunarmenn 2 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru að skoðunargjörðinni. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

4. gr. Með lögum þessum er 2., 3., 4., 6, og 7. gr. í lögum nr. 5, 26. febr. 1898 feldar úr gildi.

Ed. 201. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla (eins og það var samþykt við 3. umr. í nd.).

Staðarsókn í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi skal vera sérstakt prestakall. Brauði þessu leggjast 300 kr. úr landssjóði.

Tillag þetta greiðist því að eins, að sérstakur prestur sé skipaður í prestakallið.

Nd. 202. **Tillaga**

til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakenslu (eins og hún var samþykt við fyrri umr. í nd.).

Alþingi ályktar, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnakenslu skuli vera þessi:

I. Til barnaskóla, annarstaðar en í kaupstöðum.

1. Að kent sé auk kristindóms: móðurmálið (lestur, réttritun og æfingar í því, að setja fram eigin hugsanir skriflega), skrift, reikningur, meginatriði landafræðinnar, einkum Íslands, og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar, — samkvæmt reglugjörð, er stiftsyfirvöldin samþykkja.
2. Að skólinn standi eigi skemur en 6 mánuði af árinu og að minsta kosti 12 nemendur njóti þar tilsagnar allan kenslutímann og gangi undir árspróf í þeim námsgreinum, sem skylt er að kenna samkvæmt reglugjörð skólans.

3. Að skólinn standi undir stjórn þriggja manna nefndar, sem í séu sóknarpresturinn og 2 menn, er hreppsnefndin kýs.
4. Að við próf, sem haldið er við lok hvers kenslutímabils, sé, auk kennarans, viðstaddur prófdómandi, annaðhvort einn úr skólanefndinni, eða maður, sem hún kýs til þess.
5. Að skólinn njóti að minsta kosti jafnmikils styrks annarstaðar frá, og þess, er honum er veittur úr landssjóði.
6. Að nauðsynlegustu kensluáhöld séu til við hvern skóla til afnota við kensluna, eftir því, sem stiftsyfirvöldin nánar ákveða.

Styrkbeiðslum frá skólunum skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um síðasta árspróf skólans, kenslutilhögun, kensluáhöld og um ástand skólahússins, svo og endurrit af síðasta ársreikningi yfir tekjur skólans og gjöld.

II. Til sveitakennara.

1. Að kennarinn sé ráðinn til starfa síns af hreppsnefndinni með ráði hlutaðeigandi sóknarprests, og hagi störfum sínum eftir því, sem sóknarpresti og hreppsnefnd kemur saman um.
2. Að sveitirnar leggi fram fé til sveitakenslunnar, að minsta kosti til jafns við landssjóðsstyrkinn, auk fæðis og húsnæðis handa kennaranum, þann tíma, sem kenslan stendur yfir.
3. Að kent sé, auk kristindóms, að minsta kosti: móðurmálið, skrift og reikningur.
4. Umsóknarbréfum um styrk til sveitakenslu skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um kensluna (próf, ef það hefir verið haldið), tölu nemanda, hvað kent hafi verið og hve lengi hver nemandi hafi notið tilsagnar, svo og vottorð hlutaðeigandi prests um framfarir þeirra.

Kennarar skulu ráðnir, hvort heldur er til barnaskóla, eða sveitakenslu, með skriflegum samningi og þriggja mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu.

Nd. 203. **Nefndarálit**

um athugasemdir yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana 1896 og 1897.

I. Reikningurinn 1896.

Tekjubálkurinn.

Yfirskoðunarmenn finna að því, að reikningshaldarar, þrátt fyrir fyrirmæli reglugjörðar 13. febr. 1873, 5. gr., tilfæri stundum ranglega, eða ekki nægilega sundurliðað, upp í hverjar tekjugreinar greiðslur í landssjóð af þeirra hendi eigi að koma, og að sumir reikningshaldarar fylgi ekki fyrirmælum 4. gr. sömu reglugjörðar um að greiða tekjurnar í landssjóð jafnóðum og þær innheimtast. Landshöfðingi hefir skýrt frá, að brýnt hafi verið fyrir innheimtumönnum landssjóðs, að gæta nákvæmlega téðra fyrirmæla í reglugjörð 13. febr. 1873, og má búast við, að gengið verði ríkt eftir því framvegis.

Að öðru leyti skal það tekið fram, að þar sem yfirskoðunarmenn telja greiðslur upp í tollgjöld úr Eyjafjarðarsýslu rangt til færðar, þá hefir slíkt ekki átt sér stað, en þar á móti mun athugasemdin eiga við Ísafjarðarsýslu.

7. Óvissar tekjur.

2. Yfirskoðunarmenn taka það fram, að þegar reikningsábyrgðir og end-

urgjaldsupphæðir eru greiddar með skuldajöfnuði, sé að eins nettó-upphæðin til færð í jarðabókarsjóðsreikningnum, án þess hann beri með sér, hvað innborgað er og hvað útborgað. Eftir svari landshöfðingja hefir það verið brýnt fyrir innheimtumönnum, að í hvert skifti, sem þeir greiða ábyrgðarupphæðir eða fá greiddar endurgjaldsupphæðir eftir reikningsúrskurðum, beri þeim að skýra landfógeta frá öllum slíkum upphæðum, og ætti það þá ekki að koma fyrir, að innborgunum og útborgunum sé blandað saman.

9. Viðlagasjóðurinn.

4. Síðan þjóðjarðasala hófst samkvæmt heimild í lögum 8. nóvbr. 1883, hafa þjóðjarðir til 31. desbr. 1896 verið seldar fyrir samtals kr. 128054,25 og á þeim 12 árum hefir arðberandi eign landsins minkað um kr. 108346,96. Út af þessu hafa yfirskoðunarmenn látið í ljósi, að eins og nú er hagað reikningshaldi landssjóðsins, lendi andvirði seldra þjóðjarða fyr eða síðar í peningaforða landssjóðs, og þannig sé hætt við því, að arðberandi eign landsins verði óafvitandi eyðslufje. Til að koma í veg fyrir þetta, leggja þeir til, að andvirði þjóðjarða sé haldið sem sérstökum sjóði eða deild af viðlagasjóðnum, og sé alt fé á vöxtum, en ekki að eins sá hluti, er stendur inni óborgaður hjá jarðakaupendum. Jafnvel þó þessi tillaga út af fyrir sig verði að álítast á góðum rökum bygð, virðist hennar ekki framar þörf, með því þegar hefir verið borið upp á þingi lagafrumvarp um að gjöra fjársafn þetta að sjálfstæðum sjóði með sérstöku augnamiði.

Gjaldabálkurinn.

13. Ýmisleg gjöld.

1. Til þess að gefa út landshagsskýrslur hefir verið varið um 1480 kr. umfram fjárveitingu, og álíta yfirskoðunarmenn, að upphæð þessi þurfi að koma til aukafjárveitingar. Þareð kostnaðaraukinn stafar af því, að á árinu hefir verið gefið út meira en gjört var ráð fyrir, 37 arkir í stað 25, fær nefndin eigi séð, að aukafjárveiting sé nauðsynleg.

2. Yfirskoðunarmenn halda því fram, að það hafi verið tilætlun alþingis 1895, að landshagskýrslurnar væru gefnar út sem sjálfstætt rit, en eigi sem ein deild Stjórnartíðindanna. Þareð fjárveitingin til útgáfu skýrslnanna virðist ekki benda á það, og breyting á tilhögun þeirri, sem nú er, sýnist þýðingarlítil, finnur nefndin ekki ástæðu til, að koma fram með tillögu þar að lútandi.

3. Upphæð sú, er varið hefir verið umfram fjárveitingu til viðhalds á húsum og áhöldum vitans á Reykjanesi, kr. 423,61, er tekin í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1896 og 1897.

15. Útgjöld við póststjórnina.

1. Upphæðir þær, sem greiddar eru umfram fjárveitingu:

a. til bréfhirðingamanna	kr.	147,00
b. póstflutningur	—	985,59

eru teknar í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1896 og 1897.

2. Nefndin er yfirskoðunarmönnum samdóma um, að það sé skylda póstskipanna að sækja og flytja í land póstinn á Vestmannaeyjum, eins og á öðrum viðkomustöðum, og því sé rétt, að kostnaður við flutning þennan verði

eigi framvegis borgaður úr póstsjóði, sbr. nefndarálit um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895, 4. gr. (sjá Alþingist. 1897 C. bls. 277).

16. Kostnaður til vegabóta.

2. Yfirskoðunarmenn leggja það til, að eftirleiðis ætti verkfræðingur landsins að annast allar pantanir á vegabótaáhöldum fyrir landssjóðinn. Þareð nefndin efast um, að það fyrirkomulag yrði til neinna hagsmuna í framkvæmdinni, finnur hún ekki næga ástæðu til að bera upp tillögu í þessa átt.

20. Óviss útgjöld.

3. Fyrir niðurröðun sýsluskjala í landsskjalasafninu og skápa undir þau hefir verið greitt kr. 85,30. Yfirskoðunarmenn halda því fram, að samkvæmt auglýsingu 3. apríl 1882 eigi landshöfðingjaritarinn að hafa á hendi niðurröðun skjalanna án sérstakrar þóknunar, og því eigi að falla burtu borgunin fyrir það verk. Nefndin álitur rétt, að landritarinn geti fengið nauðsynlega aðstoð til að koma skjalasafninu í lag, án þess að þurfa sjálfur að borga kostnað þann, er þar af leiðir.

II. Reikningurinnn 1897.

Tekjubálkurinn.

4. Tekjur af póstferðum.

Ágóði á verðmun á sterling í póstávísunum er samkvæmt póstreikningnum kr. 48, 71, en yfirskoðunarmenn telja ágóðann af hverju pundi 5 aura, samtals kr. 30,81. Með því svo er ákveðið, að þegar póstávísanir eru keyptar á pósthúsinu í Reykjavík, skuli eitt pund sterling gilda kr. 18,20, en aftur á móti er þeirri reglu fylgt, þegar peningaskiftin eru gjörð upp við Bretland hið mikla, að pundið jafngildi kr. 18,12, er ágóðinn 8 aurar á hverju pundi, og upphæðin því rétt talin í póstreikningnum.

5. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs.

3. Samkvæmt athugasemd yfirskoðunarmanna og bréfi hins umboðslega endurskoðanda dags. 23. f. m. hefir verið felt um of úr eftirstöðvum af afgjöldum Arnarstapa- og Skógarstrandar-umboðs kr. 1,09, og ber því að færa upp eftirstöðvarnar svo sem þessu svarar.

Gjaldabálkurinn.

11. Ýmisleg útgjöld.

2. Af landshagsskýrslum hafa á árinu verið útgefnar 43 arkir, í stað 25, sem fé var veitt til í fjárlögunum. Yfirskoðunarmenn álíta, að leita þurfi aukafjárveitingar fyrir kostnaðinum við prentun og samning þeirra 18 arka, sem umfram eru, kr. 2070,00. Nefndin verður að álíta, að arkatalan í fjárlögunum sé áætluð, með því landsstjórnin hafi eftir hlutarins eðli ekki að eins heimild til, heldur sé það bein skylda, hennar að gefa út, svo fljótt sem unt er, allar þær landshagsskýrslur, sem á annað borð eiga að prentast.

2. Umfram fjárveitingu hefir verið varið til að byggja vita á Skagatá og Gróttu kr. 1448,31, og leggur nefndin til, að upphæð þessi verði tekin í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1896 og 1897.

12. Útgjöld við póststjórnina.

1. Upphæðir þær, sem greiddar eru umfram fjárveitingu:

a. til bréfhirðingamanna . . . . . kr. 107,00
b. póstflutningur . . . . . — 5543,12
c. fyrir prentun . . . . . — 208,06
d. til áhalda . . . . . — 338,48

eru teknar í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1896 og 1897.

13. Kostnaður til vegabóta.

1. Upphæðir, sem greiddar eru umfram fjárveitingu:
a, til flutningabrauta . . . . . kr. 5550,42
b, — þjóðvega . . . . . — 2548,42

eru teknar í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1896 og 1897. Sömuleiðis leggur nefndin til, að í frumvarpið sé tekin umframgreiðsla til fjallvega kr. 61,20.

14. Prestaskólinn.

Umframgreiðslan til ýmislegra útgjalda við prestaskólann, kr. 280,52, er tekin í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1896 og 1897.

18. Óviss útgjöld.

2. Yfirskoðunarmenn álíta, að styrkur veittur 2 stúlkum til að læra að verða hjúkrunarkonur, kr. 90,00, þurfi að koma til aukafjárveitingar, en nefndin telur það óþarft, með tilliti til þess, að gjaldliðurinn í heild sinni fer ekki fram yfir fjárveitingu.

19. Fjárgreiðslur samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum.

5. Til brúargjörðar á Blöndu hefir verið varið kr. 4201,19 umfram fjárveitingu, og leggur nefndin til, að upphæð þessi verði tekin í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1896 og 1897.

Í athugasemdum yfirskoðunarmanna er þess ekki getið, að þeir hafi skoðað peningaforða landssjóðs í jarðabókarsjóði við lok hvers árs, og væntir nefndin þess, að þeir eftirleiðis framkvæmi slíka rannsókn, sbr. nefndarálit um landsreikningana 1894 og 1895 (sjá Alþingist. 1897 C. bls. 276).

Neðri deild alþingis 25. júlí 1899.

Ólafur Briem,	Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson.
form. og framsögum.	skrifari.	

Nd. 204. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir 1896 og 1897.

Eins og tekið er fram í nefndaráliti um samþykt á landsreikningnum fyrir 1894 og 1895 (sjá Alþingist. 1897 C. bls. 277) vantaði á, að peningaforði landssjóðs í raun réttri næmi hinum reikningslega peningaforða við lok þess fjárhagstímabils . . . . . kr. 2616,40
en aftur á móti telst svo til, að hinn virkilegi peningaforði sé meiri en hinn reikningslegi 31. desbr. 1897 . . . . . — 443,95
kr. 3060,35.

Meðan ekki er gjörð fullnægjandi grein fyrir, hvernig á þessum mismun stendur, sérstaklega að því er snertir aukningu peningaforðans á fjárhagstímabilinu umfram það, sem reikningarnir segja til, vill nefndin eigi ráða til að breyta upphæð peningaforðans í samþyktarlögunum.

Að öðru leyti skal þess getið, að í peningaforðanum er fólgin eign landssjóðs í aðalféhirzlu ríkisins við lok fjárhagstímabilsins að upphæð kr. 235149,43, sem eigi hefir verið gjörð arðberandi þrátt fyrir áskorun alþingis 1897, sbr. ráðgjafabréf 11. maí f. á. (sjá Stjórnart. 1898 B. bls. 88).

Enn fremur vill nefndin benda á, að þar eð eign landssjóðs á hlaupareikningi í landsbankanum, sem 31. desbr. 1897 nam kr. 120000,00, gefur af sér að eins 1% vexti, virðist hagkvæmara fyrir landssjóðinn, að láta fé þetta ávaxtast með sparisjóðskjörum.

Samkvæmt athugasemd yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikninginn 1897 5. gr. 3. tölul. eru eftirstöðvar af afgjöldum af jarðeignum landssjóðs vantaldar um kr. 1,09. Með því nefndin hefir ekkert frekara við frumvarp þetta að athuga, leggur hún til, að það verði samþykt með þeirri breytingu, að tekjueftirstöðvar landssjóðs 31. desember 1897 sé 14901 kr. 88 aur. í staðinn fyrir 14900 kr. 79 aur.

Neðri deild alþingis, 25. júlí 1899.

Ólafur Briem,	Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson.
form. og framsögum.	skrifari.	

Nd. 205. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897.

Um 2. gr.

Hinn aukni kostnaður til viðhalds á húsum og áhöldum vitans á Reykjanesi kr. 423,61 stafar einkum af því, að í vitaljóskerið varð að setja nýar rúður og smíða um þær blýramma og umgerð.

Um 3. gr.

Í umframgreiðslunni til flutningabrauta kr. 5550,42 er fólginn kostnaður við að fullgera Flóaveginn að Þjórsá, er varð talsvert dýrari en áætlað hafði verið.

Kostnaðaraukinn til þjóðvega kr. 2548,42 hefir orsakast af því, að eftir að þjóðvegafénu var ráðstafað, reyndist nauðsynlegt að gera veg beggja megin brúarinnar á Blöndu.

Um 4. gr.

Hækkunin á ýmislegum útgjöldum til prestaskólans kr. 280,52 stafar einkum af kostnaði við útgáfu á minningarriti 50 ára afmælis skólans.

Með skírskotun til nefndarálitsins um athugasemdir yfirskoðunarmannanna við landsreikningana 1896 og 1897 II. 11. gr. 7. tölul., 13. gr. 1. tölul. og 19. gr. 5. tl. leggjum vér til, að frumvarpið verði samþykt með þessum breytingum:

1. 2. gr. orðist þannig:

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 10. gr. C. fjárlaganna til ýmislegra útgjalda, veitast:

Við liðinn 9. f. Til viðhalds á húsum og áhöldum vitans á Reykjanesi 1896 . . . . . 423 kr. 61 au.

Við liðinn 10. a. Til að byggja vita á Skagatá og Gróttu 1897. . . . . 1448 — 31 —

2. Aftan við 3. gr. bætist:

d. til fjallvega . . . . . 61 — 20 —

3. Á eftir 4. gr. komi ný grein svo látandi:

Sem viðbót við fjárgreiðslur samkvæmt fjáraukalögum og nýum lögum, sbr. lög 2. oktbr. 1895, veitast:

Til brúargerðar á Blöndu 1897 . . . 4201 — 19 —

Neðri deild alþingis, 25. júlí 1899.

Ólafur Briem, form. og framsögum. Einar Jónsson, skrifari. Guðl. Guðmundsson.

Nd. 206. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakenslu (eins og hún var samþykt við fyrri umr. í nd.).

Frá Sighv. Árnasyni.

Við II. Til sveitakennara.

Við 3. lið bætist: Ekkert barn kemur til greina við styrkveitinguna, sem notið hefir skemur tilsagnar en 2 mánuði.

Nd. 207. **Frumvarp.**

til laga um breyting á lögum nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flutningsmaður: Þórður J. Thoroddsen.

Sektir þær, sem getur um í 2. gr. laga nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum skulu frá þeim degi, er lög þessi öðlast gildi, renna að helmini í landssjóð og að helmingi í sýslusjóð þess sýslufélags, er brotið er framið í.

Nd. 208. **Frumvarp**

til laga um byggingu sóttvarnarhúsa í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði.

Flutningsmaður: Þórður J. Thoroddsen.

1. grein. Í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skal byggja sóttvarnarhús á kostnað landssjóðs og má til byggingar húsanna og útbúnaðar á þeim verja alt að 40,000 kr. úr landssjóði.

2. grein. Á húsum þessum skal, samkv. sóttvarnarlögunum 17. des. 1875 og

viðaukalögum við þau 24. okt. 1879, veita móttöku þeim, sem komnir eru að sjóleiðis og sýktir eru af bólusótt eða kóleru eða öðrum næmum sjúkdómum, svo og þeim sjúklingum, er læknar samkv. 6. gr. laga 31. jan. 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, láta flytja þangað.

3. grein. Allan árlegan kostnað við sóttvarnarhúsin, svo og hjúkrun sjúklinga, skal greiða úr landssjóði.

Nd. 209. **Viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Við 10. gr. C. A eftir 4. tölul komi 2 nýir liðir:

5. Til kenslu í mjólkurmeðferð . . . . . 3000—2000
Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands, með því skilyrði, að félagið útvegi mann frá Danmörku, er hafi fullkomna kunnáttu og góða æfingu í mjólkurmeðferð samkvæmt því, sem gerist á góðum mjólkursamlagsbúum í Danmörku. Maður þessi sé ráðinn til 2 eða 4 ára, til þess að kenna á góðu mjólkurbúi í landinu, helzt á Hvanneyrarskóla, tilbúning osta og smjörs með þeim áhöldum og aðferðum, sem hægt er að koma við á hinum stærri sveitabúum hér á landi, og fari kenslan fram kostnaðarlaust fyrir nemendur.

6. Til gróðrartilrauna . . . . . 3000—2000
Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands, með því skilyrði, að félagið komi á fót gróðrartilraunastöð í grend við Reykjavík, og ráði mann til að standa fyrir tilraununum og annast þær að öllu leyti.

Nd. 210. **Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Við 12. tölul. Athugasemdin falli burt.

Ed. 211. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um fjármál hjóna.

(Frá nefndinni).

Við 6. gr. Fyrir orðin: »og á þó að« komi: »og skal þó«.
— 7. gr. Fyrir: »með tilliti til« í 2. línu, komi: »við varnarþing«.
— 9. gr. Fyrir: »í auglýsingablaði stjórnarinnar« í næstsíðasta málsl. komi: »í auglýsingablaði landstjórnarinnar«.
— 11. gr. Fyrir orðin: »Ekki heldur má hann«, komi: »Hann má ekki heldur«.
— 24. gr. Fyrir orðin: »eða sé gjöf«, komi: »eða sé gjöfin«.

Nd. 212. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um undirbúning og stofnun klæðaverksmiðju.

Nefnd sú, er hin háttvirta deild hefir falið að íhuga framangreint frumvarp, hefir eigi getað orðið á eitt mál sátt um tillögur sínar.

Vér, meiri hluti nefndarinnar, erum að mestu leyti samdóma stefnu frumvarpsins og orðalagi þess.

Oss getur eigi blandast hugur um, að ullariðnaður hlýtur að eiga mikla framtíð fyrir sér hér á landi, þar sem bæði er nóg verkefni til í landinu sjálfu og aðalvinnuaflið, vatnsaflið, hlýtur hér að verða fult eins ódýrt og annarstaðar.

Nefndinni er það kunnugt, að nú á hinum síðari árum hefir mjög mikið af íslenzkri ull á ári hverju verið sent til klæðaverksmiðju í Noregi og hafa úr ullinni verið unnir dúkar, er svo hafa verið sendir hingað aftur. Þetta, að landsmenn hafa látið vinna ull sína til dúka í Noregi, hefir vaxið mjög hraðfara hin síðustu 2—3 ár, og þótt nefndinni sé eigi fyllilega kunnugt um, hve mikið borgað hefir verið héðan til Noregs í vinnulaun fyrir slíka dúka, þá getur nefndin þó fullyrt, að það hefir á árinu 1898 verið yfir 50,000 kr. Væri nú mögulegt að leysa þessa vinnu af hendi hér á landi eins vel og eigi dýrar en í Noregi, og það telur meiri hluti nefndarinnar mjög sennilegt, þá mundi hin innlenda verksmiðja hafa þegar í stað all-mikið verkefni fyrir höndum, sem telja má alveg víst að fari vaxandi þegar stundir líða fram.

Auk þess er nú þegar í kaupstöðum og kauptúnum hér á landi orðinn æði-mikill markaður fyrir dúka til klæðagjörðar, og má telja mjög sennilegt, að hann fari vaxandi, sérstaklega ef innlendur ullariðnaður kæmi upp og dúkar þeir, er fram yrðu boðnir til sölu, yrðu haldbetri og ef til vill ódýrari en hin þýzku og skozku fataefni, er nú eru seld hér á landi hvað mest.

Ennfremur vill meiri hluti nefndarinnar benda á, að líkur eru til þess, að hægt væri að selja ullardúka frá verksmiðjunni til Danmerkur, ef hún afkastaði meiru en hin innlenda þörf útheimtir, þar sem ullardúkar héðan eru eigi tollaðir í Danmörku, en aðflutningstollur hvílir þar á ullardúkum frá öðrum löndum.

Til þess nú að slík verksmiðja geti fullnægt þörf landsmanna í þessa átt og kept við hinar útlendu verksmiðjur, er nú sitja fyrir þessari atvinnu, er nauðsynlegt, að verksmiðjan geti, þegar frá byrjun, orðið sem fullkomnust.

En til þess hyggur meiri hluti nefndarinnar heppilegasta ráðið, eins og nú er ástatt, að setja verksmiðjuna á stofn á þann hátt, er farið er fram á í frv., þannig, að fyrirtækið sé eign hlutafélags, er hið opinbera eigi hlut í og hafi eftirlit með, í öllu falli fyrst um sinn. Til þess svo að tryggja það, að landsstjórnin geti haft hönd í bagga með fyrirtækinu og séð um, að sem tryggilegast og hyggilegast verði varið hlutafénu, eru í 3. gr. sett ýms ákvæði um eftirlitið, sem ráðgert er, að tekin verði upp í hina væntanlegu reglugjörð og nánar ákveðin í einstökum greinum, auk þeirra annara atriða, er kunna að verða talin nauðsynleg. Nefndin skal í þessu efni láta þess getið, að það hefir komið til orða, að bæta inn því skilyrði, að verksmiðjan léti ávalt innlent verkefni sitja

í fyrirrúmi og að hún notaði innlenda verkamenn, að því leyti sem mögulegt væri. En þar sem erfitt er að haga þessu ákvæði þannig í lögunum, að það eigi geti orðið til þess, að hefta um of hendur hlutafélagsins og stjórnarinnar, þá hefir nefndin eigi komið með tillögu í þessa átt, en telur alveg sjálfsagt, að slík ákvæði verði tekin upp í hina væntanlegu reglugjörð, með þeim nánari fyrirvara, er þörf kann að vera.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því, til að frumvarpið verði samþykt með þessum orðalags breytingum:

1. Við 2. gr.: Í stað »heimild til enntremur« komi »ennfremur heimild til«.
2. Við 2. gr.: Í stað »af hálfu stjórnarinnar« komi «af hálfu landsstjórnarinnar«.
3. Við 3. gr.: 4. Liðurinn orðist svo:

Að allir reikningar verksmiðjunnar, bæði fyrir stofnunarkostnaði og árlegum tekjum og gjöldum, liggi undir fullnaðarúrskurð landshöfðingja. Skulu reikningarnir endurskoðaðir af 2 mönnum og kýs landshöfðingi annan þeirra, en hluthafar hinn. Gefa skal aðal-ársfundi hluthafa tækifæri til að láta uppi álit sitt um reikningana og um tillögur endurskoðunarmanna, áður en lagður er fullnaðarúrskurður á reikningana.

Neðri deild alþingis, 26. júlí 1899.

Guðl. Guðmundsson, formaður og framsögumaður.
Kl. Jónsson, skrifari.

Valtýr Guðmundsson. Pétur Jónsson.

Eg hefi ekki getað orðið samdóma h. samnefndarmönnum mínum um það, að þetta mál sé tímabært, og verð því að vera því mótfallinn, að það fái framgang á þessu þingi. Mér dettur auðvitað ekki í hug að neita því, að ullariðnaður sé í eðli sínu mjög gagnvænlegur, ef þau skilyrði eru fyrir hendi, að hann sé rekinn á svo fullkominn hátt, sem mögul. er, bæði að fé og þekkingu, en þó alt af því að eins ráðlegt að leggja út í hann, að fé það og starf, er til hans útheimtist, verði ekki ávaxtað betur á annan hátt. En yfirvegun þessa frá almennu sjónarmiði, og með sérstöku tilliti til fámennis, fákunnáttu, fátæktar, fjarlægðar, stjórnarfars og verzlunarástands hjá oss, gerir það að verkum, að eg hefi ekki traust á þessu fyrirtæki að svo stöddu. Eg geri mér enga von um, að vér getum framleitt eins góða og sérstakl. ekki eins ódýra vöru og aðrar þjóðir, og þá munu hvorki innlendir menn né útlendir verða til að kaupa af oss. Afskifti landsstjórnar af fyrirtækinu óttast eg að yrðu hluteigendum til hindrunar og kynnu út af fyrir sig að hefta farsælan framgang og árangur þess.

Neðri deild 26. júlí 1899.

Jón Jónsson, þm. Eyf.

Ed. **213. Frumvarp**

til laga um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Af andvirði seldra þjóðjarða skal stofna sjóð, er nefnist Ræktunarsjóður Íslands.

2. gr. Stofnfé sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, er seldar hafa verið frá árslokum 1883 til ársloka 1898, bæði það, sem greitt hefir verið í viðlagasjóð, og það, sem stendur óborgað hjá kaupendum jarðanna. Sá hluti, er runnið hefir í viðlagasjóð, skal út lagður í skuldabréfum sveitarfélaga fyrir jarðabótalánum, að því leyti sem þau hrökkva.

3. gr. Tilgangur sjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnféð má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til jarðabóta og annara framkvæmda, er að jarðrækt lúta. Vöxtunum má verja til verðlauna fyrir frábæran dugnað í jarðabótum, að því leyti sem þeim er eigi varið til að auka stofnfé sjóðsins.

4. gr. Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins og semur skipulagsskrá fyrir hann og reglugjörð um lánveitingar og úthlutun verðlauna, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands. Skipulagsskráin skal staðfest af konungi.

Ed. 214. **Frumvarp**

til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Á Íslandi skal vera bannað að búa til vínandadrykki og áfenga maltdrykki og sérhverja aðra áfengisvökva, er ætlaðir séu til drykkjar.

Þó skal leyft að brugga öltegundir, er eigi eru staðjastaðar (hvítt öl).

2. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til landssjóðs, 10—2000 kr., og skulu áfengisdrykkir þeir, er búnir hafa verið til, og áhöld þau, er notuð hafa verið við tilbúninginn, upptæk, og rennur andvirðið í landssjóð.

Ed. 215. **Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald á hvalafurðum (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Af hvalafurðum skal útflutningsgjald greiða sem hér segir:

1.	Af hverri tunnu hvallýsis		kr.	1,00
2.	— hverjum 100 pd. af hvalskíðum		—	2,00
3.	— —— 100 — — hvalkjötsmjöli		—	0,25
4.	— —— 100 — — hvalguano		—	0,25
5.	— —— 100 — — hvalbeinum		—	0,05
6.	— —— 100 — — hvalbeinamjöli		—	0,15

2. gr. Um gjald þetta og greiðslu fer eftir fyrirmælum laga 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

3. gr. Með lögum þessum er úr gildi numinn 6. tölul. 2. gr. laga um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl., að því er hvallýsi snertir, svo og 3. tölul. 1. gr. laga nr. 10, 13. apríl 1894 um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

4. gr. Þessi lög öðlast gildi 1. jan. 1900.

Nd. 216. **Nefndarálit**

í bankamálinu.

Til nefndar þeirrar, er hin háttv. neðri deild kaus í þingbyrjun, til

þess að íhuga frv. til laga um hlutafélagsbanka á Íslandi, hefir síðan verið vísað tveimur frumvörpum, sem komið hafa frá efri deild, frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 og frv. til laga um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík.

Um þetta síðasta frumvarp vill nefndin þegar láta uppi álit sitt, og ræður hún til, eftir að hafa ýtarlega athugað það, og skjöl þau, er stjórnin lét fylgja því, að samþykkja frumvarpið, með þeim fáu breytingum, er nú skal greina.

Nefndin álítur það nægilegt, að tillag það úr landssjóði, sem eftir 2. gr. frumvarpsins á að veita til veðdeildarinnar, sé veitt til 5 ára í stað 10.

Með því að það verður að álítast skilyrði fyrir því, að bankavaxtabréfin geti gengið kaupum og sölum, án þess að þau falli niður fyrir ákvæðisverð, að varasjóðurinn geti eflst sem bezt, leggur nefndin það til, að tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs verði hækkað úr $^2/_5$ af hundraði upp í $^1/_2$ af hundraði, eins og stjórnarfrumvarpið fer fram á.

Að endingu leggur nefndin til, að í stað orðsins: »kaupmannahöllinni« í 18. gr. komi: »kauphöllinni«.

Samkvæmt þessu ráðum vér til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna: »Fyrstu 10 árin« komi: »Fyrstu 5 árin«.
2. — 11. — Í stað orðanna: »$^2/_5$ af hundraði» komi: »$^1/_2$ af hundraði«.
3. — 18. — Í stað orðsins: »kaupmannahöllinni« komi: »kauphöllinni«.

Neðri deild alþingis, 26. júlí 1899.

B. Sveinsson, formaður.	Kl. Jónsson, skrifari,	Tryggvi Gunnarsson, framsögumaður.
	Valtýr Guðmundsson.	Pétur Jónsson.

Nd. **217. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykt við 2. umræðu í nd).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1898 og 1899, sbr. lög nr. 2, 4. febrúar 1898, 1. gr., veitist 22,771 kr. 50 aurar til útgjalda þeirra, er getið er um í 2.—4. gr. hér á eftir.

2. gr. Sem viðbót við fé það, er talið er í fjárlögunum 10. gr. C. 7., staflið d. nr. 5 til að byggja íbúðarhús handa vitamanni við Skagatáarvitann, veitast 700 kr.

3. gr. Sem viðbót við fé það, sem talið er í fjárlögunum 12. gr., B til vegabóta veitast:

1)	við 4. lið til flutningabrauta	kr. 10,000 00
2)	við 5. lið til þjóðvega	— 271 50
3)	styrkur til vegagerðar frá Hólum að Höfn í Austur-Skaftafellssýslu	— 5,000 00

Veitist með því skilyrði, að sýslubúar kosti að fullu það er til skortir, að þessi upphæð nægi til að fullgera veginn, og að sýslufélagið taki að sér alt viðhald hans framvegis.

Alls kr. 15,271 50

4. gr. Sem viðbót við fé það, sem talið er í 1. gr. laga 4. febrúar 1898 um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, sbr. 8. lið í 21. gr. fjárlaganna 1898 og 1899, veitast 6,800 kr.

Ed. 218. **Frumvarp**

til laga um vinnuhjú og daglaunamenn. Flutningsmenn: Þorleifur Jónsson og Þorkell Bjarnason.

I. kafli.

Um vinnuhjú.

1. gr. Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú; sé hann ófermdur, verður hann þó að fá til þess samþykki *prests þess, er ætlast er til að fermi hann.*

2. gr. Engin vistarráð skulu vera bindandi fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn; en gild skulu vistarráð, þótt skemur sé um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eftir.

3. gr. Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveimur eða fleirum til helminga, þriðjunga o. s. frv.

4. gr. Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal vera á ári hverju 14. dag maímánaðar.

5. gr. *Nú ræður einhver hjú, sem hann veit að er ráðið hjá öðrum, og verður hann sekur um helming af kaupupphæð þeirri, er hinn fyrri visthafi samdi um eða dlízt að hafa um samið, og ber hinum fyrra visthafa sú upphæð.*

6. gr. Húsbóndi skal, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja vistráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest, og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra umsamið kaup. — Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um, að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað og greiða því, auk umsamins kaups, allan þann kostnað, sem dvöl þess annarsstaðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda alt það gagn, sem það getur, á þeim stað, sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmaríumessu *eða semji fyrir þann tíma við það um, að vistarráðin haldist, þótt það sé eigi sótt,* er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og varðar það húsbónda eftir 11. gr. Hið sama er og, ef hjúið flytur sig sjálft á hann, og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka.

7. gr. Húsbóndi getur neitað að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eður að veita því móttöku, af þessum ástæðum: 1. Ef hjúið, eftir að það var ráðið í vistina, hefir drýgt einhvern glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 2. Ef hjúið um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir ein-

hvern næman eða viðbjóðslegan sjúkdóm eður þau veikindi eður líkamamein, að víssa sé fyrir því, að það verði ótært til vinnu alt fram að þingmaríumessu eða lengur. *Hið sama gildir, þótt hjúið sé heilbrigt, ef næmur sjúkdómur gengur á dvalarstað þess, svo að ástæða sé til að ætla, að það flytji sóttnæmið. Þó getur hjúið krafist vistarinnar, þegar það sýnir læknisvottorð um, að það sé albata eða geti eigi valdið sóttnæmi, hafi það lagt til jafngildan mann í stað sinn, meðan það mátti eigi flytja í vistina, eða boðið aðra fullgilda borgun fyrir vinnumissinn.* 3. Ef hjúið kann ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og sem það þá þóttist kunna til, eður ef það hefir einhverja þá ókosti, er það þá neitaði að hafa. 4. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann á sér með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann réð það til sín.

8. gr. Hverju hjúi er skylt að fara þegar í vistina, er húsbóndi vitjar þess. Ef húsbóndi fyrst um sinn fær því annan samastað (sbr. 6. gr.), þá er því og skylt að fara þangað. Ef hjúið færist undan þessu án lögmætra orsaka, þá er húsbóndinn eigi lengur bundinn við vistarráðin, og varðar það hjúinu eftir 12. gr. Hið sama er og, ef svo hefir verið um samið, að hjúið skuli flytja sig sjálft í vistina, og það að nauðsynjalausu dregur ferð sína viku lengur. Nú getur hjúið eigi farið í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess, og er því eigi sjáltu um að kenna, þá er húsbónda eigi skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina og leggja af stað, jafnskjótt og það getur; en dragi það að nauðsynjalausu ferð sína viku lengur, varðar það eftir 12. gr.

9. gr. *Hjú getur neitað að fara í vist, af þessum ástæðum*: 1. *Ef húsbóndi eða húsmóðir hefir, eftir að hjúið var ráðið í vistina, drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svivirðilegur.* 2. *Ef um það leyti sem hjúið á að fara í vistina, gengur á heimilinu næmur sjúkdómur. Þó er því skylt að fara síðar í vistina, ef húsbóndi krefst þess og sýnir læknisvottorð um, að sóttnæmið sé horfið, og hafi hann séð hjúinu fyrir samastað á meðan.* 3. Ef húsbóndinn flytur, eftir að vistarráðin eru gerð, en áður en vistartíminn byrjar, þrjár þingmannaleiðir á landi eða 5 vikur sjávar burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann að auki greiða hjúinu kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, er um var samið, nema því að eins, að hann útvegi því aðra vist í *góðum stað, eða hjúið kjósi heldur að ráða sig sjálft.*

10. gr. Ef húsbóndi á ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eftir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ekki ákveða meiri hegningu, eftir því sem málið er lagað, sektast um 4 til 50 kr. og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann hjúinu að komast í tækan tíma í aðra vist, en það hefir ráðið sig í, og hjúið fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúinu alt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og þar að auki matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið.

11. gr. Ef húsbóndi riftar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið. Matarverð karlmanns skal vera eitt hundrað á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði, en kvenmanns þriðjungi minna.

12. gr. Ef hjú riftar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það

greiða húsbónda slíkt, sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið, *og þar að auki matarverð samkvæmt 11. gr.*

13. gr. Eigi má húsbóndi með neinum samningi afsala öðrum vistarráð yfir hjúi sínu, nema það samþykki. Nú deyr húsbóndinn og skal þá vistarráðum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur, en ef búi er brugðið, *skulu vistarráðin ógild.*

14. gr. Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, venjulegan rúmfatnað, *verkfæri til vinnu*, skæðaskinn og þjónustu. *Þó leggur hjúið til það, sem þarf til þjónustunnar, svo sem efni til bóta, sápu, handklæði og því um líkt, svo og öll þau áhöld, sem það þarf til sinnar eigin notkunar. Leggi hjúið sér til rúmfatnað, borgar húsbóndinn það sanngjarnlega, en eigi getur það heimtað sérstakt rúmstæði fyrir sig né krafist borgunar, þótt það leggi sér til eitthvað í rúm, ef húsbóndi leggur því til viðunanlegan rúmfatnað.*

15. gr. Hve mikið hjúið skuli hafa í kaup, í hverju og hve nær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki. Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg föt upp í kaup sitt, þótt hjúið hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum. Rétt goldnir eru hjúi í kaup peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eftir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið, og skal, þegar lagðir skulu peningar í hundruð, virða þá eftir verðlagsskrár meðalverði. — Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera undir eins og vistartíminn er á enda.

16. gr. Hjúið skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið. Það skal af ýtrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver sérstakur, óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eftir fremstu kröftum. — Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

17. gr. Eigi má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum.

18. gr. Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eður skemdir, er það veldur honum vísvitandi eður af skeytingarleysi, eður af því, að það kann eigi til þeirra verka, er það lézt kunna, er það réðst í vistina, og eins hvert annað tjón eður skemdir, er húsbóndi bíður fyrir óhlýðni þess *eða ótrúmensku.* Svo á hjú og að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vinnutjón það, er hann bíður fyrir það, að hjú er sett undir lagaákæru sökum glæpa, er það fremur. Skal húsbónda heimilt að halda jafnmiklu eftir af kaupinu, sem skaðabótunum nemur.

19. gr. Fyrir óhlýðni, þrjózku, mótþróa eður illyrði við húsbændur sína eða þann, sem fyrir þeirra hönd á yfir því að segja, skal hjúið sektast um

2—40 kr., en setji það sig upp á móti þeim eður áreiti þá í verkum, þá sektist það um 10—100 kr., nema svo sé, að það hafi unnið til meiri hegningar eftir öðrum lögum.

20. gr. Ef hjú slasast eður veikist, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefur skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstaklegum háska er bundinn, eður af einhverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, *gjalda því ákveðið kaup og fæði* og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eftir að það er frá honum farið. Eftir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 4 til 100 kr., nema hann hafi bakað sér þyngri hegningu eftir öðrum lögum.

21. gr. Nú veikist hjú eða slasast, *án þess að húsbónda þess verði gefin sök á því, og skal það sjálft greiða kostnað þann er leiðir af lækning þess og sérstakri aðhjúkrun, endurgjalda húsbónda fæði, meðan það er frá verkum, og eigi á það heimting á kaupi á meðan.*

22. gr. *Ef hjúið fær sig um tíma laust frá vinnu eða gegnir eigi vinnu sinni fyrir drykkjuskap, óþarft bœjaslór sviksemi eða annað tómlæti, er húsbóndi getur ekki komið í veg fyrir, þá dregst af kaupi þess jöfn upphœð og þyrfti að gjalda jafnoka hjúsins á hinum sama tíma. Auk þess borgi hjúið þann fœðiskostnað, er á fellur.*

23. gr. *Samningur milli húsbónda og hjús, um að vistinni skuli lokið, ef hjúið sýkist svo, að auðsætt virðist, að það geti eigi fullnœgt kröfum vistarráðanna, er bindandi fyrir hjúið, ef það þarf ekkert að flytja sig eða álítur sig vel ferðafœrt. Að öðrum kosti má eigi flytja það burtu, enda þótt vistartíminn sé liðinn, nema lœknir lýsi yfir því áliti að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sóttnœm.* Nú flytur húsbóndi samt hjúið burt, og skal hann sæta sektum eftir 20. gr. eður og þyngri hegningu eftir öðrum lögum, og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins.

24. gr. Þegar hjú, sem sýkist eður slasast í vistarverunni, á eftir tilskipun þessari sjálft að greiða *allan kostnað af legunni og fæði*, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum, þar sem hjúið er í vist, en aftur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins. Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greftrun þess, ef erfingjar gjöra það eigi, en fái aftur kostnaðinn endurgoldinn af eigum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum, samkvæmt því, sem nú var sagt.

25. gr. Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina: 1. Ef hjúið leggur hönd á húsbóndann eður vandamenn hans á heimilinu eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eða meiðir þá með illyrðum. 2. Ef hjúið sýnir húsbóndanum *ítrekaða þrjózku, skeytingarleysi, ótrúmensku, eða neitar að vinna skylduverk sín.* 3. Ef hjúið *leitast við* að tæla börn eða vandamenn húsbónda á heimilinu til ósiðsemi eða einhvern þar til illverka, *svo og ef nokkrum á heimilinu er hætta búin af breytni þess eða getur eigi dvalið á heimilinu sökum ósvífni þess við sig.* 4. Ef hjúið af varmensku skemmir eigur

húsbóndans, eður misþyrmir skepnum þeim, er hann á eður hefir undir hendi. 5. Ef hjúið sýnir af sér skeytingarleysi með ljós, eld, *sóttnæmi eða annan voða*, er skaði getur hlotist af á heimilinu. 6. Ef hjúið er aftur og aftur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka. 7. Ef hjúið með illlyndi eða rógi raskar friði og reglu á heimilinu og lætur eigi af því, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans. 8. Ef hjúið drýgir einhvern þann glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 9. Ef hjúið er haldið næmri eður viðbjóðslegri veiki, þegar það á að fara í vistina, eður fær slíka veiki í vistinni sökum ósiðsamlegs lífernis. 10. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann réð það til sín. 11. Ef hjúið kann eigi til þeirra verka, er áskilið var að það skyldi kunna og það sjálft lézt kunna, er það réðst í vistina, eður það hefir nokkra þá ókosti, sem það þá neitaði að hafa. 12. *Ef hjúið fer af heimilinu, þótt á helgum degi sé, án vilja og vitundar húsbónda eða þess, sem er í hans stað.*

26. gr. Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 25. gr., eður það hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið, *og matarverð, karlmaður 10 álnir fyrir hvern mánuð þrítugnættan, sem eftir er vistarverunnar, en kvenmaður þriðjungi minna.* Þó skal þar frá dregið það, sem því ber í kaup eftir tiltölu réttri fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni. Auk þess skal hjúið sæta hegningu þeirri og skaðabótum, er það með broti sínu að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

27. gr. Þá hefir hjú löglega ástæðu til að ganga þegar úr vistinni: 1. Ef húsbóndi misþyrmir hjúinu. — 2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eður ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera í slíku og húsbóndi veitir ekki hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt það beri sig upp undan því við hann. — 3. Ef húsbóndi lætur hjúið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu. — 4. Ef búsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins eður ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af. — 5. Ef hjúið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma. — 6. Ef lífi eður heilsu hjúsins er hætta búin af veru þess á heimilinu. — 7. Ef húsbóndinn flytur af landi burt. — *8. Ef einhver á heimilinu misþyrmir hjúinu eða meiðir það freklega með illyrðum eða rógi, og húsbóndi veitir því ekki tilhlýðilega vernd, þegar það beiðist þess. — 9. Ef húsbóndi eða húsmóðir drýgir einhvern þann glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur.*

28. gr. Ef hjú fer úr vist fyrir nokkurar þær sakir, sem greindar eru í 27. gr., eður húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupi fyrir vistartíma þann, er um var samið, og matarverði, 10 álnum karlmaður, en kvenmaður þriðjungi minna fyrir hvern mánuð þrítugnættan, sem eftir er vistarverunnar. Auk þess skal húsbóndi sæta þeirri hegningu og skaðabótum, sem hann annars kann að hafa bakað sér með framferði sínu.

29. gr. Í þrotabúi húsbónda hefir hjú forgöngurétt til kaups og matarverðs, eftir því sem fyrir er mælt í skiftalögum 12. apríl 1878, 83. gr. b. 5.

30. gr. Fyrir eins árs kaupi og matarverði, er þó má eigi vera frá

eldri tíma en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúið látið gera fjárnám hjá húsbónda, ef hann mótmælir eigi kröfunni.

31. gr. Fógeti eður hreppstjóri, sem fjárnám gjörir fyrir kaupi eða matarverði, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimting á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengist hjá húsbónda, eftir að hjúið er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu.

II. kafli.
Um daglaunamenn.

32. gr. Hver, sem ræður sig í vinnu hjá öðrum, án þess að vera hjú hans samkvæmt I. kafla, skal sjálfur annast flutning á sér og dóti sínu til þess staðar, þar sem hann er ráðinn í vinnuna, nema öðruvísi sé um samið.

33. gr. Vilji búshóndi, án löglegra orsaka, ekki taka á móti daglaunamanni, sem hjá honum er ráðinn, er daglaunamaðurinn ekki bundinn við vinnusamninginn, og varðar það húsbónda eftir niðurlagi 6. gr. og eftir 11. gr.

34. gr. Nú kemur daglaunamaður, sem ráðinn er til styttri tíma en mánaðar, án löglegra orsaka eigi á ákveðnum tíma í vistina, eða dregur það viku lengur, sé hann ráðinn til lengri tíma, varðar það hann eftir 12. gr.

35. gr. Ef daglaunamaður er ráðinn til styttri tíma en missiris í einu á sama stað, skal hann leggja sér til verkfæri til þeirrar aðalvinnu, sem hann gengur að, og halda þeim á sinn kostnað í góðu lagi, svo og skæðaskinn og þjónustu. Þó á hann heimting á að fá þjónustuna hjá húsbónda sínum fyrir sanngjarna borgun Að öðru leyti leggur húsbóndi daglaunamanninum til ókeypis það, sem hann á að leggja til hjúi samkvæmt 14. gr.

Ef daglaunamaður er ráðinn til missiris eða lengri tíma, skal húsbóndi leggja honum til hið sama, sem hann á að leggja til hjúi samkvæmt 14. gr.

36. gr. Ákvæði 5., 7., 9., 10., 11., 12, 13., og 15.—31. gr. gilda um daglaunamenn og húsbændur þeirra, að svo miklu leyti sem þau geta gilt um þá.

37. gr. Mál, er snerta það efni, sem um er rætt í lögum þessum, eiga fyrir lögregluréttt. Brot á móti 23. gr. skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll mál, er rísa út af tilskipun þessari, eins og lögreglumál einstakra manna.

38. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um vinnuhjú á Íslandi 26. jan. 1866, og 7. gr. í lögum um leysing á sóknarbandi 12. maí 1882.

Nd. 219. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Ólafi Briem.

1. Við 12. gr. B. 1. Fyrir »til verkfræðings — samgöngubætur« komi: Til verkfræðings landsins
2. — — — — — Aftan við töluliðinn bætist: Starfsvið verkfræðingsins skal ákveðið með erindisbréfi, er landshöfðingi semur.

Nd. 220. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá Sighv. Árnasyni, Þórði Guðmundssyni.

1. Við 12. gr. C. 2. a. Í staðinn fyrir »7500« komi: 7700.
2. Við sömu gr. og stafl. 1. aths. Í staðinn fyrir »styrkinn undir — — — sama gufubát« komi: Af þessari upphæð má verja 200 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem séu að minsta kosti tvær ferðir, milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyar og Holtsvara.

Nd. 221. **Tillaga**

til þingsályktunar um lán úr landssjóði til prestakalls.

Frá Þórði Guðmundssyni og Sighvati Árnasyni.

Alþingi ályktar, að veita landsstjórninni heimild til, að veita viðaukalán úr landssjóði prestinum síra Ófeigi Vigfússyni í Efri-Holtaþingum í Rangárvallaprófastsdæmi, að upphæð 1000 kr., upp í kostnað við byggingu á timburhúsi, sem hann hefir bygt, og sem á að koma í staðinn fyrir fallin jarðarhús á prestssetrinu Guttormshaga. Lán þetta endurborgist af brauðinu með sömu vaxta- og afborgunarskilyrðum, sem hið áður veitta lán til húsbyggingarinnar er bundið við.

Ed. 222. **Frumvarp**

til laga um friðun fugla og hreindýra (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Hér á landi skulu þessar fuglategundir friðaðar fyrir allri veiði á hverjum tíma árs sem er: Krían, snjótitlingar, þúfutitlingar, maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar og auðnutitlingar; og allar aðrar fuglategundir, nema ernir, valir, smirlar, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur, mávar, fiskiendur, himbrimar, lómar og bjargfugl, skulu friðaðar frá 1. apríl til 20. júlí ár hvert; þó skulu álftir friðaðar frá 15. maí til 20. september og rjúpur frá 20. marz til 31. ágúst, lundi frá 10. maí til 20. júní, fýll frá 1. marz til 10. ágúst. Net og skot má eigi hafa við lunda- eða fýlaveiði.

2. gr. Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 50 aura sekt, er tvöfaldast fyrir hvert brot, alt að 16 krónum.

3. gr. Hreindýr skulu friðhelg vera frá 1. janúar til 1. ágúst ár hvert, og varðar 5 króna sekt fyrir dýr hvert hið fyrsta sinn, ef drepið er. Sektin tvöfaldast, ef oftar er brotið, alt að 80 krónum.

4. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, eru opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjárins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

5. gr. Lög nr. 6, 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra, og lög nr. 33, 16. des. 1885 um breytingu á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra skulu úr gildi numin.

Ennfremur skal sú ákvörðun í tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849 § 7: »Hreini má og veiða og elta hvar sem er«, úr gildi numin.

Nd. 223. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakenslu (eins og hún var samþykt við fyrri umr. í neðri deild).

Frá Sighvati Árnasyni, Þorláki Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni, Halldóri Daníelssyni, Guðjóni Guðlaugssyni og Pétri Jónssyni.

Við II. 2. Í staðinn fyrir orðin »að sveitirnar«,
komi: að sveitarsjóðir eða einstakir sveitarmenn.

Við II. 3. Aftan við liðinn bætist:
Ekkert barn kemur til greina við styrkveitinguna, sem notið hefir skemur tilsagnar en 2 mánuði.

Ed. 224. **Frumvarp**

til laga um breyting á 7. gr. í lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

Fyrstu 20 árin eftir að alþýðustyrktarsjóður er stofnaður í sveitarfélögum, leggist hið árlega gjald alt við höfuðstólinn ásamt öllum vöxtum.

Ed. 225. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 5, 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum (eins og það var samþykt við 3. umr. í nd.).

1. gr. Hreppsnefndir skulu árlega á haustþingum annast um, að kosnir séu tveir eða þrír menn til þess að hafa eftirlit með fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð búpenings í hreppnum. Það er skylda þessara manna, að leiðbeina hreppsbúum í öllu, er lýtur að heyásetning og meðferð búpenings. Verði þeir þess varir, að fénaður einhvers búanda sé illa hirtur eða ætlað oflítið fóður eða húsrúm, skulu þeir áminna þann, er í hlut á.

Um kosningarrètt, kjörgengi og skyldu til þess að takast þenna starfa á hendur gilda sömu ákvæði og um kosningar til hreppsnefnda.

2. gr. Almennar skoðanir á fóðurbirgðum, búpeningi og fénaðarhúsum, getur hreppsnefnd fyrirskipað einu sinni eða tvisvar á hverjum vetri og skulu hinir kosnu menn framkvæma þessar skoðanir.

Hafi hreppstjóri eða hreppsnefnd ástæðu til að ætla, að fénaði einhvers hreppsbúa sé horfellir búinn vegna fóðurskorts, illrar hirðingar eða harðýðgi, þá skal hreppstjóri eða hreppsnefnd þegar í stað fyrirskipa skoðun hjá þessum búanda, en skoðunarmenn skulu framkvæma hana svo fljótt, sem því verður við komið, og senda hreppstjóra skýrslu um skoðunina.

3. gr. Fyrir skoðunargjörðir þær, er um er rætt í lögum þessum, fá skoðunarmenn 2 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru að skoðunargjörðinni. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

4. gr. Með lögum þessum er 2., 3., 4., 6, og 7. gr. í lögum nr. 5, 26. febr. 1898 feldar úr gildi.

Nd. 226. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir 1896 og 1897.

Frá landsreikninganefndinni.

Við II. 6. c. Fyrir »39684,85« komi: 38484,85.
Tekjuafgangur, eignir viðlagasjóðs og peningaforði landssjóðs breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Ed. 227. **Breytingartillaga**

við tilögu til þingsályktunar um rannsókn á Lagarfljótsós o. fl.

Frá Jóni Jónssyni, Guttormi Vigfússyni og Þorleifi Jónssyni.

1. Fyrir orðin »verkfræðing landsins« komi: útlendan verkfræðing.
2. Fyrir orðin »svo fljótt, sem því verður við komið« komi: á næstkomandi sumri.

Nd. 228. **Frumvarp**

til laga um fjármál hjóna (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

I. þáttur.

Kaupmálar hjóna.

1. gr. Þá er gjöra á með kaupmála breyting á hinu venjulega helmingafélagi hjóna, þá er hann því að eins gildur, að kaupmálinn sé skriflegur, og undirritaður af hjónunum, hvort sem hann er gjörður á undan eða eftir giftingu. Eigi má breyta kaupmála né fella hann úr gildi nema með nýjum kaupmála.

2. gr. Nú er annað hjóna eða hjónaefna halfmyndugt, er það gjörir kaupmála, og þarf þá samþykki tilsjónarmanns; sé það ómyndugt eða svift fjárforráðum, skal samþykki fjárráðamanns, auk samþykkis þess sjálfs, koma til.

3. gr. Nú er kaupmáli gjörður samkvæmt því, er að framan er sagt, og er hann þá án konungsstaðfestingar skuldbindandi fyrir hjónin sjálf og fyrir erfingja þeirra, sé hann gjörður áður en þau gengu í hjónaband. Sé hann gjörður eftir að þau gengu í hjónaband, verður hann skuldbindandi fyrir þau sjálf og erfingja þeirra, þegar konungur hefir staðfest hann.

4. gr. Með kaupmála mega hjón skipa fjármálum sínum á hvern lögmætan hátt, er þeim sýnist, ef þau gæta þess, er í lögum þessum segir; þurfi kaupmálinn staðfestingar, má yfirvaldið synja um hana að öllu eða nokkru leyti, ef því sýnist svo.

Eigi má þó ákveða í kaupmála eða á annan hátt, að allar eigur annars hjóna, er það á og síðar eignast, skuli vera séreign hins, eða að séreign annars þeirra skuli vera í umráðum hins eins, eða að afraksturinn af sjálfstæðri atvinnu annars þeirra skuli vera séreign hins eða undir umráðum þess eins; hjón geta eigi heldur með kaupmála þegið sig undan skyldum þeim, er ræðir um í 11. og 22. gr. laga þessara.

5. gr. Kaupmáli er gildur gagnvart öðrum mönnum frá giftingardegi, sé hann löglega þinglesinn áður (sbr. 6. og 7. gr.). Hann gildir þó gagnvart kröfum, sem eldri eru en hjónabandið, hafi þess áður verið beiðst, að hann yrði sem fyrst þinglesinn. Annars gildir hann eigi gagnvart öðrum mönnum fyr en frá þinglýsingardegi.

Kaupmáli er eigi því til fyrirstöðu, að maður, er eigi hafði vitneskju um hann, öðlist með samningi á undan þinglýsing hans réttindi yfir eigum hjónanna. Skuldheimtumenn þeir, sem eiga kröfur, er eldri eru en þinglýsing kaupmálans eða beiðnin um þinglýsinguna, þegar svo á stendur eins og segir í 2. málslið undanfarandi málsgreinar, og stafi kröfur þeirra eigi frá samningi, er gjörður hefir verið með vitund um kaupmálann, og hafi þeir árangurslaust leitað eftir borgun hjá því hjónanna, sem er skuldunautur inn, geta gengið eftir borgun hjá hinu hjónanna í fjármunum þeim, sem það hefir fengið til séreignar með kaupmálanum, nema það sannist, að skuldunautur sjálfur hafi átt nægilegt fé fyrir öllum skuldum sínum á þeim tíma, er kaupmálinn gekk í gildi gagnvart skuldheimtumönnum. Ræði kaupmálinn um fé, er síðar aflast, er þó skuldheimtumönnum fyrirmunað að leita borgunar í fé þessu, ef kaupmálinn er þinglesinn, áður en þess var aflað.

6. gr. Þinglýsing samkvæmt undanfarandi grein skal fram fara á varnarþingi bónda. Nú á hann ekkert varnarþing, og skal þó þinglýsa kaupmála hans hér á landi, og skal þá þinglýsa við hinn kgl. íslenzka landsyfirrétt.

7. gr. Til þess að kaupmáli geti haft áhrif á ráðstafanir yfir fasteignum, verður að þinglýsa honum sérstaklega við varnarþing þeirra. Annars standa þeir samningar óhaggaðir, er þeir menn gera, er ókunnugt er um kaupmálann, enda þótt hann sé þinglesinn á varnarþingi bóndans, séu samningarnir gerðir áður en kaupmálinn er þinglesinn við varnarþing fasteignanna.

8. gr. A skuldabréf, hlutabréf, ábyrgðarskírteini og önnur slík skjöl skal gjöra áritun um kaupmálann. Þangað til það er gjört, geta þeir, er ókunnugt er um hann, eignast réttindi yfir téðum skjölum, er koma í bága við kaupmálann.

9. gr. Eftir ráðstöfun landshöfðingja skal í Reykjavík halda skrá yfir alla kaupmála hjóna, sem þinglesnir eru. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu, þegar er kaupmáli hefir verið þinglesinn, senda skrifstofu þeirri, er landshöfðingi ákveður og auglýsir, skýrslu um kaupmálann í ábyrgðarbréfi. Í skýrslu þessari skal tilgreina nöfn og stétt málsaðila, bústað þeirra og þinglýsingardag kaupmálans, en eigi skal skýra frá efni hans. Sérhverjum er heimilt að fá skýrslu um það eftir skrá þessari fyrir 1 krónu gjald, hvort kaupmáli hafi gjörður verið, og ef svo er, hvar og hvenær hann hafi verið þinglesinn, en senda verður hann skriflega beiðni um það, er skýrir frá nöfnum málsaðila, og, ef unt er, stétt bónda. Landshöfðingi gefur nánari reglur um fyrirkomulag skrárinnar, og hvernig hún skal haldin. Kostnaðurinn, er af þessu leiðir, greiðist úr landssjóði. Við lok hvers mánaðar skal birta í auglýsingablaði landsstjórnarinnar það, sem fært hefir verið inn í skrána mánuð þann, er liðinn er. Til að borga auglýsingarkostnað þennan skal greiða 1 kr., auk þinglýsingargjalds fyrir kaupmála.

II. þáttur.

Um fjárforræði giftrar konu og umráðin yfir félagsbúinu.

10. gr. Um fjárforræði giftrar konu í fjármálum fer sem um fjárforræði ógiftrar. Bónda má skipa tilsjónarmann eða fjárráðamann konu sinnar. En ef ráðstöfun sú, er fram á að fara, snertir hag hans, verður að skipa annan í hans stað.

11. gr. Bóndi hefir einn umráð yfir félagsbúinu. Hann má þó eigi nema með samþykki konu sinnar afhenda, veðsetja né leigja með óvenjulegum kjörum eða um óvenjulega langan tíma fasteignir þær, er eignarskjölin bera með sér, að konan lagði til félagsbúsins, og eigi heldur afhenda, veðsetja né kvitta skuldabréf, hlutabréf, ábyrgðarskírteini, sparisjóðsbækur og þess háttar skjöl, er hún hefur lagt til og bera hennar eignarnafn. Hann má ekki heldur seljast arfsali nema með samþykki hennar. Vilji hún rifta ráðstöfunum, er koma í bága við þessi ákvæði, skal málssókn hafin innan árs frá því er þær voru gjörðar, eða þinglesnar, hafi þær verið lesnar á þingi.

Bóndi má eigi án samþykkis konu sinnar skuldbinda félagsbúið með loforðum um gjafir eða gefa úr því svo, að það á einu ári fari fram úr 5 hundruðustu af skuldlausri eign búsins við næstu árslok á undan. Breyti hann gegn þessu á hún rétt á skaðabótum af séreign hans eða af hans hluta félagsbúsins, þá er því verður skift. Krafa til skaðabóta af séreign bónda skal þó hafin með lögsókn eða áskilin með notarialsvarkröfu á hendur honum innan árs frá því er konan fékk vitneskju um þau atvik, er hún byggir á kröfu sína, og innan mánaðar eftir að búið er tekið til skifta, sé krafa gjörð til skaðabóta úr hluta hans af félagsbúinu.

Þegar svo stendur á, eins og segir í fyrsta kafla greinar þessarar, getur konan í stað þess að rifta ráðstöfuninni krafist skaðabóta af séreign bónda síns eða hluta hans af félagsbúinu á sama hátt og segir í öðrum kafla greinarinnar.

12. gr. Skuldbindingar, er kona hefur gengist undir eða bakað sér áður en hún giftist, hvíla og á manni hennar, nema annað sé um samið í kaupmála, er þau hafa gjört fyrir hjúskap sinn og látið þinglýsa.

13. gr. Ráðstafanir þær, er kona gjörir með samþykki og vitund bónda síns, eða til sameiginlegs gagns og sakir óhjákvæmilegra nauðsynja, skuldbinda félagsbúið.

Ef gift kona verður skaðabótaskyld án þess að það stafi af samningi, eða baki hún sér gjöld fyrir hegningarvert athæfi, má ganga að félagsbúinu til greiðslu nefndra gjalda, en bóndi hefir rétt til að fá þau endurgoldin af séreign konu sinnar, atvinnuarði hennar (sbr. 26. gr.) eða af hluta hennar af félagsbúinu, þegar því verður skift.

Ef kona bakar sér aðrar skuldbindingar í hjúskap sínum, verður til fullnustugjörðar á þeim eigi gengið að öðru en séreign hennar eða atvinnuarði (sbr. 26. gr.) eða að hennar hluta af félagsbúinu, hvort sem því er skift eða hún situr í óskiftu búi.

14. gr. Nú er bóndi sviftur fjárforráðum og hefur þá fullveðja kona hans forráð félagsbúsins með fjárráðamanni bóndans.

15. gr. Þá er kona tekst á hendur að svara ein eða með manni sínum til skulda hans eða skuldbindinga, hvort sem það er með ábyrgð, víxilábeking eða framsali að skaðlausu eða því um líku, eða skuldbinding þessi kemur fram á annan hátt, svo sem með veðsetning á séreignum hennar fyrir skuldum hans, en álíta verður, að skuldbindingin í raun og veru miði að hinu sama, þá eru þessar ráðstafanir ógildar, nema þær séu samþyktar af amtmanni.

Hið sama er um ráðstafanir, er hún með þeim afsalar sér trygging, er hún á í eigum bónda síns eða félagsbúsins.

16. gr. Nú hefur bóndi bakað félagsbúinu þess háttar gjöld, er ræðir um í öðrum kafla 13. greinar, og á þá kona hans rétt á að fá þau endurgoldin af séreign hans, eða af hluta hans af félagsbúinu, þá er því verður skift.

III. þáttur.

Séreign og gjafir hjóna á millum.

17. gr. Í séreign hvors hjóna eru ekki að eins persónuleg réttindi, þótt þau kunni að vera arðsöm, svo sem rithöfundarréttur og sams konar réttindi, heldur og verðmæt réttindi, er eigi verða frá skilin þeim, er þeirra nýtur, svo sem eftirlaun, lífeyrir, forlagseyrir, framfærsluréttur, innstæðuréttindi, óafhendanlegur afnotaréttur, þar í talinn ábúðarréttur, atvinnuréttindi, persónuleg einkaréttindi og því um líkt. Arður af þessum réttindum, sem fellur til í hjónabandinu, rennur þó inn í félagsbúið, nema öðru vísi sé ákveðið í lögum, kaupmála eða með annari lögmætri ráðstöfun.

18. gr. Það verður og séreign, þótt eigi sé það ákveðið í kaupmálanum, er annaðhvort hjóna hefir eignast eða síðar eignast að erfð, þó lögarfur þess sé, eða að gjöf, ef og að svo miklu leyti, sem svo hefir verið ákveðið at arfleifanda eða gefanda. Eigi má í kaupmála gjöra breyting á ákvæðum gefanda eða arfleifanda í þessa átt.

19. gr. Auk þess, sem talið er í 17. og 18. gr., er alt það séreign, sem ákveðið er löglega í kaupmála að svo skuli vera.

20. gr. Hvort hjóna hefir umráð yfir séreign sinni, nema hún sé með kaupmála eða með öðru lögmætu ákvæði, svo sem af hálfu arfleifanda eða gefanda, fengin í hendur sérstökum fjárráðamönnum.

Í kaupmála má ákveða, að konan megi eigi, þótt fullveðja sé, ráða yfir séreign sinni, nema með samþykki bónda síns eða tilsjónarmanns.

21. gr. Arður af séreign eftir kaupmála og andvirði hans skal séreign vera, nema annað sé ákveðið í kaupmálanum.

Það sem útvegað er fyrir muni, sem í séreign eru, eða gengur til að bæta þá eða auka, skal og séreign vera, nema annað sé ákveðið í kaupmála; en ef varið er til þessa fé úr félagsbúi eða af séreign hins hjóna, má heimta endurgjald fyrir það af séreign þess hjóna, er í hlut á, eða af hluta þess í félagsbúinu, þá er því verður skift.

22. gr. Et kostnaður til heimilisþarfa (þar með talin húsaleiga) og til viðurværis og uppeldis barnanna getur eigi greiðst af félagsbúinu, er hvort hjóna af

sinni hálfu skylt til að leggja fram fé til gjalda þessara af séreign sinni, meðan hún vinst til. Geti hjónin ekki komið sér saman, ákveður amtmaður, hve mikið þau skuli leggja til.

23. gr. Skuldir, er hvíla á öðru hvoru hjóna, þá er þau giftast, skal greiða af séreign þess, ef nokkur er og meðan endist, nema annað sé ákveðið í kaupmála. Hafi þessar skuldir verið greiddar af félagsbúinu eða séreign hins hjóna, má krefjast endurgjalds af séreign þess, er í hlut á, eða ef þörf gerist af hluta þess úr félagsbúinu, þá er skifti fara fram.

24. gr. Til þess að gjafir milli hjóna í hjúskap þeirra séu gildar, skal um þær gerður kaupmáli, nema svo sé, að gefnir séu munir til persónulegra nota, sem eigi séu meira verðir en svo, að samsvari efnahag gefanda, eða sé gjöfin lífeyrir eða forlagseyrir eða þess konar framfærslueyrir af hendi bónda fyrir konu sína.

Til gjafa teljast og afsöl þau, er getur um í öðrum kafla 28. greinar í lögum nr. 7, 13. apríl 1894; en þá er gefandi skyldur til að greiða það aftur, er gjafarþegi hefir af hendi int.

Það, sem segir í þessari grein, gildir og þá er gjöfin er gefin einhverjum öðrum, en hann afsalar hana síðan hinu hjóna, ef álíta má, að það sé að eins gert til þess að fara kringum lögin.

25. gr. Ákvæðin um ógilding ráðstafana í 4. kapítula laga nr. 7, 13. apríl 1894 eiga og við um ráðstafanir hjóna á milli, hvort sem þau hafa félagsbú eða ekki.

IV. þáttur.

Um umráð giftrar konu yfir aflafé hennar af sjálfstæðri atvinnu.

26. gr. Nú rekur gift kona sjálfstæða atvinnu, sem eigi aðallega er stofnuð né henni viðhaldið með fé bónda hennar eða félagsbúsins, og hefir hún þá, meðan hún lifir, ein og án samþykkis bónda síns eða fjárráðamanns, umráð yfir arði þeirrar atvinnu, og yfir því, er sannað verður, að hún hafi aflað sér fyrir atvinnu-arð sinn. Meðan hún lifir, má eigi taka fé þetta til lúkningar skuldum þeim, sem bóndi hennar hefir stofnað, nema samþykki hennar komi til.

V. þáttur.

Um rétt hjóna til að slíta fjárfélagi.

27. gr. Nú hefir bóndi eytt mjög eigum félagsbúsins, án þess það verði réttlætt nægilega fyrir sérstök atvik, eða gefið fulla ástæðu til þess að óttast megi, að hann muni fara illa með yfirráð sín yfir félagsbúinu, og getur kona hans þá krafist þess, að fjárfélaginu sé slitið, og að full séreign komist á.

28. gr. Þá er kona vill neyta þessa réttar, skal hún senda amtmanni skriflega beiðni um það; rannsakar hann málið, og gefur bónda tækifæri til að láta uppi skoðun sína og leggur síðan úrskurð á það; úrskurði hans má skjóta til landshöfðingja; þegar það er gjört, getur skiftaréttur, ef konan æskir þess, gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að varðveita eigur búsins, einkum á þann hátt, er segir í 2. og 3. lið 57. gr. skiftalaganna.

29. gr. Nú slítur bóndi ólöglega samvistum við konu sína, eða sé félagsbú þeirra tekið til gjaldþrotaskifta að honum lifanda, og getur kona hans þá krafist

þess, að fjárfélagi þeirra sè slitið. Beiðni um þetta sendir hún til amtmanns, og skal beiðnin tekin til greina. Ef kona slítur ólöglega samvistum við bónda sinn, hefur hann og hinn sama rétt til þess, að fá fjárfélagi þeirra slitið.

30. gr. Þá er tekin hefir verið til greina beiðni annarshvors hjóna um, að fjárfélagi þeirra skuli slitið, getur hvort um sig krafist þess, að félagsbúið sé tekið til skifta á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiftalaganna.

Úrskurður um, að fjárfélagi hjóna skuli slitið, gildir fyrir þau sjálf frá því, er beiðnin um það kom til yfirvaldsins, en fyrir aðra frá því er úrskurðurinn er þinglesinn á varnarþingi bónda hér á landi, eða, sé hann farinn úr landi, þá á varnarþingi því, er hann átti síðast hér, og fer um verkanir þinglýsingarinnar eins og segir um þinglýsingu á kaupmála í 5. gr. laga þessara.

2. og 3. ákvæði 67. gr. í skiftalögunum koma því eigi til greina við þau skifti, er hér ræðir um.

31. gr. Þegar það hefir verið löglega ákveðið í kaupmála, að fjárfélagi hjóna skuli slitið, geta þau og hvort um sig krafist þess, að skifti skuli fram fara á félagsbúinu á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiftalaganna, án þess þó nein breyting verði á gildi kaupmálans gagnvart öðrum eftir 5. gr. þessara laga, og þannig án þess, að 2. og 3. ákvæðið í 67. gr. skiftalaganna komi til greina við þau skifti.

VI. þáttur.

Hvenær dæma skal um kaupmála eftir útlendum lögum.

32. gr. Fyrirmæli laga þessara ná og til þeirra kaupmála, sem gjörðir eru erlendis, ef bóndinn á lögheimili hér á landi, en um myndugleika konunnar til að gjöra kaupmálann fer þó eftir lögum lands þess, þar er hún á heimili. —

Nú er kaupmáli gjörður af manni, er eigi er búsettur hér á landi, og sé kaupmálinn gildur eftir lögum lands þess, þar sem maðurinn á heimili, og er málinn þá, að því er fjármál hjónanna snertir, gildur hér á landi fyrir hjónin sjálf og erfingja þeirra, ef hann ákveður ekkert, er kemur í bága við lög þessi, svo og gagnvart öðrum, ef gætt er alls þess, er segir í 6.—8. gr. laga þessara, svo fljótt sem auðið er eftir að bóndinn er fluttur hingað búferlum. —

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1900.

Nd. 229. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Valtý Guðmundssyni.

Við 10. gr. C. 4. Aftan við þennan tölulið bætist nýr liður, svo hljóðandi:

e. styrkur til Guðjóns Guðmundssonar til landbúnaðarnáms við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn 500 kr. (hvort árið).

Nd. 230. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Þorláki Guðmundssyni.

Við 13. gr. C. Eftir 13. tölul. komi nýr tölul.
Til sira Valdimars Briem skáldlaun 600—600.

Nd. 231. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Þórði Guðmundssyni og Þorláki Guðmundssyni.

Aftan við 18. gr. bætist ný málsgrein:

Til sýslufélaga má veita alt að 8000 kr. til að koma upp slátrunarhúsum. Lán þetta veitist vaxta- og afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en ávaxtist síðan með 3% árlega og jafnri afborgun á 10 árum.

Nd. 232. **Breytingar- og viðaukatillögur**
við tillögu til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakenslu (eins og hún var samþykt við fyrri umræðu í neðri deild).
Frá mentamálanefndinni.

1. Við II. Eftir 3. lið komi 4. liður, svo hljóðandi:
   4. Að kennarinn kenni að minsta kosti 5 mánuði af árinu, og kem ur ekkert barn til greina við styrkveitinguna, sem notið hefir skemur tilsagnar en 2 mánuði.
2. Aftan við tillöguna bætist:
   Sé kostur á kennara, sem staðist hefir opinbert kennarapróf, skal hann, að öðru jöfnu, tekinn fram yfir óæfðan kennara, þegar kennari er ráðinn.

Nd. 233. **Nefndarálit**
í málinu: Frumvarp til laga um sölu þjóðjarða.

Hin háttvirta neðri deild hefir kosið oss í nefnd til að íhuga og segja álit vort um sölu nokkurra þjóðjarða, og hefir nefndin fengið í hendur þar að lútandi skjöl samkvæmt auglýsingu 17. nóvbr. 1879.

Þessar jarðir hafa verið falaðar til kaups af leiguliðum:

1. Horn í Nesjahr. í Austur-Skaftafellss.	24,5	hndr.	»	kúg.	og	135	álna	landsk.
2. Bær í Árneshreppi í Strandasýslu	8,4	—	1½	—	—	40	—	—
3. Miðhús í Sveinsstaðahr. í Húnavatnss.	16,8	—	2	—	—	90	—	—
4. Vatnsdalshólar í sama hreppi	11,2	—	1½	—	—	65	—	—

Ein jörð hefir verið föluð til kaups af hlutaðeigandi hreppsnefnd:

5. Sauðá í Sauðárhreppi í Skagafjarðars. 35,6 hndr. 4 kúg. og 160 álna landsk.

Með lögum 13. desbr. 1895 var stjórninni veitt heimild til að selja Horn í Nesjahreppi fyrir 2500 kr., en sú heimild féll úr gildi 31. desbr. 1898. Um Sauðá er þess að geta, að bónarbréf frá leiguliðanum um kaup á þeirri jörð var til meðferðar á alþingi 1895, en þingið vildi eigi gera jörðina fala sökum þess, að hún lægi að kauptúninu á Sauðárkrók. Nú er jörðin föluð af hreppsnefndinni

í Sauðárhreppi í því skyni, að Sauðárkróksbúar geti komist að betri og tryggari samningum en nú er kostur á um beitarítak í landi jarðarinnar og útmælda bletti til ræktunar. Að vísu hefir leiguliðinn mótmælt þannig lagaðri sölu jarðarinnar og borið fyrir sig forkaupsrétt sinn sem lífstíðarábúandi samkvæmt konungsbréfi 22. desbr. 1797, en nefndin leiðir hjá sér að dæma um þennan rétt leiguliða. Að öðru leyti verður nefndin að álíta, að beiðni hreppsnefndarinnar um að fá jörð þessa keypta hafi við gild rök að styðjast.

Nefndin er þeirri stefnu fylgjandi, að rétt sé að gefa leiguliðum landssjóðs kost á að fá keyptar ábýlisjarðir sínar, nema sérstakar ástæður geri slíkt óráðlegt. Þótt ekki fáist trygging fyrir því, að jarðir þær, sem seldar eru, haldist í sjálfsábúð eða verði betur setnar eftir en áður, eru þó meiri líkur til, að svo verði. Og fyrir landssjóð virðist jarðeign ekki sérlega eftirsóknarverð, þegar tillit er haft til alls þess kostnaðar, er sú eign hefir í för með sér.

Samkvæmt þessu leggur nefndin það til:

1. að frumvarp það, sem fyrir liggur, verði samþykt með þeirri breytingu á 1. gr., að í stað orðanna: »að selja ábúandanum . . . 3,500 kr.« komi: »að selja ábúendunum eftirfylgjandi þjóðjarðir fyrir að minsta kosti jafnhátt verð og til fært er við hverja þeirra:

1.	Horn í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu . . .	3,500 kr.
2.	Bæ í Árneshreppi í Strandasýslu	1,200 —
3.	Miðhús í Sveinsstaðahreppi í Húnavatnssýslu . . .	1,800 —
4.	Vatnsdalshóla í sama hreppi	1,500 —

2. að viðaukatillaga á þingskjali 153 tölul. 1. og 2. verði samþykt með þeirri breytingu, að í stað: »3,000 kr.« komi: »3,500 kr.«
3. A eftir 3. gr. komi ný grein, svo látandi:
   Andvirði þeirra jarða, er seldar verða samkvæmt lögum þessum, renna í Ræktunarsjóð Íslands.
4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig: »Frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir«.

Neðri deild alþingis 27. júlí 1899.

Guðl. Guðmundsson, form. og framsögum. Olafur Briem, skrifari. Sigurður Gunnarsson.

Nd. **234. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Birni Sigfússyni.

1. Við 13. gr. VI. a. 2. Fyrir »kvennaskólans á Ytri-Ey 1,200« komi: kvennaskóla Húnvetninga 2,200
2. — — — — — 3. Fyrir »1,200« komi: 2,200
3. — — — — — 4. töluliður með athugasemdinni falli burt.

Ed. 235. **Breytingartillaga**
við tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á áhrifum hvaladráps við strendur landsins á síld- og þorskgöngur á firði inn.

Frá Þorleifi Jónssyni.

Tillagan orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að leita nákvæmra upplýsinga um, hvern árangur hafa haft rannsóknir í Noregi um áhrif hvaladráps á síld- og þorskgöngur á firði inn, og leggja fram skýrslu um það á næsta þingi.

Nd. 236. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá Jóni Jenssyni.

A eftir 10. gr. C. 6. h. komi nýr liður svo hljóðandi:

Styrkur til ljóskers á Skipaskaga	75.00—75.00
veitist með því skilyrði, að um tendrun á ljóskerinu fari eftir auglýsingu landshöfðingja 31. maí 1894.	

Ed. 237. **Tillaga**
til þingsályktunar um friðun á laxi.

Flutningsmaður: Þorkell Bjarnason.

Alþingi ályktar, að skora á stjórnina:

1., að leggja fyrir alþingi 1901 frumvarp til laga um friðun á laxi, er hafi inni að halda ýtarlegri og tryggari friðunar-ákvarðanir en núgildandi lög um friðun á laxi.
2., að láta fiskifræðing landsins, Bjarna Sæmundsson, safna skýrslum hjá laxveiðareigendum á landinu um það, hverjar nýar friðunar-ákvarðanir þeir álíti nauðsynlegar og tiltækilegar.

Nd. 238. **Frumvarp**
til laga um leyfi til botnvörpuveiða í landhelgi. Flutningsmaður Einar Jónsson.

1. gr. Um 4 ár hin næstu, frá því að lög þessi öðlast gildi, má veita innlendum og útlendum mönnum leyfi til að veiða með botnvörpum í landhelgi, á svæðinu milli Horns hins vestra og Hjörleifshöfða, gegn því, að greiddar séu 1800 kr. (100 pund sterling) fyrir skip hvert árlega. Eigi má veita leyfi þetta nema eitt ár í senn.

2. gr. Leyfi það, er nefnt er í 1. gr., veitir landshöfðingi. Um leið og hann afhendir leyfisbréf fyrir eitthvert skip, skal hann afhenda merki, er skipið geti vottað með, þegar þurfa þykir, að það hafi leyfið. Merki þetta skal tilbúið á kostnað landssjóðs og ræður landshöfðingi, hversu því skal hagað.

Eigi má afhenda leyfisbréf, nema gjald sé um leið greitt fyrir það, eða næg trygging sé sett fyrir því, að gjaldið verði greitt á þeim tíma, er landshöfðingi ákveður.

Landshöfðingi heldur skrá yfir skip þau, er leyfi kaupa, nöfn þeirra, skipstölu og nafn staðar þess, er skip er frá, svo og hve nær því er veitt leyfið.

3. gr. Skylt er skipstjóra hverjum á skipum þeim, er leyfi hafa fengið, að hafa jafnan við hönd sér á skipi sínu leyfisbrefið og merki það, er 2. gr. ræðir um.

4. gr. Nú sannast það, að skip hefir veitt með botnvörpu í landhelgi á svæði því, er 1. gr. nefnir, og hefir eigi haft heimild til þess, eftir þessum lögum, skal þá skipið sektað um tvöfaldar sektir þær, er lög um bann gegn botnvörpuveiðum 6. apr. 1898 ákveða og borgi leyfisgjald að auki eftir 1. gr., enda er því þá heimil veiði á svæðinu það ár til enda.

Sektir þessar renna hálfar í landssjóð, hálfar í sýslusjóði Skaftafellssýslna, til jafnra skifta.

5. gr. Endurgjald leyfisbréfa eftir 1. gr. skal lagt í sérstakan sjóð undir umsjón landshöfðingja og skal honum sér í lagi varið til þess, að efla sjávarútveg landsmanna, eftir því er alþingi ákveður með lögum, þá er tími þykir til kominn.

6. gr. Til endurgjalds fyrir þann skaða, er fiskiveiðar Skaftafellssýslubúa kunna að bíða af ákvörðunum laga þessara, skal greiða í sýslusjóði Austur- og Vestur-Skaftafellssýslna til jafnra skifta milli þeirra helming af leyfisbréfagjaldinu af 4 hinum fyrstu skipum árlega, er leyfi kaupa, en 10% af gjaldinu, ef fleiri skip kaupa leyfið.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 15. marz 1900.

Nd. 239. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Flutningsmaður: Halldór Daníelsson.

Við 12. gr. B. Eftir 5 nýr liður:

Styrkur til Borgarfjarðarsýslu til að gjöra veg frá Skipaskaga að Blautós alt að 2400 kr.

Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram að minsta kosti jafnmikla upphæð.

Nd. 240. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901, og við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar á þingskj. 186.

Frá Kl. Jónssyni.

1. Við 11. gr. 8. b. Fyrir 400 kr. komi: 1000 kr.

2. Við 11. gr. Nýr töluliður: Styrkur til útbúnings og áhalda handa sjúkrahúsinu á Akureyri 2000 kr. (fyrra árið).
3. Við 13. gr. B. VI b. 1. Liðurinn orðist svo:
til barnaskóla . . . 7,500—7,500
4. Við 13. gr. C 14. Í stað . . 600—600
komi: 2000—2000.
5. Við 13. gr. C. Nýr töluliður:
Styrkur til síra Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði til að geta út hátíðasöngva 300 kr. (fyrra árið).
6. Við breyt.till. 16 á þingskj. 186: í stað 800—800—1600
komi: 1000—1000—2000.

Nd. 241. **Breytingartillaga**
við þingsályktunartill. um styrkveiting til búnaðarfélaga.
Frá landbúnaðarnefndinni.
1. Við B. 1. a. Í stað »þúfnasléttun« komi: Túnasléttun.
2. Við 2. a. Í stað »þúfnasléttun« komi: Túnasléttun.

Nd. 242. **Breytingartillögur**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Jóni Þórarinssyni, 2. þm. G.-K.
1. 10. gr. B. 3. a. Í stað orðanna »Viðbót við hinn núverandi umsjónarmann« komi: viðbót við laun núverandi umsjónarmanns.
2. 10. gr. C. 6. a. Fyrir »300« komi: 100
3. 11. gr. 6. a. Fyrir »4840« komi: 4940
4. 11. gr. 6. n. Fyrir »430« komi: 200
5. 11. gr. 6. o. Fyrir »1500« komi: 500.
6. 13. gr. VI. d. Aftan við liðinn bætist nýr liður:
Námsstyrkur handa kennaraefnum, 50 kr. handa hverjum, alt að 500 kr. hvort árið . . . . . 500—500
7. 13. gr. C. 22. Aftan við liðinn bætist nýr liður:
Til Leikfélags Reykjavíkur . . . . . 500—500
8. 18. gr. Orðin »frá útlöndum« falli burt.
Eftir orðunum »áreiðanlegri vátryggingu« (í næstneðstu línu) í sömu grein komi: og í fyrsta eða öðrum flokki.

Nd. 243. **Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá landshöfðingja.
Við 13. gr. C. Á eftir 22. lið komi 2 nýir liðir:

a. til cand. theol. Haraldar Nielssonar, styrkur til utanfarar til þess að stunda hebreska tungu og skýringar gamlatestamentisins; fyrra árið 600 kr.
b. til Brynjólfs skrifara Þorlákssonar til þess að fullkomna sig í orgelspili og »Musiktheori« í Kaupmannahöfn; fyrra árið . . . . 1200 kr.

Ed. 244. **Nefndarálit**
í málinuum stofnun landspítala í Reykjavík.

Hin háttvirta efri deild hefir kosið oss undirskrifaða til að íhuga frumv. til laga um stofnun landspítala í Reykjavík. Vér höfum gert það eftir föngum á nokkrum fundum og er álit vort um téð nýmæli á þessa leið.

Vér álítum nauðsynlegt, að sæmilegur spítali sé í Reykjavík aðallega af tveim ástæðum.

1. Vegna læknaskólans, sem er landsstofnun. Nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að læknaskólinn geti orðið að tilætluðum notum, er, að við hlið hans sé sæmilegur spítali. Kensla á læknaskólanum getur annars eigi orðið nema að hálfum notum. Læknakenslan verður aðallega að fara fram í sjúkrahúsum; annars verður hún gagnslítil. Nú er að áliti nefndarinnar enginn vafi á því, að læknaskólinn sé nauðsynleg mentastofnun hér á landi og verður æ nauðsynlegri, sem læknahéruðum er meir fjölgað. Vegna læknaskólans verður landssjóður því að stofna og eiga spítala í Reykjavík.

2. Í Reykjavík eru fleiri læknar saman komnir en í nokkurum öðrum stað landsins. Þar eru og specialistar, t. a. m. í augnlækningum, tannlækningum o. s. frv., sem eigi eru annarsstaðar hér á landi.

Til þessara lækna sækja sjúklingar úr öllum héruðum landsins. Þessum sjúklingum verður ekki veitt sæmileg aðhjúkrun nema á spítala. Er almenningi í Reykjavík þetta að minsta kosti vel kunnugt, því að hingað til hefur sjúklingum þessum, er leitað hafa lækninga hér, oft orðið að hola niður hér og hvar hjá privatmönnum, þar sem þeir oft eigi hafa getað fengið viðunandi aðhlynningu, en þó orðið til mikilla þyngsla fyrir húsráðendur.

Til þess að sjúklingar þessir, er koma víðsvegar af landinu, geti notið sæmilegrar aðhlynningar og jafnframt geti haft fult gagn af læknishjálp þeirri, sem þeir eru hingað komnir til að leita eftir, verða þeir að hafa hér eitthvert viðunanlegt hæli, er þeir geti snúið sér að, og það verður að vera spítali.

Eftir þessum hugsunargangi verður landssjóður og að kosta spítalann, því að hann verður þá í þarfir alls landsins.

Oss er kunnugt, að einhverjar samningstilraunir hafa verið gjörðar milli landsstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur, snertandi þetta mál: Stofnun og byggingu almennings-spítala í Reykjavík. Einkanlega hafa þær samningstilraunir snert tillag Reykjavíkurkaupstaðar til landsspítala (o: almennings-spítala fyrir alt landið) og ráðstöfun hins núverandi spítala og eigna hans í Reykjavík; en að því oss er kunnugt, hefir enn enginn árangur orðið af þessum samningstilraunum.

Vér álítum því eigi að ástæða sé til þess, að gera nein sérákvæði fyrir Reykjavík í lagafrumvarpi þessu.

Af ástæðum þeim, sem hér eru greindar, höfum vér í aðal-efninu fallist á frv.; en vér hyggjum ekki, að nú séu tiltök til þess, að stofna til svo stórfengilegs spítala, sem frv. fer fram á. Nefndin hyggur, að mikið væri unnið, ef vér fengjum spítala, sem kostaði um 50,000 kr., auk útbúnaðar, og sem þá mundi geta haft 24 sjúkrarúm. Höfum vér um þetta atriði fengið álit hins núverandi héraðslæknis Guðm. Björnssonar og látum prenta það hér með.

Ætti spítalinn að vera bygður svo, að við hann mætti auka og bæta síðar eftir því sem þörf væri á og efni leyfðu.

Í þessa átt fara nú tillögur vorar. Hinar aðrar breytingartillögur vorar eru þýðingarminni og mun grein verða gjörð fyrir þeim, þegar frumv. kemur til umræðu.

Vér leyfum oss því að ráða hinni h. deild til að samþykkja frumv. með eftirfylgjandi breytingum:

Fyrir 1. gr. komi svo hljóðandi grein:

Í Reykjavík skal stofna landsspítala, sem hafi eigi færri sjúkrarúm en 24. Til byggingar spítalans má verja alt að 50,000 kr. og til útbúnaðar á honum alt að 10,000 kr.

Fyrir 2. gr. komi svo hljóðandi grein:

Af sjúkrarúmunum skal veita 12 ókeypis fátækum sjúklingum, sem ekki eru á sveit.

Við 4. gr.

Fyrir: »endurskoðari reikninga« komi: »og gjaldkeri«.

Fyrir: »ráðsmaður fær 1000 kr.« komi: »ráðsmaður fær 800 kr.«.

Fyrir: »endurskoðari 200 kr. á ári« komi: »gjaldkeri 300 kr. á ári«.

Fyrir: »600 kr. á ári auk húsnæðis« komi: »600 kr. á ári auk húsnæðis og fæðis«.

Við 5. gr.

Fyrir: »alt að 2000 kr.« komi: »alt að 1200 kr.«

Efri deild alþingis 28. júlí 1899.

J. Jónassen	Kristján Jónsson	J. Havsteen.
formaður og framsögumaður.	skrifari.	

Tillögur og athugasemdir um landsspítala í Reykjavík handa 24 sjúklingum.

Húsið sé einlyft og gangbygt (korridorbygging) og kjallari undir því öllu. Það skal snúa í austur og vestur. Ganghliðin móti norðri. Stofuhliðin móti suðri. Gangurinn þarf ekki að ná alla leið til endanna.

1. Kjallari. Í honum sé: eldhús og vistaklefi, þvottahús og baðklefi handa þjónustufólki spítalans, hitavél og kolaklefi.

2. Stofan. Höfuðdyr hússins séu á miðri suðurhlið þess. Næst dyrum sé öðru megin ráðsmanns-skrifstofa, hinu megin læknisstofa (kandídatstofa). Í hverjum enda hússins sé:

1 stofa handa 1 sjúkling.

1 — — 2 sjúklingum.
1 — — 4 ——
1 — — 5 ——
1 — — hjúkrunarkonu.
1 baðklefi með baðkeri handa sjúklingunum.
1 náðhúsklefi — ——
Útskot sé á miðri norðurhlið hússins og í því skurðastofa.

3. Loftið. Þar skal vera: Þerriloft, vatnsklefi, fataklefi, meðala- og verkfæra-stofa, rannsóknastofa (laboratorium) — helzt móti norðri, stofur handa þjónustufólki (ráðskonu, yfirhjúkrunarkonu, vinnukonum og vinnumönnum).

I 4 og 5 manna stofunum skal ætla hverjum sjúkling minst 40 kbmetra loftrúm, en í 1 og 2 manna stofunum minst 50 kbmetra. Hæðin undir loft sé minst 11 fet.

Alt húsið skal fá hita frá einni hitastöð í kjallaranum. Nota má »lofthitun«, ef trygging er fyrir því, að hitinn þá verði jafn í öllu húsinu.

Útihús. 1. Hreinsunarskáli (Desinfektionsbygning). 2. Líkhús; í því 2 stofur, önnur björt og rúmgóð með steingólfi og ræsi niður úr miðju gólfi.

3. Náðhús handa þjónustufólkinu.

Ef farið er eftir verði á sjúkrahúsum í öðrum löndum og litið til þess, hversu ódýr hafa orðið sjúkrahúsin á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði, þá ætti þannig lagað sjúkrahús hér alls ekki að fara fram úr 50000 kr., allra sízt ef hægt verður að komast af með lofthitun í stað vatnsgufuhitunar.

Gera má ráð fyrir, að allur árskostnaður muni nema sem því svarar 2 kr. fyrir hvern sjúkling á dag. Ætti því hver sjúklingur að borga með sér 2 kr. á dag, til þess að spítalinn sé skaðlaus, en fyrir þetta endurgjald fær sjúklingurinn líka alt, sem hann þarfnast (fæði, hjúkrun, meðul, umbúðir og læknishjálp).

Ef landið vill kosta 12 sjúklinga árlega (12 gjafarúm), þá mundi það ekki nema meiru en 9000 kr. og öll útgjöld landssjóðs í þarfir spítalans ekki fara fram úr 10000 kr. á ári — yrðu auðvitað minni, ef gjafarúmin væru færri.

Hingað til Reykjavíkur leita sér spítalavistar sjúklingar úr öllu Suðuramtinu, mestöllu Vesturamtinu og mörgum sýslum í hinum ömtunum (einkum Húnavatns-, Austurskaftafells og Múla-sýslum); má gera ráð fyrir, að $^2/_3$ hlutar landsmanna að minsta kosti noti sjúkrahúsið í Reykjavík. Um gjafarúmin mundi auðvitað verða sótt alstaðar af landinu. Álitið er, að í stórbæjum þurfi 4—6 sjúkrasængur á hverja 1000 íbúa, en í sveitum hér um bil þrjár. Er því augljóst, að 24 sjúklinga hús bætir ekki að fullu úr þörfinni, og þess vegna ráðlegast að ætla því svo stórt svæði, að auka megi við síðar. Þykir alment hæfa, að jarðnæði sjúkrahúsa sé svo stórt, að 100—150 kvmetrar komi á hvern sjúkling.

G. Björnsson.

Ed. 245. **Tillaga**

til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfélaga (eins og hún var samþykt við síðari umr. í nd.).

Alþingi ályktar, að skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga og reglur fyrir úthlutun styrksins skuli vera á þessa leið:

A. Almenn skilyrði.

1. Að félagið hafi unnið næsta ár á undan því, er styrkurinn er veittur, að minsta kosti 12 dagsverk fyrir hvern búanda í félaginu að meðaltali að þeim jarðabótum, er efla grasrækt og garðrækt, og að minst 8 félagsmenn hafi tekið þátt í jarðyrkjustörfum félagsins.
2. Að bónarbréfum um styrkinn, sem skulu stýluð til landshöfðingja, fylgi reikningur fyrir næsta ár á undan yfir tekjur og gjöld búnaðarfélags þess, er um styrkinn sækir, og skýrsla um hin unnu störf, útgefin af skoðunarmanni, er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir til þess nefnt. Skoðunarmenn sé eigi fleiri en 3 í sýslu.
3. Að skýrslur skoðunarmanna sé samdar eftir formi því, er landsstjórnin gefur út, að í skýrslunum sé tekin fram stærð hverrar jarðabótar, og að skoðunarmaður riti á skýrsluna vottorð sitt um, að hann hafi ekki tekið til greina aðrar jarðabætur en þær, sem vel eru af hendi leystar.

B. Reglur.

1. Þessar jarðabætur skulu teknar upp í skýrslurnar:
   a. Túnasléttun.
   b. Matjurtareitir ný-yrktir, jarðvegur byltur og blandaður.
   c. Varnargarðar um tún, sáðreiti, fjárbæli og engi.
   d. Varnarskurðir.
   e. Flóðgarðar.
   f. Stíflugarðar.
   g. Vatnsveitingaskurðir.
   h. Lokræsi.

   Aðgjörðir á gömlum jarðabótum má ekki taka upp í skýrsluna, né heldur þær jarðabætur, sem ekki eru fullgjörðar samkvæmt reglum þessum.
2. Jarðabætur skulu lagðar þannig í dagsverk:

a. túnasléttun	12 □	faðmar
b. matjurtareitir	20 □	——
c. varnargarðar:		
1. grjótgarðar einhlaðnir, 3½ fet á hæð	3	——
2. grjótgarðar tvíhlaðnir, 3½ fet á hæð	1½	——
3. garðar úr torfi og grjóti, 4 fet á hæð	3½	——
4. garðar úr torfi, 3 fet á hæð og 5 fet á þykt að neðan	4	——
d. varnarskurðir, 5—6 feta breiðir að ofan, 2 feta djúpir, og garður á bakkanum 2 feta hár, þakinn að ofan og innan	5	——
e. flóðgarðar	200	teningsfet
f. stíflugarðar	150	———
g. vatnsveitingaskurðir:		
1. einstungnir (1 fet á dýpt)	400	teningsfet
2. tvístungnir (2 feta djúpir)	300	———

3. þrístungnir (3 feta djúpir) . . . . . 200 teningsfet
h. lokræsi:
1. með grjóti (mölræsi) . . . . . 3 faðmar
2. með hnaus (holræsi) . . . . . 8 ———

3. Styrkurinn skal miðaður við tölu dagsverka þeirra, sem unnin hafa verið í félaginu að framantöldum jarðabótum næsta almanaksár á undan því, er styrkurinn er veittur.
4. Bónarbréfin um styrkinn eiga að vera komin til landshöfðingja fyrir 1. júlí ár það, sem styrkurinn er veittur.

Ed. **246. Frumvarp**
til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykt við 3. umræðu í nd).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1898 og 1899, sbr. lög nr. 2, 4. febrúar 1898, 1. gr., veitist 22,771 kr. 50 aurar til útgjalda þeirra, er getið er um í 2.—4. gr. hér á eftir.

2. gr. Sem viðbót við fé það, er talið er í fjárlögunum 10. gr. C. 7., staflið d. nr. 5 til að byggja íbúðarhús handa vitamanni við Skagatáarvitann, veitast 700 kr.

3. gr. Sem viðbót við fé það, sem talið er í fjárlögunum 12. gr., B til vegabóta veitast:

1) við 4. lið til flutningabrauta	kr.	10,000 00
2) við 5. lið til þjóðvega	—	271 50
3) styrkur til vegagerðar frá Hólum að Höfn í Austur-Skaftafellssýslu	—	5,000 00
Veitist með því skilyrði, að sýslubúar kosti að fullu það er til skortir, að þessi upphæð nægi til að fullgera veginn, og að sýslufélagið taki að sér alt viðhald hans framvegis.		
Alls kr.		15,271 50

4. gr. Sem viðbót við fé það, sem talið er í 1. gr. laga 4. febrúar 1898 um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, sbr. 8. lið í 21. gr. fjárlaganna 1898 og 1899, veitast 6,800 kr.

Ed. **247. Frumvarp**
til laga um eftirlaun (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungs veitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $^1/_4$ þeirra embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess

20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, samkvæmt lögum, hafi embættislaunin verið 3000 kr. eða minni, en hafi þau verið meiri, þá $^2/_3$% af þeim fyrir hvert þjónustuár með eftirlaunarétti; þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá sem er fullra 70 ára á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í eftirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fékk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið, sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landsstjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fékk lausn frá. Sèu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði, sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum að gegna því, missir hann rètt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1, viss árleg laun; 2, launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3, aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fékk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fékk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt

eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast ⅓ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. né vera meiri en eftirlaun þau, sem maðurinn hefði getað tengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er bygð á, sé framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausu frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giftist að nýju; 2, þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifst af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Ed. **248. Tillaga**

til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakenslu (eins og hún var samþykt við síðari umr. í nd.).

Alþingi ályktar, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnakenslu skuli vera þessi:

I. Til barnaskóla, annarstaðar en í kaupstöðum.

1. Að kent sé auk kristindóms: móðurmálið (lestur, réttritun og æfingar í því, að setja fram eigin hugsanir skriflega), skrift, reikningur, meginatriði landafræðinnar, einkum Íslands, og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar, — samkvæmt reglugjörð, er stiftsyfirvöldin samþykkja.
2. Að skólinn standi eigi skemur en 6 mánuði af árinu og að minsta kosti 12 nemendur njóti þar tilsagnar allan kenslutímann og gangi undir árspróf í þeim námsgreinum, sem skylt er að kenna samkvæmt reglugjörð skólans.
3. Að skólinn standi undir stjórn þriggja manna nefndar, sem í séu sóknarpresturinn og 2 menn, er hreppsnefndin kýs.
4. Að við próf, sem haldið er við lok hvers kenslutímabils, sé, auk kennarans, viðstaddur prófdómandi, annaðhvort einn úr skólanefndinni, eða maður, sem hún kýs til þess.

5. Að skólinn njóti að minsta kosti jafnmikils styrks annarstaðar frá, og þess, er honum er veittur úr landssjóði.
6. Að nauðsynlegustu kensluáhöld séu til við hvern skóla til afnota við kensluna, eftir því, sem stiftsyfirvöldin nánar ákveða.

Styrkbeiðslum frá skólunum skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um síðasta árspróf skólans, kenslutilhögun, kensluáhöld og um ástand skólahússins, svo og endurrit af síðasta ársreikningi yfir tekjur skólans og gjöld.

II. Til sveitakennara.

1. Að kennarinn sé ráðinn til starfa síns af hreppsnefndinni með ráði hlutaðeigandi sóknarprests, og hagi störfum sínum eftir því, sem sóknarpresti og hreppsnefnd kemur saman um.
2. Að sveitarsjóðir eða einstakir sveitarmenn leggi fram fé til sveitakenslunnar, að minsta kosti til jafns við landssjóðsstyrkinn, auk fæðis og húsnæðis handa kennaranum, þann tíma, sem kenslan stendur yfir.
3. Að kent sé, auk kristindóms, að minsta kosti: móðurmálið, skrift og reikningur.
4. Að kennarinn kenni að minsta kosti 5 mánuði af árinu, og kemur ekkert barn til greina við styrkveitinguna, sem notið hefir skemur tilsagnar en 2 mánuði.
5. Umsóknarbréfum um styrk til sveitakenslu skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um kensluna (próf, ef það hefir verið haldið), tölu nemanda, hvað kent hafi verið og hve lengi hver nemandi hafi notið tilsagnar, svo og vottorð hlutaðeigandi prests um framfarir þeirra.

Kennarar skulu ráðnir, hvort heldur er til barnaskóla, eða sveitakenslu, með skriflegum samningi og þriggja mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu.

Sé kostur á kennara, sem staðist hefir opinbert kennarapróf, skal hann, að öðru jöfnu, tekinn fram yfir óæfðan kennara, þegar kennari er ráðinn.

Nd. 249. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá: Skúla Thoroddsen.

Á eftir 13. gr. C. 22, komi nýr töluliður svohljóðandi:

Til snikkara Jóns Sveinssonar í Reykjavík fyrir byggingaruppdrátt til stýrimannaskólans . . 350 kr. fyrra árið.

Nd. 250. **Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872.

Eftir að vér undirskrifaðir höfum rætt og íhugað frumv. það um breyting á tilskipun um bæjarsjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, sem fram hefir komið í hinni háttvirtu deild, erum vér þeirrar skoðunar, að breytingar þær á hinni núgildandi bæjarstjórnartilskipun, sem frumv. fer fram á, muni vera nauðsynlegar og þarflegar umbætur á stjórn bæjarmála í Reykjavíkurkaupstað, og að frumv., sem samið hefir verið af bæjarstjórn Reykjavíkur og falið af henni

þingmanni kjördæmisins til flutnings hér á þingi, sé svo úr garði gjört yfir höfuð, að eigi sé ástæða til að stinga upp á breytingum á því. Sérstaklega viljum vér með tilliti til þess, sem fram kom í umræðunum um málið í hinni háttvirtu deild, taka það fram, að vér, við nánari íhugun, höfum ekki álitið rétt að stinga upp á því, að frumv. verði gjört víðtækara en það er, eða að samin verði að þessu sinni og samþykt á alþingi lög um sams konar breytingar á lögum um stjórn hinna kaupstaðanna hér á landi og hér er farið fram á að því Reykjavík snertir, og er þessi skoðun vor bygð á því, að engar óskir um slíkar lagabreytingar hafa komið fyrir þingið frá bæjarstjórnum hinna kaupstaðanna, en að þeim fornspurðum er, að oss virðist, mjög ísjárvert að breyta lögum þeirra. Vér leggjum því til við hina háttvirtu deild, að hún samþykki hið fyrirliggjandi frumv. óbreytt í öllum greinum.

Alþingi 28. júlí 1899.

Jón Jensson	Kl. Jónsson	Skúli Thoroddsen.
form. og framsögum.	skrifari.	

Nd. 251. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við og breyting á tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi og tilsk. 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa.

Vér, sem kosnir vorum til þess að íhuga frumvarp þetta, leyfum oss að láta uppi álit vort á þessa leið.

Oss dylst það engan veginn, að frumvarp þetta er langt frá því, að geta leitt til þess, sem hlýtur að vera aðal-markið: útrýming fjárkláðans til fulls og alls. Nefndin var því í talsverðum vafa um, hvort ástæða væri til þess, að sinna þessu frumvarpi, heldur koma fram með nýtt frumvarp, er gæti leitt til þess, að uppræta fjárkláðann gjörsamlega, á líkan hátt og gert hefir verið í Noregi. Samt sem áður sá nefndin lítil líkindi til, að slíkt frumvarp yrði samþykt á þessu þingi, og þar sem nefndin þó verður að álíta, að frumvarp þetta, einkum 1. gr. þess, bæti nokkuð úr hinum gildandi lögum, þá vill hún eigi leggja á móti því, að frumvarpið nái fram að ganga, en hins vegar væntir hún, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frumvarp í þá átt, er að framan getur.

Einungis eina breytingu viljum vér gera við frumvarpið, þá, að í stað orðanna í 2. gr. frv. »til jólaföstu« komi: »til jóla«.

Neðri deild alþingis, 28. júlí 1899.

Þorlákur Guðmundsson, form. og framsögum.
Kl. Jónsson, skrifari.
Ólafur Briem.

Nd. 252. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 239.

Frá Skúla Thoroddsen.

Skilyrðið orðist svo:

Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það, sem til vantar, til að fullgjöra veginn, að minsta kosti jafn-mikla upphæð.

Nd. 253. **Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901. Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 12. gr. Á eftir: A. c. 2. nýr liður.
   Til póstvagnferða í viku hverri frá 15. júní til 1. okt. frá Reykjavík austur að Árbæ í Holtum, er flytji póst endurgjaldslaust fyrir póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að 600—600.
   Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.
2. Við 13. gr. C. 6. Tveir nýir liðir, c. og d., þannig:
   c. Til húsnæðis og hita 2000—2000.
   d. Til að flytja safnið og koma því fyrir alt að 800.
3. Við 13. gr. C. 9. Styrkur til að gefa út myndir af þjóðgripum, er skýra sögu vora og siðu, 500—500.
   Töluliðurinn skiftist í stafl. a. og b.
4. Við 13. gr. C. Á eftir 10. nýr liður:
   Styrkur til að gefa út bækling um Ísland með myndum og kortum vegna Parísarsýningarinnar 1000.

Nd. 254. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901. Frá Jens Pálssyni og Þórði Thoreddsen.

1. Við 2. gr. 6. Fyrir 9000—9000 komi 9500—9500.
2. — — — 8. — 45000—45000 — 48000—48000.
3. — — —11. — 175000—175000 — 185000—185000.
4. — — —12. — 35000—35000 — 38000—38000.
5. — 10. — C. 4. b. Fyrir 18000 komi 20000.
6. — — — C. 5. Liðurinn orðist svo:
   5. a. laun handa tveim dýralæknum 2400—2400.
   b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík 400—400.
7. — 12 — A. 3. a. Fyrir 2000—2000 komi 1500—1500.
8. — — — B. 4. Fyrir 50000—50000 komi 60000—50000.
9. — — — C. 3. b. Fyrir 2500 komi 3500.
10. — — — — — — Orðin »styrkina undir staflið a og b má sameina um einn og sama gufubát« í 1. lið athugasemdanna, falli burt.

11. Við 13. gr. B. V. b. 3. Fyrir 500—500 komi 300—300.
12. — — — — — VI. b. 1. Fyrir 5500—5500 komi 6000—6000.
13. — — — — — — — 2. Fyrir 5500—5500 komi 6000—6000.
14. — — — — — — d. Fyrir 2800—2800 komi 3000—3000.
15. — — — C. 16. Fyrir 800—800 komi 1000—1000.
16. — — — — — Nýr liður svo látandi:
Styrkur til Ögmundar Sigurðssonar til að ferðast á kenn arafund 600 (fyrra árið).
17. — — C. Nýr liður svo látandi:
Styrkur til Björns Kristjánssonar til að koma á fót tígulsteinsverksmiðju 5000 (fyrra árið).
Styrkurinn útborgast þegar ofn er bygður, er brenna má í 5000 steina í einu, þerrihús er reist og eltivélar upp komnar.

Nd. 255. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Einari Jónssyni, Birni Sigfússyni og Jens Pálssyni.
Aftan við 13. gr. C. bætist:
23. Til Jóhanns »skyttu« Halldórssonar, sem viðurkenning fyrir framúrskarandi dugnað við refaveiðar; fyrra árið . . 300 kr.

Nd. 256. **Frumvarp**
til laga um breyting á launum presta. Flutningsmenn Einar Jónsson og Jens Pálsson.

1. gr. Frá fardögum hinum næstu, eftir það er lög þessi öðlast gildi, skal eigi greiða presti tíund af fasteign eða lausafé, né heldur lambsfóður, dagsverk, offur eða lausamannsgjald.

2. gr. Í staðinn fyrir tekjur þær, er feldar eru úr lögum með 1. gr., skal greiða prestum þeim, er embættum gegna í þjóðkirkjunni, laun úr landssjóði, og hlýtur hvert prestakall þá upphæð, er hér segir:

Norðurmúlaprófastsdæmi.

1.	Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn	kr.	230
2.	Hof í Vopnafirði: Hofsókn	—	600
3.	Hofteigur: Hofteigssókn og Brúarsókn	—	340
4.	Kirkjubær í Tungu: Kirkjubæjarsókn	—	600
5.	Hjaltastaðir: Hjaltastaðar og Eiðasóknir	—	650
6.	Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar og Ássóknir	—	700
7.	Desjarmýri: Desjarmýrar og Njarðvíkur sóknir	—	400
8.	Klyppstaður: Klyppstaðar og Húsavíkur sóknir	—	190

Suðurmúlaprófastsdæmi.

9.	Dvergasteinn: Vestdalseyrarsókn	—	620

10.	Fjörður í Mjóafirði: Brekkusókn	kr.	300
11.	Vallanes: Vallaness og Þingmúla sóknir	—	500
12.	Skorrastaður: Nessókn	—	480
13.	Hólmar í Reyðarfirði: Hólmasókn	—	480
14.	Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðarsókn	—	450
15.	Stöð í Stöðvarfirði: Stöðvarsókn	—	190
16.	Heydalir: Heydalasókn	—	420
17.	Berufjörður: Berufjarðar- og Berunessóknir	—	250
18.	Hof í Álftafirði: Hofs- og Djúpavogssóknir	—	300
	Austurskaftafellsprófastsdæmi.		
19.	Stafafell í Lóni: Stafafellssókn	—	200
20.	Bjarnanes: Bjarnaness- og Slyndurholtssóknir	—	400
21.	Kálfafellsstaður: Kálfafellssókn	—	200
22.	Sandfell í Öræfum: Sandfells- og Hofssóknir	—	190
	Vesturskaftafellsprófastsdæmi.		
23.	Kirkjubæjarklaustur: Prestsbakka- og Kálfafellssóknir	—	470
24.	Ásar í Skaptártungu: Grafarsókn	—	160
25.	Meðallandsþing: Langholtssókn	—	230
26.	Þykkvabæjarklaustur: Þykkvabæjarsókn	—	100
27.	Mýrdalsþing: Dyrhóla-, Reynis- og Höfðabrekkusóknir	—	600
	Rangárvallaprófastsdæmi.		
28.	Eyvindarhólar: Eyvindarhólasókn	—	400
29.	Holt undir Eyjafjöllum: Holts- og Stóradalssóknir	—	450
30.	Breiðabólsstaður í Fljótshlíð: Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir	—	500
31.	Landeyjaþing: Kross-, Voðmúlastaða- og Sigluvíkursóknir	—	700
32.	Oddi: Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir	—	600
33.	Stóruvellir: Skarðssókn	—	300
34.	Holtaþing: Marteinstungu-, Haga- og Árbæjarsóknir	—	400
35.	Kálfholt: Kálfholts-, Ás- og Háfssóknir	—	500
36.	Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn	—	440
	Árnesprófastsdæmi.		
37.	Stórinúpur og Hrepphólar: Stóranúps- og Hrepphólasóknir	—	350
38.	Hruni: Hruna- og Tungufellssóknir	—	290
39.	Ólafsvellir: Ólafsvalla- og Skálholtssóknir	—	370
40.	Torfastaðir: Torfastaða-, Haukadals- Bræðratungu- og Úthlíðarsóknir	—	400
41.	Mosfell: Mosfells- Miðdals- Klausturhóla- og Búrfellssóknir	—	500
42.	Þingvellir: Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir	—	240
43.	Hraungerði: Hraungerðis- Hróarsholts- og Laugardælasóknir	—	550
44.	Gaulverjabær: Gaulverjabæjar- og Villingaholtssóknir	—	550
45.	Stokkseyri: Stokkseyrar- Eyrarbakka- og Kaldaðarnessóknir	—	1000
46.	Arnarbæli: Arnarbælis- Hjalla- og Reykjasóknir	—	500
47.	Selvogsþing: Selvoga- og Krýsuvíkursóknir	—	170
	Kjalarnesprófastsdæmi.		
48.	Staður í Grindavík: Staðarsókn	—	230

49.	Útskálar: Útskála- Kirkjuvogs- og Hvalsnessóknir	kr.	1200
50.	Kálfatjörn: Kálfatjarnar- og Njarðvíkursóknir	—	600
51.	Garðar á Álftanesi: Garða- og Bessastaðasóknir	—	1050
52.	Reykjavík: Reykjavíkursókn a) til sóknarprests	—	800
	b) til aðstoðarprests	—	1500
53.	Mosfell: Lágafells- og Brautarholtssóknir	—	700
54.	Reynivellir: Reynivalla- og Saurbæjarsóknir	—	420

Borgarfjarðarprófastsdæmi.

55.	Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar- og Leirársóknir	—	480
56.	Garðar á Akranesi: Akraness- og Innrahólmssóknir	—	600
57.	Hestþing: Hvanneyrar- og Bæjarsóknir	—	400
58.	Lundur: Lundar- og Fitjasóknir	—	300
59.	Reykholt: Reykholts- og Stóraásssóknir	—	400

Mýraprófastsdæmi.

60.	Gilsbakki: Gilsbakka- og Síðumúlasóknir	—	240
61.	Hvammur í Norðurárdal: Hvamms- og Norðtungusóknir	—	350
62.	Stafholt: Stafholts- og Hjarðarholtssóknir	—	500
63.	Borg: Borgar- Álftanes- og Álftartungusóknir	—	650
64.	Staðarhraun: Staðarhrauns- og Akrasóknir	—	350

Snæfellsnessprófastsdæmi.

65.	Miklaholt: Miklaholts- Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir	—	650
66.	Staðarstaður: Staðarstaðar- og Búðasóknir	—	500
67.	Nesþing: Ingjaldshóls- Ólafsvíkur- og Hellnasóknir	—	900
68.	Setberg: Setbergssókn	—	470
69.	Helgafell: Stykkishólms-, Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknir	—	700
70.	Breiðabólstaður á Skógarströnd: Breiðabólsstaðar- og Narfeyrarsóknir	—	430

Dalaprófastsdæmi.

71.	Suðurdalaþing: Sauðafells, Snóksdals og Stóravatnshorns sóknir	—	800
72.	Hjarðarholt í Laxárdal: Hjarðarholtssókn	—	350
73.	Hvammur: Hvamms og Staðarfellssóknir	—	540
74.	Skarðsþing: Skarðs og Dagverðarnessóknir	—	500
75.	Saurbæjarþing: Skollhóls og Garpsdalssóknir	—	510

Barðastrandarprófastsdæmi.

76.	Staður á Reykjanesi: Staðar- og Reykhólasóknir	kr.	400
77.	Gufudalur: Gufudalssókn	—	250
78.	Flatey: Flateyjar- og Skálmarnesmúlasóknir	kr.	4 20
79.	Brjámslækur. Brjámslækjar og Hagasóknir	—	380
80.	Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals, Breiðuvíkur og Saurbæjarsóknir	—	550
81.	Selárdalur: Selárdals og Stóralaugardalssóknir	—	530
82.	Otrardalur: Otrardalssókn	—	300

Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi:

83.	Rafnseyri: Rafnseyrar og Álftamýrarsóknir	—	240
84.	Sandar: Sanda og Hraunssóknir	—	480

85.	Dýrafjarðarþing: Mýra, Núps og Sæbólssóknir	kr.	580
86.	Holt í Önundarfirði: Holts og Kirkjubólssóknir	—	450
87.	Staður í Súgandafirði: Staðarsókn	—	200

Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

88.	Eyri við Skutulsfjörð, Eyrar og Hólssóknir	—	900
89.	Ögurþing: Ögur og Eyrarsóknir	—	640
90.	Vatnsfjörður: Vatnsfjarðarsókn	—	160
91.	Kirkjubólsþing: Kirkjubóls og Unaðsdalssóknir	—	450
92.	Staður í Grunnavík: Staðarsókn	—	300
93.	Staður í Aðalvík: Staðar og Hesteyrarsókn	—	340

Strandaprófastsdæmi.

94.	Árnes: Árnessókn	—	300
95.	Staður í Steingrímsfirði: Staðar og Kaldrananessóknir	—	460
96.	Fell: Fells, Tröllatungu og Óspakseyrarsóknir	—	450
97.	Prestsbakki: Prestsbakka og Staðarsóknir	—	380

Húnavatnsprófastsdæmi.

98.	Melstaður: Melstaðar og Kirkjuhvammssóknir	—	400
99.	Staðarbakki: Staðarbakka og Núpssóknir	—	500
100.	Tjörn á Vatnsnesi: Tjarnar og Vesturhópshólasóknir	—	330
101.	Breiðabólsstaður í Vesturhópi: Breiðabólsstaðar og Víðidalstungusóknir	—	530
102.	Þingeyrar: Þingeyra og Blönduóssóknir	—	530
103.	Undirfell: Undirfellssókn	—	380
104.	Auðkúla: Auðkúlu og Svínavatnssóknir	—	340
105.	Bergstaðir: Bergstaða og Bólstaðarhlíðarsóknir	—	480
106.	Höskuldsstaðir: Höskuldsstaða og Holtastaðasóknir	—	630
107.	Hof: Hofs og Spákonufellssóknir	—	400

Skagafjarðarprófastsdæmi.

108.	Hvammur: Hvamms og Ketusóknir	—	250
109.	Ríp: Rípursókn	—	200
110.	Glaumbær: Glaumbæjar og Víðimýrarsóknir	—	420
111.	Reynistaður: Reynistaðar og Sauðárkrókssóknir	—	600
112.	Mælifell: Mælifells og Reykjasóknir	—	350
113.	Goðdalir: Goðdala og Ábæjasóknir	—	300
114.	Miklibær í Blönduhlíð: Miklabæjar, Silfrastaða og Flugumýrarsóknir	—	560
115.	Viðvík: Viðvíkur, Hóla og Hofstaðasóknir	—	720
116.	Fell (Höfðaprestakall): Fells og Hofssóknir	—	640
117.	Barð: Barðs og Holtssóknir og Knappstaðasókn	—	800

Eyjafjarðarprófastsdæmi.

118.	Miðgarður í Grímsey	—	100
119.	Hvanneyri í Siglufirði: Hvanneyrarsókn	—	340
120.	Kvíabekkur: Kvíabekkjarsókn	—	360
121.	Tjörn í Svarfaðardal: Tjarnar, Upsa og Urðasóknir	—	460
122.	Vellir: Valla og Stærra-Árskógssóknir	—	540
123.	Möðruvellir: Möðruvalla og Glæsibæjarsóknir	—	690

124.	Bægisá: Bægisár, Bakka og Myrkársóknir	kr. 530
125.	Akureyri: Akureyrar og Lögmannshlíðarsóknir	— 500
126.	Grundarþing: Grundar, Munkaþverár og Kaupangssóknir	— 700
127.	Saurbær: Saurbæjar, Möðruvalla, Hóla og Miklagarðssóknir	— 700

Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.

128.	Laufás: Laufáss og Svalbarðssóknir	— 350
129.	Höfði (Grenivík): Grenivíkursókn	— 230
130.	Þönglabakki: Þönglabakka og Brettingsstaðasókn á Flateyjardal	— 300
131.	Háls: Háls, Illugastaða og Draflastaðasóknir	— 500
132.	Þóroddstaður: Þóroddstaðar og Ljósavatnssóknir	— 410
133.	Lundarbrekka: Lundarbrekkusókn	— 250
134.	Skútustaðir: Skútustaða og Reykjahlíðarsókn	— 380
135.	Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar og Nessóknir	— 300
136.	Helgastaðir: Einarsstaða og Þverársóknir	— 480
137.	Húsavík: Húsavíkursókn	— 500

Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.

138.	Skinnastaður: Skinnastaðar og Garðsókn í Kelduhverfi	— 450
139.	Fjallaþing: Víðirhóls og Möðrudalssóknir	— 150
140.	Presthólar: Presthóla og Ásmundarstaðasóknir	— 280
141.	Svalbarð: Svalbarðssókn	— 300
142.	Sauðanes: Sauðanessókn	— 300

3. gr. Nú eru tekjur prestakalls, þær er nefndar eru í 1. gr., hærri eftir meðaltali hinna 5 fardagaára 1893—98, samkvæmt endurskoðuðu brauðamati, en eftir 2. gr., og skal þá greiða mismuninn presti þeim, er veitingu hefir fyrir kallinu, þá er lög þessi öðlast gildi, meðan hann þjónar því, ef hann krefst þess, en þó að eins það, sem munurinn nemur meiru en einum tíunda hluta af hinum eldri tekjum.

4. gr. Ef embættislán, eða peningaborgun til landssjóðs, hvílir á prestakalli, skal greiða það með launum þeim, er talin eru í 2. gr., að því leyti er þau hrökkva til, og skuldabréf mælir fyrir.

5. gr. Tekjur þær, er taldar eru í 2. gr., skal venjulega greiða í október- og apríl-mánuðum, sinn helming í hvorum mánuði. Rétt er að senda sýslumönnum laun presta til úthlutunar, eftir því, er viðskiftum hagar bezt, nema prestur mótmæli.

6. gr. Svo skal aukaverk borga, sem hér segir:

Fyrir skírn 3 kr. Þó þarf eigi að greiða skírnargjald, ef barn er skírt í kirkju við messugjörð. Eigi skal heldur greiða gjald fyrir kirkjuleiðslu.

Fyrir ferming 8 kr.

Fyrir hjónavígslu 6 kr.

Fyrir líksöng 3 kr. Sé prestur beðinn um húskveðju eða líkræðu, ber honum sérstök borgun fyrir, og greiðir sá, er um biður.

7. gr. Öll fyrirmæli í eldri lögum, er koma í bága við þessi lög, eru feld úr gildi, bæði þau, er standa í tilsk. um tekjur presta og kirkna 27. jan. 1847, í reglugjörð um sama efni 17. júlí 1782, og þau, er annarsstaðar er að finna.

Nd. 257. **Breytingartillögur**
við breytingartill. nefndarinnar við frv. til fjárlaga 1900—1901.
Frá Þórði Thoroddsen.

Við 10. gr. C. 4. c. Fyrir 8000 komi 6000.
— 11. — 3. Fyrir »styrkur til Guðmundar læknis . . . 1600« komi »styrkur til Guðmundar læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni við spítalann á Akureyri gegn því að spítalinn greiði jafn-mikla upphæð«. . . . . 300—300—600«.
Við 12. gr. B. Á eftir 5. lið (nýum lið) komi nýr liður svolátandi:
»Styrkur til sýsluvegasjóðs Kjósar- og Gullbringusýslu til að gera veg frá Reykjavíkurlandi suður, gegn því að sýsluvegasjóðurinn leggi til jafn-mikla upphæð, alt að 20,000 kr.«.

Nd. 258. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Birni Sigfússyni.

Við 12. gr. B. 3. Liðurinn orðist svo:
Til viðhalds á flutningabrautum og til flutningabrautar í Húnavatnssýslu . . . . . 25000—25000

Nd. 259. **Breytingartillögur**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Þórði Thoroddsen.

Við 11. gr. 8. Á eftir komi nýr liður, er verður 9., svolátandi:
Til utanfarar héraðslækna . . . . 600—600—1200.
Styrkurinn veitist af landshöfðingja eftir tillögum landlæknis.
Við 13. gr. B. II. b. 1. Fyrir 1200—1200 komi 1800—1800.
— — — — — — — Fyrir »200 kr.« í athugagreininni komi »300 kr.«.

Nd. 260. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Skúla Thoroddsen.

Við 13. gr. C. 19. Liðurinn falli burt.

Nd. 261. **Breytingartillaga**
við breytingartillögu landshöfðingja á þingskj. 243.

Frá Kl. Jónssyni.

Við b. I stað 1200 kr.
komi: 800 kr.

Nd. 262. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir 1900 og 1901.
Frá Jóni Jenssyni.

A eftir 10. gr. C. 5. komi:
Til Magnúsar Einarssonar dýralæknis,
viðbót fyrir sjálfan hann . . . 500—500.

Nd. 263. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Jóni Jenssyni.

Aftan við 13. gr. C. komi nýr liður:
Styrkur til leikfélags Reykjavíkur . . 500—500.

Nd. 264. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Einari Jónssyni.

Á eftir 12. gr. A. 2 komi nýr liður svo hljóðandi:
Fyrir póstflutning milli hafna á Íslandi og milli Íslands og annara landa til »O. Wathnes Arvinger. Aktieselskab« 1000 kr.—1000 kr.
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að félagið hafi fasta ferðaáætlun og að minsta kosti eigi tærri viðkomustaði hér á landi, en þetta ár og flytji póst frá skipi til pósthúss og frá pósthúsi til skips á hverri höfn, er skipin koma á, samkvæmt áætlun sinni.

Nd 265. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1900 og 1901; frá Pétri Jónssyni.
Við 10. gr. C.: Á eftir 5. lið komi nýr liður, er orðist svo:
Viðbót við laun dýralæknis Magnúsar Einarssonar 600—600

Nd. 266. **Nefndarálit**
um frumvarp til laga um að umsjón og fjárhald tveggja landsajóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur.

Vér undirritaðir, sem hin háttvirta neðri deild alþingis hefir kosið í nefnd til að íhuga frumvarp þetta, höfum rætt það á fundum vorum og leyfum oss að láta uppi álit vort á þessa leið:

Sú skoðun virðist vera alment ríkjandi, bæði utan þings og innan, að landssjóður ætti helzt að losa sig við allar kirkjur sínar. Þessa skoðun teljum vér og rétta og álítum því að frumvarpið stefni í rétta átt. Hitt getur jafnan verið álitamál, hve mikið landssjóður eigi að leggja í sölurnar í hverju einstöku tilfelli, til þess að þessu skipulagi verði á komið.

Að því er Vestmannaeyakirkju snertir, þá virðist oss að vísu söfnuðurinn nokkuð harður í kröfum sínum, þó vér hins vegar könnumst við, að honum muni nokkur vorkunn, þar sem kirkjan nú er þannig á sig komin, að full þörf er á talsvert háu álagi. Ber í því efni einkum á tvent að líta. Fyrst og fremst, að kirkjan er nú orðin 125 ára gömul (bygð 1774) og því að vonum orðin gölluð að ýmsu leyti, svo að fullkomin viðgerð við hana mundi verða ærið kostnaðarsöm. Í skoðunargjörð þeirri, er fram fór í desembermánuði 1898, er talið, að til þess að bæta úr þeim göllum, er nú séu sýnilegir, muni ganga 4040 kr. En auk þess taka smiðir þeir, er skoðunargjörðina frömdu, það fram, að óhætt sé að gera ráð fyrir talsverðum aukakostnaði til að bæta úr þeim göllum, er fyrst mundu koma í ljós, er farið yrði að gera við kirkjuna, og álíta, að þegar á alt sé litið, »muni ekki veita af alt að 5000 kr. til að gjöra kirkjuna svo úr garði, að hún gæti orðið viðunanlegt og sómasamlegt guðshús í fullgildu standi«. Söfnuðurinn hefir þó ekki einu sinni talið þessa upphæð nægilega, og meðal annars tekið fram, að við þann kostnað, er smiðirnir gerðu ráð fyrir, yrði að bæta kostnaði við að setja ofn í kirkjuna og þrumuleiðara á hana, þar sem talsverð hætta sé af eldingum á eynni, en kirkjan standi á bersvæði.

Í annan stað ber á það að líta, að kirkjan er ein af þeim fáu fornu byggingum úr íslenzkum steini, er vér eigum hér á landi, og því sérstök ástæða til að hlynna að henni. Allar aðrar þjóðir láta sér mjög ant um að við halda sem bezt fornbyggingum sínum (ekki hvað sízt gömlum kirkjum) og verja til þess miklu fé, og hið sama virðist oss að Íslendingar ættu að gera, og það því fremur, sem fornar steinbyggingar eru svo nauðafáar hér á landi. Kirkjan er líka vel þess verð, að þetta sé gert. Hún er mikið hús og hefir í upphafi verið vönduð og dýr, þó hún sé nú orðin mjög gölluð. Kostnaðurinn við byggingu hennar nam 10295 kr. 39 a. (5147 rd. 69½ sk,) auk þess, sem inn kom fyrir sölu á kirkju þeirri, er þar hafði áður verið, og er þetta eigi alllítil upphæð, þegar miðað er við peningaverð þeirra tíma. Þá var og sett grindverk umhverfis kirkjuna, sem kostaði 215 kr. 04 a. (107 rd. 52 sk.), sem nú er fyrir löngu horfið, en mikil nauðsyn á að endurreisa, eins og tekið er fram í skoðunargjörðinni. Það virðist og ótvírætt skylda landssjóðs, að verja nokkru fé til þessa, þar sem svo segir í stjórnarbréfi 30. apr. 1781, að stjórnin telji sér skylt að viðhalda grindverkinu umhverfis kirkjuna.

Söfnuðurinn hefir nú á safnaðarfundi 11. desbr. 1898 gefið kost á að taka að sér kirkjuna með 7000 kr. álagi og hefir prófasturinn í Rangárvallaprófastsdæmi í bréfi 22. marz þ. á. mælt með því, að þessu tilboði yrði tekið,

en amtmaðurinn í Suðuramtinu hefir aftur í bréfi sínu til landshöfðingja 28. apríl þ. á. álitið þetta álag of hátt sett. Sama skoðun hefir og orðið ofan á í nefndinni og álítum vér, að 6000 kr. álag mundi nægja, og að söfnuðurinn mundi verða fullsæmdur af því og hljóta að ganga að því. Hins vegar álítum vér frá þingsins hálfu, að vel sé til vinnandi að losna við kirkjuna með þessu álagi, þótt oss ekki dyljist, að jafnvel það kunni að vaxa sumum í augum, þar sem auðsætt er að byggja mætti all-álitlega timburkirkju af nýju fyrir þessa upphæð. En þar sem hér er um fornkirkju að ræða úr íslenzkum steini, virðist oss ekki geta komið til greina að leggja hana niður og byggja nýa timburkirkju í stað hennar, heldur sé sjálfsagt að viðhalda hinni fornu kirkju, jafnvel þótt kostnaðurinn við aðgerð á henni yrði meiri en ný timburkirkja mundi kosta.

Þar sem þessu nú er þannig varið og auðsætt er, að landssjóður mundi framvegis verða að verja miklu fé til viðhalds kirkjunnar, virðist 6000 kr. álag alls ekki óaðgengilegt frá hálfu alþingis. Brúttótekjur kirkjunnar hafa á 10 ára tímabilinu 1888—1897 numið að meðaltali á ári 204 kr. 80 au., en af þeim hafa gengið til árlegra þarfa hennar að meðaltali á ári 100 kr. 54 au. og hafa þá nettóárstekjur af henni verið að meðaltali 104 kr. 26 au. eða samtals á téðu 10 ára tímabili 1005 kr. 40 au. Hins vegar hafa á fjárlögum hinna síðari ára oft verið veittar álitlegar fjárupphæðir til kirkjunnar, og nema þær á 10 ára tímabilinu 1885—1895 2900 kr. Þessar upphæðir skiftast þannig niður:

Á fjárlögunum fyrir			1884—85	eru veittar	1100 kr.
—	—	—	1886—87	—	1000 —
—	—	—	1888—89	—	300 —
—	—	—	1894—95	—	500 —
				alls	2900 kr.

Af þessari upphæð virðast þó 400 kr. aldrei hafa verið brúkaðar, og verður þá fé það, sem gengið hefir til kirkjunnar beint úr landssjóði á þessu árabili 2500 kr.

Þegar nú á alt þetta er litið og þess einnig gætt, að á síðasta þingi var farið fram á 600 kr. fjárveiting til kirkjunnar og búast má við töluverðum fjárkröfum til hennar framvegis, þá virðist oss vel til vinnandi fyrir landssjóðinn, að losna við hana með 6000 kr. álagi.

Að því er Munkaþverárkirkju snertir, þá hefir alþingi þegar með lögum nr. 28, 18. des. 1897 veitt stjórninni heimild til að afhenda söfnuðinum þá kirkju með 4500 kr. álagi. En söfnuðurinn hefir á safnaðarfundi verið 1898 tjáð sig ófáanlegan til að taka kirkjuna að sér með þessum kjörum og farið fram á, að álagið yrði hækkað upp í 5500 kr. Þegar litið er til þess, að söfnuðurinn er mjög fámennur og því ekki þörf á stórri kirkju, virðist oss, að ekki geti verið þörf á svo háu álagi. En þegar hins vegar er litið til þess, að tekjur landssjóðs af kirkjunni eru sára-litlar (samkvæmt Alþt. 1897, þgskj. 111 eru brúttótekjur hennar að meðaltali 97 kr. 95 aur., en nettótekjurnar 52 kr. 16 aur.) og kirkjan mjög hrörleg og gömul (bygð 1844), svo að óhjákvæmilegt er að byggja hana upp af nýu, virðist oss ekki frágangssök, til samkomulags við söfnuðinn, að

hækka álagið um 500 kr., svo að það verði 5000 kr., og álítum vér að söfnuðurinn hlyti að ganga að því.

Samkvæmt þessu leggjum vér til, að frumvarpið verði samþykt með þeim breytingum, er hér segir:

Við 1. tölul.: Í staðinn fyrir »7000 kr.« komi: »6000 kr.«.
Við 2. tölul.: Í staðinn fyrir »5500 kr.« komi: »5000 kr.«.

Neðri deild alþingis, 29. júlí 1899.

Jón Jónsson, þm. A.-Skf. form.
Valtýr Guðmundsson, skrifari.

(með skirskotun til athugasemdar minnar).

Halldór Daníelsson, framsögum.

Eg er samdóma hinum háttvirtu meðnefndarmönnum mínum um Vestmannaeyakirkju, en Munkaþverárkirkju tel eg óvíst að landssjóður hafi nokkurn hag af að losna við fyrir 5000 kr.

Jón Jónsson, þm. A.-Skf.

Nd. 267. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá Valtý Guðmundssyni.

Aftan við 12. gr. C. 1. bætist svolátandi athugasemd:

Auk þess veitist stjórninni heimild til að verja alt að 2000 kr. á ári til styrks til stórkaupmanns Thor. E. Tulinius í Kaupmannahöfn fyrir póstflutninga og gufuskipaferðir beina leið milli Kaupmannahafnar og Íslands, einkum Reykjavíkur, eftir því sem nánar verður um samið milli hans og stjórnarinnar.

Nd. 268. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá landshöfðingja.

Við 13. gr. C.

Á eftir 19. tölulið komi nýr liður svo látandi:

Til kapteins í sjóliðinu Ryders til tilrauna við skógarrækt hér á landi 1000 kr. hvort árið.

Tala töluliðanna breytist samkvæmt því.

Ed. 269. **Nefndarálit**
í málinu: Frv. til laga um aðflutningsgjald af tóbaki.

Það er að vísu eigi hentugur tími til að leggja nýa tolla á landsmenn, þar sem hagur þeirra er mjög erfiður og eigi útlit fyrir, að ástandið breytist til batnaðar fyrst um sinn, en hins vegar má búast við því, að aðflutningsgjald af vínföngum muni minka nokkuð, ef frv. til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja, sem nú er fyrir þinginu, verður að lögum. Þann tekjuhalla, sem af því leiddi, yrði þá að hafa upp á annan hátt; verður varla fundinn annar hentugri gjaldstofn, til að leggja á nýan toll, en tóbakið, því að það er bæði munaðar- og óþarfavara. Úr því að farið er að hækka tóbakstollinn, virðist hæfileg hækkun sú, sem frumv. ákveður.

Vér leggjum því til, að frumv. verði samþykt óbreytt.

Efri deild alþingis 29. júlí 1899.

Sigurður Jensson, formaður. Þorleifur Jónsson, skrifari og framsögumaður.
Jón Jónsson.

Ed. 270. **Nefndarálit**

í málinu: Frumv. til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja.

Þessu frumv. var vísað til nefndar þeirrar, sem kosin var til að íhuga frumv. til laga um aðflutningsgjald af tóbaki.

Vér höfum íhugað frumvarpið.

Jafnvel þótt varla þurfi að búast við, að nokkur fari að búa til áfenga drykki hér á landi fyrst um sinn, sjáum vér ekkert á móti því, að banna það, og leggjum því til, að frumv. verði samþykt óbreytt.

Efri deild alþingis 29. júlí 1899.

Sigurður Jensson, formaður. Þorleifur Jónsson, skrifari og framsögumaður.
Jón Jónsson.

Nd. 271. **Beytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá Valtý Guðmundssyni.

Á eftir 13. gr. C. 12 bætist inn í nýr liður, svo látandi:

Styrkur til Guðjóns Guðmundssonar til landbúnaðarnáms við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn 500 kr. (hvort árið).

Nd. 272. **Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar í þjóðjarðasölumálinu (233).

Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Skaftf.

Við 1. gr.

Aftan við: 1. Horn í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu bætist: (að fráskildri eynni Óslandi og rekarétti innanfjarðar), og fyrir »3500 kr.« komi: 2500 kr.

Nd. 273. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá Skúla Thoroddsen.

Við 13. gr. B. III. c. 4.

Aftan við töluliðinn bætist svolátandi málsgrein:

Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að latneskur stýll sé eigi heimt aður við inntöku í neðsta bekk skólans.

Nd. 274. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá Skúla Thoroddsen.

A eftir 13. gr. C. 16. komi nýr töluliður svo látandi:

Til háskólasjóðs Íslands 7000 kr. — 7000 kr.

Fé þetta sé ávaxtað í Söfnunarsjóði Íslands, unz stofnaður er háskóli á Íslandi.

Nd. 275. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901. Frá Ólafi Briem.

Við 13. gr. C. Á eftir 11. tölulið komi nýr liður.

Til rannsókna á byggingarefnum landsins og leiðbeininga í húsagerð 5000 kr. hvort árið.

Nd. **276. Atkvæðaskrá**

við 2. umr. í neðri deild um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Þingskjölin eru:

Fjárlagafrumvarp stjórnarinnar.
Álit fjárlaganefndar neðri deildarinnar þingskj. 172.
Skýrsla um bænarskrár og önnur erindi, sem komið hafa til fjárlaganefndarinnar þskj. 187.
Breyt. og viðaukatillögur þskj. 186 n., 191, 209, 210, 219, 220, 229—231, 234, 236, 237, 239, 240, 242, 243, 249, 252—255, 257—265, 267, 268, 271, 273, 274.

II. kafli.

GJÖLD:

1. 7. gr. frv. bíður eftir atkvæðagr.
2. 8. — — óbreytt.
3. 9. — — óbreytt.
4. Við 10. gr. A. 2. Brtill. nefnd (186). Fyrir 4400—4400—8800 komi» 4000—4000—8000. .
5. — — — — 3. — — eftir b. (nýr liður, er verður c.): Handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar 1000 (innanstriks).
6. — — — — 3. — — c. sem verður d. Skrifstofukostnaður 300 (innanstryks).
7. — — — B. 3. a. Br.till. frá J. Þór. (242). Í stað orðanna »viðbót við hinn núverandi umsjónarmann«, komi »viðbót við laun núverandi umsjónarmanns«,
8. — — — B. 3. c. Br.till. nefnd. (186). Fyrir »1900« komi »1600«.
9. — — — C. 4. b. Br.till. J. P. og Þ. Th. (254). Fyrir »18000« komi »20000«.
10. — — — C. 4, c. Br.till. við br.till. nefnd. frá Þ. Th. (257). Fyrir »8000« komi »6000«.
11. — 10. gr. C. 4. c.: Breyt.till. nefnd. (186). Orðist svo: Til búnaðarfélags Íslands 8,000.
12. — 10. — C. 4. c.: Breyt.till. við breytingartillögu nefnd. frá landbún.nefnd. (210). Við 12. tölulið: Athugasemdin falli burt.
13. — 10. — C. 4. c.: Breytingartill. við breytingartill. nefnd. frá landbúnaðarnefnd. (209) (Nýr liður) 5. til kenslu í mjólkurmeðferð 3000 — 2000 Styrkur þessi veitist búnaðarfélagi Íslands, með því skilyrði, að félagið útvegi mann frá Danmörku, er hafi fullkomna kunnáttu og góða æfingu í mjólkurmeðferð samkvæmt því, sem gerist á góðum mjólkursamlagsbúum í Danmörku. Maður þessi sé ráðinn til 2 eða 4 ára, til þess að kenna á góðu mjólkurbúi í landinu, helzt á Hvanneyrarskóla, tilbúning osta og smjörs með þeim áhöldum og aðferðum, sem hægt er að koma við á hinum stærri sveitarbúum hér á landi, og fari kenslan fram kostnaðarlaust fyrir nemendur.
14. — 10. — C. 4. c. Breytingartill. nefnd. (186). Athugasemdin orðist svo: Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að félagið verji af honum alt að 3000 kr. fyrra árið og 2000 kr. síðara árið til að útvega mann frá Dan-

mörku, er hafi fullkomna kunnáttu og góða æfingu í mjólkurmeðferð samkvæmt því, sem gerist á góðum mjólkursamlagsbúum í Danmörku. Maður þessi sé ráðinn til 2 eða 4 ára, til þess að kenna á góðu mjólkurbúi í landinu, helzt á Hvanneyrarskóla, tilbúning osta og smjörs, með þeim áhöldum og aðferðum, sem hægt er að koma við á hinum stærri sveitabúum hér á landi, og fari kenslan fram kostnaðarlaust fyrir nemendur.

15. Við 10. gr. C. 4. c. Breytingartill. við breytingartill. nefnd. (209)
(Nýr liður) 6. Til gróðrartilrauna 3000 — 2000.
Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands, með því skilyrði, að félagið komi á fót gróðrartilraunarstöð í grend við Reykjavík, og ráði mann til að standa fyrir tilraunum og annast þær að öllu leyti.

16. — 10. — C. 4. d. Breytingartill. nefnd. (186). Liðurinn orðist svo:
Töluliður 7: Styrkur til útgáfu búnaðarrits 20 kr. fyrir örkina. 240 — 240.

17. — 10. gr. C. Viðaukatill. frá Pétri Jónssyni (265). Á eftir 5. lið komi nýr liður, er orðist svo: Viðbót við laun dýralæknis Magnúsar Einarssonar 600—600

18. — — — — Br.till. frá J. Pálss., og Þ. Thor. (254). Liðurinn orðist svo:
5. a. laun handa tveim dýralæknum 2400—2400
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík 400—400.

19. — — — — Br.till. frá nefnd (186) eftir 5. gr. nýr liður hinn 6. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu 300—300—600.

20. — — — — b. Br.till. nefnd. (186). Fyrir 150 komi 100.

21. — — — — Br.till. frá J. Jenss. (235).
Á eftir 10. gr. C. 6. h. komi nýr liður svo hljóðandi:
Styrkur til ljóskers á skipaskaga . . . . . 75,00—75,00
veitist með því skilyrði, að um tendrun á ljóskerinu fari eftir auglýsingu landshöfðingja 31. maí 1894.

22. 10. gr. frv. breytt eða óbreytt.

23. Við 11. gr. 2. Br.till. við br.till. nefnd. frá Þ. Thor. (257).
Fyrir »styrkur til Guðmundar læknis . . . 1600« komi »styrkur til Guðmundar læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni við spítalann á Akureyri gegn því að spítalinn greiði jafn-mikla upphæð, 300—300—600«.

24. — — — 2. Br.till. frá Kl. Jónsson (240) í stað »800—800—1600« komi 1000—1000—2000.

25. — — — Br.till. nefnd. (186). Á eftir tölul. 2. komi nýr 3. liður: Styrkur til Guðmundar læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri 800—800—1600.

26. — — — 6. a. Br.till. frá J. Þór. (242).
Fyrir »4840« komi »4940«.

27. — — — 6. e. Br.till. nefnd. (186).
Fyrir »4600« komi »3500«.

28. — — — 6. n. Br.till. frá J. Þór. (242).
Fyrir »430« komi »200«.

29. 11. Við gr. 6. o. Br.till. frá sama (242).
Fyrir »1500« komi »500«.

30. — — — 8. b. Br.till. frá Kl. J. (240).
Fyrir »400« komi »1000«.

31. — — — Br.till. frá Kl. J. (240).
Nýr tölul. (9). Styrkur til útbúnings og áhalda handa sjúkrahúsinu á Akureyri 2000 kr. (fyrra árið).

32. — — — Br.till. frá Þ. Thor. (259).
Nýr tölul. (10). Til utanfarar héraðslækna 600—600—1200.
Styrkurinn veitist af landshöfðingja eftir tillögum landlæknis.

33. — — — Eftir 8. tölul. nýr liður (11):
Styrkur til að gefa út nýa ljósmóðurfræði 25 kr. fyrir örk, alt að 500.

34. — — — nýr töluliður (12):
Styrkur til útbúnings og áhalda handa sjúkrahúsinu á Seyðisfirði 4000 kr (fyrra árið).

35. — — — Breyt.till. nefnd. (186) nýr töluliður (13):
Til sjúkrahússbyggingar á Patreksfirði annað árið alt að 3000 kr. Veitist með því skilyrði, að helmingi hærri upphæð verði veitt til fyrirtækisins annarsstaðar frá.

36. 11. gr. frv. breytt eða óbreytt.

37. Við 12. gr. Viðaukatill. frá E. Jónss. (264).
Á eftir 12. A. 2. komi nýr liður svo hljóðandi:
Fyrir póstflutning milli hafna á Íslandi og milli Íslands og annara landa til »O. Wathnes Arvinger. Aktieselskab« 1000 kr.—1000 kr.
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að félagið hafi fasta ferðaáætlun og að minsta kosti eigi færri viðkomustaði hér á landi en þetta ár og flytji póst frá skipi til pósthúss og frá pósthúsi til skips á hverri höfn, er skipin koma á, samkvæmt áætlun sinni.

38. — — — Br.till. nefnd. (253). Á eftir A 2. nýr liður:
Til póstvagnferða í viku hverri frá 15. júní til 1. okt. frá Reykjavík austur að Árbæ í Holtum, er flytji póst endurgjaldslaust fyrir póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að 600—600.
Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.

39. — — — 3. a. Br.till. frá J. Pálss. og Þ. Thor. (254).
Fyrir »2000—2000«
komi »1500—1500«.

40. — — — A. 3. f. Br.till. nefnd. (186).
Fyrir »1 bréfberi«
komi »til bréfaburðar«.

41. — — — A. 4. Br.till. nefnd. (186).
Fyrir »1000« komi »500«.

42. — — — B. 1. Br.till. frá Ól. Briem (219).
Fyrir »Til verkfræðings — samgöngubætur«.
komi »Til verkfræðings landsins«.
Aftan við töluliðinn bætist:

Starfsvið verkfræðingsins skal ákveðið með erindisbréfi, er landshöfðingi semur.

43. Við 12. gr. B. 3. Br.till. frá B. Sigf. (258).
Liðurinn orðist svo:
Til viðhalds á flutningabrautum og til flutningabrautar í Húnavatnssýslu 25000—25000.

44. — — — B. 4. Br.till. frá J. Pálss. og Þ. Thor. (254).
Fyrir »50000—50000«
komi »60000—60000«.

45. — — — B. Br.till. nefnd. (186).
Eftir 5. nýr liður:
Styrkur til Ísafjarðarsýslu til að gera veg yfir Breiðadalsheiði alt að 2500 kr. Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram að minsta kosti jafnmikla upphæð.

46. — — — B. Br.till. við br.till. nefnd. frá Þ. Thor. (157).
Á eftir 5. lið (nýum lið) komi nýr liður svo látandi:
Styrkur til sýsluvegasjóðs Kjósar- og Gullbringusýslu til að gera veg frá Reykjavíkurlandi suður, gegn því, að sýsluvegasjóðurinn leggi til jafn-mikla upphæð, alt að 20000 kr.

47. — 12. — B. Br.till. frá H. Dan. (239).
Eftir 5 nýr liður:
Styrkur til Borgarfjarðarsýslu til að gjöra veg frá Skipaskaga að Blautós alt að 2400 kr.

48. — 12. — B. Br.till. frá Sk. Thor. (við br.till. á þskj. 239) (252).
Skilyrðið orðist svo:
Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það, sem til vantar, til að fullgjöra veginn, að minsta kosti jafnmikla upphæð.

49. — 12. — B. Br.till. frá H. Dan. (239).
Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram að minsta kosti jafnmikla upphæð.

50. — 12. — C. 1. Br.till. frá V. Guðm. (267).
Aftan við 12. gr. C. 1. bætist svolátandi athugasemd:
Auk þess veitist stjórninni heimild til að verja alt að 2000 kr. á ári til styrks til stórkaupmanns Thor. E. Tulinius í Kaupmannahöfn fyrir póstflutninga og gufuskipaferðir beina leið milli Kaupmannahafnar og Íslands, einkum Reykjavíkur, eftir því sem nánar verður um samið milli hans og stjórnarinnar.

51. — 12. — C. 2. a. Br.till. frá Sighv. Árn. og Þórði Guðm. (220).
Í staðinn fyrir »7500« komi »7700«

52. — 12. — C. 2. b. Br.till. frá J. Pálss. og Þ. Thor. (254).
Fyrir »2500« komi »3500«

53. — 12. — C. 2. b Br.till. nefnd. (186).
Liðurinn falli burtu og c. verður b.

54. — 12. — C. 2. Br.till. frá sömu (220).
1. aths. Í staðinn fyrir »styrkina undir — — — sama gufubát« komi: »Af þessari upphæð má verja 200 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem séu að minsta kosti tvær ferðir, milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyar og Holtsvara.

55. Við 12. gr. C. 2. Br.till. frá sömu (254).
Orðin »styrkina undir staflið a. og b. má sameina um einn og sama gufubát« í 1. lið athugasemdanna, falli burt.

56. — 12. — C. 2. Br.till nefnd. (186).
Fyrsta grein athugasemdanna orðist svo:
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi eftir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefnda.
Upphaf næstu gr. aths. verður:
Styrkurinn undir stafl. a. og b. o. s. frv.
Þriðja gr. aths. falli burtu.

57. — 12. — C. Br.till. nefnd. (186).
Nýr liður eftir 2.
Styrkur til að bæta innsigling og skipalægi á Stokkseyri alt að 5000. Veitist með því skilyrði, að annarsstaðar að fáist að minsta kosti jafnmikil upphæð til fyrirtækisins, og að verkfræðingur telji verkið vel af hendi leyst.

58. — 12. — C. nýr liður:
Styrkur til bæta lending í Þorlákshöfn alt að 400 kr. Veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Árnessýslu verji að minsta kosti jafnmikilli upphæð til fyrirtækisins, og að verkið verði, að áliti verkfræðings, vel af hendi leyst.

59. — 12. — D. Aths. falli burtu.

60. 12. — frv. breytt eða óbreytt.

61. Við 13. — A. Br.till. nefnd. (186).
Nýr liður eftir 7. lið.
Til að endurreisa 2½ fallin prestmötukúgildi á Laugarbrekku í Nesþingum og sem uppbót til síra Helga Árnasonar fyrir prestsmötumissi 300 kr., gegn því, að jörðin Laugarbrekka með hjáleigum Holti og Hóli verði afsöluð landssjóði til eignar.

62. — 13. — A. Br.till. nefnd. (186).
nýr liður:
Styrkur til síra Gísla Kjartanssonar fyrir flutning og bygging staðarhúsa á Felli í Mýrdal, 600 kr.

63. — 13. — B. I. b. 8. Br.till. nefnd. (186).
Liðurinn falli burt.

64. — 13. — B. II. b. 1. Br.till. frá Þ. Thor. (259).
Fyrir »1200—1200« komi »1800—1800«.
Fyrir »200 kr.« í athugagreininni komi »300 kr.«

65. — 13. — B. II. b. 2. Br.till. nefnd. (186).
Fyrir »150—150«
komi »200—200«

66. — 13. — B. III. c. 3. Br.till. nefnd. (186).
Fyrir »5422,65«
komi »3200,00«

67. — 13. — B. III. c. 4. Br.till. nefnd. (186).
Fyrir »1850«
komi »1800«

68. Við 13. gr. B. III. c. 4. Br.till. frá Sk. Thor. (273).
Aftan við töluliðinn bætist svolátandi málsgrein:
Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að latneskur stíll sé eigi heimtaður við inntöku í neðsta bekk skólans.

69. — 13. — B. III. c. 4. Br.till. nefnd. (186).
Eftir 4. komi nýr liður:
Uppbót til Bjarna tímakennara Jónssonar auk venjulegrar tímakensluborgunar 500—500.

70. — 13. — B. V. b. 2. Br.till. nefnd. (186).
Fyrir »1100—300«
komi »800—200«

71. — 13. — B. V. b. 3. Br.till. frá Jens Páls. og Þ. Thor. (254)
Fyrir »500—500«
komi »300—300«

72. — 13. — B. V. b. 4. Br.till. nefnd. (286).
Fyrir »600—500«
komi »500—400«

73. — 13. — B. V. b. 5. Br.till. nefnd. (186).
Liðurinn falli burt.

74. — 13. — B. VI. a. 2. Br.till. frá B. Sigf. (234).
Fyrir »kvennaskólans á Ytri-Ey 1,200«
komi »kvennaskóla Húnvetninga 2,200«

75. — 13. — B. VI. a. 2. Br.till. frá sama (234).
Fyrir »1200« komi »2200«

76. — 13. — B. VI. a. 4. Br.till. frá sama (234).
Töluliður með athugasemdinni falli burt.

77. — 13. — B. VI. a. Br.till. nefnd. (186).
Eftir 4. tölul. komi nýr liður:
Styrkur til frú Guðlaugar Wíum til að halda kvennaskóla á Seyðisfirði »500—500«

78. — 13. — B. VI. b. 1. Br.till. frá Kl. J. (240).
Liðurinn orðist svo:
»Til barnaskóla 7500—7500«

79. — 13. — B. VI. b. 1. Br.till. frá J. Pálss. og Þ. Thor. (254).
Fyrir »5500—5500«
komi »6000—6000«

80. — 13. — B. VI. b. 2. Br.till. frá sömu (254).
Fyrir »5500—5500«
komi »6000—6000«

81. — 13. — B. VI. d. Br.till. frá sömu (254).
Fyrir »2800—2800«
komi »3000—3000«

82. — 13. — B. VI. d. Br.till. frá J. Þór. (242).
Aftan við liðinn bætist nýr liður:
Námsstyrkur handa kennaraefnum, 50 kr. handa hverjum, alt að 500 kr. hvort árið . . . . . 500—500

83. Við 13. gr. B. Br.till. nefnd. (186).
Eftir VII. komi nýr liður VIII.
Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík »600—600«.

84. — — — C. 3. a. Br.till. nefnd. (186).
Fyrir »1200—1200«
komi »1000—800«.

85. — — — — 3. b. Br.till. sömu (186),
Tölulíðurinn falli burt.

86. — — — — 4. a. Br.till. sömu (186).
Fyrir »1500—1500«
komi »2000—2000«.

87. — — — — 4. b. Br.till. sömu (186).
Stafliðurinn falli burtu.

88. — — — — 4. b. Br.till. nefnd. (186).
Aths. orðist svo: 500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að bókmentafélagið gefi út o. s. frv.

89. — — — — 6. Viðaukatill. frá nefnd. (253).
Tveir nýir liðir, c. og d., þannig:
c. Til húsnæðis og hita 2000—2000.
d. Til að flytja safnið og koma því fyrir alt að 800.

90. — — — — 9. Br.till. sömu (253).
Styrkur til að gefa út myndir af þjóðgripum, er skýra sögu vora og siðu, 500—500.
Tölulíðurinn skiftist í stafl. a. b.

91, — — — — Br.till. nefnd. (253).
Á eftir 10. nýr liður:
Styrkur til að gefa út bækling um Ísland með myndum og kortum vegna Parísarsýningarinnar 1000.

92. — — — — 12. Br.till. nefnd. (186).
Liðurinn orðist svo:
Styrkur til tveggja manna til að nema dýralækningar 600 til hvors 1200—1200.

93. — — — — 13. Br.till. frá Valt. Guðm. (271).
Á eftir 13. gr. C. 12. bætist inn í nýr liður, svo látandi:
Styrkur til Guðjóns Guðmundssonar til landbúnaðarnáms við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn 500 kr. (hvort árið).

94. — — — — 13. Br.till. nefnd. (186).
Liðurinn falli burtu.
Komi nýr liður:
Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að halda áfram að rannsaka og rita um sögu Íslands og til að halda alþýðlega fyrirlestra um efni úr Íslandssögu 600—600.

95. — — — — Viðaukatill. frá Þorl. Guðm. (230).
Eftir 13. tölul. komi nýr tölul.
Til síra Valdimars Briem skáldlaun 600—600.

96 Við 13. gr. C. 14. Br.till. frá Kl. Jónssyni (240).
Í stað »600— 600«
komi »2000—2000«.

97. — — — — 16. Br.till. frá J. P. og Þ. Thor. (254).
Fyrir »800— 800«
komi »1000—1000«.

98. — — — — Br.till. frá Sk. Thor. (274).
Á eftir 13. gr. C. 16. komi nýr töluliður svo látandi:
Til háskólasjóðs Íslands 7000—7000.
Fé þetta sé ávaxtað í Söfnunarsjóði Íslands, unz stofnaður er háskóli á Íslandi.

99. — — — — Br.till. nefnd. (186).
Eftir 17. komi nýr liður:
Til skólakennara Geirs Zoëga til þess að semja íslenzk-enska orðabók 500—500.

100. — — — — 19. Br.till. frá Sk. Thor. (260).
Liðurinn falli burt.

101. — — — — 19. Br.till. nefnd. (186).
Fyrir »2000—2000«
komi »1000—1000«.

102. — — — — 19. Br.till. nefnd. (186).
Orðin: »og til vísindaiðkana« falli burt.

103. — — — — Viðaukatill. frá landsh. (268).
Á eftir 19. tölul. komi nýr liður svo látandi:
Til kapteins í sjóliðinu Ryders til tilrauna við skógarrækt hér á landi 1000 kr. hvort árið.
Tala töluliðanna breytist samkvæmt því.

104. — — — — Br.till. nefnd. (186).
Eftir 19. komi nýr liður:
Styrkur til Stefáns kennara Stefánssonar til að rannsaka fóður- og beitijurtir 1000—1000.

105. — — — — 20. Br.till. nefnd. (186).
Fyrir »600—600«
komi »1000«.

106. — — — — 21. Br.till. nefnd. (186).
Fyrir »600—600«
komi »1000«.

107. — — — — Br.till. nefnd. (186).
Eftir 21. komi nýr liður:
Styrkur til cand. polyt. Sigurðar Péturssonar, til að fara á Parísarsýninguna 1900 og rita um hana fyrir Íslendinga 2000.

108. — — — — 22. Br.till. nefnd. (186).
Fyrir »500—500«
komi »600—600«.

109. — — — — 22. Br.till. frá Sk. Thor. (249).
Komi nýr töluliður svo hljóðandi:
Til snikkara Jóns Sveinssonar í Reykjavík fyrir byggingaruppdrátt til Stýrimannaskólans 350 kr. fyrra árið.

110. Við 13. gr. C. 22. Br.till. frá Jóni Þórarinssyni (242).
Aftan við liðinn bætist nýr liður:
Til Leikfélags Reykjavíkur 500—500.

111. — — — — Sams konar br.till. frá J. Jenssyni (263).

112. — — — — Br.till. frá landsh. (243) nýr liður:
Til cand. theol. Haraldar Níelssonar, styrkur til utanfarar til að stunda hebreska tungu og skýringar gamlatestamentisins; fyrra árið 600 kr.

113. — — — — Br.till. við br.till. á þskj. 243 frá Kl. Jónss. (261).
Í stað »1200«
komi »800«.

114. — — — — Br.till. frá landsh. (243) nýr liður:
Til Brynjólfs skrifara Þorlákssonar til þess að fullkomna sig í orgelspili og »Musiktheori« í Kaupmannahöfn; fyrra árið 1200 kr.

115. — — — — Br.till. frá Kl. Jónssyni (240).
Nýr tölul.
Styrkur til síra Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði til að gefa út hátíðasöngva 300 kr. (fyrra árið).

116. — — — — Br.till. frá Jens Pálss. og Þ. Thor. (254).
Nýr liður svo látandi:
Styrkur til Ögmundar Sigurðssonar til að ferðast á kennarafund 600 (fyrra árið).

117. — — — — Br.till. frá sömu (254).
Nýr liður svo látandi:
Styrkur til Björns Kristjánssonar til að koma á fót tígulsteinsverksmiðju 5000 (fyrra árið).
Styrkurinn útborgist, þegar ofn er bygður, er brenna má í 5000 steina í einu, þerrihús er reist og eltivélar uppkomnar.

118. — — — — Br.till. frá Ein. Jónss., B. Sigf. og Jens Pálssyni (255).
Aftan við 13. gr. C. bætist:
23. Til Jóhanns »skyttu« Halldórssonar sem viðurkenning fyrir framúrskarandi dugnað við refaveiðar; fyrra árið 300 kr.

119. 13. gr. frv. breytt eða óbreytt.

120. 14. gr. frv. óbreytt.

121. við 15. gr. Breytingartill. nefnd. (186).
Orðin »Til ekkjufrú Guðrúnar Guðjohnsen 300« falli burtu. Á eftir orðunum »fyrir hendi« komi »og skulu eftirlaunin vera 2000 kr. á ári; þó hætti« o. s. frv.

122. 15. gr. frv. breytt eða óbreytt.

123. 16. gr. frv. óbreytt.

124. 17. gr. Allar tölur, þar á meðal í 17. gr., breytast eftir því, sem atkvæðagreiðslan fellur.

125. við 18. gr. Breytingartill. frá J. Þór. (242)
Orðin »frá útlöndum« falli burt.
Eftir orðunum »áreiðanlegri vátryggingu« (í næstneðstu línu) í sömu grein komi »og í fyrsta eða öðrum flokki«.

126. Við 18. gr. Breytingartill. nefnd. (186).

Á eftir viðaukagreininni við 18. gr. komi:

Úr viðlagasjóði má verja alt að 20,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum á Íslandi. Búnaðarskólinn á Hvanneyri situr fyrir alt að 5000 kr. af nefndu láni. Að öðru leyti skal haga skiftingu lánsins svo, að allir fjórðungar landsins eigi kost á lántöku til eins eða tveggja mjólkurbúa. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands, og gegn ábyrgð sýslufélaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, sé afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist síðan á 20 árum.

Ný viðaukagrein þannig:

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til sveitarfélaga, þó ekki yfir 2000 kr. til hvers. Lán þessi ávaxtast með 3% árlega og sé afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en borgist síðan á 15 árum. Lánum þessum sé ennfremur settir þessir skilmálar:

1. Lánsféð veitist samkvæmt beiðni frá sveitarstjórn til landshöfðingja og eingöngu til jarðabóta, er sé sams konar og þær, sem styrktar eru af landssjóði.
2. Þeir, sem lánin taka fyrir milligöngu sveitarfélaga, verji hver um sig til jarðabóta fyrstu 5 árin, sem lánið stendur, auk lánsupphæðarinnar, ⅕ á móti henni. Dagsverk við jarðabætur þessar skal metið 2 kr.
3. Jarðabæturnar sé samkvæmt vottorði skynbærra manna, er sýslunefnd kveður til að skoða þær, hyggilega stofnaðar og vel unnar.
4. Landshöfðingja sé, eftir nánari fyrirmælum hans, send þau skýrteini, er hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að framannefndum skilmálum sé fullnægt.
5. Sé einhverjum af skilmálum þessum ekki fullnægt, er lánið þegar að sama skapi fallið í gjalddaga.
6. Lánbeiðslur sveitarstjórna sé komnar til landshöfðingja fyrir 14. dag maímán. 1900, og veitist eigi neitt af lánum fyr en eftir þann dag.
7. Lán til einstakra manna séu aldrei lægri en 250 kr. til hvers.

Ný viðaukagrein þannig:

Úr viðlagasjóði má veita alt að 90,000 kr. lán til Reykjavíkurkaupstaðar til hafskipabryggjugerðar. Lánið ávaxtist með 3½% og endurborgist á 25 árum.

Úr viðlagasjóði má veita alt að 5000 kr. lán til að koma á múrsteins- og þakhellugerð.

Öll þessi lán veitist þó því að eins, að sé fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera.

127. Við 18. gr. Viðaukatill. frá Þórði Guðm. og Þorl. Guðm. (231).

Aftan við 18. gr. bætist ný málsgrein:

Til sýslufélaga má veita alt að 8000 kr. til að koma upp slátrunarhúsum. Lán þetta veitist vaxta- og afborganalaust fyrstu 2 árin, en ávaxtist síðan með 3% árlega og jafnri afborgun á 10 árum.

128. 18. gr. frv. breytt eða óbreytt.

Nd. 277. **Frumvarp**
til laga um fjölgun þjóðvega o. fl.

Flutningsmaður Guðjón Guðlaugsson.

1. gr. Auk þjóðvega þeirra, sem taldir eru í 5. gr. laga 13. apríl 1894 um vegi, skal hér eftir telja veginn frá Hrútafjarðarbotni að Gilsfjarðarbotni.

2. gr. Heimilt er landsstjórninni að krefjast þess, að öllum vegum, sem hér eftir verða lagðir á kostnað landssjóðs, verði haldið við að nokkuru eða öllu á kostnað hlutaðeigandi sýsluvegasjóða.

Ed. 278. **Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um friðun fugla og hreindýra.

Frá Þorkeli Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Fyrir framan orðið »krían« bætist inn: Álftir.
Málsgreinin frá »þó skulu álftir — 10. ágúst« orðist þannig: Þó skulu rjúpur friðaðar frá 20. marz til 31. ágúst, lundi frá 10. maí til 20. júní og fýll frá 1. marz til 10. ágúst.
2. Við 2. gr. Fyrir »50 aura« komi: 1 krónu.

Ed. 279. **Frumvarp**
til laga um sölu á laxveiði í Laxá í Kjós, er heyrir þjóðjörðinni Valdastöðum til.

Flutningsmaður Þorkell Bjarnason.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til, að selja laxveiði þá í Laxá í Kjós, sem tilheyrir þjóðjörðinni Valdastöðum, fyrir að minsta kosti 4000 kr.

2. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstafanir þær, sem með þarf, um sölu á veiðinni.

Nd. 280. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá Jóni Jenssyni.

Við 13. gr. C. nýr liður:

Til kaupmanns M. Johannesseus, sem verzlunarerindsreka fyrir Ísland í Björgvin . . . . 3500—3500.

Nd. 281. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir 1900 og 1901.

Frá Eiríki Gíslasyni.

Við 13. gr. Aftan við 13. gr. C. 22. bætist nýr töluliður svo hljóðandi:

Styrkur til Bjarna Þorkelssonar bátasmiðs í Ólafsvík til að fara til Noregs, til að kynna sér báta og þilskipagerð og annað, er að sjávarútveg lýtur, 1000 kr. fyrra árið.

Nd. 282. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Kl. Jónssyni.

Eftir 13. gr. B. VI. a. komi nýr liður:
5. Til hússtjórnarskólans í Reykjavík . . . . . 1000—1000

Ed. 283. **Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um friðun fugla og hreindýra.
Frá Sigurði Stefánssyni.

Við 1. gr. Í stað »10. maí til 20. júní« komi: 1. júní til 1. ágúst.

Ed. 284. Frumvarp
til laga um friðun fugla og hreindýra (eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Hér á landi skulu þessar fuglategundir friðaðar fyrir allri veiði á hverjum tíma árs sem er: Álftir, kríur, snjótitlingar, þúfutitlingar, maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar og auðnutitlingar; og allar aðrar fuglategundir, nema ernir, valir, smirlar, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur, mávar, fiskiendur, himbrimar, lómar og bjargfugl, skulu friðaðar frá 1. apríl til 20. júlí ár hvert; þó skulu rjúpur friðaðar frá 20. marz til 31. ágúst, lundi frá 1. júní til 1. ágúst og fýll frá 1. marz til 10. ágúst. Net og skot má eigi hafa við lunda- eða fýlaveiði.

2. gr. Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 1 krónu sekt, er tvöfaldast fyrir hvert brot, alt að 16 krónum.

3. gr. Hreindýr skulu friðhelg vera frá 1. janúar til 1. ágúst ár hvert, og varðar 5 króna sekt fyrir dýr hvert hið fyrsta sinn, ef drepið er. Sektin tvöfaldast, ef oftar er brotið, alt að 80 krónum.

4. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, eru opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjárins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

5. gr. Lög nr. 6, 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra, og lög nr. 33, 16. des. 1885 um breytingu á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hrein dýra skulu úr gildi numin.

Nd. 285. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900—1901.

Flutningsmaður Guðl. Guðmundsson.

Við 11. gr. Nýr liður bætist inn á eftir tölul. 7.

Til að stækka sjúkrahúsið í Reykjavík, og til viðgjörðar á því, svo og til útbúnings og áhalda . . . . . 25,000 kr. (fyrra árið) Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að sjúkrahúsið með öllu, er því tilheyrir, verði eftirleiðis eign landsins.

Við 11. gr. 8. a.

Í stað »1200 kr.« komi: 2400 kr.

Ed. 286. **Viðaukatillaga**
við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899 (þingskjal 246). Frá Hallgr Sveinssyni, J. Havsteen, Jóni Jakobssyni.

Á eftir 3. gr. bætist inn ný grein, svo hljóðandi:

Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stéttarinnar í 13. gr. A., b. (önnur útgjöld) veitast 200 kr., til að varna skemdum af Höfðaá á engjum og túni prestsetursins Höfða í Skagafirði, með því að gjöra steinlímdan fyrirstöðugarð.

Greinatalan breytist eftir þessu og sömuleiðis upphæðin í 1. gr.

Ed. 287. **Breytingartillögur**
við frumv. til laga um friðun fugla og hreindýra (þingskjal 284). Frá Hallgr. Sveinssyni, Kristjáni Jónssyni, J. Jónassen.

1. gr. orðist þannig:

Ernir, valir, smirlar, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur, mávar, fiskiendur, himbrimar, lómar og bjargfugl skulu ekki vera friðaðir á neinum tíma árs.

Allar aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hér segir:

a. Svanir, krían, snjótitlingar, þúfnatitlingar, maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar og auðnutitlingar skulu friðaðir fyrir hvers kyns veiði á sérhverjum tíma árs.
b. Rjúpur skulu friðaðar 20. marz til 31. ágúst.
c. Lundi skal friðaður 1. júni til 1. ágúst.
d. Fýll skal friðaður 1. marz til 10. ágúst.
e. Allar aðrar fuglategundir skulu friðaðar 1. apríl til 20. júlí.

Net og skot má eigi við hafa við lundaveiði eða fýlaveiði.

5. gr. orðist þannig:

Lög nr. 6 frá 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra og lög nr. 33 frá 16. desbr. 1885 um breyting á þessum lögum skulu úr gildi numin.

Ennfremur skal o. s. frv.

Nd. 288. **Tillaga**
til þingsályktunar um friðun á laxi (eins og hún var samþykt við eina umr. í Ed.)

Alþingi ályktar, að skora á stjórnina:

1., að leggja fyrir alþingi 1901 frumvarp til laga um friðun á laxi, er hafi inni að halda ýtarlegri og tryggari friðunar-ákvarðanir en núgildandi lög um friðun á laxi.

2., að láta fiskifræðing landsins, Bjarna Sæmundsson, safna skýrslum hjá laxveiðareigendum á landinu um það, hverjar nýar friðunar-ákvarðanir þeir álíti nauðsynlegar og tiltækilegar.

Nd. 289. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá mentamálanefndinni.

Við 13. gr. B. VI. b. 1. og 2. Báðir liðirnir falli burt, og í þeirra stað komi:

1. til barnaskóla . . 6000—6000
2. til sveitakennara. . 6000—6000

Styrkur til barnaskóla og sveitakennara veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé borgað til kenslunnar upphæð, sem eigi sé minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði, enda séu svo hæfir menn ráðnir til kenslunnar, sem kostur er á.

Nd. 290. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 2. umræðu í neðri deild alþingis).

Frá landshöfðingja.

Við 10. gr. A. 2. Fyrir »4000—4000—8000« komi: 4200—4200—8400.

Nd. 291. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.). Frá landshöfðingja.

Við 11. gr. 6. o. Fyrir 500 komi: 1000.

Nd. 292. **Breytingartillaga**
við breytingartillögu fjárlaganefndarinnar á þingskj. 186 við 13. gr. C. 13.

Frá Skúla Thoroddsen.

Orðin: »og til að halda alþýðlega fyrirlestra um efni úr Íslandssögu« falli burtu.

Ed. 293. **Nefndarálit**

í málinu: frumv. til laga um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands.

Vér undirritaðir, sem hin háttvirta Ed. kaus í nefnd til að íhuga ofannefnt málefni, höfum nú rætt það á fundum og leyfum oss að láta uppi um það álit vort á þessa leið.

Nefndin hefir í öllum verulegum atriðum fallist á frumv. og sérstaklega er hún fylgjandi því ákvæði, að leggja andvirði þjóðjarða þeirra, er seldar hafa verið, í sérstakan sjóð og á þann hátt koma í veg fyrir, að hinn fasti höfuðstóll, þjóðjarðirnar, verði eyðslueyrir, þó þær verði seldar landsmönnum. — Í þessu atriði vill nefndin jafnvel fara feti framar en frumvarpið og leggur því til, að í þenna sjóð renni einnig andvirði þjóðjarða þeirra, er síðar kunna að verða seldar. —

Að því er snertir hið annað aðalatriði, sem sé, að verja sjóði þessum til þess með hagfeldum lánum til jarðabóta og verðlaunaveitingum að styrkja menn og hvetja til að auka gras- og garðrækt í landinu, þá vill nefndin eindregið mæla með, að það verði samþykt.

Loks leggur nefndin til, að óveruleg breyting verði gjörð á 4. gr. frv. en í þess stað verði aftan við þá grein bætt inn í frumv. ákvæðum um, að landstjórnin leiti álits Búnaðarfél. Íslands um lánveitingar og verðlaunaveitingar úr sjóðum.

Vér ráðum því hinni háttv. deild til að samþykkja frumv. með eftirfylgjandi breytingum:

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein þannig:
Í sjóð þenna skal og renna andvirði þjóðjarða þeirra, er síðar verða seldar.
2. Við 4. gr. Orðin: »eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands« falli burt.
3. Við 4. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein þannig:
Leita skal álits Búnaðarfél. Íslands um lánveitingar og verðlaunaveitingar þær, er ræðir um í 3. gr.

Efri deild alþingis, 3. ágústm. 1899.

Kristján Jónsson formaður. Guttormur Vigfússon skrifari og framsögum. Jón Jónsson.

Nd. 294. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu frá Jóni Þórarinssyni við 13. gr. C. 22. Frá Skúla Thoroddsen.

Aftan við tillöguna bætist:

Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti jafnmikla upphæð.

Ed. 295. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 8, 6. marz 1896 um útflutningsgjald.

Frá Sigurði Stefánssyni og Sigurði Jenssyni.

1. gr.

Af hverjum 100 pd. heilagfiskis er útflutningsgjald 30 aurar.
Af hverjum 100 pd. kola er útflutningsgjald 10 aurar.

2. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 8, 6. marz 1896 um breyting á lögum nr. 10, 13. apr. 1894 um útflutningsgjald.

Nd. 296. **Nefndarálit**

um frv. til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

Nefnd sú, er kosin var í háttv. neðri deild til að segja álit sitt um hið ofannefnda frv., er lagt hefir verið fyrir þingið af stjórninni og þegar hefir hlotið samþykki h. háttv. efri deildar þingsins, hefir rætt frv. og athugað það mjög vandlega, bæði stefnu þess í heild sinni og hin einstaklegu atriði hvert um sig, og lætur uppi í einu hljóði eftirfarandi álit og tillögur um málið:

Nefndin er fyllilega samdóma þeirri stefnu, sem af hendi stjórnarinnar lýsir sér í frv., að nú sé kominn tími til, að löggjöfin styðji að því, að hefta vínverzlun í landinu; hreyfing sú meðal þjóðarinnar, er í þessa átt stefnir, hefir nú náð svo miklum vexti og þroska, að fullkomin ástæða virðist til þess, að henni sé gaumur gefinn.

Að vísu hefði nefndin gjarnan séð, að frv. stjórnarinnar hefði farið nokkuð lengra í þessa átt en gert hefir verið, og nefndin verður að telja það nokkuð vafasamt, hvort gjald það fyrir leyfisbréf til áfengisverzlunar, er frv. fer fram á, hefir veruleg áhrif í þá átt, að hefta verzlanina, sérstaklega í hinum stærri kaupstöðum. En þegar til þess er litið, að frv. heimilar þeim héruðum, þar sem engin áfengisverzlun er eða áfengisverzlun hefir verið bygt út, þann mikilsverða rétt, að geta spornað við því, að áfengisverzlun verði sett þar á stofn, og að þetta mun verða mjög til stuðnings þeirri hreyfing, er nú á sér víða stað og gengur í þá átt, að fá kaupmenn til þess af sjálfsdáðum að hætta áfengisverzlun, og þegar enn fremur er litið til þess, að gjaldið fyrir leyfisbréfin, auk þess að verða nokkur stuðningur fyrir hin nefndu frjálsu samtök, getur einnig haft nokkra þýðing fyrir hinar smærri áfengisverzlanir í kaupstöðum og utan kaupstaðanna, þá hefir nefndin álitið rétt, að ráða hinni háttv. deild til að ganga að stefnu frv. í öllum aðal-atriðum.

Breytingartillögur þær, er nefndin leyfir sér að koma fram með, miða því eigi að því, að breyta neinum grundvallaratriðum í stefnu frv., heldur að eins til að skýra betur ýms ákvæði þess í einstökum atriðum og bæta úr, þar sem nefndinni virtist misrétti innbyrðis milli verzlana gæti komið fram, þegar fram liðu stundir.

Nefndin hefir litið svo á, að tillögur stjórnarinnar í þessu máli séu að nokkru leyti bygðar á þeirri skoðun, að þeir verzlarar, er nú hafa rétt til að verzla með áfengi, kynnu, ef til vill, að eiga rétt til skaðabóta, væri slík verzlun bönnuð með almennum lögum. Þótt nú að vísu nefndin eigi geti álitið neinn vafa á, að kaupmenn mundu verða að sætta sig við þá löggjöf skaðabótalaust

og þótt nefndinni sé, af skjölum, er henni hafa borist, kunnugt um, að mjög margir kjósendur í landinu vilja láta banna áfengisverzlun með öllu, þá hefir nefndin þó eigi, eins og málinu nú háttar, talið heppilegt, að víkja málinu í heild sinni inn á þessa braut. En að því er snertir áfengisverzlun pöntunar- og kaupfélaga, þá virðist hún svo sérstaklegs eðlis, að þar geti þessi skoðun um skaðabótarétt eigi komist að, og að því er snertir félög og stofnanir, er rétt hafa til áfengisverzlunar nú, þá virðast þau ekki nú eiga kröfu til þess, að sá réttur endist lengra fram í tímann en réttur einstakra manna, er sömu atvinnu reka; það væri að skapa þeim einkarétt í framtíðinni, er þau ekki eiga kröfur til. Nefndin hefir því álitið rétt, að leggja það til, að réttur slíkra félaga falli burt eftir 15 ár.

Því til sönnunar, að vínsölubanni fylgi margir nú hér á landi, leyfir nefndin sér að láta álitinu fylgja áskoranir frá 1830 kjósendum úr 65 hreppum á landinu í þessa átt, svo og frv. til laga um vínsölubann, er nefndinni hefir borist frá hinni íslenzku deild af félaginu »Independent Order of Good-Templars«, og fylgir frv. nefndarálitinu, til athugunar.

Að öðru leyti verður í framsögu málsins gjörð ítrari grein fyrir hinum einstöku breytingartillögum nefndarinnar.

Samkvæmt framanrituðu leyfir nefndin sér því að leggja til, að frv. verði samþykt, með þessum breytingum.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum: »þeir menn« bætist: »og verzlunarfélög, að undanskildum kaupfélögum og pöntunarfélögum«.
2. — » — Á eftir orðunum: »er segir í fyrstu grein« bætist: »Hlutafélög, samlög og aðrar stofnanir, er eigi verða eigendaskifti að, h alda þessum rétti, þó eigi lengur en um næstu 15 ár«.
3. — » — Á eftir »stöðum, þar sem« komi í stað orðanna: »áður er verzlað með áfengi«: »önnur verzlun með áfengi er fyrir«.
4. — » — Í stað orðanna »ef hreppsnefnd eða bæjarstjórn er því meðmælt« komi: »þó því að eins, að hreppsnefnd og sýslunefnd eða bæjarstjórn sé því meðmælt«.
5. — » — Á eftir »nema hreppsnefnd« í niðurl. gr. bætist: »og sýslunefnd eða bæjarstjórn«.
6. — 5. — Í stað orðanna í upphafi gr.: »Hver sá — pöntunarfélags« komi: »Hver sá maður, þar með taldir verzlunarmenn og forstjórar og starfsmenn kaupfélaga og pöntunarfélaga«.
7. — 6. — Í stað »200 kr.« komi: »500 kr., ef veitingahúsið er í kaupstað, en 200 kr. utan kaupstaðar«.
8. — 7. — Í stað »50 kr.« komi »í kaupstöðum 500 kr. og utan kaupstaða 200 kr.«
9. — 12. — Orðin: »námsmaður — landsstjórnarinnar« falli burt.
10. — 16. — Í stað: »25—100 kr. sektum — hið þriðja sinn« komi: »50—500

kr. sektum hið fyrsta sinn, en fangelsi og missi veitingaleyfis, ef brotið er ítrekað«.

Neðri deild alþingis, 3. ágúst 1899.

Skúli Thoroddsen, form. Guðl. Guðmundsson, skrifari.

Þórður Thoroddsen. Jens Pálsson. Sigurður Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Frumvarp

til laga um vínsölubann.

1. gr. Á Íslandi og í landhelgi við Ísland má enginn verzla með eða selja áfenga drykki, hverju nafni sem nefnast, í smáu eða stóru, nema hvað lyfsalar mega selja slík efni eða drykki eftir skriflegri læknisforskrift.

Áfengur drykkur eftir þessum lögum er hver sá lögur, sem í er meira en 2% af vínanda (alkohol). Dust, kökur og önnur slík efni, sem upp má leysa í vatni og í sér hafa fólgið þvílíkt áfengi, skal skoða sem áfengan drykk.

2. gr. Heimilt er hverjum einstökum manni að kaupa í útlöndum áfenga drykki handa sér og láta senda sér þá eða flytja þá út hingað. En kaupi einn maður fyrir annan eða kaupi fleiri í sameiningu áfenga drykki frá útlöndum á þennan hátt, þá er það ólögleg vínverzlun og brot á lögum þessum, þótt í engu ágóðaskyni sé gert.

3. gr. Nú vill kaupmaður kaupa áfenga drykki frá útlöndum til afnota fyrir sjálfan sig, þá er honum það heimilt, ef hann kaupir þá í sínu nafni sjálfs og ekki í nafni verzlunar hans, ef hún ber annað nafn en hans eða er sameign fleiri manna en eins, og þeir eru ekki í hennar reikning færðir né hennar merki merktir, heldur með einkamerki eða nafni kaupanda.

4. gr. Að gefa öðrum vín til nautnar ásamt sér eða sem gesti sínum er leyfilegt í sjálfu sér; en gefi einhver vín og þiggi gjafir aftur af þiggjanda, þannig, að sýnilegt þykir, að gjafir þessar sé í því skyni gerðar að fara í kring um sölubann laga þessara, þá er það ólögleg vínverzlun og saknæmt, svo sem berlega hefði selt verið.

Ef maður kaupir hlut að öðrum og borgar hann bersýnilega um gangverð fram, en fær jafnframt vín að gjöf hjá seljanda, er bæti upp verðmuninn, svo að sýnt þykir, að verzlunin var málamynda-verzlun til að komast að vínkaupum, þá er það ólögleg vínverzlun.

5. gr. Nú selur maður öðrum manni fæði eða annan beina, og gefur honum vín jafnframt, þá er það ólögleg vínsala.

6. gr. Nú leggur veitingamaður eða greiðasölumaður í vanda sinn að geyma áfenga drykki fyrir utanheimilismenn, sem koma þangað til að neyta þeirra, þá skal skoða það sem óleyfilega vínsölu. Þó er matsölum leyfilegt að geyma vínföng eða ölföng máltíða milli fyrir menn, sem eru á fæði hjá þeim.

7. gr. Heimilt er eiganda eða stjórnanda iðnaðarfyrirtækis eða efnarannsóknar-stofnunar eða annars þvílíks fyrirtækis að kaupa frá útlöndum vínanda eður annað áfengi til tekniskra nota við stofnunina.

Heimilt er og fjárhaldsmanni kirkju að kaupa frá útlöndum messuvín handa kirkjunni.

8. gr. Nú er maður kærður fyrir yfirvaldi fyrir brot gegn lögum þessum eða yfirvaldi verður kunnugt um, að brot muni framið vera gegn þeim, þá skal valdsmaður þegar hefja rannsókn og kyrrsetja alt áfengi, sem finst í vörzlum kærða eða geymt er fyrir hann annarsstaðar. Verði kærði sannur að sök með dómi, ber að gera alt þetta áfengi upptækt og hella því niður.

9. gr. Brot gegn lögum þessum varða í fyrsta sinn 20 til 250 kr. sekt. Hafi sá verzlunarleyfi, er brýtur, missir hann það, og getur ekki fengið það á ný fyrri en eftir 2 ár.

Brot í 2. í annað sinn varðar fangelsi, svo og missi verzlunarleyfis um 5 ár.

Brjóti nokkur oftar þessi lög, varðar það fangelsi ekki skemur en 3 mánaða einföldu fangelsi eða betrunarhúss-vinnu og missi verzlunarleyfis fyrir fult og alt.

10. gr. Með brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn sakamál.

11. gr. Lögin öðlast gildi 6 mánuðum eftir að útkoma þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **297. Frumvarp**

tillaga um burðareyri innan lands undir íslenzk blöð og tímarit í krossbandi. Flutningsm.: Guðl. Guðmundsson, Sk. Thoroddsen og Valtýr Guðmundsson.

1. gr. Burðareyrir innanlands undir íslenzk blöð og tímarit í krossbandi skal vera 20 a. undir hvert pund eða minni punga, jafnt á öllum tímum árs og hvort heldur flutt er á sjó eða landi, enda séu þau afhent til flutnings á pósthúsið á útkomustaðnum áður en 30 dagar eru liðnir frá því er þau komu út.

2. gr. Alt það, sem í einu er afhent til flutnings, skal póstmaður vega í einu lagi, og greiðir sendandi burðargjald í peningum eftir samanlagðri pundatölu gegn skriflegri kvittun.

3. gr. Póstmaður á útkomustaðnum skal tvisvar á ári, 30. júní og 30. desbr., afgreiða til póstmeistarans í Reykjavík skýrslu um allar slíkar sendingar fyrirfarandi missiri, og tilgreina punga hvers tölublaðs eða heftis af hverju riti, en póstmeistari skal semja skrá um öll blöð og tímarit, sem send eru þannig með póstum, og fá hana birta í Stjórnart., B-deild, undir eins og hann hefir fengið skýrslu frá öllum póststöðvum, í síðasta lagi fyrir 31. marz og 15. septbr.

4. gr. Utan á umbúðum hverrar sendingar skal standa nafn blaðsins eða tímaritsins, og hvaða árgangur eða bindi og tölubl. eða hefti sé í sendingunni.

5. gr. Auk skýrslu þeirrar, sem nefnd er í 3. gr., skal póstmaður halda skrá um öll blöð og tímarit, sem afhent eru samkvæmt þessum lögum á póststöð hans, og skal hún bera með sér, hve mikill þungi sé sendur með hverri póstferð, og skal hann láta þessa skrá fylgja póstreikningnum.

6. gr. Um öll blöð og tímarit, sem á annan hátt eru send en fyrir er mælt í þessum lögum, gilda fyrirmæli eldri laga.

7. gr. Til þess að rit geti öðlast rétt til að vera sent samkvæmt þessum lögum, verður:

1., að skýra landshöfðingja frá útgefanda eða þeim, er ábyrgð skal bera gagnvart póstlögum, enda taki landshöfðingi hann gildan;

2., ritið að koma út samkvæmt fyrir fram auglýstri áætlun; bregði út af því, missir það rétt sinn eftir þessum lögum, nema því sé veittur hann af nýu;

3., verður ritið að vera selt ákveðnu verði, en sé eigi ókeypis auglýsingarit útgefanda, eða selt nafnverði einu, ef það er aðallega auglýsingarit fyrir atvinnu útgefanda eða útgefenda.

8. gr. Verði ágreiningur um, hvort blað eða tímarit fullnægi skilyrðum laga þessara, sker landshöfðingi úr því til fullnaðar.

9. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1900.

Ed. 298. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um útflutningsgjald á hvalafurðum.

Nefnd sú, sem hin háttvirta Ed. alþingis hefir skipað til þess að íhuga frumvarp til laga um útflutningsgjald á hvalafurðum, lætur svolátandi álit sitt uppi um þetta mál.

Þótt nefndin sé þeirrar skoðunar, að það eigi sé rétt í sjálfu sér að leggja toll á afurðir landsins, sem flytjast til útlanda, eða útflutningsgjald, getur hún samt eigi verið þessu frumvarpi algjörlega mótfallin, þar sem búast má við því, að landssjóður verði fyrir allmiklum tekjumissi við það, að aðflutningsgjald af vínföngum muni minka, þegar frumvarp til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja, sem þingið hefir nú til meðferðar, væntanlega verður að lögum, enda væri það óviðkunnanlegt, að hafa útflutningsgjald á sumum afurðum af sjávarafla, en eigi á sumum; hvalafurðir virðast eiga að sæta sömu kjörum og annar afli af sjó í því tilliti, sem hér er um að ræða, enda er fyrir nokkrum árum þegar lagt útflutningsgjald á hvalskíði. Á hinn bóginn getum vér eigi álitið það rétt, að minsta kosti að svo stöddu, að fara svo langt út í það að hækka útflutningstollinn á hvallýsi og á hvalskíðum, sem gjört er í frumvarpinu, og höfum vér álitið það nægja, að tvöfalda útflutningstollinn á lýsi, eins og hann nú er, og hækka útflutningsgjaldið á hvalskíðunum, sem nú eru fallin í verði, um helming þess. Upphæðir þeirra nýu tolla, sem nefndar eru í frumvarpinu, getum vér vel felt oss við. Vitanlega verður tekjuauki sá, sem landssjóður fær samkvæmt þessum tillögum nefndarinnar hvergi nærri eins mikill og sú viðbót, sem hið fyrirliggjandi frumvarp hefir í för með sér, en í því er tollurinn á lýsinu meir en þrefaldaður, og álítum vér slíka hækkun ísjárverða.

Með þessum ummælum leyfir nefndin sér að leggja það til, að hin háttvirta deild vilji fallast á frumvarpið, þannig, að þær breytingar séu teknar til greina, sem hér koma:

1. Í 1. lið 1. gr. komi í stað »kr. 1,00« »60 aurar«.
2. Í 2. lið 1. gr. komi í stað »kr. 2,00« »1 kr. 50 aurar«.
3. Í 3. lið 1. gr. komi í stað »—0,25« »25 aurar«

og á sama hátt táknist upphæðirnar, sem nefndar eru í 4., 5. og 6. lið greinarinnar.

4. Í 3. gr. komi í stað orðanna:
»6. tölul. 2. gr. laga um« »6. tölul. 2. gr. laga 4. nóvbr. 1881, um«.
Úr sömu gr. falli orðin »nr. 10«.

Í efri deild alþingis 3. ágúst 1899.

J. Jónassen	J. Havsteen	Sigurður Stefánsson
formaður.	skrifari.	framsögumaður.

Ed. 299. **Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um breyting á lögum 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum.

Frumvarp þetta fer fram á allmikla breyting á lögum 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum, þar sem það nemur algjörlega í burt fyrirmæli þeirra laga um ákveðnar skoðanir á búpeningi og fóðurbirgðum bænda, og lætur það alveg komið undir áliti og geðþekni hreppsnefndanna, hvort þær skoðanir skuli fram fara eða ekki. Að vísu munu óvinsældir horfellislaganna að mikln leyti stafa frá óánægju manna yfir þessum skoðunum og þeim kostnaði, sem þær hafi í för með sér. En nefndin telur þessa óánægju ekki á fullum rökum bygða. Aðaltilgangur hinna gildandi horfellislaga er sá, að gjöra það hægra, að fá lögfullar sannanir fyrir illri hirðing, fóðurskorti og hordauða búpenings, þar sem slíkt á sér stað. Að því leyti verður nefndin að telja þessar lögboðnu skoðanir nauðsynlegar, þótt þær í sumum tilfellum kunni að þykja óþægilegar. Lög þessi eru líka svo ung, að enn er ekki fengin nein veruleg reynsla fyrir því, hvernig þau muni reynast í framkvæmdinni, og óánægja sú, sem sumstaðar befir bólað á yfir þeim, getur vel horfið með tímanum. Nefndin er því þeirrar skoðunar, að þessi breyting sé alls ekki heppileg eða tímabær, og yrði þetta frumvarp lögleitt, telur hún lögin hér um bil jafn-þýðingarlaus og horfellislögin frá 12. jan. 1884.

Nefndin getur samt fallist á sum ákvæði frumvarpsins, eins og það, að hreppsbúar kjósi sjálfir skoðunarmennina, og að hreppstjórar ekki séu sjálfsagðir skoðunarmenn, með því að þeir munu ekki yfirleitt betur til þess starfa fallnir en aðrir hreppsbúar.

Hvað hinar fastákveðnu skoðunargjörðir snertir, þá telur nefndin óráð að sleppa þeim alveg, en hins vegar getur hún fallist á, að fyrri skoðunin, sem horfellislögin ákveða, sé afnumin; telur hún hana töluvert þýðingarminni en seinni skoðunina. Þessi skoðun hefir og vakið meiri óánægju hjá landsmönnum en síðari skoðunin, sem mjög margir vilja halda. Þessa skoðun vill nefndin láta fara fram á tímabilinu frá 1. marz til 15. maí; en sakir þess, hve ólíkt hagar til í sveitum landsins, telur nefndin hagkvæmt, að hreppsnefnd hver í sínum hreppi ákveði nánara, hvenær á þessu tímabili skoðunin skuli fram fara.

Nefndin hefir og gjört ýmsar aðrar minni háttar breytingar á frumvarpinu og sömuleiðis stungið upp á breytingum og viðaukum við aðrar grein-

ar horfellislaganna; henni þykir því bezt við eiga, að koma með frumvarp til nýrra horfellislaga, er nemi lögin nr. 5 frá 26. febr. 1898 úr gildi. Upp í frumvarp þetta hefir hún tekið þau ákvæði frumvarpsins, er hún getur fallist á, og svo breytingar þær, er hún vill fá lögleiddar á nefndum lögum 26. febr. 1898.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sér að ráða hinni háttvirtu deild til að fella frumvarp þetta, en samþykkja síðan eftirfylgjandi

Frumvarp

til laga um horfelli á skepnum o. fl.

1. gr. Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hafa eftirlit með og hvetja hreppsbúa sína til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fénaði þeim, er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sér með því, að láta fénað sinn verða horaðan eða horfalla.

2. gr. Hreppstjóri skal á hausthreppaskilum ár hvert annast um, að kosnir séu 2—4 menn til þess að hafa eftirlit með fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð búpenings í hreppnum. Það er skylda þessara manna, að leiðbeina hreppsbúum í öllu, er lýtur að heyásetning og meðferð búpenings. Verði þeir þess varir, að fénaður einhvers búanda sé illa hirtur eða ætlað of lítið fóður eða húsrúm, skulu þeir áminna þann, er í hlut á.

Um kosningarrétt, kjörgengi og skyldur til þess að takast þennan starfa á hendur gilda sömu ákvæði og um kosningar til hreppsnefnda.

3. gr. Á tímabilinu frá 1. marz til 15. maí ár hvert skulu skoðunarmenn þeir, sem nefndir eru í 2. gr., skoða allan búpening í hreppnum og fóðurbirgðir hreppsbúa. Hreppsnefnd ákveður nánara, hvenær á þessu tímabili skoðun þessi skuli fram fara.

4. gr. Hafi skoðunarmenn ástæðu til að ætla, að fénaði einhvers hreppsbúa sé horfellir búinn vegna fóðurskorts, illrar hirðingar eða harðýðgi, þá skulu þeir skoða hjá þessum búanda svo fljótt, sem því verður við komið, og senda hreppstjóra skýrslu um skoðunina. Einnig skulu þeir senda hreppstjóra skýrslu um skoðun þá, sem ræðir um í 3. gr., þegar er þeir hafa lokið henni.

5. gr. Nú verður fénaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti skoðunarmanna um að kenna fóðurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fénaðinn hefir undir hendi, eða það sannast á annan hátt, og skal þá hreppstjóri jafnframt tilkynna það sýslumanni, ásamt öllum málavöxtum, en hann tekur málið fyrir, og skal sá maður sæta sektum frá 10 til 200 kr. eða einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum.

6. gr. Hreppstjóri skal bók halda, er hann ritar í allar skýrslur skoðunarmanna, en skýrslurnar skal hann senda sýslumanni og skulu þær lagðar fyrir sýslunefndina til eftirlits og athugunar. Í skýrslunni um skoðunargjörð þá, sem ræðir um í 3. gr., skal hverjum fjáreiganda gefin einkunn fyrir meðferð og hold búpeningsins. Lesa skal hreppstjóri upp skýrslur þessar á vorhreppaskilum ár hvert. Skýrslurnar skulu samdar eftir fyrirmynd, sem amtsráðið semur.

7. gr. Fyrir skoðunargjörðir þær, sem um er rætt í 3. og 4. gr., skal greiða skoðunarmönnum eftir samkomulagi við hreppsnefndina. Þó má borgunin eigi fara fram úr 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að skoðunargjörðinni. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr. Vanræki skoðunarmenn þær skyldur, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, varðar það alt að 50 króna sektum.

9. gr. Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Sýslumaður skal á manntalsþingi nákvæmlega grenslast eftir því, hvort lögum þessum hafi verið hlýtt, eða brot framið gegn þeim.

10. gr. Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

11. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum.

Efri deild alþingis 3. ágúst 1899.

Þorkell Bjarnason	Sigurður Stefánsson	Jón Jónsson.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Ed. **300. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls og lausamannsgjald til kirkju.

Nefndin, sem hin háttvirta efri deild kaus til að athuga ofannefnt frumvarp, hefir athugað það á nokkrum fundum, og komist að þeirri niðurstöðu, er hér greinir:

Gjöld þau til prests og kirkju, er hér ræðir um, eru engin ný gjöld, heldur öll hin sömu, sem hingað til hafa verið fyrirskipuð í lögum vorum. En af því lög þessi að mörgu leyti eru orðin úrelt, og eiga ekki fyllilega við það ástand, sem nú er, þá hefir oft verið vafi á því, hverjir séu skyldir til að greiða þessi gjöld. Það er því tilgangur þessa frumvarps, að skýra lögin í þessu tilliti, og er sú skýring að mestu bygð á úrskurðum yfirvalda, sem þegar lengi hefir verið fylgt í framkvæmdinni. Nefndin hefir samhuga fallist á það, að það er jafn-hagkvæmt bæði fyrir gjaldendur og gjaldþiggjendur, að lagaákvæðin um gjöldin séu svo ljós og ákveðin sem unt er, og gefur því frumvarpinu eindregið meðmæli sín. Nokkrar breytingar hefir þó nefndin viljað gjöra á því, og miða þær allar í sömu átt og frumvarpið, til þess að gjöra enn skýrari ákvæðin um gjaldskylduna.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir orðin »bændur, sem hafa bygging á . . . . . tíundi þeir ekki« komi »bændur allir, tíundi þeir ekki«.
2. — — — Fyrir orðin »ef ekki gjalda þeir offur« komi »séu þeir ekki í skiftitíund«.
3. — — — Fyrir orðin »lausamenn, séu þeir ekki . . . . . tíundi ekkert« komi »lausamenn og lausakonur, sem ekki eru í skiftitíund, og eins þó þau tíundi ekkert«.
4. — — — Á eftir orðunum »í fasteign« komi »(eftir gildandi jarðamati)«.
5. — — — Fyrir orðin »eða lausafé eða hvorttveggja« komi »eða í lausafé eða í hvorutveggja«.

6. — 2. — Fyrir orðin »séu þau« komi »ef húseign þeirra er«.
7. — — — Fyrir orðin »ef þau eru« komi »er«.
8. — — — Á eftir orðunum »landshöfðingi skipar« bætist inn í »er hafi að minsta kosti 500 kr. að launum, ennfremur«.
9. — — — Fyrir orðin »verzlunarþjónar, er hafa« komi »verzlunarþjónar, er einnig hafi«.
10. — — — Fyrir orðin »í laun« komi »að launum«.
11. — 5. — Fyrir »18 ára« komi »16 ára«.

Efri deild alþingis 2. ágúst 1899.

Kristján Jónsson, formaður. Sigurður Jensson, skrifari og framsögumaður. J. Havsteen.

Nd. 301. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 276, 96. tölulið frá Pétri Jónssyni.

Liðurinn orðist svo:

Til sira Matth. Jochumssonar er hann hefir fengið lausn frá prestsembætti samkvæmt ósk 2000—2000

Nd. 302. **Frumvarp**

til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi.

(Frá landbúnaðarnefndinni.)

1. gr. Enginn sá, er á heimili utanríkis, hvorki einstakur maður né félag, má eiga jarðeign hér á landi, nema það sé leyft með sérstöknm lögum. Jarðeignir þær, sem utanríkismenn eiga nú, eru undanþegnar þessu ákvæði, þangað til eignaskifti verða á þeim.

2. gr. Nú flyzt maður, sem á jarðeign hér á landi, til annara ríkja, eða utanríkismaður eignast hér jarðeign að gjöf eða erfðum, og skulu þeir þá innan fimm ára hafa selt jarðeign sína; en geri þeir það ekki, skal selja jarðeignina við opinbert uppboð, og greiðist andvirði hennar, að frádregnum kostnaði, til fyrverandi eiganda.

3. gr. Enginn má selja utanríkismönnum jarðeign hér á landi, nè heldur leigja þeim jarðir eða nein jarðarafnot lengur en 50 ár.

4. gr. Brot móti lögum þessum varða sektum til landssjóðs frá 1000 kr. til 10,000 kr., og skal með þau fara sem opinber lögreglumál.

Nd. 303. **Breytingartillaga**

við 71. lið á þingskjali 276. Frá Jens Pálssyni og Þórði Thoroddsen.

Fyrir 300—300

komi: 400—400

Nd. 304. Frumvarp

til laga um friðun fugla og hreindýra (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Ernir, valir, smirlar, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur, mávar, fiskiendur, himbrimar, lómar og bjargfugl skulu ekki vera friðaðir á neinum tíma árs.

Allar aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hér segir:

a. Svanir, krían, snjótittlingar, þúfutittlingar, maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar og auðnutittlingar skulu friðaðir fyrir hvers kyns veiði á sérhverjum tíma árs.
b. Rjúpur skulu friðaðar 20. marz til 31. ágúst.
c. Lundi skal friðaður 1. júní til 1. ágúst.
d. Fýll skal friðaður 1. marz til 10. ágúst.
e. Allar aðrar fuglategundir skulu friðaðar 1. apríl til 20. júlí.

Net og skot má eigi við hafa við lundaveiði eða fýlaveiði.

2. gr. Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda í krónu sekt, er tvöfaldast fyrir hvert brot, alt að 16 krónum.

3. gr. Hreindýr skulu friðhelg vera frá 1. janúar til 1. ágúst ár hvert, og varðar 5 króna sekt fyrir dýr hvert hið fyrsta sinn, ef drepið er. Sektin tvöfaldast, ef oftar er brotið, alt að 80 krónum.

4. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, eru opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjárins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

5. gr. Lög nr. 6 frá 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra og lög nr. 33 frá 16. desbr. 1885 um breyting á þessum lögum skulu úr gildi numin.

Ennfremur skal sú ákvörðun í tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849 § 7 »Hreini má og veiða og elta hvar sem er«, úr gildi numin.

Ed. 305. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1898 og 1899, sbr. lög nr. 2, 4. febrúar 1898, 1. gr., veitist 22,971 kr. 50 aurar til útgjalda þeirra, er getið er um í 2.—4. gr. hér á eftir.

2. gr. Sem viðbót við fé það, er talið er í fjárlögunum 10. gr. C. 7., staflið d. nr. 5 til að byggja íbúðarhús handa vitamanni við Skagatáarvitann, veitast 700 kr.

3. gr. Sem viðbót við fé það, sem talið er í fjárlögunum 12. gr. B til vegabóta veitast:

1)	við 4. lið til flutningabrauta	kr. 10,000 00
2)	við 5. lið til þjóðvega	— 271 50
3)	styrkur til vegagerðar frá Hólum að Höfn í Austur-Skafta-	

fellssýslu . . . . . — 5,000 00

Veitist með því skilyrði, að sýslubúar kosti að fullu það er til skortir, að þessi upphæð nægi til að fullgera veginn, og að sýslufélagið taki að sér alt viðhald hans framvegis.

Alls kr. 15,271 50

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stèttarinnar í 13. gr. A. b. (önnur útgjöld) veitast 200 kr. til að varna skemdum af Höfðaá á engjum og túni prestsetursins Höfða í Skagafirði, með því að gjöra steinlímdan fyrirstöðugarð.

5. gr. Sem viðbót við fé það, sem talið er í 1. gr. laga 4. febrúar 1898 um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, sbr. 8. lið í 21. gr. fjárlaganna 1898 og 1899, veitast 6,800 kr.

Nd. 306. **Frumvarp**

til laga um greiðslu verkkaups. Flutningsmaður Jens Pálsson.

1. gr. Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verzlanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á þilskipum, sem á fiskiveiðar ganga eða hvalaveiðar, hvort sem eru seglskip eða gufuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir. Óheimilt er að greiða þessum mönnum verkkaup með skuldajöfnuði eða öðru en peningum, og eru allir samningar ógildir, er þessu eru gagnstæðir.

2. gr. Nú vinnur maður ákveðið verk fyrir ákveðið kaup (accord) að einhverri þeirri atvinnugrein, er 1. gr. hljóðar um, og skal það kaup greitt í peningum.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 100 krónum, er renna í landssjóð.

4. gr. Með brot gegn lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

Ed. 307. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki

Vér nefndarmenn höfum hugleitt þetta mál. Hefir meiri hluti nefndarinnar (Þorleifur Jónsson og Þorkell Bjarnason) komist að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki mjög vöntun á feitmeti í landinu, sem aukið hefir aðflutning á smjörlíki, sem hitt, að smjörlíkið er nú orðið svo ódýrt, að það svarar engan veginn kostnaði að framleiða hér á landi smjör til að selja það með sama verði eins og smjörlíkið er selt með. Af þessu leiðir, að kaupafólk vill ekki smjör upp í kaup sitt, sem þó frá alda öðli hefir tíðkast hér á landi, heldur að eins peninga, og er það sýnilegt, að á þann hátt getur ekki landbúnaðurinn staðist, þar sem afurðir hans ganga nú eigi lengur í skiftum fyrir afurðir sjávarmannsins og eru óseljandi fyrir peninga með því verði, sem borgar sig að framleiða þær fyrir. Við játum að vísu, að sé tollur lagður á smjörlíki, þá leggur sá tollur töluverða byrði á fiskimenn og kaupstaðarbúa. En, eins og ástæð-

urnarnar eru nú með landbúnaðinn, virðist okkur óhjákvæmilegt, svo ísl. smjör, að undanteknu því allra bezta, verði ekki nálega alveg óseljandi, að lagður sé tollur á innflutt margarine. En til þess að íþyngja sjávarmönnum eigi um of, viljum við leggja það til, að tollurinn sé færður niður í tíu aura á pundinu, og yrði smjörlíkið með þeim tolli eigi hærra í verði nú en það var fyrir 6 til 10 árum tollaust. En af tollinum mundi þó leiða það hagræði fyrir sveitabóndann, að smjörlíkið hækkaði svo í verði, að unt mundi verða að koma smjörinu út í kaupafólks kaup, annaðhvort eftir gömlu lagi eða þá með 55 til 60 aura verði.

Við ráðum því hinni háttvirtu deild til, að samþykkja frumvarpið með þeirri breytingu við 1. gr., að í staðinn fyrir »15 aura« komi: »10 aura«.

Þorkell Bjarnason framsögumaður. Þorleifur Jónsson.

Eg hefi ekki getað orðið samdóma hinum háttv. meðnefndarmönnum mínum um, að rétt sé að leggja nokkurn innflutningstoll á smjörlíki. Tilgangur frumv. er að bæta markað á innlendu smjöri og þannig hjálpa landbúnaðinum. En til þess að ná þessum tilgangi þyrfti tollurinn að vera miklu hærri en hann er í frumv., auk heldur þegar hann er nú lækkaður um þriðjung, eins og meðnefndarmenn mínir fara fram á. Þetta kemur af því, að smjörlíki er orðið svo ákaflega ódýrt á erlenda markaðinum. En það sem þó er athugaverðast við toll þennan, er, að smjörframleiðslan í landinu sjálfu er hvergi nærri nóg til þess, að bæta úr viðmetisþörf landsmanna sjálfra; þarf því til sönnunar ekki annað en benda á hinn afar-mikla aðflutning af smjörlíki, er vex óðum ár frá ári, þar sem á hinn bóginn svo sem ekkert flyzt út af smjöri. Þótt tollurinn kæmist á, yrði mikill hluti landsmanna, eftir sem áður, að kaupa smjörlíkið, af þeirri einföldu ástæðu, að annað viðmeti er allsendis ófáanlegt. Með þessum tolli væri því ekki annað unnið en að landssjóður fengi nokkrar krónur, en sjávarbændum, útvegsmönnum og fátækum tómthúsmönnum stórum íþyngt, án þess þó að bæta nokkuð fyrir landbúnaðinum. Tollurinn yrði þannig ranglátur skattur á sjávarbóndann og gagnslaus fyrir landbóndann.

Auk þess er það í eðli sínu alveg rangt af þinginu, að semja nokkur þau lög, er orðið geta til þess, að íþyngja öðrum aðal-atvinnuvegi landsmanna, sjávarútvegnum, enda þótt þau kunni að miða til eflingar landbúnaðinum. Það má ekki efla svo annan þessara aðal-atvinnuvega vorra, að hinn sé skaðaður. Miklu nær lægi í þessu efni, að veita verðlaun af opinberu fé fyrir vel verkað útflutt íslenzkt smjör en að leggja ranglátan toll á nauðsynjavöru mikils hluta landsbúa, landbúnaðinum til sárlítils gagns.

Af þessum ástæðum get eg ekki gefið atkvæði mitt með þessum smjörlíkistolli, og verð að ráða hinni háttvirtu deild til að fella frumvarp þetta, sem ósanngjarnt fyrir sjávarútveginn og gagnslaust fyrir landbúnaðinn.

Efri deild alþingis, 5. ágúst 1899.

Sigurður Stefánsson.

Nd. 308. **Tillaga**

til þingsályktunar um strandferðir (Flutningsm. Jón Jónsson, þm. A.-Sk.

Alþingi ályktar, að skora á stjórnina að sjá svo um, að strandferðabátur sá, sem ætlað er að koma á Hornafjörð, fari þar eigi fram hjá í þeim ferðum, er höfn þessi er tiltekin sem viðkomustaður, og komi þar að minsta kosti þrisvar á sumri á austurleið og þrisvar á suðurleið.

Nd. 309. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um verðlaun fyrir sölu á útfluttu íslenzku smjöri.

Nefnd sú er falið var af hinni háttv. Nd. að íhuga frumvarp þetta hefir nú rætt það á fundum sínum, og aðhyllist hún fyllilega stefnu frumvarpsins og augnamið. Sömul. aðhyllist nefndin það, að hinn auðfundnasti mælikvarði á gæði smjörsins sé einmitt söluverð þess erlendis. Á hinn bóginn þótti nefndinni varhugavert, að hafa verð á dönsku smjöri til þess að miða við; því jafnvel þótt það hefði verið lang-sanngjarnast og æskilegast, þá treystir nefndin sér ekki til, að benda á áreiðanlegar skýrslur um sölu á dönsku smjöri á hverjum þeim stað, þar sem sala á íslenzku smjöri getur farið fram, sízt svo, að skýrslur þær geti ætíð verið í höndum landsstjórnarinnar þegar til á að taka.

Í öðru lagi þótti nefndinni ekki heppilegt, að setja að skilyrði fyrir verðlaunum eins hátt verð né vigtartakmark og í frumvarpinu er gert, því það fældi allflesta frá tilraunum til þess að ná í verðlaun, og sömul. þykir nefndinni eðlilegra að verðlaun sé mismunandi eftir mismunandi gæðum smjörsins, einkum þegar auðveldara er gert að ná í þau. Nefndin hallast þess vegna að því, að hafa stígandi verðlaun þegar söluverð smjörsins fer yfir 75 aur. á dönsku pundi. Aðrar efnisbreytingar finnur nefndin eigi þörf á að gera; en bæði til þess að koma þessum nefndu breytingum fyrir, og til þess að orða ákvæði frumvarpsins að öðru leyti sem skýrast og skilmerkilegast, stingur nefndin upp á setja innihald þess í annað form, og leyfir sér því að leggja fyrir hina háttv. Nd. nýtt

Frumvarp

til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör.

1. gr. Rétt til verðlauna úr landssjóði á hver sá maður eða félag, er flytur út í einu lagi til sölu erlendis 500 pund eða meir af íslenzku smjöri, og selur þar fyrir verð, er nemur meiru en 75 aurum fyrir danskt pund.

2. gr. Verðlaunin fara eftir söluverði, og nema jafnmiklu og söluverðið fer yfir 75 aura á dönsku pundi.

3. gr. Sá er verðlaun vill hljóta, sækir um þau til landshöfðingja, og færir skilríki fyrir rétti sínum til þeirra. Skilríki þau eru: farmskrá frá skipstjóra þeim, er smjörið flutti, og sýni hún þyngd þess og tölu íláta; sölureikningur smjörsins, undirritaður af þeim, er með söluna fór, og eiginvottorð við drengskap, og samvizku um, að þyngd og verð smjörsins sé rétt til greint á sölureikningnum.

Nú er umsókn um verðlaun fyrir smjörsölu eigi komin til landshöfðingja þegar fullir 9 mánuðir eru liðnir frá því, er salan fór fram, og verður umsókn sú eigi til greina tekin.

4. gr. Landshöfðingi sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett, samkvæmt 3. gr., og úthlutar verðlaunum.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1900.

Neðri deild alþingis 5. ágúst 1899.

Jens Pálsson formaður og framsögumaður. Pétur Jónsson skrifari. Sighv. Árnason.

Nd. 310. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885.

Til nefndar þeirrar, er kosin var til þess að íhuga frv. til laga um stofnun hlutafélagsbanka á Íslandi, hefir hin háttvirta neðri deild vísað frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, og leyfir nefndsér hér með að láta í ljós álit sitt um það mál.

Nefndin hefir ekki öll orðið á eitt sátt um það, hvort ráðlegt væri að auka seðlaútgáfu landssjóðs til handa landsbankanum. Meiri hluti nefndarinnar verður þó að álíta, að þar sem ekki er um meiri upphæð að ræða en 250,000 kr. í viðbót við þær 500,000 kr., er áður hafa verið út getnar, þá muni slík seðla-aukning alls enga hættu hafa í för með sér, og telur hana enda nauðsynlega, eins og nú er ástatt, viðskiftaþarfarinnar vegna.

Meiri hlutinn vill því leggja til, að frumv. þetta verði samþykt óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Neðri deild alþingis, 5. ágúst 1899.

Þórður Thoroddsen, form.
Tryggvi Gunnarsson, framsögumaður.
Kl. Jónsson, skrifari.
Pétur Jónsson.

Eg hefi ekki getað orðið hinum háttvirtu meðnefndarmönnum mínum samdóma um það, að hættulaust væri að gefa út enn á ný 250,000 kr. í óinnleysanlegum seðlum á ábyrgð landssjóðs. Meðan seðlaupphæðin er jafn-lítil og hún er nú, álít eg að engin hætta geti stafað af því, að seðlarnir eru ekki innleysanlegir eða tryggðir með gulli og auðseldum verðbréfum á venjulegan hátt. En hverja sem helzt aukning á seðlaútgáfunni á þennan hátt verð eg að álíta mjög hættulegt spor. Mér vitanlega eru engar sannanir fram komnar fyrir því, að viðskiftamagnið innanlands sé svo mikið, að það þoli þá aukning seðlanna, sem farið er fram á í frumvarpinu, og ef sú skyldi verða reyndin á, að viðskiftamagnið innanlands væri ekki eins mikið og meiri hlutinn álítur, þá gæti aukning seðlanna orðið mjög hættuleg bæði fyrir landssjóðinn og landsmenn yfirleitt. Hins vegar mundi sú tiltekja frá hálfu löggjafarvaldsins, að halda áfram að gefa út óinnleysanlega seðla, er ekki séu tryggðir með ákveðnum gullforða, koma óorði á oss hjá útlendum þjóðum, sem gæti haft mjög óheppileg áhrif á viðskifti vor við þær. Slík seðlaútgáfa tíðkast að eins hjá þeim þjóðum, sem taldar eru hinar mestu óreiðuþjóðir í peningasökum, og sem flestir því vilja hafa sem minst viðskifti við. Mér finst ekki hættulaust að stuðla að því, að oss verði skipað á bekk með þessum þjóðum; því gott álit annara er jafnnauðsynlegt fyrir hverja þjóð, eins og fyrir hvern einstakan mann.

Af þessum ástæðum og öðrum fleiri, er til tína mætti, ef þörf gerðist, verð eg að leggja til, að frumvarp það, er hér um ræðir, verði felt.

Neðri deild alþingis, 5. ágúst 1899.

Valtýr Guðmundsson.

Nd. 311. **Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 2. umr. í neðri deild.).

1. kafli.

1. gr.

Á árunum 1900 og 1901 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,399,900 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,126,000 kr.

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a) á ábúð og ofnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafé...	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur...	6,000	6,000	12,000
3. tekjuskattur...	13,500	13,500	27,000
4. aukatekjur...	30,000	30,000	60,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	9,000	9,000	18,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun...	46,000	46,000	92,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	70,000	140,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	180,000	180,000	360,000
12. tekjur af póstferðum...	35,000	35,000	70,000
13. óvissar tekjur	2,500	2,500	5,000
samtals...	563,000	563,000	1,126,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,200 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestmötu o. fl., alls..... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða, svo og til verðlauna til landseta á þjóðjörðum, er skara fram úr öðrum að jarðabótum á þeim. — Styrkurinn til húsabóta sé bundin því skilyrði, að leiguliðinn leggi fram í minsta lagi 1/3 kostnaðarins.			
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
samtals...	25,100	25,000	50,200

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 94,000 kr.

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	42,000	42,000	84,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1900 38,673 kr. 66 a.			
- — 1901 39,058 — 37 -			
77,732 kr. 03 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	47,000	47,000	94,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 120,500 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	500	»	500
samtals...	60,500	60,000	120,500

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1900 og 1901 veitast til útgjalda 1,522,072 kr. 75 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1900: 12,400 kr., og árið 1901: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 353,086 kr. 67 a.

			1900.	1901.	alls.
	A.		kr.	kr.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:					
1.	laun embættismanna		18,066 67	18,100	36,166 67
2.	endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.		4,000	4,000	8,000
3.	hin umboðslega endurskoðun:				
	a. laun endurskoðanda	2,500 kr.			
	b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda	500 —			
	c. skrifstofukostnaður	300 —			
	d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar	1,000 —			
			4,300	4,300	8,600
			26,366 67	26,400	52,766 67
	B.				
	Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1.	laun:				
	a. til dómara og sýslumanna		68,100	68,100	
	b. til hreppstjóra		8,000	8,000	
2.	ritfé handa bæarfógetanum í Reykjavík		1,400	1,400	
3.	til hegningarhússins og fangelsanna:				
	a. laun umsjónarmannsins	1900. 1,000 kr.	1901. 1,000 kr.		
	viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 —	200 —		
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —		
	þóknun handa lækni	60 —	60 —		
	b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —		
	3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e.	230 —	230 —		
	þvottur	30 —	30 —		
	til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —		
	útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 —	400 —		
	til þess að útvega verkefni	500 —	500 —		
	ýmisleg útgjöld	150 —	150 —		
		4,415 kr.	4,415 kr.		
	arður af verkum talinn	615 —	615 —		
		3,800 kr.	3,800 —		
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna	1,600 —	300 —		
				5,400	4,100	
			Flyt...	82,900	81,600	52,766 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	82,900	81,600	52,766 67
4. Önnur útgjöld:			
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn ... ... 1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirréttinn ... 50 —			
c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum ..... 50 —			
d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl. 50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál 3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál ... ... 300 —			
g. til að gefa út dómasafn, alt að 15 kr. fyrir hverja örk... ... ... 150 —			
h. útgjöld við sáttamál ... ... 50 —			
	5,250	5,250	
	88,150	86,850	
			175,000
C.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), 43 kr. örkin 2,580 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum 450 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, alt að 40 kr. fyrir örkina ... ... 1,200 —			
	4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar	900	900	
4. styrkur til eflingar búnaði:			
a. til búnaðarskóla:			
1. til skólans í Ólafsdal ... ... 2,500 kr.			
2. til skólans á Hólum ... ... 2,500 —			
3. til skólans á Eiðum ... ... 2,500 —			
4. til skólans á Hvanneyri ... ... 2,500 —			
10,000 kr.			
b. til búnaðarfélaga..... ... ... 20,000 —			
c. til búnaðarfélags Íslands ... ... 8,000 —			
	38,000	38,000	
Flyt...	46,080	46,080	227,766 67

				1900.	1901.	alls.
				kr.	kr.	kr. a.
	Fluttar...			46,080	46,080	227,766 67
	Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að félagið verji af honum alt að 3000 kr. f. á. og 2000 kr. s. á. til að útvega mann frá Danmörku, er hafi fullkomna kunnáttu og góða æfingu í mjólkurmeðferð samkvæmt því, sem gerist á góðum mjólkursamlagsbúum í Danmörku. Maður þessi sé ráðinn til 2 eða 4 ára, til þess að kenna á góðu mjólkurbúi í landinu, helzt á Hvanneyrarskóla, tilbúning osta og smjörs með þeim áhöldum og aðferðum, sem hægt er að koma við á hinum stærri sveitabúum hér á landi, og fari kenslan fram kostnaðarlaust fyrir nemendur.					
5.	Til gróðrartilrauna			3,000	2,000	
	Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands, með því skilyrði, að félagið komi á fót gróðrartilraunastöð í grend við Reykjavík, og ráði mann til að standa fyrir tilraunum og annast þær að öllu leyti.					
6.	Styrkur til útgáfu búnaðarrits 20 kr. fyrir örkina			240	240	
7.	a. Laun handa tveim dýralæknum			2,400	2,400	
	b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400	400	
8.	Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
9.	Til vita:					
	a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa		kr. 300			
	b. til eftirlitsferða		100			
	c. til vitans á Reykjanesi:					
	1. til launa vitamannsins.....	1,200				
	2. fyrir olíu	200				
	3. fyrir lampakveiki o. fl.	150				
	4. fyrir steinkol...	160				
	5. flutningskostnaður...	250				
	6. til viðhalds á húsum og áhöldum	300				
	7. eftirgjald eftir lóðina	30				
	8. til að byggja geymsluhús fyrir olíu og fl. 1900...	300	2,590			
	d. til vita á Skagatá:					
	1. til vitamanns	400				
	Flyt	400	2,990	52,420	51,420	227,766 67

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
	Fluttar	400	2,990	52,420	51,420	227,766 67
2.	fyrir olíu	150			
3.	— lampakveiki o. fl, ...	100			
4.	til viðhalds á húsi og áhöldum	200			
5.	steinkol	100			
6.	flutningskostnaður...	75			
7.	eftirgjald fyrir lóðina	10	1,035		
e.	til vita við Gróttu:				
1.	til vitamanns	400			
2.	fyrir olíu..	125			
3.	— lampakveiki o. fl.	100			
4.	til viðhalds á húsi og áhöldum	160			
5.	steinkol	60			
6.	flutningskostnaður	40	885		
f.	til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð		500		
	þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
g.	til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð, og má þá útvega tvo spegla til þeirra í skiftum fyrir tvo spegla, er áður voru notaðir í Reykjanesvitanum.				
1.	til vitagerðarinnar 1900	2,000			
2.	til vitamanns, hvort árið.....	400			
3.	til að kaupa olíu.....	175			
4.	til annarar neyzluvöru	150			
5.	til viðhalds á húsum og áhöldum	80			
6.	til flutningskostnaðar	50	2,855		
h.	styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga		50		
i.	Styrkur til ljóskers á Skipaskaga ... veitist með því skilyrði, að um tendrun á ljóskerinu fari eftir auglýsingu landshöfðingja 31. maí 1894.		75		
				8,390	6,090	
		Flyt...		60,810	57,510	227,766 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	60,810	57,510	227,766 67
7. Til nýrra þríhyrninga- og strandmælinga á suðvesturhlið Reykjaness fyrir 1900	5,000		
8. Til kostnaðar við eftirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði	1,000	1,000	
	66,810	58,510	125,320
Samtals...	.....	....	353,086 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 195,760 kr. 08 a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
1. Laun	40,190	40,190	80,380
2. Styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sléttuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
Flyt...	40,190	40,190	80,380

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	40,190	40,190	80,380
o. til læknis í Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þorleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	16,000	16,000	32,000
3. Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri...	800	800	1,600
4. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.	150	150	300
5. a. Styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	4,000
b. Styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustöðum strandskipa, eftir reikningi, hvort árið alt að 300 kr.	300	300	600
6. Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
7. Ársútgjöld við holdsveikraspítalann:			
	kr. a.		
a. Laun til starfsmanna.....	4,840		
b. Viðurværi:			
1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag.....	8,322 kr.		
2. handa 17 starfsmönnum...247 kr. 12 a. á ári.....	4,184 kr. 04 a.		
	12,506.04		
c. klæðnaður sjúklinga.....	600		
d. meðöl og sáraumbúnaður.....	1,500		
e. eldsneyti	3,500		
f. ljósmeti	570		
g. viðhald á húsum.....	1,200		
Flyt	24,716.04	60,440	60,440	120,880

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Fluttar...	24,716.04	60,440	60,440	120,880
h. húsbúnaður og ánöld	600			
i. þvottur og ræsting	600			
k. greftrunarkostnaður	250			
l. flutningskostnaður	200			
m. til að skemta sjúklingum	200			
n. hestafóður	300			
o. ýmisleg gjöld.....	500	27,366 04	27,366 04	54,732 08
8. Útgjöld við bólusetningar		500	500	1,000
9. Önnur útgjöld:				
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri	400 —			
c. — — —— á Ísafirði ...	400 —			
d. — — —— á Seyðisfirði	400 —			
e. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa.....	24 —			
f. til náms yfirsetukvenna	2,000 —			
g. til verkfæra handa yfirsetukonum.....	400 —			
h. gjöld samkvæmt 13. gr. í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma 31. jan. 1896	1,000 —	5,824	5,824	11,648
10. Styrkur til að gefa út nýa ljósmóðurfræði 25 kr. fyrir örkina, alt að		500		500
11. Styrkur til útbúnings og áhalda handa sjúkrahúsinu á Seyðisfirði 4000 kr. (fyrra árið).....		4,000		4,000
12. Til sjúkrahúsbyggingar á Patreksfirði annað árið alt að.....		3,000		3,000
Veitist með því skilyrði, að helmingi hærri upphæð verði veitt til fyrirtækisins annarsstaðar frá.				
Samtals.....		101,630 04	94,130 04	195,760 08

12. gr.

Til samgöngumála veitast 479,200 kr.

A.		1900.	1901.	alls.
Til útgjalda við póststjórnina:		kr.	kr.	kr.
1. Laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	8,100 —			
Flyt	11,100 kr.			

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
	Fluttar... 11,100 kr.				
	2. handa tveim póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	2,500 —			
	c. handa bréfhirðingarmönnum	6,000 —			
			19,600	19,600	
2.	póstflutningur.....		40,000	40,000	
3.	til póstvagnferða í viku hverri frá 15. júní til 1. okt. frá Reykjavík austur að Árbæ í Holtum, er flytji póst endurgjaldslaust fyrir póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að		600	600	
	Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.				
4.	önnur útgjöld:	1900. kr. 1901. kr.			
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarins	2,000 2,000			
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu 1% um	200 200			
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	200 200			
	d. fyrir prentun á ýmsu	1,000 1,000			
	e. til áhalda	1,500 1,500			
	f. til bréfaburðar í Reykjavík.....	400 400			
	g. óviss gjöld.....	200 200			
	h. til viðhalds húsi og áhöldum.....	1,500 100			
			7,000	5,600	
5.	til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum		500		
		samtals ..	67,700	65,800	133,500
	B.				
	Til vegabóta:				
1.	til verkfræðings landsins:				
	a. laun	3,000			
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum	500			
	Starfsvið verkfræðingsins skal ákveðið með erindisbréfi, er landshöfðingi semur.	3,500	3,500	3,500	
		Flyt...	3,500	3,500	133,500

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	3,500	3,500	133,500
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að	1,500	1,500	
3. til flutningabrauta.....	25,000	25,000	
4. til þjóðvega	60,000	50,000	
5. til fjallvega	5,000	5,000	
6. styrkur til Ísafjarðarsýslu til að gjöra veg yfir Breiðadalsheiði alt að ..... Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram að minsta kosti jafnmikla upphæð.	2,500		
7. Styrkur til Borgarfjarðarsýslu til að gjöra veg frá Skipaskaga að Blautós alt að..... Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það, sem til vantar til að fullgjöra veginn, að minsta kosti jafnmikla npphæð.	2,400		
	99,900	85,000	184,900
			318,400
C.			
1. Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafélags, 3. og 4. ársborgun af 5 ára styrk, með þeim skilyrðum, að félagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli Íslands á eina hlið og Danmerkur og Stóra-Bretlands á hina, og umhverfis Ísland, samkvæmt ákvæðunum á fjárlögunum fyrir 1898 og 1899	50,000	50,000	
2. Til gufubátaferða: kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að 7,700			
b. á Ísafjarðardjúpi.. 2,500			
	10,200	10,200	
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi eftir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefnda. Af þessari upphæð má verja 200 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem séu að minsta kosti tvær ferðir, milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyar og Holtsvara. Styrkurinn undir staflið a og b greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomustöðum án sérstaks endurgjalds.			
3. Styrkur til að bæta innsigling og skipalægi á Stokkseyri alt að..... Veitist með því skilyrði, að annarsstaðar að fáist að minsta kosti jafnmikil upphæð til fyrirtækisins, og að verkfræðingur telji verkið vel af hendi leyst.	5,000		
Flyt...	65,200	60,200	318,400

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	65,200	60,200	318,400
4. Styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn alt að..... Veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Árnessýslu verji að minsta kosti jafnmikilli upphæð til fyrirtækisins, og að verkið verði að áliti verkfræðings vel af hendi leyst.	400	»	»
	65,600	60,200	125,800
D.			
Til ritsíma milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, alt að ..... Að því tilskildu, að sá, er leyfi fær til að leggja ritsímann í sæ, veiti 300,000 kr. tillag til lagningar á ritsíma yfir land milli þess staðar, er sæsíminn kemur í land á Íslandi og Reykjavíkur; má stjórnin ákveða, að sæsíminn sé lagður á land á Austurlandi. Auk þess er stjórninni heimilt, ef til þess kemur, að verja á fjárhagstímabilinu alt að 75,000 kr. til þess að undirbúa landsímalagninguna og til að útvega efni og áhöld til þess.	.....	35,000	35,000
Samtals...	.....	.....	479,200

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 329,426 kr. » a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	1,700	1,700	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti.	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. bráðabirgðar-uppbót á Meðallandsþingum.....	200	200	
6. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum.....	3,000	3,000	
7. bráðabirgðar-uppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi.....	100	100	
Flyt...	21,800	22,300	

			1900.	1900.	alls.
			kr.	kr.	kr.
	Fluttar...		21,800	22,300	
8.	til að endurreisa 2½ fallin prestmótukúgildi á Laugarbrekku í Nesþingum og sem uppbót til síra Helga Árnasonar fyrir prestsmótumissi..... gegn því, að jörðin Laugarbrekka með hjáleigum Holti og Hóli verði afsöluð landssjóði til eignar.		300		
9.	styrkur til síra Gísla Kjartanssonar fyrir flutning og byggingu staðarhúsa á Felli í Mýrdal ...		600		
10.	endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað		1,000	1,000	
			23,700	23,300	47,000
	B.				
	Kenslumálefni:				
I.	Til prestaskólans:				
a.	laun.....		9,200	9,200	
b.	önnur útgjöld:				
1.	húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1900 og 16 1901, 80 kr. handa hverjum.....	1900. 960 kr.	1901. 1,280 kr.		
2.	námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	800 —	1,000 —		
3.	til tímakenslu.....	100 —	100 —		
4.	til bókakaupa.....	300 —	300 —		
5.	til eldiviðar og ljósa...	150 —	150 —		
6.	til umsjónar.....	100 —	100 —		
7.	ýmisleg útgjöld.....	200 —	200 —		
8.	til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að.....	250 —	250 —		
			2,860	3,380	
			12,060	12,580	24,640
II.	Til læknaskólans:				
a.	laun.....		3,200	3,200	
b.	önnur útgjöld:	1900.	1901.		
1.	námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,200 kr.	1,200 kr.		
	Flyt...	1,200 kr.	1,200 —	3,200	3,200	71,640

		1900.	1901.	1900.	1901.	alls.
				kr.	kr.	kr.
		1900.	1901.			
	Fluttar...	1,200 kr.	1,200 —	3,200	3,200	71,640
2.	eldiviður, ljós og ræsting	200 —	200 —			
3.	til bókakaupa og verkfæra	500 —	500 —			
4.	ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —	300 —			
5.	húsaleiga handa 16 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum.....	1,280 —	1,280 —			
6.	þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði	100 —	100 —			
7.	til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að.....	200 —	200 —			
8	ýmisleg útgjöld ...,.....	100 —	100 —			
				3,880	3,880	
				7,080	7,080	14,160
III.	Til hins lærða skóla:					
	a. laun.....			19,200	19,200	
	b. aðstoðarfé:					
	handa söngkennaranum		600 kr.			
	— fimleikakennaranum.....		700 —			
	— dyraverði		1,000 —			
	til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —	2,500	2,500	
	c. önnur útgjöld:	1900.	1901.			
	1. til bókasafns skólans	720 kr.	720 kr.			
	2. til eldiviðar og ljósa	1,200 —	1,200 —			
	3. til skólahússins utan og innan.....	3,200 —	1,400 —			
	4. til tímakenslu og prófdómenda ..... Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að latneskur stíll sé eigi heimtaður við inntöku í neðsta bekk skólans.	1,800 —	1,800 —			
	5. uppbót til Bjarna					
	Fluttar:	6,920 kr.	5,120 kr.	21,700	21,700	85,800

		1900.	1901.	1900.	1901.	alls.
				kr.	kr.	kr.
		1900.	1901.			
	Fluttar:	6,920 kr.	5,120 kr.	21,700	21,700	85,800
	tímakennara Jónssonar auk venjulegrar tímakensluborgunar	500 —	500 —			
6.	námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið	5,000 —	5,000 —			
7.	húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
8.	þóknun handa lækni	100 —	100 —			
9.	ýmisleg útgjöld.....	800 —	800 —			
10.	fyrir prestsverk	48 —	48 —			
11.	til vísindalegra áhalda við kenslu:					
	a. í náttúrusögu.....	200 —	200 —			
	b. í eðlisfræði.....	400 —	400 —			
12.	til þess að gefa út kenslubækur handa lærða skólanum, 25 kr. fyrir örkina	600 —	600 —			
13.	til áhalda við leikfimiskenslu	200 —	200 —			
				15,488	13,688	
				37,188	35,388	72,576
IV.	Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
	a. laun			6,600	6,600	
	b. önnur útgjöld:	1900.	1901.			
1.	til bóka- og áhaldakaupa við kensluna..	400 kr.	400 kr.			
2.	til eldiviðar og ljósa.	500 —	500 —			
3.	til skólahússins utan og innan	200 —	200 —			
4.	ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5.	til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —			
				2,000	2,000	
				8,600	8,600	
						17,200
			Flyt...	.....	.....	175,576

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	.....	.....	175,576
V.	Til stýrimannaskólans:				
	a. laun		3,000	3,000	
	b. önnur útgjöld:				
	1. til tímakenslu	1,200 kr. 1,200 kr.			
	2. til áhaldakaupa o. fl.	800 — 200 —			
	3. til eldiviðar og ljósa	500 — 500 —			
	4. ýmisleg útgjöld	500 — 400 —			
			3,000	2,300	
			6,000	5,300	11,300
VI.	Til annarar kenslu:				
	a. til kvennaskóla:				
	1. til kvennaskólans í Reykjavík...	2,500 kr.			
	þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.				
	2. til kvennaskóla Húnvetninga ...	2,200 —			
	3. til kvennaskóla Eyfirðinga	2,200 —			
			6,900	6,900	
	b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemandafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.		5,500	5,500	
	2. til sveitakennara, alt að 80 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna.		5,500	5,500	
	c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...		2,500	2,500	
	d. til kennarafræðslu		2,800	2,800	
	e. námsstyrkur handa kennaraefnum, 50 krónur handa hverjum, alt að 500 kr. hvort árið....		500	500	
	f. til skólaiðnaðar-kenslu		500	500	
	g. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....		1,000	1,000	
	h. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur		300	300	
	i. til kenslu heyrnar- og málleysingja		5,000	5,000	
		Flyt...	30,500	30,500	186,876

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar:	30,500	30,500	186,876
j. til síra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kensla heyrnar- og málleysingja	150	150	
	30,650	30,650	61,300
VII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík	200	200	
Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kenslu.			
b. til sundkenslu annarsstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	600	600	
	1,800	1,800	3,600
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmenta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,500	1,500	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900	900	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	3,400	3,400	
d. til eldiviðar og áhalda, m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins 500 kr.			
b. til amtsbókasafns Austuramtsins 400 —			
c. til amtsbókasafns Vesturamtsins 400 —	1,300	1,300	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. til landsskjalasafnsins:			
a. laun skjalavarðar	1,200	1,200	
b. til að koma safninu fyrir og til viðhalds	500	200	
Flyt:	9,550	9,250	251,776

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	9,550	9,250	251,776
4. til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
5. til Þjóðvinafélagsins	750	750	
6. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 400 —			
c. til húsnæðis og hita..... 2000 —			
d. til að flytja safnið og koma því fyrir alt að .... 800 —			
	4,200	3,400	
7. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
8. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að sams konar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið.....	800	800	
9. a. til fornleifafélagsins: Útborgast því að eins, að árbók fornleifafélagsins komi út hvort árið ..... 300 kr.			
b. styrkur til að gefa út myndir af þjóðgripum, er skýra sögu vora og siða... 500 —	800	800	
10. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna ...	300	300	
11. styrkur til að gefa út bækling um Ísland með myndum og kortum vegna Parísarsýningarinnar...	1,000		
12. til náttúrufræðisfélagsins	500	500	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 100 kr. á ári.			
Flyt...	20,700	18,600	251,776

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	20,700	18,600	251,776
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.			
13. til rannsókna á byggingarefnum landsins og leiðbeininga í húsagerð	5,000	5,000	
14. styrkur til tveggja manna til nema dýralækningar 600 kr. til hvors	1,200	1,200	
15. styrkur til Guðjóns Guðmundssonar til landbúnaðarnáms við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn	500	500	
16. styrkur til cand. mag. Boga Melsteds til þess að semja sögu Íslands	600	600	
17. styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að halda áfram að rannsaka og rita um sögu Íslands	600	600	
18. til séra Matthíasar Jochumssonar, er hann hefir fengið lausn frá prestsembætti samkvæmt ósk	2,000	2,000	
19. til séra Valdimars Briem, skáldlaun	600	600	
20. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
21. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	1,000	1,000	
22. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300	300	
23. til skólakennara Geirs Zoega til að semja íslenzk-enska orða orðabók	500	500	
24. til cand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
25. styrkur til cand. mag. Helga Jónssonar til jurtafræðisrannsókna á Íslandi	1,000	1,000	
26. til kapteins í sjóliðinu Ryders til tilrauna við skógarrækt hér á landi	1,000	1,000	
27. styrkur til Stefáns kennara Stefánssonar til að rannsaka fóður- og beitijurtir	1,000	1,000	
28. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	1,000		
29. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-iðprótt	1,000		
30. til snikkara Jóns Sveinssonar í Reykjavík fyrir byggingaruppdrátt til stýrimannarkólans	350		
31. til Leikfélags Reykjavíkur	500	500	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti jafnmikla upphæð.			
Flyt...	40,150	35,700	251,776

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	40,150	35,700	251,776
32. til cand. theol. Haralds Níelssonar, styrkur til utanfarar til að stunda hebreska tungu og skýringar gamla testamentisins	600		
33. til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	600	600	
	41,350	36,300	77,650
Samtals ..	.....	.....	329,426

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 90,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eftirlaun hans, til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr., til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Hólm 200 kr.; til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr.; til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

Stjórninni er heimilt að veita kennara við lærða skólann, Dr. phil. Þorv. Thoroddsen, lausn frá embætti með eftirlaunum, enda þótt hin almennu skilyrði fyrir þeirri lausn séu eigi fyrir hendi, og skulu eftirlaunin vera 2000 kr. á ári; þó hætti eftirlaun hans, ef hann á ný fær launað embætti í hinu danska ríki.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 122,172 kr. 75 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita alt að 30,000 kr. lán hvort árið til þilskipakaupa frá útlöndum, er veitast einkum þeim mönnum eða félögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, alt að helmingi vátryggðs verðs, enda sé það í áreiðanlegri vátryggingu og í fyrsta eða öðrum flokki. Eigi má lána meira en 4,000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 20,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum á Íslandi. Búnaðarskólinn á Hvanneyri situr fyrir alt að 5000 kr. af nefndu láni. Að öðru leyti skal haga skiftingu lánsins svo, að allir fjórðungar landsins eigi kost á lántöku til eins eða tveggja mjólkurbúa. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands, og gegn ábyrgð sýslufélaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, sé afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist síðan á 20 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til sveitarfélaga, þó ekki yfir 2000 kr. til hvers. Lán þessi ávaxtast með 3% árlega og sé afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en borgist síðan á 15 árum. Lánum þessum sé ennfremur settir þessir skilmálar:

1. Lánsféð veitist samkvæmt beiðni frá sveitarstjórn til landshöfðingja og eingöngu til jarðabóta, er sé sams konar og þær, sem styrktar eru af landssjóði.
2. Þeir, sem lánin taka fyrir milligöngu sveitarfélaga, verji hver um sig til jarðabóta fyrstu 5 árin, sem lánið stendur, auk lánsupphæðarinnar, $\frac{1}{3}$ á móti henni. Dagsverk við jarðabætur þessar skal metið 2 kr.
3. Jarðabæturnar sé samkvæmt vottorði skynbærra manna, er sýslunefnd kveður til að skoða þær, hyggilega stofnaðar og vel unnar.
4. Landshöfðingja sé, eftir nánari fyrirmælum hans, send þau skírteini, er hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að framannefndum skilmálum sé fullnægt.
5. Sé einhverjum af skilmálum þessum ekki fullnægt, er lánið þegar að sama skapi fallið í gjalddaga.
6. Lánbeiðslur sveitarstjórna sé komnar til landshöfðingja fyrir 14. dag maímán. 1900, og veitist eigi neitt af lánum fyr en þann dag.
7. Lán til einstakra manna séu aldrei lægri en 250 kr. til hvers.

Úr viðlagasjóði má veita alt að 90,000 kr. lán til Reykjavíkurkaupstaðar til hafskipabryggjugerðar. Lánið ávaxtist með $3\frac{1}{2}$% og endurborgist á 25 árum.

Úr viðlagasjóði má veita alt að 5000 kr. lán til að koma á múrsteins- og þakhellugerð.

Öll þessi lán veitist þó því að eins, að fé sé fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera.

Nd. 312. **Frumvarp**

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir 1896 og 1897 (eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.)

	Fjárveiting.		Reikningur.	
I. Tekjur:	kr.	a.	kr.	a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafé	84,000	»	98,439	05
2. Húsaskattur	9,000	»	11,288	09
3. Tekjuskattur	26,000	»	28,276	75
4. Aukatekjur	40,000	»	66,737	37
5. Erfðafjárskattur	4,000	»	5,687	12
6. Vitagjald	15,000	»	18,466	00
7. Gjöld fyrir leyfisbréf	4,000	»	6,073	82
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	»	109,320	86
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	220,000	»	293,044	62

10.	Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	130,000 »	155,252 41
11.	Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun.....	280,000 »	366,283 12
12.	Tekjur af póstferðum	50,000 »	70,272 96
13.	Óvissar tekjur	4,000 »	17,258 80
14.	Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	50,000 »	53,124 49
15.	Tekjur af kirkjum	600 »	826 94
16.	Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000 »	3,548 94
17.	Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs... ... ... Borgað upp í lán, veiting: 44,864 kr. 79 a., reikningur: 117,188 kr. 38 a.	68,000 »	72,651 75
18.	Leigur af láni landssjóðs til landsbankans...	10,000 »	12,049 87
19.	Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880... ...	4,000 »	9,759 64
20.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200 »	2,139 57
21.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum...	4,000 »	4,353 85
22.	Tillag úr ríkissjóði	135,000 »	135,000 »
	alls	1210,800 »	1539,856 02

II. Gjöld.

1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi...	26,800 »	26,800 »
2.	Til alþingis og kostnaður við yfirskoðun landsreikninganna ...	39,600 »	41,291 81
3.	Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn m. fl.:		
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	50,816 66	49,544 76
	B. Dómgæzla og lögreglustjórn	168,800 »	172,146 83
	C. Ýmisleg útgjöld	107,458 »	106,308 21
4.	Til útgjalda við læknaskipunina	124,964 »	114,764 16
5.	Til samgöngumála:		
	A. Til útgjalda við póststjórnina	107,000 »	113,699 53
	B. Til vegabóta	151,000 »	169,969 77
	C. Til strandferða	73,000 »	39,007 63
6.	Til kirkju og kenslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stéttarinnar	46,100 »	44,633 28
	B. Til kenslumálefna	186,386 »	168,962 99
	C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmenta ...	42,125 »	38,484 85
7.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200 »	10,042 62
8.	Eftirlaun og styrktarfé	80,400 »	87,483 12
9.	Til óvissra útgjalda	3,000 »	2,071 35
10.	Fjáraukaveitingar og útborganir samkvæmt nýum lögum ...	. . .	216,152 34
11.	Tekjuafgangur	. . .	138,492 77
	alls	1212,649 66	1539,856 02

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1897	1042,609 kr.	94 au.
Tekjueftirstöðvar landssjóðs 31. desember 1897	14,901 —	88 —
Peningaforði landssjóðs 31. desember 1897	500,443 —	20 —
Í landsbankanum á hlaupareikningi	120,000 —	» —

Nd. 313. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897.. Eins og það var samþykt við 2. umr. í neðri deild.

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897, veitast 21,842 kr. 92 au. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—5. gr. hér á eftir.

2. gr. Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 10. gr. C. fjárlaganna til ýmislegra útgjalda, veitast:

Við liðinn 9, f. Til viðhalds á húsum og áhöldum vitans á Reykjanesi 1896 . . . 423 kr. 61 au.

Við liðinn 10. a. Til að byggja vita á Skagatá og Gróttu 1897 . . . . . 1448 kr. 31 au.

3. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Undir A. Til útgjalda við póststjórnina.

Við liðinn 1. c. Handa bréfhirðingamönnum.

1896	kr.	147 00
1897	—	107 00
Við liðinn 2. Póstflutningur:		
1896	—	988 59
1897	—	5543 12
Við liðinn 3. Önnur útgjöld:		
Við d. fyrir prentun á ýmsu 1896 og 1897	—	198 06
Við e. til áhalda 1896 og 1897	—	338 48
Undir B. Til vegabóta:		
b. til flutningabrauta 1896 og 1897	—	3550 42
c. til þjóðvega 1896 og 1897	—	2548 42
d. til fjallvega	—	61 20
Alls kr.		15,489 29

4. gr. Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum 13. gr B. 1. b. til annara útgjalda við prestaskólann, veitast:

Við liðinn 7. Ýmisleg útgjöld 1897 ... ... kr. 280 52

5. gr. Sem viðbót við fjárgreiðslur samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum, sbr. lög 2. október 1895, veitast:

Til brúargerðar á Blöndu 1897 ... ... kr. 4201 19

Nd. 314. **Frumvarp**

til laga um undirbúning og stofnun klæðaverksmiðju á Íslandi (eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stjórninni veitist heimild til að verja alt að 5000 kr. úr landssjóði til þess að undirbúa stofnun klæðaverksmiðju á Íslandi og láta gjöra nauðsynlegar rannsóknir og áætlanir um alt, er lýtur að kostnaði við stofnun og aðra tilhögun á slíkri verksmiðju, svo og um árlegan tilkostnað og væntanlegan arð af þessu fyrirtæki.

2. gr.

Stjórninni veitist enn fremur heimild til að styðja að því, ef það virðist heillavænlegt, að stofnað verði á Íslandi hlutafélag til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, og getur stjórnin fyrir landssjóðsins hönd keypt alt að helmingi hlutabréfa í félaginu, og má til þess verja alt að 75,000 krónum úr landssjóði, en þá skal hlutafélagið háð því eftirliti af hálfu landstjórnarinnar, er hún nánar ákveður með reglugjörð, er ráðgjafinn fyrir Ísland semur, og birta skal í A-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Reglugjörð sú, er um er getið í 2. gr. þessara laga, skal, auk annars, er stjórnin kann að telja nauðsynlegt, innihalda þau ákvæði:

1. Að lög hlutafélagsins því að eins geti orðið gild, að þau séu staðfest af landshöfðingjanum yfir Íslandi.
2. Að landshöfðinginn yfir Íslandi skipi yfirmann verksmiðjunnar.
3. Að stjórnin geti skipað eftirlitsmann af sinni hálfu við bygging verksmiðjunnar og ennfremur mann, er hafi framvegis eftirlit með rekstri verksmiðjunnar, og skuli ágreiningur milli umboðsmanns stjórnarinnar og hlutafélagsins eða stjórnarnefndar þess borinn undir endilegan úrskurð landshöfðingjans.
4. Að allir reikningar verksmiðjunnar, bæði fyrir stofnunarkostnaði og árlegum tekjum og gjöldum, liggi undir fullnaðarúrskurð landshöfðingja. Skulu reikningarnir endurskoðaðir af 2 mönnum og kýs landshöfðingi annan þeirra en hluthafar hinn. Gefa skal aðal-ársfundi hluthafa tækifæri til að láta uppi álit sitt um reikningana og um tillögur endurskoðunarmanna, áður en lagður er fullnaðarúrskurður á reikningana.
5. Að landshöfðingi skipi formann stjórnarnefndarinnar og ennfremur svo marga af meðlimum stjórnarnefndarinnar, er samsvarar eign landssjóðs í hlutaupphæð félagsins.

4. gr.

Stjórnin annast um, að samin sé í einu lagi skýrsla um rannsóknir þær og áætlanir, er nefndar eru í 1. gr., og skal hún prentuð bæði á dönsku og íslenzku og henni útbýtt á Íslandi og í Danmörku.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi sama dag sem þau staðfest.

Ed. 315. **Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um útflutningsgjald á hvalafurðum.

Frá nefndinni.

1. Í 1. lið 1. gr. í stað »kr. 1,00« komi »50 aurar«.
2. 2. liður 1. gr. falli niður.
3. Í 4. lið 1. gr. í stað »kr. 0,25« komi »10 aurar«.
4. 5. liður 1. gr. falli niður.
5. Í 6. lið 1. gr. í stað »kr. 0,15« komi »10 aurar«.
6. Úr 3. gr. falli niður orðin: »svo og 3. tölul.« til enda greinarinnar.

Nd. **316. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á 3. gr. í reglugjörð fyrir fátækra málefna lögun og stjórn fyrst um sinn á Íslandi 8. jan. 1834 (þingskj. 124).

Til nefndar þeirrar, er hin háttvirta neðri deild kaus til þess, að íhuga fátækralöggjöf landsins, var síðar vísað ofannefndu frumvarpi. Vér höfum rætt og yfirvegað frumvarp þetta á fundum nefndarinnar, en ekki getað fundið, að í því felist sú réttarbót, að fyrir hana væri vert að breyta þessu eina ákvæði fátækrareglugjörðarinnar.

Að vísu játar nefndin, að það muni geta komið fyrir, að sveitarstjórnir óski, að geta áfrýað úrskurði sýslumanna til æðri úrskurðarvalda, og það þótt tveimur sýslumönnum hafi komið saman um úrskurðinn; en bæði er það, að ekki virðist mikil þjóðarheill standa af því, að þeim málum fjölgi, sem látin eru ganga alla leið til amtmanna eða landshöfðingja, þar sem það veldur ávalt skaðlegum drætti á hinum endilegu úrslitum málanna, og eyðir tíma og fé þeirra, sem um málin fjalla, og svo virðist svo, sem það ætti tæpast að geta átt sér stað, að úrskurður, sem tveir sýslumenn eru samdóma um — sem hvor um sig vill að sjálfsögðu halda fram rétti síns héraðs — væri eigi réttur. Það má fremur telja það sem sjálfsagt, að yfirvald þess héraðs, sem fyrir byrðinni verður, samþykki því að eins úrskurðinn, að ekki sé sjáanlegur vegur til undankomu. Jafnvel hinn minsti efi um réttmæti úrskurðarins ætti að vera hverju yfirvaldi nægur til þess, að samþykkja ekki úrskurð annars yfirvalds, heldur vísa þeim vanda af sér, með því að gefa hlutaðeigandi sveitarstjórn tækifæri til þess að áfrýa úrskurðinum til æðri yfirvalda.

Af þessum ástæðum, en þó einkum þeirri, að nefndin verður að álíta það óheppilegt, að breyta gömlum lögum, sem öllum eru orðin kunn, nema í verulegum atriðum og til auðsærra bóta, ræður nefndin hinni háttvirtu neðri deild til þess, að fella frumvarpið.

Neðri deild alþingis 7. ágúst 1899.

Sighv. Árnason, form. og framsögum.	Guðjón Guðlaugsson, skrifari.
Þórður Guðmundsson.	Björn Sigfússon. Jón Jensson.

Nd. **317. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá Birni Sigfússyni, Pétri Jónssyni, Sighvati Árnasyni, Einari Jónssyni, Þórði Guðmundssyni, Guðl. Guðmundssyni.

Við 12. gr. B. 4. Aftan við liðinn bætist:

Þar af til vegagjörðar austan megin Hrútafjarðar (frá Hrútafjarðará að Þóroddstöðum) alt að . . 10 þús. kr.

Nd. 318. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá Guðl. Guðmundssyni, Birni Sigfússyni, Valtý Guðmundssyni, Halldóri Daníelssyni, Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk., Þórði Guðmundssyni.

Við 12. gr. B. 4.

A eftir liðnum bætist inn athugasemd:

Þar af 5000 kr. til að bæta póstleiðina frá Vík í Mýrdal að Steigarhálsi með því skilyrði, að sýsluvegasjóður leggi að minsta kosti 1000 kr. til verksins.

Ed. 319. **Frumvarp**

til laga um breyting og viðauka við tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872 (eins og það var samþykt við 3. umr. í nd.).

1. gr. Stjórn fátækramála kaupstaðarins skal bæjarstjórnin hafa á hendi. Enginn má gjörast húsmaður eða þurrabúðamaður nema hann til þess fái leyfi hjá bæjarstjórninni; synji bæjarstjórnin um leyfið, skal hún skyld að tjá hlutaðeiganda það bréflega með ástæðum fyrir synjuninni, og er honum þá heimilt að skjóta máli sínu til landshöfðingja, sem sker úr, hvort synjunin sé gild eða ekki.. Bæjarstjórnin getur falið sérstakri fátækranefnd framkvæmd allra þeirra mála, sem ræðir um í þessari grein, og má einnig í samþykt bæjarstjórnarinnar ákveða, að hin sérstaka umsjón með fátækum og fátækrastofnunum skuli falin á hendur fátækrastjórum, sem ekki eru í bæjarstjórninni, og eru þeir skyldir að takast þennan starfa á hendur kauplaust. Sóknarpresturinn skal taka þátt í umræðunum um þau mál, er snerta uppeldi og kenslu fátækra barna og hafa atkvæði í þeim. Fallist bæjarstjórnin ekki á álit hans um það, hvar koma eiga þessum börnum fyrir, má hann skjóta þeirri ályktun til landshöfðingja.

2. gr. Stjórn á tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, svo og allra hafnarmála, skal bæjarstjórnin hafa á hendi; fer með reikningshald, endurskoðun og úrskurð reiknings hafnarsjóðs á sama hátt sem ársreikning kaupstaðarins. Hafnarnefndin hefir á hendi umsjón og framkvæmd hafnarmála og eru í henni bæjarfógeti og tveir menn aðrir, er bæjarstjórnin kýs, annan að minsta kosti úr sínum flokki.

3. gr. Stjórn byggingarmála kaupstaðarins skal bæjarstjórnin hafa á hendi og falla burtu afskifti amtmanns af þeim. Byggingarnefndin hefir á hendi umsjón og framkvæmd byggingarmála. Í henni hafa sæti bæjarfógeti, forstjóri brunamálanna og fjórir menn, er bæjarstjórnin kýs; skulu tveir þeirra vera úr flokki bæjarfulltrúanna. Þá er bæjarstjórn og lóðareiganda greinir á í byggingarmálum, eða byggingarnefnd og lóðareiganda í þeim byggingarmálum, sem bæjarstjórn hefir í samþykt sinni fengið byggingarnefnd í hendur til fullnaðarúrslita fyrir sína hönd, getur lóðareigandi leitað úrskurðar landshöfðingja.

4. gr. Stjórn heilbrigðismála og þrifnaðarmála kaupstaðarins skal bæjarstjórnin hafa á hendi. Til þess að hafa umsjón og framkvæmd þessara mála skal sett sérstök nefnd og hafa sæti í henni bæjarfógeti, héraðslæknir og einn bæjarfulltrúi, sem bæjarstjórnin kýs.

5. gr. Í samþykt bæjarstjórnarinnar skulu tilteknar nákvæmari reglur fyrir

störfum og verksviði allra framangreindra nefnda. Nefndarmenn skulu skyldir til að vinna starf sitt kauplaust í 6 ár.

6. gr. Með lögum þessum eru numdar úr gildi 13. gr., 15. gr. og 16. gr. í tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, svo og ákvæði þau í tilskipun um lausamenn og húsmenn 26. maí 1863, í reglugjörð fyrir hafnarnefndina í Reykjavík 15. maí 1856 og í opnu bréfi um stofnun byggingarnefndar í Reykjavík 29. maí 1839, sem koma í bága við lög þessi.

Ed. 320. **Frumvarp**
til laga um undirbúning og stofnun klæðaverksmiðju á Íslandi (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Stjórninni veitist heimild til að verja alt að 5000 kr. úr landssjóði til þess að undirbúa stofnun klæðaverksmiðju á Íslandi og láta gjöra nauðsynlegar rannsóknir og áætlanir um alt, er lýtur að kostnaði við stofnun og aðra tilhögun á slíkri verksmiðju, svo og um árlegan tilkostnað og væntanlegan arð af þessu fyrirtæki.

2. gr.

Stjórninni veitist enn fremur heimild til að styðja að því, ef það virðist heillavænlegt, að stofnað verði á Íslandi hlutafélag til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, og getur stjórnin fyrir landssjóðsins hönd keypt alt að helmingi hlutabréfa í félaginu, og má til þess verja alt að 75,000 krónum úr landssjóði, en þá skal hlutafélagið háð því eftirliti af hálfu landstjórnarinnar, er hún nánar ákveður með reglugjörð, er ráðgjafinn fyrir Ísland semur, og birta skal í A-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Reglugjörð sú, er um er getið í 2. gr. þessara laga, skal, auk annars, er stjórnin kann að telja nauðsynlegt, innihalda þau ákvæði:

1. Að lög hlutafélagsins því að eins geti orðið gild, að þau séu staðfest af landshöfðingjanum yfir Íslandi.
2. Að landshöfðinginn yfir Íslandi skipi yfirmann verksmiðjunnar.
3. Að stjórnin geti skipað eftirlitsmann af sinni hálfu við bygging verksmiðjunnar og ennfremur mann, er hafi framvegis eftirlit með rekstri verksmiðjunnar, og skuli ágreiningur milli umboðsmanns stjórnarinnar og hlutafélagsins eða stjórnarnefndar þess borinn undir endilegan úrskurð landshöfðingjans.
4. Að allir reikningar verksmiðjunnar, bæði fyrir stofnunarkostnaði og árlegum tekjum og gjöldum, liggi undir fullnaðarúrskurð landshöfðingja. Skulu reikningarnir endurskoðaðir af 2 mönnum og kýs landshöfðingi annan þeirra, en hluthafar hinn. Gefa skal aðal-ársfundi hluthafa tækifæri til að láta uppi álit sitt um reikningana og um tillögur endurskoðunarmanna, áður en lagður er fullnaðarúrskurður á reikningana.
5. Að landshöfðingi skipi formann stjórnarnefndarinnar og ennfremur svo marga af meðlimum stjórnarnefndarinnar, er samsvarar eign landssjóðs í hlutaupphæð félagsins.

4. gr.

Stjórnin annast um, að samin sé í einu lagi skýrsla um rannsóknir

þær og áætlanir, er nefndar eru í 1. gr., og skal hún prentuð bæði á dönsku og íslenzku og henni útbýtt á Íslandi og í Danmörku.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi sama dag sem þau staðfest.

Nd. 321. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

Frá landshöfðingja.

Við 11. gr. 7 a. Fyrir »4840 kr.« komi: 4940 kr.

Nd. 322. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá Tryggva Gunnarssyni, Jóni Jónssyni, þm. A.-Skaftf., Jóni Þórarinssyni, Þórði Guðmundssyni, Þorláki Guðmundssyni, Sighvati Arnasyni.

12. gr. D. Athugasemdin orðist þannig:

Stjórnin má ákveða, að sæsíminn sé lagður á land á Austfjörðum, að því tilskildu, að sá er leyfið fær til að leggja hann, greiði 300,000 krónur til landsímalagningar milli þess staðar, sem sæsíminn kemur á land á Íslandi, og Reykjavíkur, og leggur þá landssjóður til þess alt að 60,000 kr.

Nd. 323. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Flutningsm.: Jón Jónsson, þm. Eyf., Sk. Thoroddsen, Jón Jensson, Guðl. Guðmundsson, Pétur Jónsson, Björn Sigfússon.

Við 13. gr. C. 19. Liðurinn falli burtu.

Sþ. 324. **Skýrsla**

um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« á tímabilinu frá 27. júlí 1897 til 27. júlí 1899.

Tekjur.

1.	Eign sjóðsins eftir skýrslu dagsettri 27. júlí 1897:		
	a. innritunarskírteini Ltra A. fol. 92	kr. 8,400,00	
	b. veðskuldabréf	— 3,100,00	
	c. í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . .	— 444,54	
			kr. 11,944,54
2	Tekjur á ofannefndu tímabili:		
	a. ársvextir af innritunarskírteini til 11/6 '98 . .	kr. 294,00	

b. ársvextir af sama til 11/6 '99	—	294,00	
c. ársvextir af veðskuldabréfum til 11/6 '98 . .	—	124,00	
d. ársvextir af sömu til 11/6 '99	—	124,00	
e. ársvextir af fé í landsbankanum til 31/12 '97 .	—	14,76	
f. ársvextir af sama til 31/12 '98	—	24,74	kr. 875,50
		Samtals	kr. 12,820,04

Útgjöld.

Eign sjóðsins 27. júlí 1899:		
a. innritunarskírteini Ltra A. fol. 92	kr. 8,400,00	
b. veðskuldabréf	— 3,100,00	
c. í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . .	— 1,320,04	kr. 12,820,04

Reykjavík 27. júlí 1899.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Sþ. 325. **Skýrsla**
til alþingis 1899 frá nefndinni um verðlaun af »Gjöf Jóns Sigurðssonar«.

Við undirskrifaðir, ásamt rektor Dr. B. M. Ólsen, sem nú er fjarverandi, vorum á alþingi 1897 kosnir í nefnd, samkvæmt 3. gr. í reglum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« 24. ág. 1881; nefndin gaf svo samkvæmt erindisbréfi sínu út auglýsingu, er birt var í Ísafold, þar sem þeim, er óskuðu eftir að vinna verðlaun af téðum sjóði, var boðið að senda til vor fyrir lok febrúarmánaðar 1899 rit þau, er þeir óskuðu verðlauna fyrir; en innan hins ákveðna tíma barst nefndinni engin slík ritgjörð og hefir heldur eigi borist síðan.

Þá höfum við tekið til íhugunar, hvort nota skyldi heimild þá, er nefndin hefir, þegar þannig stendur á, samkvæmt niðurlagi 3. greinar í erindisbréfinu, til að veita óbeðið verðlaun af þessum sjóði fyrir einhverja prentaða ritgjörð, er út hefir komið síðan alþingi var haldið 1897, en eigi hefir okkur þótt næg ástæða til þess.

Reykjavík 5. ágúst 1899.

Eiríkur Briem. Stgr. Thorsteinsson.

Til
alþingis 1899.

Nd. 326. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá Skúla Thoroddsen, Guðl. Guðmundssyni, Eiríki Gíslasyni, Jens Pálssyni, Þorláki Guðmundssyni, Þórði J. Thoroddsen.

Töluliðurinn 13. gr. C. 25 falli burtu.

Nd. 327. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 2. umr.).

Frá Þórði J. Thoroddsen, Jóni Jenssyni, Birni Sigfússyni, Sighv. Árnasyni, Sk. Thoroddsen, Jóni Þórarinssyni.

Við 13. gr. C. 16. Liðurinn falli burtu.

Nd. 328. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1898 og 1899, sbr. lög nr. 2, 4. febrúar 1898, 1. gr., veitist 22,971 kr. 50 aurar til útgjalda þeirra, er getið er um í 2.—4. gr. hér á eftir.

2. gr. Sem viðbót við fé það, er talið er í fjárlögunum 10. gr. C. 7., staflið d. nr. 5 til að byggja íbúðarhús handa vitamanni við Skagatáarvitann, veitast 700 kr.

3. gr. Sem viðbót við fé það, sem talið er í fjárlögunum 12. gr. B til vegabóta veitast:

1)	við 4. lið til flutningabrauta	kr. 10,000 00
2)	við 5. lið til þjóðvega	— 271 50
3)	styrkur til vegagerðar frá Hólum að Höfn í Austur-Skaftafellssýslu	— 5,000 00
	Veitist með því skilyrði, að sýslubúar kosti að fullu það er til skortir, að þessi upphæð nægi til að fullgera veginn, og að sýslufélagið taki að sér alt viðhald hans framvegis.	
	Alls kr.	15,271 50

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stéttarinnar í 13. gr. A. b. önnur útgjöld) veitast 200 kr. til að varna skemdum af Höfðaá á engjum og túni prestsetursins Höfða í Skagafirði, með því að gjöra steinlímdan fyrirstöðugarð.

5. gr. Sem viðbót við fé það, sem talið er í 1. gr. laga 4. febrúar 1898 um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, sbr. 8. lið í 21. gr. fjárlaganna 1898 og 1899, veitast 6,800 kr.

Nd. 329. **Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um strandferðir. Frá Skúla Thoroddsen.

Aftan við tillöguna á þingskjali 308 bætist:

Ennfremur er landsstjórninni falið, að fara þess á leit við stjórn hins »sameinaða gufuskipafélags«, að strandferðabátur sá, er fer vestur og norður um land, komi jafnan, ef veður leyfir, í báðum leiðum við í Bolungarvík í Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu, í Skálavík ytri í sama hreppi, og á Aðalvík í Sléttuhreppi í sömu sýslu.

Ed. 330. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897.. Eins og það var samþykt við 3. umr. í neðri deild.

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897, veitast 21,842 kr. 92 au. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—5. gr. hér á eftir.

2. gr. Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 10. gr. C. fjárlaganna til ýmislegra útgjalda, veitast:

Við liðinn 9, f. Til viðhalds á húsum og áhöldum vitans á Reykjanesi 1896 . . . 423 kr. 61 au.

Við liðinn 10. a. Til að byggja vita á Skagatá og Gróttu 1897 . . . . . 1448 kr. 31 au.

3. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Undir A. Til útgjalda við póststjórnina.

Við liðinn 1. c. Handa bréfhirðingamönnum.

1896	kr.	147 00
1897	—	107 00

Við liðinn 2. Póstflutningur:

1896	—	985 59
1897	—	5543 12

Við liðinn 3. Önnur útgjöld:

Við d. fyrir prentun á ýmsu 1896 og 1897	—	208 06
Við e. til áhalda 1896 og 1897	—	338 48

Undir B. Til vegabóta:

b. til flutningabrauta 1896 og 1897	—	5550 42
c. til þjóðvega 1896 og 1897	—	2548 42
d. til fjallvega	—	61 20
Alls	kr.	15,489 29

4. gr. Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum 13. gr B. 1. b. til annara útgjalda við prestaskólann, veitast:

Við liðinn 7. Ýmisleg útgjöld 1897 ... ... kr. 280 52

5. gr. Sem viðbót við fjárgreiðslur samkvæmt fjáraukalögum og nýum lögum, sbr. lög 2. október 1895, veitast:

Til brúargerðar á Blöndu 1897 ... ... kr. 4201 19

Ed. 331. **Frumvarp**

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir 1896 og 1897 (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
I. Tekjur:		
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafé	84,000 »	98,439 05
2. Húsaskattur	9,000 »	11,288 09

3.	Tekjuskattur	26,000	»	28,276 75
4.	Aukatekjur	40,000	»	66,737 37
5.	Erfðafjárskattur	4,000	»	5,687 12
6.	Vitagjald	15,000	»	18,466 00
7.	Gjöld fyrir leyfisbréf	4,000	»	6,073 82
8.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	»	109,320 86
9.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	220,000	»	293,044 62
10.	Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	130,000	»	155,252 41
11.	Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	280,000	»	366,283 12
12.	Tekjur af póstferðum	50,000	»	70,272 96
13.	Óvissar tekjur	4,000	»	17,258 80
14.	Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	50,000	»	53,124 49
15.	Tekjur af kirkjum	600	»	826 94
16.	Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	»	3,548 94
17.	Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs Borgað upp í lán, veiting: 44,864 kr. 79 a., reikningur: 117,188 kr. 38 a.	68,000	»	72,651 75
18.	Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	10,000	»	12,049 87
19.	Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	4,000	»	9,759 64
20.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200	»	2,139 57
21.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000	»	4,353 85
22.	Tillag úr ríkissjóði	135,000	»	135,000 »
	alls	1210,800	»	1539,856 02

II. Gjöld.

1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800	»	26,800 »
2.	Til alþingis og kostnaður við yfirskoðun landsreikninganna	39,600	»	41,291 81
3.	Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn m. fl.:			
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	50,816 66		49,544 76
	B. Dómgæzla og lögreglustjórn	168,800	»	172,146 83
	C. Ýmisleg útgjöld	107,458	»	106,308 21
4.	Til útgjalda við læknaskipunina	124,964	»	114,764 16
5.	Til samgöngumála:			
	A. Til útgjalda við póststjórnina	107,000	»	113,699 53
	B. Til vegabóta	151,000	»	169,969 77
	C. Til strandferða	73,000	»	39,007 63
6.	Til kirkju og kenslumála:			
	A. Í þarfir andlegu stéttarinnar	46,100	»	44,633 28
	B. Til kenslumálefna	186,386	»	168,962 99
	C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmenta	42,125	»	38,484 85
7.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200	»	10,042 62

8. Eftirlaun og styrktarfé	80,400	»	87,483 12
9. Til óvissra útgjalda	3,000	»	2,071 35
10. Fjáraukaveitingar og útborganir samkvæmt nýum lögum ...	. . .		216,152 34
11. Tekjuafgangur	. . .		138,492 77
alls	1212,649	66	1539,856 02

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1897	1042,609 kr.	94 au.
Tekjueftirstöðvar landssjóðs 31. desember 1897	14,901 —	88 —
Peningaforði landssjóðs 31. desember 1897	500,443 —	20 —
Í landsbankanum á hlaupareikningi	120,000 —	» —

Ed. 332. **Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald á hvalafurðum (eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Af hvalafurðum skal útflutningsgjald greiða sem hér segir:

1. Af hverri tunnu hvallýsis	kr.	0,50
2. — —— 100 pd. af hvalkjötsmjöli	—	0,25
3. — —— 100 — — hvalguano	—	0,10
4. — —— 100 — — hvalbeinamjöli	—	0,10

2. gr. Um gjald þetta og greiðslu fer eftir fyrirmælum laga 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

3. gr. Með lögum þessum er úr gildi numinn 6. tölul. 2. gr. laga um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl., að því er hvallýsi snertir.

4. gr. Þessi lög öðlast gildi 1. jan. 1900.

Nd. 333. **Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eftirfylgjandi þjóðjarðir fyrir að minsta kosti jafnhátt verð og til fært er við hverja þeirra:

1. Horn í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu (að fráskildri eynni Óslandi og rekarétti innanfjarðar) fyrir	2,500 kr.
2. Bæ í Árneshreppi í Strandasýslu	1,200 —
3. Miðhús í Sveinsstaðahreppi í Húnavatnssýslu	1,800 —
4. Vatnsdalshóla í sama hreppi	1,500 —

2. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. gr. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbréf er gefið út fyrir jörðinni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrétti, þangað til jarðarverðið er greitt að fullu. Kaupandi gefur út skuldabréf fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greidd-

ur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabréf, sem gefin eru út fyrir ómyndugrafé.

4. gr. Andvirði þeirra jarða, er seldar verða samkvæmt lögum þessum, rennur í Ræktunarsjóð Íslands.

5. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. desember 1902.

Nd 334. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901. Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 10. gr. C. 4. b. Fyrir »20,000« komi: 18,000.
2. Við 12. gr. A. 3. Fyrir »Árbæ í Holtum« komi: Ægisíðu eða Odda.
3. — — — — — Fyrir »endurgjaldslaust fyrir« komi: samkvæmt samningi við.
4. Við 12. gr. C. 2. Fyrir »Af þessari upphæð« komi: Af upphæðinni undir stafl. a.
5. Við 13. gr. B. III. c. 4. Skilyrðið falli burtu
6. — — — — — — Fyrir »1800—1800« komi: 1000—1000.
7. — — — — — 5. Orðist svo: Laun cand. mag. Bjarna Jónssonar sem aukakennara 1300—1300.
8. Við 13. gr. C. 13. Liðurinn falli burtu.
9. — — — — 31. Orðist: Til Leikfélags Reykjavíkur alt að o. s. frv.

Nd. 335. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

Frá Kl. Jónssyni, Jóni Jónssyni, þm. Eyf., Guðjóni Guðlaugssyni, Þorláki Guðmundssyni, Einari Jónssyni, Pétri Jónssyni.

Við 13. gr. C. Á eftir 23. lið komi tveir nýir liðir, 24. og 25. liður, svohljóðandi:

Nr. 24. Styrkur til yfirdómara Jóns Jenssonar og landritara Jóns Magnússonar til að gefa út lagasafn handa alþýðu 4. bindi 20 kr. fyrir örkina, gegn því að bókin verði seld með vægu verði, fyrra árið kr. 400,00.

Nr. 25. Styrkur til amtmanns Páls Briem til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 20 kr. fyrir örkina, 200—200.

Ed. 336. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um horfelli á skepnum.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Orðin »hafa eftirlit með og« falli burtu.

2. — 3. — Á eftir 1. málsgrein komi ný málsgrein svo hljóðandi: »Senda skulu þeir hreppstjóra skýrslu um skoðunina, þegar er þeir hafa lokið henni«.

3. — 4. — Síðari málsgrein greinarinnar falli burtu.

4. — 7. — Fyrir orðin: »greiða skoðunarmönnum eftir« komi: »greiða skoðunarmönum borgun eftir« o. s. frv.

Nd. **337. Frumvarp**

til laga um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík (eins og það var samþykt við 2. umræðu í Nd.).

1. gr. Í landsbankanum í Reykjavík skal stofna veðdeild, til þess að veitt verði lán um langt árabil og með vægum vaxtakjörum gegn veði í fasteignum.

2. gr. Tryggingarfé deildarinnar er 200,000 kr., sem landssjóður leggur til, og skal það, á amt veðbréfum, sem veðdeildin fær hjá lánþegum sínum og öllum öðrum eignum veðdeildarinnar, vera til tryggingar því, að hún standi í skilum.

Fyrstu 5 árin, eftir að veðdeildin hefir stofnsett verið, veitist henni 5000 króna tillag á ári úr landssjóði.

3. gr. Tryggingarfé deildarinnar skal vera í ríkisskuldabréfum; er það undir umsjón landsstjórnarinnar og vextir þess renna í landssjóð. Má eigi ráðstafa tryggingarfénu á annan hátt, nema veðdeildin sé brott feld og hafi staðið í skilum við alla.

Beri nauðsyn til að taka á tryggingarfénu, til þess að veðdeildin geti staðið í skilum, skal endurgjalda fé það, sem notað hefir verið, undir eins og efnahagur deildarinnar leyfir.

4. gr. Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarinnar. Sýni reikningsskil tekjuhalla deildinni á hendur, skal hann greiddur úr varasjóði.

5. gr. Veðdeildin má gefa út skuldabréf, sem hljóða upp á handhafa (bankavaxtabréf), en sem má nafnskrá í deildinni. Landsstjórnin ákveður um lögun og útlit skuldabréfanna. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr sexfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðs samtals; eigi mega heldur nokkru sinni vera í veltu bankavaxtabréf, er nemi meiru en veðskuldabréf þau, er veðdeildin á.

6. gr. Upphæð bankavaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum og skal landshöfðingi og stjórn landsbankans rita undir þau. Fjárhæð þeirra skal ákveðin í reglugjörð veðdeildarinnar, svo og vextir og gjalddagi vaxtanna.

7. gr. Fé veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, eða húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær séu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda. Eigi má lána, nema gegn fyrsta veðrétti. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar og skal verð húsa þeirra, er á jörð eru, því að eins telja með, að þau séu vátrygð, svo sem fyr er sagt.

8. gr. Eignir þær, er veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nákvæmar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin. Ennfremur má ákveða í reglugjörðinni, að þegar bankastjórnin krefst þess, skuli

sýslunefndir segja álit sitt um verð fasteigna í sýslufélaginu, svo og að bæjarfógetar og hreppstjórar fyrir hæfilega þóknun, er landshöfðingi ákveður og veðdeildin borgar, hafi eftirlit með eignum þeim, sem í kaupstaðnum eða hreppnum eru veðsettar veðdeildinni.

9. gr. Lán þau, er veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust; en borga skal hann kostnað þann, sem af því leiðir.

10. gr. Lánum þeim, er veðdeildin veitir, má hún eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undir gengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi, sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu (sbr. 7. gr.), eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir krófu veðdeildarinnar, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

11. gr. Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs er $^1/_2$ af hundraði á ári af upprunalegri upphæð lánsins, og afborgunargjaldið má eigi nema minna en svo, að lánum sé lokið á 40 árum, þegar veðið er jarðeign, og á 25 árum, þegar veðið er húseign.

Á hinum ákveðnu gjalddögum má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum deildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra.

12. gr. Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er veðdeildin hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður landshöfðingi til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara númerin á skuldabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

13. gr. Handhafar eða eigendur skuldabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og greiðast engir vextir af höfuðstólnum upp frá því.

14. gr. Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Um ógilding glataðra skuldabréfa og vaxtamiða fer eftir almennum lögum.

15. gr. Skuldabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í sjóð veðdeildarinnar, og skal svo við lok reikningsársins brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

16. gr. Vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í landsbankanum í Reykjavík; svo skulu og gjaldheimtumenn landssjóðs taka á mót þeim til borgunar á sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs og innleysa vaxtamiðana og skuldabréfin, eftir því sem þeir hafa fyrir hendi fé, sem á að borgast í landssjóð.

Í reglugjörð veðdeildarinnar skal ákveða, hvar borga skuli út erlendis vaxtamiða og skuldabréf, sem komin eru í gjalddaga.

17. gr. Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 10. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðunum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti. Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

18. gr. Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til þess að kaupa skuldabréf veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverði þeirra, eða séu skuldabréfin verðlögð í kauphöllinni í Kaupmannahöfn, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

19. gr. Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn landsbankans. Þegar veðdeildin er stofnuð, skal þóknun sú, sem gæzlustjórar bankans fá árlega, hækka upp í 750 kr. til hvors. Fyrir endurskoðun á reikningum veðdeildarinnar og til skrifstofuhalds má verja alt að 2500 kr. á ári, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörð veðdeildarinnar. Kostnað við að setja veðdeildina á fót og hækkunina á launum gæzlustjóra greiðir landsbankinn.

20. gr. Ákvæði þau, er sett eru í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, 13. 14. 18.—24. og 26.—29. og 30. gr., 1. lið, um hlunnindi fyrir bankann, stjórn hans og reikningsskil, skulu einnig gilda um veðdeildina, stjórn hennar og reikningsskil.

21. gr. Reglugjörð veðdeildarinnar skal staðfest af ráðgjafanum fyrir Ísland og auglýst í A-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. 338. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþ. við 2. umr.).

Frá Þórði J. Thoroddsen, Guðl. Guðmundssyni, Kl. Jónssyni, Jens Pálssyni, Pétri Jónssyni, Einari Jónssyni.

Nýr liður:

Við 12. gr. B. Styrkur til Kjósar- og Gullbringusýslu til að gjöra veg frá Reykjavíkurlandi suður, gegn því að sýslusjóður leggi fram jafnmikla upphæð, alt að 10,000 kr.

Nd. 339. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901. (Eins og það var samþ. við 2. umr.).

Frá Þórði J. Thoroddsen, Þorl. Guðmundssyni, Guðl. Guðmundssyni, Kl. Jónssyni, Jens Pálssyni, Einari Jónssyni.

Við 13. gr. C. Á eftir 13. lið komi nýr liður:
Styrkur til kaupm. Björns Kristjánssonar til að koma á fót tigulsteinsverksmiðju . . . . . 2500 kr. (fyrra árið).
Styrkurinn útborgast þegar ofn er bygður, er brenna má í 5000 steina í einu, þerrihús er reist og eltigufuvélar uppkomnar, enda skuldbindi styrkþiggjandi sig til að reyna leir og leiðbeina ókeypis í leirbrenslu næstu 3 ár þeim mönnum, er hlutaðeigandi hreppsnefnd æskir.

Við 18. gr. (næst síðustu málsgrein). Í stað »5000 kr.« komi: 2500 kr.

Ed. 340. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um aðflutningsgjald af kynjalyfum.

Frv. þessu var vísað til nefndarinnar, sem kosin var til að íhuga frv. til laga um aðflutningsgjald af tóbaki.

Nefndin hefir skifst í tvent í máli þessu. Meiri hlutinn (Jón Jónsson og Þorleifur Jónsson) telur rétt að leggja aðflutningsgjald á kynjalyf. Þau geta engan veginn talist nein nauðsynjavara, heldur þvert á móti mikil óþarfavara, en fyrir skrum það og lof, sem úbreitt er um þau, leiðist almenningur til að kaupa mikið af þeim. Má svo að orði kveða, að öllum þeim peningum, sem fyrir þau eru látin, sé sem á glæ kastað. Ef þau væru tolluð, má ætla að það yrði til að draga úr kaupum á þeim, og auk þess mundi landssjóður hafa nokkrar tekjur af aðflutningsgjaldinu.

En við teljum rétt, að leggja einnig aðflutningsgjald á allar bitterteg. undir því að bæði eru sumar þeirra kynjalyf, og þær bitterteg., sem eru það ekki, ætti að tolla engu síður en áfenga drykki.

Okkur virðist eigi heppilegt að héraðslæknir skeri úr ágreiningi um, hvort eitthvert lyf eða hlutur sé kynjalyf eða ekki af því að einn héraðslæknir getur skorið öðru vísi úr því en annar, og einn héraðslæknir álitið það kynjalyf, en annar teldi það ekki; gæti því komið fyrir, að eitthvert lyf yrði tollaust á einum stað, en tollað á öðrum. Við teljum því réttast að fela landlækninum og 2 kennendum læknaskólans að skera úr þessu.

Við leggjum því til, að frv. verði samþykt með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir: »Af kynjalyfum alls konar« komi: Af alls konar kynjalyfjum og öllum bitterteg. (Bitter Essents, Bitter-Likör, Elixir o. fl.).
2. — 1. — Fyrir: Af fljótandi kynjalyfum« komi: Af bitterum og fljótandi kynjalyfjum.
3. — 3. — Fyrir: »héraðslæknir sá — landlæknis« komi: skjóta þeim ágreiningi undir úrskurð landlæknis og tveggja kennenda við lækna-

skólann, og ber að greiða gjaldið af því, sem að samhuga áliti þeirra er kynjalyf.

Efri deild alþingis, 5. ág. 1899.

Þorleifur Jónsson, skrifari og framsögumaður. Jón Jónsson.

Eg hefi ekki getað orðið samdóma h. háttv. meðnefndarmönnum mínum um þetta frumvarp; jafnvel þó breytingar þær, sem þeir leggja til að gjöra á því, verði samþyktar, álít eg það ekki svo úr garði gjört, að það ætti að verða að lögum Meðnefndarmenn mínir byggja á því, að öll kynjalyf (arcana) séu gagnslaus eða skaðleg. Væri þetta alveg víst og sannað, þá væri sjálfsagt réttast að banna allan innflutning þeirra inn í landið, en ekki gjöra þau dýrari fyrir sjúklinga, sem í neyð sinni grípa til þess að reyna þessi lyf, og mundu kaupa þau eins fyrir það, þó þau yrðu talsvert dýrari, ef þeir vænta sér heilsubótar af þeim.

Til þess fullkomlega að lagfæra þetta frumvarp, þyrfti að telja upp í því þau kynjalyf, sem gagnslaus eru eða skaðleg að áliti þeirra manna, sem eru bærir um að dæma um það, og banna innflutning þeirra eða hindra hann með afarháu aðflutningsgjaldi. Þá féllu burt ákvæðin í 2. málsgrein 1 greinar, sem virðast heldur flókin og torveld að fara eftir í framkvæmdinni.

Eg verð því að leggja til, að svo framarlega h. háttv. deild vill sinna þessu máli, þá sé nú að þessu sinni að eins lagður tollur á bittertegundir, sem hingað til hafa verið undanþegnar tolli (sbr. ráðgjafabréf 21. ág. 1886), jafnvel þó þær innihaldi vínanda. Breytingartillögur í þá átt komu fram í h. Nd. og hefi eg leyft mér að taka þær upp.

Eg legg því til að frv. verði samþykt með þessum breytingum:

1. gr. orðist svo: Af öllum bittertegundum (bitter-essents, bitter-likör, elixir o. fl.) skal greiða í toll 50 a. af hverjum pela eða minni flátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé drykkjarvaran aðflutt í stærri flátum. Hlutur úr pela skal talinn sem heill peli.
2. gr. falli burt.
3. — falli burt.
4. — falli burt.

Í 5. gr.: Í stað: »1. nóvbr. 1899« komi: 1. janúar 1900.

Fyrirsögnin orðist svo: Frumv. til laga um viðauka við lög 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr. 1872.

Efri deild alþingis 7. ág. 1899.

Sigurður Jensson.

Nd. 341. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. Við 10. gr. C. 4. c. Athugasemdin falli burt, en í hennar stað komi nýr töluliður:
   5. Til kenslu í mjólkurmeðferð . . . 2000—2000.
   Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands, með því skilyrði, að félagið útvegi mann frá Danmörku, er hafi fullkomna kunnáttu og góða æfingu í mjólkurmeðferð samkvæmt því, sem gerist á góðum mjólkursamlagsbúum í Danmörku. Maður þessi sé ráðinn til 2 eða 4 ára, til þess að kenna á góðu mjólkurbúi á landinu, helzt á Hvanneyrarskóla, tilbúning osta og smjörs með þeim áhöldum og aðferðum, sem hægt er að koma við á hinum stærri sveitabúum hér á landi, og fari kenslan fram kostnaðarlaust fyrir nemendur.
2. Við athugasemd um lánveitingar til jarðabóta á 7. tölulið.
   Fyrir 250 kr. komi 200 kr.

Nd. 342. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Flutningsmenn: Jón Jónsson, þm. Eyf., Tryggvi Gunnarsson, Guðjón Guðlaugss., Jón Jensson, Jón Jónsson, þm. A.-Sk., Þórður Thoroddsen.
Við 13. gr. C. Eftir 33. nýr liður:
Til Halldórs Lárussonar til að fullkomna sig í hraðritun og til að kenna hana 400 kr. (hvort árið).

Nd. 343. **Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900—1901. Frá Pétri Jónssyni, Ólafi Briem, Birni Sigfússyni, Kl. Jónssyni, Einari Jónssyni, Guðjóni Guðlaugssyni.
1. Við 11. gr. tölul. 12. liðurinn falli burt.
2. — 12. — C. — 3. liðurinn falli burt.
2. — 13. — C. — 17. liðurinn falli burt.
4. — 13. — C. — 21. fyrir: »1000—1000«
   komi: »800—800«
5. — 13. — C. — 21. á eftir þessum lið komi nýr liður:
   Til bindindisfélagasameiningar Norðurlands 200—200
6. — 13. — C. — 26. veitingin síðara árið falli burt.
7. — 13. — C. — 30. liðurinn falli burt.
8. — 13. — C. — 31. liðurinn falli burt.
9. — 13. — C. — 32. liðurinn falli burt.
10. — 18. — næst síðasta málsgrein falli burt.

Nd. 344. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

Frá landshöfðingja.

Við 13. gr. C. 27. Liðurinn falli burt.

Nd. 345. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900—1901 (eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

Frá Jens Pálssyni, Þórði Thoroddsen, Einari Jónssyni, Pétri Jónssyni, Kl. Jónssyni, Jóni Þórarinssyni.

1. Við 12. gr. B. nýr liður:
   Styrkur til Dalasýslu til brúargjörðar á Laxá í Laxárdal, þriðjungur kostnaðar, alt að 1700 kr.
2. Við 16. gr.:
   Á eftir málsgrein þeirri, er heimilar 90,000 kr. lán til Reykjavíkur til hafskipabryggju, komi svo hljóðandi málsgrein:
   Úr viðlagasjóði má veita Dalasýslu alt að 5000 króna lán til vega og brúargjörðar í sýslunni. Lánið ávaxtist með 4% og endurborgist á 28 árum.

Nd. 346. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901. Flutningsm.: Tryggvi Gunnarsson, Pétur Jónsson, Guðjón Guðlaugsson, Jón Jónsson, þm. A.-Skaftf., Jón Jensson, Jón Jónsson, þm. Eyf.

Við 12. gr. B. 1. Fyrir stafl. a. og b. komi:
Til verkfræðings frá útlöndum, sem landsstjórnin útvegar, að meðtöldum ferðakostnaði, alt að 5000.

Til vara: 12. gr. B. 1. liðurinn falli burt.

Nd. 347. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900—1901.

Frá Guðl. Guðmundssyni, Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk., Jóni Jenssyni, Birni Sigfússyni, Halldóri Daníelssyni, Sk. Thoroddsen.

Við 3. gr. 1. ath.
Orðin: »svo og til verðlauna — jarðabótum á þeim« falli burt.

Nd. 348. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi (þingskj. 139.)

Frá Birni Sigfússyni og Pétri Jónssyni.

Við 7. gr. síðustu málsgrein. Á eftir orðunum »5 ár í senn« komi: »og gildir að eins fyrir einn sölustað«.

Nd. 349. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík (154).

Frá Sighv. Árnasyni, Birni Sigfússyni, Þórði Guðmundssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Sigurði Gunnarssyni, Þorl. Guðmundssyni.

Við 7. gr. Á eftir orðunum »af virðingarverði fasteignarinnar« bætist inn í: eða húseignarinnar.

Ed. 350. **Framhaldsnefndarálit**

í málinu um stofnun landsspítala í Reykjavík.

Eftir að þriggja manna nefndin, sem hin háttv. Ed. kaus til að íhuga frumv. þetta, hafði lokið störfum sínum og gefið upp álit sitt um málið h. 28. f. m. (þingskj. 244), hefir komið fram atvik í málinu, er leiddi til þess, að nefndin tók það aftur til íhugunar, eftir að hin háttv. deild hafði bætt 2 nefndarmönnum við, eftir tillögu nefndarinnar.

Vér leyfum oss nú að gefa svolátandi framhaldsálit um málið.

Þegar farið var að hreyfa þessu máli á þinginu, tók bæarstjórn Reykjavíkur til íhugunar, á hvern hátt hún gæti flýtt fyrir framgangi þess og styrkt hina fyrirhuguðu spítalabyggingu, og hefir hún á fundi 3. þ. m. samþykt, að Reykjavíkurbær leggi til landsspítalastofnunar í Reykjavík 10,000 kr., ef stofnun spítalans verður samþykt á þessu þingi, og auk þess spítalastofnun þá, sem nú er hér. Þetta síðasta hefir og hin núverandi spítalastjórn í Reykjavík samþykt af sinni hálfu.

Með tilliti til þessa og með skírskotun til nefndarálits (þingskj. 244) hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að lækka megi upphæðina í 1. gr. »50,000 kr. úr landssjóði«, ofan í «40,000 kr.« Auk þess vill nefndin í 1. gr. geta um tillag Reykjavíkurkaupstaðar. Svo er nú og í 2. gr. frumv. ákveðið nákvæmar um það, hvernig ráðstafa skuli hinum fyrirhuguðu fátækrarúmum. Jafnframt og vér því leggjum það til, að frumv. verði samþykt með nokkurum breytingum, setjum vér hér breytingartillögur vorar, sem eiga að koma í staðinn fyrir breytingartillögur á þingskj. 244.

1. Fyrir 1. gr. komi svo hljóðandi grein:

Í Reykjavík skal stofna landsspítala, sem hafi eigi færri sjúkrarúm en 24. Til byggingar spítalans má verja úr landssjóði 40,000 kr. og tillagi frá Reykjavíkur kaupstað 10,000 kr. Til útbúnaðar spítalans má verja úr landssjóði alt að 10,000 kr. Hin núverandi spítalaeign í Reykjavík, hús, lóð og áhöld legst einnig til landsspítalans og skal henni ráðstafað á þann hátt, sem landsstjórnin nánar ákveður.

2. Fyrir aðra grein komi svohljóðandi grein:

Reykjavíkur bær og hvert amt landsins skal hafa rétt til hvert um sig að fá ókeypis aðhjúkrun alla og læknishjálp á sjúklingum, er legið geta í 3 sjúkrarúmum á spítala þessum á ári hverju. Sjúkrarúm þessi skulu veitt fá-

tækum sjúklingum, sem ekki eru á sveit, en sanna fátækt sína með vottorðum, er sjúkrahússtjórnin nánar kveður á um.

3. Við 4. gr.

Fyrir »endurskoðari reikninga« komi: »gjaldkeri«.

Fyrir »ráðsmaður fær 1000 kr.« komi: »ráðsmaður fær 600 kr.«

Fyrir »endurskoðari 200 kr. á ári« komi: »gjaldkeri 200 kr. á ári«.

Fyrir »600 kr. á ári auk húsnæðis« komi: »600 kr. á ári auk húsnæðis og fæðis«.

4. Við 5. gr.

Fyrir »alt að 2000 kr.« komi: »alt að 1200 kr.«

Efri deild alþingis 7. ágúst 1899.

J. Jónasen. Kristján Jónsson.
formaður og framsögumaður. skrifari.

Sigurður Stefánsson. Sigurður Jensson. J. Havsteen.

Fylgiskj. nr. 1.

Hér með lýsum vér yfir því, að verði landsspítali reistur hér í Reykjavík, er hin núverandi spítalastjórn fús á að afhenda landssjóði spítalaeignina ókeypis og skilyrðislaust.

Stjórn Reykjavíkur-spítala 4. ágúst 1899.

J. Jónassen. M. Stephensen. Hallgr. Sveinsson.

Fylgiskj. nr. 2.

Ar 1899 fimtudaginn 3. ágústmánaðar var bæarstjórnarfundur haldinn og kom þá fram uppástunga um, að Reykjavíkurbær leggi til landsspítalabygginga hér í Reykjavík, ef hún verði samþykt á þessu alþingi, 10,000 kr., auk þess sem spítalastofnunin, sem nú er, yrði lögð til fyrir bæarins hönd. Uppástungan samþykt með öllum atkvæðum.

Rétta útskrift staðfestir

Halldór Daníelsson.

Nd. 351. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 13. gr. C. 9. a.

Orðist svo:

9. Til fornleifafélagsins:

a. til útgáfu árbókar . . 300

Útborgist o. s. frv.

Nd. 352. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu (322) við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Flutningsmaður: Tryggvi Gunnarsson.

12. gr. D. við athugasemdina:

í staðin fyrir 60,000 kr.

komi: 75,000 —

Nd. 353. **Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um strandferðir.

Frá Kl. Jónssyni.

Aftan við tillöguna á þingskj. 308 bætist:

Enn fremur er skorað á landsstjórnina, að sjá svo um, að strandferðabátur sá, er fer vestur og norður um land, komi jafnan í báðum leiðum við í Hrísey og á Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu.

Ed. 354. **Frumvarp**

til laga um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls og lausamannsgjalds til kirkju (eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Dagsverk skal vinna hjá presti um túnaslátt, en hann fæðir gjaldanda. Ef gjaldandi ekki vinnur dagsverkið, skal hann greiða presti það eftir verðlagsskrá þeirri, er gildir á gjalddaga. Dagsverk eiga að vinna eða greiða: bændur allir, tíundi þeir ekki full 5 hndr. lausafjár, húsmenn, þurrabúðarmenn, kaupstaðarborgarar og allir þeir, karlar og konur, sem eiga heimili forstöðu að veita, sèu þeir ekki í skiftitíund; enn fremur lausamenn og lausakonur, sem ekki eru í skiftitíund, og eins þó þeir tíundi ekkert, einhleypir húsmenn og húskonur og vinnuhjú, ef þau tíunda 60 ál.

2. gr. Offur skal greiða hver húsbóndi eða sjálfstæður maður einhleypur, sem á 20 hndr. í fasteign (eftir gildandi jarðamati) eða í lausafé eða í hvorutveggja til samans; ennfremur hver húseigandi í kaupstöðum og verzlunarstöðum, ef húseign þeirra er að minsta kosti virt á 3000 kr., er eigi notuð við ábúð á jörð þeirri, er metin sé til dýrleika; konunglegir embættismenn og sýslunarmenn, er landshöfðingi skipar, er hafi að minsta kosti 500 kr. að launum, enn fremur kaupmenn, lyfsalar, bakarar, verzlunarstjórar og verzlunarþjónar, er einnig hafi að minsta kosti 500 kr. að launum. Offrið er að minsta kosti 4 kr. og gjalddagi á því 14. maí ár hvert.

3. gr. Hver sá, sem hefir til afnota jörð eða jarðarhluta, sem metin er til dýrleika, skal fóðra lamb fyrir prestinn; sömuleiðis hver sá, sem hefir grasnytjar af slægjulandi, er hann sjálfur á eða leigir, ef það gefur af sér að minsta kosti kýrfóður. Sé lambið ekki fóðrað, skal lambsfóðrið goldið eftir verðlagsskrá og er gjalddagi á því 10. maí ár hvert.

Nú hefir maður tvær eða fleiri heilar jarðir til ábúðar eða afnota, og skal hann þá fóðrajafnmörg lömb og ábúðarjarðir hans eru.

4. gr. Lausamenn og lausakonur greiða presti 50 aura gjald á ári, hvort sem þeir eiga að greiða dagsverk eða ekki. Gjalddagi á þessu gjaldi er 14. maí ár hvert.

5. gr. Heilan ljóstoll til kirkju gjaldi búandi hver eða húsráðandi, sem heldur

hjú, hvort sem hann er karl, kvæntur eða ókvæntur, eða kona, gift eða ógift. Hálfan ljóstoll til kirkju gjaldi húsráðendur og húsmenn hjúalausir og ennfremur einhleypir menn og vinnuhjú, sem tíunda 60 ál. eða meira. Hjú teljast börn yfir 16 ára aldur, sem vinna hjá foreldrum sínum.

6. gr. Lausamenn og lausakonur greiði til kirkju 50 aura á ári.

7. gr. Gjalddagi á gjöldum þeim, er talin eru í 5. og 6. gr., er 31. desbr. ár hvert.

8. gr. Ákvæði þau í eldri lögum, er koma í bága við lög þessi, eru numin úr gildi.

Ed. 355. **Frumvarp**

til laga um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands (eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Af andvirði seldra þjóðjarða skal stofna sjóð, er nefnist Ræktunarsjóður Íslands.

2. gr. Stofnfé sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, er seldar hafa verið frá árslokum 1883 til ársloka 1898, bæði það, sem greitt hefir verið í viðlagasjóð, og það, sem stendur óborgað hjá kaupendum jarðanna. Sá hluti, er runnið hefir í viðlagasjóð, skal út lagður í skuldabréfum sveitarfélaga fyrir jarðabótalánum, að því leyti sem þau hrökkva.

Í sjóð þenna skal og renna andvirði þjóðjarða þeirra, er síðar verða seldar.

3. gr. Tilgangur sjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnféð má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til jarðabóta og annara framkvæmda, er að jarðrækt lúta. Vöxtunum má verja til verðlauna fyrir frábæran dugnað í jarðabótum, að því leyti sem þeim er eigi varið til að auka stofnfé sjóðsins.

4. gr. Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins og semur skipulagsskrá fyrir hann og reglugjörð um lánveitingar og úthlutun verðlauna.

Skipulagsskráin skal staðfest af konungi.

Leita skal álits Búnaðarfélags Íslands um lánveitingar og verðlaunaveitingar þær, er ræðir um í 3. gr.

Ed. 356. **Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 8. maí 1894 um bæarstjórn á Seyðisfirði.

Flutningsm.: Guttormur Vigfússon, Jón Jónsson.

Laun bæarfógetans í Seyðisfjarðarkaupstað skulu vera 500 krónur, er greiðast úr landssjóði.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1900.

Nd. 357. **Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um strandferðir.

Frá Tryggva Gunnarssyni, Þorláki Guðmundssyni og Þórði Guðmundssyni.

Aftan við tillöguna á þingskj. 308. bætist:

Enn fremur er skorað á landsstjórnina, að sjá svo um, að strandferðabátur sá, sem fer austur um land, komi við á Stokkseyri og Eyrarbakka minst þrisvar á ári.

Nd. 358. **Breytingartillögur**

við breytingartillögu á þingskj. 296.

Frá Kl. Jónssyni.

1. Við breyt.till. nr. 7. Fyrir 500 kr. komi: 300 kr.
2. — —— — 8. Fyrir 500 kr. komi: 300 kr.

Ed.

359. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 3. umr. í neðri deild.).

1. kafli.

1. gr.

Á árunum 1900 og 1901 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,399,900 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,126,000 kr.

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a) á ábúð og ofnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafé...	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur...	6,000	6,000	12,000
3. tekjuskattur...	13,500	13,500	27,000
4. aukatekjur...	30,000	30,000	60,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	9,000	9,000	18,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun...	46,000	46,000	92,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	70,000	140,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	180,000	180,000	360,000
12. tekjur af póstferðum...	35,000	35,000	70,000
13. óvissar tekjur	2,500	2,500	5,000
samtals...	563,000	563,000	1,126,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,200 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestmötu o. fl., alls ... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Styrkurinn til húsabóta sé bundin því skilyrði, að leiguliðinn leggi fram í minsta lagi 1/3 kostnaðarins.			
2. Tekjur af kirkjum ...	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
samtals...	25,100	25,100	50,200

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 94,000 kr.

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	42,000	42,000	84,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1900 38,673 kr. 66 a.			
- — 1901 39,058 — 37 --			
77,732 kr. 03 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	47,000	47,000	94,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 120,500 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	500	»	500
samtals...	60,500	60,000	120,500

2. kafli.
Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1900 og 1901 veitast til útgjalda 1,530,872 kr. 75 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1900: 12,400 kr., og árið 1901: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast. 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 357,486 kr. 67 a.

			1900.	1901.	alls.
A.			kr.	kr.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:					
1. laun embættismanna			18,066 67	18,100	36,166 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.			4,200	4,200	8,400
3. hin umboðslega endurskoðun:					
a. laun endurskoðanda	2,500 kr.				
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda	500 —				
c. skrifstofukostnaður	300 —				
d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar	1,000 —				
			4,300	4,300	8,600
			26,566 67	26,600	53,166 67
B.					
Dómgæzla og lögreglustjórn:					
1. laun:					
a. til dómara og sýslumanna			68,100	68,100	
b. til hreppstjóra			8,000	8,000	
2. ritfé handa bæarfógetanum í Reykjavík			1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:					
a. laun umsjónarmannsins	1900. 1,000 kr.	1901. 1,000 kr.			
viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 —	200 —			
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
þóknun handa lækni	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —			
3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e.	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —			
	4,415 kr.	4,415 kr.			
arður af verkum talinn	615 —	615 —			
	3,800 kr.	3,800 —			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	1,600 —	300 —			
			5,400	4,100	
		Flyt...	82,900	81,600	53,166 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	82,900	81,600	53,166 67
4. Önnur útgjöld:			
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn ... ... 1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirréttinn ... 50 —			
c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum ..... 50 —			
d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl. 50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál 3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál ... ... 300 —			
g. til að gefa út dómasafn, alt að 15 kr. fyrir hverja örk... ... ... 150 —			
h. útgjöld við sáttamál ... ... 50 —			
	5,250	5,250	
	88,150	86,850	175,000
C. Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), 43 kr. örkin 2,580 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum 450 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, alt að 40 kr. fyrir örkina ... ... 1,200 —			
	4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar	900	900	
4. styrkur til eflingar búnaði:			
a. til búnaðarskóla:			
1. til skólans í Ólafsdal ... ... 2,500 kr.			
2. til skólans á Hólum ... ... 2,500 —			
3. til skólans á Eiðum ... ... 2,500 —			
4. til skólans á Hvanneyri ... ... 2,500 —			
10,000 kr.			
b. til búnaðarfélaga..... ... ... 20,000 —			
c. til búnaðarfélags Íslands ... ... 8,000 —			
	38,000	38,000	
Flyt...	46,080	46,080	228,166 67

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
	Fluttar...		46,080	46,080	228,166 67
5.	til kenslu í mjólkurmeðferð..... Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands með því skilyrði, að félagið útvegi mann frá Danmörku, er hafi fullkomna kunnáttu og góða æfingu í mjólkurmeðferð samkvæmt því, sem gerist á góðum mjólkursamlagsbúum í Danmörku. Maður þessi sé ráðinn til 2 eða 4 ára, til þess að kenna á góðu mjólkurbúi í landinu, helzt á Hvanneyrarskóla, tilbúning osta og smjörs með þeim áhöldum og aðferðum, sem hægt er að koma við á hinum stærri sveitabúum hér á landi, og fari kenslan fram kostnaðarlaust fyrir nemendur.		2,000	2,000	
6.	Til gróðrartilrauna ... ... Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands, með því skilyrði, að félagið komi á fót gróðrartilraunastöð í grend við Reykjavík, og ráði mann til að standa fyrir tilraunum og annast þær að öllu leyti.		3,000	2,000	
7.	Styrkur til útgáfu búnaðarrits 20 kr. fyrir örkina		240	240	
8.	a. Laun handa tveim dýralæknum..		2,400	2,400	
	b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík		400	400	
9.	Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu		300	300	
10.	Til vita:				
	a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa	kr. 300			
	b. til eftirlitsferða	100			
	c. til vitans á Reykjanesi:				
	1. til launa vitamannsins.....1,200				
	2. fyrir olíu 200				
	3. fyrir lampakveiki o. fl. 150				
	4. fyrir steinkol... 160				
	5. flutningskostnaður... 250				
	6. til viðhalds á húsum og áhöldum 300				
	7. eftirgjald eftir lóðina 30				
	8. til að byggja geymsluhús fyrir olíu og fl. 1900... 300	2,590			
	d. til vita á Skagatá:				
	1. til vitamanns 400				
	Flyt 400	2,990	54,420	53,420	228,166 67

57

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
Fluttar	400	2,990	54,420	53,420	228,166 67
2. fyrir olíu	150				
3. — lampakveiki o. fl, ...	100				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	200				
5. steinkol	100				
6. flutningskostnaður...	75				
7. eftirgjald fyrir lóðina	10	1,035			
e. til vita við Gróttu:					
1. til vitamanns	400				
2. fyrir olíu..	125				
3. — lampakveiki o. fl.	100				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum...	160				
5. steinkol	60				
6. flutningskostnaður	40	885			
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð		500			
þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.					
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð, og má þá útvega tvo spegla til þeirra í skiftum fyrir tvo spegla, er áður voru notaðir í Reykjanesvitanum.					
1. til vitagerðarinnar 1900	2,000				
2. til vitamanns, hvort árið.....	400				
3. til að kaupa olíu.....	175				
4. til annarar neyzluvöru	150				
5. til viðhalds á húsum og áhöldum	80				
6. til flutningskostnaðar	50				
		2,855			
h. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga		50			
i. Styrkur til ljóskers á Skipaskaga ... veitist með því skilyrði, að um tendrun á ljóskerinu fari eftir auglýsingu landshöfðingja 31. maí 1894.		75			
			8,390	6,090	
		Flyt...	62,810	59,510	228,166 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	62,810	59,510	228,166 67
7. Til nýrra þríhyrninga- og strandmælinga á suðvesturhlið Reykjaness fyrir 1900	5,000		
8. Til kostnaðar við eftirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði	1,000	1,000	
	68,810	60,510	129,320
Samtals...	.....	....	357,486 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 196,960 kr. 08 a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
1. Laun	40,190	40,190	80,380
2. Styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sléttuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
Flyt...	40,190	40,190	80,380

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	40,190	40,190	80,380
	o. til læknis í Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
	p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þorleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	16,000	16,000	32,000
3.	Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri...	800	800	1,600
4.	Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.	150	150	300
5.	a. Styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	4,000
	b. Styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eftir reikningi, hvort árið alt að 300 kr.	300	300	600
6.	Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
7.	Ársútgjöld við holdsveikraspítalann:			
		kr. a.		
	a. Laun til starfsmanna..... 4,940			
	b. Viðurværi:			
	1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag..... 8,322 kr.			
	2. handa 17 starfsmönnum...247 kr. 12 a. á ári..... 4,184 kr. 04 a.			
	12,606.04			
	c. klæðnaður sjúklinga..... 600			
	d. meðöl og sáraumbúnaður..... 1,500			
	e. eldsneyti 3,500			
	f. ljósmeti 570			
	g. viðhald á húsum..... 1,200			
	Flyt 24,816.04	60,440	60,440	120,880

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Fluttar... 24,816.04		60,440	60,440	120,880
h. húsbúnaður og áhöld 600				
i. þvottur og ræsting 600				
k. greftrunarkostnaður 250				
l. flutningskostnaður 200				
m. til að skemta sjúklingum 200				
n. hestafóður 300				
o. ýmisleg gjöld..... 1,000		27,966 04	27,966 04	55,932 08
8. Útgjöld við bólusetningar		500	500	1,000
9. Önnur útgjöld:				
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri	400 —			
c. — — —— á Ísafirði ...	400 —			
d. — — —— á Seyðisfirði	400 —			
e. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa.....	24 —			
f. til náms yfirsetukvenna	2,000 —			
g. til verkfæra handa yfirsetukonum.....	400 —			
h. gjöld samkvæmt 13. gr. í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma 31. jan. 1896	1,000 —	5,824	5,824	11,648
10. Styrkur til að gefa út nýa ljósmóðurfræði 25 kr. fyrir örkina, alt að		500		500
11. Styrkur til útbúnings og áhalda handa sjúkrahúsinu á Seyðfsfirði 4000 kr. (fyrra árið).....		4,000		4,000
12. Til sjúkrahúsbyggingar á Patreksfirði annað árið alt að.....		3,000		3,000
Veitist með því skilyrði, að helmingi hærri upphæð verði veitt til fyrirtækisins annarsstaðar frá.				
Samtals.....		102,230 04	94,730 04	196,960 08

12. gr.

Til samgöngumála veitast 490,900 kr.

A.		1900.	1901.	alls.
Til útgjalda við póststjórnina:		kr.	kr.	kr.
1. Laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	8,100 —			
Flyt	11,100 kr.			

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
	Fluttar... 11,100 kr.				
	2. handa tveim póstafgreiðslumönnum í Reykjavík ..... 2,500 —				
	c. handa bréfhirðingarmönnum ..... 6,000 —				
			19,600	19,600	
2.	póstflutningur.....		40,000	40,000	
3.	til póstvagnferða í viku hverri frá 15. júní til 1. okt. frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda er flytji póst samkvæmt samningi að póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að		600	600	
	Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.				
4.	önnur útgjöld:	1900. kr. / 1901. kr.			
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarins	2,000 / 2,000			
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu 1% um	200 / 200			
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	200 / 200			
	d. fyrir prentun á ýmsu	1,000 / 1,000			
	e. til áhalda	1,500 / 1,500			
	f. til bréfaburðar í Reykjavík.....	400 / 400			
	g. óviss gjöld.....	200 / 200			
	h. til viðhalds húsi og áhöldum.....	1,500 / 100			
			7,000	5,600	
5.	til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum		500		
		samtals ..	67,700	65,800	133,500
	B.				
	Til vegabóta:				
1.	til verkfræðings landsins:				
	a. laun	3,000			
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum	500			
	Starfsvið verkfræðingsins skal ákveðið með erindisbréfi, er landshöfðingi semur.	3,500	3,500	3,500	
		...Flyt	3,500	3,500	133,500

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	3,500	3,500	133,500
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að	1,500	1,500	
3. til flutningabrauta	25,000	25,000	
4. til þjóðvega	60,000	50,000	
þar af til vegagjörðar austan megin Hrútafjarðar alt að ..... 10,000 kr.			
5. til fjallvega	5,000	5,000	
6. styrkur til Ísafjarðarsýslu til að gjöra veg yfir Breiðadalsheiði alt að	2,500		
Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
7. Styrkur til Borgarfjarðarsýslu til að gjöra veg frá Skipaskaga að Blautós alt að	2,400		
Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það, sem til vantar til að fullgjöra veginn, að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
8. Styrkur til Dalasýslu til brúargerðar á Laxá í Laxárdal, þriðjungur kostnaðar, alt að.....	1,700		
9. Styrkur til Kjósar- og Gullbringusýslu til að gjöra veg frá Reykjavíkurlandi suður, gegn því að sýslusjóður leggi fram jafnmikla upphæð alt að	10,000		
C.	111,600	85,000	196,600
			330,100
1. Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafélags, 3. og 4. ársborgun af 5 ára styrk, með þeim skilyrðum, að félagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli Íslands á eina hlið og Danmerkur og Stóra-Bretlands á hina, og umhverfis Ísland, samkvæmt ákvæðunum á fjárlögunum fyrir 1898 og 1899	50,000	50,000	
2. Til gufubátaferða: kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að 7,700			
b. á Ísafjarðardjúpi.. 2,500	10,200	10,200	
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi eftir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefnda. Af upphæðinni undir stafl. a má verja 200 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem séu að minsta kosti tvær ferðir, milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyar og Holtsvara.			
Styrkurinn undir staflið a og b greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomustöðum án sérstaks endurgjalds.			
3. Styrkur til að bæta innsigling og skipalægi á Stokkseyri alt að.....	5,000		
Flyt...	65,200	60,200	330,100

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	65,200	60,200	330,100
Veitist með því skilyrði, að annarsstaðar að fáist að minsta kosti jafnmikil upphæð til fyrirtækisins, og að verkfræðingur telji verkið vel af hendi leyst.			
4. Styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn alt að.....	400		
Veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Árnessýslu verji að minsta kosti jafnmikilli upphæð til fyrirtækisins, og að verkið verði að áliti verkfræðings vel af hendi leyst.			
	65,600	60,200	125,800
D.			
Til ritsíma milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, alt að	.....	35,000	35,000
Að því tilskildu, að sá, er leyfi fær til að leggja ritsímann í sæ, veiti 300,000 kr. tillag til lagningar á ritsíma yfir land milli þess staðar, er sæsíminn kemur í land á Íslandi og Reykjavíkur; má stjórnin ákveða, að sæsíminn sé lagður á land á Austurlandi. Auk þess er stjórninni heimilt, ef til þess kemur, að verja á fjárhagstímabilinu alt að 75,000 kr. til þess að undirbúa landsímalagninguna og til að útvega efni og áhöld til þess.			
Samtals...	.....	.....	490,900

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 320,926 kr. » a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	1,700	1,700	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti.	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. bráðabirgðar-uppbót á Meðallandsþingum.....	200	200	
6. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum.....	3,000	3,000	
7. bráðabirgðar-uppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi.....	100	100	
Flyt...	21,800	22,300	

		1900.	1900.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	21,800	22,300	
8.	til að endurreisa 2½ fallin prestmótukúgildi á Laugarbrekku í Nesþingum og sem uppbót til síra Helga Árnasonar fyrir prestsmötumissi..... gegn því, að jörðin Laugarbrekka með hjáleigum Holti og Hóli verði afsöluð landssjóði til eignar.	300		
9.	styrkur til síra Gísla Kjartanssonar fyrir flutning og byggingu staðarhúsa á Felli í Mýrdal ...	600		
10.	endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
		23,700	23,300	47,000
	B.			
	Kenslumálefni:			
I.	Til prestaskólans:			
a.	laun.....	9,200	9,200	
b.	önnur útgjöld:			
1.	húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1900 og 16 1901, 80 kr. handa hverjum..... 1900. 960 kr. 1901. 1,280 kr.			
2.	námsstyrkur..... 800 — 1,000 — Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
3.	til tímakenslu..... 100 — 100 —			
4.	til bókakaupa..... 300 — 300 —			
5.	til eldiviðar og ljósa... 150 — 150 —			
6.	til umsjónar..... 100 — 100 —			
7.	ýmisleg útgjöld..... 200 — 200 —			
8.	til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að..... 250 — 250 —			
		2,860	3,380	
		12,060	12,580	24,640
II.	Til læknaskólans:			
a.	laun.....	3,200	3,200	
b.	önnur útgjöld: 1900. 1901.			
1.	námsstyrkur..... 1,200 kr. 1,200 kr. Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
	Flyt... 1,200 kr. 1,200 —	3,200	3,200	71,640

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	1900. 1901.			
Fluttar...	1,200 kr. 1,200 —	3,200	3,200	71,640
2. eldiviður, ljós og ræsting	200 — 200 —			
3. til bókakaupa og verkfæra	500 — 500 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 16 lærisveinum, 80 kr. hønda hverjum	1,280 — 1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði	100 — 100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að	200 — 200 —			
8 ýmisleg útgjöld ...,.....	100 — 100 —			
		3,880	3,880	
		7,080	7,080	14,160
III. Til hins lærða skóla:				
a. laun		19,200	19,200	
b. aðstoðarfé:				
handa söngkennaranum	600 kr.			
— fimleikakennaranum	700 —			
— dyraverði	1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	200 —	2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:	1900. 1901.			
1. til bókasafns skólans	720 kr. 720 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,200 — 1,200 —			
3. til skólahússins utan og innan	3,200 — 1,400 —			
4. til tímakenslu og prófdómenda	1,000 — 1,000 —			
Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að latneskur stíll sé eigi heimtaður við inntöku í neðsta bekk skólans.				
5. Laun cand. mag.				
Fluttar:	6,120 kr. 4,320 kr.	21,700	21,700	85,800

	1900.	1901.	1900. kr.	1901. kr.	alls. kr.
Fluttar:	6,120 kr.	4,320 kr.	21,700	21,700	85,800
Bjarna Jónssonar sem aukakennara	1,300 —	1,300 —			
6. námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið	5,000 —	5,000 —			
7. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
8. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
9. ýmisleg útgjöld.....	800 —	800 —			
10. fyrir prestsverk	48 —	48 —			
11. til vísindalegra áhalda við kenslu:					
a. í náttúrusögu.....	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði.....	400 —	400 —			
12. til þess að gefa út kenslubækur handa lærða skólanum, 25 kr. fyrir örkina	600 —	600 —			
13. til áhalda við leikfimiskenslu	200 —	200 —			
			15,488	13,688	
			37,188	35,388	72,576
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:	1900.	1901.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna..	400 kr.	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa.	500 —	500 —			
3. til skólahússins utan og innan	200 —	200 —			
4. ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —			
			2,000	2,000	
			8,600	8,600	17,200
		Flyt...	.....	.....	175,576

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	.....	.....	175,576
V.	Til stýrimannaskólans:				
	a. laun		3,000	3,000	
	b. önnur útgjöld:				
	1. til tímakenslu	1,200 kr.	1,200 kr.		
	2. til áhaldakaupa o. fl.	800 —	200 —		
	3. til eldiviðar og ljósa	500 —	500 —		
	4. ýmisleg útgjöld	500 —	400 —		
			3,000	2,300	
			6,000	5,300	11,300
VI.	Til annarar kenslu:				
	a. til kvennaskóla:				
	1. til kvennaskólans í Reykjavík... þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.	2,500 kr.			
	2. til kvennaskóla Húnvetninga ...	2,200 —			
	3. til kvennaskóla Eyfirðinga	2,200 —			
			6,900	6,900	
	b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemandafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.		5,500	5,500	
	2. til sveitakennara, alt að 80 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna.		5,500	5,500	
	c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...		2,500	2,500	
	d. til kennarafræðslu		2,800	2,800	
	e. námsstyrkur handa kennaraefnum, 50 krónur handa hverjum, alt að 500 kr. hvort árið....		500	500	
	f. til skólaiðnaðar-kenslu		500	500	
	g. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....		1,000	1,000	
	h. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur		300	300	
	i. til kenslu heyrnar- og málleysingja		5,000	5,000	
		Flyt...	30,500	30,500	186,876

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar:	30,500	30,500	186,876
j. til síra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kenslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	30,650	30,650	61,300
VII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík	200	200	
Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kenslu.			
b. til sundkenslu annarsstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	600	600	
	1,800	1,800	3,600
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmenta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,500	1,500	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900	900	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	3,400	3,400	
d. til eldiviðar og áhalda, m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins 500 kr.			
b. til amtsbókasafns Austuramtsins 400 —			
c. til amtsbókasafns Vesturamtsins 400 —	1,300	1,300	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. til landsskjalasafnsins:			
a. laun skjalavarðar	1,200	1,200	
b. til að koma safninu fyrir og til viðhalds	500	200	
Flyt:	9,550	9,250	251,776

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	9,550	9,250	251,776
4. til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
5. til Þjóðvinafélagsins	750	750	
6. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 400 —			
c. til húsnæðis og hita..... 2000 —			
d. til að flytja safnið og koma því fyrir alt að ..... 800 —			
	4,200	3,400	
7. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
8. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að sams konar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið.....	800	800	
9. til fornleifafélagsins:			
a. til útgáfu árbókar ..... 300 kr.			
útborgist því að eins, að árbók fornleifafélagsins komi út hvort árið.			
b. styrkur til að gefa út myndir af þjóðgripum, er skýra sögu vora og siðu... 500 —	800	800	
10. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna ...	300	300	
11. styrkur til að gefa út bækling um Ísland með myndum og kortum vegna Parísarsýningarinnar...	1,000		
12. til náttúrufræðisfélagsins	500	500	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 100 kr. á ári.			
Flyt...	20,700	18,600	251,776

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	20,700	18,600	251,776
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.			
13. Styrkur til kaupm. Björns Kristjánssonar til að koma á fót tígulsteinsverksmiðju	2,500		
Styrkurinn útborgast þegar ofn er bygður, er brenna má í 5000 steina í einu, þerrihús er reist og eltigufuvélar uppkomnar, enda skuldbindi styrkþiggjandi sig til að reyna leir og leiðbeina ókeypis í leirbrenslu næstu 3 ár þeim mönnum, er hlutaðeigandi hreppsnefnd æskir.			
14. styrkur til tveggja manna til nema dýralækningar 600 kr. til hvors	1,200	1,200	
15. styrkur til Guðjóns Guðmundssonar til landbúnaðarnáms við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn	500	500	
16. styrkur til cand. mag. Boga Melsteds til þess að semja sögu Íslands.....	600	600	
17. styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að halda áfram að rannsaka og rita um sögu Íslands	600	600	
18. til séra Matthíasar Jochumssonar, er hann hefir fengið lausn frá prestsembætti samkvæmt ósk.....	2,000	2,000	
19. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
20. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
21. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300	300	
22. til skólakennara Geirs Zoega til að semja íslenzk-enska orða orðabók.....	500	500	
23. Styrkur til yfirdómara Jóns Jenssonar og landritara Jóns Magnússonar til að gefa út lagasafn handa alþýðu 4. bindi 20 kr. fyrir örkina, gegn því að bókin verði seld með vægu verði.....	400		
24. Styrkur til amtmanns Páls Briem til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 20 kr. fyrir örkina.....	200	200	
25. til cand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
26. styrkur til cand. mag. Helga Jónssonar til jurtafræðisrannsókna á Íslandi	1,000	1,000	
27. til kapteins í sjóliðinu Ryders til tilrauna við skógarrækt hér á landi	1,000		
Flyt ..	33,600	27,600	251,776

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	33,600	27,600	251,776
28. styrkur til Stefáns kennara Stefánssonar til að rannsaka fóður- og beitijurtir.....	1,000	1,000	
29. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	1,000		
30. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	1,000		
31. til snikkara Jóns Sveinssonar í Reykjavík fyrir byggingaruppdrátt til stýrimannarkólans	350		
32. til Leikfélags Reykjavíkur alt að..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti jafnmikla upphæð.	500	500	
33. til cand. theol. Haralds Níelssonar, styrkur til utanfarar til að stunda hebreska tungu og skýringar gamla testamentisins	600		
34. til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	600	600	
35. til Halldórs Lárussonar til að fullkomna sig í hraðritun og til að kenna hana	400	400	
	39,050	30,100	69,150
Samtals...	.....	.....	330,926

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 90,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eftirlaun hans, til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr., til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr., til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

Stjórninni er heimilt að veita kennara við lærða skólann, Dr. phil. Þorv. Thoroddsen, lausn frá embætti með eftirlaunum, enda þótt hin almennu skilyrði fyrir þeirri lausn séu eigi fyrir hendi, og skulu eftirlaunin vera 2000 kr. á ári; þó hætti eftirlaun hans, ef hann á ný fær launað embætti í hinu danska ríki.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 130,972 kr. 75 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita alt að 30,000 kr. lán hvort árið til þilskipakaupa frá útlöndum, er veitast einkum þeim mönnum eða félögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í áreiðanlegri vátryggingu og í fyrsta eða öðrum flokki. Eigi má lána meira en 4,000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 20,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum á Íslandi. Búnaðarskólinn á Hvanneyri situr fyrir alt að 5000 kr. af nefndu láni. Að öðru leyti skal haga skiftingu lánsins svo, að allir fjórðungar landsins eigi kost á lántöku til eins eða tveggja mjólkurbúa. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands, og gegn ábyrgð sýslufélaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, sé afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist síðan á 20 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til sveitarfélaga, þó ekki yfir 2000 kr. til hvers. Lán þessi ávaxtast með 3% árlega og sé afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en borgist síðan á 15 árum. Lánum þessum sé ennfremur settir þessir skilmálar:

1. Lánsfé veitist samkvæmt beiðni frá sveitarstjórn til landshöfðingja og eingöngu til jarðabóta, er sé sams konar og þær, sem styrktar eru af landssjóði.
2. Þeir, sem lánin taka fyrir milligöngu sveitarfélaga, verji hver um sig til jarðabóta fyrstu 5 árin, sem lánið stendur, auk lánsupphæðarinnar, ⅓ á móti henni. Dagsverk við jarðabætur þessar skal metið 2 kr.
3. Jarðabæturnar sé samkvæmt vottorði skynbærra manna, er sýslunefnd kveður til að skoða þær, hyggilega stofnaðar og vel unnar.
4. Landshöfðingja sé, eftir nánari fyrirmælum hans, send þau skírteini, er hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að framannefndum skilmálum sé fullnægt.
5. Sé einhverjum af skilmálum þessum ekki fullnægt, er lánið þegar að sama skapi fallið í gjalddaga.
6. Lánbeiðslur sveitarstjórna sé komnar til landshöfðingja fyrir 14. dag maímán. 1900, og veitist eigi neitt af lánum fyr en þann dag.
7. Lán til einstakra manna séu aldrei lægri en 200 kr. til hvers.

Úr viðlagasjóði má veita alt að 90,000 kr. lán til Reykjavíkurkaupstaðar til hafskipabryggjugerðar. Lánið ávaxtist með 3½% og endurborgist á 25 árum.

Úr viðlagasjóði má veita alt að 2,500 kr. lán til að koma á múrsteins- og þakhellugerð.

Öll þessi lán veitist þó því að eins, að fé sé fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera.

Nd. 360. **Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um strandferðir.

Frá Jens Pálssyni.

Enn fremur er skorað á landsstjórnina, að fara þess á leit við stjórn

hins sameinaða gufuskipafélags, að fjölgað verði framvegis viðkomum strandferðabátsins vestur um land á Hvammsfjörð og Skarðsstöð, þannig að hann komi á hvora þessara hafna um sig í fjórum ferðum sínum á vesturleið, og fjórum á suðurleið ár hvert.

Nd. 361. **Viðaukatillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1898—1899.

Flutningsmaður: Pétur Jónsson.

Aftan við 5. gr. bætist ný grein er verði:

6. gr. Sem viðbót við fé það, sem talið er á fjárlögunum 13. gr. C. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmenta veitist: til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Laxárdal 1200 krónur.

Upphæðin í 1. gr. breytist samkvæmt þessu og greinatalan sömul.

Ed. 362. **Frumvarp**

til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. efri deild).

1. gr. Í Reykjavík skal stofna landsspítala, sem hafi eigi færri sjúkrarúm en 24. Til byggingar spítalans má verja úr landssjóði 40,000 kr. og tillagi frá Reykjavíkur kaupstað 10,000 kr. Til útbúnaðar spítalans má verja úr landssjóði alt að 10,000 kr. Hin núverandi spítalaeign í Reykjavík, hús, lóð og áhöld legst einnig til landsspítalans og skal henni ráðstafað á þann hátt, sem landsstjórnin nánar ákveður.

2. gr. Reykjavíkur bær og hvert amt landsins skal hafa rétt til hvert um sig að fá ókeypis aðhjúkrun alla og læknishjálp á sjúklingum, er legið geta í 3 sjúkrarúmum á spítala þessum á ári hverju. Sjúkrarúm þessi skulu veitt fátækum sjúklingum, sem ekki eru á sveit, en sanna fátækt sína með vottorðum, er sjúkrahússtjórnin nánar kveður á um.

3. gr. Í stjórn spítalans eru amtmaður og landlæknir og læknir sá í Reykjavík, er landshöfðingi skipar. Stjórnin semur reglugjörð fyrir spítalann og erindisbréf fyrir starfsmenn hans, er landshöfðingi staðfestir. Hún hefur alla umsjón með spítalanum og spítalahaldinu, ræður starfsmenn og segir þeim upp, og ákveður borgun þá, er sjúklingar þeir, sem ekki fá ókeypis aðhjúkrun samkv. 2. gr., skulu greiða fyrir spítalavistina.

4. gr. Starfsmenn spítalans skulu vera þessir, auk nauðsynlegs vinnufólks og hjúkrunarfólks: 2 yfirlæknar og 1 aðstoðarlæknir; ráðsmaður og ráðskona; yfirhjúkrunarkona og gjaldkeri.

Ráðsmaðurinn fær 600 kr. þóknun á ári fyrir starfa sinn; ráðskonan og yfirhjúkrunarkonan fá auk fæðis og húsnæðis 400 kr. hvor

á ári í kaup; gjaldkeri 200 kr. á ári og aðstoðarlæknirinn 600 kr. á ári auk húsnæðis og fæðis.

5. gr. Þangað til öðruvísi verður ákveðið, skulu kennararnir í útvortislækningum (kirurgi og operation) og innvortis lækningum (therapi) við læknaskólann í Reykjavík takast á hendur yfirlæknastörfin við spítalann, og má greiða alt að 1200 kr. fyrir læknisstörfin, eftir því sem stjórnin nánar ákveður og landshöfðingi samþykkir.

6. gr. Kaup starfsmanna, svo og allur kostnaður árlegur við spítala þennan, að því er gjöldin fara fram úr tekjunum, skal greiðast úr landssjóði.

Ed. 363. **Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja lóð af Arnarhólstúni í Reykjavík.

Flutningsmenn: J. Havsteen. J. Jónassen.

Stjórninni veitist heimild til að selja konsúlsfrú Helgu Vídalín lóð úr Arnarhólstúni í Reykjavík, hið svo nefnda »batteri« ofan að sjó, að flatarmáli 5000 □ álnir, fyrir alt að því 600 kr., og með því skilyrði, að kaupandinn slétti jafnstórt svæði í túni því, sem fylgir embættisbústað landshöfðingja, á þeim stað, þar sem hann til tekur.

Ed. 364. **Frumvarp**

til laga um horfelli á skepnum o. fl.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hvetja hreppsbúa sína til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fénaði þeim, er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sér með því, að láta fénað sinn verða horaðan eða horfalla.

2. gr. Hreppstjóri skal á hausthreppaskilum ár hvert annast um, að kosnir séu 2—4 menn til þess að hafa eftirlit með fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð búpenings í hreppnum. Það er skylda þessara manna, að leiðbeina hreppsbúum í öllu, er lýtur að heyásetning og meðferð búpenings. Verði þeir þess varir, að fénaður einhvers búanda sé illa hirtur eða ætlað of lítið fóður eða húsrúm, skulu þeir áminna þann, er í hlut á.

Um kosningarrétt, kjörgengi og skyldur til þess að takast þennan starfa á hendur gilda sömu ákvæði og um kosningar til hreppsnefnda.

3. gr. Á tímabilinu frá 1. marz til 15. maí ár hvert skulu skoðunarmenn þeir, sem nefndir eru í 2. gr., skoða allan búpening í hreppnum og fóðurbirgðir hreppsbúa. Senda skulu þeir hreppstjóra skýrslu um skoðunina, þegar er þeir hafa lokið henni. Hreppsnefnd ákveður nánara, hvenær á þessu tímabili skoðun þessi skuli fram fara.

4. gr. Hafi skoðunarmenn ástæðu til að ætla, að fénaði einhvers hreppsbúa sé horfellir búinn vegna fóðurskorts, illrar hirðingar eða harðýðgi, þá skulu

þeir skoða hjá þessum búanda svo fljótt, sem því verður við komið, og senda hreppstjóra skýrslu um skoðunina.

5. gr. Nú verður fénaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti skoðunarmanna um að kenna fóðurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fénaðinn hefir undir hendi, eða það sannast á annan hátt, og skal þá hreppstjóri tafarlaust tilkynna það sýslumanni, ásamt öllum málavöxtum, en hann tekur málið fyrir, og skal sá maður sæta sektum frá 10 til 200 kr. eða einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum.

6. gr. Hreppstjóri skal bók halda, er hann ritar í allar skýrslur skoðunarmanna, en skýrslurnar skal hann senda sýslumanni og skulu þær lagðar fyrir sýslunefndina til eftirlits og athugunar. Í skýrslunni um skoðunargjörð þá, sem ræðir um í 3. gr., skal hverjum fjáreiganda gefin einkunn fyrir meðferð og hold búpeningsins. Lesa skal hreppstjóri upp skýrslur þessar á vorhreppaskilum ár hvert. Skýrslurnar skulu samdar eftir fyrirmynd, sem amtsráðið semur.

7. gr. Fyrir skoðunargjörðir þær, sem um er rætt í 3. og 4. gr., skal greiða skoðunarmönnum borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina. Þó má borgunin eigi fara fram úr 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að skoðunargjörðinni. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr. Vanræki skoðunarmenn þær skyldur, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, varðar það alt að 50 króna sektum.

9. gr. Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Sýslumaður skal á manntalsþingi nákvæmlega grenslast eftir því, hvort lögum þessum hafi verið hlýtt, eða brot framið gegn þeim.

10. gr. Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

11. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum.

Nd. 365. **Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald á hvalafurðum (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Af hvalafurðum skal útflutningsgjald greiða sem hér segir:

1.	Af hverri tunnu hvallýsis	kr.	0,50
2.	— —— 100 pd. af hvalkjötsmjöli	—	0,25
3.	— —— 100 — — hvalguano	—	0,10
4.	— —— 100 — — hvalbeinamjöli	—	0,10

2. gr. Um gjald þetta og greiðslu fer eftir fyrirmælum laga 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

3. gr. Með lögum þessum er úr gildi numinn 6. tölul. 2. gr. laga um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl., að því er hvallýsi snertir.

4. gr. Þessi lög öðlast gildi 1. jan. 1900.

Nd. 366. **Frumvarp**

til laga um viðauka við og breyting á tilskipun 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilskipun 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa. (Eins og það var samþykt við 2. umræðu í neðri deild).

1. gr. Heimilt er amtmönnum, þá er þeim virðist nauðsyn bera til, að fyrirskipa almennar skoðanir og baðanir á sauðfé svo og sótthreinsun fjárhúsa á stærri eða minni svæðum í ömtum sínum, enda þót eigi sè full vissa fyrir því, að fjárkláða hafi orðið vart á stöðum þeim, er um er að ræða.

Kostnað, er af þessu leiðir, skal greiða samkvæmt reglunum í 3. og 6. gr. tilskipunar 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

2. gr. Verði vart við kláða í fé á tímabilinu frá byrjun réttta til jóla, skulu hlutaðeigendur sýkta kindur þegar í stað skorna, nema eigandi kjósi heldur, að hreppstjóri eða aðstoðarmenn hans taki sjálfir kindurnar til umsjónar og lækni þær, og borgar þá eigandi allan kostnað, er af því leiðir.

3. gr. Allir fjáreigendur skulu hafa glöggar gætur á, hvort kláða verður vart í sauðfé þeirra, og tafarlaust skýra hreppstjóra eða aðstoðarmönnum hans frá sérhverri grunsamlegri sýki, er fyrir kemur, og þangað til næst til þeirra annast um, að hinar sýktu eða grunuðu kindur séu hafðar aðgreindar frá öðru sauðfé.

4. gr. Ákvæðunum í fyrsta hluta 7. gr. í fyrgreindri tilskipun 5. janúar 1866 um sektir alt að 20 rdl. er breytt þannig, að sektirnar eru frá 5 til 200 kr., og gilda ákvæðin í 7. og 8. gr. tilskipunarinnar einnig fyrir brot gegn lögum þessum.

Ed. 367. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls til kirkju.

Frá Guttormi Vigfússyni, Jóni Jónssyni og Jóni Jakobssyni.

1. við 1. gr. Orðið »hann« í annari línu greinarinnar falli burt, en í þess stað komi: karlmaður.
2. — — — Á eftir »gjalddaga« komi: en kvenmaður hálfu minna.
3. — 3. gr. Í staðinn fyrir »Sé lambið ekki fóðrað, skal lambsfóðrið« komi: Geti búandi ekki fóðrað lambið, eða prestur notað lambsfóðrið skal það

Nd. 368. **Frumvarp**

til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi (eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Hver sá, er rekur verzlun með áfenga drykki — sbr. þó 3. gr. — borgar í landssjóð 500 króna árlegt gjald fyrir hvern sölustað, og skal það greitt fyrir fram fyrir eitt ár í senn, en lögreglustjóri innheimtir.

Alstaðar þar sem áfengir drykkir eru nefndir í lögum þessum er með þeim talið staðjastað öl.

2. gr. Þeir menn og verzlunarfélög, að undanskildum kaupfélögum og pöntunarfélögum, sem hafa rétt til að reka verzlun með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi, halda þessum rétti gegn því að borga gjald það, er segir í fyrstu grein. Hlutafélög, samlög og aðrar stofnanir, er eigi verða eigendaskifti að, halda þessum rétti, þó eigi lengur en um næstu 15 ár.

Þeir menn, sem vilja öðlast rétt til áfengisverzlunar, þurfa sérstakt leyfisbréf, sem að eins gildir fyrir einn sölustað, er í því sé nefndur. Leyfisbréfið gefur amtmaður út, og gildir það að eins 5 ár, og verður að fá nýtt leyfisbréf að þeim tíma liðnum. Fyrir hvert leyfisbréf greiðist 500 króna gjald, er rennur í landssjóð.

Amtmaður úrskurðar, hvort veita skuli leyfisbréf, að fengnu áliti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Á stöðum, þar sem önnur verzlun með áfengi er fyrir, ber að veita það að jafnaði, ef hreppsnefnd eða bæjarstjórn er því meðmælt. Á stöðum, þar sem engin þess háttar verzlun er, má ekki veita það, nema hreppsnefnd og sýslunefnd eða bæjarstjórn sé því meðmælt.

3. gr. Til þess að mega verzla með áfenga drykki á skipi á löggiltum verzlunarstöðum þarf sérstakt leyfisbréf og greiðist fyrir það 600 króna gjald til landssjóðs, en gjald fyrir notkun á því skal eigi greiða. Leyfisbréfið gefur amtmaður út og gildir það að eins í eina verzlunarferð, og er á verzlunarstað er komið, skal sýna það lögreglustjóra áður en verzlað er með vínföng á þeim stað.

Leyfisbréfið má eingöngu nota á höfnum þeim, þar sem heimilt er að verzla með drykki þessa á sjálfum verzlunarstaðnum.

4. gr. Eigi má selja áfenga drykki í smærri skömtum en hér segir:

a) af víni á flöskum með lakki eður innsigli fyrir, sömuleiðis af brennivíni, rommi, konjakki, púnsextrakti eða þvílíkum drykkjum, ekki minna en $^3/_4$ úr potti;
b) af öli á tré-flátum ekki minna en $^1/_4$ úr tunnu;
c) af öli á flöskum ekki minna en 2 þriggjapelaflöskur eða 4 hálfflöskur ($1^1/_2$ pelaflöskur).

5. gr. Hver sá maður, þar með taldir verzlunarmenn og forstjórar og starfsmenn kaupfélaga og pöntunarfélaga, sem ekki hefir sjálfur leyfi til að verzla með áfenga drykki, en pantar þá handa öðrum eða annast um sendingu á þeim til annara frá kaupmönnum á Íslandi, er leyfi þetta hafa, eða frá stöðum fyrir utan Ísland, gjörir sig sekan í ólöglegri verzlun.

6. gr. Hver sá, er rétt hefir til veitingar áfengra drykkja, skal borga í landssjóð 300 kr., ef veitingahúsið er í kaupstað, en 200 krónur utan kaupstaðar í árlegt afgjald, og greiðist það á sama hátt og afgjaldið af verzlun með áfenga drykki.

7. gr. Nú vill maður öðlast leyfi til veitingar áfengra drykkja, skal þá senda umsókn um það til hreppsnefndar eður bæjarstjórnar, og vilji hún sinna málinu, skal bera það undir atkvæði á hreppaskilaþingi eður almennum fundi bæjarmanna, er atkvæðisrétt eiga í bæjarmálum. Til þess að leyfið verði veitt og skilyrði sett fyrir því, þarf í hreppi meiri hluti atkvæða þeirra hreppsbúa, er atkvæðisrétt eiga í sveitamálum, og ennfremur samþykki meira hluta hreppsnefndar og sýslunefndar og staðfestingu amtmanns, en í kaupstöðum verður að minsta kosti þriðjungur allra atkvæðisbærra bæjarmanna að hafa sótt fundinn, og því næst verður meiri hluti fundarmanna og meiri hluti bæjar-

stjórnar að hafa fallist á veitingarleyfið og amtmaður staðfest það. Hver sem fær leyfi þetta, skal skyldur til að geta hýst ákveðna tölu ferðamanna og selt þeim nauðsynlegan greiða. Fyrir leyfið greiðast í kaupstöðum 300 kr. og utan kaupstaðar 200 kr., er renna í landssjóð.

Leyfisveitingin og skilyrðin fyrir henni skulu borin upp til atkvæða í einu lagi. Liggi fleiri tillögur fyrir en ein, skal þá fyrst upp bera, er síðast kom fram, o. s. frv.

Leyfið skal veita fyrir 5 ár í senn og gildir að eins fyrir einn sölustað, en amtmaður getur, eftir tillögum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, eða að fengnu áliti hennar, tekið leyfið af leyfishafa, ef hann ekki heldur skilyrði þau, er leyfið er bundið.

8. gr. Leyfi til veitinga áfengra drykkja og leyfi til að verzla með þá má eigi sami maður hafa. Þeir er rétt hafa til veitinga og líka hafa rétt til að verzla með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi, halda þó þessum rétti gegn því að borga gjald það er segir, í 1. gr., auk gjalds þess, er segir í 6. gr. laga þessara.

9. gr. Hver sá, er rétt hefir til að verzla með eða veita áfenga drykki, getur leyst sig undan gjöldum þeim, er ákveðin eru í 1. og 6. gr., með því að gefa lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það, að hann afsali sér rétti sínum til verzlunar eða veitingar áfengra drykkja. Þar sem réttur þessi byggist á sérstöku leyfisbréfi, skal ennfremur afhenda það til ónýtingar. Afsal á rétti til áfengissölu skal lögreglustjóri tilkynna amtmanni.

10. gr. Sérhver lyfsali hefir heimild til að selja áfenga drykki, sem fyrirskipaðir eru eftir læknisforskrift, enda þótt hann hafi eigi rétt til að verzla með áfengi.

11. gr. Ólöglegar veitingar eru taldar:

a) ókeypis veitingar áfengra drykkja í verzlunarhúsum eða í sambandi við verzlunaratvinnu yfir höfuð að tala.

b) sala áfengra drykkja af manni, er til þess hefir leyfi, ef drykkjanna er neytt þar á staðnum, jafnvel þó það sé gjört án hans leyfis, ef það er á hans vitorði, eða ef atvik liggja svo til, að hann hefir haft ástæðu til að gruna, að það yrði gjört, nema hann sanni, að hann hafi gjört það, sem í hans valdi stóð, til að koma í veg fyrir það.

12. gr. Enginn er skyldugur til að borga áfenga drykki, sem hann fær til láns.

13. gr. Ólöglegt verzlun með áfenga drykki — að frátöldum brotum á 4. gr. — varðar sektum, fyrsta sinn 50—250 kr., ef brotið er ítrekað, 100—500 kr., og þar að auki missa þeir, er verzlun reka, einnig verzlunarrétt sinn í þriðja sinn, sem brotið er Auk þessara hegninga skal einnig gjöra upptæka alla áfenga drykki, er hjá hinum seka finnast, en er svo á stendur, sem segir í 5. gr., þó því að eins, að hann reki verzlun.

14. gr. Brot gegn 4. gr. varða í fyrsta sinn 25—250 kr. sektum. Sè brotið ítrekað, varðar það 50—500 króna sektum og missi réttinda til að verzla með áfengi.

15. gr. Ólöglegt veiting áfengra drykkja varðar sektum 25—250 kr. í fyrsta sinn, og 50—500 kr., ef ítrekað er, og missir hinn seki, ef hann hefir rétt til að verzla með áfenga drykki, þar að auki rétt þennan, ef brotið er ítrekað, og ef hann rekur verzlun missir hann verzlunarrétt sinn, er brotið er þriðja sinn. Loks skal við annað brot gjöra upptæka alla áfenga drykki, er finnast hjá hinum seka.

16. gr. Nú veitir sá, er rétt hefir til veitinga áfengra drykkja, drykki þessa unglingi, innan 16 ára aldurs, eða manni, sem sölumaður veit gjörla, að á síðastliðnum 5 árum hefir verið sviftur fjárforráðum vegna drykkjuskapar, eða á sama tíma hefir

þjáðst af drykkjumanna-geðveiki eða er skertur á geðsmunum, og varðar það þá 50—500 kr. sektum hið fyrsta sinn, en fangelsi og missi veitingaleyfis, ef brotið er ítrekað.

17. gr. Nú hefir maður fyrir brot á lögum þessum eða lögum um veitingu og sölu áfengra drykkja 10. febrúar 1888 fyrirgjört rètti sínum til verzlunar með eða veitinga á vörum þessum, og getur hann þá ekki fengið nýtt leyfisbréf fyr en 5 ár eru liðin frá því hann misti hin fyrri réttindi sín, án þess hann á þeim tíma hafi brotið áðurnefnd lög.

Brjóti hann síðan lög þessi, skal telja það brot hans sem brot í annað sinn.

18. gr. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir eiga ásamt lögreglustjórnum að hafa eftirlit með, að eigi fari fram ólögleg verzlun eða veitingar áfengra drykkja.

19. gr. Sektir þær, er um ræðir í lögum þessum og andvirði fyrir drykki þá, er upptækir hafa verið gjörðir samkvæmt þeim, renna í sjóð sveitar þeirrar eða kaupstaðar, er brotið er framið í.

20. gr. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

21. gr. Lög um veitingu og sölu áfengra drykkja 10. febrúar 1888 eru úr gildi numin.

22. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1900.

Nd. 369. **Frumvarp**

til laga um heimild til að selja Reykjavíkur kaupstað vegarstæði yfir Arnarhólslóð í Reykjavík.

Flutningsmaður Jón Jensson.

Stjórninni veitist heimild til að selja Reykjavíkur kaupstað lóð í Arnarhólstúni undir veg frá Lindargötu vestur á Kalkofnsstíg eftir nánara samkomulagi við bæjarstjórnina um vegarstæðið og gegn andvirði, sem ákveðst með dómkvaddra manna mati.

Nd. 370. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um fjármál hjóna.

Frá Kl. Jónssyni.

Orðin í 4. gr. fyrri lið »yfirvaldið« og »ef því sýnist svo« falli burt.

Nd. 371. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í neðri deild).

Frá Sighv. Árnasyni, Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk., Birni Sigfússyni, Þórði Guðmundssyni, Þorláki Guðmundssyni, Guðjóni Guðlaugssyni.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir »fasteignum« komi: jarðeignum eða húseignum.

2. — 7. gr. Í staðinn fyrir »fasteignarinnar« komi: jarðeignarinnar eða húseignarinnar.
3. — 8. gr. Í staðinn fyrir »fasteigna« komi: jarðeigna eða húseigna.
4. — 17. gr. Í staðinn fyrir »fasteignum« komi: jarðeignum eða húseignum.

Ed. 372. **Breytingartillaga**
við breytingartillögur á þingskjali 367.
Frá Sigurði Jenssyni.
Við 2. tölul. Í staðinn fyrir »en kvennmaður hálfu minna« komi:
en búlaus kvennmaður hálfu minna.

Nd. 373. **Nefndarálit**
um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frv. þetta, sem vísað hefir verið til fjárlaganefndarinnar, eftir að það hefir verið til meðferðar í efri deild, höfum vér athugað, og leggjum til að það verði samþykt óbreytt, þar eð vér álítum að sú eina breyting sem það hefir fengið í efri deild, hafi við alt góð rök að styðjast.

Neðri deild alþingis 10. ágúst 1899.

Tr. Gunnarsson formaður. Jón Jónsson, þm. Eyf. Skúli Thoroddsen.
Guðjón Guðlaugsson. Jón Jónsson, þm. A.-Sk. Jón Jensson.
Sigurður Gunnarsson.

Ed. 374. **Breytingartillögur**
við frv. til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík (362).
Frá Hallgr. Sveinssyni, Kristjáni Jónssyni, J. Jónassen.
Við 2. gr. Orðin »á ári hverju« falli burt.
— 3. — Fyrir »Stjórnin« komi: »spítalastjórnin«.
— 5. — Fyrir »Stjórnin« komi: »spítalastjórnin«.

Nd. 375. **Frumvarp**
til laga um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls og lausamannsgjalds til kirkju (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Dagsverk skal vinna hjá presti um túnaslátt, en hann fæðir gjaldanda. Ef gjaldandi ekki vinnur dagsverkið, skal karlmaður greiða presti það eftir verðlagsskrá þeirri, er gildir á gjalddaga, en búlaus kvennmaður hálfu minna. Dagsverk eiga að vinna eða greiða: bændur allir, tíundi þeir ekki full 5 hndr. lausafjár, húsmenn, þurrabúðarmenn, kaupstaðarborgarar og allir þeir, karlar og konur, sem eiga heimili forstöðu að

veita, sèu þeir ekki í skiftitíund; enn fremur lausamenn og lausakonur, sem ekki eru í skiftitíund, og eins þó þau tíundi ekkert, einhleypir húsmenn og húskonur og vinnuhjú, ef þau tíunda 60 ál.

2. gr. Offur skal greiða hver húsbóndi eða sjálfstæður maður einhleypur, sem á 20 hndr. í fasteign (eftir gildandi jarðamati) eða í lausafé eða í hvorutveggja til samans; ennfremur hver húseigandi í kaupstöðum og verzlunarstöðum, ef húseign þeirra er að minsta kosti virt á 3000 kr. og er eigi notuð við ábúð á jörð þeirri, er metin sé til dýrleika; konunglegir embættismenn og sýslunarmenn, er landshöfðingi skipar, er hafi að minsta kosti 500 kr. að launum, enn fremur kaupmenn, lyfsalar, bakarar, verzlunarstjórar og verzlunarþjónar, er einnig hafi að minsta kosti 500 kr. að launum. Offrið er að minsta kosti 4 kr. og gjalddagi á því 14. maí ár hvert.

3. gr. Hver sá, sem hefir til afnota jörð eða jarðarhluta, sem metin er til dýrleika, skal fóðra lamb fyrir prestinn; sömuleiðis hver sá, sem hefir grasnytjar af slægjulandi, er hann sjálfur á eða leigir, ef það gefur af sér að minsta kosti kýrfóður. Geti búandi ekki fóðrað lambið, eða prestur notað lambsfóðrið, skal það goldið eftir verðlagsskrá og er gjalddagi á því 10. maí ár hvert.

Nú hefir maður tvær eða fleiri heilar jarðir til ábúðar eða afnota, og skal hann þá fóðra jafnmörg lömb og ábúðarjarðir hans eru.

4. gr. Lausamenn og lausakonur greiða presti 50 aura gjald á ári, hvort sem þau eiga að greiða dagsverk eða ekki. Gjalddagi á þessu gjaldi er 14. maí ár hvert.

5. gr. Heilan ljóstoll til kirkju gjaldi búandi hver eða húsráðandi, sem heldur hjú, hvort sem hann er karl, kvæntur eða ókvæntur, eða kona, gift eða ógift. Hálfan ljóstoll til kirkju gjaldi húsráðendur og húsmenn hjúalausir og ennfremur einhleypir menn og vinnuhjú, sem tíunda 60 ál. eða meira. Hjú teljast börn yfir 16 ára aldur, sem vinna hjá foreldrum sínum.

6. gr. Lausamenn og lausakonur greiði til kirkju 50 aura á ári.

7. gr. Gjalddagi á gjöldum þeim, er talin eru í 5. og 6. gr., er 31. desbr. ár hvert.

8. gr. Ákvæði þau í eldri lögum, er koma í bága við lög þessi, eru numin úr gildi.

Nd. 376. **Frumvarp**

til laga um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Af andvirði seldra þjóðjarða skal stofna sjóð, er nefnist Ræktunarsjóður Íslands.

2. gr. Stofnfé sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, er seldar hafa verið frá árslokum 1883 til ársloka 1898, bæði það, sem greitt hefir verið í viðlagasjóð, og það, sem stendur óborgað hjá kaupendum jarðanna. Sá hluti, er runnið hefir í viðlagasjóð, skal út lagður í skuldabréfum sveitarfélaga fyrir jarðabótalánum, að því leyti sem þau hrökkva.

Í sjóð þenna skal og renna andvirði þjóðjarða þeirra, er síðar verða seldar.

3. gr. Tilgangur sjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnféð má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til jarðabóta og annara framkvæmda, er að jarðrækt lúta. Vöxtunum má verja til verðlauna fyrir frábæran dugnað í jarðabótum, að því leyti sem þeim er eigi varið til að auka stofnfé sjóðsins.

4. gr. Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins og semur skipulagsskrá fyrir hann og reglugjörð um lánveitingar og úthlutun verðlauna.

Skipulagsskráin skal staðfest af konungi.

Leita skal álits Búnaðarfélags Íslands um lánveitingar og verðlaunaveitingar þær, er ræðir um í 3. gr.

Ed. 377. **Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í neðri deild).

Frá landshöfðingja.

Við 13. gr. C. Við þennan staflið bætist nýr töluliður á eftir 30. tölulið:

Styrkur til Brynjólfs skrifara Þorlákssonar til þess að fullkomna sig í orgelspili og »Musiktheori« í Kaupmannahöfn fyrra árið 800 kr.

Nd. 378. **Frumvarp**

til laga um fjármál hjóna (eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

I. þáttur.

Kaupmálar hjóna.

1. gr. Þá er gjöra á með kaupmála breyting á hinu venjulega helmingafélagi hjóna, þá er hann því að eins gildur, að kaupmálinn sé skriflegur, og undirritaður af hjónunum, hvort sem hann er gjörður á undan eða eftir giftingu. Eigi má breyta kaupmála né fella hann úr gildi nema með nýjum kaupmála.

2. gr. Nú er annað hjóna eða hjónaefna halfmyndugt, er það gjörir kaupmála, og þarf þá samþykki tilsjónarmanns; sé það ómyndugt eða svift fjárforráðum, skal samþykki fjárráðamanns, auk samþykkis þess sjálfs, koma til.

3. gr. Nú er kaupmáli gjörður samkvæmt því, er að framan er sagt, og er hann þá án konungsstaðfestingar skuldbindandi fyrir hjónin sjálf og fyrir erfingja þeirra, sé hann gjörður áður en þau gengu í hjónaband. Sé hann gjörður eftir að þau gengu í hjónaband, verður hann skuldbindandi fyrir þau sjálf og erfingja þeirra, þegar konungur hefir staðfest hann.

4. gr. Með kaupmála mega hjón skipa fjármálum sínum á hvern lögmætan hátt, er þeim sýnist, ef þau gæta þess, er í lögum þessum segir; þurfi kaupmálinn staðfestingar, má synja um hana að öllu eða nokkru leyti.

Eigi má þó ákveða í kaupmála eða á annan hátt, að allar eigur annars hjóna, er það á og síðar eignast, skuli vera séreign hins, eða að séreign annars þeirra skuli vera í umráðum hins eins, eða að afraksturinn af sjálfstæðri at vinnu annars þeirra skuli vera séreign hins eða undir umráðum þess eins; hjón geta eigi heldur með kaupmála þegið sig undan skyldum þeim, er ræðir um í 11. og 22. gr. laga þessara.

5. gr. Kaupmáli er gildur gagnvart öðrum mönnum frá giftingardegi, sé hann löglega þinglesinn áður (sbr. 6. og 7. gr.). Hann gildir þó gagnvart kröfum, sem eldri eru en hjónabandið, hafi þess áður verið beiðst, að hann yrði sem fyrst þinglesinn. Annars gildir hann eigi gagnvart öðrum mönnum fyr en frá þinglýsingardegi.

Kaupmáli er eigi því til fyrirstöðu, að maður, er eigi hafði vitneskju um hann, öðlist með samningi á undan þinglýsing hans réttindi yfir eigum hjónanna. Skuldheimtumenn þeir, sem eiga kröfur, er eldri eru en þinglýsing kaupmálans eða beiðnin um þinglýsinguna, þegar svo á stendur eins og segir í 2. málslið undanfarandi málsgreinar, og stafi kröfur þeirra eigi frá samningi, er gjörður hefir verið með vitund um kaupmálann, og hafi þeir árangurslaust leitað eftir borgun hjá því hjónanna, sem er skuldunautur inn, geta gengið eftir borgun hjá hinu hjónanna í fjármunum þeim, sem það hefir fengið til séreignar með kaupmálanum, nema það sannist, að skuldunautur sjálfur hafi átt nægilegt fé fyrir öllum skuldum sínum á þeim tíma, er kaupmálinn gekk í gildi gagnvart skuldheimtumönnum. Ræði kaupmálinn um fé, er síðar aflast, er þó skuldheimtumönnum fyrirmunað að leita borgunar í fé þessu, ef kaupmálinn er þinglesinn, áður en þess var aflað.

6. gr. Þinglýsing samkvæmt undanfarandi grein skal fram fara á varnarþingi bónda. Nú á hann ekkert varnarþing, og skal þó þinglýsa kaupmála hans hér á landi, og skal þá þinglýsa við hinn kgl. íslenzka landsyfirrétt.

7. gr. Til þess að kaupmáli geti haft áhrif á ráðstafanir yfir fasteignum, verður að þinglýsa honum sérstaklega við varnarþing þeirra. Annars standa þeir samningar óhaggaðir, er þeir menn gera, er ókunnugt er um kaupmálann, enda þótt hann sé þinglesinn á varnarþingi bóndans, séu samningarnir gerðir áður en kaupmálinn er þinglesinn við varnarþing fasteignanna.

8. gr. A skuldabréf, hlutabréf, ábyrgðarskírteini og önnur slík skjöl skal gjöra áritun um kaupmálann. Þangað til það er gjört, geta þeir, er ókunnugt er um hann, eignast réttindi yfir téðum skjölum, er koma í bága við kaupmálann.

9. gr. Eftir ráðstöfun landshöfðingja skal í Reykjavík halda skrá yfir alla kaupmála hjóna, sem þinglesnir eru. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu, þegar er kaupmáli hefir verið þinglesinn, senda skrifstofu þeirri, er landshöfðingi ákveður og auglýsir, skýrslu um kaupmálann í ábyrgðarbréfi. Í skýrslu þessari skal tilgreina nöfn og stétt málsaðila, bústað þeirra og þinglýsingardag kaupmálans, en eigi skal skýra frá efni hans. Sérhverjum er heimilt að fá skýrslu um það eftir skrá þessari fyrir 1 krónu gjald, hvort kaupmáli hafi gjörður verið, og ef svo er, hvar og hvenær hann hafi verið þinglesinn, en senda verður hann skriflega beiðni um það, er skýrir frá nöfnum málsaðila, og, ef unt er, stétt bónda. Landshöfðingi gefur nánari reglur um fyrirkomulag skrárinnar, og hvernig hún skal haldin. Kostnaðurinn, er af þessu leiðir, greiðist úr landssjóði. Við lok hvers mánaðar skal birta í auglýsingablaði landsstjórnarinnar það, sem fært hefir verið inn í skrána mánuð þann, er liðinn er. Til að borga auglýsingarkostnað þennan skal greiða 1 kr., auk þinglýsingargjalds fyrir kaupmála.

II. þáttur.

Um fjárforræði giftrar konu og umráðin yfir félagsbúinu.

10. gr. Um fjárforræði giftrar konu í fjármálum fer sem um fjárforræði ógiftrar. Bónda má skipa tilsjónarmann eða fjárráðamann konu sinnar. En ef ráðstöfun sú, er fram á að fara, snertir hag hans, verður að skipa annan í hans stað.

11. gr. Bóndi hefir einn umráð yfir félagsbúinu. Hann má þó eigi nema með samþykki konu sinnar afhenda, veðsetja né leigja með óvenjulegum kjörum eða um óvenjulega langan tíma fasteignir þær, er eignarskjölin bera með sér, að konan lagði til félagsbúsins, og eigi heldur afhenda, veðsetja né kvitta skuldabréf, hlutabréf, ábyrgðarskírteini, sparisjóðsbækur og þess háttar skjöl, er hún hefur lagt til og bera hennar eignarnafn. Hann má ekki heldur seljast arfsali nema með samþykki hennar. Vilji hún rifta ráðstöfunum, er koma í bága við þessi ákvæði, skal málssókn hafin innan árs frá því er þær voru gjörðar, eða þinglesnar, hafi þær verið lesnar á þingi.

Bóndi má eigi án samþykkis konu sinnar skuldbinda félagsbúið með loforðum um gjafir eða gefa úr því svo, að það á einu ári fari fram úr 5 hundruðustu af skuldlausri eign búsins við næstu árslok á undan. Breyti hann gegn þessu á hún rétt á skaðabótum af séreign hans eða af hans hluta félagsbúsins, þá er því verður skift. Krafa til skaðabóta af séreign bónda skal þó hafin með lögsókn eða áskilin með notarialsvarkröfu á hendur honum innan árs frá því er konan fékk vitneskju um þau atvik, er hún byggir á kröfu sína, og innan mánaðar eftir að búið er tekið til skifta, sé krafa gjörð til skaðabóta úr hluta hans af félagsbúinu.

Þegar svo stendur á, eins og segir í fyrsta kafla greinar þessarar, getur konan í stað þess að rifta ráðstöfuninni krafist skaðabóta af séreign bónda síns eða hluta hans af félagsbúinu á sama hátt og segir í öðrum kafla greinarinnar.

12. gr. Skuldbindingar, er kona hefur gengist undir eða bakað sér áður en hún giftist, hvíla og á manni hennar, nema annað sé um samið í kaupmála, er þau hafa gjört fyrir hjúskap sinn og látið þinglýsa.

13. gr. Ráðstafanir þær, er kona giörir með samþykki og vitund bónda síns, eða til sameiginlegs gagns og sakir óhjákvæmilegra nauðsynja, skuldbinda félagsbúið.

Ef gift kona verður skaðabótaskyld án þess að það stafi af samningi, eða baki hún sér gjöld fyrir hegningarvert athæfi, má ganga að félagsbúinu til greiðslu nefndra gjalda, en bóndi hefir rétt til að fá þau endurgoldin af séreign konu sinnar, atvinnuarði hennar (sbr. 26. gr.) eða af hluta hennar af félagsbúinu, þegar því verður skift.

Ef kona bakar sér aðrar skuldbindingar í hjúskap sínum, verður til fulln ustugjörðar á þeim eigi gengið að öðru en séreign hennar eða atvinnuarði (sbr. 26. gr.) eða að hennar hluta af félagsbúinu, hvort sem því er skift eða hún situr í óskiftu búi.

14. gr. Nú er bóndi sviftur fjárforráðum og hefur þá fullveðja kona hans forráð félagsbúsins með fjárráðamanni bóndans.

15. gr. Þá er kona tekst á hendur að svara ein eða með manni sínum til skulda hans eða skuldbindinga, hvort sem það er með ábyrgð, víxilábeking eða framsali að skaðlausu eða því um líku, eða skuldbinding þessi kemur fram á annan hátt, svo sem með veðsetning á séreignum hennar fyrir skuldum hans, en álíta verður, að skuldbindingin í raun og veru miði að hinu sama, þá eru þessar ráðstafanir ógildar, nema þær séu samþyktar af amtmanni.

Hið sama er um ráðstafanir, er hún með þeim afsalar sér trygging, er hún á í eigum bónda síns eða félagsbúsins.

16. gr. Nú hefur bóndi bakað félagsbúinu þess háttar gjöld, er ræðir um í öðrum kafla 13. greinar, og á þá kona hans rétt á að fá þau endurgoldin af séreign hans, eða af hluta hans af félagsbúinu, þá er því verður skift.

III. þáttur.

Séreign og gjafir hjóna á millum.

17. gr. Í séreign hvors hjóna eru ekki að eins persónuleg réttindi, þótt þau kunni að vera arðsöm, svo sem rithöfundarréttur og sams konar réttindi, heldur og verðmæt réttindi, er eigi verða frá skilin þeim, er þeirra nýtur, svo sem eftirlaun, lífeyrir, forlagseyrir, framfærsluréttur, innstæðuréttindi, óafhendanlegur afnotaréttur, þar í talinn ábúðarréttur, atvinnuréttindi, persónuleg einkaréttindi og því um líkt. Arður af þessum réttindum, sem fellur til í hjónabandinu, rennur þó inn í félagsbúið, nema öðru vísi sé ákveðið í lögum, kaupmála eða með annari lögmætri ráðstöfun.

18. gr. Það verður og séreign, þótt eigi sé það ákveðið í kaupmálanum, er annaðhvort hjóna hefir eignast eða síðar eignast að erfð, þó lögarfur þess sé, eða að gjöf, ef og að svo miklu leyti, sem svo hefir verið ákveðið af arfleifanda eða gefanda. Eigi má í kaupmála gjöra breyting á ákvæðum gefanda eða arfleifanda í þessa átt.

19. gr. Auk þess, sem talið er í 17. og 18. gr., er alt það séreign, sem ákveðið er löglega í kaupmála að svo skuli vera.

20. gr. Hvort hjóna hefir umráð yfir séreign sinni, nema hún sé með kaupmála eða með öðru lögmætu ákvæði, svo sem af hálfu arfleifanda eða gefanda, fengin í hendur sérstökum fjárráðamönnum.

Í kaupmála má ákveða, að konan megi eigi, þótt fullveðja sé, ráða yfir séreign sinni, nema með samþykki bónda síns eða tilsjónarmanns.

21. gr. Arður af séreign eftir kaupmála og andvirði hans skal séreign vera, nema annað sé ákveðið í kaupmálanum.

Það sem útvegað er fyrir muni, sem í séreign eru, eða gengur til að bæta þá eða auka, skal og séreign vera, nema annað sé ákveðið í kaupmála; en ef varið er til þessa fé úr félagsbúi eða af séreign hins hjóna, má heimta endurgjald fyrir það af séreign þess hjóna, er í hlut á, eða af hluta þess í félagsbúinu, þá er því verður skift.

22. gr. Et kostnaður til heimilisparfa (þar með talin húsaleiga) og til viðurværis og uppeldis barnanna getur eigi greiðst af félagsbúinu, er hvort hjóna af

sinni hálfu skylt til að leggja fram fé til gjalda þessara af séreign sinni, meðan hún vinst til. Geti hjónin ekki komið sér saman, ákveður amtmaður, hve mikið þau skuli leggja til.

23. gr. Skuldir, er hvíla á öðru hvoru hjóna, þá er þau giftast, skal greiða af séreign þess, ef nokkur er og meðan endist, nema annað sé ákveðið í kaupmála. Hafi þessar skuldir verið greiddar af félagsbúinu eða séreign hins hjóna, má krefjast endurgjalds af séreign þess, er í hlut á, eða ef þörf gerist af hluta þess úr félagsbúinu, þá er skifti fara fram.

24. gr. Til þess að gjafir milli hjóna í hjúskap þeirra séu gildar, skal um þær gerður kaupmáli, nema svo sé, að gefnir séu munir til persónulegra nota, sem eigi séu meira verðir en svo, að samsvari efnahag gefanda, eða sé gjöfin lífeyrir eða forlagseyrir eða þess konar framfærslueyrir af hendi bónda fyrir konu sína.

Til gjafa teljast og afsöl þau, er getur um í öðrum kafla 28. greinar í lögum nr. 7, 13. apríl 1894; en þá er gefandi skyldur til að greiða það aftur, er gjafarþegi hefir af hendi int.

Það, sem segir í þessari grein, gildir og þá er gjöfin er gefin einhverjum öðrum, en hann afsalar hana síðan hinu hjóna, ef álíta má, að það sé að eins gert til þess að fara kringum lögin.

25. gr. Ákvæðin um ógilding ráðstafana í 4. kapítula laga nr. 7, 13. apríl 1894 eiga og við um ráðstafanir hjóna á milli, hvort sem þau hafa félagsbú eða ekki.

IV. þáttur.

Um umráð giftrar konu yfir aflafé hennar af sjálfstæðri atvinnu.

26. gr. Nú rekur gift kona sjálfstæða atvinnu, sem eigi aðallega er stofnuð né henni viðhaldið með fé bónda hennar eða félagsbúsins, og hefir hún þá, meðan hún lifir, ein og án samþykkis bónda síns eða fjárráðamanns, umráð yfir arði þeirrar atvinnu, og yfir því, er sannað verður, að hún hafi aflað sér fyrir atvinnu-arð sinn. Meðan hún lifir, má eigi taka fé þetta til lúkningar skuldum þeim, sem bóndi hennar hefir stofnað, nema samþykki hennar komi til.

V. þáttur.

Um rétt hjóna til að slíta fjárfélagi.

27. gr. Nú hefir bóndi eytt mjög eigum félagsbúsins, án þess það verði réttlætt nægilega fyrir sérstök atvik, eða gefið fulla ástæðu til þess að óttast megi, að hann muni fara illa með yfirráð sín yfir félagsbúinu, og getur kona hans þá krafist þess, að fjárfélaginu sé slitið, og að full séreign komist á.

28. gr. Þá er kona vill neyta þessa réttar, skal hún senda amtmanni skriflega beiðni um það; rannsakar hann málið, og gefur bónda tækifæri til að láta uppi skoðun sína og leggur síðan úrskurð á það; úrskurði hans má skjóta til landshöfðingja; þegar það er gjört, getur skiftaréttur, ef konan æskir þess, gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að varðveita eigur búsins, einkum á þann hátt, er segir í 2. og 3. lið 57. gr. skiftalaganna.

29. gr. Nú slítur bóndi ólöglega samvistum við konu sína, eða sé félagsbú

þeirra tekið til gjaldþrotaskifta að honum lifanda, og getur kona hans þá krafist þess, að fjárfélagi þeirra sé slitið. Beiðni um þetta sendir hún til amtmanns, og skal beiðnin tekin til greina. Ef kona slítur ólöglega samvistum við bónda sinn, hefur hann og hinn sama rétt til þess, að fá fjárfélagi þeirra slitið.

30. gr. Þá er tekin hefir verið til greina beiðni annarshvors hjóna um, að fjárfélagi þeirra skuli slitið, getur hvort um sig krafist þess, að félagsbúið sé tekið til skifta á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiftalaganna.

Úrskurður um, að fjárfélagi hjóna skuli slitið, gildir fyrir þau sjálf frá því, er beiðnin um það kom til yfirvaldsins, en fyrir aðra frá því er úrskurðurinn er þinglesinn á varnarþingi bónda hér á landi, eða, sé hann farinn úr landi, þá á varnarþingi því, er hann átti síðast hér, og fer um verkanir þinglýsingarinnar eins og segir um þinglýsingu á kaupmála í 5. gr. laga þessara.

2. og 3. ákvæði 67. gr. í skiftalögunum koma því eigi til greina við þau skifti, er hér ræðir um.

31. gr. Þegar það hefir verið löglega ákveðið í kaupmála, að fjárfélagi hjóna skuli slitið, geta þau og hvort um sig krafist þess, að skifti skuli fram fara á félagsbúinu á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiftalaganna, án þess þó nein breyting verði á gildi kaupmálans gagnvart öðrum eftir 5. gr. þessara laga, og þannig án þess, að 2. og 3. ákvæðið í 67. gr. skiftalaganna komi til greina við þau skifti.

VI. þáttur.

Hvenær dæma skal um kaupmála eftir útlendum lögum.

32. gr. Fyrirmæli laga þessara ná og til þeirra kaupmála, sem gjörðir eru erlendis, ef bóndinn á lögheimili hér á landi, en um myndugleika konunnar til að gjöra kaupmálann fer þó eftir lögum lands þess, þar er hún á heimili. —

Nú er kaupmáli gjörður af manni, er eigi er búsettur hér á landi, og sé kaupmálinn gildur eftir lögum lands þess, þar sem maðurinn á heimili, og er málinn þá, að því er fjármál hjónanna snertir, gildur hér á landi fyrir hjónin sjálf og erfingja þeirra, ef hann ákveður ekkert, er kemur í bága við lög þessi, svo og gagnvart öðrum, ef gætt er alls þess, er segir í 6.—8. gr. laga þessara, svo fljótt sem auðið er eftir að bóndinn er fluttur hingað búferlum. —

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1900.

Ed. 379. **Frumvarp**

til laga um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík (eins og það var samþykt við 3. umræðu í Nd.).

1. gr. Í landsbankanum í Reykjavík skal stofna veðdeild, til þess að veitt verði lán um langt árabil og með vægum vaxtakjörum gegn veði í fasteignum.

2. gr. Tryggingarfé deildarinnar er 200,000 kr., sem landssjóður leggur til, og skal það, á amt veðbréfum, sem veðdeildin fær hjá lánþegum sínum og öllum öðrum eignum veðdeildarinnar, vera til tryggingar því, að hún standi í skilum.

Fyrstu 5 árin, eftir að veðdeildin hefir stofnsett verið, veitist henni 5000 króna tillag á ári úr landssjóði.

3. gr. Tryggingarfé deildarinnar skal vera í ríkisskuldabréfum; er það undir um

sjón landsstjórnarinnar og vextir þess renna í landssjóð. Má eigi ráðstafa tryggingarfénu á annan hátt, nema veðdeildin sé brott feld og hafi staðið í skilum við alla.

Beri nauðsyn til að taka á tryggingarfénu, til þess að veðdeildin geti staðið í skilum, skal endurgjalda fé það, sem notað hefir verið, undir eins og efnahagur deildarinnar leyfir.

4. gr. Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarinnar. Sýni reikningsskil tekjuhalla deildinni á hendur, skal hann greiddur úr varasjóði.

5. gr. Veðdeildin má gefa út skuldabréf, sem hljóða upp á handhafa (bankavaxtabréf), en sem má nafnskrá í deildinni. Landsstjórnin ákveður um lögun og útlit skuldabréfanna. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr sexfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðs samtals; eigi mega heldur nokkru sinni vera í veltu bankavaxtabréf, er nemi meiru en veðskuldabréf þau, er veðdeildin á.

6. gr. Upphæð bankavaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum og skal landshöfðingi og stjórn landsbankans rita undir þau. Fjárhæð þeirra skal ákveðin í reglugjörð veðdeildarinnar, svo og vextir og gjalddagi vaxtanna.

7. gr. Fé veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, eða húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær séu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda. Eigi má lána, nema gegn fyrsta veðrétti. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar og skal verð húsa þeirra, er á jörð eru, því að eins telja með, að þau séu vátrygð, svo sem fyr er sagt.

8. gr. Eignir þær, er veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nákvæmar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin. Ennfremur má ákveða í reglugjörðinni, að þegar bankastjórnin krefst þess, skuli sýslunefndir segja álit sitt um verð fasteigna í sýslufélaginu, svo og að bæjarfógetar og hreppstjórar fyrir hæfilega þóknun, er landshöfðingi ákveður og veðdeildin borgar, hafi eftirlit með eignum þeim, sem í kaupstaðnum eða hreppnum eru veðsettar veðdeildinni.

9. gr. Lán þau, er veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust; en borga skal hann kostnað þann, sem af því leiðir.

10. gr. Lánum þeim, er veðdeildin veitir, má hún eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undir gengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi, sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu (sbr. 7. gr.), eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, er bankastjórninni heimtil að tefja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

11. gr. Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs er $^1/_2$ af hundraði á ári af upprunalegri upphæð lánsins, og afborgunargjaldið má eigi nema

minna en svo, að lánum sé lokið á 40 árum, þegar veðið er jarðeign, og á 25 árum, þegar veðið er húseign.

Á hinum ákveðnu gjalddögum má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum deildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra.

12. gr. Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er veðdeildin hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður landshöfðingi til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara númerin á skuldabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

13. gr. Handhafar eða eigendur skuldabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og greiðast engir vextir af höfuðstólnum upp frá því.

14. gr. Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Um ógilding glataðra skuldabréfa og vaxtamiða fer eftir almennum lögum.

15. gr. Skuldabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í sjóð veðdeildarinnar, og skal svo við lok reikningsársins brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

16. gr. Vaxtamiða- og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í landsbankanum í Reykjavík; svo skulu og gjaldheimtumenn landssjóðs taka á mót þeim til borgunar á sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs og innleysa vaxtamiðana og skuldabréfin, eftir því sem þeir hafa fyrir hendi fé, sem á að borgast í landssjóð.

Í reglugjörð veðdeildarinnar skal ákveða, hvar borga skuli út erlendis vaxtamiða og skuldabréf, sem komin eru í gjalddaga.

17. gr. Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 10. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðunum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti. Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

18. gr. Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal við-

lagasjóðs, má verja til þess að kaupa skuldabréf veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverði þeirra, eða séu skuldabréfin verðlögð í kauphöllinni í Kaupmannahöfn, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

19. gr. Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn landsbankans. Þegar veðdeildin er stofnuð, skal þóknun sú, sem gæzlustjórar bankans fá árlega, hækka upp í 750 kr. til hvors. Fyrir endurskoðun á reikningum veðdeildarinnar og til skrifstofuhalds má verja alt að 2500 kr. á ári, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörð veðdeildarinnar. Kostnað við að setja veðdeildina á fót og hækkunina á launum gæzlustjóra greiðir landsbankinn.

20. gr. Ákvæði þau, er sett eru í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, 13. 14. 18.—24. og 26.—29. og 30. gr., 1. lið, um hlunnindi fyrir bankann, stjórn hans og reikningsskil, skulu einnig gilda um veðdeildina, stjórn hennar og reikningsskil.

21. gr. Reglugjörð veðdeildarinnar skal staðfest af ráðgjafanum fyrir Ísland og auglýst í A-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. 380. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. neðri deild).

Frá landshöfðingja.

Við 16. gr. Orðin í síðustu línu: »fangelsi og« falli burt.

Ed. 381. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu minni hluta nefndarinnar við frumv. til laga um aðflutningsgjald af kynjalyfum.

Frá landshöfðingja.

Við 1. gr. Fyrir »50 a.« komi: »1 kr.«.

Nd. 382. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um fjármál hjóna.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. Nd.).

Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk., Sigurði Gunnarssyni, Þorláki Guðmundssyni, Halldóri Daníelssyni, Ólafi Briem, Sighv. Árnasyni.

Við 10. gr. Fyrir »tjárforræði giftrar konu« komi: forræði giftrar konu«.

Nd. 383. **Tillaga**

til þingsályktunar um strandgæzlubát á Faxaflóa.

Frá Jóni Þórarinssyni, 2 þm. Kjósar- og Gullbringusýslu.

Alþingi skorar á stjórnina, að hlutast til um, að útvegaður verði og sendur hingað svo fljótt sem verða má sérstakur fallbyssubátur til strandgæzlu í **Faxaflóa.**

Nd. 384. **Frumvarp**
til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. efri deild).

1. gr. Í Reykjavík skal stofna landsspítala, sem hafi eigi færri sjúkrarúm en 24. Til byggingar spítalans má verja úr landssjóði 40,000 kr. og tillagi frá Reykjavíkur kaupstað 10,000 kr. Til útbúnaðar spítalans má verja úr landssjóði alt að 10,000 kr. Hin núverandi spítalaeign í Reykjavík, hús, lóð og áhöld legst einnig til landsspítalans og skal henni ráðstafað á þann hátt, sem landsstjórnin nánar ákveður.
2. gr. Reykjavíkur bær og hvert amt landsins skal hafa rétt til hvert um sig að fá ókeypis aðhjúkrun alla og læknishjálp á sjúklingum, er legið geta í 3 sjúkrarúmum á spítala þessum. Sjúkrarúm þessi skulu veitt fátækum sjúklingum, sem ekki eru á sveit, en sanna fátækt sína með vottorðum, er sjúkrahússtjórnin nánar kveður á um.
3. gr. Í stjórn spítalans eru amtmaður og landlæknir og læknir sá í Reykjavík, er landshöfðingi skipar. Spítalastjórnin semur reglugjörð fyrir spítalann og erindisbréf fyrir starfsmenn hans, er landshöfðingi staðfestir. Hún hefur alla umsjón með spítalanum og spítalahaldinu, ræður starfsmenn og segir þeim upp, og ákveður borgun þá, er sjúklingar þeir, sem ekki fá ókeypis aðhjúkrun samkv. 2. gr., skulu greiða fyrir spítalavistina.
4. gr. Starfsmenn spítalans skulu vera þessir, auk nauðsynlegs vinnufólks og hjúkrunarfólks: 2 yfirlæknar og 1 aðstoðarlæknir; ráðsmaður og ráðskona; yfirhjúkrunarkona og gjaldkeri.

   Ráðsmaðurinn fær 600 kr. þóknun á ári fyrir starfa sinn; ráðskonan og yfirhjúkrunarkonan fá auk fæðis og húsnæðis 400 kr. hvor á ári í kaup; gjaldkeri 200 kr. á ári og aðstoðarlæknirinn 600 kr. á ári auk húsnæðis og fæðis.
5. gr. Þangað til öðruvísi verður ákveðið, skulu kennararnir í útvortislækningum (kirurgi og operation) og innvortis lækningum (therapi) við læknaskólann í Reykjavík takast á hendur yfirlæknastörfin við spítalann, og má greiða alt að 1200 kr. fyrir læknisstörfin, eftir því sem spítalastjórnin nánar ákveður og landshöfðingi samþykkir.
6. gr. Kaup starfsmanna, svo og allur kostnaður árlegur við spítala þennan, að því er gjöldin fara fram úr tekjunum, skal greiðast úr landssjóði.

Nd. 385. **Frumvarp**
til laga um horfelli á skepnum o. fl.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hvetja hreppsbúa sína til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fénaði þeim, er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sér með því, að láta fénað sinn verða horaðan eða horfalla.

2. gr. Hreppstjóri skal á hausthreppaskilum ár hvert annast um, að kosnir séu 2—4 menn til þess að hafa eftirlit með fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð búpenings í hreppnum. Það er skylda þessara manna, að leiðbeina hreppsbúum í öllu, er lýtur að heyásetning og meðferð búpenings. Verði þeir þess varir, að fénaður einhvers búanda sé illa hirtur eða ætlað of lítið fóður eða húsrúm, skulu þeir áminna þann, er í hlut á.

Um kosningarrétt, kjörgengi og skyldur til þess að takast þennan starfa á hendur gilda sömu ákvæði og um kosningar til hreppsnefnda.

3. gr. Á tímabilinu frá 1. marz til 15. maí ár hvert skulu skoðunarmenn þeir, sem nefndir eru í 2. gr., skoða allan búpening í hreppnum og fóðurbirgðir hreppsbúa. Senda skulu þeir hreppstjóra skýrslu um skoðunina, þegar er þeir hafa lokið henni. Hreppsnefnd ákveður nánara, hvenær á þessu tímabili skoðun þessi skuli fram fara.

4. gr. Hafi skoðunarmenn ástæðu til að ætla, að fénaði einhvers hreppsbúa sé horfellir búinn vegna fóðurskorts, illrar hirðingar eða harðýðgi, þá skulu þeir skoða hjá þessum búanda svo fljótt, sem því verður við komið, og senda hreppstjóra skýrslu um skoðunina.

5. gr. Nú verður fénaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti skoðunarmanna um að kenna fóðurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fénaðinn hefir undir hendi, eða það sannast á annan hátt, og skal þá hreppstjóri tafarlaust tilkynna það sýslumanni, ásamt öllum málavöxtum, en hann tekur málið fyrir, og skal sá maður sæta sektum frá 10 til 200 kr. eða einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum.

6. gr. Hreppstjóri skal bók halda, er hann ritar í allar skýrslur skoðunarmanna, en skýrslurnar skal hann senda sýslumanni og skulu þær lagðar fyrir sýslunefndina til eftirlits og athugunar. Í skýrslunni um skoðunargjörð þá, sem ræðir um í 3. gr., skal hverjum fjáreiganda gefin einkunn fyrir meðferð og hold búpeningsins. Lesa skal hreppstjóri upp skýrslur þessar á vorhreppaskilum ár hvert. Skýrslurnar skulu samdar eftir fyrirmynd, sem amtsráðið semur.

7. gr. Fyrir skoðunargjörðir þær, sem um er rætt í 3. og 4. gr., skal greiða skoðunarmönnum borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina. Þó má borgunin eigi fara fram úr 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að skoðunargjörðinni. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr. Vanræki skoðunarmenn þær skyldur, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, varðar það alt að 50 króna sektum.

9. gr. Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Sýslumaður skal á manntalsþingi nákvæmlega grenslast eftir því, hvort lögum þessum hafi verið hlýtt, eða brot framið gegn þeim.

10. gr. Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

11. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum.

Nd 386. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi.

Frá nefndinni.

Við 1. gr. Á eftir »jarðeign« bætist inn í: eða jarðarítök.
— 2. — Fyrir »til fyrverandi eiganda« komi: fyrverandi eiganda.

Ed. 387. **Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr. 1872.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Af öllum bittertegundum (bitter-essents, bitter-likör, elixir o. fl.) skal greiða í toll 1 kr. af hverjum pela eða minni flátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé drykkjarvaran aðflutt í stærri flátum. Hlutur úr pela skal talinn sem heill peli.
2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1900.

Nd. 388. **Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

Við frumvarp þetta hafa verið gerðar tvær efnisbreytingar í efri deild, en með því þær raska ekki stefnu þess að neinu leyti, leggur nefndin það til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt, eins og það liggur nú fyrir.

Neðri deild alþingis 11. ágúst 1899.

Pétur Jónsson, formaður.	Ólafur Briem, skrifari.	Guðjón Guðlaugsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,	Þorlákur Guðmundsson.

Ed. 389. **Frumvarp**

til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Hver sá, er rekur verzlun með áfenga drykki — sbr. þó 3. gr. — borgar í landssjóð 500 króna árlegt gjald fyrir hvern sölustað, og skal það greitt fyrir fram fyrir eitt ár í senn, en lögreglustjóri innheimtir.

Alstaðar þar sem áfengir drykkir eru nefndir í lögum þessum er með þeim talið staðjastað öl.

2. gr. Þeir menn og verzlunarfélög, að undanskildum kaupfélögum og pöntunarfélögum, sem hafa rétt til að reka verzlun með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi,

halda þessum rétti gegn því að borga gjald það, er segir í fyrstu grein. Hlutafélög, samlög og aðrar stofnanir, er eigi verða eigendaskifti að, halda þessum rétti, þó eigi lengur en um næstu 15 ár.

Þeir menn, sem vilja öðlast rétt til áfengisverzlunar, þurfa sérstakt leyfisbréf, sem að eins gildir fyrir einn sölustað, er í því sé nefndur. Leyfisbréfið gefur amtmaður út, og gildir það að eins 5 ár, og verður að fá nýtt leyfisbréf að þeim tíma liðnum. Fyrir hvert leyfisbréf greiðist 500 króna gjald, er rennur í landssjóð.

Amtmaður úrskurðar, hvort veita skuli leyfisbréf, að fengnu áliti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Á stöðum, þar sem önnur verzlun með áfengi er fyrir, ber að veita það að jafnaði, ef hreppsnefnd eða bæjarstjórn er því meðmælt. Á stöðum, þar sem engin þess háttar verzlun er, má ekki veita það, nema hreppsnefnd og sýslunefnd eða bæjarstjórn sé því meðmælt.

3. gr. Til þess að mega verzla með áfenga drykki á skipi á löggiltum verzlunarstöðum þarf sérstakt leyfisbréf og greiðist fyrir það 600 króna gjald til landssjóðs, en gjald fyrir notkun á því skal eigi greiða. Leyfisbréfið gefur amtmaður út og gildir það að eins í eina verzlunarferð, og er á verzlunarstað er komið, skal sýna það lögreglustjóra áður en verzlað er með vínföng á þeim stað.

Leyfisbréfið má eingöngu nota á höfnum þeim, þar sem heimilt er að verzla með drykki þessa á sjálfum verzlunarstaðnum.

4. gr. Eigi má selja áfenga drykki í smærri skömtum en hér segir:

a) af víni á flöskum með lakki eður innsigli fyrir, sömuleiðis af brennivíni, rommi, konjakki, púnsextrakti eða þvílíkum drykkjum, ekki minna en $^3/_4$ úr potti;
b) af öli á tré-ílátum ekki minna en $^1/_4$ úr tunnu;
c) af öli á flöskum ekki minna en 2 þriggjapelaflöskur eða 4 hálfflöskur ($1^1/_2$ pelaflöskur).

5. gr. Hver sá maður, þar með taldir verzlunarmenn og forstjórar og starfsmenn kaupfèlaga og pöntunarfélaga, sem ekki hefir sjálfur leyfi til að verzla með áfenga drykki, en pantar þá handa öðrum eða annast um sendingu á þeim til annara frá kaupmönnum á Íslandi, er leyfi þetta hafa, eða frá stöðum fyrir utan Ísland, gjörir sig sekan í ólöglegri verzlun.

6. gr. Hver sá, er rétt hefir til veitingar áfengra drykkja, skal borga í landssjóð 300 kr., ef veitingahúsið er í kaupstað, en 200 krónur utan kaupstaðar í árlegt afgjald, og greiðist það á sama hátt og afgjaldið af verzlun með áfenga drykki.

7. gr. Nú vill maður öðlast leyfi til veitingar áfengra drykkja, skal þá senda umsókn um það til hreppsnefndar eður bæjarstjórnar, og vilji hún sinna málinu, skal bera það undir atkvæði á hreppaskilaþingi eður almennum fundi bæjarmanna, er atkvæðisrétt eiga í bæjarmálum. Til þess að leyfið verði veitt og skilyrði sett fyrir því, þarf í hreppi meiri hluti atkvæða þeirra hreppsbúa, er atkvæðisrétt eiga í sveitamálum, og ennfremur samþykki meira hluta hreppsnefndar og sýslunefndar og staðfestingu amtmanns, en í kaupstöðum verður að minsta kosti þriðjungur allra atkvæðisbærra bæjarmanna að hafa sótt fundinn, og því næst verður meiri hluti fundarmanna og meiri hluti bæjarstjórnar að hafa fallist á veitingarleyfið og amtmaður staðfest það. Hver sem fær leyfi þetta, skal skyldur til að geta hýst ákveðna tölu ferðamanna og selt þeim nauðsynlegan greiða. Fyrir leyfið greiðast í kaupstöðum 300 kr. og utan kaupstaðar 200 kr., er renna í landssjóð.

Leyfisveitingin og skilyrðin fyrir henni skulu borin upp til atkvæða í einu lagi. Liggi fleiri tillögur fyrir en ein, skal þá fyrst upp bera, er síðast kom fram, o. s. frv.

Leyfið skal veita fyrir 5 ár í senn og gildir að eins fyrir einn sölustað, en amtmaður getur, eftir tillögum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, eða að fengnu áliti hennar, tekið leyfið af leyfishafa, ef hann ekki heldur skilyrði þau, er leyfið er bundið.

8. gr. Leyfi til veitinga áfengra drykkja og leyfi til að verzla með þá má eigi sami maður hafa. Þeir er rétt hafa til veitinga og líka hafa rétt til að verzla með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi, halda þó þessum rétti gegn því að borga gjald það er segir, í 1. gr., auk gjalds þess, er segir í 6. gr. laga þessara.

9. gr. Hver sá, er rétt hefir til að verzla með eða veita áfenga drykki, getur leyst sig undan gjöldum þeim, er ákveðin eru í 1. og 6. gr., með því að gefa lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það, að hann afsali sér rétti sínum til verzlunar eða veitingar áfengra drykkja. Þar sem réttur þessi byggist á sérstöku leyfisbréfi, skal ennfremur afhenda það til ónýtingar. Afsal á rétti til áfengissölu skal lögreglustjóri tilkynna amtmanni.

10. gr. Sérhver lyfsali hefir heimild til að selja áfenga drykki, sem fyrirskipaðir eru eftir læknisforskrift, enda þótt hann hafi eigi rétt til að verzla með áfengi.

11. gr. Ólöglegar veitingar eru taldar:

a) ókeypis veitingar áfengra drykkja í verzlunarhúsum eða í sambandi við verzlunaratvinnu yfir höfuð að tala.

b) sala áfengra drykkja af manni, er til þess hefir leyfi, ef drykkjanna er neytt þar á staðnum, jafnvel þó það sé gjört án hans leyfis, ef það er á hans vitorði, eða ef atvik liggja svo til, að hann hefir haft ástæðu til að gruna, að það yrði gjört, nema hann sanni, að hann hafi gjört það, sem í hans valdi stóð, til að koma í veg fyrir það.

12. gr. Enginn er skyldugur til að borga áfenga drykki, sem hann fær til láns.

13. gr. Ólögleg verzlun með áfenga drykki — að frátöldum brotum á 4. gr. — varðar sektum, fyrsta sinn 50—250 kr., ef brotið er ítrekað, 100—500 kr., og þar að auki missa þeir, er verzlun reka, einnig verzlunarrétt sinn í þriðja sinn, sem brotið er Auk þessara hegninga skal einnig gjöra upptæka alla áfenga drykki, er hjá hinum seka finnast, en er svo á stendur, sem segir í 5. gr., þó því að eins, að hann reki verzlun.

14. gr. Brot gegn 4. gr. varða í fyrsta sinn 25—250 kr. sektum. Sè brotið ítrekað, varðar það 50—500 króna sektum og missi réttinda til að verzla með áfengi.

15. gr. Ólögleg veiting áfengra drykkja varðar sektum 25—250 kr. í fyrsta sinn, og 50—500 kr., ef ítrekað er, og missir hinn seki, ef hann hefir rétt til að verzla með áfenga drykki, þar að auki rétt þennan, ef brotið er ítrekað, og ef hann rekur verzlun missir hann verzlunarrétt sinn, er brotið er þriðja sinn. Loks skal við annað brot gjöra upptæka alla áfenga drykki, er finnast hjá hinum seka.

16. gr. Nú veitir sá, er rétt hefir til veitinga áfengra drykkja, drykki þessa unglingi, innan 16 ára aldurs, eða manni, sem sölumaður veit gjörla, að á síðastliðnum 5 árum hefir verið sviftur fjárforráðum vegna drykkjuskapar, eða á sama tíma hefir þjáðst af drykkjumanna-geðveiki eða er skertur á geðsmunum, og varðar það þá 50—500 kr. sektum hið fyrsta sinn, en missi veitingaleyfis, ef brotið er ítrekað.

17. gr. Nú hefir maður fyrir brot á lögum þessum eða lögum um veitingu og sölu áfengra drykkja 10. febrúar 1888 fyrirgjört rètti sínum til verzlunar með eða veitinga

á vörum þessum, og getur hann þá ekki fengið nýtt leyfisbréf fyr en 5 ár eru liðin frá því hann misti hin fyrri réttindi sín, án þess hann á þeim tíma hafi brotið áðurnefnd lög.

Brjóti hann síðan lög þessi, skal telja það brot hans sem brot í annað sinn.

18. gr. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir eiga ásamt lögreglustjórnum að hafa eftirlit með, að eigi fari fram ólögleg verzlun eða veitingar áfengra drykkja.

19. gr. Sektir þær, er um ræðir í lögum þessum og andvirði fyrir drykki þá, er upptækir hafa verið gjörðir samkvæmt þeim, renna í sjóð sveitar þeirrar eða kaupstaðar, er brotið er framið í.

20. gr. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

21. gr. Lög um veitingu og sölu áfengra drykkja 10. febrúar 1888 eru úr gildi numin.

22. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1900.

Nd. 390. **Nefndarálit**

í málinu *frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.*

Vér undirskrifaðir, sem kosnir vorum í nefnd til þess að íhuga ofanritað málefni, leyfum oss hér með að segja álit vort um það á þessa leið:

Enda þótt meiri hluti nefndarinnar álíti, að sektir alment, sem settar eru fyrir framin lagabrot, séu fremur að skoða sem hegningarákvæði fyrir verknaðinn sjálfan heldur en skaðabætur fyrir tjón það, er af honum hlýzt, þá verður meiri hlutinn þó að líta svo á, að öll sanngirni mæli með því, að sektir fyrir þannig löguð brot, sem hér er um að ræða, renni að einhverju leyti til sýsluhéraða þeirra, er í hlut eiga, þar sem það er alment talið, og það án efa með réttu, að botnvörpuveiðar í landhelgi gjöri fiskiveiðum hlutaðeigandi héraða tjón á ýmsan hátt. Meiri hluti nefndarinnar vill því ráða til, að frumvarp þetta verði samþykt, þó með eftirfylgjandi breytingum:

1. Fyrir orðin »sýslufélags« í frumvarpinu komi: »sýsluhéraðs«.
2. Aftan við frumvarpsgreinina bætist ný málsgrein, er svo hljóðar:
   Nú er brot framið á takmörkum milli tveggja sýsluhéraða, svo að eigi verði sannað, í hvoru héraðinu brotið er framið, og hlýtur þá hvort um sig fjórðung sektar.

Neðri deild alþingis 11. ágúst 1899.

Þórður J. Thoroddsen, skrifari og framsögumaður. Pétur Jónsson.

Með því að eg lít svo á, að fjárútlát þau, sem lögð eru við brotum gegn lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum, hvort heldur þau eru fólgin í sektum eða andvirði fyrir upptæk veiðarfæri og afla, verði að skoðast sem hegningar-ákvæði, get eg ekki verið fylgjandi þeirri stefnu frumvarpsins, að gera fé þetta að tekjugrein fyrir hlutaðeigandi sýslufélög. Á hinn bóg-

inn álít eg einnig óeðlilegt, að landssjóður, er nýtur arðs af sektafénu, leggi ekkert í sölurnar til að framfylgja lögunum eða vernda landsmenn fyrir landhelgisbrotum botnverpinga, og mundi eg því telja það góða réttarbót, að fé væri varið úr landssjóði í þessu skyni, eða þá að af fénu væri myndaður sérstakur sjóður til eflingar sjávarútveginum eður til einhverra nytsamra fyrirtækja til hagsmuna fyrir þá, er einkum líða tjón af yfirgangi útlendra fiskimanna.

Neðri deild 11. ágúst 1899.

Ólafur Briem.

Nd. 391. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsál. um strandferðir (á þingskj. 308).

Frá Einari Jónssyni.

Fyrir orðin: »að strandferðabátur . . . . þar eigi fram hjá« komi:

1. að strandferðabátur sá, er gengur milli Reykjavíkur og Akureyrar austur um land, fari eigi fram hjá Hornafirði.

Aftan við tillöguna bætist:

2. að sami bátur sé látinn hafa svo rúma ferðaáætlun, þá er hann fer milli Seyðisfjarðar og Vopnafjarðar í norður- og suðurleið í mánuðunum maí, júní og júlí, að hann hafi tíma til, að flytja flutning til Lagarfljótsóss eða annars staðar við Héraðsflóa, ef þess er óskað af hlutaðeigandi héraðsbúum og veður leyfir, enda skal hann þá skyldur til þeirra flutninga, gegn flutningseyri, er sje í réttu hlutfalli við flutningseyri milli annara hafna á Austurlandi.

Nd. 392. **Nefndarálit**

um frumv. til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Eftir að hafa íhugað frumvarp þetta, skulum vér leyfa oss að láta uppi álit vort á þessa leið:

Vér verðum að líta svo á, að það valdi misrétti, að einungis skuli fé út leggja þeim óskilgetnum börnum, sem fædd eru á undan síðasta hjónabandi, og að börn ekkils óskilgetin, sem fædd eru eftir hjónabandið, eigi eins mikla heimtingu á meðlagi úr búi föðurins, og ráðum vér því til að breyta 3. gr. frumvarpsins í þessa átt.

Nefndin viðurkennir að vísu, að 4. gr. frumv. sé talsvert aðgengilegri og óbrotnari en hér að lútandi ákvæði í lögum 24. jan. 1890; en hins vegar álítur nefndin, að það megi gjöra innheimtu barns-fúlgunnar enn þá óbrotnari. Eftir frumvarpinu á barnsmóðir að snúa sér til lögreglustjóra, ef meðgjöfin er eigi greidd á réttum gjalddaga, og lögreglustjóri á svo aftur að krefja barnsföður um meðlagið fyrir milligöngu dvalarsveitar hans; náist eigi borgun eftir þessa vafningu, þá er dvalarsveit móðurinnar skyld að greiða meðlagið fyrir fram mót endurgjaldi af framfærslusveit föðurins. Það liggur nú í augum uppi,

að móðirin þannig verður oft og tíðum að bíða æði lengi eftir meðlaginu, en þar sem það er tilætlunin með lögum þessum, að gjöra barnsmóðurinni það léttara og greiðara að ná meðgjöf með barni sínu en hingað til hefir verið, þá sér nefndin eigi, því ekki má taka skrefið fult út, og gjöra henni það eins létt og auðið er, en það er á þann hátt, að barnsmóðirin geti, þá er meðlagið er fallið í gjalddaga, án þess að vera greitt, þegar í stað snúið sér til dvalarsveitar sinnar, og fengið fúlguna borgaða úr sveitarsjóði, sem fátækrastyrk veittan föðurnum, er dvalarsveitin svo heimti af framfærslusveit hans samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt þessu ráðum vér deildinni til þess, að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi breytingum.

1. Við 3. gr. Miðkafli greinarinnar frá orðunum »Ef ekkja barnsföður . . . . . ef skilgetið væri«, orðist svo:

Ef ekkja barnsföður eða skilgetin börn hans eru á lífi, þá skal eigi fé út leggja öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband, þó skulu óskilgetin börn ekkils, sem fædd eru eftir hið síðasta hjónaband; hafa sama rétt til framfærslu af eigum hans látins, sem óskilgetin börn, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband. Ávalt skal þess gætt, að meðgjöf sú, sem greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meiru fé en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri.

4. gr. orðist svo:

Sé barnsfúlga, sem föður óskilgetins barns er skylt að borga samkvæmt úrskurði amtmanns eða sættargjörð, staðfestri af honum, eigi greidd á réttum gjalddaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt að krefjast þess, að meðlagið, en eigi nema fyrir síðasta árið, verði greitt henni af sveitarfé í dvalarsveit hennar. Beiðninni skal fylgja löglega birtur úrskurður amtmanns um barnsfúlguna, eða löglega birt sættargjörð staðfest af honum, og lífsvottorð barnsins, og skal hún jafnframt láta þær upplýsingar í té um framfærslusveit barnsföður, sem hún er fær um. Meðlagið skal talinn sveitarstyrkur til handa barnsföður frá dvalarsveit móðurinnar, og fer um endurgjald á honum eftir ákvæðum fátækralaganna. Sannist það, að barnsfaðir hafi verið dáinn, eða farinn af landi, þegar meðlagið var fallið í gjalddaga, þá skal styrkurinn talinn sveitarstyrkur veittur barnsmóðurinni. Afplánun að lögum skal því að eins eiga sér stað, að framfærslusveit barnsföður beiðist þess.

Nú hefir meðlagið hvorki verið innheimt né afplánað, fyrir því að eigi hefir orðið haft upp á barnsföður, eða hann hefir komist undan lagaaðförum, og er þá sveit þeirri, er eigi hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er hann síðar kemur fram, að ganga að honum að lögum, ef eigi er um seinan, að því er meðlagið snertir, og ennfremur beita við hann lögum 4. nóvbr. 1887 um sveitarstyrk og fúlgu.

Neðri deild alþingis, 12. ágúst 1899.

Guðjón Guðlaugsson, form. og framsögumaður.
Kl. Jónsson, skrifari.
Skúli Thoroddsen.

Nd. 393. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um fjölgun þjóðvega o. fl. á þingskjali 277.

Frá Þórði Guðmundssyni, Jóni Jónssyni, þm. A.-Skaftf., Þorláki Guðmundssyni, Sighv. Árnasyni, Halldóri Daníelssyni og Birni Sigfússyni.

Við 2. gr. á eftir orðunum «verði haldið við» komi: alt að helmingi á kostnað hlutaðeigandi sýsluvegasjóða.

Ed. 394. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um vinnuhjú og daglaunamenn.

Í tilskipun 26. jan. 1866 um vinnuhjú á Íslandi er í sumum atriðum allmikið ósamræmi í réttindum og skyldum húsbænda og hjúa, hvors við annað. Þannig er t. d. réttur húsbænda til að neita að taka á móti hjúi, sem hann hefir ráðið í vist til sín, eða til að reka hjú úr vistinni, ekki samsvarandi við rétt hjúsins til að neita að fara í vist, sem það er í ráðið, eða til að ganga úr vistinni. Svo hefir og hjúið mikil réttindi hjá húsbónda, þegar það sýkist, en húsbóndi hefir aftur á móti engin réttindi, sem vegið geti upp á móti þessu.

Til þessa var nokkur ástæða, er vinnuhjúatilskipunin kom út, af því að bæði voru hjúin þá miklu lítilsigldari en þau nú eru, og þá var kaup þeirra lágt, en nú eru þessar ástæður að hverfa, með því að kaup hjúa er jafnvel alt að þrefalt hærra en það var þá. Að öðru leyti hafa ástæðurnar breyzt mikið síðan.

A síðari árum hefir einnig sá flokkur verkafólks, sem er ekki vinnuhjú, fjölgað stórum, en um þann flokk vantar alveg lagaákvæði, en lög um hann eru engu síður nauðsynleg en um vinnuhjú.

Frv. miðar til að koma á meira jafnrétti milli húsbænda og hjúa, og setur auk þess ákvæði um verkafólk, sem er ekki vinnuhjú.

Þessa aðalstefnu frv. hefir nefndin fallist á, en henni virðist, að því þurfi að breyta í einstökum atriðum, t. d. ákvæðunum um, hver skuli borga kostnað, er leiðir af sjúkdómi hjúa. Flestum nefndarmönnum virðist frv. rýra helzt til mikið réttindi þeirra í þessu efni.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykt með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir: »sé hann ófermdur — fermi hann« komi: þó með ráði og vilja prests síns, sé hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem eru yngri en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.
2. — 5. — Fyrir »sekur — sú upphæð« komi: fyrir það sekur um 10—20 kr., og skal hann auk þess skyldur að greiða skaðabætur eftir óvilhallra manna mati.
3. — 11. — Fyrir: »og matarverð — þriðjungi minna« komi: fyrir umsamin vistartíma og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.
4. — 12. — Fyrir: »og þar að auki — 11. gr.« komi: og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

5. — 13. — Fyrir: »skulu vistarráðin ógild« komi: skal búi skylt að útvega hjúi aðra vist á góðum stað, því að kostnaðarlausu, ef hjúið kýs eigi heldur að ráða sig sjálft, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof.
6. — 14. — Orðin: »svo og öll — notkunar« falli burt.
7. — 14. — Orðin: »en eigi getur það — rúmfatnað« falli burt.
8. — 15. — Orðin: »og skal, þegar lagðir — meðalverði« falli burt.
9. Á eftir 19. gr. komi svo hljóðandi ný grein, sem verður 20. gr. og greinatalan breytist eftir því:

Nú sýkist hjú eður slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

10. við 21. gr. Greinin orðist þannig:

Nú veikist hjú eða slasast af öðrum atvikum en nú voru talin (20. og 21. gr.), og skal það þá sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækning þess og sérsstakri aðhjúkrun, og eigi á það heimting á kaupi, meðan það er frá verkum, en húsbónda skal eigi skylt að fæða það endurgjaldslaust lengur en þrjá mánuði vistarársins, þótt það sé lengur frá verkum.

11. — 22. — Orðin: »fær sig . . . vinnu eða» falli burt.
12. — 22. — Fyrir: »óþarft . . . sviksemi«
komi: »sviksemi, bæjaslór«
13. — 23. — Fyrir: »en bindandi . . . má eigi flytja það«, komi: »en því að eins bindandi fyrir hjúið, að það þurfi eigi að flytja sig eða telji sig vel ferðafært, en eigi má flytja það«
14. — 23. — Fyrir: »20. gr.« komi: »21. gr.«.
15. — 24. — Fyrir: »tilskipun . . . legunni og fæði« komi: »lögum þessum sjálft að greiða legu- og fæðiskostnað«
16. — 25. — 5. tl. Á undan orðinu: »skeytingarleysi« bætist inn í: »varhugavert«
17. — 26. — Fyrir: »matarverð . . . þriðjungi minna« komi: »auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta«
18. — 26. — Orðin: »og skaðabótum« falli burt.
19. — 27. — »9. tl.« falli burt.
20. — 28. — Fyrir: »matarverði . . . vistarverunnar« komi: »skaðabótum að auki eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta«
21. — 28. — Orðin: »og skaðabótum« falli burt.
22. — 29. — Orðin: »og matarverðs« falli burt.
23. — 30. — Orðin: »og matarverði« falli burt.
24. — 31. — Orðin: »eða matarverði« falli burt.
25. — 32. — Fyrir: »dóti« komi: »farangri«

26. — 34. — Greinin orðist þannig: »Nú kemur daglaunamaður án löglegra orsaka eigi á ákveðnum tíma í vinnuna, og varðar það hann þá ettir 12. gr.
27. — 35. — Fyrir: »Ef daglaunamaður . . . skal hann« komi: »Daglaunamaður skal«
28. — 35. — Orðin: »Að öðru leyti til enda greinarinnar« falli burt.
29. — 36. — Fyrir: »Ákvæði 5., . . . 31. gr.« komi: »Ákvæði 5., 7., 9.—13., 15.—21., 26.—32. gr.«
30. — 37. — Fyrir: »tilskipun þessari« komi: »lögum þessum«

Efri deild alþingis 12. ág. 1899.

Kristján Jónsson, formaður. Þorleifur Jónsson, skrifari og framsögumaður. Jón Jakobsson.
Guttormur Vigfússon. Jón Jónsson.

Ed. 395. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um viðauka við lög 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni o. s. frv. (þingskj. 387).

Frá Sigurði Jenssyni, Hallgr. Sveinssyni, Kr. Jónssyni.

I 1. gr. Í stað »drykkjarvaran« komi: varan.

Ed. 396. **Framhaldsnefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um stofnun veðdeildar í landsbankanum.

Frv. þessu hefir í Nd. verið breytt í 3 atriðum:

1. Í 2. gr. er tilagið úr landssjóði ákveðið til 5 ára í stað þess, að í frv., eins og það fór frá Ed., voru það 10 ár.

2. Í 11. gr. er kostnaðartillagið og gjaldið til varasjóðs hækkað úr $^2/_5$% upp í $^1/_2$%.

3. Í 18. gr. er »kauphöllinni« sett í staðinn fyrir »kaupmannahöllinni« og er það að eins orðabreyting.

Jafnvel þótt nefndin sjái eigi, að hinar 2 breytingarnar hafi verið nauðsynlegar, eða séu til bóta fyrir málið, telur hún þær þó óskaðlegar, og leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt, eins og það kom frá h. Nd.

Efri deild alþingis, 12. ág. 1899.

Kristján Jónsson, form. og framsögum. Þorleifur Jónsson, skrifari. Hallgr. Sveinsson.
Sigurður Stefánsson. J. Jónassen.

Nd. 397. **Viðaukatillögur**

við frumv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885.

Frá Skúla Thoroddsen, Jóni Jenssyni, Guðjóni Guðlaugssyni,

Sigurði Gunnarssyni, Birni Sigfússyni, Þórði Guðmundssyni.

Aftan við frumv. bætist:

3. gr.

Á hverju reglulegu alþingi skulu tveir menn kosnir, sinn af hvorri deild þingsins, til þess að endurskoða reikninga landsbankans. — Skulu menn þessir rannsaka reikningana í hverju einstöku tilfelli, og bera þá saman við bækur bankans og heimafé.

Endurskoðunarmenn skulu að minsta kosti tvisvar á ári hverju sannreyna, hvort heimafé bankans og eignir séu fyrir hendi.

Þóknun til endurskoðunarmannanna skal vera 500 kr. til hvors þeirra á ári, og greiðist sú þóknun af fé bankans.

Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hina endurskoðuðu reikninga bankans.

4. gr.

29. gr. laga 18. sept. 1885 er úr gildi feld.

Nd. 398. **Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um greiðslu verkkaups.

Vér erum þeirrar skoðunar, að aðalstefnan í frumvarpi þessu sé rétt, sú stefna, að stuðla til þess, að daglaunamenn við verzlanir og aðrir verkamenn, er líkt er ástatt fyrir, standi svo að vígi gagnvart hinum meiri máttar vinnuveitendum sínum, að þeir ekki séu ofurseldir geðþótta þeirra, að því er snertir greiðslu á verkkaupi þeirra. Hins vegar ætlum vér, að oflangt sé farið í frv., þar sem peningagreiðsla er í því lögskipuð skilyrðislaust og þar sem skuldajöfnuður allur er bannaður í frumv., og hyggjum vér, að frumv. með þessum fyrirmælum mundi oft og tíðum, eins og ástandið er nú, verða einmitt verkmönnum, sem tilgangurinn er að styðja, fremur til óhagnaðar, með því að rýra lánstraust þeirra hjá kaupmönnum og öðrum vinnuveitendum.

Breytingar þær, er vér því viljum stinga uppá á frumv., eru þessar:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »óheimilt . . . . gagnstæðir« komi:
   Greiða má þó mönnum þessum verkkaupið með vörum, eftir því verði, sem á þeim er á þeim stað gegn peningum, ef svo hefir um samist með hlutaðeigendum.
   Verkkaup má eigi greiða með skuldajöfnuði, nema samningar séu til þess. Sé skuldin stofnuð með vöruúttekt, má eigi reikna verkmanninum verð vörunnar hærra en algengt verð var gegn peningum á þeim stað og tíma, er skuldin var stofnuð.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna »skal það . . . peningum« komi: fer um greiðslu þess eins og segir í 1. gr.

Alþingi 12. ágúst 1899.

Jens Pálsson, formaður. Jón Þórarinsson.

Jón Jensson, skrifari og framsögumaður.

Ed. 399. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykt við eina umræðu í Nd).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1898 og 1899, sbr. lög nr. 2, 4. febrúar 1898, 1. gr., veitist 24,171 kr. 50 aurar til útgjalda þeirra, er getið er um í 2.—6. gr. hér á eftir.

2. gr. Sem viðbót við fé það, er talið er í fjárlögunum 10. gr. C. 7., staflið d. nr. 5 til að byggja íbúðarhús handa vitamanni við Skagatáarvitann, veitast 700 kr.

3. gr. Sem viðbót við fé það, sem talið er í fjárlögunum 12. gr. B til vegabóta veitast:

1)	við 4. lið til flutningabrauta	kr. 10,000 00
2)	við 5. lið til þjóðvega	— 271 50
3)	styrkur til vegagerðar frá Hólum að Höfn í Austur-Skaftafellssýslu	— 5,000 00
	Veitist með því skilyrði, að sýslubúar kosti að fullu það er til skortir, að þessi upphæð nægi til að fullgera veginn, og að sýslufélagið taki að sér alt viðhald hans framvegis.	
	Alls kr.	15,271 50

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stéttarinnar í 13. gr. A. b. önnur útgjöld) veitast 200 kr. til að varna skemdum af Höfðaá á engjum og túni prestsetursins Höfða í Skagafirði, með því að gjöra steinlímdan fyrirstöðugarð.

5. gr. Sem viðbót við fé það, sem talið er á fjárlögunum 13. gr. C. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmenta veitist: til Magnusar Þóarinssonar á Halldórsstöðum í Laxárdal 1200 krónur.

6. gr. Sem viðbót við fé það, sem talið er í 1. gr. laga 4. febrúar 1898 um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, sbr. 8. lið í 21. gr. fjárlaganna 1898 og 1899, veitast 6,800 kr.

Ed. 400. **Frumvarp**

til laga um fjármál hjóna (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

I. þáttur.

Kaupmálar hjóna.

1. gr. Þá er gjöra á með kaupmála breyting á hinu venjulega helmingafélagi hjóna, þá er hann því að eins gildur, að kaupmálinn sé skriflegur, og undirritaður af hjónunum, hvort sem hann er gjörður á undan eða eftir giftingu. Eigi má breyta kaupmála né fella hann úr gildi nema með nýjum kaupmála.

2. gr. Nú er annað hjóna eða hjónaefna hálfmyndugt, er það gjörir kaupmála, og þarf þá samþykki tilsjónarmanns; sé það ómyndugt eða svift fjárforráðum, skal samþykki fjárráðamanns, auk samþykkis þess sjálfs, koma til.

3. gr. Nú er kaupmáli gjörður samkvæmt því, er að framan er sagt, og er hann þá án konungsstaðfestingar skuldbindandi fyrir hjónin sjálf og fyrir

erfingja þeirra, sé hann gjörður áður en þau gengu í hjónaband. Sé hann gjörður eftir að þau gengu í hjónaband, verður hann skuldbindandi fyrir þau sjálf og erfingja þeirra, þegar konungur hefir staðfest hann.

4. gr. Með kaupmála mega hjón skipa fjármálum sínum á hvern lögmætan hátt, er þeim sýnist, ef þau gæta þess, er í lögum þessum segir; þurfi kaupmálinn staðfestingar, má synja um hana að öllu eða nokkru leyti.

Eigi má þó ákveða í kaupmála eða á annan hátt, að allar eigur annars hjóna, er það á og síðar eignast, skuli vera séreign hins, eða að séreign annars þeirra skuli vera í umráðum hins eins, eða að afraksturinn af sjálfstæðri at vinnu annars þeirra skuli vera séreign hins eða undir umráðum þess eins; hjón geta eigi heldur með kaupmála þegið sig undan skyldum þeim, er ræðir um í 11. og 22. gr. laga þessara.

5. gr. Kaupmáli er gildur gagnvart öðrum mönnum frá giftingardegi, sé hann löglega þinglesinn áður (sbr. 6. og 7. gr.). Hann gildir þó gagnvart kröfum, sem eldri eru en hjónabandið, hafi þess áður verið beiðst, að hann yrði sem fyrst þinglesinn. Annars gildir hann eigi gagnvart öðrum mönnum fyr en frá þinglýsingardegi.

Kaupmáli er eigi því til fyrirstöðu, að maður, er eigi hafði vitneskju um hann, öðlist með samningi á undan þinglýsing hans réttindi yfir eigum hjónanna. Skuldheimtumenn þeir, sem eiga kröfur, er eldri eru en þinglýsing kaupmálans eða beiðnin um þinglýsinguna, þegar svo á stendur eins og segir í 2. málslið undanfarandi málsgreinar, og stafi kröfur þeirra eigi frá samningi, er gjörður hefir verið með vitund um kaupmálann, og hafi þeir árangurslaust leitað eftir borgun hjá því hjónanna, sem er skuldunauturinn, geta gengið eftir borgun hjá hinu hjónanna í fjármunum þeim, sem það hefir fengið til séreignar með kaupmálanum, nema það sannist, að skuldunautur sjálfur hafi átt nægilegt fé fyrir öllum skuldum sínum á þeim tíma, er kaupmálinn gekk í gildi gagnvart skuldheimtumönnum. Ræði kaupmálinn um fé, er síðar aflast, er þó skuldheimtumönnum fyrirmunað að leita borgunar í fé þessu, ef kaupmálinn er þinglesinn, áður en þess var aflað.

6. gr. Þinglýsing samkvæmt undanfarandi grein skal fram fara á varnarþingi bónda. Nú á hann ekkert varnarþing, og skal þó þinglýsa kaupmála hans hér á landi, og skal þá þinglýsa við hinn kgl. íslenzka landsyfirrétt.

7. gr. Til þess að kaupmáli geti haft áhrif á ráðstafanir yfir fasteignum, verður að þinglýsa honum sérstaklega við varnarþing þeirra. Annars standa þeir samningar óhaggaðir, er þeir menn gera, er ókunnugt er um kaupmálann, enda þótt hann sé þinglesinn á varnarþingi bóndans, séu samningarnir gerðir áður en kaupmálinn er þinglesinn við varnarþing fasteignanna.

8. gr. A skuldabréf, hlutabréf, ábyrgðarskírteini og önnur slík skjöl skal gjöra áritun um kaupmálann. Þangað til það er gjört, geta þeir, er ókunnugt er um hann, eignast réttindi yfir téðum skjölum, er koma í bága við kaupmálann.

9. gr. Eftir ráðstöfun landshöfðingja skal í Reykjavík halda skrá yfir alla kaupmála hjóna, sem þinglesnir eru. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu, þegar er

kaupmáli hefir verið þinglesinn, senda skrifstofu þeirri, er landshöfðingi ákveður og auglýsir, skýrslu um kaupmálann í ábyrgðarbréfi. Í skýrslu þessari skal tilgreina nöfn og stétt málsaðila, bústað þeirra og þinglýsingardag kaupmálans, en eigi skal skýra frá efni hans. Sérhverjum er heimilt að fá skýrslu um það eftir skrá þessari fyrir 1 krónu gjald, hvort kaupmáli hafi gjörður verið, og ef svo er, hvar og hvenær hann hafi verið þinglesinn, en senda verður hann skriflega beiðni um það, er skýrir frá nöfnum málsaðila, og, ef unt er, stétt bónda. Landshöfðingi gefur nánari reglur um fyrirkomulag skrárinnar, og hvernig hún skal haldin. Kostnaðurinn, er af þessu leiðir, greiðist úr landssjóði. Við lok hvers mánaðar skal birta í auglýsingablaði landsstjórnarinnar það, sem fært hefir verið inn í skrána mánuð þann, er liðinn er. Til að borga auglýsingarkostnað þennan skal greiða 1 kr., auk þinglýsingargjalds fyrir kaupmála

II. þáttur.

Um fjárforræði giftrar konu og umráðin yfir fé agsoúinu.

10. gr. Um forræði giftrar konu í fjármálum fer sem um fjárforræði ógiftrar. Bónda má skipa tilsjónarmann eða fjárráðamann konu sinnar. En ef ráðstöfun sú, er fram á að fara, snertir hag hans, verður að skipa annan í hans stað.

11. gr. Bóndi hefir einn umráð yfir félagsbúinu. Hann má þó eigi nema með samþykki konu sinnar afhenda, veðsetja né leigja með óvenjulegum kjörum eða um óvenjulega langan tíma fasteignir þær, er eignarskjölin bera með sér, að konan lagði til félagsbúsins, og eigi heldur afhenda, veðsetja né kvitta skuldabréf, hlutabréf, ábyrgðarskírteini, sparisjóðsbækur og þess háttar skjöl, er hún hefur lagt til og bera hennar eignarnafn. Hann má ekki heldur seljast arfsali nema með samþykki hennar. Vilji hún rifta ráðstöfunum, er koma í bága við þessi ákvæði, skal málssókn hafin innan árs frá því er þær voru gjörðar, eða þinglesnar, hafi þær verið lesnar á þingi.

Bóndi má eigi án samþykkis konu sinnar skuldbinda félagsbúið með loforðum um gjafir eða gefa úr því svo, að það á einu ári fari fram úr 5 hundruðustu af skuldlausri eign búsins við næstu árslok á undan. Breyti hann gegn þessu á hún rétt á skaðabótum af séreign hans eða af hans hluta félagsbúsins, þá er því verður skift. Krafa til skaðabóta af séreign bónda skal þó hafin með lögsókn eða áskilin með notarialsvarkröfu á hendur honum innan árs frá því er konan fékk vitneskju um þau atvik, er hún byggir á kröfu sína, og innan mánaðar eftir að búið er tekið til skifta, sé krafa gjörð til skaðabóta úr hluta hans af félagsbúinu.

Þegar svo stendur á, eins og segir í fyrsta kafla greinar þessarar, getur konan í stað þess að rifta ráðstöfuninni krafist skaðabóta af séreign bónda síns eða hluta hans af félagsbúinu á sama hátt og segir í öðrum kafla greinarinnar.

12. gr. Skuldbindingar, er kona hefur gengist undir eða bakað sér áður en hún giftist, hvíla og á manni hennar, nema annað sé um samið í kaupmála, er þau hafa gjört fyrir hjúskap sinn og látið þinglýsa.

13. gr. Ráðstafanir þær, er kona giörir með samþykki og vitund bónda síns, eða til sameiginlegs gagns og sakir óhjákvæmilegra nauðsynja, skuldbinda félagsbúið.

Ef gift kona verður skaðabótaskyld án þess að það stafi af samningi, eða baki hún sér gjöld fyrir hegningarvert athæfi, má ganga að félagsbúinu til greiðslu nefndra gjalda, en bóndi hefir rétt til að fá þau endurgoldin af séreign konu sinnar, atvinnuarði hennar (sbr. 26. gr.) eða af hluta hennar af félagsbúinu, þegar því verður skift.

Ef kona bakar sér aðrar skuldbindingar í hjúskap sínum, verður til fulln ustugjörðar á þeim eigi gengið að öðru en séreign hennar eða atvinnuarði (sbr. 26. gr.) eða að hennar hluta af félagsbúinu, hvort sem því er skift eða hún situr í óskiftu búi.

14. gr. Nú er bóndi sviftur fjárforráðum og hefur þá fullveðja kona hans forráð félagsbúsins með fjárráðamanni bóndans.

15. gr. Þá er kona tekst á hendur að svara ein eða með manni sínum til skulda hans eða skuldbindinga, hvort sem það er með ábyrgð, víxilábeking eða framsali að skaðlausu eða því um líku, eða skuldbinding þessi kemur fram á annan hátt, svo sem með veðsetning á séreignum hennar fyrir skuldum hans, en álíta verður, að skuldbindingin í raun og veru miði að hinu sama, þá eru þessar ráðstafanir ógildar, nema þær séu samþyktar af amtmanni.

Hið sama er um ráðstafanir, er hún með þeim afsalar sér trygging, er hún á í eigum bónda síns eða félagsbúsins.

16. gr. Nú hefur bóndi bakað félagsbúinu þess háttar gjöld, er ræðir um í öðrum kafla 13. greinar, og á þá kona hans rétt á að fá þau endurgoldin af séreign hans, eða af hluta hans af félagsbúinu, þá er því verður skift.

III. þáttur.

Séreign og gjafir hjóna á millum.

17. gr. Í séreign hvors hjóna eru ekki að eins persónuleg réttindi, þótt þau kunni að vera arðsöm, svo sem rithöfundarréttur og sams konar réttindi, heldur og verðmæt réttindi, er eigi verða frá skilin þeim, er þeirra nýtur, svo sem eftirlaun, lífeyrir, forlagseyrir, framfærsluréttur, innstæðuréttindi, óafhendanlegur afnotaréttur, þar í talinn ábúðarréttur, atvinnuréttindi, persónuleg einkaréttindi og því um líkt. Arður af þessum réttindum, sem fellur til í hjónabandinu, rennur þó inn í félagsbúið, nema öðru vísi sé ákveðið í lögum, kaupmála eða með annari lögmætri ráðstöfun.

18. gr. Það verður og séreign, þótt eigi sé það ákveðið í kaupmálanum, er annaðhvort hjóna hefir eignast eða síðar eignast að erfð, þó lögarfur þess sé, eða að gjöf, ef og að svo miklu leyti, sem svo hefir verið ákveðið af arfleifanda eða gefanda. Eigi má í kaupmála gjöra breyting á ákvæðum gefanda eða arfleifanda í þessa átt.

19. gr. Auk þess, sem talið er í 17. og 18. gr., er alt það séreign, sem ákveðið er löglega í kaupmála að svo skuli vera.

20. gr. Hvort hjóna hefir umráð yfir séreign sinni, nema hún sé með

kaupmála eða með öðru lögmætu ákvæði, svo sem af hálfu arfleifanda eða gefanda, fengin í hendur sérstökum fjárráðamönnum.

Í kaupmála má ákveða, að konan megi eigi, þótt fullveðja sé, ráða yfir séreign sinni, nema með samþykki bónda síns eða tilsjónarmanns.

21. gr. Arður af séreign eftir kaupmála og andvirði hans skal séreign vera, nema annað sé ákveðið í kaupmálanum.

Það sem útvegað er fyrir muni, sem í séreign eru, eða gengur til að bæta þá eða auka, skal og séreign vera, nema annað sé ákveðið í kaupmála; en ef varið er til þessa fé úr félagsbúi eða af séreign hins hjóna, má heimta endurgjald fyrir það af séreign þess hjóna, er í hlut á, eða af hluta þess í félagsbúinu, þá er því verður skift.

22. gr. Et kostnaður til heimilisparfa (þar með talin húsaleiga) og til viðurværis og uppeldis barnanna getur eigi greiðst af félagsbúinu, er hvort hjóna af sinni hálfu skylt til að leggja fram fé til gjalda þessara af séreign sinni, meðan hún vinst til. Geti hjónin ekki komið sér saman, ákveður amtmaður, hve mikið þau skuli leggja til.

23. gr. Skuldir, er hvíla á öðru hvoru hjóna, þá er þau giftast, skal greiða af séreign þess, ef nokkur er og meðan endist, nema annað sé ákveðið í kaupmála. Hafi þessar skuldir verið greiddar af félagsbúinu eða séreign hins hjóna, má krefjast endurgjalds af séreign þess, er í hlut á, eða ef þörf gerist af hluta þess úr félagsbúinu, þá er skifti fara fram.

24. gr. Til þess að gjafir milli hjóna í hjúskap þeirra séu gildar, skal um þær gerður kaupmáli, nema svo sé, að gefnir séu munir til persónulegra nota, sem eigi séu meira verðir en svo, að samsvari efnahag gefanda, eða sé gjöfin lífeyrir eða forlagseyrir eða þess konar framfærslueyrir af hendi bónda fyrir konu sína.

Til gjafa teljast og afsöl þau, er getur um í öðrum kafla 28. greinar í lögum nr. 7, 13. apríl 1894; en þá er gefandi skyldur til að greiða það aftur, er gjafarþegi hefir af hendi int.

Það, sem segir í þessari grein, gildir og þá er gjöfin er gefin einhverjum öðrum, en hann afsalar hana síðan hinu hjóna, ef álíta má, að það sé að eins gert til þess að fara kringum lögin.

25. gr. Ákvæðin um ógilding ráðstafana í 4. kapítula laga nr. 7, 13. apríl 1894 eiga og við um ráðstafanir hjóna á milli, hvort sem þau hafa félagsbú eða ekki.

IV. þáttur.

Um umráð giftrar konu yfir aflafé hennar af sjálfstæðri atvinnu.

26. gr. Nú rekur gift kona sjálfstæða atvinnu, sem eigi aðallega er stofnuð né henni viðhaldið með fé bónda hennar eða félagsbúsins, og hefir hún þá, meðan hún lifir, ein og án samþykkis bónda síns eða fjárráðamanns, umráð yfir arði þeirrar atvinnu, og yfir því, er sannað verður, að hún hafi aflað sér fyrir atvinnu-arð sinn. Meðan hún lifir, má eigi taka fé þetta til lúkningar skuldum þeim, sem bóndi hennar hefir stofnað, nema samþykki hennar komi til.

V. þáttur.

Um rétt hjóna til að slíta fjárfélagi.

27. gr. Nú hefir bóndi eytt mjög eigum félagsbúsins, án þess það verði réttlætt nægilega fyrir sérstök atvik, eða gefið fulla ástæðu til þess að óttast megi, að hann muni fara illa með yfirráð sín yfir félagsbúinu, og getur kona hans þá krafist þess, að fjárfélaginu sé slitið, og að full séreign komist á.

28. gr. Þá er kona vill neyta þessa réttar, skal hún senda amtmanni skriflega beiðni um það; rannsakar hann málið, og gefur bónda tækifæri til að láta uppi skoðun sína og leggur síðan úrskurð á það; úrskurði hans má skjóta til landshöfðingja; þegar það er gjört, getur skiftaréttur, ef konan æskir þess, gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að varðveita eigur búsins, einkum á þann hátt, er segir í 2. og 3. lið 57. gr. skiftalaganna.

29. gr. Nú slítur bóndi ólöglega samvistum við konu sína, eða sé félagsbú þeirra tekið til gjaldþrotaskifta að honum lifanda, og getur kona hans þá krafist þess, að fjárfélagi þeirra sé slitið. Beiðni um þetta sendir hún til amtmanns, og skal beiðnin tekin til greina. Ef kona slítur ólöglega samvistum við bónda sinn, hefur hann og hinn sama rétt til þess, að fá fjárfélagi þeirra slitið.

30. gr. Þá er tekin hefir verið til greina beiðni annarshvors hjóna um, að fjárfélagi þeirra skuli slitið, getur hvort um sig krafist þess, að félagsbúið sé tekið til skifta á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiftalaganna.

Úrskurður um, að fjárfélagi hjóna skuli slitið, gildir fyrir þau sjálf frá því, er beiðnin um það kom til yfirvaldsins, en fyrir aðra frá því er úrskurðurinn er þinglesinn á varnarþingi bónda hér á landi, eða, sé hann farinn úr landi, þá á varnarþingi því, er hann átti síðast hér, og fer um verkanir þinglýsingarinnar eins og segir um þinglýsingu á kaupmála í 5. gr. laga þessara.

2. og 3. ákvæði 67. gr. í skiftalögunum koma því eigi til greina við þau skifti, er hér ræðir um.

31. gr. Þegar það hefir verið löglega ákveðið í kaupmála, að fjárfélagi hjóna skuli slitið, geta þau og hvort um sig krafist þess, að skifti skuli fram fara á félagsbúinu á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiftalaganna, án þess þó nein breyting verði á gildi kaupmálans gagnvart öðrum eftir 5. gr. þessara laga, og þannig án þess, að 2. og 3. ákvæðið í 67. gr. skiftalaganna komi til greina við þau skifti.

VI. þáttur.

Hvenær dæma skal um kaupmála eftir útlendum lögum.

32. gr. Fyrirmæli laga þessara ná og til þeirra kaupmála, sem gjörðir eru erlendis, ef bóndinn á lögheimili hér á landi, en um myndugleika konunnar til að gjöra kaupmálann fer þó eftir lögum lands þess, þar er hún á heimili. —

Nú er kaupmáli gjörður af manni, er eigi er búsettur hér á landi, og sé kaupmálinn gildur eftir lögum lands þess, þar sem maðurinn á heimili, og er málinn þá, að því er fjármál hjónanna snertir, gildur hér á landi fyrir hjónin sjálf og erfingja þeirra, ef hann ákveður ekkert, er kemur í bága við lög þessi, svo og gagnvart öðrum, ef gætt er alls þess, er segir í 6.—8. gr. laga þessara, svo fljótt sem auðið er eftir að bóndinn er fluttur hingað búferlum. —

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1900.

Nd. 401. **Framhalds-nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um friðun fugla og hreindýra.

Við undirskrifaðir höfum tekið frumvarp þetta aftur til íhugunar, eins og það nú kemur frá háttv. efri deild.

Þessi háttv. deild hefir breytt formi eða niðurskipun 1. greinar, og teljum við þá breytingu til bóta. Enn fremur hefur deildin gjört þessar efnisbreytingar: friðað álftir á sérhverjum tíma árs, og sett friðunartímann fyrir lunda 1. júní til 1. ágúst, í staðinn fyrir 10. maí til 20. júní.

Í 2. grein frumvarpsins hefir sektar-ákvæðinu verið breytt úr 50 aur. í 1 krónu.

Þessar breytingar getum við fallist á, og ráðum því háttv. neðri deild til að samþykkja frumv. óbreytt.

Neðri deild alþingis 11. ág. 1899.

Tryggvi Gunnarsson,	Sigurður Gunnarsson,
formaður og framsögum.	skrifari.

Með skírskotun til þess, sem eg hef áður lagt til þessa máls, tel eg ofannefnt frumv. enn óaðgengilegra nú en áður, og leyfi mér því að gjöra við það eftirfarandi breytingartillögur:

1. Við 1. gr. a. »Svanir« falli burt.
2. — — — Á eftir d. komi nýr stafliður:
   e, Álftir skulu friðaðar frá 15. maí til 20. sept.
3. — — — Fyrir staflið e komi:
   f. Allar aðrar fuglategundir skulu friðaðar frá 1. maí til 20. júlí.
4. — 2. — Fyrir »1 krónu« komi: 50 aurar.

Neðri deild alþingis, 11. ágúst 1899.

Björn Sigfússon.

Ed. 402. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja lóð af Arnarhólstúni í Reykjavík.

Frá J. Havsteen.

I stað orðanna »alt að því 600 kr.« komi: minst 850 kr.

Ed. 403. **Frumvarp**

til laga um brot á veiðirétti í ám og vötnum. Flutningsmaður: Jón Jakobsson.

1. gr. Hvar þess er maður veiðir óheimilt í annars manns veiðivatni, skal hann sekur um 5—100 krónur og bæti veiðieiganda auk þess skaða allan; telst þar með andvirði hinnar óheimilu veiði, ef nokkur er. Nú hittist maður með veiðarfæri við annars manns veiðivatn fyrir utan venjulega vegi, og getur eigi sannað, að hann hafi haft neitt

lögmætt erindi þar, og skal hann þá sæta hinum sömu sektum, sem hann hefði verið staðinn að ólöglegri veið. Sektirnar renna í landssjóð.

2. gr. Brot gegn lögum þessum sæta meðferð sem einkalögreglumál og má kæra þau hvort er fyrir löggreglurètti þess staðar, þar er brotið er framið, eða á heimilis þingi þess, er brotið hefir. Sókn á eigandi veiðivatns, eða sá, er veiðirétt hefir.

Ed. 404. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja lóð af Arnarhólstúni í Reykjavík. Frá Sigurði Stefánssyni.

1. Fyrir »alt að því 600 kr.« komi: ekki minna en 2000 krónur.
2. Orðin »og með því skilyrði« o. s. frv. til enda greinarinnar falli burtu.

Nd. 405. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um heimild til að selja Reykjavíkur kaupstað vegarstæði yfir Arnhólslóð í Reykjavík.

Frá Jóni Jenssyni.

1. Í stað frumv.greinarinnar komi svohljóðandi grein:
   Reykjavíkur kaupstað skal heimilt að leggja veg yfir Arnarhólstún frá Lindargötu vestur á Kalkofnsstíg, en setja skal hann griphelda girðingu með fram veginum og halda henni við. Landsstjórnin samþykkir að öðru leyti, hvar vegurinn skuli lagður og hve breitt vegarstæðið skuli vera.
2. Aftan við bætist ný grein, sem verði þá 2. gr., svohljóðandi:
   Stjórninni veitist heimild til að selja Reykjavíkur kaupstað, þegar bæjarstjórnin fer þess á leit, lóðir til húsbygginga í Arnarhólstúni, með fram vegi þeim, er 1. gr. ræðir um, og í túninu fyrir norðan veginn, og ákveðst verðið á lóðum þessum 2 kr. fyrir hvern ferhyrningsfaðm.
3. Fyrirsögn frumv. verði: Frumv. til laga um leyfi til vegarlagningar yfir Arnarhólstún í Reykjavík og um sölu lóða þar.

Nd. 406. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör (309).

Frá Birni Sigfússyni, Sigurði Gunnarssyni, Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk. Þorláki Guðmundssyni, Eiríki Gíslasyni, Einari Jónssyni.

Við 1. grein: Í stað „500“ komi: 300.

Nd. 407. **Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskj. 392 við 4. gr. í frumv. til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. Frá Einari Jónssyni.

Í stað orðanna »að meðlagið .... dvalarsveit hennar« komi: að fúlgan verði greidd sér af sveitarfé í dvalarsveit sinni, þó eigi nema fyrir hið síðasta ár.

Nd. 408. **Breytingartillaga**
við frumv. til laga um friðun fugla og hreindýra.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í efri deild).

Frá Halldóri Daníelssyni.

1. við 1. gr. stafl. a. orðið „svanir“ falli burtu.
2. stafl. b, orðist þannig:
   Álftir skulu friðaðar frá 15. maí til 20. september.
3. stafl. b. verði stafl. c.

Nd. 409. **Nefndarálit**
um frv. til laga um framfærslurétt þurfamanna (þgskj. 40).

Til nefndar þeirrar, er hin h. Nd. kaus til þess að íhuga fátækralöggjöf landsins, var síðar vísað framangreindu frumvarpi.

Með því að nefndin hefir haft til meðferðar annað frumvarp, sem inniheldur sams konar ákvæði eða ákvæði um sama efni, og með því meiri hluti nefndarinnar hefir lagt til, að það frumvarp verði samþykt af h. neðri deild með ýmsum breytingum, sem eru samhljóða þessu frumvarpi, þá verður nefndin að ráða hinni h. neðri deild til þess að fella frumvarp það, er hér um ræðir.

Neðri deild alþingis 12. ágúst 1899.

Sighv. Árnason, formaður og framsögum. Guðjón Guðlaugsson, skrifari. Þórður Guðmundsson.

Jón Jensson. Björn Sigfússon.

Nd. 410. **Nefndarálit**
um frumvarp til laga um breyting á og viðauka við reglugjörð um fátækramálefni 8. jan. 1834 o. fl. (þingskjal 47).

Til nefndar þeirrar, er háttv. neðri deild kaus til að íhuga fátækralöggjöf landsins, var síðan vísað ofannefndu frumvarpi.

Nefndin hefir yfirvegað frumvarp þettta rækilega á fundum sínum og hefir henni þótt ýmislegt við það að athuga.

Mesta afbrigðið frá gildandi lögum er í 1. gr. frumvarpsins, þar sem sveitfestistíminn er færður úr tíu árum niður í eitt ár. Nefndin getur enganvegin felt sig við þessa breytingu, þar sem hún getur ekki séð annað en hún hljóti að valda því, að þeir sem sveitarstyrks þurfa, verði beittir enn meiri rangindum en getur átt sér stað eftir núgildandi lögum. Nefndin getur heldur ekki séð, að rétt sé, að yfirgefa hugmyndina um að »maður vinni sér sveit«, þar sem það í flestum tilfellum mun vera skoðaður hinn mikilvægasti réttur af þurfamönnunum sjálfum. Því verður heldur ekki neitað, að í þeim tilfellum, þar sem þurfamaðurinn hefir um langan tíma dvalið sem uppbyggilegur maður í einum hreppi, þá sé það sjálfsagður og í alla staði eðlilegur réttur hans, að þessi hreppur

ali önn fyrir honum, þegar það kemur fyrir, að hann þarfnast styrks frá hinu opinbera, og það engu að síður, þó hann af einhverjum atvikum hafi farið úr hreppnum eitt eða tvö ár. Mesta orsökin til aðfinslu þeirrar, sem sveitfestis-ákvæðið hefir fengið, mun stafa af því, hvað sveitarstjórnir hafa oft reynt að hrekja fátæka menn, þegar komið hefir að tíu ára takmarkinu, eða með ýmsum miður sæmilegum ráðum reynt að koma í veg fyrir, að menn þessir »ynnu sér« sveit, en nefndin sér ekki, að ráðið til þess að fyrirbyggja þetta sé, að stytta sveitfestistímann; henni skilst, að í sama hlutfalli og tíminn sé styttur, fjölgi þau tilfelli, sem þannig séu löguð, og að þetta eins árs takmark geti því orðið ný gróðrarstía fyrir undanbrögð, harðýðgi og hrekki óhlutvandra sveitarstjórna.

Af þessu og fleiri þýðingarminni atriðum var nefndin á einu máli um það, að ekki geti komið til mála, að samþykkja frumvarp þetta, nema með verulegum efnisbreytingum, sér í lagi á 1. gr. En þegar svo til þess kom, að afráða um það, hvort breyta skyldi frumvarpinu, eða ráða deildinni til að fella það, án þess þó að koma með annað frumvarp í staðinn, þá skiftist nefndin í tvent, og vill minni hlutinn alls ekki, að þetta þing samþykki nokkurt frumv. um breyting á fátækrareglugjörðinni og vill því ekkert að því vinna; en meiri hlutinn — enda þótt hann álíti, að málið mundi hafa gott af því, að bíða enn eitt árið, til þess að verða betur rætt og íhugað af stjórninni — álítur réttara, að fella ekki frumvarpið, heldur breyta því í það horf, sem hann álítur, að sé til bóta, og líkur séu til að almenningur sætti sig við; og sér í lagi, að háttv. neðri deild, sem enn hefir ekki fengið tækifæri til að ræða málið, eigi nú kost á að skoða það frá fleiri hliðum og þar af leiðandi laga það svo, að málið verði betur undir búið til samþykkis síðar, þó það verði ekki að lögum á þessu þingi, sem teljast má vafasamt.

Eins og áður er bent á, er nefndin þeirrar skoðunar, að það, að afla sér framfærsluréttar með langri dvöl í einum hreppi, sé þýðingarmikill og eðlilegur réttur einstaklinga, sem ekki beri að útrýma, en hún verður um leið að játa, að rétturinn sé því fyllri, sem tíminn er lengi, er maðurinn hefir haft til þess að ná honum. Hitt sýnist ekki varða neinu, hvort tíminn er sundurslitinn af styttri dvöl annarstaðar eða eigi. Á hinn bóginn verður að gæta þess, að maður, sem hefir að eins verið stuttan tíma í hverjum hreppi og að þessi lengsti dvalartími í einum hreppi sé ákveðinn mjög fá ár, t. d. 3 ár, eins og stungið er uppá í öðru frumvarpi, sem nefndin hefir haft til athugunar, þá getur það leitt til þess, að altaf sé verið að amast við dvöl hans, þegar hún er lengri en 2 ár, og maðurinn verði með því eyðilagður að efnum og áliti. Og þar sem það verður að álítast nauðsynlegt, að fækka þeim tilfellum, en ekki fjölga, þar sem fátæklingar verða fyrir hrakningum einungis vegna hræðslu sveitarstjórnanna, þá leyfir meiri hluti nefndarinnar sér að stinga upp á því, að sveitfestistíminn sé aldrei styttri en hann er ákveðinn í gildandi lögum, en þegar því takmarki sé náð, sé framfærslurétturinn þar, sem dvölin er lengst. Af sömu ástæðu stingur meiri hlutinn upp á því, að menn geti að eins á aldursskeiðinu frá 16 til 60

ára unnið sér framfærslurétt. Fyrir það ákvæði yrðu færri hrakningar á gömlu fólki, þar sem ekki þyrtti að óttast, að það ynni sér aðra sveit eftir 60 ára aldur en það væri búið að áður. Sé dvöl manns jafnlöng í fleiri hreppum og öðrum skilyrðum jafnt fullnægt, þá virðist rétt, að framfærsluskyldan skiftist jafnt á milli hreppanna. Meiri hlutinn stingur þess vegna upp á því ákvæði.

Í þeim tilfellum, að menn ekki geta áunnið sér framfærslurétt með dvöl sinni, álítur meiri hlutinn ekki annað heppilegra, en að fæðingarhreppurinn hafi framfærsluskylduna eins og að undanförnu.

Rétt virðist, að taka megi viðurkendan sveitarstyrk lögtaki á sama hátt og önnur sveitargjöld, og því stingur nefndin upp á þeim viðauka.

Meiri hlutanum virðist það ákvæði 12. gr. mjög heppilegt, að lítill bráðabirgðar sveitarstyrkur verði þess ekki valdandi, að menn verði hraktir á framfærsluhrepp sinn, en 100 kr. virðist oss í hærra lagi og leyfum oss því að leggja það til, að upphæðin sé færð niður í 70 kr., sem víðast mun samsvara meðal-ómagameðlagi yfir árið.

Til þess, að dvalarsveit þurfamanns skuli síður gjöra sig seka í því, að hrekja hann að óþörfu á burtu, leggjum vér til, að hún beri helming kostnaðarins af flutningi mannsins, en framfærslusveitin hinn helminginn; þessi breyting virðist oss einkum réttlát vegna þess, að dvalarhreppurinn hefir meiri rétt til þess að framkvæma flutninginn samkvæmt 10. gr.

Vér leyfum oss að leggja til, að tveimur nýum greinum sé bætt inn í frumvarpið (14. og 15. gr.) og er efni þeirrar fyrri, að tryggja það, að hægt verði að komast fyrir það, hvar hver einstakur hefir dvalið og hvað lengi, en hinnar síðari, að fá skýrt ákvæði um það, hvar útlendir menn, sem hafa öðlast hér landsréttindi, eigi framfærslurétt, og virðist meiri hluta nefndarinnar sanngjarnast, að þeir eigi þar framfærslurétt, sem þeir eiga fyrst heimili, ef þeir hafa ekki áunnið sér sveitfesti annarsstaðar samkvæmt 1. gr. Það má líta svo á, að þar sé hinn útlendi maður fæddur sem Íslendingur, og eins, að það sveitarfélag, sem hann dvaldi í fyrst, hafi mest stuðlað að því, að hann ílengdist hér á landi.

Samkvæmt framansögðu ræður meiri hluti nefndarinnar hinni háttvirtu Nd. til þess, að samþykkja frumv. með eftirfylgjandi breytingum.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

> Hver maður skal eiga rétt til framfærslu í þeim hreppi eða því bæjarfélagi, sem hann hefir dvalið lengst, enda ekki styttri tíma en 10 ár samtals, búsettur, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang frá 16 ára til 60 ára aldurs, svo framarlega hann hefir eigi þegið sveitarstyrk, sem sé óendurgoldinn. Hafi hann dvalið jafnlengi í fleirum hreppum eða bæjarfélögum, á hann jafnan rétt til framfærslu í þeim öllum, sé skilyrðunum fyrir framfærslurétttinum að öðru leyti fullnægt.
>
> Nú hefir maður eigi áunnið sér framfærslurétt á þennan hátt,

á hann þá framfærslu þar, sem móðir hans átti lögheimili þegar hann fæddist.

2. — 2. — Orðin: »á hinum síðustu 5 árum« falli burtu.
3. — 3. — Stafl. b. orðist svo:
Æfiferil hans eftir 16 ára aldur, hvar hann hafi dvalið og hvað lengi í hverjum stað.
4. — 3. — Stafl. c. Orðin: »á síðustu 5 árum« falli burt.
5. — 5. — Aftan við greinina bætist:
Taka má viðurkendan eða úrskurðaðan sveitarstyrk lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885.
6. — 12. — Í staðinn fyrir: »100 kr.« komi: »70 kr.«
7. — 13. — Í staðinn fyrir: »Af kostnaði . . . 3/4 hluti« komi: Kostnað við flutning þurfamanna ber dvalarsveit og framfærslusveit, að sínum helmingi hvor.
8. Eptir 13. gr. komi ný grein, er verði 14. gr. svohljóðandi:
Hver sem flytur sig í annan hrepp eða bæjarfélag, skal skyldur að skýra hreppstjóra eða bæjarfógeta bréflega frá því, í hvaða sveitarfélag hann flytur. Vanræki hann þetta, varðar það sektum 10 til 100 kr. Sektirnar renna í landssjóð.
9. Ný gr. er verði 15. gr. svohljóðandi:
Maður frá útlöndum, sem hefir öðlast landsréttindi hér á landi, en hefir eigi áunnið sér sveitfesti samkv. 1. gr., skal eiga þar framfærslurétt, sem hann átti fyrst lögheimili hér á landi.
10. 14. gr. verði 16 gr. o. s. frv.

Neðri deild alþingis 12. ágúst 1899.

Sighv. Árnason	Guðjón Guðlaugsson
form. og framsögumaður.	skrifari.
Björn Sigfússon.	Þórður Guðmundsson.

Með skírskotun til ágreiningsatkvæðis míns sem minni hluta í nefndinni, sem skýrt er frá í nefndarálitinu.

Jón Jensson.

Nd. 411. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bann gegn innflutningi á ósútuðum húðum.

Nefndin hefir íhugað mál þetta, en eigi getað orðið á eitt sátt um tillögur sínar.

Meiri hluti nefndarinnar álítur, að reynsla sé fengin fyrir því, að með hinum ósútuðu húðum flytjist inn í landið hættulegt pestnæmi og að hætt sé við, að drepsótt sú í búpeningi, er mjög hefir aukist nú á síðari árum og á rót sína að rekja til þessa innflutnings, miltisbrandurinn, verði hér landlæg sýki í nautgripum og hrossum, ef ekki er að gjört, og það mundi verða til stórtjóns fyrir landið í heild sinni.

Hins vegar hallast meiri hluti nefndarinnar að því, að betra sé eða heppilegra, eins og nú er ástatt, að fyrirbjóða eigi innflutning þessarar vöruteg-undar, heldur að settar væru tryggar varúðarreglur fyrir sótthreinsun húðanna þegar í stað, er þær eru fluttar inn. Þar sem hlutaðeigandi sveitarstjórnarvöld óska þess, virðist þó rétt, að heimilt sé að banna allan innflutning þessarar vöru.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumv. verði samþykt með þessum breytingum:

1. Í stað 1. gr. komi 2 greinar, er orðast þannig:

   1. gr. Allar ósútaðar húðir og ósútuð skinn, er flutt eru til Íslands frá útlöndum, skulu þegar í stað sótthreinsuð og því næst auðkend glöggu marki. Landshöfðingi gjörir nánari fyrirskipanir um framkvæmd á þessu. Kostnað allan, er af sótthreinsuninni leiðir, greiðir innflytjandi.

   2. gr. Heimilt er stjórninni, ef hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæar-stjórn óskar þess, að banna allan innflutning á ósútuðum húðum til hlut-aðeigandi héraðs eða kaupstaðar.

2. 2. gr. verði 3. gr. og orðist þannig:

   Brot mót lögum þessum eða fyrirskipunum samkvæmt þeim varðar hegning eftir 294. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869. Skinn og húðir, er ólöglega hafa verið innfluttar eða boðin til sölu, skulu upptæk, og rennur andvirði þeirra í landssjóð.

Neðri deild alþingis, 14. ág. 1899.

Kl. Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
formaður.	skrifari og frams.

Með skírskotun til þess, sem eg áður hefi tekið fram við umræðurnar um þetta mál, ræð eg til, að frumvarpið sé felt.

Neðri deild alþingis, 14. ág. 1899.

Skúli Thoroddsen.

Nd. 412. **Breytingartillaga**

við viðaukatillögur á þingskj. 397. Frá Ólafi Briem.

Við 1. málsgrein. Fyrir »skulu tveir menn kosnir sinn af hvorri deild þingsins«, komi: skal einn maður kosinn af neðri deild þingsins.

— — —— Fyrir »Skulu menn þessir« komi: Skal maður þessi.

— 2. —— Fyrir »Endurskoðunarmenn skulu« komi: Endurskoðunarmað ur skal.

— 3. —— Fyrir »endurskoðunarmannanna« komi: endurskoðunarmanns.

— — —— Orðin »til hvors þeirra« falli burt.

Ed. 413. **Frumvarp**

til laga um bann gegn því, að útanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi (eins og það var samþykt við 3. umr. í nd.)

1. gr. Enginn sá, er á heimili utanríkis, hvorki einstakur maður né félag, má eiga jarðeign eða jarðarítök hér á landi, nema það sé leyft með sérstökum lögum. Jarðeignir þær, sem utanríkismenn eiga nú, eru undanþegnar þessu ákvæði, þangað til eignaskifti verða á þeim.

2. gr. Nú flyzt maður, sem á jarðeign hér á landi, til annara ríkja, eða utanríkismaður eignast hér jarðeign að gjöf eða erfðum, og skulu þeir þá innan fimm ára hafa selt jarðeign sína; en geri þeir það ekki, skal selja jarðeignina við opinbert uppboð, og greiðist andvirði hennar, að frádregnum kostnaði, fyrverandi eiganda.

3. gr. Enginn má selja utanríkismönnum jarðeign hér á landi, nè heldur leigja þeim jarðir eða nein jarðarafnot lengur en 50 ár.

4. gr. Brot móti lögum þessum varða sektum til landssjóðs frá 1000 kr. til 10,000 kr., og skal með þau fara sem opinber lögreglumál.

Ed. 414. **Frumvarp**

til laga um fjölgun þjóðvega o. fl.

(eins og það var samþykt við 3. umr. í nd.)

1. gr. Auk þjóðvega þeirra, sem taldir eru í 5. gr. laga 13. apríl 1894 um vegi, skal hér eftir telja veginn frá Hrútafjarðarbotni að Gilsfjarðarbotni.

2. gr. Heimilt er landsstjórninni að krefjast þess, að öllum vegum, sem hér eftir verða lagðir á kostnað landssjóðs, verði haldið við alt að helmingi á kostnað hlutaðeigandi sýsluvegasjóða.

Ed. 415. **Frumvarp**

til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör (eins og það var samþykt við 3. umr. í nd.)

1. gr. Rétt til verðlauna úr landssjóði á hver sá maður eða félag, er flytur út í einu lagi til sölu erlendis 300 pund eða meir af íslenzku smjöri, og selur þar fyrir verð, er nemur meiru en 75 aurum fyrir danskt pund.

2. gr. Verðlaunin fara eftir söluverði, og nema jafnmiklu og söluverðið fer yfir 75 aura á dönsku pundi.

3. gr. Sá er verðlaun vill hljóta, sækir um þau til landshöfðingja, og færir skilríki fyrir rétti sínum til þeirra. Skilríki þau eru: farmskrá frá skipstjóra þeim, er smjörið flutti, og sýni hún þyngd þess og tölu íláta; sölureikningur smjörsins, undirritaður af þeim, er með söluna fór, og eiginvottorð við drengskap og samvizku um, að þyngd og verð smjörsins sé rétt til greint á sölureikningnum.

Nú er umsókn um verðlaun fyrir smjörsölu eigi komin til landshöfðingja þegar fullir 9 mánuðir eru liðnir frá því, er salan fór fram, og verður umsókn sú eigi til greina tekin.

4. gr. Landshöfðingi sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett, samkvæmt 3. gr., og úthlutar verðlaunum.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1900.

Nd. 416. **Frumvarp**

til laga um sölu á laxveiði í Laxá í Kjós, er heyrir þjóðjörðinni Valdastöðum til.
(eins og það var samþykt við 3. umr. í ed.)

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til, að selja laxveiði þá í Laxá í Kjós, sem tilheyrir þjóðjörðinni Valdastöðum, fyrir að minsta kosti 4000 kr.

2. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstafanir þær, sem með þarf, um sölu á veiðinni.

Nd. 417. **Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði (eins og það var samþykt við 3. umr. í ed.)

Laun bæjarfógetans í Seyðisfjarðarkaupstað skulu vera 500 krónur, er greiðast úr landssjóði.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1900.

Nd. 418. **Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilsk. 26 febr. 1872.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Af öllum bittertegundum (bitter-essents, bitter-likör, elixir o. fl.) skal greiða í toll 1 kr. af hverjum pela eða minni flátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé drykkjarvaran aðflutt í stærri flátum. Hlutur úr pela skal talinn sem heill peli.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1900.

Nd. 419. **Nefndarálit**

um frumv. til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi.

Nefnd sú, sem kosin var til þess að íhuga mál þetta, hefir rætt það á mörgum fundum, og leyfir sér hér með að láta í ljós álit sitt um það.

Nefndin verður að álíta, að hugmynd sú um bankastofnun, sem felst í frumvarpi þessu, sé mjög álitleg, enda í samræmi við það, er slíkar stofnanir eru bygðar á alment nú á dögum í öðrum löndum. Telur nefndin óefað, að tækist að stofna banka í landinu með því fyrirkomulagi og fjármagni, er hér er gjört ráð fyrir, mundi það verða mikil umbót á peningamálum landsins, verða til þess að greiða fyrir og efla framfarir í verzlun og öllum atvinnuvegum og þannig verða landinu yfirleitt til stórhagnaðar, svo framarlega sem landsmenn geta og kunna að nota slíka stofnun. Aftur á hinn bóginn verður nefndin að vera þeirrar skoðunar, að æskilegast væri, að Íslendingar sjálfir væru þess

megnugir, að geta komið slíkri stofnun á fót, þar sem hún álítur, að slíkur banki geti því að eins orðið landinu að fullum notum í bráð og lengd. Á þann hátt er hin bezta trygging fengin fyrir því, að fé það, er bankinn hefir með höndum, sé látið verka í landinu sjálfu og á þann hátt, er beztur og hentugastur er fyrir atvinnuvegi landsins og þeim til viðreisnar; á þann hátt lendir eigi að eins í landinu sjálfu hinn óbeini arður, sem kemur fram við hagkvæmari og eðlilegri verzlun, framleiðslu iðnaðar, aukning fiskiveiða og framfarir í búnaði, heldur rennur og hinn beini arður af slíkum stofnunum til landsmanna sjálfra.

Nefndin telur nú ekki líklegt, að auðið sé, eins og nú stendur, að koma hér á landi á fót hlutafélagsbanka með nægu fjármagni, er innlendir menn eigi eingöngu yfir að ráða; en þó að svo sé, ætti verzlunarsaga landsins að vera búin að kenna þjóðinni, að ekki muni holt að gefa útlendingum leyfi og einkarétt til slíkrar verzlunar og hér er um að ræða, án þess innlendir menn hafi þar nokkur ráð um. Öðru máli er um það að gegna, þótt aðstoðar útlendinga sé leitað til þess, en þó ekki í frekari mæli en svo, að stofnunina megi engu að síður innlenda kalla.

Þetta hér um rædda virðist nefndinni að alþingi eigi að hafa fyrir augum, þegar ræða er um að veita leyfi til að stofna hlutafélagsbanka hér á landi. Auk þess er og á það líta, þegar um rétt til seðla útgáfu er að ræða, að þá er það svo ábatavænlegt fyrirtæki, og sérstaklega, ef einkaréttur er, að landssjóður ekki má afsala sér þeim rétti eða láta hann af hendi, einkum um langan tíma, án þess að þjóðfélagið eða landssjóður fyrir þess hönd njóti góðs af þeim hagnaði, er seðla-útgáfa hefir í för með sér.

Þegar nú litið er á hið fyrirliggjandi frumvarp, er það ljóst, að því, skoðað frá Íslands sjónarmiði, er í mörgu ábótavant Frumvarpið fer fram á, að heimild sé gefin ráðaneytinu til þess að veita þeim hæstaréttarmálaflutningsmanni Ludvig Arntzen, R. af D., og stórkaupmanni Alexander Warburg leyfi til að stofna banka hér á landi, er hafi um 90 ára tímabil einkarétt til að gefa út seðla. Hlutafé banka þessa má fyrst um sinn ekki nema meiru en 6 mill. króna, og skal almenningur á Íslandi látinn sitja fyrir því, að skrifa sig fyrir hlutum, annaðhvort með því að borga hlutaupphæðina í peningum, eða með því, að gefa út skuldabréf með veðrétti í fasteignum, er þó ekki nemi meiru en 20% af virðingarverði þeirra. Þeim sem einkarétturinn veitist, skal skylt að útvega jafnmikla upphæð hlutarupphæð þeirri, er Íslendingar leggja fram. Banki þessi á að taka að sér eignir og skuldir landsbankans og leysa inn seðla hans; það sem afgangs kann að verða innlausnargjaldinu, á að renna í varasjóð banka þessa.

Þessi ákvæði frumvarpsins, auk annara, gjörði það að verkum, að nefndinni virtist frumvarpið, eins og það liggur fyrir, alls óaðgengilegt. Hún áleit ekki takandi í mál að veita nokkurum manni einkarétt til seðlaútgáfu hér á landi, án þess að í móti kæmi einhver meiri eða minni skattur til landssjóðs af seðlaútgáfunni. Engin líkindi taldi nefndin til, að almenningur á Íslandi mundi vilja eða geta lagt fram, hvort heldur væri í fasteignum eða peningum, það er ætlast var til af Íslendinga hálfu til stofnunar bankans, með öðru móti en því, að fé það væri eign Íslendinga í orði kveðnu að eins, þar sem engin trygging

er fyrir í frumvarpinu, að útlendingar eigi gætu notað nöfn Islendinga til þess að skrifa sig fyrir hlutarupphæðum, og yrði stofnunin á þann veg að mestu leyti eign útlendinga. — Ennfremur taldi nefndin of mikið lagt í sölurnar frá landsins hálfu til þess að fá þannig lagaðan banka upp, með því að leggja eignir landsbankans, sem nema þó talsverðu, í varasjóð þessa fyrirhugaða banka, enda áleit það og óþarft.

Auk þessara aðalgalla voru í frumvarpinu ýms ákvæði, sem ýmist voru óljós eða vöntuðu alveg. Þannig var hvergi tekið fram, hvar varnarþing banka þessa skyldi vera eða aðalskrifstofa, heldur ekki hvar aðalfundi bankaráðsins skyldi halda o. fl. Það ákvæði í 18. gr., að ráðgjafinn fyrir Ísland skyldi vera sjálfkjörinn formaður bankaráðsins, virtist benda á, að aðalheimkynni banka þessa skyldi vera Kaupmannahöfn, en slíkt gat nefndin ekki felt sig við.

Flutningsmaður þessa máls tilkynti nefndinni, að hinir áður umgetnu stofnendur bankans mundu koma hingað til Reykjavíkur í sumar, til þess að semja við þingið um mál þetta, og afréð nefndin því að bíða með endileg úrslit máls þessa, þar til þeir kæmu.

Með síðustu ferð »Botníu« komu svo menn þessir, hæstaréttarmálaflutningsmaður Ludvig Arntzen og stórkaupmaður Alexander Warburg, og hefir nefndin haft marga málfundi með þeim. Hafa þeir eftir tillögum nefndarinnar tjáð sig fúsa til að nota leyfi það, sem um er getið í frumvarpinu um bankastofnun, enda þótt ákvæði séu sett í það, er fari í þessa átt:

1. Að þegar varasjóður Íslandsbanka sé orðinn 1 mill. króna, þá skuli sú upphæð, er samkvæmt reglugerð bankans árlega er ákveðin varasjóði, renna óskert í landssjóð.
2. Að hlutafé sé ákveðið 5 mill. króna í stað 6 mill. í frumvarpinu, og hafi Íslendingar rétt til að skrifa sig fyrir alt að 3 mill. króna, en útlendingar fyrir því sem á vantar.
3. Að bankinn taki að sér útborgun á skuldum landsbankans og innköllun á útistandandi skuldum hans, svo og að innleysa seðla hans gegn ábyrgð landssjóðs, og að varasjóður landsbankans og aðrar skuldlausar eigur hans renni í landssjóð.
4. Að varnarþing bankans sé í Reykjavík og aðalskrifstofa.
5. Að bankinn taki að sér veðdeild landsbankans, ef hún verður sett á fót, með sömu skyldum og réttindum, er landsbankinn kann að hafa.
6. Að svo sé ákveðið, að landssjóður hafi, þegar liðin eru 40 ár frá stofnun Íslandsbanka, rétt til að innleysa öll hlutabréf bankans með gangverði þeirra, eftir því sem honum þykir henta.

Aftur á móti tjáðu þeir sig ófúsa á að ganga að því, að svo væri ákveðið í frumvarpinu, að aðalfundir bankaráðsins væru haldnir annarsstaðar en í Kaupmannahöfn, nema sérstakar ástæður væru til, en tjáðu sig hins vegar fúsa á að ganga að því, að svo væri ákveðið, að bankaráðinu væri í sjálfsvald sett, hvar þeir skyldu haldnir.

Ef nú ákvæði þau, sem að framan eru nefnd undir liðunum 1—6, væru sett inn í frumvarpið, álítur nefndin að það taki miklum bótum, enda þótt hún

verði að játa, að engin eða lítil trygging sé fyrir því, að Íslendingar sjálfir verði eigendur að $^3/_5$ hlutafjárins, en að sú trygging sé fengin, álítur nefndin nauðsynlegt, og enda aðalskilyrðið fyrir því, að leyft sé að frumvarpið fái framgang. Nefndinni getur heldur ekki dulist það, að arðsvon sú, er landssjóður hefði af afsölu seðlaútgáfuréttarins, er alt of lítil, þar sem arðurinn um all-langan tíma verður enginn, og byrjar fyrst eftir að 1 mill. króna er komin í varasjóð. — Þó vill nefndin ekki að svo stöddu gera ágreining úr þessu atriði, heldur að eins setja trygging gegn því, að þetta dragist lengur en 20 ár.

Nefndinni hefir nú hugsast að bæta megi úr báðum þessum göllum að nokkuru leyti á þann, að landssjóður sjálfur gerðist hluthafi að nokkuru talsverðu leyti, yrði t. a. m. eigandi að $^2/_5$ hlutafjárins, þar sem ekki má búast við, að einstakir menn taki meiri þátt í hlutum en að $^1/_5$, og til enn meiri tryggingar væri það beinlínis tekið fram í frumvarpinu, að landssjóður hefði rétt til að skrifa sig fyrir $^2/_5$ og að hlutfallið milli innlendra og útlendra eigna væri við stofnun bankans 3 á móti 2. Ennfremur verður nefndin að álíta nauðsynlegt að tekið sé fram, að aðalfundir skuli haldnir í Reykjavík, og að landshöfðingi sé varamaður á þann hátt, að hann mæti í bankaráðinu, þegar ráðgjafinn ekki er viðstaddur, enda þótt slík ákvæði ættu ef til vill fremur heima í reglugerð bankans en í sjálfum lögunum.

Enda þótt nefndin, úr því svo er orðið áliðið þingtímans, ekki geri sér vonir um, að mál þetta geti fengið framgang á þessu þingi, og telji enda heppilegra að láta það bíða endilegra úrslita, þar til stjórnin hefir fengið tækifæri að að bera það undir álit bankafróðra manna, þá vill hún þó eindregið mæla með því, að frumvarp þetta sé tekið til rækilegrar meðferðar í deildinni, og leyfir sér því að koma með breytingartillögur við frumvarpið, sem að sumu leyti eru orðabreytingar og að öðru leyti bygðar á því, sem að framan er sagt.

1. Í inngangínum: Fyrir »ráðaneytinu«, komi »ráðaneytinu fyrir Ísland«.
2. - —— Fyrir »að veita félagi«, komi »að veita hlutafélagi«.
3. Við 1. grein: Upphaf greinarinnar orðist svo: »Íslendingar, hvort sem eru einstakir menn, sjóðir eða stofnanir, skulu látnir sitja fyrir að« —
4. — — — Fyrir »og gefi — landssjóði« komi: »Af skuldabréfum þessum greiðast 4% í ársvexti, og skal greiðsla af þeim vöxtum trygð bankanum af landssjóði«.
5. Við 1. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein:
   »Landssjóður Íslands hefir rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, er nemi alt að 2 millíónum kr.
6. — 2. — Greinin orðist svo:
   »Hlutafé bankans skal fyrst um sinn eigi nema meiru en 5 millíónum króna. Stofnendur bankans skulu skyldir að útvega með ákvæðisverði þá hlutaupphæð, er Íslendingar hafa ekki skrifað sig fyrir samkvæmt 1. gr., þó svo, að sú upphæð ekki nemi meiru en $^2/_5$ af öllu hlutafénu.

7. — 3. — Fyrri hluti greinarinnar orðist svo:
»Bankanum skal heimilt að gefa út bankaskuldabréf, er nemi jafnmikilli upphæð og veðskuldabréf þau, er hann fær gegn hlutabréfum samkv. 1. gr., og skulu þá veðskuldabréfin vera trygging bankaskuldabréfanna«.

8. — 4. — Fyrir: »krefst« komi: »krefur«.

9. — 4. — 1. Fyrir: »hin nefnda seðlaupphæð hljóðar á« komi: »téð seðlaupphæð nemur«.

10. — 5. — Fyrir: »hljóðar á« komi: »til segir«

11. — 6. — Fyrir: »í löglegum gjaldgengum eyri« komi: »í löglegri gjaldgengri mynt«.

12. Við 6. grein: Fyrir »má teljast — gjaldi« komi »má telja til myntforða bankans«.

13. — 9. — Fyrir »stofnskrá« komi »reglugjörð«.

14. — - — Fyrir »sem einnig skal — gefnir út« komi »Ráðaneytið samþykkir, í hverju formi seðlarnir skulu gefnir út, og hverju upphæð hvers einstaks seðils má nema«.

15. — 11. — Greinin orðist svo:
»Íslandsbanki tekur að sér útborgun á skuldum landsbankans og innköllun á útistandandi eignum hans; hann leysir og inn seðla þá, sem landsbankinn á úti. Landssjóður ábyrgist vanhöld öll við innköllun þessa og útborgun, enda renni varasjóður landsbankans og aðrar skuldlausar eigur í landssjóð«.

16. — 12. — Fyrir »eydd« komi »ónýtt«.

17. — — — Á eftir 12. grein komi ný grein, er verður 13. gr.:
»Ef veðdeild verður sett á stofn í sambandi við landsbankann, skal Íslandsbanki skyldur að taka hana að sér með öllum hinum sömu skyldum og réttindum, er landsbankanum kunna að verða fengin í hendur«.

18. — — — Á eftir þessari grein komi ný grein, er verði 14. gr.:
»Þegar varasjóður Íslandsbanka er orðin 1 miljón króna, eða þegar 20 ár eru liðin frá stofnun bankans, rennur upphæð sú, er samkvæmt reglugjörð bankans árlega er ákveðin varasjóði, óskert í landssjóð«.

19. — 13. — Fyrir »afgjöldum« komi »gjöldum«.

20. Við 14. grein: Fyrir »sem bækur bankans hljóða um« komi »í bókfærslu sinni«.

21. — 16. — Í eyðurnar sé sett »20« á fyrri staðnum, en »30« á seinni staðnum«.

22. — 17. — Fyrir »skrifstofu sína« komi »aðal-skrifstofu sína og varnarþing«.

23. — — — Fyrir »útibú á« komi »útibú í«.

24. — — — Orðið »(Eyjafirði)« falli burt.

25. — 18. — Greinin orðist svo:

»Í fulltrúaráði bankans skulu sitja 11 menn, og kýs alþingi 5 þeirra, en hluthafar aðra 5. Ráðgjafi Íslands er sjálfkjörinn formaður bankaráðsins, en landshöfðingi varamaður, og gengur hann að öllu leyti í ráðgjafans stað, þegar hann er eigi sjálfur við staddur.

Aðalfundir bankaráðsins skulu haldnir í Reykjavík. Þó getur bankaráðið ákveðið, að halda skuli aðalfund annarsstaðar, þegar því þykir nauðsyn til bera«.

26. — — — Á eftir 18. gr. komi ný gr., er verður 21. gr.:

»Þegar liðin eru 40 ár frá stofnun bankans, hefir landssjóður Íslands rétt til að innleysa öll hlutabréf bankans með gangverði þeirra, eftir því sem honum þykir henta, og eru eigendur hlutbréfanna þá skyldir að selja hlutabréf þau, sem innkölluð kunna að verða með 12 mánaða fyrirvara«.

27. — 19. — Fyrir »leyfishafendum« komi: stofnendum.

28. — — — Fyrir »frá staðfesting þessara laga« komi »frá því er lög þessi öðlast gildi«.

29. — — — Fyrir »ráðaneytinu« komi »ráðaneytinu fyrir Ísland«.

30. — — — Fyrir »að veita — leyfi« komi »að fela stofnun bankans«.

Neðri deild alþingis 13. ágúst 1899.

Þórður Thoroddsen, formaður og framsögumaður.
Klemens Jónsson, skrifari.
Valtýr Guðmundsson.
Pétur Jónsson.

Þó eg sé frumvarpinu eigi samþykkur í ýmsum greinum, enda þótt allar breytingar nefndarinnar væru samþyktar, þá sé eg ekkert í móti, að málið sé tekið til umræðu og athugunar í deildinni.

Tryggvi Gunnarsson.

Ed. 420. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

Frá Sigurði Jenssyni.

Við 11. gr. Í stað $^1/_2$ af hundraði komi: $^2/_5$ af hundraði.

Nd. 421. **Breytingartillaga**

við viðaukatillögur (þingskj. 397) við frumv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885.

Frá Jóni Jenssyni, Pétri Jónssyni.

1. Í stað orðanna í upphafi 3. greinar »Á hverju reglulegu . . . . endurskoða reikninga landsbankans« komi:

Tveir skulu vera endurskoðunarmenn við landsbankann og kýs hið sameinaða alþingi annan þeirra til tveggja ára í senn, í fyrsta skifti fyrir árin 1900 og 1901, en hinn endurskoðunarmanninn nefnir landshöfðingi til.

2. Í stað orðanna í næstu málsgrein: »reikningana í hverju einstöku tilfelli« komi: reikninga landsbankans í hverju einstöku atriði.

Nd. 422. **Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild til að selja Reykjavíkurkaupstað vegarstæði yfir Arnarhólslóð í Reykjavík.

Frv.greininni höfum vér vikið við, eins og gjört var í hinni fyrstu brtill. flutningsmanns (þingskj. 405), að því viðbættu, að breikka megi Kalkofnsstiginn inn að hinum fyrirhugaða vegi.

Þá leggjum vér til, að bætist við 2. gr., samhlj. 2. brtill. á þingskj. 405 að efni til, að því undanteknu, að verð lóðanna skuli ákveðið með dómkvaddra manna mati.

Loks leggjum vér til, að ný grein komi í frumvarpið, er verði 3. gr., þess efnis, að stjórnin geti makaskift hæfilegum hluta Arnarhólstúns fyrir kirkjugarðsstæði í Reykjavík, er bærinn leggi til dómkirkjunnar, og eigum vér þar við Melshúsalóð og túnið norður og vestur af, sem álitið er það eina tiltækilega svæði til stækkunar kirkjagarðsins, sem nú er orðinn svo gjörsamlega ónógur, að til vandræða horfir.

Samkvæmt framanskrifuðu verða breytingartill. nefndarinnar þær, er nú skulu greindar, og tekur flutningsmaður þá aftur breytingartill. á þingskj. 405.

1. Frumv.greinin orðist svo: Stjórninni veitist heimild til að leyfa Reykjavíkurkaupstað vegalagning um Arnarhólstún.
2. Ný grein (2. gr.) bætist við svohljóðandi:
   Stjórninni er og heimilt að selja Reykjavíkurkaupstað, þegar bæjarstjórnin fer þess á leit, lóðir í norðurhluta Arnarhólstúns eftir dómkvaddra manna mati.
3. Ný grein (3. gr) bætist við svohljóðandi:
   Ennfremur veitist stjórninni heimild til makaskifta á hæfilegum hluta Arnarhólstúns fyrir tún og lóðir til kirkjugarðsstæðis í Reykjavík, er kaupstaðurinn leggi til.
4. Fyrirsögnin orðist svo:
   Frumvarp til laga um leyfi til vegalagningar um Arnarhólstún í Reykjavík, o. fl.

Alþingi 14. ágúst 1899.

Tryggvi Gunnarsson, formaður.	Jón Jensson, skrifari og framsögumaður.	Guðl. Guðmundsson.

Ed. 423. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899 (þingskj. 399).

Frá Sigurði Stefánssyni.

5. gr. falli burt.

Nd. 424. **Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík.

Nefnd sú, er kosin var í máli þessu, hefir íhugað frumvarpið og rætt það á fundum. Er öll nefndin á einu máli um það, að spítalastofnun á landssjóðs kostnað með aðstoð Reykjavíkurbæjar og með því fyrirkomulagi, sem farið er fram á í frumvarpinu, sé nauðsynleg, og vill því leggja til, að frumvarpið sé samþykt í aðalefni. Að eins hefir orðið ágreiningur um, hve mikilli upphæð rétt er að verja af landssjóði til byggingar spítalans nú þegar. Er meiri hluti nefndarinnar á þeirri skoðun, að þær 40 þúsund kr., sem farið er fram á í frv., megi nægja, og vill því leggja til, að frumvarpið sé samþykt óbreytt; en minni hlutinn telur réttara, að landssjóður leggi nú þegar fram 50 þúsund kr. í þessu skyni, og mun sérstaklega koma með breytingartill. í þá átt.

Neðri deild alþingis 14. ágúst 1899.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Þórður Thoroddsen, skrifari og framsögumaður. Jón Jónsson þm. A.-Sk.

Jón Jensson. Ólafur Briem.

Nd. 425. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um burðareyri innanlands undir íslenzk blöð og tímarit í krossbandi.

Nefnd sú, er kosin var í Nd. til þess að íhuga frumvarp þetta, hefir haldið fund til að ræða það og leyfir sér að láta í ljósi álit sitt á þessa leið.

Það sem mælir með frumvarpi þessu, er einkum:

1. að samkv. því sparast póstmönnum og fleirum mikil ómök, t. d. að frímerkja blaða- og bókasendingar, vega fjölda smásendinga, ónýta frímerki á póststöðvum o. s. frv.
2. að það gjörir greiðari og tryggari skil á þeim til viðtakanda víðsvegar í sveitum, því með núgildandi fyrirkomulagi er talsvert sent af blöðum og ritum á strandferðaskipum með 10 au. burðargjaldi á pundi, og liggja þessar sendingar á höfnum eða flækjast á leið upp í sveitir, með því að þær mega ekki fara með landpóstum.
3. Loks er þetta léttir og ómaks-sparnaður fyrir útgefendur blaða og rita.

Þessi meðmæli með frumv., sem nú voru talin, byggir nefndin meðal annars á skýrslu póstmeistara sjálfs.

Aftur á móti virðist nefndinni það mæla á móti frumvarpinu, að ákvæði þess geti haft þær verkanir, að blöð og tímarit verði fremur en áður send með landpóstum, en það eykur stórum kostnað við póstflutninga, ef svo fer, með því að núverandi burðareyrir undir blöð og tímarit með landpóstum nemur fremur litlum hlut af flutningskostnaði þeirra. Auk þess er og vafasamt, hvort eins mik-

ið verður greitt í burðargjald af blöðum og ritum, þegar sú breyting, sem frumv. inniheldur, er komin á.

Nefndin hyggur nú, að setja megi trygging gegn því, að landflutningur aukist til muna fyrir ákvæði frumvarpsins, með því að veita póstmanni á afgreiðslustað vald til að hindra vanbrúkun í þá átt, og þá verði frumvarpið til umbóta.

Viðvíkjandi tryggingum þeim, sem frumvarpið hefir gegn því, að póstmenn geti dregið burðareyri undir sig, svo og skilyrðum fyrir því, að öðlast rétt þann, er frumv. veitir, sýnist nefndinni ekkert verulegt að athuga.

Samkv. þessu ræður nefndin til, að samþ. frumvarpið með þessari breytingu:

Aftan við 2. gr. komi ný grein, er verði:

3. gr. Póstmaður á útkomustað hefir heimild til, að láta póstsendingar þær, sem um er rætt í 1. gr., bíða á pósthúsinu eftir skipsferð, þó landpóstur gangi áður, ef biðin nemur eigi meir en 8 dögum.

Tala greinanna breytist samkv. þessu.

Neðri deild 14. ágúst 1899.

Guðl. Guðmundsson formaður og framsögumaður.

Pétur Jónsson skrifari

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.

Ed. 426. **Framhaldsnefndarálit**

um frumv. til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi (eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

Hin háttv. Nd. hefir gjört talsverðar breytingar á þessu frumvarpi og leggjum vér nefndarmenn það til, að flestar þessar breytingar verði samþyktar, jafnvel þó oss ekki geðjist fyllilega að sumum þeirra, eins og t. d. breytingunni á 5. gr., þar sem svo er að orði komist, að hver maður, sem pantar áfenga drykki handa öðrum, gjöri sig sekan í ólöglegri verzlun. Þetta ákvæði teljum vér óheppilegt, sökum þess, að það er alveg ómögulegt að hafa nokkuð eftirlit með því, að því sé hlýtt. Samt sem áður viljum vér ekki leggja til, að þessu verði breytt, því að ekki teljum vér þetta atriði svo þýðingarmikið, að vér viljum gjöra það að ágreiningsefni milli deildanna. En það er eitt ákvæði í frumvarpinu, eins og það er nú, sem vér verðum að álíta óhafandi, því að það getur orðið til þess, að stjórnin neiti að staðfesta þessi lög; það er ákvæðið í 12. gr., að enginn sé skyldur að borga áfenga drykki, sem hann fær til láns. Þar sem þetta ákvæði nær einnig til viðskifta milli innlendra manna og útlendra, sem ekki geta þekt þessi lög og varast þetta ákvæði, þá sýnist oss næsta ólíklegt, að stjórnin geti gengið að því. Vér leggjum því til, að 12. gr. verði breytt, en höfum þó í tillögu vorri reynt að taka svo mikið tillit til vilja hinnar háttv. Nd., sem vér höfum séð oss fært.

Vér leyfum oss því að leggja til, að frv. verði samþykt með þessari breytingu:

12. gr. orðist svo: Enginn er skyldugur til að borga áfenga drykki, sem hann fær til láns á veitingastöðum, og námsmenn á skólum, er standa undir umsjón landstjórnarinnar, eru ekki skyldugir til að borga áfenga drykki, er þeir fá til láns, hvort sem er á veitingastöðum eða annarsstaðar.

Efri deild 14. ágúst 1899.

J. Havsteen formaður. Sigurður Jensson skrifari og framsögumaður. Jón Jakobsson.

Ed. **427. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja lóð af Arnarhólstúni í Reykjavík.

(eins og það var samþykt við 2. umr. í ed.)

Stjórninni veitist heimild til að selja konsúlsfrú Helgu Vídalín lóð úr Arnarhólstúni í Reykjavík, hið svo nefnda »batteri« ofan að sjó, að flatarmáli 5000 □ álnir, fyrir minst 850 kr., og með því skilyrði, að kaupandinn slétti jafnstórt svæði í túni því, sem fylgir embættisbústað landshöfðingja, á þeim stað, þar sem hann til tekur.

Nd. **428. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Frá Jóni Jenssyni, Ólafi Briem, Sigurði Gunnarssyni, Þórði Thoroddsen, Jóni Jónssyni, þm. A. Sk., Guðl. Guðmundssyni.

Við 3. gr.: Á eftir orðunum »og skal þess gætt«, bætist inn í: er ekkja eða skilgetin börn barnsföður eru á lífi.

Ed. **429. Nefndarálit**

í fjárlagamálinu.

Vér, sem hin h. efri deild skipaði í nefnd til að íhuga mál þetta, höfum tekið það til svo rækilegrar íhugunar, sem föng voru á, og álít vort er á þessa leið:

Samkvæmt frumvarpi neðri deildar er hinn áætlaði tekjuhalli eftir fjárhagstímabilið kr. 130,972.75. Auk þess eru veittar 75,000 kr. til ritsímalagningar, sem ekki eru taldar með í þessari upphæð, svo ætla má, að allur tekjuhallinn verði kr. 205,972.75.

Einnig hefir h. neðri deild veitt leyfi til lánveitinga til ýmsra fyrirtækja á fjárhagstímabilinu að upphæð kr. 172,500.00. Samkvæmt yfirlýsingu fulltrúa stjórnarinnar má einnig telja víst, að við lok yfirstandandi fjárhagstímabils verði tekjuhalli alt að 150,000 krónum.

Þess ber að gæta, að þingið getur að þessu sinni afgreitt nokkur þau

lög er hafa í för með sér stórkostleg útgjöld fyrir landssjóð t. d. læknalögin og lögin um bygging brúar á Lagarfljóti og auk þess hefir það til meðferðar frumv. til laga um stofnun landspítala, svo að ef frumv. það verður samþykt, nema útgjöld þau, er þessi lög hafa í för með sér og gjöra má ráð fyrir að til útborgunar komi, alt að 100,000 króna.

Þegar á alt þetta er litið, eru fjárhagshorfurnar alt annað en glæsilegar, og mjög líklegt að til þess komi á næsta þingi, að leggja verði á nýa skatta, en eins og hagur landsmanna nú stendur yfirleitt, munu fáir telja þá vel við því búna.

Nefndin verður því að telja það skyldu þingsins, að spara sem auðið er landsfé að þessu sinni, bæði með því að fresta þeim framkvæmdum, sem vel geta dregist þetta næsta fjárhagstímabil án verulegs baga fyrir landið, þótt í sjálfu sér kunni þarfar að vera, og með því að hliðra sér sem mest hjá þeim fjárveitingum, sem tvísýnt er um, að landinu komi að miklum eða bráðum notum.

Vér skulum því næst gjöra stuttlega grein fyrir helztu breytingunum, er vér leggjum til að gjörðar séu á frumvarpinu.

10. gr. C. 4. b.—c. og 6.

Vér leggjum til að stafliður b. sé lækkaður um 2000 kr. hvort árið og því látið sitja við þá upphæð, sem er í frumvarpi stjórnarinnar, eins og fjárlaganefnd neðri deildar lagði til; gerum vér það með tilliti til þess, að oss er ekki kunnugt um, að búnaðarfélögum hafi fjölgað neitt verulega þetta yfirstandandi fjárhagstímabil, en hinn núverandi styrkur hins vegar all-ríflegur. Oss eru heldur ekki kunnar neinar málaleitanir frá landsmönnum um hækkun á þessum styrk.

Styrkurinn undir staflið c. 8000 kr. til Búnaðarfélags Íslands hvort árið þykir oss nokkuð hár. Félag þetta er nýstofnað og því alveg óséð, hvernig framkvæmdir þess verða til eflingar landbúnaðinum, og þótt vér efumst ekki um, að það muni hafa áhuga á því, að styrkja hann með ráði og dáð, þá verðum vér að ætla, að 6000 króna fjárveiting hvort árið sé eftir því sem nú stendur á viðunanleg, og er það eins mikið og enda meira fé en fjárlaganefnd neðri deildar ætlaði félaginu, þar sem það, eftir tillögum hennar, átti að annast um mjólkurmeðferðarkensluna á Hvanneyri, sem samkvæmt frumvarpinu er nú veitt sérstök upphæð til.

6. töluliðinn leggjum vér til að fella burtu. Þótt fyrirtæki þetta hafi eflaust töluverða þýðing fyrir landbúnaðinn, þá teljum vér það ekki svo bráðnauðsynlegt, að ekki megi fresta því þangað til betur lætur í ári.

11. gr. 10.

Nefndinni barst bréf frá landlækni, þar sem hann sýndi fram á, að upphæð sú, sem stendur undir þessum tölulið til útgáfu ljósmóðurfræði, væri of lág. Vér leggjum því til, að þessi upphæð verði færð upp um 300 kr., með því vér teljum mikla þörf á bók þessari.

12. gr. B. 3—4 og C. 3.

Vér leggjum til að fjárveitingin til flutningabrautanna sé lækkuð um

5000 kr. hvort árið, og leggjum það til að þessi lækkun komi einkum niður á eyfirzku flutningabrautinni, en því meira unnið að flutningabrautinni í Húnavatnssýslu. Það er víst óvíða á landinu minni þörf á flutningabraut en í Eyafirði og því virðist sjálfsagt, að láta aðra hluta landsins, þar sem þörfin er meiri, sitja í fyrirrúmi. Þar sem braut þessi á að leggjast í Eyafirði, er hinn bezti vegur af náttúrunni, auk þess, sem akfæri á vetrum er all-oftast hið bezta í sveit þessari. Það virðist því ekki geta valdið miklum baga, þótt ekki sé lagt of fjár í braut þessa á næsta fjárhagstímabili.

Þá leggjum vér til, að fjárveitingin til þjóðvega sé eins og hún er í frumvarpi stjórnarinnar og því lækkuð um 10,000 kr. fyrra árið. Í sambandi við það viljum vér og fella burtu viðbótina við tölulið 4 um 10,000 kr. til vegagerðar austanmegin Hrútafjarðar, en ætlumst þó jafnframt til, að landstjórnin verji því fé til þessarar vegagerðar, sem nauðsynlegt þykir eða alt að þessari upphæð. Fjárlaganefnd neðri deildar hefir vakið athygli stjórnarinnar á því, að enn hefir ekkert verið gert við aðalpóstleiðina á Þorskafjarðarheiði, þrátt fyrir bendingar í þá átt á síðasta þingi. Vér teljum víst, að landstjórnin sé sannfærð um, hve bráðnauðsynlegt það er, að varða heiði þessa, sem er mjög langur, villigjarn og erfiður fjallvegur og stór-hættulegur fyrir menn og skepnur, meðan ekkert er við hann gert. Þótt heiði þessi megi mestöll teljast næstum vegleysa að sumrinu, viljum vér þó ekki í þetta sinn fara fram á annað, en að hún sé vörðuð og gert við sæluhús það, sem á henni er og sem er mjög nauðsynlegt. Vér tökum samt að svo stöddu enga sérstaka upphæð til á frumvarpinu, í von um, að landshöfðingi geti lýst því yfir á þessu þingi, að þetta nauðsynjaverk verði ekki látið dragast lengur.

Þá leggjum vér til, að fjárstyrkurinn til að bæta innsigling og skipalægi á Stokkseyri sé feldur burtu, þar eð vér teljum mjög vafasamt, hvort verkið sé framkvæmanlegt, þótt með meiri styrk væri en hér er um að ræða.

13. gr. A. 8.

Prestur sá, sem ræðir um í þessum tölul. hefir orðið fyrir mjög tilfinnanlegum tekjumissi um mörg undanfarin ár, sem nemur 459 kr. Vér leggjum því til, að upphæð þessi sé hækkuð um 100 kr.

13. gr. B. III. 4, og 6.

Með því að yfirstjórn skólans telur mikil vandkvæði á því, að unt verði að fá hæfa menn fyrir prófdómendur fyrir minna fé en til þess er ætlað í stjórnarfrumvarpinu, teljum vér rétt að hækka tölul. 4. um 50 kr. hvort árið. Athugasemdina viljum vér einnig fella burtu, með því að yfirstjórn skólans mun lýsa því yfir, að hún muni atnema latneskan stíl sem inntökuskilyrði í skólann.

Þá leggjum vér til, að námsstyrkurinn (tölul. 10) sé lækkaður um 500 kr. hvort árið. Bæði þegar litið er til hins ískyggilega ástands í skólanum síðastliðinn vetur og hinnar miklu aðsóknar að skólanum, þá virðist margt mæla með þessari lækkun. Með hliðsjón af þessu telur nefndin það einnig vel við eiga, að námsstyrkirnir séu ekki veittir eða útborgaðir fyrirfram, heldur eftir á, og hefir hún í því skyni sett þá viðbót við athugasemdina, að fyrri hluti styrksins greiðist að afloknu miðsvetrarprófi, en síðari hlutinn síðast í maímánuði.

13. gr. B. V. b. 2 og 4.

Þrátt fyrir það þótt fjárlaganefnd Nd. telji stýrimannaskólann þarfa og mikils-verða stofnun, hefir hún þó dregið úr fjárveitingum til hans, meir en vér teljum ástæðu til. Vér verðum að telja fulla nauðsyn á þeirri 700 kr. fjárveiting, sem samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar á að ganga til að reisa höggvið siglutré til æfinga fyrir námssveina, úr því að æfingaskip vantar. Sama máli er að gegna um geymslukostnað á bókum og áhöldum skólans, sem sakir hinnar afarmiklu aðsóknar að skólanum hin síðustu ár hlýtur stórum að aukast. Ekki getur nefndin heldur talið það heppilegt, að fella burtu upphæðina til lóðarkaupa handa skólanum, með því að af því getur leitt, að lóðin verði seld öðrum, og síðan bygt á henni til mikils baga fyrir skólann, sem mjög er áríðandi að standi á bersvæði, þar sem ekkert skyggir á.

Þegar loks er litið til þess styrks, sem sjávarútvegurinn nýtur af hinu opinbera í samanburði við landbúnaðinn, virðist ekki ástæða til að skera styrkinn til þessa skóla mjög við nöglur sér.

Að þessu athuguðu leggjum vér því til, að fjárveitingarnar til stýrimannaskólans séu færðar til sömu upphæðar og þær eru í stjórnarfrumvarpinu.

13. gr. C.

Nefndinni barst umsókn frá nokkrum mönnum hér í bænum um 1200 króna fjárveiting hvort árið til samnings á spjaldskrá fyrir landsbókasafnið. Nefndin telur umsókn þessa á góðum rökum bygða, en með tilliti til fjárhagsins getur hún ekki lagt til að veittar séu nema 600 kr. hvort árið í þessu skyni og leggur hún til að upphæðin á tölul. C. 1. c. sé því hækkuð um 600 kr. hvort árið.

Umsjónarmaður forngripasafnsins hefir tjáð nefndinni, að þegar nefnt safn sé flutt í hið nýja húsnæði í bankahúsinu, sé einum manni með öllu ómögulegt að hafa nauðsynlegt eftirlit með safninu, þegar það er opið, og því mundi ekki hjá því komist að hafa aðstoðarmann að minsta kosti að sumrinu, þegar safnið er fjölsóttast. Vér teljum þetta í alla staði rétt, og með því að þóknun sú, er umsjónarmaðurinn nú hefir, er svo lítil, að ekki verður til þess ætlast, að hann greiði af henni borgun til slíkrar aðstoðar, þá leggjum vér til, að tölu liður 6. b. sé hækkaður um 200 kr. hvort árið.

Frá stjórn hins íslenzka Biblíufélags barst nefndinni bænarskrá um 1200 kr. styrk á ári til kostnaðar við endurskoðun eða til nýrrar þýðingar á biblíunni, með því að sjóður biblíufélagsins mundi alveg ganga til þurðar og ekki einu sinni hrökkra til þýðingarinnar og þá alls ekkert fé verða eftir til útgáfunnar. Nefndin telur rétt, að landssjóður styrki þetta verk, og vill því veita hið umbeðna fé.

Þá hefir nefndinni borist bænarskrá frá leikfimiskennara Ólafi Rósenkranz, þess efnis, að honum yrðu veittar 200 kr. á ári til að greiða þann kostnað, er hann beinlínis verður að leggja út til þess að geta kent ókeypis leikfimi og líkamsæfingar í Reykjavík. Vér teljum kenslu þessa þess verða, að hún sé lítið eitt styrkt af landsfé, og leggjum til, að fé þetta sé veitt.

Fyrir hinum öðru breytingartillögum vorum við þennan kafla 13. gr., teljum vér óþarft að gjöra nánari grein hér; það mun verða gjört í framsögu málsins.

18. gr.

Að endingu leggjum vér til, að feldar séu úr þessari grein lánveitingin til stofnunar mjólkurbúa og hafskipabryggju í Reykjavík. Það eru ekki minstu líkur til, að fé verði fyrir hendi til þessara lána, og því gagnslaust, að veita heimildir til þeirra.

Samkvæmt þessu viljum vér ráða h. háttv. deild til að samþykkja svolátandi:

Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

1. Við 10. gr. C. 4. b. Fyrir »20,000—« komi: 18,000 —
2. — — — — — c. Fyrir »8000 « komi: 6000 —
3. — — — — 6. Töluliðurinn falli burtu.
4. — 11. — 10. Töluliðurinn orðist þannig: Styrkur til að semja og gefa út nýa ljósmóðurfræði alt að . . . 800 kr.
5. — 12. gr. B. 3. Fyrir »25,000—25000« komi: 20,000—20,000
6. — — — — 4. Fyrir »60,000« komi: 50,000.
7. — — — — — Athugasemdin innanstriks falli burtu.
8. — — — — 9. Töluliðurinn orðist þannig: »Styrkur til Kjósar- og Gullbringusýslu til framhalds veginum frá Reykjavíkurlandi suður sýsluna alt að«
9. — — — C. 3. Tölul. með athugasemdinni falli burtu.
10. — 13. gr. A. 8. Fyrir »300« komi: 400.
11. — — — B. III. c. 4. Fyrir »1000—1000—« komi: 1050—1050—
12. — — — — — — — Athugasemdin falli burtu.
13. — — — — — c. 6. Fyrir »5000—5000—« komi: 4500—4500—
14. — — — — — —— Aftan við athugasemdina bætist: »og greiðist fyrri hluti styrksins að afloknu miðsvetrarprófi, en síðari hlutinn síðast í maímánuði«.
15. Við 13. gr. V. b. 2. Fyrir »800—200—« komi: 1100—300.
16. — — — — — 4. Fyrir »500—400—« komi: 600—500—
17. — — — — — — Á eftir tölul. 4. komi nýr töluliður, sem verður 5. tölul. svo hljóðandi: »Til að kaupa lóð 440 —«
18. — — — C. 1. c. Fyrir »3400—3400« komi: 4000—4000.
19. — — — — —— Aftan við töluliðinn bætist »og til samnings spjaldskrár«.
20. — — — C. 3. a. Aftan við stafliðinn bætist: sem landshöfðingi skipar.
21. — — — — 6. b. Fyrir »400—« komi: 600 —.
22. — — — — 9. b. Stafliðurinn falli burtu. Þessi töluliður verði 7. töluliður og 12. tölul. verði 8. tölul.
23. — — — — Á eftir 12. tölul. frumv., sem verður 8. tölul., komi nýr töluliður, sem verður 9. tölul. svo hljóðandi:

Styrkur til hins íslenzka Biblíufélags til nýrrar þýðingar biblíunnar 1200—1200.

Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

24. — — — — — 11. Töluliðurinn falli burtu.
25. — — — — — 16. Töluliðurinn falli burtu.
26. — — — — — 17. Töluliðurinn falli burtu.
27. — — — — — 26. Töluliðurinn falli burtu.
28. — — — — — 31. Fyrir »350« komi: 250.
29. — — — — — 32. Töluliðurinn falli burtu.
30. — — — — — 35. Töluliðurinn falli burtu.
31. — — — — — Aftan við bætist nýr tölul. svo hljóðandi:

Til leikfimiskennara Ólafs Rósenkranz fyrir kostnað við ókeypiskenslu í leikfimi og líkamsæfingum . . . . 200—200

32. — 18. gr. Þriðja málsgreinin falli burtu.
33. — — — Fimta málsgreinin falli burtu.

Efri deild alþingis, 15. ágúst 1899.

Hallgrímur Sveinsson, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður. J. Havsteen.

Guttormur Vigfússon. Þorleifur Jónsson.

Ed. **430. Nefndarálit**

um málið: frumvarp til laga um fjármál hjóna (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd).

Frumvarp þetta, sem fyrst var lagt fyrir Ed. alþingis af hálfu stjórnarinnar, og sem Ed. samþykti eftir rækilega meðferð, er nú aftur komið til þessarar deildar frá háttv. Nd., með því hún hefir gjört breytingar á því.

Breytingarnar eru þessar:

Á 4. gr. Niðurlag 1. málsliðs hljóðaði í frumvarpi Ed. þannig: »má yfirvaldið synja um hana að öllu eða nokkuru leyti, ef því sýnist svo«. — Þessu hefir háttv. Nd. breytt á þá leið: »má synja um hana að öllu eða nokkuru leyti«.

Á 10. gr. Fyrir orðin »um fjárforræði giftrar konu í fjármálum« hefir Nd. sett: »um forræði giftrar konu í fjármálum«.

Nefndin, sem Ed. fekk mál þetta til meðferðar, hefir athugað breytingarnar, telur hina síðari til bóta, og hina fyrri einnig aðgengilega. Vér leggjum það því til, að frumv. verði nú samþykt óbreytt.

Efri deild alþingis, 15. ágúst 1899.

J. Havsteen, formaður. Kristján Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson.

Ed. 431. **Tillaga**

til þingsályktunar um frímerki.

Flutningsmaður Þorleifur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að láta búa til ný íslenzk frímerki, að einhverju leyti frábrugðin núgildandi frímerkjum, t. a. m. þannig, að orðið »Ísland« verði prentað á almennum frímerkjum í beinni línu, en á þjónustufrímerkjum í boginni línu, eða verðtalan sett eigi að eins í miðjuna, heldur og í hornin, og annaðhvort innleiða þau samhliða núgildandi íslenzkum frímerkjum, meðan þau frímerki endast, sem nú eru til, eða gera núgildandi frímerki ógild, um leið og nýu frímerkin verða innleidd.

Ed. 432. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum.

Vér, sem háttv. Ed. hefir skipað í nefnd til að íhuga frumv. til laga um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, höfum íhugað það á nokkurum nefndarfundum og kynt oss álit kennenda latínuskólans og skólastjóra á málinu og tillögur stiftsyfirvaldanna um það.

Af nefndaráliti þeirra 3 kennara við Reykjavíkur lærða skóla, sem kennarafundur kaus til að íhuga frumvarp alþingis 1897 og segja álit sitt um það, má sjá, að nefndin hefir eigi getað orðið á einu máli um hina fyrirhuguðu breytingu á fyrirkomulagi hins lærða skóla í Reykjavík, því að 2 af nefndarmönnum (skólastjóri og yfirkennari) hafa verið breytingu þeirri, er frumv. fór fram á, gersamlega andstæðir, en sá þriðji (skólakennari Geir Zoëga) hefir aðhylst það í öllum aðalatriðum, þó með þeirri breyting,. að námstíminn í gagnfræðadeild Reykjavíkur-skóla verði 4 ár í stað 3, er frumv. ákveður; á fundi kennaranna, er síðar var haldinn, kom það því næst í ljós, að 2 af hinum kennurum skólans féllust á skoðun minni hlutans, 1 fylgdi meiri hlutanum, en 1 tók sérstöðu í málinu og varð því með hvorugum talinn. Af þessu virðist því ljóst, að kennarar skólans hafi eigi verið svo gersamlega andstæðir breytingum þeim á fyrirkomulagi Reykjavíkurskóla, sem alþingi fór fram á 1897, eins og ráðgjafabréf dags. 27. sept. f. á. virðist gefa í skyn, heldur hafi skoðanir þeirra á málinu verið svo skiftar, að leggja megi að jöfnu meðhald það og mótspyrnu, sem málið hefir mætt frá þeirra hálfu. Að því er snertir tillögur stiftsyfirvaldanna í málinu, þá hafa þau að vísu viðurkent, að þörf væri á breyting í þá átt, sem frumvarpið fer fram á, en hins vegar eigi séð sér fært að mæla með því, bæði sökum þess, hve stuttur tími væri ætlaður gagnfræðanáminu, og einkum sökum sambands þess, sem latínuskólinn stæði í við háskólann í Kaupmannahöfn, þar sem ætla mætti, að sú breyting á fyrirkomulagi latínuskólans, er alþingi 1897 aðhyltist, mundi loka dyrum háskólans fyrir stúdentum úr Reykjavíkur skóla, ef skóla vorum yrði breytt áður en sams konar breyting kæmist á við danska skóla, og styðst þetta álit þeirra við skoðun umsjónarmanns lærðu skólanna í

Danmörku og ráðanauts kenslumálastjórnarinnar, háskólakennara M. Cl. Gertz, er ræður algerlega frá að takmarka forntungnanámið við lærða skólann í Reykjavík fyr en sams konar breyting komist á við danska skóla. Það er auðsætt af því, sem þegar hefir verið tekið fram, að sú aðalmótspyrna, sem frumvarp alþingis 1897 hefir vakið, á rót sína að rekja til sambands latínuskólans í Reykjavík við háskólann í Kaupmannahöfn, því að bæði hefir ráðanautur kenslumálastjórnarinnar, prof. Gertz, sem verið hefir andstæður breytingum alþingis á skólafyrirkomulaginu að þessu sinni, eingöngu vegna sambands skóla vors við háskólann í Kaupmannahöfn, sýnt það í ræðum og riti, að hann er einmitt einn hinn öflugasti forvígismaður þeirrar aðalstefnu, sem alþingi hefir tekið í þessu máli, og í sömu átt stefnir álit yfirstjórnenda skólans og fulls helmings af kennurum hans. Að vísu má segja, að nokkur agnúi á hinu fyrirhugaða skólafyrirkomulagi komi fram, þegar litið er til þess, að af latínuskólanum ganga allmargir stúdentar á prestaskólann í Reykjavík, er gerir kröfu til grískuþekkingar hjá nemendum sínum; en nefndinni virðist þó sá agnúi eigi svo mikill, að frumv. væri fyrir þá sök hafnandi, og treystir því, að annaðhvort mætti breyta kensluaðferðinni á prestaskólanum á þann hátt, er gerði grískukunnáttu hjá nemendum skólans óþarfa, eða þá að öðrum kosti mætti veita þeim, er þann veg gengju, þá aukatilsögn í grísku er gerði þeim lestur nýatestamentisins á frummálinu framkvæmanlegan.

Þess skal að síðustu getið, að einmitt um þessar mundir er komin upp mjög sterk hreyfing í Danmörku í þá átt, að breyta kenslunni í dönskum skólum á sama eða líkan hátt og alþingi Íslendinga heldur fram, og þetta mál er jafnvel komið þar svo langt áleiðis, að fylstu líkur eru til, að innan mjög skamms tíma verði, eftir ósk forstöðumanna hinna dönsku privatskóla samþykt nýtt skólafyrirkomulag, er hvorki taki hinar núverandi sagnfræðis- og málfræðislegu deildir né heldur hinar stærðfræðis- og náttúrufræðislegu til fyrirmyndar, heldur þræði meðalveg þar í milli, og ræður þá að líkindum, að ákveða þarf samband þeirra skóla við háskólann í Kaupmannahöfn, og þar sem vér höfum ástæðu til að ætla, að skólum þessum verði á mjög líkan hátt fyrir komið og gert er í frumvarpi alþingis 1897, að því er námsgreinar snertir, þá virðist ástæða til að ætla, að afstaða Reykjavíkur lærða skóla gagnvart háskólanum geti jafnframt orðið ákveðin á þann hátt, er vér megum vel við una.

Nefndin hefir að öllu þessu vel íhuguðu komist að þeirri niðurstöðu, að tvísýnt mundi, hvort það mundi að nokkuru verulegu ráði flýta fyrir málinu, þótt frumv. það, sem nú liggur fyrir hinni háttv. deild, væri samþykt af alþingi, enda virðist nefndinni eðlilegast, að slíkt mál, sem hér er um að ræða, sé undirbúið af stjórninni og lagt af henni í frumvarpsformi fyrir alþingi.

Á hinn bóginn telur nefndin þinginu skylt, að gera það sem í þess valdi stendur, til að greiða götu þessa þýðingarmikla máls, og með því að hún hyggur, að það mundi geta haft nokkra þýðing fyrir framgang málsins, ef samþykt væri einhuga áskorun af þinginu til stjórnarinnar um að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til breytingar á fyrirkomulagi skólans í líka átt og hér er farið fram á, eftir að hún hefði aflað sér upplýsinga um, með hverjum skilyrðum háskólinn

framvegis mundi standa íslenzkum stúdentum opinn, þá leggur nefndin til, að í stað frumvarps þess, sem hér liggur fyrir, verði samþykt eftirfylgjandi

Tillaga

til þingsályktunar um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík.

Alþingi skorar á stjórnina:

1. Að leita álits kirkju- og kenslumálaráðaneytisins og Kaupmannahafnarháskóla um það, hvort breyting á fyrirkomulagi hins lærða skóla í Reykjavík, í líka átt og farið var fram á í frumvarpi, samþyktu á alþingi 1897, þyrfti að verða því til fyrirstöðu, að íslenzkir stúdentar fengju aðgang að háskólanum, eða hvort eigi mundi að minsta kosti nægja, að því er guðfræðisnemendur snertir, að þeim væri gefinn kostur á aukakenslu í grísku við lærða skólann í Reykjavík.

2. Ef háskólinn og kensluráðaneytið kemst að þeirri niðurstöðu, að slíkt fyrirkomulag mundi eigi útiloka íslenzka stúdenta frá námi við háskólann, að stjórnin þá leggi fyrir næsta alþingi frumvarp, er bygt sé á sama grundvelli og frumvarp alþingis 1897.

Efri deild alþingis 15. d. ágústmán. 1899.

Hallgr. Sveinsson, formaður. Jón Jakobsson, skrifari og framsögumaður. J. Havsteen.

Sigurður Stefánsson. Þorleifur Jónsson.

Nd. 433. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í efri deild).

Frá Þórði Thoroddsen og Jóni Jenssyni.

Fyrir »40,000 kr.« í 1. grein, komi: 50,000 kr.

Nd. 434. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aðflutningsgjald af hvalafurðum (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

Þær breytingar, sem hin háttvirta efri deild hefir gert við frumvarp þetta, eru mjög verulegar og miða allar í þá átt að draga úr þeim áhrifum, er hin háttvirta neðri deild ætlaðist til að lög um þetta efni gerðu. Grundvöllur sá, er hin háttvirta neðri deild bygði á lagasetningartillögu sína í þessu máli. var, að rétt væri að hvalveiðamenn greiddu talsvert meira fé til almennra þarfa en nú er, þar sem þeir lögum samkvæmt eru undanþegnir skatti af mjög arðsamri atvinnu sinni, auk þess að þeir við rekstur þessarar atvinnu eyða, og með tímanum, ef til vill, gjör-eyða einum þeim höfuðstól landsins, sem landsmönnum hefir orðið mikill arður og mundi að öðrum kosti verða arðsvon að. Það, að hin háttvirta efri deild hefir sett aðflutningsgjaldið svo lágt, virðist að nefndarinnar áliti benda á, að henni hafi verið hulinn sá rétti tilgangur þessa frumvarps, og þar sem þess þarf eigi að

vænta, að sú deild, eftir því sem fram hefir komið, geti komist að því, sem vér álítum rètt í þessu máli, enda þótt henni væri það endursent, þá leyfum vér oss að leggja til, að frumvarpið sé samþykt óbreytt, enda þótt of lítil bót sé að því.

Neðri deild alþingis 15. ágúst 1899.

Jón Jónsson þm. Eyf., formaður. Þórður Thoroddsen, skrifari og framsögumaður. Kl. Jónsson,

Einar Jónsson. Pétur Jónsson.

Ed. 435. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja lóð af Arnarhólstúni. (Eins og það var sþ. við 2. umr.).

(Frá Sigurði Jenssyni, Sigurði Stefánssyni og Þorleifi Jónssyni).

Í stað orðanna: fyrir minst 850 kr, komi: eftir virðingu dómkvaddra manna, þó ekki fyrir minna en 850 kr.

Ed. 436. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

Frá Sigurði Stefánssyni.

12. gr. orðist þannig: Enginn er skyldugur til að borga áfenga drykki, sem hann fær til láns hér á landi.

Nd. 437. **Frumvarp**

til laga um greiðslu verkkaups (eins og það var samþykt við 2. umr. í nd.).

1. gr. Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verzlanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á þilskipum, sem á fiskiveiðar ganga eða hvalaveiðar, hvort sem eru seglskip eða gufuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir. Greiða má þó mönnum þessum verkkaupið með vörum eftir því verði, sem á þeim er á þeim stað gegn peningum, ef svo hefir um samist með hlutaðeigendum.

Verkkaup má eigi greiða með skuldajöfnuði, nema samningar séu til þess. Sé skuldin stofnuð með vöruúttekt, má eigi reikna verkmanninum verð vörunnar hærra en algengt verð var gegn peningum á þeim stað og tíma, er skuldin var stofnuð.

2. gr. Nú vinnur maður ákveðið verk fyrir ákveðið kaup (accord) að einhverri þeirri atvinnugrein, er 1. gr. hljóðar um, og fer um greiðslu þess, eins og segir í 1. gr.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 100 krónum, er renna í landssjóð.

4. gr. Með brot gegn lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

Ed. 438. Frumvarp

til laga um friðun fuglaog hreindýra (eins og það var samþykt við eina umr. í Nd.)

1. gr. Ernir, valir, smirlar, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur, mávar, fiskiendur, himbrimar, lómar og bjargfugl skulu ekki vera friðaðir á neinum tíma árs.

Allar aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hér segir:

a. Krían, snjótitlingar, þúfutitlingar, maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar og auðnutitlingar skulu friðaðir fyrir hvers kyns veiði á sérhverjum tíma árs.
b. Rjúpur skulu friðaðar 20. marz til 31. ágúst.
c. Lundi skal friðaður 1. júní til 1. ágúst.
d. Fýll skal friðaður 1. marz til 10. ágúst.
e. Álftir skulu friðaðar frá 15. maí til 20. sept.
f. Allar aðrar fuglategundir skulu friðaðar 1. maí til 20. júlí.

Net og skot má eigi við hafa við lundaveiði eða fýlaveiði.

2. gr. Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 1 krónu sekt, er tvöfaldast fyrir hvert brot, alt að 16 krónum.

3. gr. Hreindýr skulu friðhelg vera frá 1. janúar til 1. ágúst ár hvert, og varðar 5 króna sekt fyrir dýr hvert hið fyrsta sinn, ef drepið er. Sektin tvöfaldast, ef oftar er brotið, alt að 80 krónum.

4. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, eru opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjárins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

5. gr. Lög nr. 6 frá 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra og lög nr. 33 frá 16. desbr. 1885 um breyting á þessum lögum skulu úr gildi numin.

Ennfremur skal sú ákvörðun í tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849 § 7 »Hreini má og veiða og elta hvar sem er«, úr gildi numin.

Ed. 439. **Tillaga**

til þingsályktunar um strandgæzlubát á Faxaflóa.

(eins og hún var samþykt við eina umr. í Nd.)

Alþingi skorar á stjórnina, að hlutast til um, að útvegaður verði og sendur hingað svo fljótt sem verða má sérstakur fallbyssubátur til strandgæzlu í Faxaflóa.

Ed. 440. **Frumvarp**

til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í nd.).

1. gr.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, er gjörir barnsföður að skyldu að greiða með-

lag með óskilgetnu barni sínu, eða þar sem meðlagsskyldan er staðfest, skulu vera upplýsingar þær, er fyrir hendi eru, um aldur hans, fæðingarstað og framfærslusveit.

2. gr.

Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verð gjört að skyldu að greiða að minsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförunum leiddi fyrir hana, og ef þörf gjörist þröngvað til þess, svo sem heimilað er í lögum til greiðslu á meðgjöf með óskilgetnum börnum. Yfirvöldin tiltaka upphæð þessarar fjárreiðslu, og getur móðir barnsins heimt hana eftir reglum þeim, er segir í 4. gr.

3. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eftir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komin sé í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni skyldi gjalda, svo framarlega sem beiðni um það kemur til skiftaráðanda áður en skuldlýsingarfrestur (Proclama) er liðinn eða 6 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi boðaður verið. Ef ekkja barnsföður er á lífi, þá skal eigi fé út leggja öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband, og skal þess gætt, er ekkja eða skilgetin börn barnsföður eru á lífi, að meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meiru fé en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri. Nú situr ekkja barnsföður í óskiftu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er á barnsföður hvíldi, að svo miklu leyti sem yfirvaldi þykir hæfa eftir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtéðra fyrirmæla, þó eigi lengur en þar til barnið er orðið 14 vetra. Um barnsfúlgu, er greidd er af hendi í einu eftir lát föðurins, skal fara sem um fé ómyndugra, og skal til taka, á hvaða tíma og hverjum greiða skal meðlögin. Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu, þá skal fé það, er óeytt er þá er barnið deyr eða verður 16 ára, koma til skifta meðal erfingja.

4. gr.

Sé barnsfúlga, sem föður óskilgetins barns er skylt að borga samkvæmt úrskurði amtmanns eða sættargjörð, staðfestri af honum, eigi greidd á réttum gjalddaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt, að krefjast þess, að fúlgan verði greidd sér af sveitarfé í dvalarsveit sinni, þó eigi nema fyrir hið síðasta ár. Beiðninni skal fylgja löglega birtur úrskurður amtmanns um barnsfúlguna, eða löglega birt sættargjörð staðfest af honum, og lífsvottorð barnsins, og skal hún jafnframt láta þær upplýsingar í té um framfærslusveit barnsföður, sem hún er fær um. Meðlagið skal talinn sveitarstyrkur til handa barnsföður frá dvalarsveit móðurinnar, og fer um endurgjald á honum eftir ákvæðum fátækralaganna. Sannist það, að barnsfaðir hafi verið dáinn, eða farinn af landi, þegar meðlagið var fallið í gjalddaga, þá skal styrkurinn talinn sveitarstyrkur veittur barnsmóðurinni. Afplánun að lögum skal því að eins eiga sér stað, að framfærslusveit barnsföður beiðist þess.

Nú hefir meðlagið hvorki verið innheimt né afplánað, fyrir því að eigi hefir

orðið haft upp á barnsföður, eða hann hefir komist undan lagaaðförum, og er þá sveit þeirri, er eigi hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er hann síðar kemur fram, að ganga að honum að lögum, ef eigi er um seinan, að því er meðlagið snertir, og ennfremur beita við hann lögum 4. nóvbr. 1887 um sveitarstyrk og fúlgu.

5. gr.

Sama rétt, sem móðir að óskilgetnu barni hefur eftir 3. og 4. gr. laga þessara, hafa og þeir menn, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins eftir móðurina látna, burtfarna eður af öðrum líkum orsökum, og enn fremur fátækrastjórn, þá er hún hefur orðið að takast framfærslu þess á hendur.

Þá er móðir óskilgetins barns deyr, á faðir þess því að eins rétt á að fá það til sín, til framfærslu og uppeldis, að hann annaðhvort ættleiði það, eður hann fái til þess leyfi amtmanns á þeim stað, er barnið er.

6. gr.

Þegar faðir óskilgetins barns hefir að lögum verið skyldaður til að greiða meðlag með því, en menn vita eigi, hvar hann er niður kominn, hefir móðir barnsins rétt til þess, ef þörf gerist, að krefjast fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans. Sama rétt hefur bæði sá, er á að annast framfærslu óskilgetins barns, hvort heldur er eftir móður þess látna eða burtfarna, eða af öðrum orsökum, og eins fátækrastjórnin, hafi hún orðið að takast framfærslu þess á hendur.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1900, og falla þá úr gildi lög 24. janúar 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. Þó koma ákvæði nefndra laga til greina um meðlög þau, sem fallin eru í gjalddaga fyrir 1. maí 1900, ef beiðni um borgun á þeim er komin til dvalarsveitar eða framfærslusveitar barnsföður fyrir nefndan dag.

Ed. **441. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885.

(Eins og það var samþykt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Heimilt skal landstjórninni vera að gefa út seðla fyrir landssjóð fyrir alt að fjórðung miljónar króna (250,000 kr.) í viðbót við seðla-upphæð þá, sem þegar hefur verið gefin út samkvæmt lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, og eftir þeim reglum, sem þar eru settar um seðla landssjóðs.

2. gr. Landsbankinn fær að láni úr landssjóði jafna upphæð fjár, og landssjóður gefur út af seðlum eftir 1. gr. — Fé þetta greiðist bankanum smámsaman eftir því sem þörf hans krefur. Af þessari skuld sinni greiðir landsbankinn landssjóði í vöxtu árlega 1%, og leggur 2% af henni árlega í varasjóð.

3. gr. Tveir skulu vera endurskoðunarmenn við landsbankann og kýs hið sameinaða alþingi annan þeirra til tveggja ára í senn, í fyrsta skifti fyrir árin 1900 og 1901, en hinn endurskoðunarmanninn nefnir landshöfðingi til. Skulu menn þessir rannsaka reikninga landsbankans í hverju einstöku atriði, og bera þá saman við bækur bankans og heimafé.

Endurskoðunarmenn skulu að minsta kosti tvisvar á ári hverju sannreyna hvort heimafé bankans og eignir séu fyrir hendi.

Þóknun til endurskoðunarmannanna skal vera 500 kr. til hvors þeirra á ári, og greiðist sú þóknun af fé bankans.

Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hina endurskoðuðu reikninga bankans.

4. gr. 29. gr. laga 18. sept. 1885 er úr gildi feld.

Nd. **442. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá Jóni Jónssyni þm. A.-Sk.

Aftan við frumvarpsgreinina sem verði 1. gr. bætist:

2. gr. Nú sannast það, að hérlendur maður hefir leiðbeint útlendum botnverpingum, sem eru að veiðum í landhelgi, eða liðsint þeim á annan hátt við veiðar þessar, og skal hann þá sekur um 100—1000 kr., og renna sektir þær í fátækrasjóð þess hrepps, er hinn brotlegi á heima í.

Ed. **443. Nefndarálit**

í málinu um undirbúning og stofnun klæðaverksmiðju á Íslandi.

Vér, sem hin háttvirta Ed. hefir kosið í nefnd til að segja álit vort um frumvarp til laga um undirbúning og stofnun klæðaverksmiðju á Íslandi, höfum íhugað það, eftir því sem vér áttum kost á, og er álit vort á því þannig, að stefna frumvarpsins sé eigi óhyggileg og aðferðin til að koma málinu í framkvæmd, eftir ákvæðum frumv., sé varfærnisleg.

Vér getum heldur eigi betur séð, en að form og frágangur frumvarpsins sé í alla staði viðunanlegur, og ráðum því hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Efri deild alþingis 16. ágúst 1899.

Jón Jakobsson	Jón Jónsson	Guttormur Vigfússon.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Ed. **444. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.). Frá landshöfðingja.

1. Við 12. gr. A 1. a. Á eftir stafliðnum bætist inn í athugasemd innanstriks svo látandi:
»Auk þess hefir póstmeistarinn ókeypis afnot af íbúðarherbergjum þeim, sem eru í pósthúsinu«.
2. — 12. — B 1. Töluliðurinn orðist þannig:
Til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórn-

um við hinar stærri samgöngubætur.
Athugasemdin á eftir staflið b. falli burt.

3. — 13. — C 13. Töluliðurinn falli burt.
4. Við viðaukann á eftir 18. gr. Orðin: »Úr viðlagasjóði má veita alt að 2500 kr. lán til að koma á múrsteins- og þakhellugjörð« falli burt.

Ed. 445. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901. Frá J. Jónassen.

Við 11. gr. 7. b. Fyrir: »handa 60 sjúklingum 38 a. á dag 8,322 kr.« komi: »handa 76 sjúklingum 38 a. á dag 10,541.20 kr.«
— 11. — 7. c. Fyrir »klæðnaður sjúklinga 600 kr.« komi: »klæðnaður sjúklinga 700 kr.«
— 11. — 7. h. Fyrir »húsbúnaður og áhöld 600 kr.« komi: »húsbúnaður og áhöld 1800 kr.«
— 13. — 13. Fyrir: »2,500 kr.« komi: »5000 kr.« og breytist næstsíðasta málsgr. 18. gr. samkvæmt því.
— 13. — 18. Töluliðurinn falli burt.
— 13. — 19. Töluliðurinn falli burt.
— 13. — 30. Töluliðurinn falli burt.
— 13. — 35. Fyrir: »400—400« komi: »600—600«.
Á eftir tölulið 35 komi nýr töluliður svohljóðandi:
»Styrkur til hússtjórnarskólans í Reykjavík 800 — 800 kr.«

Nd. 446. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um bann gegn innflutningi á ósútuðum húðum.
Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 2. gr. á eftir »húðum« komi: og ósútuðum skinnum.
2. — 3. gr. í stað »boðin til sölu« komi: boðnar til sölu.
3. Fyrirsögnin orðist:
Frumv. til laga um varúðarreglur gegn innflutningi á ósútuðum húðum.

Nd. 447. **Frumvarp**

til laga um bann gegn innflutningi á ósútuðum húðum (eins og það var samþykt við 2. umr. í nd.)

1. gr. Allar ósútaðar húðir og ósútuð skinn, er flutt eru til Íslands frá útlöndum, skulu þegar í stað sótthreinsuð og því næst auðkend glöggu marki. Landshöfðingi gjörir nánari fyrirskipanir um framkvæmd á þessu. Kostnað allan, er af sótthreinsuninni leiðir, greiðir innflytjandi.

2. gr. Heimilt er stjórninni, ef hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæar-

stjórn óskar þess, að banna allan innflutning á ósútuðum húðum til hlutaðeigandi héraðs eða kaupstaðar.

3. gr. Brot mót lögum þessum eða fyrirskipunum samkvæmt þeim varðar hegning eftir 294. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869. Skinn og húðir, er ólöglega hafa verið innfluttar eða boðin til sölu, skulu upptæk, og rennur andvirði þeirra í landssjóð.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1900.

Nd. **448. Breytingartillaga**
við frumv. til laga um útflutningsgjald á hvalafurðum.
Frá Skúla Thoroddsen.

1. Við 1. gr. 1. lið: Í stað kr. 0,50 komi kr. 0,40.
2. — —— 2. — - — — 0,25 komi — 0,15.
3. — —— 3. — - — — 0,10 komi — 0,06.
4. — —— 4. — - — — 0,10 komi — 0,06.

Sþ. **449. Skilagrein**
fyrir sölu og afhendingu alþingistíðindanna 1897

A. Sölureikningur.

Tekjur:

1.	Alþingistíðindi 1897, 40 eintök á 3,00	kr. 120 00
2.	Ávísað úr landssjóði	— 138 00
	Samtals	kr. 258 00

Gjöld:

1.	Ómakslaun við afhendingu 480 eint. af alþingistíð. 1897, 15% af kr. 1440,00	kr. 216 00
2.	Sölulaun af alþingistíð. 1897, 35% af kr. 120,00	— 42 00
	Samtals	kr. 258 00

B. Afhendingarskýrsla.

1.	Alþingistíðindi afhent ókeypis:		
	a.	Til sveitarfélaga	382 eint.
	b.	Til stjórnarráðsins fyrir Ísland og landshöfðingja .	21 —
	c.	Til alþingismanna	36 —
	d.	Til bókasafns alþingis	30 —
	e.	Til annara bókasafna landsins	8 —
	f.	Til afnota við samningu registurs	1 —
	g.	Til »Rigsdagens Bureau«	1 —
	h.	Til »Statistisk Bureau«	1 —
2.	Seld alþingistíðindi		40 —
3.	Óseld (þar í vantar 100 af C. 1.—2. h.)		180 —
	Samtals		700 eint.

Aths.

I C.-deildina vantaði 100 eintök af 1. og 2. h., svo að ekki voru heil eintök nema 600.

Alþingi 16. ágúst 1899.

Árni Thorsteinsson. Þórh. Bjarnarson.

Nd. **450. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

(eins og það var samþykt við 2. umr. í nd.)

1. gr. Sektir þær, sem getur um í 2. gr. laga nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum, skulu frá þeim degi, er lög þessi öðlast gildi, renna að helmingi í landssjóð og að helmingi í sýslusjóð þess sýsluhéraðs, er brotið er framið í.

Nú er brot framið á takmörkum milli tveggja sýsluhéraða, svo að eigi verði sannað, í hvoru héraðinu brotið er framið, og hlýtur þá hvort um sig fjórðung sektar.

2. gr. Nú sannast það, að hérlendur maður hefir leiðbeint útlendum botnverpingum, sem eru að veiðum í landhelgi, eða liðsint þeim á annan hátt við veiðar þessar, og skal hann þá sekur um 100—1000 kr., og renna sektir þær í fátækrasjóð þess hrepps, er hann brotlegi á heima í.

Nd. **451. Frumvarp**

til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi (eins og það var samþykt við eina umr. í Ed.).

1. gr. Hver sá, er rekur verzlun með áfenga drykki — sbr. þó 3. gr. — borgar í landssjóð 500 króna árlegt gjald fyrir hvern sölustað, og skal það greitt fyrir fram fyrir eitt ár í senn, en lögreglustjóri innheimtir.

Alstaðar þar sem áfengir drykkir eru nefndir í lögum þessum er með þeim talið staðjastað öl.

2. gr. Þeir menn og verzlunarfélög, að undanskildum kaupfélögum og pöntunarfélögum, sem hafa rétt til að reka verzlun með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi, halda þessum rétti gegn því að borga gjald það, er segir í fyrstu grein. Hlutafélög, samlög og aðrar stofnanir, er eigi verða eigendaskifti að, halda þessum rétti, þó eigi lengur en um næstu 15 ár.

Þeir menn, sem vilja öðlast rétt til áfengisverzlunar, þurfa sérstakt leyfisbréf, sem að eins gildir fyrir einn sölustað, er í því sé nefndur. Leyfisbréfið gefur amtmaður út, og gildir það að eins 5 ár, og verður að fá nýtt leyfisbréf að þeim tíma liðnum. Fyrir hvert leyfisbréf greiðist 500 króna gjald, er rennur í landssjóð.

Amtmaður úrskurðar, hvort veita skuli leyfisbréf, að fengnu áliti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Á stöðum, þar sem önnur verzlun með áfengi er fyrir, ber að veita það að jafnaði, ef hreppsnefnd eða bæjarstjórn er því meðmælt. Á stöðum, þar sem engin þess háttar verzlun er, má ekki veita það, nema hreppsnefnd og sýslunefnd eða bæjarstjórn sé því meðmælt.

3. gr. Til þess að mega verzla með áfenga drykki á skipi á löggiltum verzlunarstöðum þarf sérstakt leyfisbréf og greiðist fyrir það 600 króna gjald til landssjóðs, en gjald fyrir notkun á því skal eigi greiða. Leyfisbréfið gefur amtmaður út og gildir það að eins í eina verzlunarferð, og er á verzlunarstað er komið, skal sýna það lögreglustjóra áður en verzlað er með vínföng á þeim stað.

Leyfisbréfið má eingöngu nota á höfnum þeim, þar sem heimilt er að verzla með drykki þessa á sjálfum verzlunarstaðnum.

4. gr. Eigi má selja áfenga drykki í smærri skömtum en hér segir:

a) af víni á flöskum með lakki eður innsigli fyrir, sömuleiðis af brennivíni, rommi, konjakki, púnsextrakti eða þvílíkum drykkjum, ekki minna en $^3/_4$ úr potti;
b) af öli á tré-flátum ekki minna en $^1/_4$ úr tunnu;
c) af öli á flöskum ekki minna en 2 þriggjapelaflöskur eða 4 hálfflöskur ($1^1/_2$ pelaflöskur).

5. gr. Hver sá maður, þar með taldir verzlunarmenn og forstjórar og starfsmenn kaupfélaga og pöntunarfélaga, sem ekki hefir sjálfur leyfi til að verzla með áfenga drykki, en pantar þá handa öðrum eða annast um sendingu á þeim til annara frá kaupmönnum á Íslandi, er leyfi þetta hafa, eða frá stöðum fyrir utan Ísland, gjörir sig sekan í ólöglegri verzlun.

6. gr. Hver sá, er rétt hefir til veitingar áfengra drykkja, skal borga í landssjóð 300 kr., ef veitingahúsið er í kaupstað, en 200 krónur utan kaupstaðar í árlegt afgjald, og greiðist það á sama hátt og afgjaldið af verzlun með áfenga drykki.

7. gr. Nú vill maður öðlast leyfi til veitingar áfengra drykkja, skal þá senda umsókn um það til hreppsnefndar eður bæjarstjórnar, og vilji hún sinna málinu, skal bera það undir atkvæði á hreppaskilaþingi eður almennum fundi bæjarmanna, er atkvæðisrétt eiga í bæjarmálum. Til þess að leyfið verði veitt og skilyrði sett fyrir því, þarf í hreppi meiri hluti atkvæða þeirra hreppsbúa, er atkvæðisrétt eiga í sveitamálum, og ennfremur samþykki meira hluta hreppsnefndar og sýslunefndar og staðfestingu amtmanns, en í kaupstöðum verður að minsta kosti þriðjungur allra atkvæðisbærra bæjarmanna að hafa sótt fundinn, og því næst verður meiri hluti fundarmanna og meiri hluti bæjarstjórnar að hafa fallist á veitingarleyfið og amtmaður staðfest það. Hver sem fær leyfi þetta, skal skyldur til að geta hýst ákveðna tölu ferðamanna og selt þeim nauðsynlegan greiða. Fyrir leyfið greiðast í kaupstöðum 300 kr. og utan kaupstaðar 200 kr., er renna í landssjóð.

Leyfisveitingin og skilyrðin fyrir henni skulu borin upp til atkvæða í einu lagi. Liggi fleiri tillögur fyrir en ein, skal þá fyrst upp bera, er síðast kom fram, o. s. frv.

Leyfið skal veita fyrir 5 ár í senn og gildir að eins fyrir einn sölustað, en amtmaður getur, eftir tillögum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, eða að fengnu áliti hennar, tekið leyfið af leyfishafa, ef hann ekki heldur skilyrði þau, er leyfið er bundið.

8. gr. Leyfi til veitinga áfengra drykkja og leyfi til að verzla með þá má eigi sami maður hafa. Þeir er rétt hafa til veitinga og líka hafa rétt til að verzla með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi, halda þó þessum rétti gegn því að borga gjald það er segir, í 1. gr., auk gjalds þess, er segir í 6. gr. laga þessara.

9. gr. Hver sá, er rétt hefir til að verzla með eða veita áfenga drykki, getur leyst sig undan gjöldum þeim, er ákveðin eru í 1. og 6. gr., með því að gefa lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það, að hann afsali sér rétti sínum til verzlunar eða veiting-

ar áfengra drykkja. Þar sem réttur þessi byggist á sérstöku leyfisbréfi, skal ennfremur afhenda það til ónýtingar. Afsal á rétti til áfengissölu skal lögreglustjóri tilkynna amtmanni.

10. gr. Sérhver lyfsali hefir heimild til að selja áfenga drykki, sem fyrirskipaðir eru eftir læknisforskrift, enda þótt hann hafi eigi rétt til að verzla með áfengi.

11. gr. Ólöglegar veitingar eru taldar:

a) ókeypis veitingar áfengra drykkja í verzlunarhúsum eða í sambandi við verzlunaratvinnu yfir höfuð að tala.

b) sala áfengra drykkja af manni, er til þess hefir leyfi, ef drykkjanna er neytt þar á staðnum, jafnvel þó það sé gjört án hans leyfis, ef það er á hans vitorði, eða ef atvik liggja svo til, að hann hefir haft ástæðu til að gruna, að það yrði gjört, nema hann sanni, að hann hafi gjört það, sem í hans valdi stóð, til að koma í veg fyrir það.

12. gr. Enginn er skyldugur til að borga áfenga drykki, sem hann fær til láns á veitingastöðum, og námsmenn á skólum, er standa undir umsjón landsstjórnarinnar, eru ekki skyldugir að borga áfenga drykki, er þeir fá til láns, hvort sem er á veitingastöðum eða annarsstaðar.

13. gr. Ólögleg verzlun með áfenga drykki — að frátöldum brotum á 4. gr. — varðar sektum, fyrsta sinn 50—250 kr., ef brotið er ítrekað, 100—500 kr., og þar að auki missa þeir, er verzlun reka, einnig verzlunarrétt sinn í þriðja sinn, sem brotið er Auk þessara hegninga skal einnig gjöra upptæka alla áfenga drykki, er hjá hinum seka finnast, en er svo á stendur, sem segir í 5. gr., þó því að eins, að hann reki verzlun.

14. gr. Brot gegn 4. gr. varða í fyrsta sinn 25—250 kr. sektum. Sè brotið ítrekað, varðar það 50—500 króna sektum og missi réttinda til að verzla með áfengi.

15. gr. Ólögleg veiting áfengra drykkja varðar sektum 25—250 kr. í fyrsta sinn, og 50—500 kr., ef ítrekað er, og missir hinn seki, ef hann hefir rétt til að verzla með áfenga drykki, þar að auki rétt þennan, ef brotið er ítrekað, og ef hann rekur verzlun missir hann verzlunarrétt sinn, er brotið er þriðja sinn. Loks skal við annað brot gjöra upptæka alla áfenga drykki, er finnast hjá hinum seka.

16. gr. Nú veitir sá, er rétt hefir til veitinga áfengra drykkja, drykki þessa unglingi, innan 16 ára aldurs, eða manni, sem sölumaður veit gjörla, að á síðastliðnum 5 árum hefir verið sviftur fjárforráðum vegna drykkjuskapar, eða á sama tíma hefir þjáðst af drykkjumanna-geðveiki eða er skertur á geðsmunum, og varðar það þá 50—500 kr. sektum hið fyrsta sinn, en missi veitingaleyfis, ef brotið er ítrekað.

17. gr. Nú hefir maður fyrir brot á lögum þessum eða lögum um veitingu og sölu áfengra drykkja 10. febrúar 1888 fyrirgjört rètti sínum til verzlunar með eða veitinga á vörum þessum, og getur hann þá ekki fengið nýtt leyfisbréf fyr en 5 ár eru liðin frá því hann misti hin fyrri réttindi sín, án þess hann á þeim tíma hafi brotið áðurnefnd lög.

Brjóti hann síðan lög þessi, skal telja það brot hans sem brot í annað sinn.

18. gr. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir eiga ásamt lögreglustjórnum að hafa eftirlit með, að eigi fari fram ólögleg verzlun eða veitingar áfengra drykkja.

19. gr. Sektir þær, er um ræðir í lögum þessum og andvirði fyrir drykki þá, er upptækir hafa verið gjörðir samkvæmt þeim, renna í sjóð sveitar þeirrar eða kaupstaðar, er brotið er framið í.

20. gr. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

21. gr. Lög um veitingu og sölu áfengra drykkja 10. febrúar 1888 eru úr gildi numin.

22. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1900.

Nd. 452. **Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja lóð af Arnarhólstúni í Reykjavík.

(eins og það var samþykt við 3. umr. í ed.)

Stjórninni veitist heimild til að selja konsúlsfrú Helgu Vídalín lóð úr Arnarhólstúni í Reykjavík, hið svo nefnda »batteri« ofan að sjó, að flatarmáli 5000 □ álnir, fyrir minst 850 kr., og með því skilyrði, að kaupandinn slétti jafnstórt svæði í túni því, sem fylgir embættisbústað landshöfðingja, á þeim stað, þar sem hann til tekur.

Nd. 453. **Nefndarálit**

um frumv. til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja.

Hin háttv. efri deild hefir gjört eina breyting á þessu frumvarpi og snertir hún skuldir þær, er menn komast í fyrir kaup á áfengi. Eftir frumv. hinnar háttv. neðri deildar var svo ákveðið, að enginn væri skyldur að borga slíkar skuldir, en hin háttv. efri deild hefir breytt þessu ákvæði á þann veg, að enginn sé skyldur að borga áfengi, er hann fær til láns á veitingastöðum, og að námsmenn á skólum landsstjórnarinnar sé heldur eigi skyldir að borga áfengi, er þeir fá lánað annarsstaðar. — Þótt nefndin eigi geti aðhylst ástæður hinnar háttv. efri deildar fyrir breytingunni, og þótt nefndin álíti frumvarpinu talsvert spilt með þessari breytingu, þá vill nefndin þó mæla með, að frumv. verði ekki felt fyrir þessa sök, þar sem það innibindur í sér mörg þörf ákvæði, þótt breyting þessi hafi orðið á því.

Neðri deild 16. ágúst 1899.

Guðl. Guðmundsson, skrifari og framsögum.	Þórður Thoroddsen.
	Jens Pálsson.
Skúli Thoroddsen, formaður.	Sigurður Gunnarsson.

Nd. 454. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um breytingu á lögum nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í neðri deild).

Frá Jóni Þórarinssyni, Valtý Guðmundssyni, Sigurði Gunnarssyni,

Halldóri Daníelssyni, Þorláki Guðmundssyni, Birni Sigfússyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli burt.
2. — 2. gr., sem verður 1. gr.
   Greinin orðist þannig:
   Ef það sannast, að hérlendur maður hafi leiðbeint botnverpingi á veiðum í landhelgi, eða liðsint honum á annan hátt við veiðar þessar, eða að nauðsynjalausu dvalið í skipi hans, eða haft nokkurs háttar verzlunarmök við hann, þá skal hann sekur um 100—1000 kr., og rennur sektin í fátækrasjóð þess hrepps, er hinn brotlegi á heima í.
3. Fyrirsögnin orðist þannig: Frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Nd. **455. Frumvarp**

til laga um leyfi til vegalagningar um Arnarhólstún í Reykjavík, o. fl.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að leyfa Reykjavíkur kaupstað vegalagning um Arnarhólstún.
2. gr. Stjórninni er og heimilt að selja Reykjavíkur kaupstað, þegar bæjarstjórnin fer þess á leit, lóðir í norðurhluta Arnarhólstúns eftir dómkvaddra manna mati.

Ed. **456. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi.

Vér, sem kosnir vorum til að segja álit vort um frumvarp til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi, höfum eftir nokkra íhugun á málinu orðið samdóma um að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. gr. orðist svo: Enginn, sem heimili á utanríkis, hvorki einstakur maður né félag, má eiga jarðeign eða jarðarítök hér á landi, nema það sé leyft með sérstökum lögum. Jarðeignir þær og ítök, sem utanríkismenn eiga nú, eru undanþegnar þessu ákvæði, þangað til eigendaskifti verða á þeim.
2. gr. orðist svo: Nú flyzt maður, sem á jarðeign hér á landi, til annara ríkja, eða utanríkismaður eignast hér jarðeign að gjöf, erfðum eða ólöglegum kaupum, og skal hann þá innan fimm ára hafa selt jarðeign sína, en geri hann það ekki, skal selja jarðeignina við opinbert uppboð, og greiðist eiganda andvirði hennar, að frádregnum kostnaði.
3. gr. orðist svo: Enginn má selja utanríkismönnum jarðeign eða jarðarítök hér á landi, nema eftir sérstökum lögum, né heldur leigja þeim jarðir, jarðarítök, svo sem ár, vötn eða fossa, eða nokkur jarðarafnot lengur en 99 ár.

Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um eignarrétt og leigurétt utanríkismanna til jarðeigna á Íslandi.

Efri deild alþingis 16. d. ágústm. 1899.

Hallgr. Sveinsson, formaður og framsögum. Jón Jakobsson, skrifari. Jón Jónsson.

Nd. 457. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um sölu á laxveiði í Laxá í Kjós o. s. frv.

Frá Valtý Guðmundssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að leigja laxveiði þá í Laxá í Kjós, sem tilheyrir þjóðjörðinni Valdastöðum, um 10—30 ára bil fyrir 50—200 kr. árlegt gjald. Leigja má veiðina hvort er vill innlendum eða útlendum mönnum.
2. Í stað orðanna »um sölu á veiðinni« í 2. gr. komi: til þess að leigja veiðina og semur um leigumálann.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um heimild til að leigja laxveiði í Laxá í Kjós, er heyrir þjóðjörðinni Valdastöðum til.

Nd. 458. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um viðauka við lög 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilskipun 26. febr. 1872.

Frá Skúla Thoroddsen.

Við 1. gr. Í stað »1 kr.« komi: kr. 0,60.

Nd. 459. **Framhaldsnefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka við lög 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr. 1872. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í efri deild).

Enda þótt nefndin sè mjög óánægð með framkomu og meðferð efri deildar á þessu máli, verður nefndin þó að leggja til, að fumvarpið sé samþykt óbreytt, þar sem nokkur bót virðist þó vera í því.

Neðri deild alþingis 16. ágúst 1899.

Jón Jónsson þm. Eyf. formaður. Þórður Thoroddsen skrifari og framsögumaður.

Kl. Jónsson. Pétur Jónsson. Einar Jónsson.

Nd. **460. Nefndarálit**

í málinu: Frumv. til laga um breyting á launum presta.

Nefnd sú, er háttv. Nd. alþingis skipaði til þess, að íhuga frumv. til laga um breyting á launum presta og láta uppi álit sitt um það, og síðar vísað til frumv. til laga um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannagjalds til prests og ljóstolls og lausamannagjalds til kirkju, til sams konar meðferðar, hefir nú lokið starfi sínu, og leyfir sér að láta hér uppi álit sitt um bæði málin í einu lagi.

Nefndin er sammála um það, að þörf sé á því að bæta kjör prestastéttarinnar, bæði með því að auka tekjur sumra prestakalla og sér í lagi með því að koma launum prestanna svo fyrir, að þeir geti átt vísa von á því, að þau greiðist á ákveðnum tímum og í góðum gjaldeyri, en verður jafnframt að viðurkenna, að fjárhag landsmanna sé yfir höfuð svo varið, að bæði verði að fara varlega í launahækkun og vandaverk sé að breyta gjaldstofnunum. Frumv. um breyting á launum presta, er hér liggur fyrir, fer nú að vísu eigi fram á neina verulega breyting á launahæðinni, en það fer fram á verulega breyting á gjaldstofnunum, þar sem það leggur til, að afnema tíundir til prests, lambsfóður, dagsverk, offur og lausamannsgjald, en greiða prestunum gjöld þau úr landssjóði á ákveðnum tímum, og ætlast flutningsmenn frumv. til, að tekjur landssjóðs sé aftur auknar að því skapi með óbeinum sköttum (tollum).

Nefndin verður nú öll að viðurkenna, að þetta mundi veruleg bót á launum prestanna yfir höfuð, einkum ef launin væru um leið jöfnuð meir en frumv. gjörir ráð fyrir. Sá hluti launa þeirra, er hér ræðir um, yrði þeim þá fyrst og fremst vísari á ákveðnum tímum í peningum, og þeir um leið losaðir við hina óþægilegu innheimtu á gjöldum þeim, er frumv. vill fella úr gildi. En innheimta sú leggur eigi að eins talsvert aukastarf á prestana, sem alls eigi á skylt við aðalstarf þeirra, heldur er jafnvel gagnstæð því, og veldur auk þess stundum óánægju og óvild hjá einstökum gjaldendum. Enn fremur er nefndin sammála um það, að hin umræddu gjöld komi mjög ójafnt niður á gjaldendur, hvort sem þau eru borin saman við efnahag þeirra, eða við þau not, sem ætlast er til að þeir hafi af starfi prestanna.

Aftur á móti skiftast skoðanir nefndarmanna um það, hvort rétt sé, að breyta þessum gjöldum í tolla, eða hvernig ætti yfir höfuð að breyta þeim, svo haganlegt væri bæði fyrir gjaldendur og prestana, ef í breytingar væri ráðist, svo og um það, hvort rétt muni að láta málið ganga fram á þessu þingi.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að eigi sé rétt, að gjöra landssjóði að skyldu að borga þá upphæð, er frumvarpið fer fram á, 65,200 kr., þó að það sé eigi nema rúmur þriðjungur af öllum tekjum prestakallanna, nema honum sé bætt þau útgjöld með auknum tekjum jafnhliða þeim lögum, er hér ræðir um; en telur það svo mikið vandaverk, að finna aðgengilegan gjaldstofn fyrir hinum nýu álögum, að eigi sé líkindi til, að það verði leitt til lykta, áður en þingi er slitið, einkum þar sem engin tillaga sé enn fram komin í þá átt. Álítur meiri hlutinn þetta eitt nægilegt því til fyrirstöðu, að frumvarpið nái fram

að ganga á þessu þingi og telur það auk þess naumast ráðlegt, að lögleiða jafnyfirgripsmikið nýmæli án þess að þjóðin hafi haft það til reglulegrar umsagnar. Enn fremur lýsir meiri hlutinn yfir þeirri skoðun sinni, að ef menn vilji á annað borð aðhyllast þá stefnu, að setja presta á föst laun, þá ætti það að koma til vandlegrar íhugunar, hvort ekki væri réttast, að öll launin greiddust úr landssjóði, en kirknaeignirnar, að fráskildum prestssetrunum, legðust til landssjóðs, og auk þess beri að athuga, hvort ekki muni ástæða til, að jafna tekjur prestakallanna meira en gert er í frumvarpinu, með fram til þess að sporna við því, að prestar á rýrari brauðum þyrftu framvegis að leita til landstjórnarinnar eða þingsins með kröfur um launahækkun.

Minni hlutinn (flutningsmennirnir) telur það að vísu sjálfsagt, að bæta þurfi landssjóði upp gjöld þau, er þetta frv. fer fram á, að greidd séu úr honum, en telur eigi brýna nauðsyn til þess á þessu þingi, með því að tekjur landssjóðs hafa verið auknar nokkuð með nýum lögum, og eigi er víst, að lög um verzlun og veitingar áfengra drykkja, er þingið hefir til meðferðar, lækki tekjur hans eins mikið, eins og sumir búast við. Fé það, er hér ræðir um, 65,200 kr. er eigi meira en ýmsar einstakar upphæðir, sem veittar hafa verið á síðari árum til sérstakra fyrirtækja (t. a. m. brúa), án þess að bæta landssjóði þau útgjöld upp með auknum tekjum. Að vísu er nú gert ráð fyrir meiri tekjuhalla á fjárlögunum en undanfarin þing, en þó standa þar stórar upphæðir, sem eigi er víst, að komi til útborgunar á fjárhagstímabilinu. Virðist því hættulaust að bíða til næsta þings með það, að auka tekjur landssjóðs, til að bæta þann halla, er hér ræðir um, einkum þegar litið er til þess, að þá verður fyrst orðið ljóst, hver áhrif lög þau, er nú fara frá þinginu, hafa á fjárhag landssjóðs.

Aðalatriðið í máli þessu er það, hvort rétt muni að taka það í lög, að greiða prestum laun sín úr landssjóði að öllu eða nokkuru leyti. Og með því að margt mælir með því, var okkur flutningsmönnum frumv. fyrst í huga, að koma fram með málið í því formi; því þá hefðu prestarnir verið leystir við alla innheimtu á tekjum sínum, alla umsjón yfir jörðum, ítökum og hlunnindum, og ekki eins knúðir til að búa, hvort sem þeim er ljúft eða leitt. En þessi störf að því, að innheimta sínar eigin tekjur hjá gjaldendunum sjálfum, eiga sérstaklega óheppilega við prestsembættið. Þeirri skyldu hefir nú verið létt yfir höfuð af öllum embættismönnum landsins, nema prestunum, og virðist líklegt, að þar muni fyr eða síðar koma, að þeir verði einnig losaðir við það starf. Aftur á móti þótti okkur það nokkuð langt farið í einu, að leggja svo mikil útgjöld á landssjóð, sem nema öllum tekjum prestastéttarinnar, að fráskilinni borgun fyrir aukaverk, eða um 170,000 kr.; því þótt honum bættist í staðinn eftirgjald eftir jarðeignir kirkjunnar, ítök og hlunnindi o. fl., þá yrði hann að greiða talsvert af því fé aftur til umboðsmanna. Þess vegna álítum við réttast, að fara ekki lengra í fyrstu, en gert er í frv., breyta að eins þeim tekjum prestanna í laun úr landssjóði. er mestum óþægindum valda þeim, og eru jafnframt orðin úrelt, ójöfn og ósanngjörn gjöld á sjálfum gjaldendunum; en láta prestana hafa enn um hríð innheimtu á öðrum tekjum sínum, með því það veldur þeim miklu

minni umsvifum og óþægindum, og gjaldendum einnig hægra að borga þeim eftirgjöld jarða á þann hátt, er tíðkast hefir, heldur en gjalda þau í peningum í landssjóð, meðan eigi greiðist úr peningaleysi landsmanna.

Nú er orðið svo áliðið þingtímann, að mál þetta mun naumast komast í gegnum þingið að þessu sinni, og teljum við ekki svo mikið að því, flutningsmenn þess. Gefst þá kostur á, að láta þjóðina hafa það til reglulegrar umsagnar til næsta þings, enda þótt við álítum þess eigi þörf, hvað tekjur þær snertir, er frv. ræðir um. Eftir því sem okkur er kunnugt, þá munu prestarnir yfir höfuð ekki sjá eftir þeim gegn peningum úr landssjóði, og gjaldendur ekki sjá eftir að sleppa við þau, þó að þeir verði að greiða nokkura óbeina skatta í staðinn.

Nefndin er nú öll á því, að málið sé þess vert, að það ré rætt nú þegar á þinginu, en meiri hlutinn ræður h. háttv. deild til þess, að láta það eigi frá sér fara á þessu þingi. Minni hlutinn ræður henni aftur á móti til, að láta það ganga svo langt sem það getur gengið, svo að það verði að minsta kosti rætt í báðum deildum.

Þegar um það frv. er að ræða, sem síðar var fengið nefndinni í hendur og h. Ed. hefir haft til meðferðar, og hljóðar um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs o. fl., þá er þess að geta, að því meira, sem nefndin hefir íhugað það mál, því ljósara verður það, hversu illa þau gjöld eiga við nú á tímum og koma ójafnt niður, og hversu erfitt er að gera ákvarðanir um þau svo ljósar, að enginn vafi verði eftir. En þar sem eigi getur verið um það að ræða, að breyta þeim í annars konar gjöld á þessu þingi, og óvíst er, nema það dragist enn um hríð, ræður nefndin til að samþykkja frv. með nokkurum breytingum, þar eð það greiðir úr ýmsum vafaspurningum viðvíkjandi þeim gjöldum, er það ræðir um. Breytingar þær, er nefndin vill gera á frv., miða flestar að því, að gera ákvæði þess skýrari. Efnisbreytingar eru þessar helztar:

Við 1. gr., að gera presti ekki að skyldu, að fæða þann, er dagsverk vinnur, bæði af því, að það hefir hingað til eigi verið skylda, þótt það hafi sumstaðar orðið að venju, og svo af því, að það virðist óviðfeldið, að skylda prest til að kaupa þá vinnu, er fæðinu svarar, til þess að geta fengið það gjald greitt, er dagsverkinu að öðru leyti nemur.

Við 2. gr., að færa launatakmark sýslunarmanna og verzlunarþjóna, sem hefir offurskyldu í för með sér, úr 500 kr. í 600 kr., með því að lægri laun virðast varla tækileg til þess. Gjalddagann, sem er látinn vera 14. maí, þ. e. á síðasta hjúaskildaga, sem tíðkast mun á landinu, ráðum vér til að færa fram til 31. des., og sömuleiðis gjalddagann fyrir lausamannsgjöldum í 4. gr., með því að gjaldendur geta í miklum hluta lands, þar sem vistaskifti fara fram fyr en 14. maí, verið þá komnir burt úr sókn prestsins.

Við 3. gr. Með því að til er ekki svo lítill flokkur húsmanna, sem halda eins stór bú, án þess að hafa ákveðinn jarðarhluta til umráða, eins og smærri bændur, sem hafa jörð í ábyrgð, þykir nefndinni rétt að taka af tvímæli um það, að þeir skuli fóðra heytoll, og hefir þá ákvörðun svo rúma, að hún grípur einnig yfir húsmenn, sem framfleyta eins miklu fé og smærri bændur, að meiru

eða minna leyti á aðkeyptum heyskap og beit. Takmarkið fyrir þessari fóðurskyldu vill nefndin binda við 3 hndr. lausafjár. Enn fremur vill nefndin fella burt orðin: »Geti búandi ekki fóðrað lambið, eða prestur ekki notað lambsfóðrið« með því að slík orð geta valdið nál. eins miklum ágreiningi, eins og fram getur komið, þó að þau standi ekki í frv.

Breytingartillögur nefndarinnar eru þessar:

1. 1. gr. orðist þannig:

   Þeir menn allir, karlar og konur, skulu vinna presti sínum dagsverk, er tíunda lausafé, sem eigi nemur 5 hundruðum gjaldskyldum, ennfremur húsmenn, þurrabúðarmenn, kaupstaðaborgarar og allir þeir, sem eiga heimili forstöðu að veita, jafnt karlar sem konur, svo og lausamenn og lausakonur, þó að þessir menn tíundi ekkert.

   Dagsverk skal vinna presti um heyannir (heyannamánuð) og fæðir gjaldandi sig sjálfur. Ef gjaldandi vinnur eigi dagsverkið, skal hann greiða presti það eftir verðlagsskrá þeirri, er gildir á gjalddaga. Eigi skal þó kona greiða nema helming þess gjalds, ef hún hefir eigi jarðnæði til umráða, né heldur vinnumann.
2. Fyrir »500 kr.« á fyrri staðnum í 2. gr. komi: 600 kr.
3. Fyrir orðin í 2. gr. »bakarar . . . . að launum« komi: bakarar og verzlunarstjórar, svo og verzlunarþjónar, er hafa eigi minna en 600 kr. að launum.
4. Fyrir »14. maí« í 2. gr. komi: 31. des.
5. Fyrir orðið »leigir« í 3. gr. komi: hefir á leigu.
6. Fyrir »kýrfóður« í 3. gr. komi: 2 kýrfóður.
7. Á eftir orðið kýrfóður í 3. gr. bætist inn svo hljóðandi málsgrein:
   Húsmaður skal og lamb fóðra, þótt eigi hafi hann ákveðinn jarðarhluta eða afmarkað slægjuland til fullra umráða, ef hann hefir grasnytjar svo miklar, að hann framfleytir 3 hundruðum kvikfénaðar.
8. Fyrir orðin í 3. gr. »Geti búandi . . . . lambsfóðrið« komi: Ef lamb er eigi fóðrað.
9. Fyrir »14. maí« í 4. gr. komi: 31. des.

Alþingi, 16. ágúst 1899.

Jens Pálsson, formaður.	Einar Jónsson, skrifari og framsögumaður.
Þórður Guðmundsson.	Pétur Jónsson. Ólafur Briem.

Ed.

461. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í neðri deild).

Frá Sigurði Jenssyni.

1. Við 12. gr. A. 2. Á eftir töluliðnum bætist inn athugasemd innanstriks svo látandi:

   Þar af má greiða Jóhanni pósti Jónssyni á Bakka í launa

uppbót, fyrra árið alt að 500 kr.

2. Við 13. gr. C. 15. tölul. Eftir orðin: styrkur til Guðjóns Guðmundssonar, komi: og Helga Guðmundssonar til o. s. frv. 500 kr. til hvors . . . . . 1000—1000

Nd. 462. **Tillaga**

til þingsályktunar um að skipaleið inn á Hornafjörð og Papós verði mæld.

Flutningsm.: Jón Jónsson, þm. A.-Skaftf.

Alþingi ályktar, að skora á stjórnina að hlutast til um, að skipaleið inn á Hornafjörð og Papós verði mæld svo fljótt, sem verða má, helzt á næsta sumri.

Nd. 463. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um breytingar og viðauka við reglugjörð um fátækramálefni 8. jan. 1834 o. fl. þingskj. 47. Frá Þorláki Guðmundssyni.

1. gr. orðist svo:

Hver maður skal eiga rétt til framfærslu í þeim hreppi eða því bæjarfélagi, þar er hann hefir dvalið 6 ár samtals eða lengur, sem búsettur, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang frá 16 ára til 65 ára aldurs, svo framarlega hann ekki hefir þegið sveitarstyrk hin síðustu 6 ár.

Nú hefir einhver undir þeim skilyrðum, sem gefa rétt til framfærslu, dvalið 3 ár í tveimur sveitarfélögum eða bæjarfélögum eða fleirum, hverju fyrir sig, á hann þá jafnan rétt til framfærslu í þeim öllum, en dvelja má hann þar, sem hann verður styrksþurfi, ef hann er búsettur maður.

Hafi maður hvergi unnið sér framfærslurétt, á hann þar framfærslurétt, sem móðir hans átti lögheimili, þá er hann fæddist.

Ný gr., sem verður 2. gr., greinatalan breytist samkvæmt því.

Nú á móðirin ekki neitt lögheimili, þá er maðurinn fæddist, skal hann þá eiga þar framfærslurétt, sem móðir hans átti hann, þá er hann fæddist, ef hann ekki hefir unnið sér framfærslurétt samkvæmt 1. gr.

Nd. 464. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bann gegn innflutningi á ósútuðum húðum.

Frá Ólafi Briem, Einari Jónssyni, Pétri Jónssyni, Birni Sigfússyni, Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk., Sigurði Gunnarssyni.

Við 2. gr. Fyrir »hreppsnefnd« komi: sýslunefnd.

— 3. — Fyrir »upptæk« komi: upptækar.

Ed. **465. Viðaukatillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í neðri deild).

Frá Guttormi Vigfússyni.

Við 13. gr. C. Við þennan staflið bætast tveir nýir töluliðir á eftir 35. tölulið:

1. Til leikfimis- og skotfélags Eskfirðinga f. á. kr. 500.
2. Til Ísaks Jónssonar á Búðum á Fáskrúðsfirði í viðurkenningarskyni fyrir störf hans við íshúsbyggingar, fyrra árið, kr. 300,00.

Ed. **466. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga árin 1900 og 1901.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í neðri deild).

Frá Jóni Jónssyni, þm. Norðurmúlas.

Við 11. gr. 11. lið. Fyrir: 4000 —

komi: 5000 —

Nd. 467. **Breytingar- og viðaukatillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar í málinu: frumvarp til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi.

Frá nefndinni.

Við 18. tölul. Á eftir greininni komi ný málsgrein:

Nú minkar varasjóður fyrir einhver óhöpp, eða hefir ekki náð 1 miljón króna 20 árum eftir að bankinn var stofnaður, og greiðist landssjóði þá að eins helmingur hins ákveðna varasjóðsgjalds, en hinn helmingurinn legst við varasjóð, þar til hann hefir náð nefndri upphæð.

Við 25. tölul. Á eftir greininni komi ný málsgrein:

Nú er landssjóður hluthafi í bankanum, og kýs alþingi þá á þingi hverju 2 menn til tveggja ára, er mæta skulu á aðalfundi fyrir landssjóðs hönd, og hafa þeir hvor um sig á fundinum jafnt afl atkvæða.

Við 26. tölul. Greinin orðist svo:

Þegar liðin eru 40 ár frá stofnun bankans, hefir landssjóður rétt til að innleysa öll hlutabréf bankans með gangverði þeirra þann dag, er landshöfðingi fyrir landssjóðs hönd auglýsir, að þessi réttur verði notaður, og eru eigendur hlutabréfanna þá skyldir að selja hlutabréf þau, er þannig kunna innkölluð að verða með 12 mánaða fyrirvara.

Ed. **468. Nefndarálit**

um málið: frumvarp til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

Háttvirt neðri deild alþingis hefir gert tvær víðtækar og þýðingarmiklar breytingar á frumvarpinu, eins og það hafði verið samþykt hér í deildinni, sem sé á 3. og 4. gr. þess, og sér í lagi á hinni síðari, sem nú kemur fram í alt annari

mynd, að undanskildum síðasta málslið. Í 3. gr. er orðunum „eða skilgetin börn hans“ slept, og er með þessu óskilgetnum börnum ekkils, sem fædd eru fyrir síðasta hjónaband, heimilaður réttur til fjártöku úr búi föðursins, þótt skilgetin börn hans séu á lífi. Vèr getum vel fallist á þessa breytingu, sem bygð er á allri sanngirni. Viðbótin í sömu gr.: „er ekkja eða skilgetin börn barnsföður eru á lífi“ eru sett til skýringar.

Breytingin á 4. gr. miðar til þess, að gera barnsmóðurinni það enn léttara og greiðara að ná meðgjöf með barni sínu, eða með öðrum orðum að gera innheimtuna svo óbrotna, sem unt er. Þetta er gert með því að láta barnsmóðurina hafa beinan aðgang að dvalarsveit sinni um meðlag það, sem barnsfaðir hennar á að greiða, en eftir frumvarpinu var ýmislegs að gæta, áður en meðgjöfin yrði heimtuð af dvalarsveit móðurinnar. Nefndin verður að álíta, að þessi breyting sé til mikilla bóta, þar sem tilgangur frumvarpsins er að bæta kjör mæðra óskilgetinna barna, enda kemur það sér bezt, að hafa hér að lútandi reglur sem óbrotnastar, eins og til hagar hér á landi, þar sem samgöngur eigi eru svo greiðar og tíðar, sem æskilegt væri. Af þessari breytingu leiðir það, að barnsmóðirin, sem snýr sér beina leið til sveitarstjórnarinnar í dvalarsveit sinni, eigi þarf að hafa í höndum vottorð um það, að hún sè ekki svo efnum búin eða hafi þá atvinnu, að hún sé sjálf fær um að annast svo sem vera bæri ramfærslu barnsins, og hreppsnefndin er skyld til að hjálpa henni án nokkurrar rannsóknar um efnahag hennar. Að taka það fram, að framlagið eigi skuli skoðast sem fátækrastyrkur veittur móðurinni, er eigi nauðsynlegt, þar sem það er sagt með skýlausum orðum síðar í greininni, að meðlagið skuli telja sveitarstyrk til handa barnsföður frá dvalarsveit móðurinnar.

Í byrjun 5. gr. er orðabreyting og 6. gr. er orðuð öðruvísi en hún var áður.

Með því nefndin þannig verður að öllu leyti að fallast á þær breytingar, sem háttvirt neðri deild hefir gert á frumvarpinu, leyfir hún sér að ráða hinni háttvirtu deild til að fallast á það eins og það nú liggur fyrir.

Efri deild alþingis, 17. ágúst 1899.

Kristján Jónsson	J. Havsteen,	Jón Jónsson.
formaður.	skrifari og framsögumaður	

Ed. 469. **Frumvarp**

til laga um greiðslu verkkaups (eins og það var samþykt við 3. umr. í nd.).

1. gr. Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verzlanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á þilskipum, sem á fiskiveiðar ganga eða hvalaveiðar, hvort sem eru seglskip eða gufuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir. Greiða má þó mönnum þessum verkkaupið með vörum eftir því verði, sem á þeim er á þeim stað gegn peningum, ef svo hefir um samist með hlutaðeigendum.

Verkkaup má eigi greiða með skuldajöfnuði, nema samningar séu til þess,

Sé skuldin stofnuð með vöruúttekt, má eigi reikna verkmanninum verð vörunnar hærra en algengt verð var gegn peningum á þeim stað og tíma, er skuldin var stofnuð.

2. gr. Nú vinnur maður ákveðið verk fyrir ákveðið kaup (accord) að einhverri þeirri atvinnugrein, er 1. gr. hljóðar um, og fer um greiðslu þess, eins og segir í 1. gr.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 100 krónum, er renna í landssjóð.

4. gr. Með brot gegn lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

Ed. 470. **Frumvarp**

til laga um varúðarreglur gegn innflutningi á ósútuðum húðum (eins og það var samþykt við 3. umr. í nd.)

1. gr. Allar ósútaðar húðir og ósútuð skinn, er flutt eru til Íslands frá útlöndum, skulu þegar í stað sótthreinsuð og því næst auðkend glöggu marki. Landshöfðingi gjörir nánari fyrirskipanir um framkvæmd á þessu. Kostnað allan, er af sótthreinsuninni leiðir, greiðir innflytjandi.

2. gr. Heimilt er stjórninni, ef hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn óskar þess, að banna allan innflutning á ósútuðum húðum og ósútuðum skinnum til hlutaðeigandi héraðs eða kaupstaðar.

3. gr. Brot mót lögum þessum eða fyrirskipunum samkvæmt þeim varðar hegning eftir 294. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869. Skinn og húðir, er ólöglega hafa verið innfluttar eða boðnar til sölu, skulu upptækar, og rennur andvirði þeirra í landssjóð.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1900.

Ed. 471. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í neðri deild).

Frá Jóni Jónssyni, Jóni Jakobssyni og Sigurði Jenssyni.

Við 12. gr. B. 9. Töluliðurinn falli burt.

Ed. 472. **Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (þingskj. 359).

Frá Hallgr. Sveinssyni, Kristjáni Jónssyni, J. Jónassen, J. Havsteen, Sigurði Stefánssyni, Sigurði Jenssyni.

Við 15. gr. Á eftir orðunum: »sem viðbót við eftirlaun hans«, bætist inn í: til síra Þorkels Bjarnasonar 500 kr. sem viðbót við væntanleg eftirlaun hans.

Ed. 473. **Tillaga**

til þingsályktunar um prentun næstu þingtíðinda.

Flutningsmenn: Jón Jakobsson og Þorleifur Jónsson.

Efri deild alþingis felur landshöfðingjanum að gjöra í milli þinga samninga um prentun næstu þingtíðinda í samráði við deildarforsetana 1899.

Ed. 474. **Frumvarp**

til laga um vinnuhjú og daglaunamenn. Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

I. kafli.

Um vinnuhjú.

1. gr. Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja prestsins sé hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem eru yngri en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

2. gr. Engin vistarráð skulu vera bindandi fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn; en gild skulu vistarráð, þótt skemur sé um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eftir.

3. gr. Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveimur eða fleirum til helminga, þriðjunga o. s. frv.

4. gr. Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal vera á ári hverju 14. dag maímánaðar.

5. gr. *Nú ræður einhver hjú, sem hann veit að er ráðið hjá öðrum, og verður hann* fyrir það sekur um 10—20 kr., og skal hann auk þess skyldur að greiða skaðabætur eftir óvilhallra manna mati.

6. gr. Húsbóndi skal, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja vistráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest, og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra umsamið kaup. — Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um, að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað og greiða því, auk umsamins kaup, allan þann kostnað, sem dvöl þess annarsstaðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda alt það gagn, sem það getur, á þeim stað, sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmarlumessu *eða semji fyrir þann tíma við það um, að vistarráðin haldist, þótt það sé eigi sótt,* er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og varðar það húsbónda eftir 11. gr. Hið sama er og, ef hjúið flytur sig sjálft á hann, og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka.

7. gr. Húsbóndi getur neitað að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eður að veita því móttöku, af þessum ástæðum: 1. Ef hjúið, eftir að það var ráðið í vistina, hefir drýgt einhvern glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 2. Ef hjúið um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir einhvern næman eða viðbjóðslegan sjúkdóm eður þau veikindi eður líkamamein, að víssa sé fyrir því, að það verði ótært til vinnu alt fram að þingmarlumessu

eða lengur. *Hið sama gildir, þótt hjúið sé heilbrigt, ef næmur sjúkdómur gengur á dvalarstað þess, svo að ástæða sé til að ætla, að það flytji sóttnæmið. Þó getur hjúið krafist vistarinnar, þegar það sýnir læknisvottorð um, að það sé albata eða geti eigi valdið sóttnæmi, hafi það lagt til jafngildan mann í stað sinn, meðan það mátti eigi flytja í vistina, eða boðið aðra fullgilda borgun fyrir vinnumissinn.* 3. Ef hjúið kann ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og sem það þá þóttist kunna til, eður ef það hefir einhverja þá ókosti, er það þá neitaði að hafa. 4. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann á sér með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann réð það til sín.

8. gr. Hverju hjúi er skylt að fara þegar í vistina, er húsbóndi vitjar þess. Ef húsbóndi fyrst um sinn fær því annan samastað (sbr. 6. gr.), þá er því og skylt að fara þangað. Ef hjúið færist undan þessu án lögmætra orsaka, þá er húsbóndinn eigi lengur bundinn við vistarráðin, og varðar það hjúinu eftir 12. gr. Hið sama er og, ef svo hefir verið um samið, að hjúið skuli flytja sig sjálft í vistina, og það að nauðsynjalausu dregur ferð sína viku lengur. Nú getur hjúið eigi farið í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess, og er því eigi sjáltu um að kenna, þá er húsbónda eigi skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina og leggja af stað, jafnskjótt og það getur; en geri það að nauðsynjalausu ferð sína viku lengur, varðar það eftir 12. gr.

9. gr. *Hjú getur neitað að fara í vist, af þessum ástæðum*: 1. *Ef húsbóndi eða húsmóðir hefir, eftir að hjúið var ráðið í vistina, drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svivirðilegur.* 2. *Ef um það leyti sem hjúið á að fara í vistina, gengur á heimilinu næmur sjúkdómur. Þó er því skylt að fara síðar í vistina, ef húsbóndi krefst þess og sýnir læknisvottorð um, að sóttnæmið sé horfið, og hafi hann séð hjúinu fyrir samastað á meðan.* 3. Ef húsbóndinn flytur, eftir að vistarráðin eru gerð, en áður en vistartíminn byrjar, þrjár þingmannaleiðir á landi eða 5 vikur sjávar burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann að auki greiða hjúinu kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, er um var samið, nema því að eins, að hann útvegi því aðra vist í *góðum stað, eða hjúið kjósi heldur að ráða sig sjálft.*

10. gr. Ef húsbóndi á ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eftir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ekki ákveða meiri hegningu, eftir því sem málið er lagað, sektast um 4 til 50 kr. og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann hjúinu að komast í tækan tíma í aðra vist, en það hefir ráðið sig í, og hjúið fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúinu alt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og þar að auki matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið.

11. gr. Ef húsbóndi riftar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi kaup fyrir umsaminn vistartíma og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

12. gr. Ef hjú riftar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið, og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

13. gr. Eigi má húsbóndi með neinum samningi afsala öðrum vistarráð yfir hjúi sínu, nema það samþykki. Nú deyr húsbóndinn og skal þá vistarráðum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur, en ef búi er brugðið, skal búi skylt að útvega hjúi aðra vist á góðum stað, því að kostnaðarlausu, ef hjúið kýs eigi heldur að ráða sig sjálft, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof.

14. gr. Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, venjulegan rúmfatnað, *verkfæri til vinnu*, skæðaskinn og þjónustu. *Þó leggur hjúið til það, sem þarf til þjónustunnar, svo sem efni til bóta, sápu, handklæði og því um líkt. Leggi hjúið sér til rúmfatnað, borgar húsbóndinn það sanngjarnlega.*

15. gr. Hve mikið hjúið skuli hafa í kaup, í hverju og hve nær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki. Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg föt upp í kaup sitt, þótt hjúið hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum. Rétt goldnir eru hjúi í kaup peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eftir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið. Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera undir eins og vistartíminn er á enda.

16. gr. Hjúið skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið. Það skal af ýtrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver sérstakur, óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eftir fremstu kröftum. — Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

17. gr. Eigi má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum.

18. gr. Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eður skemdir, er það veldur honum vísvitandi eður af skeytingarleysi, eður af því, að það kann eigi til þeirra verka, er það lézt kunna, er það réðst í vistina, og eins hvert annað tjón eður skemdir, er húsbóndi bíður fyrir óhlýðni þess *eða ótrúmensku*. Svo á hjú og að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vinnutjón það, er hann bíður fyrir það, að hjú er sett undir lagaákæru sökum glæpa, er það fremur. Skal húsbónda heimilt að halda jafnmiklu eftir af kaupinu, sem skaðabótunum nemur.

19. gr. Fyrir óhlýðni, þrjózku, mótþróa eður illyrði við húsbændur sína eða þann, sem fyrir þeirra hönd á yfir því að segja, skal hjúið sektast um 2—40 kr., en setji það sig upp á móti þeim eður áreiti þá í verkum, þá sektist það um 10—100 kr., nema svo sé, að það hafi unnið til meiri hegningar eftir öðrum lögum.

20. gr. Nú sýkist hjú eður slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda

fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

21. gr. Ef hjú slasast eður veikist, og er um að kenna ótilhlýðilegir breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefur skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstaklegum háska er bundinn, eður af einhverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, *gjalda því ákveðið kaup og fæði* og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eftir að það er frá honum farið. Eftir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 4 til 100 kr., nema hann hafi bakað sér þyngri hegningu eftir öðrum lögum.

22. gr. Nú veikist hjú eða slasast af öðrum atvikum en nú voru talin (20. og 21. gr.), og skal það þá sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækning þess og sérstakri aðhjúkrun, og eigi á það heimting á kaupi, meðan það er frá verkum, en húsbónda skal eigi skylt að fæða það endurgjaldslaust lengur en þrjá mánuði vistarársins, þótt það sé lengur frá verkum.

23. gr. *Ef hjúið gegnir eigi vinnu sinni fyrir drykkjuskap, sviksemi, bœjaslór eða annað tómlæti, er húsbóndi getur ekki komið í veg fyrir, þá dregst af kaupi þess jöfn upphœð og þyrfti að gjalda jafnoka hjúsins á hinum sama tíma. Auk þess borgi hjúið þann fœðiskostnað, er á fellur.*

24. gr. *Samningur milli húsbónda og hjús, um að vistinni skuli lokið, ef hjúið sýkist svo, að auðsœtt virðist, að það geti eigi fullnœgt kröfum vistarráðanna, er því að eins bindandi fyrir hjúið, að það þurfi eigi að flytja sig eða telji sig vel ferðafœrt, en eigi má flytja það burtu, enda þótt vistartíminn sé liðinn, nema lœknir lýsi yfir því áliti að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sóttnœm.* Nú flytur húsbóndi samt hjúið burt, og skal hann sæta sektum eftir 21. gr. eður og þyngri hegningu eftir öðrum lögum, og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins.

25. gr. Þegar hjú, sem sýkist eður slasast í vistarverunni, á eftir lögum þessum sjálft að greiða legu- og fæðiskostnað en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum, þar sem hjúið er í vist, en aftur skal fá það endurgoldið af framfærslubrepp hjúsins. Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greftrun þess, ef erfingjar gjöra það eigi, en fái aftur kostnaðinn endurgoldinn af eigum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum, samkvæmt því, sem nú var sagt.

26. gr. Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina: 1. Ef hjúið leggur hönd á húsbóndann eður vandamenn hans á heimilinu eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eða meiðir þá með illyrðum. 2. Ef hjúið sýnir húsbóndanum *ítrekaða þrjózku, skeytingarleysi, ótrúmensku, eða neitar að vinna skylduverk sín.* 3. Ef hjúið *leitast við* að tæla börn eða vandamenn húsbónda á heimilinu til ósiðsemi eða einhvern þar til illverka, *svo og ef nokkrum á heimilinu er hætta búin af breytni þess eða getur eigi dvalið á heimilinu sökum ósvífni þess við sig.* 4. Ef hjúið af varmensku skemmir eigur

húsbóndans, eður misþyrmir skepnum þeim, er hann á eður hefir undir hendi. 5. Ef hjúið sýnir af sér varhugavert skeytingarleysi með ljós, eld, *sóttnæmi eða annan voða*, er skaði getur hlotist af á heimilinu. 6. Ef hjúið er aftur og aftur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka. 7. Ef hjúið með illlyndi eða rógi raskar friði og reglu á heimilinu og lætur eigi af því, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans. 8. Ef hjúið drýgir einhvern þann glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 9. Ef hjúið er haldið næmri eður viðbjóðslegri veiki, þegar það á að fara í vistina, eður fær slíka veiki í vistinni sökum ósiðsamlegs lífernis. 10. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann réð það til sín. 11. Ef hjúið kann eigi til þeirra verka, er áskilið var að það skyldi kunna og það sjálft lézt kunna, er það réðst í vistina, eður það hefir nokkra þá ókosti, sem það þá neitaði að hafa. 12. *Ef hjúið fer af heimilinu, þótt á helgum degi sé, án vilja og vitundar húsbónda eða þess, sem er í hans stað.*

27. gr. Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 25. gr., eður það hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið, og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta. Þó skal þar frá dregið það, sem því ber í kaup eftir tiltölu réttri fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni. Auk þess skal hjúið sæta hegningu þeirri, er það með broti sínu að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

28. gr. Þá hefir hjú löglega ástæðu til að ganga þegar úr vistinni: 1. Ef húsbóndi misþyrmir hjúinu. — 2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eður ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera í slíku og húsbóndi veitir ekki hjúinu tilhlýðilega vernd, þótt það beri sig upp undan því við hann. — 3. Ef húsbóndi lætur hjúið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu. — 4. Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins eður ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af. — 5. Ef hjúið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma. — 6 Ef lífi eður heilsu hjúsins er hætta búin af veru þess á heimilinu. — 7. Ef húsbóndinn flytur af landi burt. — *8. Ef einhver á heimilinu misþyrmir hjúinu eða meiðir það freklega með illyrðum eða rógi, og húsbóndi veitir því ekki tilhlýðilega vernd, þegar það beiðist þess.*

29. gr. Ef hjú fer úr vist fyrir nokkurar þær sakir, sem greindar eru í 27. gr., eður húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupi fyrir vistartíma þann, er um var samið, og skaðabótum að auki eftir því sem óvilhallir menn kunna að meta. Auk þess skal húsbóndi sæta þeirri hegningu, sem hann annars kann að hafa bakað sér með framferði sínu.

30. gr. Í þrotabúi húsbónda hefir hjú forgöngurétt til kaups, eftir því sem fyrir er mælt í skiftalögum 12. apríl 1878, 83. gr. b. 5.

31. gr. Fyrir eins árs kaupi er þó má eigi vera frá eldri tíma en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúið látið gera fjárnám hjá húsbónda, ef hann mótmælir eigi kröfunni.

32. gr. Fógeti eður hreppstjóri, sem fjárnám gjörir fyrir kaupi er hjú

á hjá húsbónda, á eigi heimting á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengist hjá húsbónda, eftir að hjúið er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu.

II. kafli.

Um daglaunamenn.

33. gr. Hver, sem ræður sig í vinnu hjá öðrum án þess að vera hjú hans samkvæmt I. kafla, skal sjálfur annast flutning á sér og farangri sínum til þess staðar, þar sem hann er ráðinn í vinnuna nema öðruvísi sé um samið.

34. gr. Vilji búsbóndi, án löglegra orsaka, ekki taka á móti daglaunamanni, sem hjá honum er ráðinn, er daglaunamaðurinn ekki bundinn við vinnusamninginn, og varðar það húsbónda eftir niðurlagi 6. gr. og eftir 11. gr.

35. gr. Nú kemur daglaunamaður, án löglegra orsaka eigi á ákveðnum tíma í vinnuna, og varðar það hann eftir 12. gr.

36. gr. Daglaunamaður skal leggja sér til verkfæri til þeirrar aðalvinnu, sem hann gengur að, og halda þeim á sinn kostnað í góðu lagi, svo og skæðaskinn og þjónustu. Þó á hann heimting á að fá þjónustuna hjá húsbónda sínum fyrir sanngjarna borgun.

Ef daglaunamaður er ráðinn til missiris eða lengri tíma, skal húsbóndi leggja honum til hið sama sem hann á að leggja til hjúi samkvæmt 14. gr.

37. gr. Ákvæði 5., 7., 9.—13, 15.—21., 26.—32. gr. gilda um daglaunamenn og húsbændur þeirra, að svo miklu leyti sem þau geta gilt um þá.

38. gr. Mál, er snerta það efni, sem um er rætt í lögum þessum, eiga fyrir lögreglurétt. Brot á móti 23. gr. skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll mál, er rísa út af lögum þessum, eins og lögreglumál einstakra manna.

39. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um vinnuhjú á Íslandi 26. jan. 1866, og 7. gr. í lögum um leysing á sóknarbandi 12. maí 1882.

Nd. 475. **Breytingartillaga**

við breytingar- og viðaukatillögur á þingskj. 467.

Frá Guðl. Guðmundssyni.

Tillagan við 26. lið orðist svo:

Nú vill landssjóður Íslands innleysa öll hlutabréf bankans, þegar liðin eru 40 ár frá stofnun hans, og gefur þá landshöfðingi út auglýsingu um það með 12 mánaða fyrirvara; eru hluthafar þá skyldir að selja landssjóði hlutabréfin á þeim fresti, er tiltekinn er, fyrir gangverð þeirra þann dag, er auglýsing landshöfðingja er gefin út, að viðbættum 5% vöxtum p. a. af gangverðinu frá auglýsingardegi til innlausnardags.

Hlutabréf, er eigi koma fram til innlausnar á hinum ákveðna fresti, skulu ógild.

Nd. 476. **Breytingartillaga**

við breytingartillögur (454) við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 8, 6. apr. 1898, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá Jóni Jenssyni.

1. Við 2. tillögu: Í stað orðanna »eða haft nokkurs háttar verzlunarmök við hann» komi: »er það var við veiðar í landhelgi«.
2. Við sömu tillögu: Í stað »100—1000 kr.« komi: 50—1000 kr.«.

Nd. 477. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 475.

Frá Einari Jónssyni.

Eftir orðin: »40 ár frá stofnun hans« komi þessi orð: »eða síðar«.

Nd. 478. **Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um strandferðir.

Nefndin í máli þessu hefir tekið til íhugunar tillögu til þingsályktunar um strandferðir á þgskj. 308 ásamt viðauka- og breytingartillögum við hana og lætur uppi álit sitt um málið á þessa leið.

Nefndin verður þá fyrst að láta í ljósi, að hið sameinaða gufuskipafélag hefir alls eigi fullnægt þeim skilyrðum, sem sett voru í fjárlögunum 1898—99 12. gr. C. fyrir fjárveitingu til gufuskipaferða. Eitt af skilyrðunum var, að viðkomustaðir strandbátanna væru þeir, er alþingi nánar tiltæki. Í ályktun þingsins 1897, eins og hún var samþykt í Ed., var viðkomustöðum skipt í 3 flokka. Á staði þá, er nefndir voru í fyrsta flokki, áttu bátarnir að koma helzt í hverri ferð; á þá staði, er nefndir voru í öðrum flokki, áttu bátarnir að koma svo oft, sem því yrði við komið, en þó eigi sjaldnar en í tveimur ferðum fram og aftur; á staðina í þriðja flokki áttu bátarnir því að eins að koma, að beiðni um það kæmi til landsstjórnarinnar frá hlutaðeigandi héraðsbúum með meðmælum sýslumanns. Þessum ákvæðum hefir gufuskipaélagið eigi fylgt; þannig eru þessir viðkomustaðir: Blönduós, Vík, Þórshöfn, Raufarhöfn og Kópasker, sem eru í fyrsta flokki, ekki settir þannig í ferðaáætlun, heldur er Blönduós slept í síðustu ferð, og hinum höfnunum tvisvar, nema Vík, sem er slept 4 sinnum. Af þeim viðkomustöðum, sem nefndir eru í öðrum flokki, er Papós gjörsamlega slept á ferðaáætlun, og af þeim viðkomustöðum, sem nefndir eru í þriðja flokki, og sem bátarnir áttu að koma á, ef héraðsbúar færu þess á leit, þá er það víst, að gufuskipafélagið hefir alls eigi sint því, þótt slíkar beiðnir hafi komið fram á löglegan hátt, og má í því skyni nefna Lagarfljótsós, sem tvívegis hefir verið farið fram á, að strandbáturinn kæmi við á. Þá hefir sérstaklega verið kært yfir því, að strandferðabáturinn austur um land færi fram hjá Hornafirði að ástæðulausu, og hefir þm. A.-Sk. í aðaltillögunni í máli þessu farið þess á leit, að alþingi skoraði á stjórnina, að sjá svo um, að báturinn færi eigi fram hjá Hornafirði í þeim ferðum, er hann er tiltekinn sem viðkomustaður, og komi

þar að minsta kosti þrisvar á sumri báðar leiðir, en eftir áætlun á báturinn að koma þar við í hverri ferð.

Þá verður nefndin enn að taka það fram, að það var meining alþingis 1897, að bátarnir mættust altaf á Akureyri, en það er síður en svo, að slíku hafi verið framfylgt. Bátarnir hafa að eins mæzt þar í þremur fyrstu ferðunum; að nokkuru leyti stafar þetta af því, að viðkomustaðir eru fleiri á leiðinni vestur um land en austur um land, en til þess að sá báturinn, sem fer austur um land, þurfi eigi altaf að bíða eftir hinum á Akureyri, svo að samband geti átt sér stað milli Vesturlands og Austurlands, og ferðirnar þannig komi að fullum notum, þá vill nefndin taka það fram, að það er hreinn óþarfi, að bátarnir standi eins lengi við í Reykjavík og á Akureyri, 3 til 6 daga, eins og þeir nú gera. Nú hafa komið fram ýmsar uppástungur um það, að fjölga viðkomustöðum bátanna, eða fjölga ferðum á einstakar hafnir, sem þegar standa á ferðaáætlun. Nefndin verður nú að vísu að viðurkenna, að sumar af þessum áskorunum séu á fullum rökum bygðar, og því ættu að takast til greina, en hins vegar sér nefndin sér ekki fært, að taka nýa viðkomustaði upp, nema þá um leið afnema þá staði, sem reynslan hefir sýnt umliðin tvö ár, að gjarnan mættu falla í burtu eða að minsta kosti fækka viðkomunum á þá, en það þykir þó nefndinni varhugavert, að hlutaðeigandi héruðum fornspurðum, enda þyrfti þá, ef vel ætti að fara, að semja nýa ferðaáætlun, en til þess hefir nefndin hvorki nein tök né tíma. Nefndin leggur því til, að hinum framkomnu tillögum verði vísað til landsstjórnar til hinnar hyggilegustu meðferðar, með rökstuddri dagskrá, er nefndin mun koma fram með. Ennfremur leggur nefndin til, að samþykt verði svo hljóðandi

Tillaga

til þingsályktunar um ferðir strandbátanna.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að leita álits allra sýslunefnda um það, á hvaða staði brýnust þörf sé að strandbátarnir komi, hve oft á ári, og á hvaða tíma árs, og hlutast til um, að við samningu ferðaáætlunar fyrir 1901 verði tekið það tillit til hinna framkomnu óska, sem frekast er unt, án þess þó að strandferðum sé fækkað frá því, sem nú er.

Neðri deild alþingis 18. ágúst 1899.

Jens Pálsson,	Kl. Jónsson,	Skúli Thoroddsen.
formaður.	skrifari og frsm.	
Valtýr Guðmundsson.		Einar Jónsson.

Sþ. 479. **Skýrsla um háskólasjóðinn við árslok 1898.**

Tekjur:

1.	Samskot sbr. lista nr. 1	1770,08	
	að frádregnum ófáanlegum 2 lofuðum tillögum (J. J. og Kl. J.)	50,00	
	tillag G. Scheving sem er tilfært Nr. 2 . . .	10,00	60,00 1710,08
	Vextir greiddir af dr. Jóni Þorkelssyni		1,10

2.	Samskot sbr. lista nr. 2		663,00	
	frádregin ófáanleg tillög		360,00	303,00
3.	Samskot sbr. lista nr. 3		131,50	
	G. Scheving		20,00	151,50
4.	Louis Zöllner, Newcastle		500,00	
	Asgeir Blöndal		20,00	520,00
5.	Gjöf frá norskum manni, orgel		.	260,00
6.	Vextir af innstæðu í sparisjóð Landsb. til 31. des. 1898 .		.	402,02
			kr.	3347,70

Gjöld:

1.	Prentunarkostnaður til lektors Þórh. Bjarnarsonar . .		22,65	
2.	Þýðing o. fl. til dr. Jóns Þorkelssonar		40,00	
3.	Prentuð útlend boðsbréf konsúl Jón Vídalín . . .		10,00	
4.	Auglýsingar í Þjóðólfi um samskot 1895 . .	10,51		
	—— . — — — 1896 . .	6,20		
	—— tvær, um sölu á Orgeli . . .	4,00	20,71	
5.	Fragt af orgeli uppskipan og heimflutningi . . .		45,00	
6.	Ómök, bréfaskriftir, frímerki o. fl. 5 ár		5,00	143,36
7.	Lagt í sparisjóð Landsbankans		2767,40	
	og vextir til 31. des. 1898		402,02	3169,42
8.	Eftirstöðvar óborgaðar af Orgelsverði		.	34,92
			kr.	3347,70

Auk ofannefndra *3204 kr. 34 a.* hefir Kvennfélagið í Reykjavík safnað 1778 kr. 29 a., sem að viðbættum vöxtum til 31. des. 1898 246 kr. 85 a. er nú samtals *2025 kr.* 14 *a.* Þessi upphæð er geymd með sérstakri bók í sparisjóði Landsbankans. Þannig er háskólasjóðurinn við næstliðin árslok samtals 5229 krónur 48 aurar.

Reykjavík 20. janúar 1899.

Tryggvi Gunnarsson.

Við undirskrifaðir höfum yfirfarið þennan reikning og höfum ekkert við hann að athuga annað en það, að skilríki vantar frá kaupanda organsins bæði um kaupverð þess og eftirstöðvar af andvirði þess.

Hannes Þorsteinsson. Jón Þorkelsson.

Nd. 480. **Tillaga**

til þingsályktunar um prentun næstu þingtíðinda.

Frá Einari Jónssyni og Kl. Jónssyni.

Neðri deild alþingis felur landshöfðingjanum, að gjöra samninga milli þinga um prentun næstu þingtíðinda, í samráði við deildarforsetana 1899.

Nd. 481. **Frumvarp**
til laga um brot á veiðirétti í ám og vötnum (eins og það var samþ. við 3. umr. í ed.)

1. gr. Hvar þess er maður veiðir óheimilt í annars manns veiðivatni, skal hann sekur um 5—100 krónur og bæti veiðieiganda auk þess skaða allan; telst þar með andvirði hinnar óheimilu veiði, ef nokkur er. Nú hittist maður með veiðarfæri við annars manns veiðivatn fyrir utan venjulega vegi, og getur eigi sannað, að hann hafi haft neitt lögmætt erindi þar, og skal hann þá sæta hinum sömu sektum, sem hann hefði verið staðinn að ólöglegri veiði. Sektirnar renna í landssjóð.

2. gr. Brot gegn lögum þessum sæta meðferð sem einkalögreglumál og má kæra þau hvort er fyrir lögreglurètti þess staðar, þar er brotið er framið, eða á heimilis þingi þess, er brotið hefir. Sókn á eigandi veiðivatns, eða sá, er veiðirétt hefir.

Nd. 482. **Breytingartillaga**
við breytingartillögu á þingskjali 457.
Frá Ólafi Briem.

Við 1. tölulið: Fyrir »10—30 ára« komi: »alt að 99 ára«.
— 1. —— Fyrir »50—200 kr.« komi: »að minsta kosti 50 kr.«

Nd. 483. **Breytingar- og viðaukatillaga**
við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 462.
Frá Jens Pálssyni.

1. Inn í tillöguna bætist á eftir Papós: »svo og Salthólmavík við Gilsfjörð«.
2. Inn í fyrirsögn tillögunnar bætist á eftir Papós: »og Salthólmavík við Gilsfjörð«.

Nd. 484. **Breytingartillaga**
við breytingartillögur á þingskjali 454.
Frá Þórði Thoroddsen.

Við 2. lið. Eftir orðin »verzlunarmök við hann« komi: er hann var við veiðar í landhelgi.

Nd. 485. **Frumvarp**
til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi (eins og það var samþykt við 2. umr. í nd.).

Til frekari umbóta á fyrirkomulaginu um peningamál Íslands, sem lög 18. sept. 1885 miða að, og til þess enn fremur að greiða fyrir og efla framfarir í verzlun, fiskiveiðum, iðnaði og búnaði landsins, er ráðaneytinu fyrir Ísland heimilað að veita hlutafélagi, sem þeir hæstaréttarmálaflutningsmaður Ludvig Arntzen,

R. af D., og stórkaupmaður Alexander Warburg, báðir í Kaupmannahöfn, standa fyrir, og sem myndað er til þess að stofna hlutabanka, er nefnist »Íslands banki«, einkarétt um níutíu ára tímabil til þess, að gefa út seðla, er greiðist handhafa með gullmynt þegar krafist er — með þeim nánari skilyrðum, sem hér segir:

1. Íslendingar, hvort sem eru einstakir menn, sjóðir eða stofnanir, skulu látnir sitja fyrir að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, annaðhvort með því að borga hlutaupphæðina í peningum með ákvæðisverði, eða með því, að gefa út skuldabréf fyrir hinni sömu upphæð með 1. veðrétti í fasteignum á Íslandi, er þó nemi ekki meira en 20% af virðingarverði fasteignanna. Af skuldabréfum þessum greiðast 4% í ársvexti, og skal greiðsla á þeim vöxtum trygð bankanum af landssjóði. Skuldabréfin mega að eins nema heilum hundruðum. Útgefendur þeirra og seinni eigendur fasteigna þeirra, sem ræða er um, mega, eftir vild, hvenær sem þeir vilja borga lánið með peningum með sex mánaða uppsögn í 11. júní og 11. desember-gjalddaga. Þá er skuldabréf er borgað, getur sá, er í hlut á, krafist kvittunar eða yfirfærslu til sín.

Landssjóður Íslands hefir rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, er nemi alt að 2 miljónum kr.

2. Hlutafé bankans skal fyrst um sinn eigi nema meiru en 5 miljónum króna. Stofnendur bankans skulu skyldir að útvega með ákvæðisverði þá hlutaupphæð, er Íslendingar hafa ekki skrifað sig fyrir samkvæmt 1. gr., þó svo, að sú upphæð ekki nemi meiru en $^2/_5$ af öllu hlutafénu.

3. Bankanum skal heimilt að gefa út bankaskuldabréf, er nemi jafnmikilli upphæð og veðskuldabréf þau, er hann fær gegn hlutabréfum samkv. 1. gr., og skulu þá veðskuldabréfin vera trygging bankaskuldabréfanna. Nú eru skuldabréf þau, sem 1. gr. ræðir um, innleyst, og skal þá jafnmikil upphæð af þessum bankaskuldabréfum einnig leyst inn, að undangengnu hlutkesti, með peningum eftir ákvæðisverði.

4. Íslandsbanka skal heimilt, eptir því sem viðskiftaþörfin krefur, að gefa út seðla, er greiðist handhafa með gullmynt, þegar krafist er, gegn því að bankinn

1) hafi í vörzlum sínum málmforða, er nemi því verði, er seðlar bankans, þeir sem úti eru, samtals fara yfir þá hlutaupphæð sem innborguð er *að fullu* og skal málmforðinn aldrei nema minna verði en $^3/_8$ af því fje, sem téð seðlaupphæð nemur.

2) hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlafúlgunnar, sem ekki er trygður með málmforðanum, þannig að verð eignarinnar í hlutfalli við seðla sé 150 kr. fyrir hverjar 100 kr. í seðlum.

5. Til málmforða má teljast:

a, lögleg gjaldgeng mynt eptir því verði, sem myntin til segir;

b, ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2480 kr. fyrir hvert kilogram af skíru gulli;

c, kröfur, er gjaldist þegar heimtað er, hjá þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregsbanka og Englandsbanka (eða Skotlands), gegn því, að kröfur þær, er

nefndir bankar hafa með sama skilorði gegn Íslandsbanka, sjeu dregnar frá verði málmforðans.

d, seðlar gefnir út af
Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn,
Noregs banka,
Ríkisbanka Svía,
Englands banka,
Skotlands banka,
Frakklands banka,
og hinum þýzka ríkisbanka.

6. Sá hluti málmforðans, sem er fyrir hendi í bankanum í löglegri gjaldgengri mynt, skal jafnan nema minst 1/4 af seðlaupphæð þeirri, sem úti er. Óslegið gull, sem Íslands banki kynni að hafa afhent til myntunar hinni konunglegu peningasmiðju í Kaupmannahöfn, má telja til myntforða bankans.

7. Til þeirrar eignar, sem tryggja skal seðlaupphæð þá, er málmforðinn nægir ekki til, teljast einkum:

Skuldabréf gefin út fyrir lánum gegn handveði.

Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.

Kröfur á hendur útlendum viðskiftamönnum, er gjaldast skulu þegar heimtað er.

Opinber verðbréf eptir gangverði og veðskuldabréf gefin út fyrir lánum út á fasteignir, þó þannig að hin síðastnefndu verðbréf nemi ekki meiru en 1 miljón króna.

8. Íslands banki skal vera nú og framvegis sú einasta stofnun á Íslandi, sem rétt hefir til að gefa út gjaldmiðil, er komið geti í stað myntaðra peninga, og ákveðst það til tryggingar Íslands banka og handhöfum seðla hans, að ekki skuli, svo lengi sem lög þessi eru í gildi, gefa út eða leyfa að gefa út nokkurn slíkan gjaldmiðil; en þar á móti skulu seðlar Íslands banka vera þeir einustu, sem þannig geti gilt manna á milli, og sem tekið skuli á móti í alla opinbera sjóði, en þar skulu seðlarnir takast gildir sem lögleg borgun til jafns með reiðu gulli.

9. Vegna réttar þess, er bankinn nýtur til seðlaútgáfu, skal hann háður eftirliti stjórnarinnar samkvæmt nánari ákvörðunum í reglugjörð bankans, sem staðfest skal af ráðaneytinu. Ráðaneytið samþykkir, í hverju formi seðlarnir skuli gefnir út, og hverju upphæð hvers einstaks má nema.

10. Hver sem býr til eftirmynd seðla, sem útgefnir eru af Íslands banka eða falsar þá, skal sæta sömu hegning sem hin almennu hegningarlög 25. júní 1869, 266. gr., ákveða fyrir að búa til eftirmynd af eða falsa danska mynt eða seðla þjóðbankans. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að búa til eða falsa seðilinn þó ekki sé búið að láta hann úti.

11. Íslandsbanki tekur að sér útborgun á skuldum landsbankans og innköllun á útistandandi eignum hans; hann leysir og inn seðla þá, sem landsbankinn á úti. Landssjóður ábyrgist vanhöld öll við innköllun þessa og útborgun, enda renni varasjóður landsbankans og aðrar skuldlausar eigur í landssjóð.

12. Seðlar þeir, sem útgefnir eru af stjórninni fyrir hönd landssjóðs, mega aldrei aukast fram yfir það, sem nú er, en skulu innkallast og innleysast í síðasta lagi 3 árum eftir að Íslands banki hefir tekið til starfa.

Alla seðla, sem þannig eru kallaðir inn, lætur bankinn, undir hæfilegri tilsjón, ónýta opinberlega með því að brenna þá, og í hvert skifti sem seðlar hafa þannig verið brendir, tilkynnist almenningi, hve mikil upphæð hafi verið ónýtt.

13. Ef veðdeild verður sett á stofn í sambandi við landsbankann, skal Íslandsbanki skyldur að taka hana að sér með öllum hinum sömu skyldum og réttindum, er landsbankanum kunna að verða fengin í hendur.

14. Þegar varasjóður Íslandsbanka er orðin 1 miljón króna, eða þegar 20 ár eru liðin frá stofnun bankans, rennur upphæð sú, er samkvæmt reglugjörð bankans árlega er ákveðin varasjóði, óskert í landssjóð.

Nú minkar varasjóður fyrir einhver óhöpp, eða hefir ekki náð 1 miljón króna 20 árum eftir að bankinn var stofnaður, og greiðist landssjóði þá að eins helmingur hins ákveðna varasjóðsgjalds, en hinn helmingurinn legst við varasjóð, þar til hann hefir náð nefndri upphæð.

15. Þar eð bankasjóðurinn, sem eingöngu er ætlaður til að tryggja útgefna seðla hans, skuldbindingar og aðrar kvaðir, er fé, sem ekki má verja til annars, þá skal a l d r e i íþyngja honum með neinum opinberum gjöldum, hverju nafni sem nefnast.

16. Mynt sú, sem gjaldgeng er í Danmörk á hverjum tíma sem er, skal vera sú, er bankinn notar til viðskifta og í bókfærslu sinni.

17. Heimilt skal bankanum, að nota óstimplaðan pappír til seðla sinna, bóka, ávísana og alls konar skuldbindinga, sem útgefast af bankanum og í nafni hans.

Einnig skulu skuldbindingar þær, sem 1. gr. ræðir um og bankaskuldabréf þau, sem nefnd eru í 3. gr., mega yfirfærast manna í milli, án þess að stimplaður pappír sé notaður. Enn fremur mega og þær skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, gefast út á óstimpluðum pappír.

18. Bankinn skal sem handveðshafandi hafa rétt til þess, ef ekki er öðru vísi um samið, að selja veðið við opinbert uppboð, þá er hann hefir gjört þeim, er veðið hefir sett, aðvart um það með vottum með 20 daga fyrirvara, eða þá, ef veðsetjandi þekkist ekki eða ef ókunnugt er um heimili hans, eftir að hafa innkallað hlutaðeigandi með 30 daga fyrirvara til þess að leysa út veðið, með opinberri auglýsing í blöðum þeim, sem ætluð eru til að flytja aðrar lögbirtingar.

19. Bankinn skal hafa aðalskrifstofu sína og varnarþing í Reykjavík og útibú í hinum stærri kauptúnum Íslands, einkum á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði.

20. Í fulltrúaráði bankans skulu sitja 11 menn, og kýs alþingi 5 þeirra, en hluthafar aðra 5. Ráðgjafi Íslands er sjálfkjörinn formaður bankaráðsins, en landshöfðingi varamaður, og gengur hann að öllu leyti í ráðgjafans stað, þegar hann er eigi sjálfur við staddur.

Aðalfundir bankaráðsins skulu haldnir í Reykjavík. Þó getur bankaráðið ákveðið, að halda skuli aðalfund annarsstaðar, þegar því þykir nauðsyn til bera.

Nú er landssjóður hluthafi í bankanum, og kýs alþingi þá á þingi hverju 2 menn til tveggja ára, er mæta skulu á aðalfundi fyrir landssjóðs hönd, og hafa þeir hvor um sig á fundinum jafnt afl atkvæða.

21. Nú vill landssjóður Íslands innleysa öll hlutabréf bankans, þegar liðin eru 40 ár frá stofnun hans eða síðar, og gefur þá landshöfðingi út auglýsingu um það með 12 mánaða fyrirvara; eru hluthafar þá skyldir að selja landssjóði hlutabréfin á þeim fresti, er tiltekinn er, fyrir gangverð þeirra þann dag, er auglýsing landshöfðinja er gefin út, að viðbættum 5% vöxtum p. a. af gangverðinu frá auglýsingardegi til innlausnardags.

Hlutabréf, er eigi koma fram til innlausnar á hinum ákveðna fresti, skulu ógild.

22. Svo framarlega sem skyldum, þeim sem að framan eru greindar, ekki verður fullnægt af nefndum stofnendum innan 12 mánaða frá því, er lög þessi öðlast gildi, er ráðaneytinu fyrir Ísland heimilt að fela stofnun bankans öðru félagi, sem kynni að vera fært um að fullnægja hinum ákveðnu skilyrðum.

Nd. 486. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 454.

Frá Guðl. Guðmundssyni, Ólafi Briem, Kl. Jónssyni, Þórði Thoroddsen, Þórði Guðmundssyni, Halldóri Daníelssyni.

Greinin orðist:

Hérlendur maður, er leiðbeinir útlendum eða innlendum botnverpingi við veiðar í landhelgi, vísar á mið eða liðsinnir honum á annan hátt við slíkar veiðar eða hjálpar honum til að komast undan hegning fyrir brot á lögum um botnvörpuveiðar í landhelgi, skal sæta sektum, ekki minni en 50 kr. Sömu hegning skal hver sá maður hérlendur sæta, er innan landhelgi hefir nokkur verzlunarmök við útlenda botnverpinga eða dvelur að nauðsynjalausu á skipum þeirra.

Sektir eftir lögum þessum renna í sjóð þess hrepps, er hinn brotlegi er heimilisfastur í.

Nd. 487. **Framhaldsnefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um breyting á botnvörpulögunum.

Nefndin hefir athugað og íhugað mál þetta og breytingartillögur þær, sem komið hafa fram við það í deildinni, og hefir hún komist að þeirri niðurstöðu, að ýmsra orsaka vegna sé ekki ráðlegt að leggja hegningu við, þótt lands-

menn hafi mök við botnverpinga utan landhelgi, og fyrir því vill nefndin ráða deildinni til að samþykkja breytingartillögu þá, sem fram hefir komið á þingskjali 486.

Enn fremur leggur nefndin til, að samþykt sé sú tillaga á þingskjali 454, að 1. gr. frv. sé feld, þar sem talsverður ágreiningur hefir orðið um, hvort sú lagasetning væri réttmæt, og vonar nefndin þá, að málið fái greiðari framgang. Leiðir eðlilega af þessari tillögu nefndarinnar, að fyrirsögn frv. verði samkv. því, sem lagt er til á sama þingskjali.

Neðri deild alþingis 18. ágúst 1899.

Ólafur Briem, formaður.	Þórður Thoroddsen, skrifari og framsögumaður.	Pétur Jónsson,
	Guðlaugur Guðmundsson.	

Eg get eigi verið hinum háttvirtu samnefndarmönnum mínum samdóma um það, að það sé á nokkurn hátt varhugavert, að banna það og leggja hegningu við því, að landsmenn hafi mök við botnverpinga utan landhelgi, og legg því til, að breytingartillaga hæstv. landshöfðingja á þingskjali 488 verði samþykt, en get þá felt mig við breytingartill. á þingskj. 486.

Jón Þórarinsson.

Nd. 488. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu (þingskjal 486) við breytingartillögu (þingskjal 454) við frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá landshöfðingja.

Fyrir orðin: »innan landhelgi« komi: »utan löggiltra hafna«.

Ed. 489. **Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 2. umr. í efri deild.).

1. kafli.

1. gr.

Á árunum 1900 og 1901 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,399,900 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,126,000 kr.

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a) á ábúð og ofnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafé	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	6,000	6,000	12,000
3. tekjuskattur	13,500	13,500	27,000
4. aukatekjur	30,000	30,000	60,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	9,000	9,000	18,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	46,000	46,000	92,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	70,000	140,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	180,000	180,000	360,000
12. tekjur af póstferðum	35,000	35,000	70,000
13. óvissar tekjur	2,500	2,500	5,000
samtals	563,000	563,000	1,126,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,200 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestmötu o. fl., alls 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Styrkurinn til húsabóta sé bundin því skilyrði, að leiguliðinn leggi fram í minsta lagi 1/3 kostnaðarins.			
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
samtals	25,100	25,100	50,200

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 94,000 kr.

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	42,000	42,000	84,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1900 38,673 kr. 66 a.			
- — 1901 39,058 — 37 —			
77,732 kr. 03 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	47,000	47,000	94,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 120,500 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	500	»	500
samtals...	60,500	60,000	120,500

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1900 og 1901 veitast til útgjalda 1,491,112 kr. 75 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1900: 12,400 kr., og árið 1901: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 344,486 kr. 67 a.

			1900.	1901.	alls.
	A.		kr.	kr.	kr. a.
	Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:				
1.	laun embættismanna		18,066 67	18,100	36,166 67
2.	endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.		4,200	4,200	8,400
3.	hin umboðslega endurskoðun:				
	a. laun endurskoðanda	2,500 kr.			
	b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda	500 —			
	c. skrifstofukostnaður	300 —			
	d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar	1,000 —			
			4.300	4,300	8,600
			26,566 67	26,600	53,166 67
	B.				
	Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1.	laun:				
	a. til dómara og sýslumanna		68,100	68,100	
	b. til hreppstjóra		8,000	8,000	
2.	ritfé handa bæarfógetanum í Reykjavík		1,400	1,400	
3.	til hegningarhússins og fangelsanna:				
	a. laun umsjónarmannsins	1900. 1,000 kr.	1901. 1,000 kr.		
	viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 —	200 —		
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —		
	þóknun handa lækni	60 —	60 —		
	b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —		
	3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e.	230 —	230 —		
	þvottur	30 —	30 —		
	til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —		
	útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 —	400 —		
	til þess að útvega verkefni	500 —	500 —		
	ýmisleg útgjöld	150 —	150 —		
		4,415 kr.	4,415 kr.		
	arður af verkum talinn	615 —	615 —		
		3,800 kr.	3,800 —		
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna	1,600 —	300 —		
				5,400	4,100	
			Flyt...	82,900	81,600	53,166 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	82,900	81,600	53,166 67
4. Önnur útgjöld:			
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn ... ... 1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirréttinn ... 50 —			
c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum ..... 50 —			
d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl. 50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál 3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál ... ... 300 —			
g. til að gefa út dómasafn, alt að 15 kr. fyrir hverja örk... ... ... 150 —			
h. útgjöld við sáttamál ... ... 50 —			
	5,250	5,250	
	88,150	86,850	175,000
C.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), 43 kr. örkin 2,580 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum 450 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, alt að 40 kr. fyrir örkina ... ... 1,200 —			
	4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar	900	900	
4. styrkur til eflingar búnaði:			
a. til búnaðarskóla:			
1. til skólans í Ólafsdal ... ... 2,500 kr.			
2. til skólans á Hólum ... ... 2,500 —			
3. til skólans á Eiðum ... ... 2,500 —			
4. til skólans á Hvanneyri ... ... 2,500 —			
10,000 kr.			
b. til búnaðarfélaga..... ... ... 18,000 —			
c. til búnaðarfélags Íslands ... ... 6,000 —			
	34,000	34,000	
Flyt...	42,080	42,080	228,166 67

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
	Fluttar...	42,080	42,080	228,166 67
5.	til kenslu í mjólkurmeðferð..... Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands með því skilyrði, að félagið útvegi mann frá Danmörku, er hafi fullkomna kunnáttu og góða æfingu í mjólkurmeðferð samkvæmt því, sem gerist á góðum mjólkursamlagsbúum í Danmörku. Maður þessi sé ráðinn til 2 eða 4 ára, til þess að kenna á góðu mjólkurbúi í landinu, helzt á Hvanneyrarskóla, tilbúning osta og smjörs með þeim áhöldum og aðferðum, sem hægt er að koma við á hinum stærri sveitabúum hér á landi, og fari kenslan fram kostnaðarlaust fyrir nemendur.	2,000	2,000	
6.	Styrkur til útgáfu búnaðarrits 20 kr. fyrir örkina	240	240	
7.	a. Laun handa tveim dýralæknum	2,400	2,400	
	b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400	400	
8.	Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu	300	300	
9.	Til vita:			
	a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa . ... kr. 300			
	b. til eftirlitsferða 100			
	c. til vitans á Reykjanesi:			
	1. til launa vitamannsins.....1,200			
	2. fyrir olíu 200			
	3. fyrir lampakveiki o. fl. 150			
	4. fyrir steinkol... 160			
	5. flutningskostnaður... 250			
	6. til viðhalds á húsum og áhöldum 300			
	7. eftirgjald eftir lóðina 30			
	8. til að byggja geymsluhús fyrir olíu og fl. 1900... ... ... 300 — 2,590			
	d. til vita á Skagatá:			
	1. til vitamanns 400			
	Flyt 400 — 2,990	47,420	47,420	228,166 67

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
	Fluttar 400	2,990	47,420	47,420	228,166 67
2. fyrir olíu	150				
3. — lampakveiki o. fl, ...	100				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	200				
5. steinkol	100				
6. flutningskostnaður...	75				
7. eftirgjald fyrir lóðina	10	1,035			
e. til vita við Gróttu:					
1. til vitamanns	400				
2. fyrir olíu..	125				
3. — lampakveiki o. fl.	100				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum...	160				
5. steinkol	60				
6. flutningskostnaður	40	885			
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð		500			
þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.					
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð, og má þá útvega tvo spegla til þeirra í skiftum fyrir tvo spegla, er áður voru notaðir í Reykjanesvitanum.					
1. til vitagerðarinnar 1900	2,000				
2. til vitamanns, hvort árið.....	400				
3. til að kaupa olíu.....	175				
4. til annarar neyzluvöru	150				
5. til viðhalds á húsum og áhöldum	80				
6. til flutningskostnaðar	50	2,855			
h. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga		50			
i. Styrkur til ljóskers á Skipaskaga ... veitist með því skilyrði, að um tendrun á ljóskerinu fari eftir auglýsingu landshöfðingja 31. maí 1894.		75			
			8,390	6,090	
		Flyt...	55,810	53,510	228,166 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	55,810	53,510	228,166 67
10. Til nýrra þríhyrninga- og strandmælinga á suðvesturhlið Reykjaness fyrir 1900	5,000		
11. Til kostnaðar við eftirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði	1,000	1,000	
	61,810	54,510	116,320
Samtals...	.....	....	344,486 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 197,260 kr. 08 a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
1. Laun	40,190	40,190	80,380
2. Styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Mála- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sléttuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
Flyt...	40,190	40,190	80,380

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	40,190	40,190	80,380
	o. til læknis í Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
	p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þorleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	16,000	16,000	32,000
3.	Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri...	800	800	1,600
4.	Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.	150	150	300
5.	a. Styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	4,000
	b. Styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eftir reikningi, hvort árið alt að 300 kr.	300	300	600
6.	Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
7.	Ársútgjöld við holdsveikraspítalann:			
		kr. a.		
	a. Laun til starfsmanna.....	4,940		
	b. Viðurværi:			
	1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag..... 8,322 kr.			
	2. handa 17 starfsmönnum...247 kr. 12 a. á ári..... 4,184 kr. 04 a.			
		12,506.04		
	c. klæðnaður sjúklinga.....	600		
	d. meðöl og sáraumbúnaður.....	1,500		
	e. eldsneyti	3,500		
	f. ljósmeti	570		
	g. viðhald á húsum.....	1,200		
	Flyt	24,816.04	60,440	60,440	120,880

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Fluttar...	24,816.04	60,440	60,440	120,880
h. húsbúnaður og áhöld	600			
i. þvottur og ræsting	600			
k. greftrunarkostnaður	250			
l. flutningskostnaður	200			
m. til að skemta sjúklingum	200			
n. hestafóður	300			
o. ýmisleg gjöld	1,000	27,966 04	27,966 04	55,932 08
8. Útgjöld við bólusetningar		500	500	1,000
9. Önnur útgjöld:				
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri	400 —			
c. — — —— á Ísafirði ...	400 —			
d. — — —— á Seyðisfirði	400 —			
e. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa	24 —			
f. til náms yfirsetukvenna	2,000 —			
g. til verkfæra handa yfirsetukonum	400 —			
h. gjöld samkvæmt 13. gr. í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma 31. jan. 1896	1,000 —	5,824	5,824	11,648
10. Styrkur til að semja og gefa út nýa ljósmóðurfræði, alt að		800		800
11. Styrkur til útbúnings og áhalda handa sjúkrahúsinu á Seyðisfirði 4000 kr. (fyrra árið)		4,000		4,000
12. Til sjúkrahúsbyggingar á Patreksfirði annað árið alt að		3,000		3,000
Veitist með því skilyrði, að helmingi hærri upphæð verði veitt til fyrirtækisins annarsstaðar frá.				
Samtals		102,530 04	94,730 04	197,260 08

12. gr.

Til samgöngumála veitast 465,900 kr.

A.		1900.	1901.	alls.
Til útgjalda við póststjórnina:		kr.	kr.	kr.
1. Laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
Auk þess hefir póstmeistarinn ókeypis afnot af íbúðarherbergjum þeim, sem eru í pósthúsinu.				
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	8,100 —			
Flyt	11,100 kr.			

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
	Fluttar... 11,100 kr.				
	2. handa tveim póstafgreiðslumönnum í Reykjavík ..... 2,500 —				
	c. handa bréfhirðingarmönnum ..... 6,000 —				
			19,600	19,600	
2.	póstflutningur.....		40,000	40,000	
3.	til póstvagnferða í viku hverri frá 15. júní til 1. okt. frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að ..... Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.		600	600	
4.	önnur útgjöld:	1900. kr. / 1901. kr.			
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarins	2,000 / 2,000			
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um	200 / 200			
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	200 / 200			
	d. fyrir prentun á ýmsu	1,000 / 1,000			
	e. til áhalda	1,500 / 1,500			
	f. til bréfaburðar í Reykjavík.....	400 / 400			
	g. óviss gjöld.....	200 / 200			
	h. til viðhalds húsi og áhöldum.....	1,500 / 100			
			7,000	5,600	
5.	til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum		500		
		samtals ..	67,700	65,800	133,500
	B.				
	Til vegabóta:				
1.	til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur:				
	a. laun	3,000			
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum	500			
		3,500	3,500	3,500	
		...Flyt	3,500	3,500	133,500

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	3,500	3,500	133,500
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að	1,500	1,500	
3. til flutningabrauta	20,000	20,000	
4. til þjóðvega	50,000	50,000	
5. til fjallvega	5,000	5,000	
6. styrkur til Ísafjarðarsýslu til að gjöra veg yfir Breiðadalsheiði alt að ..... Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram að minsta kosti jafnmikla upphæð.	2,500		
7. Styrkur til Borgarfjarðarsýslu til að gjöra veg frá Skipaskaga að Blautós alt að ..... Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það, sem til vantar til að fullgjöra veginn, að minsta kosti jafnmikla upphæð.	2,400		
8. Styrkur til Dalasýslu til brúargerðar á Laxá í Laxárdal, þriðjungur kostnaðar, alt að	1,700		
9. Styrkur til Kjósar- og Gullbringusýslu til framhalds veginum frá Reykjavíkurlandi suður sýsluna alt að	10,000		
C.	96,600	80,000	176,600
			310,100
1. Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafélags, 3. og 4. ársborgun af 5 ára styrk, með þeim skilyrðum, að félagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli Íslands á eina hlið og Danmerkur og Stóra-Bretlands á hina, og umhverfis Ísland, samkvæmt ákvæðunum á fjárlögunum fyrir 1898 og 1899	50,000	50,000	
2. Til gufubátaferða: kr. a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að ..... 7,700 b. á Ísafjarðardjúpi.. 2,500	10,200	10,200	
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi eftir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefnda. Af upphæðinni undir stafl. a má verja 200 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem séu að minsta kosti tvær ferðir, milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyar og Holtsvara.			
Styrkurinn undir staflið a og b greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomustöðum án sérstaks endurgjalds.			
Flyt...	60,200	60,200	310,100

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	60,200	60,200	310,100
4. Styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn alt að..... Veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Árnessýslu verji að minsta kosti jafnmikilli upphæð til fyrirtækisins, og að verkið verði að áliti verkfræðings vel af hendi leyst.	400		
	60,600	60,200	120,800
D.			
Til ritsíma milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, alt að ..... Að því tilskildu, að sá, er leyfi fær til að leggja ritsímann í sæ, veiti 300,000 kr. tillag til lagningar á ritsíma yfir land milli þess staðar, er sæsíminn kemur í land á Íslandi og Reykjavíkur; má stjórnin ákveða, að sæsíminn sé lagður á land á Austurlandi. Auk þess er stjórninni heimilt, ef til þess kemur, að verja á fjárhagstímabilinu alt að 75,000 kr. til þess að undirbúa landsímalagninguna og til að útvega efni og áhöld til þess.	.....	35,000	35,000
Samtals...	.....	.....	465,900

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 318,866 kr. » a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	1,700	1,700	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti.	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. bráðabirgðar-uppbót á Meðallandsþingum.....	200	200	
6. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum.....	3,000	3,000	
7. bráðabirgðar-uppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi.....	100	100	
Flyt...	21,800	22,300	

			1900.	1900.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	21,800	22,300	
8.	til að endurreisa 2½ fallin prestmötukúgildi á Laugarbrekku í Nesþingum og sem uppbót til síra Helga Árnasonar fyrir prestsmötumissi..... gegn því, að jörðin Laugarbrekka með hjáleigum Holti og Hóli verði afsöluð landssjóði til eignar.		400		
9.	styrkur til síra Gísla Kjartanssonar fyrir flutning og byggingu staðarhúsa á Felli í Mýrdal ...		600		
10.	endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað		1,000	1,000	
			23,800	23,300	47,100
	B.				
	Kenslumálefni:				
I.	Til prestaskólans:				
a.	laun		9,200	9,200	
b.	önnur útgjöld:				
1.	húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1900 og 16 1901, 80 kr. handa hverjum	1900. 960 kr.	1901. 1,280 kr.		
2.	námsstyrkur	800 —	1,000 —		
	Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.				
3.	til tímakenslu	100 —	100 —		
4.	til bókakaupa	300 —	300 —		
5.	til eldiviðar og ljósa	150 —	150 —		
6.	til umsjónar	100 —	100 —		
7.	ýmisleg útgjöld	200 —	200 —		
8.	til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að	250 —	250 —		
				2,860	3,380	
				12,060	12,580	24,640
II.	Til læknaskólans:				
a.	laun			3,200	3,200	
b.	önnur útgjöld:	1900.	1901.		
1.	námsstyrkur	1,200 kr.	1,200 kr.		
	Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.				
	Flyt...	1,200 kr.	1,200 —	3,200	3,200	71,740

		1900.	1901.	1900.	1901.	alls.
				kr.	kr.	kr.
		1900.	1901.			
	Fluttar...	1,200 kr.	1,200 —	3,200	3,200	71,740
2.	eldiviður, ljós og ræsting	200 —	200 —			
3.	til bókakaupa og verkfæra	500 —	500 —			
4.	ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —	300 —			
5.	húsaleiga handa 16 lærisveinum, 80 kr. hønda hverjum.....	1,280 —	1,280 —			
6.	þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði	100 —	100 —			
7.	til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að.....	200 —	200 —			
8.	ýmisleg útgjöld	100 —	100 —			
				3,880	3,880	
				7,080	7,080	14,160
III.	Til hins lærða skóla:					
a.	laun.....			19,200	19,200	
b.	aðstoðarfé:					
	handa söngkennaranum		600 kr.			
	— fimleikakennaranum.....		700 —			
	— dyraverði		1,000 —			
	til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —	2,500	2,500	
c.	önnur útgjöld:	1900.	1901.			
1.	til bókasafns skólans	720 kr.	720 kr.			
2.	til eldiviðar og ljósa	1,200 —	1,200 —			
3.	til skólahússins utan og innan.....	3,200 —	1,400 —			
4.	til tímakenslu og prófdómenda	1,050 —	1,050 —			
5.	Laun cand. mag.					
	Fluttar:	6,170 kr.	4,370 kr.	21,700	21,700	85,900

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	1900. 1901.			
Fluttar:	6,170 kr. 4,370 kr.	21,700	21,700	85,900
Bjarna Jónssonar sem aukakennara	1,300 — 1,300 —			
6. námsstyrkur.....	4,500 — 4,500 —			
Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið og greiðist fyrri hluti styrksins að afloknu miðsvetrarprófi, en síðari hlutinn síðast í maímánuði.....				
7. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 — 720 —			
8. þóknun handa lækni	100 — 100 —			
9. ýmisleg útgjöld.....	800 — 800 —			
10. fyrir prestsverk	48 — 48 —			
11. til vísindalegra áhalda við kenslu:				
a. í náttúrusögu.....	200 — 200 —			
b. í eðlisfræði.....	400 — 400 —			
12. til þess að gefa út kenslubækur handa lærða skólanum, 25 kr. fyrir örkina	600 — 600 —			
13. til áhalda við leikfimiskenslu	200 — 200 —			
		15,038	13,238	
		36,738	34,938	71,676
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun		6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:	1900. 1901.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna..	400 kr. 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa.	500 — 500 —			
3. til skólahússins utan og innan	200 — 200 —			
4. ýmisleg útgjöld	500 — 500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 — 400 —			
		2,000	2,000	
		8,600	8,600	
				17,200
	Flyt...	.....	.....	174,776

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	.....	.....	174,776
V.	Til stýrimannaskólans:				
	a. laun		3,000	3,000	
	b. önnur útgjöld:				
	1. til tímakenslu	1,200 kr.	1,200 kr.		
	2. til áhaldakaupa o. fl.	1,100 —	300 —		
	3. til eldiviðar og ljósa	500 —	500 —		
	4. ýmisleg útgjöld	600 —	500 —		
	5. til að kaupa lóð	440 —			
			3,840	2,500	
			6,840	5,500	12,340
VI.	Til annarar kenslu:				
	a. til kvennaskóla:				
	1. til kvennaskólans í Reykjavík...	2,500 kr.			
	þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.				
	2. til kvennaskóla Húnvetninga ...	2,200 —			
	3. til kvennaskóla Eyfirðinga	2,200 —			
			6,900	6,900	
	b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemandafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.		5,500	5,500	
	2. til sveitakennara, alt að 80 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna.		5,500	5,500	
	c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...		2,500	2,500	
	d. til kennarafræðslu		2,800	2,800	
	e. námsstyrkur handa kennaraefnum, 50 krónur handa hverjum, alt að 500 kr. hvort árið....		500	500	
	f. til skólaiðnaðar-kenslu		500	500	
	g. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....		1,000	1,000	
	h. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur		300	300	
	i. til kenslu heyrnar- og málleysingja		5,000	5,000	
		Flyt...	30,500	30,500	187,116

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar:	30,500	30,500	187,116
j. til síra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kenslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	30,650	30,650	61,300
VII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík	200	200	
Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kenslu.			
b. til sundkenslu annarsstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	600	600	
	1,800	1,800	3,600
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmenta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,500	1,500	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900	900	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá og til samnings spjaldskrár	4,000	4,000	
d. til eldiviðar og áhalda, m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins 500 kr.			
b. til amtsbókasafns Austuramtsins 400 —			
c. til amtsbókasafns Vesturamtsins 400 —			
	1,300	1,300	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. til landsskjalasafnsins:			
a. laun skjalavarðar, sem landshöfðingi skipar	1,200	1,200	
b. til að koma safninu fyrir og til viðhalds	500	200	
Flyt:	10,150	9,850	252,016

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	10,150	9,850	252,016
4. til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
5. til Þjóðvinafélagsins	750	750	
6. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 600 —			
c. til húsnæðis og hita..... 2000 —			
d. til að flytja safnið og koma því fyrir alt að .... 800 —			
	4,400	3,600	
7. til fornleifafélagsins:			
til útgáfu árbókar.....	300	300	
útborgist því að eins, að árbók fornleifafélagsins komi út hvort árið.			
8. til náttúrufræðisfélagsins	500	500	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 100 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.			
9. Styrkur til hins ísl. biblíufélags til nýrrar þýðingar biblíunnar.....	1,200	1,200	
10. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
11. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að sams konar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið.....	800	800	
12. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna ...	300	300	
Flyt...	21,200	20,100	252,016

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	21,200	20,100	252,016
13. Styrkur til kaupm. Björns Kristjánssonar til að koma á fót tígulsteinsverksmiðju ..... Styrkurinn útborgast þegar ofn er bygður, er brenna má í 5000 steina í einu, þerrihús er reist og eltigufuvélar uppkomnar, enda skuldbindi styrkþiggjandi sig til að reyna leir og leiðbeina ókeypis í leirbrenslu næstu 3 ár þeim mönnum, er hlutaðeigandi hreppsnefnd æskir.	2,500		
14. styrkur til tveggja manna til nema dýralækningar 600 kr. til hvors	1,200	1,200	
15. styrkur til Guðjóns Guðmundssonar til landbúnaðarnáms við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn	500	500	
16. til séra Matthíasar Jochumssonar, er hann hefir fengið lausn frá prestsembætti samkvæmt ósk.....	2,000	2,000	
17. til Páls Ólafssonar skálds.....	500	500	
18. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
19. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300	300	
20. til skólakennara Geirs Zoëga til að semja íslenzk-enska orðabók.	500	500	
21. Styrkur til yfirdómara Jóns Jenssonar og landritara Jóns Magnússonar til að gefa út lagasafn handa alþýðu 4. bindi 20 kr. fyrir örkina, gegn því að bókin verði seld með vægu verði.....	400		
22. Styrkur til amtmanns Páls Briem til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 20 kr. fyrir örkina.....	200	200	
23. til cand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
24. til kapteins í sjóliðinu Ryders til tilrauna við skógarrækt hér á landi	1,000		
Flyt ..	31,900	26,900	252,016

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	31,900	26,900	252,016
25. styrkur til Stefáns kennara Stefánssonar til að rannsaka fóður- og beitijurtir	1,000	1,000	
26. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	1,000		
27. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	1,000		
28. til snikkara Jóns Sveinssonar í Reykjavík fyrir byggingaruppdrátt til stýrimannarkólans	250		
29. til cand. theol. Haralds Níelssonar, styrkur til utanfarar til að stunda hebreska tungu og skýringar gamla testamentisins	600		
30. til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	600	600	
31. til Halldórs Lárussonar til að fullkomna sig í hraðritun og til að kenna hana	400	400	
32. Til leikfimiskennara Ó. Rósenkranz fyrir kostnaði við ókeypis kenslu í leikfimi og líkamsæfingum	200	200	
33. Styrkur til hússtjórnarskólans í Reykjavík	800		
	37,750	29,100	66,850
Samtals...	.....	.....	318,866

14. gr.

Til skyndiláns handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 90,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr., sem viðbót við eftirlaun hans, til síra Þorkels Bjarnasonar 500 kr., sem viðbót við væntanleg eftirlaun hans; til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr., til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr., til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

Stjórninni er heimilt að veita kennara við lærða skólann, Dr. phil. Þorv. Thoroddsen, lausn frá embætti með eftirlaunum, enda þótt hin almennu skilyrði fyrir þeirri lausn séu eigi fyrir hendi, og skulu eftirlaunin vera 2000 kr. á ári; þó hætti eftirlaun hans, ef hann á ný fær launað embætti í hinu danska ríki.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 91,212 kr. 75 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita alt að 30,000 kr. lán hvort árið til þilskipakaupa frá útlöndum, er veitast einkum þeim mönnum eða félögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í áreiðanlegri vátryggingu og í fyrsta eða öðrum flokki. Eigi má lána meira en 4,000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til sveitarfélaga, þó ekki yfir 2000 kr. til hvers. Lán þessi ávaxtast með 3% árlega og sé afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en borgist síðan á 15 árum. Lánum þessum sé ennfremur settir þessir skilmálar:

1. Lánsféð veitist samkvæmt beiðni frá sveitarstjórn til landshöfðingja og eingöngu til jarðabóta, er sé sams konar og þær, sem styrktar eru af landssjóði.
2. Þeir, sem lánin taka fyrir milligöngu sveitarfélaga, verji hver um sig til jarðabóta fyrstu 5 árin, sem lánið stendur, auk lánsupphæðarinnar, ⅓ á móti henni. Dagsverk við jarðabætur þessar skal metið 2 kr.
3. Jarðabæturnar sé samkvæmt vottorði skynbærra manna, er sýslunefnd kveður til að skoða þær, hyggilega stofnaðar og vel unnar.
4. Landshöfðingja sé, eftir nánari fyrirmælum hans, send þau skírteini, er hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að framannefndum skilmálum sé fullnægt.
5. Sé einhverjum af skilmálum þessum ekki fullnægt, er lánið þegar að sama skapi fallið í gjalddaga.
6. Lánbeiðslur sveitarstjórna sé komnar til landshöfðingja fyrir 14. dag maímán. 1900, og veitist eigi neitt af lánum fyr en þann dag.
7. Lán til einstakra manna séu aldrei lægri en 200 kr. til hvers.

Öll þessi lán veitist þó því að eins, að fé sé fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera.

Ed.

490. Frumvarp

tillaga um burðareyri innan lands undir íslenzk blöð og tímarit í krossbandi. (eins og það var samþ. við 3. umr. í nd.)

1. gr. Burðareyrir innanlands undir íslenzk blöð og tímarit í krossbandi skal vera 20 a. undir hvert pund eða minni þunga, jafnt á öllum tímum árs og hvort heldur flutt er á sjó eða landi, enda séu þau afhent til flutnings á pósthúsið á útkomustaðnum áður en 30 dagar eru liðnir frá því er þau komu út.

2. gr. Alt það, sem í einu er afhent til flutnings, skal póstmaður vega í einu lagi, og greiðir sendandi burðargjald í peningum eftir samanlagðri pundatölu gegn skriflegri kvittun.

3. gr. Póstmaður á útkomustað hefir heimild til, að láta póstsendingar þær, sem um er rætt í 1. gr., bíða á pósthúsinu eftir skipsferð, þó landpóstur gangi áður, ef biðin nemur eigi meir en 8 dögum.

4. gr. Póstmaður á útkomustaðnum skal tvisvar á ári, 30. júní og 30. desbr, afgreiða til póstmeistarans í Reykjavík skýrslu um allar slíkar sendingar fyrirfarandi missiri, og tilgreina þunga hvers tölublaðs eða heftis af hverju riti, en póstmeistari skal semja skrá um öll blöð og tímarit, sem send eru þannig með póstum, og fá hana birta í Stjórnart., B-deild, undir eins og hann hefir fengið skýrslu frá öllum póststöðvum, í síðasta lagi fyrir 31. marz og 15. septbr.

5. gr. Utan á umbúðum hverrar sendingar skal standa nafn blaðsins eða tímaritsins, og hvaða árgangur eða bindi og tölubl. eða hefti sé í sendingunni.

6. gr. Auk skýrslu þeirrar, sem nefnd er í 3. gr., skal póstmaður halda skrá um öll blöð og tímarit, sem afhent eru samkvæmt þessum lögum á póststöð hans, og skal hún bera með sér, hve mikill þungi sé sendur með hverri póstferð, og skal hann láta þessa skrá fylgja póstreikningnum.

7. gr. Um öll blöð og tímarit, sem á annan hátt eru send en fyrir er mælt í þessum lögum, gilda fyrirmæli eldri laga.

8. gr. Til þess að rit geti öðlast rétt til að vera sent samkvæmt þessum lögum, verður:

1., að skýra landshöfðingja frá útgefanda eða þeim, er ábyrgð skal bera gagnvart póstlögum, enda taki landshöfðingi hann gildan;

2., ritið að koma út samkvæmt fyrir fram auglýstri áætlun; bregði út af því, missir það rétt sinn eftir þessum lögum, nema því sé veittur hann af nýu;

3., verður ritið að vera selt ákveðnu verði, en sé eigi ókeypis auglýsingarit útgefanda, eða selt nafnverði einu, ef það er aðallega auglýsingarit fyrir atvinnu útgefanda eða útgefenda.

9. gr. Verði ágreiningur um, hvort blað eða tímarit fullnægi skilyrðum laga þessara, sker landshöfðingi úr því til fullnaðar.

10. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1900.

Ed. 491. **Frumvarp**

til laga um leyfi til vegalagningar um Arnarhólstún í Reykjavík, o. fl.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að leyfa Reykjavíkur kaupstað vegalagning um Arnarhólstún.

2. gr. Stjórninni er og heimilt að selja Reykjavíkur kaupstað, þegar bæjarstjórnin fer þess á leit, lóðir í norðurhluta Arnarhólstúns eftir dómkvaddra manna mati.

Nd. 492. **Frumvarp**

til laga um heimild til að leigja laxveiði í Laxá í Kjós, er heyrir þjóðjörðinni Valdastöðum til.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að leigja laxveiði þá í Laxá í Kjós, sem tilheyrir þjóðjörðunni Valdastöðum, um 10—30 ára bil, fyrir að minsta kosti 50 kr. árlegt gjald. Leigja má veiðina hvort er vill innlendum eða útlendum mönnum.

2. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að leigja veiðina og semur um leigumálann.

Nd. 493. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um breyting á og viðkauka við reglugjörð um fátækramálefni 8. jan. 1834 o. fl. Frá Einari Jónssyni.

1. Í stað 1. gr. komi svo hljóðandi greinar:

1. gr. Hver maður, sem er orðinn fullra 16 ára að aldri, skal eiga rétt til framfærslu í hreppi þeim, þar sem þann er fæddur. Þó skal hreppur sá, er hann á lögheimili í, þá er hann verður styrks þurfi (dvalarhreppur hans), veita honum nauðsynlegan framfærslustyrk í 2 ár hin fyrstu, er hann þarf styrks við. Nú nær styrkurinn eigi 150 kr., þá er þau 2 ár eru liðin, og skal þá dvalarhreppurinn annast hann, uns styrkurinn hefir náð þeirri upphæð. Eigi er skylt að endurgjalda þann styrk, er dvalarhreppur veitir eftir þessari grein, nema þurfamaður verði sjálfur fær um það, eða dánarbú hans hrökkvi til. Ef þurfamaður greiðir dvalarhrepp skuld sína alla, áður en framfærsluskyldu hreppsins lýkur, skal svo á líta, sem hann hafi engan styrk þegið, ef hann skyldi síðar þurfa styrks.

2. gr. Þá er maður er orðinn þurfandi sveitarstyrks, skal hreppsnefnd dvalarhrepps leita sem fyrst skýrslu um fæðingarhrepp hans og fá viðurkenningu hreppsnefndar þess hrepps um sveitfesti hans. Skal hreppsnefnd fæðingarhreppsins senda þá viðurkenningu áður en 8 vikur eru liðnar frá því er henni barst fyrirspurn frá dvalarhreppum.

3. gr. Þá er dvalarhreppur hefir fullnægt skyldu sinni samkvæmt 1. og 2. gr., má flytja þurfamann til fæðingarhrepps síns, nema öðruvísi semjist milli fæðingarhrepps og dvalarhrepps. Nú hefir unglingur, sem orðinn er 16 ára, notið sveitarstyrks í 2 hin síðustu ár, og þarfnast enn styrks, má þá þegar flytja hann til fæðingarhrepps síns.

2. 2.—8. gr. falli burt.
3. 9. gr. verði 4. gr. Orðin: »framfærslusveitar sinnar« verði »fæðingarhrepps síns«.
4. 10. og 11. gr. verði 5. gr. og orðist svo:

Dvalarhreppur annast flutning þurfamanns. Skal flytja hann svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram á sjó eða landi, og skal svo haga flutningnum, að lífi hans og heilsu sé eigi í hættu stofnað. Flutningurinn endar hjá oddvita fæðingarhreppsins, nema öðruvísi sé um samið.

5. 12. gr. falli burt.
6. 13. gr. verði 6. gr. og orðist svo:

Dvalarhreppur greiðir kostnað allan við flutning þurfamanns. Skal sem fyrst, er flutningi er lokið, gefa sýslumauni þeim eða bæjarfógeta, er fæðingarhreppurinn heyrir undir, reikning yfir kostnaðinn, svo og yfir sveitarstyrk þann, er þurfalingur hefir hlotið í dvalarhreppnum, en hann varðveitir síðan reikninginn. Reikningur sá skal síðar eiga forgangsrétt á hend-

ur þurfamanni, eða í dánarbú hans, fyrir kröfum fæðingarhrepps um endurgjald á styrk þeim, er hann kann að hafa veitt, og gætir sýslumaður þess réttar dvalarhreppsins.

7. Á undan 14. gr. komi svo látandi grein, er verður 7. gr.:
   Skyldur þær, sem lög þessi leggja á dvalarhrepp og fæðingarhrepp þurfamanns og sveitarstjórnir, gilda á sama hátt um bæjarfélög og bæjarstjórnir.
8. 14.—16. gr. verði 8.—10. gr.

Nd. 494. **Breytingartillaga**
við brtill. á þingskj. 486 frá Þorláki Guðmundssyni
Fyrir: ekki minna en 50 kr. komi: 50—1000 kr.

Ed. 495. **Frumvarp**
til laga um viðauka við lög nr. 8, 6 apríl 1898, um bann gegn botnvörpuveiðum.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í neðri deild).

Hérlendur maður, er leiðbeinir útlendum eða innlendum botnverpingi við veiðar í landhelgi, vísar á mið eða liðsinnir honum á annan hátt við slíkar veiðar eða hjálpar honum til að komast undan hegning fyrir brot á lögum um botnvörpuveiðar í landhelgi, skal sæta sektum 50—1000 kr. Sömu hegning skal hver sá maður hérlendur sæta, er utan löggiltra hafna hefir nokkur verzlunarmök við útlenda botnverpinga eða dvelur að nauðsynjalausu á skipum þeirra.

Sektir eftir lögum þessum renna í sjóð þess hrepps, er hinn brotlegi er heimilisfastur í.

Ed. 496. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900—1901.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).
Frá Hallgrími Sveinssyni, J. Havsteen, Sigurði Stefánssyni.

Við 13. gr. A. b. bætist sem 11. liður.
Til þess að kaupa hina svonefndu Melshúsalóð í Reykjavík ásamt parti af Melshúsatúninu út að Skólabæ til grafreitar eða kirkjugarðsstæðis fyrir Reykjavíkurbúa, og til þess að búa svo um þetta svæði, að það sé hæfilegt sem kirkjugarðsstæði, alt að því 8000 kr. fyrra árið.

Ed. 497. **Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed). Frá nefndinni.

1. Við 10. gr. C. 10. d. 7. Fyrir »10« komi: 16.
2. Við 13. gr. C. 15. Töluliðurinn orðist þannig:
   Til síra Mattíasar Jochumssonar . . . . . 2000—2000
   Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að síra Mattías fái lausn frá em-

bætti eftir eigin ósk, án þess að fullnægt sé hinum venjulegu skilyrðum fyrir lausninni; en haldi hann áfram prestskap, veitast honum 600 kr. hvort árið.

3. Við 13. gr. C. 31. Fyrir »400—400« komi: 600 fyrra árið.

Nd. **498. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi.

(Eins og það var samþykt við 2. umræðu).

Frá nefndinni.

Við 20. gr. Fyrir »Aðalfundir bankaráðsins« komi: Aðalfundir bankans.

Nd. **499. Tillaga**

til þingsályktunar um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík.

(eins og hún var samþykt við eina umr. í ed.)

Alþingi skorar á stjórnina:

1. Að leita álits kirkju- og kenslumálaráðaneytisins og Kaupmannahafnarháskóla um það, hvort breyting á fyrirkomulagi hins lærða skóla í Reykjavík, í líka átt og farið var fram á í frumvarpi, samþyktu á alþingi 1897, þyrfti að verða því til fyrirstöðu, að íslenzkir stúdentar fengju aðgang að háskólanum, eða hvort eigi mundi að minsta kosti nægja, að því er guðfræðisnemendur snertir, að þeim væri gefinn kostur á aukakenslu í grísku við lærða skólann í Reykjavík.

2. Ef háskólinn og kensluráðaneytið kemst að þeirri niðurstöðu, að slíkt fyrirkomulag mundi eigi útiloka íslenzka stúdenta frá námi við háskólann, að stjórnin þá leggi fyrir næsta alþingi frumvarp, er bygt sé á sama grundvelli og frumvarp alþingis 1897.

Nd. **500. Tillaga**

til þingsályktunar um frímerki.

(eins og hún var samþykt við eina umr. í ed.)

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að láta búa til ný íslenzk frímerki, að einhverju leyti frábrugðin núgildandi frímerkjum, t. a. m. þannig, að orðið »Ísland« verði prentað á almennum frímerkjum í beinni línu, en á þjónustufrímerkjum í boginni línu, eða verðtalan sett eigi að eins í miðjuna, heldur og í hornin, og annaðhvort innleiða þau samhliða núgildandi íslenzkum frímerkjum, meðan þau frímerki endast, sem nú eru til, eða gera núgildandi frímerki ógild, um leið og nýu frímerkin verða innleidd.

Ed. **501. Tillaga**

til þingsályktunar um að skipaleið inn á Hornafjörð og Papós og Salthólmavík við Gilsfjörð verði mæld (eins og hún var samþykt við eina umr. í nd.)

Alþingi ályktar, að skora á stjórnina að hlutast til um, að skipaleið inn

á Hornafjörð og Papós og Salthólmavík við Gilsfjörð verði mæld svo fljótt, sem verða má, helzt á næsta sumri.

Ed. 502. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um vinnuhjú og daglaunamenn (eins og það var samþykt við 2. umr. Ed.). Frá nefndinni.

1. við 1. gr. Fyrir »prestsins sé« komi: prests síns, sé.
2. við 9. gr. Fyrir »matarverð . . . um var samið« komi: skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.
3. við 10. gr. Fyrir »matarverð . . . um var samið« komi: skaðabætur eftir því sem óvilhallir menn kunna að meta.
4. við 36. gr. Orðin »Ef daglaunamaður . . . 14. gr.« falli burt.
5. Á eftir 37. gr. komi: III. kafli.
6. við 38. gr. Fyrir »23. gr.« komi: 24. gr.

Ed. 503. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um greiðslu verkkaups.

Frumv. þetta er komið frá h. Nd., þar sem það fékk allmikið fylgi. Nú hefir h. Ed. falið oss undirskrifuðum að íhuga frumv., og segja álit vort um það.

Vér álítum að frumv. feli í sér góða réttarbót, þar sem það ákveður, að hver verkmaður við atvinnu þá, sem um er rætt í frumv., hafi heimting á því, að fá kaup sitt greitt í peningum. Að vísu má álíta að þetta hafi verið lög í landi hér áður, en þeim hefir eigi verið fylgt, að minsta kosti ekki í ýmsum helztu verzlunarstöðum landsins. Mun víða sú venja vera komin á, að kaupmenn, útgerðarmenn og aðrir meiri háttar atvinnurekendur telja sér eigi skylt, að greiða kaup verkamanna sinna í peningum. Greiða þeir það jafnaðarlegast í vörum. Er þessi venja orðin svo rótföst, að henni er víðasthvar, þar er nefndinni er kunnugt, fylgt sem lögum. — Þessari venju vill lagafrumvarpið hrinda, og setur þá almennu reglu, að verkamennirnir skuli ætíð geta heimt kaup sitt í peningum, nema áður sé öðruvísi umsamið. Þetta ákvæði álítur nefndin rétt að setja beinlínis í lög vegna áður umgetinnar venju. Vilji atvinnurekandi greiða kaupið á annan hátt en í peningum, verður hann að gjöra sérstakan samning um það við verkamennina eftir ákvæðum frumv. þessa. Samkvæmt þessu leggjum vér það til, að frv. verði samþykt með þessari breytingu:

Við 1. gr. Fyrir orðin: „Greiða má þó mönnum . . . . er skuldin var stofnuð“ komi: „Og má eigi greiða kaupið með skuldajöfnuði. Þó geta vinnuveitandi og verkmaðurinn gjört annan samning um þessi atriði.“

Efri deild alþingis, 19. ágúst 1899.

J. Havsteen	Kristján Jónsson	J. Jónassen.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Nd. 504. **Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 3. umr. í efri deild.).

1. kafli.

1. gr.

Á árunum 1900 og 1901 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,399,900 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,126,000 kr.

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a) á abúð og ofnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafé...	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur...	6,000	6,000	12,000
3. tekjuskattur...	13,500	13,500	27,000
4. aukatekjur...	30,000	30,000	60,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	9,000	9,000	18,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun...	46,000	46,000	92,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	70,000	140,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	180,000	180,000	360,000
12. tekjur af póstferðum...	35,000	35,000	70,000
13. óvissar tekjur	2,500	2,500	5,000
samtals...	563,000	563,000	1,126,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,200 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestmötu o. fl., alls..... .. 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Styrkurinn til húsabóta sé bundin því skilyrði, að leiguliðinn leggi fram í minsta lagi 1/3 kostnaðarins.			
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
samtals...	25,100	25,100	50,200

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 94,000 kr.

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	42,000	42,000	84,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1900 38,673 kr. 66 a.			
- — 1901 39,058 — 37 -			
77,732 kr. 03 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	47,000	47,000	94,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 120,500 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	500	»	500
samtals...	60,500	60,000	120,500

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1900 og 1901 veitast til útgjalda 1,498,924 kr. 75 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1900: 12,400 kr., og árið 1901: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 344,498 kr. 67 a.

			1900.	1901.	alls.
	A.		kr.	kr.	kr. a.
	Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:				
1.	laun embættismanna		18,066 67	18,100	36,166 67
2.	endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.		4,200	4,200	8,400
3.	hin umboðslega endurskoðun:				
	a. laun endurskoðanda	2,500 kr.			
	b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda	500 —			
	c. skrifstofukostnaður	300 —			
	d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar	1,000 —			
			4,300	4,300	8,600
			26,566 67	26,600	53,166 67
	B.				
	Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1.	laun:				
	a. til dómara og sýslumanna		68,100	68,100	
	b. til hreppstjóra		8,000	8,000	
2.	ritfé handa bæarfógetanum í Reykjavík		1,400	1,400	
3.	til hegningarhússins og fangelsanna:				
	a. laun umsjónarmannsins	1900. 1,000 kr.	1901. 1,000 kr.		
	viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 —	200 —		
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —		
	þóknun handa lækni	60 —	60 —		
	b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —		
	3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e.	230 —	230 —		
	þvottur	30 —	30 —		
	til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —		
	útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 —	400 —		
	til þess að útvega verkefni	500 —	500 —		
	ýmisleg útgjöld	150 —	150 —		
		4,415 kr.	4,415 kr.		
	arður af verkum talinn	615 —	615 —		
		3,800 kr.	3,800 —		
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna	1,600 —	300 —		
				5,400	4,100	
			Flyt...	82,900	81,600	53,166 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	82,900	81,600	53,166 67
4. Önnur útgjöld:			
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn ... ... 1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirréttinn ... 50 —			
c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum ..... 50 —			
d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl. 50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál 3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál ... ... 300 —			
g. til að gefa út dómasafn, alt að 15 kr. fyrir hverja örk... ... ... 150 —			
h. útgjöld við sáttamál ... ... 50 —			
	5,250	5,250	
	88,150	86,850	175,000
C.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), 43 kr. örkin 2,580 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum 450 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, alt að 40 kr. fyrir örkina ... ... 1,200 —			
	4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar	900	900	
4. styrkur til eflingar búnaði:			
a. til búnaðarskóla:			
1. til skólans í Ólafsdal ... ... 2,500 kr.			
2. til skólans á Hólum ... ... 2,500 —			
3. til skólans á Eiðum ... ... 2,500 —			
4. til skólans á Hvanneyri ... ... 2,500 —			
10,000 kr.			
b. til búnaðarfélaga..... ... ... 18,000 —			
c. til búnaðarfélags Íslands ... ... 6,000 —			
	34,000	34,000	
Flyt...	42,080	42,080	228,166 67

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
	Fluttar...		42,080	42,080	228,166 67
5.	til kenslu í mjólkurmeðferð..... Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands með því skilyrði, að félagið útvegi mann frá Danmörku, er hafi fullkomna kunnáttu og góða æfingu í mjólkurmeðferð samkvæmt því, sem gerist á góðum mjólkursamlagsbúum í Danmörku. Maður þessi sé ráðinn til 2 eða 4 ára, til þess að kenna á góðu mjólkurbúi í landinu, helzt á Hvanneyrarskóla, tilbúning osta og smjörs með þeim áhöldum og aðferðum, sem hægt er að koma við á hinum stærri sveitabúum hér á landi, og fari kenslan fram kostnaðarlaust fyrir nemendur.		2,000	2,000	
6.	Styrkur til útgáfu búnaðarrits 20 kr. fyrir örkina		240	240	
7.	a. Laun handa tveim dýralæknum		2,400	2,400	
	b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík		400	400	
8.	Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu		300	300	
9.	Til vita:				
	a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa	kr. 300			
	b. til eftirlitsferða	100			
	c. til vitans á Reykjanesi:				
	1. til launa vitamannsins.....1,200				
	2. fyrir olíu 200				
	3. fyrir lampakveiki o. fl. 150				
	4. fyrir steinkol... 160				
	5. flutningskostnaður... 250				
	6. til viðhalds á húsum og áhöldum 300				
	7. eftirgjald eftir lóðina 30				
	8. til að byggja geymsluhús fyrir olíu og fl. 1900... 300	2,590			
	d. til vita á Skagatá:				
	1. til vitamanns 400				
	Flyt 400	2,990	47,420	47,420	228,166 67

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
	Fluttar 400	2,990	47,420	47,420	228,166 67
2. fyrir olíu	150				
3. — lampakveiki o. fl, ...	100				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	200				
5. steinkol	100				
6. flutningskostnaður...	75				
7. eftirgjald fyrir lóðina	16	1,041			
e. til vita við Gróttu:					
1. til vitamanns	400				
2. fyrir olíu..	125				
3. — lampakveiki o. fl.	100				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum...	160				
5. steinkol	60				
6. flutningskostnaður	40	885			
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð		500			
þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.					
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð, og má þá útvega tvo spegla til þeirra í skiftum fyrir tvo spegla, er áður voru notaðir í Reykjanesvitanum.					
1. til vitagerðarinnar 1900	2,000				
2. til vitamanns, hvort árið.....	400				
3. fyrir olíu	175				
4. fyrir lampakveiki o. fl.	150				
5. til viðhalds á húsum og áhöldum	80				
6. flutningskostnaður	50				
		2,855			
h. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga		50			
i. Styrkur til ljóskers á Skipaskaga ... veitist með því skilyrði, að um tendrun á ljóskerinu fari eftir auglýsingu landshöfðingja 31. maí 1894.		75			
			8,396	6,096	
		Flyt...	55,816	53,516	228,166 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	55,816	53,516	228,166 67
10. Til nýrra þríhyrninga- og strandmælinga á suðvesturhlið Reykjaness fyrir 1900	5,000		
11. Til kostnaðar við eftirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði	1,000	1,000	
	61,816	54,516	116,332
Samtals...	.....	.....	344,498 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 197,260 kr. 08 a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
1. Laun	40,190	40,190	80,380
2. Styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sléttuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
Flyt...	40,190	40,190	80,380

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	40,190	40,190	80,380
o.	til læknis í Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
p.	til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þorleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	16,000	16,000	32,000
3.	Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri...	800	800	1,600
4.	Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.	150	150	300
5. a.	Styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	4,000
b.	Styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eftir reikningi, hvort árið alt að 300 kr.	300	300	600
6.	Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
7.	Ársútgjöld við holdsveikraspítalann:			
		kr. a.		
a.	Laun til starfsmanna.....	4,940		
b.	Viðurværi:			
	1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag.....	8,322 kr.		
	2. handa 17 starfsmönnum...247 kr. 12 a. á ári.....	4,184 kr. 04 a.		
		12,506.04		
c.	klæðnaður sjúklinga.....	600		
d.	meðöl og sáraumbúnaður.....	1,500		
e.	eldsneyti	3,500		
f.	ljósmeti	570		
g.	viðhald á húsum.....	1,200		
	Flyt	24,816.04	60,440	60,440	120,880

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Fluttar... 24,816.04		60,440	60,440	120,880
h. húsbúnaður og áhöld	600			
i. þvottur og ræsting	600			
k. greftrunarkostnaður	250			
l. flutningskostnaður	200			
m. til að skemta sjúklingum	200			
n. hestafóður	300			
o. ýmisleg gjöld.....	1,000			
		27,966 04	27,966 04	55,932 08
8. Útgjöld við bólusetningar		500	500	1,000
9. Önnur útgjöld:				
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri	400 —			
c. — — —— á Ísafirði ...	400 —			
d. — — —— á Seyðisfirði	400 —			
e. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa.....	24 —			
f. til náms yfirsetukvenna	2,000 —			
g. til verkfæra handa yfirsetukonum.....	400 —			
h. gjöld samkvæmt 13. gr. í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma 31. jan. 1896	1,000 —			
		5,824	5,824	11,648
10. Styrkur til að semja og gefa út nýa ljósmóðurfræði, alt að		800		800
11. Styrkur til útbúnings og áhalda handa sjúkrahúsinu á Seyðisfirði 4000 kr. (fyrra árið).....		4,000		4,000
12. Til sjúkrahúsbyggingar á Patreksfirði annað árið alt að.....		3,000		3,000
Veitist með því skilyrði, að helmingi hærri upphæð verði veitt til fyrirtækisins annarsstaðar frá.				
Samtals.....		102,530 04	94,730 04	197,260 08

12. gr.

Til samgöngumála veitast 465,900 kr.

A. Til útgjalda við póststjórnina:		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
Auk þess hefir póstmeistarinn ókeypis afnot af íbúðarherbergjum þeim, sem eru í pósthúsinu.				
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	8,100 —			
Flyt	11,100 kr.			

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar... 11,100 kr.			
	2. handa tveim póstafgreiðslumönnum í Reykjavík ..... 2,500 —			
	c. handa bréfhirðingarmönnum ..... 6,000 —	19,600	19,600	
2.	póstflutningur.....	40,000	40,000	
3.	til póstvagnferða í viku hverri frá 15. júní til 1. okt. frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að ..... Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.	600	600	
4.	önnur útgjöld:	1900. kr.	1901. kr.	
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarins	2,000	2,000	
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um	200	200	
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	200	200	
	d. fyrir prentun á ýmsu	1,000	1,000	
	e. til áhalda	1,500	1,500	
	f. til bréfaburðar í Reykjavík.....	400	400	
	g. óviss gjöld.....	200	200	
	h. til viðhalds húsi og áhöldum.....	1,500	100	
		7,000	5,600	
5.	til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum	500		
	samtals ..	67,700	65,800	133,500
	B.			
	Til vegabóta:			
1.	til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur:			
	a. laun 3,000			
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum 500			
	3,500	3,500	3,500	
	...Flyt	3,500	3,500	133,500

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	3,500	3,500	133,500
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að	1,500	1,500	
3. til flutningabrauta.....	20,000	20,000	
4. til þjóðvega	50,000	50,000	
5. til fjallvega	5,000	5,000	
6. styrkur til Ísafjarðarsýslu til að gjöra veg yfir Breiðadalsheiði alt að ..... Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram að minsta kosti jafnmikla upphæð.	2,500		
7. Styrkur til Borgarfjarðarsýslu til að gjöra veg frá Skipaskaga að Blautós alt að..... Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það, sem til vantar til að fullgjöra veginn, að minsta kosti jafnmikla upphæð.	2,400		
8. Styrkur til Dalasýslu til brúargerðar á Laxá í Laxárdal, þriðjungur kostnaðar, alt að.....	1,700		
9. Styrkur til Kjósar- og Gullbringusýslu til framhalds veginum frá Reykjavíkurlandi suður sýsluna alt að.....	10,000		
C.	96,600	80,000	176,600
1. Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafélags, 3. og 4. ársborgun af 5 ára styrk, með þeim skilyrðum, að félagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli Íslands á eina hlið og Danmerkur og Stóra-Bretlands á hina, og umhverfis Ísland, samkvæmt ákvæðunum á fjárlögunum fyrir 1898 og 1899	50,000	50,000	
2. Til gufubátaferða: kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að 7,700			
b. á Ísafjarðardjúpi.. 2,500	10,200	10,200	
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi eftir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefnda. Af upphæðinni undir stafl. a má verja 200 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem séu að minsta kosti tvær ferðir, milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyar og Holtsvara.			
Styrkurinn undir staflið a og b greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomustöðum án sérstaks endurgjalds.			
Flyt...	60,200	60,200	310,100

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	60,200	60,200	310,100
4. Styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn alt að..... Veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Árnessýslu verji að minsta kosti jafnmikilli upphæð til fyrirtækisins, og að verkið verði að áliti verkfræðings vel af hendi leyst.	400		
	60,600	60,200	120,800
D.			
Til ritsíma milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, alt að ... . Að því tilskildu, að sá, er leyfi fær til að leggja ritsímann í sæ, veiti 300,000 kr. tillag til lagningar á ritsíma yfir land milli þess staðar, er sæsíminn kemur í land á Íslandi og Reykjavíkur, má stjórnin ákveða, að sæsíminn sé lagður á land á Austurlandi. Auk þess er stjórninni heimilt, ef til þess kemur, að verja á fjárhagstímabilinu alt að 75,000 kr. til þess að undirbúa landsímalagninguna og til að útvega efni og áhöld til þess.	.....	35,000	35,000
Samtals...	.....	.....	465,900

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 326,666 kr. » a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	1,700	1,700	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti.	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. bráðabirgðar-uppbót á Meðallandsþingum.....	200	200	
6. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum.....	3,000	3,000	
7. bráðabirgðar-uppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi.....	100	100	
Flyt...	21,800	22,300	

	1900.	1900.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	21,800	22,300	
8. til að endurreisa 2½ fallin prestmótukúgildi á Laugarbrekku í Nesþingum og sem uppbót til síra Helga Árnasonar fyrir prestsmótumissi..... gegn því, að jörðin Laugarbrekka með hjáleigum Holti og Hóli verði afsöluð landssjóði til eignar.	400		
9. styrkur til síra Gísla Kjartanssonar fyrir flutning og byggingu staðarhúsa á Felli í Mýrdal ...	600		
10. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
11. Til þess að kaupa hina svo nefndu Melshúsalóð í Reykjavík ásamt parti af Melshúsatúninu út að Skólabæ til grafreitar eða kirkjugarðsstæðis fyrir Reykjavíkursókn, og til þess að búa svo um þetta svæði, að það sé hæfilegt sem kirkjugarðsstæði, alt að	8,000		
	31,800	23,300	
			55,100
B. Kenslumálefni:			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1900 og 16 1901, 80 kr. handa hverjum..... 1900. 960 kr. 1901. 1,280 kr.			
2. námsstyrkur..... 800 — 1,000 — Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
3. til tímakenslu..... 100 — 100 —			
4. til bókakaupa..... 300 — 300 —			
5. til eldiviðar og ljósa... 150 — 150 —			
6. til umsjónar..... 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld..... 200 — 200 —			
8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að..... 250 — 250 —			
	2,860	3,380	
	12,060	12,580	
			24,640
II. Til læknaskólans:			
a. laun	3,200	3,200	
Flyt...	3,200	3,200	79,740

	1900.	1901.	1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar.....			3,200	3,200	79,740
b. önnur útgjöld:					
1. námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,200 kr.	1,200 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting	200 —	200 —			
3. til bókakaupa og verkfæra.....	500 —	500 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 16 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum.....	1,280 —	1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði.....	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að.....	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld.....	100 —	100 —			
			3,880	3,880	
			7,080	7,080	14,160
III. Til hins lærða skóla:					
a. laun.....			19,200	19,200	
b. aðstoðarfé:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum.....		700 —			
— dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —			
			2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:	1900.	1901.			
1. til bókasafns skólans	720 kr.	720 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,200 —	1,200 —			
3. til skólahússins utan og innan.....	3,200 —	1,400 —			
4. til tímakenslu og prófdómenda	1,050 —	1,050 —			
5. Laun cand. mag.					
Fluttar:	6,170 kr.	4,370 kr.	21,700	21,700	93,900

		1900.	1901.	1900.	1901.	alls.
				kr.	kr.	kr.
		1900.	1901.			
	Fluttar:	6,170 kr.	4,370 kr.	21,700	21,700	93,900
	Bjarna Jónssonar sem aukakennara	1,300 —	1,300 —			
6.	námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið og greiðist fyrri hluti styrksins að afloknu miðsvetrarprófi, en síðari hlutinn síðast í maímánuði.....	4,500 —	4,500 —			
7.	húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
8.	þóknun handa lækni	100 —	100 —			
9.	ýmisleg útgjöld.....	800 —	800 —			
10.	fyrir prestsverk	48 —	48 —			
11.	til vísindalegra áhalda við kenslu:					
	a. í náttúrusögu.....	200 —	200 —			
	b. í eðlisfræði.....	400 —	400 —			
12.	til þess að gefa út kenslubækur handa lærða skólanum, 25 kr. fyrir örkina	600 —	600 —			
13.	til áhalda við leikfimiskenslu	200 —	200 —			
				15,038	13,238	
				36,738	34,938	71,676
IV.	Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
	a. laun			6,600	6,600	
	b. önnur útgjöld:	1900.	1901.			
1.	til bóka- og áhaldakaupa við kensluna..	400 kr.	400 kr.			
2.	til eldiviðar og ljósa.	500 —	500 —			
3.	til skólahússins utan og innan	200 —	200 —			
4.	ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5.	til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —			
				2,000	2,000	
				8,600	8,600	17,200
			Flyt...	.....	.....	182,776

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	.....	.....	182,776
V.	Til stýrimannaskólans:				
	a. laun		3,000	3,000	
	b. önnur útgjöld:				
	1. til tímakenslu	1,200 kr.	1,200 kr.		
	2. til áhaldakaupa o. fl.	1,100 —	300 —		
	3. til eldiviðar og ljósa	500 —	500 —		
	4. ýmisleg útgjöld	600 —	500 —		
	5. til að kaupa lóð	440 —			
			3,840	2,500	
			6,840	5,500	12,340
VI.	Til annarar kenslu:				
	a. til kvennaskóla:				
	1. til kvennaskólans í Reykjavík...	2,500 kr.			
	þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.				
	2. til kvennaskóla Húnvetninga ...	2,200 —			
	3. til kvennaskóla Eyfirðinga	2,200 —			
			6,900	6,900	
	b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemandafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.		5,500	5,500	
	2. til sveitakennara, alt að 80 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna.		5,500	5,500	
	c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...		2,500	2,500	
	d. til kennarafræðslu		2,800	2,800	
	e. námsstyrkur handa kennaraefnum, 50 krónur handa hverjum, alt að 500 kr. hvort árið....		500	500	
	f. til skólaiðnaðar-kenslu		500	500	
	g. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....		1,000	1,000	
	h. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur		300	300	
	i. til kenslu heyrnar- og málleysingja		5,000	5,000	
		Flyt...	30,500	30,500	195,116

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr
Fluttar:	30,500	30,500	195,116
j. til sira Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kenslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	30,650	30,650	61,300
VII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík	200	200	
Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kenslu.			
b. til sundkenslu annarsstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	600	600	
	1,800	1,800	3,600
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmenta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,500	1,500	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900	900	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá og til samnings spjaldskrár	4,000	4,000	
d. til eldiviðar og áhalda, m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins 500 kr.			
b. til amtsbókasafns Austuramtsins 400 —			
c. til amtsbókasafns Vesturamtsins 400 —	1,300	1,300	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. til landsskjalasafnsins:			
a. laun skjalavarðar, sem landshöfðingi skipar	1,200	1,200	
b. til að koma safninu fyrir og til viðhalds	500	200	
Flyt:	10,150	9,850	260,016

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	10,150	9,850	260,016
4. til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
5. til Þjóðvinafélagsins	750	750	
6. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 600 —			
c. til húsnæðis og hita..... 2000 —			
d. til að flytja safnið og koma því fyrir alt að .... 800 —			
	4,400	3,600	
7. til Fornleifafélagsins:			
til útgáfu árbókar.....	300	300	
útborgist því að eins, að árbók fornleifafélagsins komi út hvort árið.			
8. til Náttúrufræðisfélagsins	500	500	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 100 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.			
9. Styrkur til hins ísl. Biblíufélags til nýrrar þýðingar biblíunnar.....	1,200	1,200	
10. Styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
11. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að sams konar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið.....	800	800	
12. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna ...	300	300	
Flyt...	21,200	20,100	260,016

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	21,200	20,100	260,016
13. Styrkur til kaupm. Björns Kristjánssonar til að koma á fót tígulsteinsverksmiðju ..... Styrkurinn útborgast þegar ofn er bygður, er brenna má í 5000 steina í einu, þerrihús er reist og eltigufuvélar uppkomnar, enda skuldbindi styrkþiggjandi sig til að reyna leir og leiðbeina ókeypis í leirbrenslu næstu 3 ár þeim mönnum, er hlutaðeigandi hreppsnefnd æskir.	2,500		
14. styrkur til tveggja manna til nema dýralækningar 600 kr. til hvors	1,200	1,200	
15. styrkur til Guðjóns Guðmundssonar til landbúnaðarnáms við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn	500	500	
16. Til síra Matthíasar Jochumssonar ..... Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að síra Matthías fái lausn frá embætti eftir eigin ósk, án þess að fullnægt sé hinum venjulegu skilyrðum fyrir lausninni, en haldi hann áfram prestskap, veitast honum 600 kr. hvort árið.	2,000	2,000	
17. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
18. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
19. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300	300	
20. til skólakennara Geirs Zoëga til að semja íslenzk-enska orðabók.	500	500	
21. Styrkur til yfirdómara Jóns Jenssonar og landritara Jóns Magnússonar til að gefa út lagasafn handa alþýðu 4. bindi 20 kr. fyrir örkina, gegn því að bókin verði seld með vægu verði.....	400		
22. Styrkur til amtmanns Páls Briem til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 20 kr. fyrir örkina.....	200	200	
23. til cand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
24. til kapteins í sjóliðinu Ryders til tilrauna við skógarrækt hér á landi	1,000		
Flyt..	31,900	26,900	260,016

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	31,900	26,900	260,016
25. styrkur til Stefáns kennara Stefánssonar til að rannsaka fóður- og beitijurtir	1,000	1,000	
26. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	1,000		
27. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	1,000		
28. til smikkara Jóns Sveinssonar í Reykjavík fyrir byggingaruppdrátt til stýrimannarkólans	250		
29. til cand. theol. Haralds Níelssonar, styrkur til utanfarar til að stunda hebreska tungu og skýringar gamla testamentisins	600		
30. til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	600	600	
31. til Halldórs Lárussonar til að fullkomna sig í hraðritun og til að kenna hana	600		
32. Til leikfimiskennara Ó. Rósenkranz fyrir kostnaði við ókeypis kenslu í leikfimi og líkamsæfingum....	200	200	
33. Styrkur til hússtjórnarskólans í Reykjavík	800		
	37,950	28,700	66,650
Samtals ..	.....	.....	326,666

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 90,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr., sem viðbót við eftirlaun hans, til síra Þorkels Bjarnasonar 500 kr., sem viðbót við væntanleg eftirlaun hans; til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr., til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr., til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

Stjórninni er heimilt að veita kennara við lærða skólann, Dr. phil. Þorv. Thoroddsen, lausn frá embætti með eftirlaunum, enda þótt hin almennu skilyrði fyrir þeirri lausn séu eigi fyrir hendi, og skulu eftirlaunin vera 2000 kr. á ári; þó hætti eftirlaun hans, ef hann á ný fær launað embætti í hinu danska ríki.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 99,024 kr. 75 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita alt að 30,000 kr. lán hvort árið til þilskipakaupa frá útlöndum, er veitast einkum þeim mönnum eða félögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í áreiðanlegri vátryggingu og í fyrsta eða öðrum flokki. Eigi má lána meira en 4,000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til sveitarfélaga, þó ekki yfir 2000 kr. til hvers. Lán þessi ávaxtast með 3% árlega og sé afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en borgist síðan á 15 árum. Lánum þessum sé ennfremur settir þessir skilmálar:

1. Lánsféð veitist samkvæmt beiðni frá sveitarstjórn til landshöfðingja og eingöngu til jarðabóta, er sé sams konar og þær, sem styrktar eru af landssjóði.
2. Þeir, sem lánin taka fyrir milligöngu sveitarfélaga, verji hver um sig til jarðabóta fyrstu 5 árin, sem lánið stendur, auk lánsupphæðarinnar, ½ á móti henni. Dagsverk við jarðabætur þessar skal metið 2 kr.
3. Jarðabæturnar sé samkvæmt vottorði skynbærra manna, er sýslunefnd kveður til að skoða þær, hyggilega stofnaðar og vel unnar.
4. Landshöfðingja sé, eftir nánari fyrirmælum hans, send þau skírteini, er hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að framannefndum skilmálum sé fullnægt.
5. Sé einhverjum af skilmálum þessum ekki fullnægt, er lánið þegar að sama skapi fallið í gjalddaga.
6. Lánbeiðslur sveitarstjórna sé komnar til landshöfðingja fyrir 14. dag maímán. 1900, og veitist eigi neitt af lánum fyr en þann dag.
7. Lán til einstakra manna séu aldrei lægri en 200 kr. til hvers.

Öll þessi lán veitist þó því að eins, að fé sé fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera.

Nd. 505. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breyting á launum presta. Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk.

Við 2. gr.

Tölulið 20. Fyrir »Bjarnaness- og Slyndurholtssóknir« komi: Bjarnaness- og Einholtssóknir.

Ed. 506. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um fjölgun þjóðvega o. fl. (eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

Frá Jóni Jónssyni, Þorleifi Jónssyni, Sigurði Stefánssyni.

Við 1. gr. Á eftir »telja« komi: þjóðveg.

Við 2. gr. Fyrir »sýsluvegasjóða« komi: sýslusjóða.
Fyrirsögnin orðist þannig: Frumvarp til laga um fjölgun og viðhald þjóðvega.

Nd. 507. **Breytingartillögur**
við frumv. til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi.
Flutningsmenn: Valtýr Guðmundsson, Kl. Jónsson, Jón Jónsson, þm. A.-Sk., Skúli Thoroddsen, Sigurður Gunnarsson, Einar Jónsson.
Við 20. gr. Síðasta málsgrein: »Nú er landssjóður — jafnt afl atkvæða«, falli burt.
Aftan við frumv. bætist ný grein, sem verður 23. gr., svohljóðandi:
Jafnskjótt og Íslandsbanki er kominn á fót og tekinn til starfa eru bankalögin frá 18. sept. 1885 ásamt síðari viðaukum úr gildi numin.

Nd. 508. **Breytingartillaga**
við frumv. til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík.
Flutningsmenn: Valtýr Guðmundsson, Pétur Jónsson, Jón Jónsson, þm. Eyf. Skúli Thoroddsen, Halldór Daníelsson, Einar Jónsson.
Í stað orðanna: »Reykjavíkurbær — hvert um sig« í 2. gr. komi: Reykjavíkurbær og Suðuramtið skulu hafa rétt til

Ed. 509. **Frumvarp**
til laga um eignarrétt og leigurétt útlendinga til jarðeigna á Íslandi (eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Enginn, sem heimili á útlendu ríki, hvorki einstakur maður né félag, má eiga jarðeign né jarðarítök hér á landi, nema það sé leyft með sérstökum lögum. Jarðeignir þær og ítök, sem útlendingar eiga nú, eru undanþegnar þessu ákvæði, þangað til eigendaskifti verða á þeim.

2. gr. Nú flyzt maður, sem á jarðeign hér á landi, til annars ríkis, eða útlendingur eignast hér jarðeign að gjöf eða erfðum, og skulu þeir þá innan fimm ára hafa selt jarðeign sína; en geri þeir það ekki, skal selja jarðeignina við opinbert uppboð, og greiðist andvirði hennar, að frádregnum kostnaði, fyrverandi eiganda.

3. gr. Enginn má selja útlendingum jarðeign eða jarðarítök hér á landi, nema eftir sérstökum lögum, nè heldur leigja þeim jarðir, jarðarítök, svo sem ár, vötn eða fossa, eða nokkur jarðarafnot lengur en 50 ár.

4. gr. Brot móti lögum þessum varða sektum til landssjóðs frá 1000 kr. til 10,000 kr., og skal með þau fara sem opinber lögreglumál.

Nd. 510. **Breytingartillaga**
við frumv. til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi.

(Eins og það var samþykt við 2. umr.
Frá Jens Pálssyni, Þórði Guðmundssyni, Halldóri Daníelssyni,
Einari Jónssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Skúla Thoroddsen.

Fyrri málsgrein 14. greinar orðist þannig:

Íslandsbanki skal skyldur að greiða landssjóði 5000 kr. á ári, en þegar varasjóður bankans er orðinn 1 millión krónur, eða þegar 20 ár eru liðin frá stofnun hans, fellur það skyldugjald niður, en upphæð sú, er samkvæmt reglugjörð bankans árlega er ákveðin varasjóði, rennur þá óskert í landssjóð.

Ed. **511. Frumvarp**

tillaga um burðareyri innan lands undir íslenzk blöð og tímarit í krossbandi. (eins og það var samþ. við 3. umr. í nd.)

1. gr. Burðareyrir innanlands undir íslenzk blöð og tímarit í krossbandi skal vera 20 a. undir hvert pund eða minni þunga, jafnt á öllum tímum árs og hvort heldur flutt er á sjó eða landi, enda séu þau afhent til flutnings á pósthúsið á útkomustaðnum áður en 30 dagar eru liðnir frá því er þau komu út.

2. gr. Alt það, sem í einu er afhent til flutnings, skal póstmaður vega í einu lagi, og greiðir sendandi burðargjald í peningum eftir samanlagðri pundatölu gegn skriflegri kvittun.

3. gr. Póstmaður á útkomustað hefir heimild til, að láta póstsendingar þær, sem um er rætt í 1. gr., bíða á pósthúsinu eftir skipsferð, þó landpóstur gangi áður, ef biðin nemur eigi meir en 8 dögum.

4. gr. Póstmaður á útkomustaðnum skal tvisvar á ári, 30. júní og 30. desbr, afgreiða til póstmeistarans í Reykjavík skýrslu um allar slíkar sendingar fyrirfarandi missiri, og tilgreina þunga hvers tölublaðs eða heftis af hverju riti, en póstmeistari skal semja skrá um öll blöð og tímarit, sem send eru þannig með póstum, og fá hana birta í Stjórnart., B-deild, undir eins og hann hefir fengið skýrslu frá öllum póststöðvum, í síðasta lagi fyrir 31. marz og 15. septbr.

5. gr. Utan á umbúðum hverrar sendingar skal standa nafn blaðsins eða tímaritsins, og hvaða árgangur eða bindi og tölubl. eða hefti sé í sendingunni.

6. gr. Auk skýrslu þeirrar, sem nefnd er í 3. gr., skal póstmaður halda skrá um öll blöð og tímarit, sem afhent eru samkvæmt þessum lögum á póststöð hans, og skal hún bera með sér, hve mikill þungi sé sendur með hverri póstferð, og skal hann láta þessa skrá fylgja póstreikningnum.

7. gr. Um öll blöð og tímarit, sem á annan hátt eru send en fyrir er mælt í þessum lögum, gilda fyrirmæli eldri laga.

8. gr. Til þess að rit geti öðlast rétt til að vera sent samkvæmt þessum lögum, verður:

1., að skýra landshöfðingja frá útgefanda eða þeim, er ábyrgð skal bera gagnvart póstlögum, enda taki landshöfðingi hann gildan;
2., ritið að koma út samkvæmt fyrir fram auglýstri áætlun; bregði út af því, missir það rétt sinn eftir þessum lögum, nema því sé veittur hann af nýu;
3., verður ritið að vera selt ákveðnu verði, en sé eigi ókeypis auglýsingarit út-

gefanda, eða selt nafnverði einu, ef það er aðallega auglýsingarit fyrir atvinnu útgefanda eða útgefenda.

9. gr. Verði ágreiningur um, hvort blað eða tímarit fullnægi skilyrðum laga þessara, sker landshöfðingi úr því til fullnaðar.

10. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1900.

Nd. 512. **Tillaga**

til þingsályktunar um fátækramálefni.

Frá Halldóri Daníelssyni, Þórði Thoroddsen,
Þorláki Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að leggja fyrir alþingi 1901 frumvarp til laga um fátækraframfæri.

Nd. 513. **Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á og viðauka við reglugjörð um fátækramálefni 8. jan. 1834 o. fl.

Nefndin hefir íhugað breytingartillögur þær, sem komið hafa fram við frv. frá þingm. utan nefndar, nefnilega á þingskj. 463 og 493.

Nefndin getur alls ekki fallist á, að breytingartillögur þessar taki fram breytingartillögum nefndarinnar, og verður því að ráða hinni háttv. neðri deild til þess að fella þær.

Neðri deild alþingis 21. ágúst 1899

Sighv. Árnason (form. og framsm.). Guðjón Guðlaugsson (skrifari). Þórður Guðmundsson. Björn Sigfússon

Með skírskotun til ágreiningsatkv. míns (þingskj. 410)
Jón Jensson.

Nd. 514. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í efri deild).

Frá fjárlaganefndinni.

Við 12. A. 4. a. Málsgreinin: »Auk þess — — pósthúsinu« falli burtu.
— — B. 9. Liðurinn falli burtu. —
— 13. A. 8. Fyrir »400« komi: 300.
— — B. V. b. 5. Orðist svo: Til að kaupa lóð 2 kr. fyrir □ faðm.
alt að . . . 440 kr.
— — C. — Eftir 7. lið komi nýr liður:
Styrkur til að gefa út bækling með myndum og kortum vegna Parísarsýningarinnar 1000 kr.

— — — 9. Liðurinn falli burtu.
— — — 13. Liðurinn falli burtu.
— — — 31. Fyrir 600 — —
komi: 400—400.
— — — 32. Liðurinn falli burtu.
— 18. — Eftir 4. málsgr. tölulið 7. komi ný málsgrein:
Úr viðlagasjóði má veita alt að 90,000 kr. lán til Reykjavíkurkaupstaðar til hafskipabryggjugerðar. Lánið ávaxtist með 3½ % og endurborgist á 25 árum.

Nd. 515. **Viðaukatillaga**
við frumv. til laga um breyting á launum presta Frá Einari Jónssyni.

Aftan við orðið »lambsfóður« í 1. gr. bætist í svigum þessi orð: þar með talin Maríulömb og Péturslömb.

Nd. 516. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1900 og 1901. Frá Einari Jónssyni.

6. liður í 11. gr. verði 6. a. og aftan við hann bætist:

b. Styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eftir reikningi, hvort árið alt að 300 kr.

Nd. 517. **Frumvarp**
til laga um vinnuhjú og daglaunamenn.

Eins það var samþykt við 3. umr. í Ed.

I. kafli.
Um vinnuhjú.

1. gr. Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja prests síns, sé hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem eru yngri en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

2. gr. Engin vistarráð skulu vera bindandi fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn; en gild skulu vistarráð, þótt skemur sé um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eftir.

3. gr. Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveimur eða fleirum til helminga, þriðjunga o. s. frv.

4. gr. Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal vera á ári hverju 14. dag maímánaðar.

5. gr. Nú ræður einhver hjú, sem hann veit að er ráðið hjá öðrum, og verður hann fyrir það sekur um 10—20 kr., og skal hann auk þess skyldur að greiða skaðabætur eftir óvilhallra manna mati.

6. gr. Húsbóndi skal, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja vistráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest, og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra umsamið kaup. — Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um, að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað og greiða því, auk umsamins kaup, allan þann kostnað, sem dvöl þess annars staðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda alt það gagn, sem það getur, á þeim stað, sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmaríumessu eða semji fyrir þann tíma við það um, að vistarráðin haldist, þótt það sé eigi sótt, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og varðar það húsbónda eftir 11. gr. Hið sama er og, ef hjúið flytur sig sjálft á hann, og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka.

7. gr. Húsbóndi getur neitað að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eður að veita því móttöku, af þessum ástæðum: 1. Ef hjúið, eftir að það var ráðið í vistina, hefir drýgt einhvern glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 2. Ef hjúið um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir einhvern næman eða viðbjóðslegan sjúkdóm eður þau veikindi eður líkamamein, að víssa sé fyrir því, að það verði ótært til vinnu alt fram að þingmaríumessu eða lengur. Hið sama gildir, þótt hjúið sé heilbrigt, ef næmur sjúkdómur gengur á dvalarstað þess, svo að ástæða sé til að ætla, að það flytji sóttnæmið. Þó getur hjúið krafist vistarinnar, þegar það sýnir læknisvottorð um, að það sé albata eða geti eigi valdið sóttnæmi, hafi það lagt til jafngildan mann í stað sinn, meðan það mátti eigi flytja í vistina, eða boðið aðra fullgilda borgun fyrir vinnumissinn. 3. Ef hjúið kann ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og sem það þá þóttist kunna til, eður ef það hefir einhverja þá ókosti, er það þá neitaði að hafa. 4. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann á sér með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann réð það til sín.

8. gr. Hverju hjúi er skylt að fara þegar í vistina, er húsbóndi vitjar þess. Ef húsbóndi fyrst um sinn fær því annan samastað (sbr. 6. gr.), þá er því og skylt að fara þangað. Ef hjúið færist undan þessu án lögmætra orsaka, þá er húsbóndinn eigi lengur bundinn við vistarráðin, og varðar það hjúinu eftir 12. gr. Hið sama er og, ef svo hefir verið um samið, að hjúið skuli flytja sig sjálft í vistina, og það að nauðsynjalausu dregur ferð sína viku lengur. Nú getur hjúið eigi farið í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess, og er því eigi sjáltu um að kenna, þá er húsbónda eigi skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina og leggja af stað, jafnskjótt og það getur; en dragi það að nauðsynjalausu ferð sína viku lengur, varðar það eftir 12. gr.

9. gr. Hjú getur neitað að fara í vist af þessum ástæðum: 1. Ef húsbóndi eða húsmóðir hefir, eftir að hjúið var ráðið í vistina, drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 2. Ef um það leyti, sem hjúið á að fara í vistina, gengur á heimilinu næmur sjúkdómur. Þó er því skylt að fara síðar í vistina, ef húsbóndi krefst þess og sýnir læknisvottorð um, að sóttnæmið sé horfið, og hafi hann séð hjúinu fyrir samastað á meðan. 3. Ef húsbóndinn flytur, eftir að

vistarráðin eru gerð, en áður en vistartíminn byrjar, þrjár þingmannaleiðir á landi eða 5 vikur sjávar burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann að auki greiða hjúinu kaup og skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta, nema því að eins, að hann útvegi því aðra vist í góðum stað, eða hjúið kjósi heldur að ráða sig sjálft.

10. gr. Ef húsbóndi á ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eftir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ekki ákveða meiri hegningu, eftir því sem málið er lagað, sektast um 4 til 50 kr. og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann hjúinu að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og hjúið fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúinu alt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og þar að auki skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

11. gr. Ef húsbóndi riftar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi kaup fyrir umsaminn vistartíma og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

12. gr. Ef hjú riftar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið, og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

13. gr. Eigi má húsbóndi með neinum samningi afsala öðrum vistarráð yfir hjúi sínu, nema það samþykki. Nú deyr húsbóndinn og skal þá vistarráðum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur, en ef búi er brugðið, skal búi skylt að útvega hjúi aðra vist á góðum stað, því að kostnaðarlausu, ef hjúið kýs eigi heldur að ráða sig sjálft, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof.

14. gr. Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, venjulegan rúmfatnað, verkfæri til vinnu, skæðaskinn og þjónustu. Þó leggur hjúið til það, sem þarf til þjónustunnar, svo sem efni til bóta, sápu, handklæði og því um líkt. Leggi hjúið sér til rúmfatnað, borgar húsbóndinn það sanngjarnlega.

15. gr. Hve mikið hjúið skuli hafa í kaup, í hverju og hve nær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki. Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg föt upp í kaup sitt, þótt hjúið hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum. Rétt goldnir eru hjúi í kaup peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eftir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið. Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera undir eins og vistartíminn er á enda.

16. gr. Hjúið skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið. Það skal af ýtrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra

verka, er því eru skipuð, nema einhver sérstakur, óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eftir fremstu kröftum. — Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

17. gr. Eigi má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum.

18. gr. Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eður skemdir, er það veldur honum vísvitandi eður af skeytingarleysi, eður af því, að það kann eigi til þeirra verka, er það lézt kunna, er það réðst í vistina, og eins hvert annað tjón eður skemdir, er húsbóndi bíður fyrir óhlýðni þess eða ótrúmensku. Svo á hjú og að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vinnutjón það, er hann bíður fyrir það, að hjú er sett undir lagaákæru sökum glæpa, er það fremur. Skal húsbónda heimilt að halda jafnmiklu eftir af kaupinu, sem skaðabótunum nemur.

19. gr. Fyrir óhlýðni, þrjózku, mótþróa eður illyrði við húsbændur sína eða þann, sem fyrir þeirra hönd á yfir því að segja, skal hjúið sektast um 2—40 kr., en setji það sig upp á móti þeim eður áreiti þá í verkum, þá sektist það um 10—100 kr., nema svo sé, að það hafi unnið til meiri hegningar eftir öðrum lögum.

20. gr. Nú sýkist hjú eður slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

21. gr. Ef hjú slasast eður veikist, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefur skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstaklegum háska er bundinn, eður af einhverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, gjalda því ákveðið kaup og fæði og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eftir að það er frá honum farið. Eftir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 4 til 100 kr., nema hann hafi bakað sér þyngri hegningu eftir öðrum lögum.

22. gr. Nú veikist hjú eða slasast af öðrum atvikum en nú voru talin (20. og 21. gr.), og skal það þá sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækning þess og sérstakri aðhjúkrun, og eigi á það heimting á kaupi, meðan það er frá verkum, en húsbónda skal eigi skylt að fæða það endurgjaldslaust lengur en þrjá mánuði vistarársins, þótt það sé lengur frá verkum.

23. gr. Ef hjú gegnir eigi vinnu sinni fyrir drykkjuskap, sviksemi, bæjaslór eða annað tómlæti, er húsbóndi getur ekki komið í veg fyrir, þá dregst af kaupi þess jöfn upphæð og þyrfti að gjalda jafnoka hjúsins á hinum sama tíma. Auk þess borgi hjúið þann fæðiskostnað, er á fellur.

24. gr. Samningur milli húsbónda og hjús, um að vistinni skuli lokið, ef hjúið sýkist svo, að auðsætt virðist, að það geti eigi fullnægt kröfum vistarráðanna, er því að eins bindandi fyrir hjúið, að það þurfi eigi að flytja sig eða

telji sig vel ferðafært, en eigi má flytja það burtu, enda þótt vistartíminn sé liðinn, nema læknir lýsi yfir því áliti, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burt, og skal hann sæta sektum eftir 21. gr. eður og þyngri hegningu eftir öðrum lögum, og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins.

25. gr. Þegar hjú, sem sýkist eður slasast í vistarverunni, á eftir lögum þessum sjálft að greiða legu- og fæðiskostnað, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum, þar sem hjúið er í vist, er aftur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins. Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greftrun þess, ef erfingjar gjöra það eigi, en fái aftur kostnaðinn endurgoldinn af eigum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum, samkvæmt því, sem nú var sagt.

26. gr. Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina: 1. Ef hjúið leggur hönd á húsbóndann eður vandamenn hans á heimilinu eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eða meiðir þá með illyrðum. 2. Ef hjúið sýnir húsbóndanum ítrekaða þrjózku, skeytingarleysi, ótrúmensku, eða neitar að vinna skylduverk sín. 3. Ef hjúið leitast við að tæla börn eða vandamenn húsbónda á heimilinu til ósiðsemi eða einhvern þar til illverka, svo og ef nokkrum á heimilinu er hætta búin af breytni þess eða getur eigi dvalið á heimilinu sökum ósvífni þess við sig. 4. Ef hjúið af varmensku skemmir eigur húsbóndans, eður misþyrmir skepnum þeim, er hann á eður hefir undir hendi. 5. Ef hjúið sýnir af sér varhugavert skeytingarleysi með ljós, eld, sóttnæmi eða annan voða, er skaði getur hlotist af á heimilinu. 6. Ef hjúið er aftur og aftur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka. 7. Ef hjúið með illlyndi eða rógi raskar friði og reglu á heimilinu og lætur eigi af því, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans. 8. Ef hjúið drýgir einhvern þann glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 9. Ef hjúið er haldið næmri eður viðbjóðslegri veiki, þegar það á að fara í vistina, eður fær slíka veiki í vistinni sökum ósiðsamlegs lífernis. 10. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann réð það til sín. 11. Ef hjúið kann eigi til þeirra verka, er áskilið var að það skyldi kunna og það sjálft lézt kunna, er það réðst í vistina, eður það hefir nokkra þá ókosti, sem það þá neitaði að hafa. 12. Ef hjúið fer af heimilinu, þótt á helgum degi sé, án vilja og vitundar húsbónda eða þess, sem er í hans stað.

27. gr. Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 25. gr., eður það hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið, og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta. Þó skal þar frá dregið það, sem því ber í kaup eftir tiltölu réttri fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni. Auk þess skal hjúið sæta hegningu þeirri, er það með broti sínu að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

28. gr. Þá hefir hjú löglega ástæðu til að ganga þegar úr vistinni: 1.

Ef húsbóndi misþyrmir hjúinu. — 2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eður ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera í slíku og húsbóndi veitir ekki hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt það beri sig upp undan því við hann. — 3. Ef húsbóndi lætur hjúið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu. — 4. Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins eður ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af. — 5. Ef hjúið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma. — 6. Ef lífi eður heilsu hjúsins er hætta búin af veru þess á heimilinu. — 7. Ef húsbóndinn flytur af landi burt. — 8. Ef einhver á heimilinu misþyrmir hjúinu eða meiðir það freklega með illyrðum eða rógi, og húsbóndi veitir því ekki tilhlýðilega vernd, þegar það beiðist þess.

29. gr. Ef hjú fer úr vist fyrir nokkurar þær sakir, sem greindar eru í 27. gr., eður húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupi fyrir vistartíma þann, er um var samið, og skaðabótum að auki eftir því sem óvilhallir menn kunna að meta. Auk þess skal húsbóndi sæta þeirri hegningu, sem hann annars kann að hafa bakað sér með framferði sínu.

30. gr. Í þrotabúi húsbónda hefir hjú forgöngurétt til kaups, eftir því sem fyrir er mælt í skiftalögum 12. apríl 1878, 83. gr. b. 5.

31. gr. Fyrir eins árs kaupi, er þó má eigi vera frá eldri tíma en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúið látið gera fjárnám hjá húsbónda, ef hann mótmælir eigi kröfunni.

32. gr. Fógeti eður hreppstjóri, sem fjárnám gjörir fyrir kaupi, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimting á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengist hjá húsbónda, eftir að hjúið er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu.

II. kafli.

Um daglaunamenn.

33. gr. Hver, sem ræður sig í vinnu öðrum, án þess að vera hjú hans samkvæmt I. kafla, skal sjálfur annast flutning á sér og farangri sínum til þess staðar, þar sem hann er ráðinn í vinnuna, nema öðruvísi sé um samið.

34. gr. Vilji húsbóndi, án löglegra orsaka, ekki taka á móti daglaunamanni, sem hjá honum er ráðinn, er daglaunamaðurinn ekki bundinn við vinnusamninginn, og varðar það húsbónda eftir niðurlagi 6. gr. og eftir 11. gr.

35. gr. Nú kemur daglaunamaður án löglegra orsaka eigi á ákveðnum tíma í vinnuna, varðar það hann eftir 12. gr.

36. gr. Daglaunamaður skal leggja sér til verkfæri til þeirrar aðalvinnu, sem hann gengur að, og halda þeim á sinn kostnað í góðu lagi, svo og skæðaskinn og þjónustu. Þó á hann heimting á að fá þjónustuna hjá húsbónda sínum fyrir sanngjarna borgun.

37. gr. Ákvæði 5., 7., 9.—13., 15.—21., 26.—32. gr. gilda um daglaunamenn og húsbændur þeirra, að svo miklu leyti, sem þau geta gilt um þá.

III. kafli.

38. gr. Mál, er snerta það efni, sem um er rætt í lögum þessum, eiga fyrir lögreglurétt. Brot á móti 24. gr. skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru

leyti skal fara með öll mál, er rísa út af lögum þessum, eins og lögreglumál einstakra manna.

39. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um vinnuhjú á Íslandi 26. jan. 1866, og 7. gr. í lögum um leysing á sóknarbandi 12. maí 1882.

Ed. 518. **Frumvarp**

til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi (eins og það var samþykt við 3. umr. í nd.).

Til frekari umbóta á fyrirkomulaginu um peningamál Íslands, sem lög 18. sept. 1885 miða að, og til þess enn fremur að greiða fyrir og efla framfarir í verzlun, fiskiveiðum, iðnaði og búnaði landsins, er ráðaneytinu fyrir Ísland heimilað að veita hlutafélagi, sem þeir hæstaréttarmálaflutningsmaður Ludvig Arntzen, R. af D., og stórkaupmaður Alexander Warburg, báðir í Kaupmannahöfn, standa fyrir, og sem myndað er til þess að stofna hlutabanka, er nefnist »Íslands banki«, einkarétt um níutíu ára tímabil til þess, að gefa út seðla, er greiðist handhafa með gullmynt þegar krafist er — með þeim nánari skilyrðum, sem hér segir:

1. gr. Íslendingar, hvort sem eru einstakir menn, sjóðir eða stofnanir, skulu látnir sitja fyrir að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, annaðhvort með því að borga hlutaupphæðina í peningum með ákvæðisverði, eða með því, að gefa út skuldabréf fyrir hinni sömu upphæð með 1. veðrétti í fasteignum á Íslandi, er þó nemi ekki meira en 20% af virðingarverði fasteignanna. Af skuldabréfum þessum greiðast 4% í ársvexti, og skal greiðsla á þeim vöxtum trygð bankanum af landssjóði. Skuldabréfin mega að eins nema heilum hundruðum. Útgefendur þeirra og seinni eigendur fasteigna þeirra, sem ræða er um, mega, eftir vild, hvenær sem þeir vilja borga lánið með peningum með sex mánaða uppsögn í 11. júní og 11. desember-gjalddaga. Þá er skuldabréf er borgað, getur sá, er í hlut á, krafist kvittunar eða yfirfærslu til sín.

Landssjóður Íslands hefir rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, er nemi alt að 2 miljónum kr.

2. gr. Hlutafé bankans skal fyrst um sinn eigi nema meiru en 5 miljónum króna. Stofnendur bankans skulu skyldir að útvega með ákvæðisverði þá hlutaupphæð, er Íslendingar hafa ekki skrifað sig fyrir samkvæmt 1. gr., þó svo, að sú upphæð ekki nemi meiru en $^2/_5$ af öllu hlutafénu.

3. gr. Bankanum skal heimilt að gefa út bankaskuldabréf, er nemi jafnmikilli upphæð og veðskuldabréf þau, er hann fær gegn hlutabréfum samkv. 1. gr., og skulu þá veðskuldabréfin vera trygging bankaskuldabréfanna. Nú eru skuldabréf þau, sem 1. gr. ræðir um, innleyst, og skal þá jafnmikil upphæð af þessum bankaskuldabréfum einnig leyst inn, að undangengnu hlutkesti, með peningum eftir ákvæðisverði.

4. gr. Íslandsbanka skal heimilt, eptir því sem viðskiftaþörfin krefur, að gefa út seðla, er greiðist handhafa með gullmynt, þegar krafist er, gegn því að bankinn

1) hafi í vörzlum sínum málmforða, er nemi því verði, er seðlar bankans,

þeir sem úti eru, samtals fara yfir þá hlutaupphæð sem innborguð er *að fullu* og skal málmforðinn aldrei nema minna verði en $^{3}/_{5}$ af því fje, sem téð seðlaupphæð nemur.

2) hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlafúlgunnar, sem ekki er trygður með málmforðanum, þannig að verð eignarinnar í hlutfalli við seðla sé 150 kr. fyrir hverjar 100 kr. í seðlum.

5. gr. Til málmforða má teljast:

a, lögleg gjaldgeng mynt eptir því verði, sem myntin til segir;

b, ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2480 kr. fyrir hvert kilogram af skíru gulli;

c, kröfur, er gjaldist þegar heimtað er, hjá þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregsbanka og Englandsbanka (eða Skotlands), gegn því, að kröfur þær, er nefndir bankar hafa með sama skilorði gegn Íslandsbanka, sjeu dregnar frá verði málmforðans.

d, seðlar gefnir út af
Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn,
Noregs banka,
Ríkisbanka Svía,
Englands banka,
Skotlands banka,
Frakklands banka,
og hinum þýzka ríkisbanka.

6. gr. Sá hluti málmforðans, sem er fyrir hendi í bankanum í löglegri gjaldgengri mynt, skal jafnan nema minst $^{1}/_{4}$ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er. Óslegið gull, sem Íslands banki kynni að hafa afhent til myntunar hinni konunglegu peningasmiðju í Kaupmannahöfn, má telja til myntforða bankans.

7. gr. Til þeirrar eignar, sem tryggja skal seðlaupphæð þá, er málmforðinn nægir ekki til, teljast einkum:

Skuldabréf gefin út fyrir lánum gegn handveði.

Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.

Kröfur á hendur útlendum viðskiftamönnum, er gjaldast skulu þegar heimtað er.

Opinber verðbréf eptir gangverði og veðskuldabréf gefin út fyrir lánum út á fasteignir, þó þannig að hin síðastnefndu verðbréf nemi ekki meiru en 1 miljón króna.

8. gr. Islands banki skal vera nú og framvegis sú einasta stofnun á Íslandi, sem rétt hefir til að gefa út gjaldmiðil, er komið geti í stað myntaðra peninga, og ákveðst það til tryggingar Íslands banka og handhöfum seðla hans, að ekki skuli, svo lengi sem lög þessi eru í gildi, gefa út eða leyfa að gefa út nokkurn slíkan gjaldmiðil; en þar á móti skulu seðlar Íslands banka vera þeir einustu, sem þannig geti gilt manna á milli, og sem tekið skuli á móti í alla opinbera sjóði, en þar skulu seðlarnir takast gildir sem lögleg borgun til jafns með reiðu gulli.

9. gr. Vegna réttar þess, er bankinn nýtur til seðlaútgáfu, skal hann háð-

ur eftirliti stjórnarinnar samkvæmt nánari ákvörðunum í reglugjörð bankans, sem staðfest skal af ráðaneytinu. Ráðaneytið samþykkir, í hverju formi seðlarnir skuli gefnir út, og hverju upphæð hvers einstaks má nema.

10. gr. Hver sem býr til eftirmynd seðla, sem útgefnir eru af Íslands banka eða falsar þá, skal sæta sömu hegning sem hin almennu hegningarlög 25. júní 1869, 266. gr., ákveða fyrir að búa til eftirmynd af eða falsa danska mynt eða seðla þjóðbankans. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að búa til eða falsa seðilinn þó ekki sé búið að láta hann úti.

11. gr. Islandsbanki tekur að sér útborgun á skuldum landsbankans og innköllun á útistandandi eignum hans; hann leysir og inn seðla þá, sem landsbankinn á úti. Landssjóður ábyrgist vanhöld öll við innköllun þessa og útborgun, enda renni varasjóður landsbankans og aðrar skuldlausar eigur í landssjóð.

12. gr. Seðlar þeir, sem útgefnir eru af stjórninni fyrir hönd landssjóðs, mega aldrei aukast fram yfir það, sem nú er, en skulu innkallast og innleysast í síðasta lagi 3 árum eftir að Íslands banki hefir tekið til starfa.

Alla seðla, sem þannig eru kallaðir inn, lætur bankinn, undir hæfilegri tilsjón, ónýta opinberlega með því að brenna þá, og í hvert skifti sem seðlar hafa þannig verið brendir, tilkynnist almenningi, hve mikil upphæð hafi verið ónýtt.

13. gr. Ef veðdeild verður sett á stofn í sambandi við landsbankann, skal Íslandsbanki skyldur að taka hana að sér með öllum hinum sömu skyldum og réttindum, er landsbankanum kunna að verða fengin í hendur.

14. gr. Íslandsbanki skal skyldur að greiða landssjóði 5000 kr. á ári, en þegar varasjóður bankans er orðinn 1 million krónur, eða þegar 20 ár eru liðin frá stofnun hans, fellur það skyldugjald niður, en upphæð sú, er samkvæmt reglugjörð bankans árlega er ákveðin varasjóði, rennur þá óskert í landssjóð.

Nú minkar varasjóður fyrir einhver óhöpp, eða hefir ekki náð 1 miljón króna 20 árum eftir að bankinn var stofnaður, og greiðist landssjóði þá að eins helmingur hins ákveðna varasjóðsgjalds, en hinn helmingurinn legst við varasjóð, þar til hann hefir náð nefndri upphæð.

15. gr. Þar eð bankasjóðurinn, sem eingöngu er ætlaður til að tryggja útgefna seðla hans, skuldbindingar og aðrar kvaðir, er fé, sem ekki má verja til annars, þá skal a l d r e i íþyngja honum með neinum opinberum gjöldum, hverju nafni sem nefnast.

16. gr. Mynt sú, sem gjaldgeng er í Danmörk á hverjum tíma sem er, skal vera sú, er bankinn notar til viðskifta og í bókfærslu sinni.

17. gr. Heimilt skal bankanum, að nota óstimplaðan pappír til seðla sinna, bóka, ávísana og alls konar skuldbindinga, sem útgefast af bankanum og í nafni hans.

Einnig skulu skuldbindingar þær, sem 1. gr. ræðir um og bankaskuldabréf þau, sem nefnd eru í 3. gr., mega yfirfærast manna í milli, án þess að stimplaður pappír sé notaður. Enn fremur mega og þær skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, gefast út á óstimpluðum pappír.

18. gr. Bankinn skal sem handveðshafandi hafa rétt til þess, ef ekki er

öðru vísi um samið, að selja veðið við opinbert uppboð, þá er hann hefir gjört þeim, er veðið hefir sett, aðvart um það með vottum með 20 daga fyrirvara, eða þá, ef veðsetjandi þekkist ekki eða ef ókunnugt er um heimili hans, eftir að hafa innkallað hlutaðeigandi með 30 daga fyrirvara til þess að leysa út veðið, með opinberri auglýsing í blöðum þeim, sem ætluð eru til að flytja aðrar lögbirtingar.

19. gr. Bankinn skal hafa aðalskrifstofu sína og varnarþing í Reykjavík og útibú í hinum stærri kauptúnum Islands, einkum á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði.

20. gr. I fulltrúaráði bankans skulu sitja 11 menn, og kýs alþingi 5 þeirra, en hluthafar aðra 5. Ráðgjafi Íslands er sjálfkjörinn formaður bankaráðsins, en landshöfðingi varamaður, og gengur hann að öllu leyti í ráðgjafans stað, þegar hann er eigi sjálfur við staddur.

Aðalfundir bankans skulu haldnir í Reykjavík. Þó getur bankaráðið ákveðið, að halda skuli aðalfund annarsstaðar, þegar því þykir nauðsyn til bera.

Nú er landssjóður hluthafi í bankanum, og kýs alþingi þá á þingi hverju 2 menn til tveggja ára, er mæta skulu á aðalfundi fyrir landssjóðs hönd, og hafa þeir hvor um sig á fundinum jafnt afl atkvæða.

21. gr. Nú vill landssjóður Islands innleysa öll hlutabréf bankans, þegar liðin eru 40 ár frá stofnun hans eða síðar, og gefur þá landshöfðingi út auglýsingu um það með 12 mánaða fyrirvara; eru hluthafar þá skyldir að selja landssjóði hlutabréfin á þeim fresti, er tiltekinn er, fyrir gangverð þeirra þann dag, er auglýsing landshöfðinja er gefin út, að viðbættum 5% vöxtum p. a. af gangverðinu frá auglýsingardegi til innlausnardags.

Hlutabréf, er eigi koma fram til innlausnar á hinum ákveðna fresti, skulu ógild.

22. gr. Svo framarlega sem skyldum, þeim sem að framan eru greindar, ekki verður fullnægt af nefndum stofnendum innan 12 mánaða frá því, er lög þessi öðlast gildi, er ráðaneytinu fyrir Island heimilt að fela stofnun bankans öðru félagi, sem kynni að vera fært um að fullnægja hinum ákveðnu skilyrðum.

Nd. 519. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Frá Skúla Thoroddsen.

Við 13. gr. C. 15. Í stað orðanna: „án þess að fullnægt sé hinum venjulegu skilyrðum fyrir lausninni“ komi: og má veita honum þá lausn, enda þótt hin almennu skilyrði fyrir því séu eigi fyrir hendi.

Nd. 520. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 3. umr. í efri

deild), frá Halldóri Daníelssyni, Sighv. Árnasyni
Við 10. gr. C. 4. b.
í staðinn fyrir 18,000 komi 20,000

Nd. 521. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (504).
Frá Jóni Jenssyni.
Við 13. gr. C. Aftan við 27. lið komi: Til Leikfélags Reykjavíkur alt að 300—300 gegn því að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu helming á móts við styrkinn úr landssjóði.

Nd. 522. **Frumvarp**
til laga um fjölgun og viðhald þjóðvega
(eins og það var samþykt við 3. umr. í ed.)

1. gr. Auk þjóðvega þeirra, sem taldir eru í 5. gr. laga 13. apríl 1894 um vegi, skal hér eftir telja þjóðveg veginn frá Hrútafjarðarbotni að Gilsfjarðarbotni.

2. gr. Heimilt er landsstjórninni að krefjast þess, að öllum vegum, sem hér eftir verða lagðir á kostnað landssjóðs, verði haldið við alt að helmingi á kostnað hlutaðeigandi sýslusjóða.

Nd. 523. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 3. umr, í efri deild). Frá Ólafi Briem, Pétri Jónssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Birni Sigfússyni. Þorláki Guðmundssyni, Sighv. Árnasyni.
Við 13. gr. C. Á eftir 12. tölulið komi nýr liður:
Til rannsókna á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð alt að . . . . . 3000—3000
Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Nd. 524. **Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 3. umr. í efri deild). Frá landbúnaðarnefndinni.
Við 10. gr. C. 4. c. Fyrir »6000 kr«. komi: 7000 kr.
— — — - Á eftir 5. tölulið komi nýr liður:
Til gróðrartilrauna . . . . . 2000—1500
Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands, með því skilyrði, að félag-

ið komi á fót gróðrartilraunastöð í grend við Reykjavík, og ráði mann til að standa fyrir tilraunum og annast þær að öllu leyti,

Á eftir 18. gr. komi:

Úr viðlagasjóði má verja alt að 20000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum á Íslandi. Lán þessi veitist eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sýslufélaga eða amtsfélaga.] Þau ávaxtist með 3% árlega, sé afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist síðan á 20 árum.

Nd. **525. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík.

Frá Valtýr Guðmundssyni, Klemens Jónssyni, Birni Sigfússyni, Pétri Jónssyni, Jóni Jónssyni þm. Eyf., Ólafi Briem.

2. gr. falli burt.

Nd. **526. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á 384. þingskjali (frv. til laga um stofnun landsspítala).

Frá landshöfðingja.

2. gr. falli burt.

Nd. 527. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um landsspítala í Reykjavík.

Frá landshöfðingja.

Við 3. gr. Orðin »þeir, sem ekki fá ókeypis aðhjúkrun samkvæmt 2. gr.«, falli burt.

Nd. 528. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (þingskj. 504).

Frá Valtý Guðmundssyni.

Við 13. gr. B. III, c. 4. Fyrir 1050 kr.—1050 kr.
komi: 2000 kr.—2000 kr.

Við 13. gr. B. III, c. 5. Þessi liður falli burt.

Við 13. gr. C. 33. Þessi liður falli burt.

Nd. **529. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901

Frá Skúla Thoroddsen.

Á eptir 13. gr. C. 20 komi nýr liður svo hljóðandi:

Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings 600 kr.—600 kr.

Tala töluliðanna breytist þessu samkvæmt.

Nd. 530. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900—1901.

Frá Pétri Jónssyni, Jóni Jónssyni þm. A.-Skf., Jóni Jónssyni þm. Eyf.

Við 13. gr. A. b. 11. Liðurinn falli burt.

Nd. 531. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 3. umr. í efri deild.

frá Guðjóni Guðlaugssyni. Pétri Jónssyni.

Við 12. gr. B. 9. liðurinn orðist svo:

Styrkur til Gullbringusýslu . . . . . 10,000 kr.

Veitist sýslunefndinni með því skilyrði, að hún verji styrknum til jarðræktar í þeim hreppum sýslunnar, sem bágast eru staddir, þannig að fatækustu menn sitji fyrir vinnu við jarðabæturnar, en sveitarfélögin eignist hin ræktuðu svæði.

Nd. 532. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1900—1901.

Frá Þorláki Guðmundssyni.

Við 15. gr. síðari málsgrein. Fyrir 2000, komi 1000.

Nd. 533. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1900—1901

Frá Tr. Gunnarssyni. Þorláki Guðmundssyni.

Við 12. gr. C. Á eftir tölulið 2. komi tölul. 3, svo látandi:

Styrkur til að bæta innsigling og skipalagi á Stokkseyri alt að . . . 5000 kr. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að annarstaðar að fáist að minsta kosti jafnmikil upphæð til fyrirtækisins.

Ed. 534. **Nefndarálit.**

í málinu: Frv. til laga um leyfi til vegalagningar um Arnarhólstún í Reykjavík o. fl.

Nefndin hefir íhugað mál þetta og leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt, jafnvel þótt 1. gr. þess sé eigi nægilega ljós, þar sem eigi er ákveðið neitt um það, hvort bærinn á að fá vegarstæðið ókeypis eða ekki, en breytingar á frv. mundu hafa þá

afleiðing í för með sér, að eigi yrði tími til þess, að það næði fram að ganga á þessu þingi, en það telur nefndin þó æskilegt.

Efri deild alþingis 22. ág. 1899.

J. Havsteen, form. og framsm. Þorleifur Jónsson, skrifari. Kristján Jónsson.

Nd. 535. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901

frá Tryggva Gunnarssyni.

1., við 12. gr. D. Athugasemdin orðist þannig:

Stjórnin má ákveða, að sæsíminn sé lagður á land á Austfjörðum, að því tilskyldu, að sá, er leyfið fær til að leggja hann, greiði 300,000 krónur til landsímalagningar milli þess staðar, sem sæsíminn kemur á land á Íslandi, og Reykjavíkur, og leggur þá landsjóður til þess alt að 75,000 krónur.

2., við 13. gr. C. 1. c. fyrir — — — — 4000—4000

komi — — — — 3400—3400

og orðin »og til samnings spjaldskrár« falli burt.

Ed. 536. **Frumvarp**

til laga um heimild til að leigja laxveiði í Laxá í Kjós, er heyrir þjóðjörðinni Valdastöðum til.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að leigja laxveiði þá í Laxá í Kjós, sem tilheyrir þjóðjörðunni Valdastöðum, um 10—30 ára bil, fyrir að minsta kosti 50 kr. árlegt gjald. Leigja má veiðina hvort er vill innlendum eða útlendum mönnum.

2. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að leigja veiðina og semur um leigumálann.

Nd. 537. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 532.

Frá Þorláki Guðmundssyni.

Fyrir 1000, komi 1500.

Nd. 538. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 3. umr. í e. d.)

Flutningsm. Jón Jónsson þm. Eyf.

V. 13. gr. B. VI. a. eftir 3. tölul, komi nýr (4.) liður.

Styrkur til frú Guðlaugar Wium til að halda kvennaskóla á Seyðisfirði 500—500.

Ed. 539. **Frumvarp**

til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. neðri deild).

1. gr. Í Reykjavík skal stofna landsspítala, sem hafi eigi færri sjúkrarúm en 24. Til byggingar spítalans má verja úr landssjóði 40,000 kr. og tillagi frá Reykjavíkur kaupstað 10,000 kr. Til útbúnaðar spítalans má verja úr landssjóði alt að 10,000 kr. Hin núverandi spítalaeign í Reykjavík, hús, lóð og áhöld legst einnig til landsspítalans og skal henni ráðstafað á þann hátt, sem landsstjórnin nánar ákveður.

2. gr. Í stjórn spítalans eru amtmaður og landlæknir og læknir sá í Reykjavík, er landshöfðingi skipar. Spítalastjórnin semur reglugjörð fyrir spítalann og erindisbréf fyrir starfsmenn hans, er landshöfðingi staðfestir. Hún hefur alla umsjón með spítalanum og spítalahaldinu, ræður starfsmenn og segir þeim upp, og ákveður borgun þá, er sjúklingar skulu greiða fyrir spítala vistina.

3. gr. Starfsmenn spítalans skulu vera þessir, auk nauðsynlegs vinnufólks og hjúkrunarfólks: 2 yfirlæknar og 1 aðstoðarlæknir; ráðsmaður og ráðskona; yfirhjúkrunarkona og gjaldkeri.

Ráðsmaðurinn fær 600 kr. þóknun á ári fyrir starfa sinn; ráðskonan og yfirhjúkrunarkonan fá auk fæðis og húsnæðis 400 kr. hvor á ári í kaup; gjaldkeri 200 kr. á ári og aðstoðarlæknirinn 600 kr. á ári auk húsnæðis og fæðis.

4. gr. Þangað til öðruvísi verður ákveðið, skulu kennararnir í útvortislækningum (kirurgi og operation) og innvortis lækningum (therapi) við læknaskólann í Reykjavík takast á hendur yfirlæknastörfin við spítalann, og má greiða alt að 1200 kr. fyrir læknisstörfin, eftir því sem spítalastjórnin nánar ákveður og landshöfðingi samþykkir.

5. gr. Kaup starfsmanna, svo og allur kostnaður árlegur við spítala þennan, að því er gjöldin fara fram úr tekjunum, skal greiðast úr landssjóði.

Nd. 540. **Frumvarp**

til laga um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls og lausamannsgjalds til kirkju (eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Þeir menn allir, karlar og konur, skulu vinna presti sínum dagsverk, er

tíunda lausafé, sem eigi nemur 5 hundruðum gjaldskyldum, ennfremur húsmenn, þurrabúðarmenn, kaupstaðarborgarar og allir þeir, sem eiga heimili forstöðu að veita, jafnt karlar sem konur, svo og lausamenn og lausakonur, þó að þessir menn tíundi ekkert.

Dagsverk skal vinna presti um heyannir (heyannamánuð) og fæðir gjaldandi sig sjálfur. Ef gjaldandi vinnur eigi dagsverkið, skal hann greiða presti það eftir verðlagsskrá þeirri, er gildir á gjalddaga. Eigi skal þó kona greiða nema helming þess gjalds, ef hún hefir eigi jarðnæði til umráða, né heldur vinnumann.

2. gr. Offur skal greiða hver húsbóndi eða sjálfstæður maður einhleypur, sem á 20 hndr. í fasteign (eftir gildandi jarðamati) eða í lausafé eða í hvorutveggja til samans; ennfremur hver húseigandi í kaupstöðum og verzlunarstöðum, ef húseign þeirra er að minsta kosti virt á 3000 kr. og er eigi notuð við ábúð á jörð þeirri, er metin sé til dýrleika; konunglegir embættismenn og sýslunarmenn, er landshöfðingi skipar, er hafi að minsta kosti 600 kr. að launum, enn fremur kaupmenn, lyfsalar, bakarar og verzlunarstjórar, svo og verzlunarþjónar, er hafi eigi minna en 600 kr. að launum. Offrið er að minsta kosti 4 kr. og gjalddagi á því 31. des. ár hvert.

3. gr. Hver sá, sem hefir til afnota jörð eða jarðarhluta, sem metin er til dýrleika, skal fóðra lamb fyrir prestinn; sömuleiðis hver sá, sem hefir grasnytjar af slægjulandi, er hann sjálfur á eða hefir á leigu, ef það gefur af sér að minsta kosti 2 kýrfóður. Húsmaður skal og lamb fóðra, þótt eigi hafi hann ákveðinn jarðarhluta eða afmarkað slægjuland til fullra umráða, ef hann hefir grasnytjar svo miklar, að hann framleiðir 3 hundruðum kvikfénaðar. Ef lamb er eigi fóðrað, skal það goldið eftir verðlagsskrá og er gjalddagi á því 10. maí ár hvert.

Nú hefir maður tvær eða fleiri heilar jarðir til ábúðar eða afnota, og skal hann þá fóðra jafnmörg lömb og ábúðarjarðir hans eru.

4. gr. Lausamenn og lausakonur greiða presti 50 aura gjald á ári, hvort sem þau eiga að greiða dagsverk eða ekki. Gjalddagi á þessu gjaldi er 31. des. ár hvert.

5. gr. Heilan ljóstoll til kirkju gjaldi búandi hver eða húsráðandi, sem heldur hjú, hvort sem hann er karl, kvæntur eða ókvæntur, eða kona, gift eða ógift. Hálfan ljóstoll til kirkju gjaldi húsráðendur og húsmenn hjúalausir og ennfremur einhleypir menn og vinnuhjú, sem tíunda 60 ál. eða meira. Hjú teljast börn yfir 16 ára aldur, sem vinna hjá foreldrum sínum.

6. gr. Lausamenn og lausakonur greiði til kirkju 50 aura á ári.

7. gr. Gjalddagi á gjöldum þeim, er talin eru í 5. og 6. gr., er 31. desbr. ár hvert.

8. gr. Ákvæði þau í eldri lögum, er koma í bága við lög þessi, eru numin úr gildi.

Nd. 541. **Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 3. umr. í e. d.).

frá Sigurði Gunnarssyni.

Við 13. gr. C. Á eftir 31. tölul. komi nýr liður:

Til leikfimis-og skotfélags Eskfirðinga Kr. 200—200

Töluliðirnir breytist samkvæmt þessu.

Nd. 542. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja lóð af Arnarhólstúni í Reykjavík.

Flutningsmenn: Valtýr Guðmundsson, Björn Sigfússon, Jón Jónsson, þm. A.Sk., Þórður Thoroddsen, Jens Pálsson, Jón Jensson.

Orðin »ofan að sjó« falli burt.

Fyrir »minst 850 kr.« komi: fyrir söluverð eftir dómkvaddra manna mati, að minsta kosti 1000 krónur.

Aftan við frumvarpið bætist:

Útmælingunni skal þó hagað svo, að fram með sjónum sé svo mikið óselt svæði, að það sé nægilegt fyrir vegarstæði inn til bæjarins.

Nd. 543. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk.

Aftan við 15. gr. bætist:

Síra Pétur Guðmundsson frá Grímsey heldur eftirlaunum sínum óskertum, þó að hann fái prestakall á fjárhagstímabilinu.

Nd. 544. **Breytingartillaga.**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við 3. umr. í efri deild).

Frá Kl. Jónssyni.

Eftir 11. gr. 11. Komi nýr liður nr. 12 svohljóðandi:

12. Styrkur til útbúnings og áhalda handa sjúkrahúsinu á Akureyri (fyrra árið) **kr. 1200,00**

Nd. 545. **Breytingartillaga.**

við frumvarp til laga um greiðslu dagsverks, offurs, o. s. frv., (eins og það var samþykt við aðra umræðu í neðri deild).

Frá Halldóri Daníelssyni, Birni Sigfússyni, Þorláki Guðmundssyni, Kl. Jónssyni, Guðl. Guðmundssyni og Jóni Þórarinssyni.

1. **við 1. gr., orðin »fæðir gjaldandi sig sjálfur« falli burtu.**
   En í þeirra stað komi orðin: er hann fæðir gjaldanda.
2. **við 2. gr., fyrir »600 kr.« á tveim stöðum, komi: 800 kr. á báðum stöðunum.**

Nd. 546. **Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.

Flutningsm. Jón Jónsson, þm. Eyf.

Við 18. gr. bætist:

Heimilt er að lána dómkirkjunni í Reykjavík alt að 6000 kr. til að kaupa fyrir nauðsynlegt land til grafreits.

Nd. 547. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Skúla Thoroddsen.

Athugasemdin á eftir 12. gr. A. 1. a. orðist svo:

Auk þess hefir póstmeistarinn ókeypis afnot af íbúðarherbergjum þeim, sem eru í pósthúsinu, meðan landið eigi þarfnast herbergja þessara til annarar notkunar.

Nd. 548. **Breytingartillaga.**
við frv. til fjárllaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Skúla Thoroddsen.

Við 13. gr. C. 28. Í stað »250 kr.« komi: 300 kr.

Nd. 549. **Viðaukatillaga**
við breytingartillögur á þingskj. 493 við fátækramálafrv.
Frá Einari Jónssyni.

Eftir 1. gr. komi ný grein, svo látandi:

Ef einhver verður styrks þurfi í öðrum hreppi eða bæjarfélagi en lögheimili hans er, skal sá hreppur eða bæjarfélag veita honum nauðsynlegan styrk til bráðabirgða, ef eigi næst til dvalarhrepps. Flytja má þann mann til dvalarhrepps svo fljótt, sem því verður við komið, og annast sá hreppur hann síðan samkvæmt 1. gr. Nú verður það kunnugt, að sá, er til sveitarstyrks kallar, á hvergi lögheimili og má þá þegar flytja hann til fæðingarhrepps síns. Hvort sem það er dvalarhreppur eða fæðingarhreppur, er þannig skal taka við þurfamanni, skal hann endurgjalda styrk þann, er honum var veittur til bráðabirgða og hálfan flutningskostnað, en sá hreppur greiðir hálfan flutningskostnað, er styrkinn veitti.

Greinatalan á þingskj. 493 breytist samkvæmt þessu.

Ed. 550. **Nefndarálit**
í málinu: frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Vér, sem háttv. Ed. skipaði í nefnd til að íhuga mál þetta, teljum varhugavert eftir því sem ástandið er nú, að banna landsmönnum, að viðlögðum mjög þungum sektum, að nota sér hið mikla hagræði, er þeir geta haft af því að hirða afla þann, er botnverpingar annars kasta aftur í sjóinn. En á hinn bóginn telur nefndin það rétt, að banna öll mök við botnverpinga, er þeir eru innan landhelgi, en utan löggiltra hafna, með því að þeir þá eru á því svæði sem þeim er óheimilt að lögum. En öðru máli virðist vera að gegna, þá er botnverpingar eru að veiðum utan landhelgi, og að því leyti telur nefndin það hart, að meina landsmönnum þá björg, er þeir geta náð í, án þess að hægt sé að segja eða sanna, að þeir leiðbeini botverpingum eða hjálpi þeim á nokkurn hátt til lögbrota eða undankomu undan hegningu fyrir brot á gildandi lögum.

Nefndin ræður því hinni h. deild til að samþykkja eftirfylgjandi breytingartillögu við frumv.

Á eftir orðunum: »er utan löggiltra hafna«
komi: »og innan landhelgi« hefir o. s. frv.

Efri deild alþingis 22. ágúst 1899.

Sigurður Stefánsson skrifari og framsögum. Með fyrirvara Kristján Jónsson formaður.

Þorleifur Jónsson.

Nd. 551. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga 1900 og 1901.
Frá Einari Jónssyni.
Fyrir tölurnar í 11. gr. 11. 4000—4000 komi 5000—5000.

Nd. 552. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901.
Frá Pétri Jónssyni.
Við 13. gr. III. c. 5. Fyrir »1300—1300« komi: 1500—1500.

Nd. 553. **Breytingartillaga**
við breytingartillögu á þingskj. 531.
Frá Guðjóni Guðlaugssyni.
Liðurinn færist og verði 6. liður í 10. gr. C.

Nd. 554. **Breytingartillaga**
við viðaukatillögu 546 við frumv. til fjárl. fyrir 1900 og 1901.
Frá Jóni Jenssyni.
Fyrir 6000 kr. komi 8000 kr.

Nd. 555. **Breytingartillaga**
við breytingartillögur á þgskj. 542. Frá Guðl. Guðmundssyni.
Á eftir »hagað svo« bætist
»ef bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar óskar þess«.

Nd. 556. **Breytingartillaga**
við breytingartillögu á þingskj. 531.
Frá Guðjóni Guðlaugssyni.
Í stað orðanna »með því skilyrði að hún verji« komi: og verji hún.

Ed. 557. **Nefndarálit**

í málinu: frumv. til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík.

Undirskrifuð nefnd, sem áður hafði haft mál þetta til meðferðar í h. Ed., leyfir sér nú að láta uppi álit sitt um frv., eins og það er komið frá h. Nd.

Nd. hefir gjört eina breyting á frv.; hún hefir felt burtu ákvæðið um gjafarúm (ókeypis sjúkrarúm), sem var í 2. gr. hins upprunalega frumvarps, og sömuleiðis þar að lútandi ákvæði í 3. gr. hins upprunalega frv. (2. gr. frv., eins og það nú er). — Þrátt fyrir þessa breytingu telur nefndin, að frv. muni í öllu verulegu geta náð tilgangi sínum, og þar sem frekari breytingar á því nú mundu verða til þess að fella málið alt, leggur hún það til, að h. deild samþykki frv. óbreytt.

Ed. alþingis, 23. ágúst 1899.

J. Jónassen, form. og framsögum. — Kristján Jónsson, skrifari. — J. Havsteen.

Með fyrirvara Sigurður Jensson. — Með fyrirvara Sigurður Stefánsson.

Nd. 558. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja lóð af Arnarhólstúni í Reykjavík.

Frá Jóni Jenssyni, Birni Sigfússyni, Jóni Jónssyni þm. A.Sk., Þórði Thoroddsen, Jens Pálssyni, Valtýr Guðmundssyni.

Á eftir orðunum: »heimild til að selja« komi:

Reykjavíkurkaupstað eða

Ed. 559. **Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við eina umr. í neðri deild.).

1. kafli.

1. gr.

Á árunum 1900 og 1901 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,399,900 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,126,000 kr.

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a) á ábúð og ofnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafé...	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur...	6,000	6,000	12,000
3. tekjuskattur...	13,500	13,500	27,000
4. aukatekjur...	30,000	30,000	60,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	9,000	9,000	18,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun...	46,000	46,000	92,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	70,000	140,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun...	180,000	180,000	360,000
12. tekjur af póstferðum...	35,000	35,000	70,000
13. óvissar tekjur	2,500	2,500	5,000
samtals...	563,000	563,000	1,126,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,200 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestmötu o. fl., alls..... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Styrkurinn til húsabóta sé bundin því skilyrði, að leiguliðinn leggi fram í minsta lagi 1/3 kostnaðarins.			
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
samtals...	25,100	25,100	50,200

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 94,000 kr.

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins .....:	42,000	42,000	84,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1900 38,673 kr. 66 a.			
- — 1901 39,058 — 37 --			
77,732 kr. 03 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	47,000	47,000	94,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 120,500 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	500	»	500
samtals...	60,500	60,000	120,500

2. kafli.
Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1900 og 1901 veitast til útgjalda 1,498,924 kr. 75 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1900: 12,400 kr., og árið 1901: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 359,998 kr. 67 a.

			1900.	1901.	alls.
	A.		kr.	kr.	kr. a.
	Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:				
1.	laun embættismanna		18,066 67	18,100	36,166 67
2.	endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.		4,200	4,200	8,400
3.	hin umboðslega endurskoðun:				
	a. laun endurskoðanda	2,500 kr.			
	b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda	500 —			
	c. skrifstofukostnaður	300 —			
	d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar	1,000 —			
			4,300	4,300	8,600
			26,566 67	26,600	53,166 67
	B.				
	Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1.	laun:				
	a. til dómara og sýslumanna		68,100	68,100	
	b. til hreppstjóra		8,000	8,000	
2.	ritfé handa bæarfógetanum í Reykjavík		1,400	1,400	
3.	til hegningarhússins og fangelsanna:				
	a. laun umsjónarmannsins	1900. 1,000 kr.	1901. 1,000 kr.		
	viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 —	200 —		
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —		
	þóknun handa lækni	60 —	60 —		
	b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —		
	3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e.	230 —	230 —		
	þvottur	30 —	30 —		
	til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —		
	útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 —	400 —		
	til þess að útvega verkefni	500 —	500 —		
	ýmisleg útgjöld	150 —	150 —		
		4,415 kr.	4,415 kr.		
	arður af verkum talinn	615 —	615 —		
		3,800 kr.	3,800 —		
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna	1,600 —	300 —		
				5,400	4,100	
			Flyt...	82,900	81,600	53,166 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	82,900	81,600	53,166 67
4. Önnur útgjöld:			
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn ... ... 1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirréttinn ... 50 —			
c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum ..... 50 —			
d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl. 50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál 3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál ... ... 300 —			
g. til að gefa út dómasafn, alt að 15 kr. fyrir hverja örk... ... ... 150 —			
h. útgjöld við sáttamál ... ... 50 —	5,250	5,250	
	88,150	86,850	175,000
C. Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), 43 kr. örkin 2,580 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum 450 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, alt að 40 kr. fyrir örkina ... ... 1,200 —	4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar	900	900	
4. styrkur til eflingar búnaði:			
a. til búnaðarskóla:			
1. til skólans í Ólafsdal ... ... 2,500 kr.			
2. til skólans á Hólum ... ... 2,500 —			
3. til skólans á Eiðum ... ... 2,500 —			
4. til skólans á Hvanneyri ... ... 2,500 —			
10,000 kr.			
b. til búnaðarfélaga..... ... ... 18,000 —			
c. til búnaðarfélags Íslands ... ... 7,000 —	35,000	35,000	
5. til kenslu í mjólkurmeðferð..... Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands með því skilyrði, að félagið útvegi mann frá Danmörku, er hafi fullkomna kunnáttu og góða æfingu í	2,000	2,000	
Flyt...	45,080	45,080	228,166 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	45,080	45,080	228,166 67
mjólkurmeðferð samkvæmt því, sem gerist á góðum mjólkursamlagsbúum í Danmörku. Maður þessi sé ráðinn til 2 eða 4 ára, til þess að kenna á góðu mjólkurbúi í landinu, helzt á Hvanneyrarskóla, tilbúning osta og smjörs með þeim áhöldum og aðferðum, sem hægt er að koma við á hinum stærri sveitabúum hér á landi, og fari kenslan fram kostnaðarlaust fyrir nemendur.			
6. Til gróðrartilrauna ... ... Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands, með því skilyrði, að félagið komi á fót gróðrartilraunastöð í grend við Reykjavík, og ráði mann til að standa fyrir tilraunum og annast þær að öllu leyti.	2,000	1,500	
7. Styrkur til Gullbringusýslu ... ... Veitist sýslunefndinni með því skilyrði, að hún verji styrknum til jarðræktar í þeim hreppum sýslunnar, sem bágast eru staddir, þannig að fátækustu menn sitji fyrir vinnu við jarðarbæturnar, en sveitarfélögin eignist hin ræktuðu svæði.	10,000		
8. Styrkur til útgáfu búnaðarrits 20 kr. fyrir örkina	240	240	
9. a. Laun handa tveim dýralæknum	2,400	2,400	
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400	400	
10. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu	300	300	
11. Til vita:			
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa . ... kr. 300			
b. til eftirlitsferða 100			
c. til vitans á Reykjanesi:			
1. til launa vitamannsins..... 1,200			
2. fyrir olíu 200			
3. fyrir lampakveiki o. fl. 150			
4. fyrir steinkol... 160			
5. flutningskostnaður... 250			
6. til viðhalds á húsum og áhöldum 300			
7. eftirgjald eftir lóðina 30			
8. til að byggja geymsluhús fyrir olíu og fl. 1900... ... ... 300 — 2,590			
d. til vita á Skagatá:			
1. til vitamanns 400			
Flyt 400 — 2,990	60,420	49,920	228,166 67

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
Fluttar 400	2,990	60,420	49,920	228,166 67
2. fyrir olíu 150				
3. — lampakveiki o. fl, ... 100				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum 200				
5. steinkol 100				
6. flutningskostnaður... 75				
7. eftirgjald fyrir lóðina 16	1,041			
e. til vita við Gróttu:				
1. til vitamanns 400				
2. fyrir olíu.. 125				
3. — lampakveiki o. fl. 100				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum... 160				
5. steinkol 60				
6. flutningskostnaður 40	885			
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð	500			
þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð, og má þá útvega tvo spegla til þeirra í skiftum fyrir tvo spegla, er áður voru notaðir í Reykjanesvitanum.				
1. til vitagerðarinnar 1900 2,000				
2. til vitamanns, hvort árið..... 400				
3. fyrir olíu 175				
4. fyrir lampakveiki o. fl. 150				
5. til viðhalds á húsum og áhöldum 80				
6. flutningskostnaður 50				
	2,855			
h. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	50			
i. Styrkur til ljóskers á Skipaskaga ... veitist með því skilyrði, að um tendrun á ljóskerinu fari eftir auglýsingu landshöfðingja 31. maí 1894.	75			
		8,396	6,096	
Flyt...		68,816	56,016	228,166 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	68,816	56,016	228,166 67
12. Til nýrra þríhyrninga- og strandmælinga á suðvesturhlið Reykjaness fyrir 1900	5,000		
13. Til kostnaðar við eftirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði	1,000	1,000	
	74,816	57,016	121,832
Samtals...	.....	....	359,998 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 197,260 kr. 08 a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
1. Laun	40,190	40,190	80,380
2. Styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sléttuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
Flyt...	40,190	40,190	80,380

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	40,190	40,190	80,380
o.	til læknis í Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
p.	til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þorleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	16,000	16,000	32,000
3.	Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri...	800	800	1,600
4.	Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.	150	150	300
5.	a. Styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	4,000
	b. Styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eftir reikningi, hvort árið alt að 300 kr.	300	300	600
6.	Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
7.	Ársútgjöld við holdsveikraspítalann:			
		kr. a.		
	a. Laun til starfsmanna.....	4,940		
	b. Viðurværi:			
	1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag..... 8,322 kr.			
	2. handa 17 starfsmönnum...247 kr. 12 a. á ári..... 4,184 kr. 04 a.			
		12,506.04		
	e. klæðnaður sjúklinga.....	600		
	d. meðöl og sáraumbúnaður.....	1,500		
	e. eldsneyti	3,500		
	f. ljósmeti	570		
	g. viðhald á húsum.....	1,200		
	Flyt	24,816.04	60,440	60,440	120,880

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Fluttar...	24,816.04	60,440	60,440	120,880
h. húsbúnaður og áhöld	600			
i. þvottur og ræsting	600			
k. greftrunarkostnaður	250			
l. flutningskostnaður	200			
m. til að skemta sjúklingum	200			
n. hestafóður	300			
o. ýmisleg gjöld	1,000	27,966 04	27,966 04	55,932 08
8. Útgjöld við bólusetningar		500	500	1,000
9. Önnur útgjöld:				
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri	400 —			
c. — — —— á Ísafirði	400 —			
d. — — —— á Seyðisfirði	400 —			
e. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa	24 —			
f. til náms yfirsetukvenna	2,000 —			
g. til verkfæra handa yfirsetukonum	400 —			
h. gjöld samkvæmt 13. gr. í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma 31. jan. 1896	1,000 —	5,824	5,824	11,648
10. Styrkur til að semja og gefa út nýa ljósmóðurfræði, alt að		800		800
11. Styrkur til útbúnings og áhalda handa sjúkrahúsinu á Seyðisfirði 4000 kr. (fyrra árið)		4,000		4,000
12. Til sjúkrahúsbyggingar á Patreksfirði annað árið alt að		3,000		3,000
Veitist með því skilyrði, að helmingi hærri upphæð verði veitt til fyrirtækisins annarsstaðar frá.				
Samtals		102,530 04	94,730 04	197,260 08

12. gr.

Til samgöngumála veitast 455,900 kr.

A.		1900.	1901.	alls.
Til útgjalda við póststjórnina:		kr.	kr.	kr.
1. Laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	8,100 —			
Flyt	11,100 kr.			

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 11,100 kr.			
2. handa tveim póstafgreiðslumönnum í Reykjavík ..... 2,500 —			
c. handa bréfhirðingarmönnum ..... 6,000 —			
	19,600	19,600	
2. póstflutningur.....	40,000	40,000	
3. til póstvagnferða í viku hverri frá 15. júní til 1. okt. frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að ..... Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.	600	600	
4. önnur útgjöld:	1900. kr.	1901. kr.	
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarins	2,000	2,000	
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu $1^0/_{00}$ um	200	200	
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	200	200	
d. fyrir prentun á ýmsu	1,000	1,000	
e. til áhalda	1,500	1,500	
f. til bréfaburðar í Reykjavík.....	400	400	
g. óviss gjöld.....	200	200	
h. til viðhalds húsi og áhöldum.....	1,500	100	
	7,000	5,600	
5. til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum	500		
samtals...	67,700	65,800	133,500
B.			
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur:			
a. laun 3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum 500			
3,500	3,500	3,500	
.·. Flyt	3,500	3,500	133,500

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	3,500	3,500	133,500
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að	1,500	1,500	
3. til flutningabrauta.....	20,000	20,000	
4. til þjóðvega	50,000	50,000	
5. til fjallvega	5,000	5,000	
6. styrkur til Ísafjarðarsýslu til að gjöra veg yfir Breiðadalsheiði alt að ..... Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram að minsta kosti jafnmikla upphæð.	2,500		
7. Styrkur til Borgarfjarðarsýslu til að gjöra veg frá Skipaskaga að Blautós alt að..... Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það, sem til vantar til að fullgjöra veginn, að minsta kosti jafnmikla npphæð.	2,400		
8. Styrkur til Dalasýslu til brúargerðar á Laxá í Laxárdal, þriðjungur kostnaðar, alt að.....	1,700		
	86,600	80,000	
			166,600
C.			
1. Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafélags, 3. og 4. ársborgun af 5 ára styrk, með þeim skilyrðum, að félagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli Íslands á eina hlið og Danmerkur og Stóra-Bretlands á hina, og umhverfis Ísland, samkvæmt ákvæðunum á fjárlögunum fyrir 1898 og 1899	50,000	50,000	
2. Til gufubátaferða: kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að 7,700			
b. á Ísafjarðardjúpi.. 2,500			
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi eftir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefnda. Af upphæðinni undir stafl. a má verja 200 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem séu að minsta kosti tvær ferðir, milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyar og Holtsvara.	10,200	10,200	
Styrkurinn undir staflið a og b greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomustöðum ár sérstaks endurgjalds.			
Flyt...	60,200	60,200	300,100

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	60,200	60,200	300,100
4. Styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn alt að..... Veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Árnessýslu verji að minsta kosti jafnmikilli upphæð til fyrirtækisins, og að verkið verði að áliti verkfræðings vel af hendi leyst.	400		
	60,600	60,200	120,800
D.			
Til ritsíma milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, alt að ... . Að því tilskildu, að sá, er leyfi fær til að leggja ritsímann í sæ, veiti 300,000 kr. tillag til lagningar á ritsíma yfir land milli þess staðar, er sæsíminn kemur í land á Íslandi og Reykjavíkur, má stjórnin ákveða, að sæsíminn sé lagður á land á Austurlandi. Auk þess er stjórninni heimilt, ef til þess kemur, að verja á fjárhagstímabilinu alt að 75,000 kr. til þess að undirbúa landsímalagninguna og til að útvega efni og áhöld til þess.	.....	35,000	35,000
Samtals...	.....	.....	455,900

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 321,166 kr. » a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	1,700	1,700	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti.	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. bráðabirgðar-uppbót á Meðallandsþingum.....	200	200	
6. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum.....	3,000	3,000	
7. bráðabirgðar-uppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi.....	100	100	
Flyt...	21,800	22,300	

		1900.	1900.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	21,800	22,300	
8.	til að endurreisa 2½ fallin prestmötukúgildi á Laugarbrekku í Nesþingum og sem uppbót til síra Helga Árnasonar fyrir prestsmötumissi..... gegn því, að jörðin Laugarbrekka með hjáleigum Holti og Hóli verði afsöluð landssjóði til eignar.	400		
9.	styrkur til síra Gísla Kjartanssonar fyrir flutning og byggingu staðarhúsa á Felli í Mýrdal ...	600		
10.	endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
		23,800	23,300	
				47,100
	B.			
	Kenslumálefni:			
I.	Til prestaskólans:			
	a. laun.....	9,200	9,200	
	b. önnur útgjöld:			
	1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1900 og 16 1901, 80 kr. handa hverjum..... 1900. 960 kr. 1901. 1,280 kr.			
	2. námsstyrkur..... 800 — 1,000 — Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
	3. til tímakenslu..... 100 — 100 —			
	4. til bókakaupa..... 300 — 300 —			
	5. til eldiviðar og ljósa... 150 — 150 —			
	6. til umsjónar..... 100 — 100 —			
	7. ýmisleg útgjöld..... 200 — 200 —			
	8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að..... 250 — 250 —			
		2,860	3,380	
		12,060	12,580	
				24,640
II.	Til læknaskólans:			
	a. laun.....	3,200	3,200	
	Flyt...	3,200	3,200	71,740

	1900.	1901.	1900. kr.	1901. kr.	alls. kr.
Fluttar.....			3,200	3,200	71,740
b. önnur útgjöld:					
1. námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,200 kr.	1,200 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting	200 —	200 —			
3. til bókakaupa og verkfæra.....	500 —	500 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 16 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum.....	1,280 —	1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði.....	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að.....	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld.....	100 —	100 —			
			3,880	3,880	
			7,080	7,080	14,160
III. Til hins lærða skóla:					
a. laun.....			19,200	19,200	
b. aðstoðarfé:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum.....		700 —			
— dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —	2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:	1900.	1901.			
1. til bókasafns skólans	720 kr.	720 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,200 —	1,200 —			
3. til skólahússins utan og innan.....	3,200 —	1,400 —			
4. til tímakenslu og prófdómenda	1,050 —	1,050 —			
5. Laun cand. mag.					
Fluttar:	6,170 kr.	4,370 kr.	21,700	21,700	85,900

		1900.	1901.		1900.	1901.	alls.
					kr.	kr.	kr.
		1900.	1901.				
	Fluttar:	6,170 kr.	4,370 kr.		21,700	21,700	85,900
	Bjarna Jónssonar sem aukakennara	1,300 —	1,300 —				
6.	námsstyrkur.....	4,500 —	4,500 —				
	Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið og greiðist fyrri hluti styrksins að afloknu miðsvetrarprófi, en síðari hlutinn síðast í maímánuði.....						
7.	húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —				
8.	þóknun handa lækni	100 —	100 —				
9.	ýmisleg útgjöld.....	800 —	800 —				
10.	fyrir prestsverk	48 —	48 —				
11.	til vísindalegra áhalda við kenslu:						
	a. í náttúrusögu.....	200 —	200 —				
	b. í eðlisfræði.....	400 —	400 —				
12.	til þess að gefa út kenslubækur handa lærða skólanum, 25 kr. fyrir örkina	600 —	600 —				
13.	til áhalda við leikfimiskenslu	200 —	200 —				
					15,038	13,238	
					36,738	34,938	71,676
IV.	Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:						
	a. laun				6,600	6,600	
	b. önnur útgjöld:	1900.	1901.				
1.	til bóka- og áhaldakaupa við kensluna..	400 kr.	400 kr.				
2.	til eldiviðar og ljósa.	500 —	500 —				
3.	til skólahússins utan og innan	200 —	200 —				
4.	ýmisleg útgjöld	500 —	500 —				
5.	til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —				
					2,000	2,000	
					8,600	8,600	
							17,200
				Flyt...	.....	.....	174,776

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	.....	.....	174,776
V.	Til stýrimannaskólans:				
	a. laun		3,000	3,000	
	b. önnur útgjöld:				
	1. til tímakenslu	1,200 kr.	1,200 kr.		
	2. til áhaldakaupa o. fl.	1,100 —	300 —		
	3. til eldiviðar og ljósa	500 —	500 —		
	4. ýmisleg útgjöld	600 —	500 —		
	5. til að kaupa lóð 2 kr. fyrir □ faðm., alt að	440 —			
			3,840	2,500	
			6,840	5,500	12,340
VI.	Til annarar kenslu:				
	a. til kvennaskóla:				
	1. til kvennaskólans í Reykjavík... þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.	2,500 kr.			
	2. til kvennaskóla Húnvetninga ...	2,200 —			
	3. til kvennaskóla Eyfirðinga	2,200 —			
			6,900	6,900	
	b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemandafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.		5,500	5,500	
	2. til sveitakennara, alt að 80 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna.		5,500	5,500	
	c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...		2,500	2,500	
	d. til kennarafræðslu		2,800	2,800	
	e. námsstyrkur handa kennaraefnum, 50 krónur handa hverjum, alt að 500 kr. hvort árið....		500	500	
	f. til skólaiðnaðar-kenslu		500	500	
	g. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....		1,000	1,000	
	h. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur		300	300	
	i. til kenslu heyrnar- og málleysingja		5,000	5,000	
		Flyt...	30,500	30,500	187,116

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar:	30,500	30,500	187,116
j. til síra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kenslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	30,650	30,650	61,300
VII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík	200	200	
Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kenslu.			
b. til sundkenslu annarsstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	600	600	
	1,800	1,800	3,600
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmenta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,500	1,500	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900	900	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá og til samnings spjaldskrár	4,000	4,000	
d. til eldiviðar og áhalda, m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins 500 kr.			
b. til amtsbókasafns Austuramtsins 400 —			
c. til amtsbókasafns Vesturamtsins 400 —	1,300	1,300	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. til landsskjalasafnsins:			
a. laun skjalavarðar, sem landshöfðingi skipar	1,200	1,200	
b. til að koma safninu fyrir og til viðhalds	500	200	
Flyt:	10,150	9,850	252,016

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	10,150	9,850	252,016
4. til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
5. til Þjóðvinafélagsins	750	750	
6. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 600 —			
c. til húsnæðis og hita..... 2000 —			
d. til að flytja safnið og koma því fyrir alt að .... 800 —			
	4,400	3,600	
7. til Fornleifafélagsins: til útgáfu árbókar..... útborgist því að eins, að árbók fornleifafélagsins komi út hvort árið.	300	300	
8. styrkur til að gefa út bækling um Ísland með myndum og kortum vegna Parísarsýningarinnar...	1,000		
9. til Náttúrufræðisfélagsins .... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 100 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.	500	500	
10. Styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
11. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að sams konar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið.....	800	800	
12. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna ...	300	300	
Flyt...	21,000	18,900	252,016

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	21,000	18,900	252,016
13. til rannsókna á byggingaefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð, alt að ..... Fé þessu skal varið eftir tillögum búnaðarfélags Íslands.	3,000	3,000	
14. styrkur til tveggja manna til nema dýralækningar 600 kr. til hvors	1,200	1,200	
15. styrkur til Guðjóns Guðmundssonar til landbúnaðarnáms við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn	500	500	
16. Til síra Matthíasar Jochumssonar ..... Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að síra Matthías fái lausn frá embætti eftir eigin ósk, og má veita honum þá lausn, enda þótt hin almennu skilyrði fyrir því séu eigi fyrir hendi, en haldi hann áfram prestskap, veitast honum 600 kr. hvort árið.	2,000	2,000	
17. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
18. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
19. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300	300	
20. til skólakennara Geirs Zoëga til að semja íslenzk-enska orðabók.	500	500	
21. Styrkur til yfirdómara Jóns Jenssonar og landritara Jóns Magnússonar til að gefa út lagasafn handa alþýðu 4. bindi 20 kr. fyrir örkina, gegn því að bókin verði seld með vægu verði.....	400		
22. Styrkur til amtmanns Páls Briem til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 20 kr. fyrir örkina.....	200	200	
23. til cand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
24. til kapteins í sjóliðinu Ryders til tilrauna við skógarrækt hér á landi	1,000		
Flyt...	32,200	28,700	252,016

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	32,200	28,700	252,016
25. styrkur til Stefáns kennara Stefánssonar til að rannsaka fóður- og beitijurtir	1,000	1,000	
26. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	1,000		
27. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	1,000		
28. til Leikfélags Reykjavíkur alt að... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu helming á móts við styrkinn úr landssjóði.	300	300	
29. til snikkara Jóns Sveinssonar í Reykjavík fyrir byggingaruppdrátt til stýrimannarkólans	250		
30. til cand. theol. Haralds Níelssonar, styrkur til utanfarar til að stunda hebreska tungu og skýringar gamla testamentisins	600		
31. til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	600	600	
32. til Halldórs Lárussonar til að fullkomna sig í hraðritun og til að kenna hana	400	400	
33. Styrkur til hússtjórnarskólans í Reykjavík	800		
	38,150	31,000	69,150
Samtals ..	.....	.....	321,166

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 90,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr., sem viðbót við eftirlaun hans, til síra Þorkels Bjarnasonar 500 kr., sem viðbót við væntanleg eftirlaun hans; til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr., til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr., til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

Stjórninni er heimilt að veita kennara við lærða skólann, Dr. phil. Þorv. Thoroddsen, lausn frá embætti með eftirlaunum, enda þótt hin almennu skilyrði fyrir þeirri lausn séu eigi fyrir hendi, og skulu eftirlaunin vera 2000 kr. á ári; þó hætti eftirlaun hans, ef hann á ný fær launað embætti í hinu danska ríki.

Síra Pétur Guðmundsson frá Grímsey heldur eftirlaunum sínum óskertum, þó að hann fái prestakall á fjárhagstímabilinu.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 99,024 kr. 75 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita alt að 30,000 kr. lán hvort árið til þilskipakaupa frá útlöndum, er veitast einkum þeim mönnum eða félögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í áreiðanlegri vátryggingu og í fyrsta eða öðrum flokki. Eigi má lána meira en 4,000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til sveitarfélaga, þó ekki yfir 2000 kr. til hvers. Lán þessi ávaxtast með 3% árlega og sé afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en borgist síðan á 15 árum. Lánum þessum sé ennfremur settir þessir skilmálar:

1. Lánsféð veitist samkvæmt beiðni frá sveitarstjórn til landshöfðingja og eingöngu til jarðabóta, er sé sams konar og þær, sem styrktar eru af landssjóði.
2. Þeir, sem lánin taka fyrir milligöngu sveitarfélaga, verji hver um sig til jarðabóta fyrstu 5 árin, sem lánið stendur, auk lánsupphæðarinnar, $\frac{1}{3}$ á móti henni. Dagsverk við jarðabætur þessar skal metið 2 kr.
3. Jarðabæturnar sé samkvæmt vottorði skynbærra manna, er sýslunefnd kveður til að skoða þær, hyggilega stofnaðar og vel unnar.
4. Landshöfðingja sé, eftir nánari fyrirmælum hans, send þau skírteini, er hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að framannefndum skilmálum sé fullnægt.
5. Sé einhverjum af skilmálum þessum ekki fullnægt, er lánið þegar að sama skapi fallið í gjalddaga.
6. Lánbeiðslur sveitarstjórna sé komnar til landshöfðingja fyrir 14. dag maímán. 1900, og veitist eigi neitt af lánum fyr en þann dag.
7. Lán til einstakra manna séu aldrei lægri en 200 kr. til hvers.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 20,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum á Íslandi. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands, og gegn ábyrgð sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, sé afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist síðan á 20 árum.

Öll þessi lán veitist þó því að eins, að fé sé fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera.

Nd. 560. **Frumvarp**

til laga um eignarrétt og leigurétt útanríkismanna til jarðeigna á Íslandi (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Enginn, sem heimili á útanríkis, hvorki einstakur maður né félag, má eiga jarðeign né jarðarítök hér á landi, nema það sé leyft með sérstökum lögum. Jarðeignir þær og ítök, sem útanríkismenn eiga nú, eru undanþegnar þessu ákvæði, þangað til eigendaskifti verða á þeim.

2. gr. Nú flyzt maður, sem á jarðeign hér á l ndi, til annara ríkja, eða utanríkismaður eignast hér jarðeign að gjöf eða erfðum, og skulu þeir þá innan fimm ára hafa selt jarðeign sína; en geri þeir það ekki, skal selja jarðeignina við opinbert uppboð, og greiðist andvirði hennar, að frádregnum kostnaði, fyrverandi eiganda.

3. gr. Enginn má selja utanríkismönnum jarðeign eða jarðarítök hér á landi, nema eftir sérstökum lögum, nè heldur leigja þeim jarðir, jarðarítök, svo sem ár, vötn eða fossa, eða nokkur jarðarafnot lengur en 50 ár.

4. gr. Brot móti lögum þessum varða sektum til landssjóðs frá 1000 kr. til 10,000 kr., og skal með þau fara sem opinber lögreglumál.

Ed. **561. Frumvarp**

til laga um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls og lausamannsgjalds til kirkju (eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Þeir menn allir, karlar og konur, skulu vinna presti sínum dagsverk, er tíunda lausafé, sem eigi nemur 5 hundruðum gjaldskyldum, ennfremur húsmenn, þurrabúðarmenn, kaupstaðarborgarar og allir þeir, sem eiga heimili forstöðu að veita, jafnt karlar sem konur, svo og lausamenn og lausakonur, þó að þessir menn tíundi ekkert.

Dagsverk skal vinna presti um heyannir (heyannamánuð) og fæðir gjaldandi sig sjálfur. Ef gjaldandi vinnur eigi dagsverkið, skal hann greiða presti það eftir verðlagsskrá þeirri, er gildir á gjalddaga. Eigi skal þó kona greiða nema helming þess gjalds, ef hún hefir eigi jarðnæði til umráða, né heldur vinnumann.

2. gr. Offur skal greiða hver húsbóndi eða sjálfstæður maður einhleypur, sem á 20 hndr. í fasteign (eftir gildandi jarðamati) eða í lausafé eða í hvorutveggja til samans; ennfremur hver húseigandi í kaupstöðum og verzlunarstöðum, ef húseign þeirra er að minsta kosti virt á 3000 kr. og er eigi notuð við ábúð á jörð þeirri, er metin sé til dýrleika; konunglegir embættismenn og sýslunarmenn, er landshöfðingi skipar, er hafi að minsta kosti 600 kr. að launum, enn fremur kaupmenn, lyfsalar, bakarar og verzlunarstjórar, svo og verzlunarþjónar, er hafi eigi minna en 600 kr. að launum. Offrið er að minsta kosti 4 kr. og gjalddagi á því 31. des. ár hvert.

3. gr. Hver sá, sem hefir til afnota jörð eða jarðarhluta, sem metin er til dýrleika, skal fóðra lamb fyrir prestinn; sömuleiðis hver sá, sem hefir grasnytjar af slægjulandi, er hann sjálfur á eða hefir á leigu, ef það gefur af sér að minsta kosti 2 kýrfóður. Húsmaður skal og lamb fóðra, þótt eigi hafi hann ákveðinn jarðarhluta eða afmarkað slægjuland til fullra umráða, ef hann hefir grasnytjar svo miklar, að hann framleiðir 3 hundruðum kvikfénaðar. Ef lamb er eigi fóðrað, skal það goldið eftir verðlagsskrá og er gjalddagi á því 10. maí ár hvert.

Nú hefir maður tvær eða fleiri heilar jarðir til ábúðar eða afnota, og skal hann þá fóðra jafnmörg lömb og ábúðarjarðir hans eru.

4. gr. Lausamenn og lausakonur greiða presti 50 aura gjald á ári, hvort sem þau eiga að greiða dagsverk eða ekki. Gjalddagi á þessu gjaldi er 31. des. árhvert.

5. gr. Heilan ljóstoll til kirkju gjaldi búandi hver eða húsráðandi, sem heldur hjú, hvort sem hann er karl, kvæntur eða ókvæntur, eða kona, gift eða ógift. Hálfan ljóstoll til kirkju gjaldi húsráðendur og húsmenn hjúalausir og ennfremur einhleypir

menn og vinnuhjú, sem tíunda 60 ál. eða meira. Hjú teljast börn yfir 16 ára aldur, sem vinna hjá foreldrum sínum.

6. gr. Lausamenn og lausakonur greiði til kirkju 50 aura á ári.

7. gr. Gjalddagi á gjöldum þeim, er talin eru í 5. og 6. gr., er 31. desbr. ár hvert

8. gr. Ákvæði þau í eldri lögum, er koma í bága við lög þessi, eru numin úr gildi.

Nd. 562. **Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um eignarrètt og leigurétt utanríkismanna til jarðeigna á Islandi (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

Breytingar þær, er frumvarpið hefir orðið fyrir í efri deild, eru að eins til frekari skýringar og í fullu samræmi við stefnu þess. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt, eins og það liggur nú fyrir.

Neðri deild alþingis, 24. ágúst 1899.

Pétur Jónsson, formaður.	Ólafur Briem, skrifari.	Guðjón Guðlaugsson.
Einar Jónsson.	Björn Sigfússon.	Þorlákur Guðmundsson.

Ed. 563. **Nefndarálit**

í fjárlagamálinu.

Enda þótt h. nd. hafi felt úr frumvarpinu ýmsar upphæðir, sem efri deild hafði sett í það og sem nefndin telur rétt, að staðið hefði, og bætt öðrum við, sem vér teljum frumvarpinu til spillis, þá viljum vér þó, til þess að fyrirbyggja frekari breytingar og rugling í þessu máli, eftir atvikum leggja það til, að h. efri deild samþykki frv. óbreytt.

Efri deild alþingis 24. ágúst 1899.

Hallgr. Sveinsson, formaður.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.	J. Havsteen.
Þorleifur Jónsson.	Guttormur Vigfússon.	

Ed. 564. **Nefndarálit**

í málinu um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi.

Vér nefndarmenn, sem kosnir höfum verið af háttv. efri deild alþingis til að íhuga frumv. um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi, höfum athugað þetta frumv. svo rækilega, sem föng hafa verið á, á hinum afarstutta tíma, sem vér höfum til þess haft, og lýsum áliti voru á því á þessa leið:

Oss dylst eigi, að banki með því fyrirkomulagi í öllum aðalatriðum, sem frumv. gjörir ráð fyrir, og með því fjármagni, sem honum er ætlað að starfa með,

mundi vera mjög æskilegur fyrir land vort og til stórra umbóta frá hinu núverandi ástandi, sem vitanlega ekki er fullnægjandi. Vér berum að sjálfsögðu ekki fult skyn á það málefni, sem hér er um að ræða, því að til þess útheimtist sérstök hagfræðisleg þekking, sem vér höfum engin tök á að afla oss; en að því leyti sem vér fáum um það dæmt, virðast oss ákvæði hins fyrirliggjandi frumv. vel aðgengileg yfir höfuð að tala, og samsvarandi högum vorum og þörfum landsins. Vér hyggjum, að banki, sem lagaður væri eftir frumv., mundi geta veitt verzlun, landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði landsins mikilsverðan stuðning, sem og veitt hvöt og styrk til ýmislegra annara nytsamlegra fyrirtækja. Ákvæði frumv. um stjórn og fyrirkomulag bankans getum vér ekki annað en skoðað sem nægilega trygging fyrir því, að hagsmunum Íslands verði borgið.

Þó verðum vér að taka fram nokkur atriði, sem vér hefðum óskað að væru öðru vísi eða ákveðin nánara en þau eru í frumv. Sumir nefndarmenn telja það varhugavert, að afsala frá landinu um 90 ár svo mikilsverðum rétti, sem seðla-útgáfuréttur inn er, og hefðu heldur kosið að þetta tímabil væri sett stórum mun styttra, svo framarlega sem þess væri kostur, þótt vér allir hins vegar könnumst við, að 14. gr. frv. tryggir landssjóði álitleg hlunnindi í þessum notum, og 21. gr. veitir landssjóði aðgang að því að leysa til sín, ef þess er óskað, öll hlutabréf bankans með vel viðunanlegum kostum.

1. gr. heimilar landssjóði að verða hluthafi í bankanum með 2 miljónum kr., og væri hann þá eigandi að $^2/_5$ af öllu stofnfénu; en eigi er oss full-ljóst, að hve miklu leyti landssjóður muni geta hagnýtt sér þennan rétt með viðunanlegum kostum.

Nokkur þau atriði, sem eftir frumv. mun vera ætlast til að sett verði í reglugjörð bankans, svo sem um atkvæðisrétt á aðalfundum, álítum vér heppilegra að taka upp í frumv. sjálft.

Þá söknum vér í 11. gr. ákvæða um það, hversu ráðstafað skuli sparisjóði þeim, sem nú er í sambandi við Landsbankann, og varasjóði hans. — Sömuleiðis virðist oss nauðsynlegt, að í frumv. þessu væru ákvæði um, að jafnhliða staðfestingu laga um stofnun hins nýa hlutabanka væru lögin frá 18. sept. 1885 um stofnun Landsbankans numin úr gildi.

Nokkrar orðabreytingar, sumpart til lögunar á orðfæri frv. og sumpart til ljósari eða fyllri ákvæða um fáein atriði, teljum vér að vísu æskilegar. En með því að það er sýnilegt, að frv. getur ekki komist til 2. umr. hér í deildinni, því síður orðið útrætt til fulls á þessu þingi, vegna þess að einungis einn dagur er eftir af þingtímanum, þykir oss ekki ástæða til að gjöra neinar tillögur í því efni.

En þar sem vér samkvæmt framangreindu verðum að telja það mjög æskilegt, að hér á landi komist á fót svo fljótt, sem kostur er á, banki með líku fyrirkomulagi og fjárafli, sem frv. ræðir um, ræður nefndin hinni háttv. Ed. alþingis til að samþykkja svohljóðandi

Tillögu til þingsályktunar.

Efri deild alþingis skorar á landsstjórnina, að svo framarlega sem hún

eftir nákvæma athugun getur fallist á, að frv. það um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi, sem þingið hefir haft til meðferðar, sé eftir stefnu þess og megin-ákvæðum vel til þess fallið, að verða leitt í lög, þá leggi hún, eftir nauðsynlegan undirbúning, slíkt frv. fyrir alþingi svo fljótt sem kostur er á.

Alþingi 24. ágúst 1899.

Kristján Jónsson, formaður. Hallgr. Sveinsson, skrifari og framsögumaður.

Jón Jakobsson, Sigurður Jensson, Þorleifur Jónsson.

Ed. 565. **Frumvarp**

til laga um greiðslu verkkaups (eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verzlanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á þilskipum, sem á fiskiveiðar ganga eða hvalaveiðar, hvort sem eru seglskip eða gufuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir. Þó geta vinnuveitandi og verkmaðurinn gjört annan samning um þessi atriði.

2. gr. Nú vinnur maður ákveðið verk fyrir ákveðið kaup (accord) að einhverri þeirri atvinnugrein, er 1. gr. hljóðar um, og fer um greiðslu þess, eins og segir í 1. gr.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 100 krónum, er renna í landssjóð.

4. gr. Með brot gegn lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd. 566. **Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá Valtý Guðmundssyni, Kl. Jónssyni, Þórði Thoroddsen, Pétri Jónssyni.

Neðri deild alþingis skorar á landsstjórnina, að svo framarlega sem hún eftir nákvæma athugun getur fallist á, að frumv. það um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi, sem þingið nú hefir haft til meðferðar, sé eftir stefnu þess og meginákvæðum vel til þess fallið að verða leitt í lög, þá leggi hún, eftir nauðsynlegan undirbúning, slíkt frumvarp fyrir alþingi, svo fljótt, sem kostur er á.

Nd. 567. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um byggingu sóttvarnarhúsa í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði.

I frumvarpi þessu er farið fram á, að varið sé alt að 40 þús. kr. úr landssjóði til þess að byggja sóttvarnarhús í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði og til útbúnaðar á þeim. Er svo til ætlast, að á húsum þessum skuli samkv. sóttvarnarlögunum 17. des. 1875 og viðaukalögum við þau 24. okt. 1879 veita móttöku þeim, sem komnir eru að sjóleiðis og sýktir eru af bólusótt eða kóleru eða öðrum næmum sjúkdómum, svo og þeim sjúklingum, er læknar samkv. 6. gr. laga 31. jan. 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma láta flytja þangað, og skal allan árlegan kostnað við þessi sóttvarnarhús greiða úr landssjóði.

Nefndin verður nú að vera þeirrar skoðunar, að landssjóður hafi samkv. ofangreindum lögum talsverðar skuldbindingar í þessu efni. 5. gr. laga 17. des. 1875 ákveður, að vera skuli til reiðu hæfileg hús á tilteknum stöðum, þar sem tekið verði við mönnum, sem komnir eru að sjóleiðis og eru veikir af bólusótt eða kóleru og hjúkrað að þeim á haganlegan hátt. Útlendum skipum, sem koma frá næmsýktum héruðum eða með sjúklinga með hættulega næma sjúkdóma, er skipað að fara á ákveðna staði vegna sjúkdómsins, en á þessum stöðum er þrátt fyrir áðurnefnt lagaboð ekkert hús til reiðu né viðbúnaður til að taka á móti sjúklingunum. Reyndar er í lögunum gjört ráð fyrir, að hús séu leigð, þegar skip með næmum sjúkdómi ber að landi, en það hefir komið fram oftar en einu sinni, að slíkt er miklum vankvæðum bundið.

Nefndin álítur því, að nauðsyn krefji, að eitthvað sé gjört í þessu efni. Aftur á móti getur nefndinni ekki dulist, að landssjóði mundi of vaxið að byggja sóttvarnarhús á öllum þeim stöðum, er lög gjöra ráð fyrir, og greiða allan kostnað, er af viðhaldi þeirra og aðhjúkrun sjúklinga mundi leiða, og álítur nægja að slík hús væri bygð að eins á fjórum stöðum á landinu. Telur nefndin ónauðsynlegt, að nokkurntíma verði bygð sóttvarnarhús vegna útlendinga á fleiri stöðum, og að vel mætti við una, að eitt slíkt hús væri til í landsfjórðungi hverjum. Álítur hún slík hús heppilegast bygð í Reykjavík, á Patreksfirði, Akureyri og Seyðisfirði, en víðar ekki. Ætti þá að breyta sóttvarnarlögunum samkvæmt þessu.

Í frumvarpinu er ætlast til, að 10 þús. kr. sé varið til byggingar hvers þessa sóttvarnarhúss, og mun þá láta nærri, að hvert hús rúmi 10 sjúklinga. Þetta telur nefndin óþarflega stór hús, og telur nægja mundu hús, er að eins rúmi 5—6 sjúklinga. Slík hús mundu með nauðsynlegum áhöldum til sótthreinsunar eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, ekki kosta meira en um 6000 kr. hvert, og yrði þá allur byggingarkostnaðurinni um 24,000 kr.; álítur nefndin þetta landssjóði ekki ofvaxið, þar sem hér er bæði um lagaskyldu og nauðsyn að ræða.

Vér höfum álitið oss skylt að bera fram fyrir deildina álit vort á þessu máli, enda þótt ekki sé auðið, vegna tímans, að taka það til umræðu og ályktunar á þessu þingi.

Neðri deild alþingis, 24. ágúst 1899.

Valtýr Guðmundsson, formaður.
Þórður J. Thoroddsen, skrifari og framsögumaður.
Jón Jensson.

Nd. 568. **Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá Guðl. Guðmundssyni, Kl. Jónssyni, Sigurði Gunnarssyni, Skúla Thoroddsen, Tryggva Gunnarssyni, Valtý Guðmundssyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að senda konungi svohljóðandi ávarp:

Ávarp til konungs.

Allramildasti herra konungur!

Um leið og vér göngum frá þingstörfum vorum að þessu sinni, er neðri deild alþingis ljúft að flytja Yðar Hátign allraþegnsamlegast ávarp.

Á þjóðhátíðardegi vor Íslendinga, hinn 2. dag ágústmánaðar, mintist alþingi þess, að 25 ár voru liðin, frá því er sá atburður varð, er mestur og beztur hefir verið í sögu lands vors á þessari öld, er Yðar Hátign sótti heim þjóð vora og lagði hyrningarsteininn að sjálfstæði hennar og framförum.

Enn sem komið er, stöndum vér, því miður, ekki í svo greiðu sambandi við umheiminn, að vér á þeim degi gætum fært Yðar Hátign þegnsamlegastar heillaóskir vorar, en það gjörum vér nú með einlægum þakkarhug fyrir landsföðurlega ást og umhyggju Yðar Hátignar fyrir landi voru, er meðal annars hefir sýnt sig svo fagurlega, er þjóð vor hefir orðið fyrir þungum áföllum af völdum náttúrunnar. Hin lofsæla minning konungsins, sem fyrstur konunga vorra sté fæti á hinn helga sögustað lands vors og veitti alþingi með sér hluttöku í löggjafarvaldi og fjárforræði, mun á ókomnum öldum lifa í hjörtum landsins barna.

Svo sárt sem vér allir finnum til þess, hve mjög er ábótavant hinu núverandi stjórnarfyrirkomulagi voru, könnumst vér þó fúslega við það, að stjórnarskrá vor hefir á liðnum 25 árum reynst landi voru til þroska og þrifa fremur öllu öðru.

Vér, þegnar Yðar Hátignar á hinu kalda og afskekta landi, tökum innilega þátt í hverri þeirri sorg og gleði, sem forsjónin lætur Yðar Hátign eða Yðar konunglega húsi að höndum bera. Vér finnum því hvöt hjá oss til að láta í ljós vora innilegustu hluttekning í þeirri sáru sorg, sem Yðar Hátign hefir orðið fyrir á umliðnu ári, er Hennar Hátign drotningin var burt kölluð úr þessum heimi, eins og vér hins vegar jafnframt getum ekki bundist þess, að láta vora hjartanlega gleði í ljós yfir þeim fagnaðarríka atburði, er Yðar Hátign hefir á yfirstandandi ári auðnast að líta sonar-sonarson Yðar Hátignar, og þar með að sjá ættlegg Yðar Hátignar enn staðfastari á þeim veldisstóli, sem Yðar Hátign hefir svo lengi prýtt.

Vér biðjum algóðan guð, að halda sinni verndarhendi yfir Yðar Hátign og allri Yðar konunglegu ætt.

Ed. 569. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 8, 6. apríl 1898.

Frá Sigurði Stefánssyni, Sigurði Jenssyni og Þorleifi Jónssyni.

1. A eftir orðunum »í landhelgi« á seinni staðnum í fyrstu málsgrein frumv. komi: »eða dvelur að nauðsynjalausu á skipum þeirra«.
2. Önnur málsgrein frumv. »Sömu . . . . . þeirra« falli burtu.

Nd. 570. **Frumvarp**

til laga um greiðslu verkkaups.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verzlanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á þilskipum, sem á fiskiveiðar ganga eða hvalaveiðar, hvort sem eru seglskip eða gufuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir, og má eigi greiða kaupið með skuldajöfnuði. Þó geta vinnuveitandi og verkmaðurinn gjört annan samning um þessi atriði.

2. gr. Nú vinnur maður ákveðið verk fyrir ákveðið kaup (accord) að einhverri þeirri atvinnugrein, er 1. gr. hljóðar um, og fer um greiðslu þess, eins og segir í 1. gr.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 100 krónum, er renna í landssjóð.

4. gr. Með brot gegn lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd. 571. **Framhalds-nefndarálit**

um frumv. til laga um greiðslu verkkaups.

Þótt breytingar þær, sem hin háttvirta efri deild hefur gjört á frumv. þessu, dragi mjög úr þeirri vernd, sem frumv., eins og það kom frá neðri deild, veitti umkomulitlum og fátækum vinnulýð gegn kaupmönnum og öðrum meiri máttar vinnuveitendum, þar sem þær lúta að því að leyfa ótakmarkað samningafrelsi um greiðslu verkkaupsins milli vinnuveitanda og verkmanns, en það veitti frumv. eigi, eins og h. neðri deild skildi við það, þá viljum vér eigi neita því, að nokkur bót kunni þó að vera að frumv., eins og það nú er orðið, og þar sem eigi er tími til á þessu þingi að koma fram neinum breytingum á því, viljum vér leggja til, að frumv. verði samþykt óbreytt af hinni h. neðri deild.

Neðri deild 25. ágúst 1899.

Jens Pálsson. Jón Jensson, skrifari og framsögum. Jón Þórarinsson.

Nd. 572. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar (þingskj. 566).

Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Skaftf.

Orðin »svo fljótt, sem kostur er á« falli burt.

573. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (eins og það var samþykt við eina umr. í efri deild.).

1. kafli.

1. gr.

Á árunum 1900 og 1901 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,399,900 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,126,000 kr.

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a) á ábúð og ofnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafé	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	6,000	6,000	12,000
3. tekjuskattur	13,500	13,500	27,000
4. aukatekjur	30,000	30,000	60,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	9,000	9,000	18,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	46,000	46,000	92,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	70,000	140,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	180,000	180,000	360,000
12. tekjur af póstferðum	35,000	35,000	70,000
13. óvissar tekjur	2,500	2,500	5,000
samtals...	563,000	563,000	1,126,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,200 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestmötu o. fl., alls 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Styrkurinn til húsabóta sé bundin því skilyrði, að leiguliðinn leggi fram í minsta lagi 1/3 kostnaðarins.			
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
samtals...	25,100	25,100	50,200

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 94,000 kr.

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	42,000	42,000	84,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1900 38,673 kr. 66 a.			
- — 1901 39,058 — 37 —			
77,732 kr. 03 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	47,000	47,000	94,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 120,500 kr.:

	1900	1901	alls
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	500	»	500
samtals...	60,500	60,000	120,500

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1900 og 1901 veitast til útgjalda 1,498,924 kr. 75 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar eru skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1900: 12,400 kr., og árið 1901: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 359,998 kr. 67 a.

			1900.	1901.	alls.
	A.		kr.	kr.	kr. a.
	Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:				
1.	laun embættismanna		18,066 67	18,100	36,166 67
2.	endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.		4,200	4,200	8,400
3.	hin umboðslega endurskoðun:				
	a. laun endurskoðanda	2,500 kr.			
	b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda	500 —			
	c. skrifstofukostnaður	300 —			
	d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar	1,000 —			
			4,300	4,300	8,600
			26,566 67	26,600	53,166 67
	B.				
	Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1.	laun:				
	a. til dómara og sýslumanna		68,100	68,100	
	b. til hreppstjóra		8,000	8,000	
2.	ritfé handa bæarfógetanum í Reykjavík		1,400	1,400	
3.	til hegningarhússins og fangelsanna:				
	a. laun umsjónarmannsins	1900. 1,000 kr.	1901. 1,000 kr.		
	viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 —	200 —		
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —		
	þóknun handa lækni	60 —	60 —		
	b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —		
	3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e.	230 —	230 —		
	þvottur	30 —	30 —		
	til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —		
	útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 —	400 —		
	til þess að útvega verkefni	500 —	500 —		
	ýmisleg útgjöld	150 —	150 —		
		4,415 kr.	4,415 kr.		
	arður af verkum talinn	615 —	615 —		
		3,800 kr.	3,800 —		
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna	1,600 —	300 —		
				5,400	4,100	
			Flyt...	82,900	81,600	53,166 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	82,900	81,600	53,166 67
4. Önnur útgjöld:			
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn ... ... 1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirréttinn ... 50 —			
c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum ..... 50 —			
d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl. 50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál 3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál ... ... 300 —			
g. til að gefa út dómasafn, alt að 15 kr. fyrir hverja örk... ... ... 150 —			
h. útgjöld við sáttamál ... ... 50 —			
	5,250	5,250	
	88,150	86,850	175,000
C. Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), 43 kr. örkin 2,580 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum 450 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, alt að 40 kr. fyrir örkina ... ... 1,200 —			
	4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar	900	900	
4. styrkur til eflingar búnaði:			
a. til búnaðarskóla:			
1. til skólans í Ólafsdal ... ... 2,500 kr.			
2. til skólans á Hólum ... ... 2,500 —			
3. til skólans á Eiðum ... ... 2,500 —			
4. til skólans á Hvanneyri ... ... 2,500 —			
10,000 kr.			
b. til búnaðarfélaga..... ... ... 18,000 —			
c. til búnaðarfélags Íslands ... ... 7,000 —			
	35,000	35,000	
5. til kenslu í mjólkurmeðferð.....	2,000	2,000	
Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands með því skilyrði, að félagið útvegi mann frá Danmörku, er hafi fullkomna kunnáttu og góða æfingu í			
Flyt...	45,080	45,080	228,166 67

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
	Fluttar...		45,080	45,080	228,166 67
	mjólkurmeðferð samkvæmt því, sem gerist á góðum mjólkursamlagsbúum í Danmörku. Maður þessi sé ráðinn til 2 eða 4 ára, til þess að kenna á góðu mjólkurbúi í landinu, helzt á Hvanneyrarskóla, tilbúning osta og smjörs með þeim áhöldum og aðferðum, sem hægt er að koma við á hinum stærri sveitabúum hér á landi, og fari kenslan fram kostnaðarlaust fyrir nemendur.				
6.	Til gróðrartilrauna		2,000	1,500	
	Styrkur þessi veitist Búnaðarfélagi Íslands, með því skilyrði, að félagið komi á fót gróðrartilraunastöð í grend við Reykjavík, og ráði mann til að standa fyrir tilraunum og annast þær að öllu leyti.				
7.	Styrkur til Gullbringusýslu		10,000		
	Veitist sýslunefndinni með því skilyrði, að hún verji styrknum til jarðræktar í þeim hreppum sýslunnar, sem bágast eru staddir, þannig að fátækustu menn sitji fyrir vinnu við jarðarbæturnar, en sveitarfélögin eignist hin ræktuðu svæði.				
8.	Styrkur til útgáfu búnaðarrits 20 kr. fyrir örkina		240	240	
9.	a. Laun handa tveim dýralæknum		2,400	2,400	
	b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík		400	400	
10.	Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu		300	300	
11.	Til vita:				
	a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa	kr. 300			
	b. til eftirlitsferða	100			
	c. til vitans á Reykjanesi:				
	1. til launa vitamannsins.....1,200				
	2. fyrir olíu 200				
	3. fyrir lampakveiki o. fl. 150				
	4. fyrir steinkol... 160				
	5. flutningskostnaður... 250				
	6. til viðhalds á húsum og áhöldum 300				
	7. eftirgjald eftir lóðina 30				
	8. til að byggja geymsluhús fyrir olíu og fl. 1900... 300	2,590			
	d. til vita á Skagatá:				
	1. til vitamanns 400				
	Flyt 400	2,990	60,420	49,920	228,166 67

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
Fluttar 400	2,990	60,420	49,920	228,166 67
2. fyrir olíu 150				
3. — lampakveiki o. fl, ... 100				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum 200				
5. steinkol 100				
6. flutningskostnaður... 75				
7. eftirgjald fyrir lóðina 16	1,041			
e. til vita við Gróttu:				
1. til vitamanns 400				
2. fyrir olíu.. 125				
3. — lampakveiki o. fl. 100				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum... 160				
5. steinkol 60				
6. flutningskostnaður 40	885			
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð	500			
Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð, og má þá útvega tvo spegla til þeirra í skiftum fyrir tvo spegla, er áður voru notaðir í Reykjanesvitanum.				
1. til vitagerðarinnar 1900 2,000				
2. til vitamanns, hvort árið..... 400				
3. fyrir olíu 175				
4. fyrir lampakveiki o. fl. 150				
5. til viðhalds á húsum og áhöldum 80				
6. flutningskostnaður 50				
	2,855			
h. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	50			
i. Styrkur til ljóskers á Skipaskaga ... veitist með því skilyrði, að um tendrun á ljóskerinu fari eftir auglýsingu landshöfðingja 31. maí 1894.	75			
		8,396	6,096	
Flyt...		68,816	56,016	228,166 67

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	68,816	56,016	228,166 67
12. Til nýrra þríhyrninga- og strandmælinga á suðvesturhlið Reykjaness fyrir 1900	5,000		
13. Til kostnaðar við eftirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði	1,000	1,000	
	74,816	57,016	131,832
Samtals...	.....	....	359,998 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 197,260 kr. 08 a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
1. Laun	40,190	40,190	80,380
2. Styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sléttuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
Flyt...	40,190	40,190	80,380

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	40,190	40,190	80,380
	o. til læknis í Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
	p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þorleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	16,000	16,000	32,000
3.	Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri...	800	800	1,600
4.	Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.	150	150	300
5.	a. Styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	4,000
	b. Styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eftir reikningi, hvort árið alt að 300 kr.	300	300	600
6.	Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
7.	Ársútgjöld við holdsveikraspítalann:			
		kr. a.		
	a. Laun til starfsmanna..... 4,940			
	b. Viðurværi:			
	1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag..... 8,322 kr.			
	2. handa 17 starfsmönnum...247 kr.			
	12 a. á ári..... 4,184 kr. 04 a.			
	——————— 12,506.04			
	c. klæðnaður sjúklinga..... 600			
	d. meðöl og sáraumbúnaður..... 1,500			
	e. eldsneyti 3,500			
	f. ljósmeti 570			
	g. viðhald á húsum..... 1,200			
	Flyt 24,816.04	60,440	60,440	120,880

		1900.	1901.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Fluttar...	24,816.04	60,440	60,440	120,880
h. húsbúnaður og áhöld	600			
i. þvottur og ræsting	600			
k. greftrunarkostnaður	250			
l. flutningskostnaður	200			
m. til að skemta sjúklingum	200			
n. hestafóður	300			
o. ýmisleg gjöld	1,000	27,966 04	27,966 04	55,932 08
8. Útgjöld við bólusetningar		500	500	1,000
9. Önnur útgjöld:				
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri	400 —			
c. — — —— á Ísafirði	400 —			
d. — — —— á Seyðisfirði	400 —			
e. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa	24 —			
f. til náms yfirsetukvenna	2,000 —			
g. til verkfæra handa yfirsetukonum	400 —			
h. gjöld samkvæmt 13. gr. í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma 31. jan. 1896	1,000 —	5,824	5,824	11,648
10. Styrkur til að semja og gefa út nýa ljósmóðurfræði, alt að		800		800
11. Styrkur til útbúnings og áhalda handa sjúkrahúsinu á Seyðisfirði 4000 kr. (fyrra árið)		4,000		4,000
12. Til sjúkrahúsbyggingar á Patreksfirði annað árið alt að		3,000		3,000
Veitist með því skilyrði, að helmingi hærri upphæð verði veitt til fyrirtækisins annarsstaðar frá.				
Samtals		102,530 04	94,730 04	197,260 08

12. gr.

Til samgöngumála veitast 455,900 kr.

A.		1900.	1901.	alls.
Til útgjalda við póststjórnina:		kr.	kr.	kr.
1. Laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	8,100 —			
Flyt	11,100 kr.			

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
	Fluttar... 11,100 kr.				
	2. handa tveim póstafgreiðslumönnum í Reykjavík ..... 2,500 —				
	c. handa bréfhirðingarmönnum ..... 6,000 —				
			19,600	19,600	
2.	póstflutningur.....		40,000	40,000	
3.	til póstvagnferða í viku hverri frá 15. júní til 1. okt. frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að ..... Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.		600	600	
4.	önnur útgjöld:	1900. kr.	1901. kr.		
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	2,000	2,000		
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um	200	200		
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	200	200		
	d. fyrir prentun á ýmsu	1,000	1,000		
	e. til áhalda	1,500	1,500		
	f. til bréfaburðar í Reykjavík.....	400	400		
	g. óviss gjöld.....	200	200		
	h. til viðhalds húsi og áhöldum.....	1,500	100		
			7,000	5,600	
5.	til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum		500		
	samtals ..		67,700	65,800	133,500
	B.				
	Til vegabóta:				
1.	til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur:				
	a. laun 3,000				
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum 500				
	3,500		3,500	3,500	
	...Flyt		3,500	3,500	133,500

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	3,500	3,500	133,500
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að	1,500	1,500	
3. til flutningabrauta.....	20,000	20,000	
4. til þjóðvega	50,000	50,000	
5. til fjallvega	5,000	5,000	
6. styrkur til Ísafjarðarsýslu til að gjöra veg yfir Breiðadalsheiði alt að ..... Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram að minsta kosti jafnmikla upphæð.	2,500		
7. Styrkur til Borgarfjarðarsýslu til að gjöra veg frá Skipaskaga að Blautós alt að..... Veitist með því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það, sem til vantar til að fullgjöra veginn, að minsta kosti jafnmikla upphæð.	2,400		
8. Styrkur til Dalasýslu til brúargerðar á Laxá í Laxárdal, þriðjungur kostnaðar, alt að.....	1,700		
	86,600	80,000	
			166,600
C.			
1. Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafélags, 3. og 4. ársborgun af 5 ára styrk, með þeim skilyrðum, að félagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli Íslands á eina hlið og Danmerkur og Stóra-Bretlands á hina, og umhverfis Ísland, samkvæmt ákvæðunum á fjárlögunum fyrir 1898 og 1899	50,000	50,000	
2. Til gufubátaferða: kr. a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að ..... 7,700 b. á Ísafjarðardjúpi.. 2,500	10,200	10,200	
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi eftir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefnda. Af upphæðinni undir stafl. a má verja 200 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem séu að minsta kosti tvær ferðir, milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyar og Holtsvara.			
Styrkurinn undir staflið a og b greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomustöðum ár sérstaks endurgjalds.			
Flyt...	60,200	60,200	300,100

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	60,200	60,200	300,100
4. Styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn alt að..... Veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Árnessýslu verji að minsta kosti jafnmikilli upphæð til fyrirtækisins, og að verkið verði að áliti verkfræðings vel af hendi leyst.	400		
	60,600	60,200	120,800
D.			
Til ritsíma milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, alt að ... . Að því tilskildu, að sá, er leyfi fær til að leggja ritsímann í sæ, veiti 300,000 kr. tillag til lagningar á ritsíma yfir land milli þess staðar, er sæsíminn kemur í land á Íslandi og Reykjavíkur, má stjórnin ákveða, að sæsíminn sé lagður á land á Austurlandi. Auk þess er stjórninni heimilt, ef til þess kemur, að verja á fjárhagstímabilinu alt að 75,000 kr. til þess að undirbúa landsímalagninguna og til að útvega efni og áhöld til þess.	.....	35,000	35,000
Samtals...	.....	.....	455,900

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 321,166 kr. » a.

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	1,700	1,700	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti.	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. bráðabirgðar-uppbót á Meðallandsþingum.....	200	200	
6. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum.....	3,000	3,000	
7. bráðabirgðar-uppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi.....	100	100	
Flyt...	21,800	22,300	

		1900.	1900.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	21,800	22,300	
8.	til að endurreisa 2½ fallin prestmötukúgildi á Laugarbrekku í Nesþingum og sem uppbót til síra Helga Árnasonar fyrir prestsmötumissi..... gegn því, að jörðin Laugarbrekka með hjáleigum Holti og Hóli verði afsöluð landssjóði til eignar.	400		
9.	styrkur til síra Gísla Kjartanssonar fyrir flutning og byggingu staðarhúsa á Felli í Mýrdal ...	600		
10.	endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
		23,800	23,300	
				47,100
	B.			
	Kenslumálefni:			
I.	Til prestaskólans:			
	a. laun.....	9,200	9,200	
	b. önnur útgjöld:			
	1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1900 og 16 1901, 80 kr. handa hverjum..... 1900. 960 kr. 1901. 1,280 kr.			
	2. námsstyrkur..... 800 — 1,000 — Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
	3. til tímakenslu..... 100 — 100 —			
	4. til bókakaupa..... 300 — 300 —			
	5. til eldiviðar og ljósa... 150 — 150 —			
	6. til umsjónar..... 100 — 100 —			
	7. ýmisleg útgjöld..... 200 — 200 —			
	8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að..... 250 — 250 —			
		2,860	3,380	
		12,060	12,580	
				24,640
II.	Til læknaskólans:			
	a. laun.....	3,200	3,200	
	Flyt...	3,200	3,200	71,740

	1900.	1901.	1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar			3,200	3,200	71,740
b. önnur útgjöld:					
1. námsstyrkur	1,200 kr.	1,200 kr.			
Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.					
2. eldiviður, ljós og ræsting	200 —	200 —			
3. til bókakaupa og verkfæra	500 —	500 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 16 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	1,280 —	1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld	100 —	100 —			
			3,880	3,880	
			7,080	7,080	14,160
III. Til hins lærða skóla:					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfé:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum		700 —			
— dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —			
			2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:	1900.	1901.			
1. til bókasafns skólans	720 kr.	720 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,200 —	1,200 —			
3. til skólahússins utan og innan	3,200 —	1,400 —			
4. til tímakenslu og prófdómenda	1,050 —	1,050 —			
5. Laun cand. mag.					
Fluttar:	6,170 kr.	4,370 kr.	21,700	21,700	85,900

		1900.	1901.		1900.	1901.	alls.
					kr.	kr.	kr.
		1900.	1901.				
	Fluttar:	6,170 kr.	4,370 kr.		21,700	21,700	85,900
	Bjarna Jónssonar sem aukakennara	1,300 —	1,300 —				
6.	námsstyrkur.....	4,500 —	4,500 —				
	Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið og greiðist fyrri hluti styrksins að afloknu miðsvetrarprófi, en síðari hlutinn síðast í maímánuði.....						
7.	húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —				
8.	þóknun handa lækni	100 —	100 —				
9.	ýmisleg útgjöld.....	800 —	800 —				
10.	fyrir prestsverk	48 —	48 —				
11.	til vísindalegra áhalda við kenslu:						
	a. í náttúrusögu.....	200 —	200 —				
	b. í eðlisfræði.....	400 —	400 —				
12.	til þess að gefa út kenslubækur handa lærða skólanum, 25 kr. fyrir örkina	600 —	600 —				
13.	til áhalda við leikfimiskenslu	200 —	200 —				
					15,038	13,238	
					36,738	34,938	71,676
IV.	Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:						
	a. laun				6,600	6,600	
	b. önnur útgjöld:	1900.	1901.				
	1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna..	400 kr.	400 kr.				
	2. til eldiviðar og ljósa.	500 —	500 —				
	3. til skólahússins utan og innan	200 —	200 —				
	4. ýmisleg útgjöld	500 —	500 —				
	5. til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —				
					2,000	2,000	
					8,600	8,600	17,200
				Flyt...	.....	.....	174,776

			1900.	1901.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	.....	.....	174,776
V.	Til stýrimannaskólans:				
	a. laun		3,000	3,000	
	b. önnur útgjöld:				
	1. til tímakenslu	1,200 kr.	1,200 kr.		
	2. til áhaldakaupa o. fl.	1,100 —	300 —		
	3. til eldiviðar og ljósa	500 —	500 —		
	4. ýmisleg útgjöld	600 —	500 —		
	5. til að kaupa lóð 2 kr. fyrir □ faðm., alt að	440 —	3,840	2,500	
			6,840	5,500	12,340
VI.	Til annarar kenslu:				
	a. til kvennaskóla:				
	1. til kvennaskólans í Reykjavík... þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.	2,500 kr.			
	2. til kvennaskóla Húnvetninga ...	2,200 —			
	3. til kvennaskóla Eyfirðinga	2,200 —	6,900	6,900	
	b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemandafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.		5,500	5,500	
	2. til sveitakennara, alt að 80 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna.		5,500	5,500	
	c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...		2,500	2,500	
	d. til kennarafræðslu		2,800	2,800	
	e. námsstyrkur handa kennaraefnum, 50 krónur handa hverjum, alt að 500 kr. hvort árið....		500	500	
	f. til skólaiðnaðar-kenslu		500	500	
	g. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....		1,000	1,000	
	h. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur		300	300	
	i. til kenslu heyrnar- og málleysingja		5,000	5,000	
		Flyt...	30,500	30,500	187,116

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar:	30,500	30,500	187,116
j. til sira Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kenslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	30,650	30,650	61,300
VII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík	200	200	
Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kenslu.			
b. til sundkenslu annarsstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	600	600	
	1,800	1,800	3,600
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmenta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,500	1,500	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900	900	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá og til samnings spjaldskrár	4,000	4,000	
d. til eldiviðar og áhalda, m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins 500 kr.			
b. til amtsbókasafns Austuramtsins 400 —			
c. til amtsbókasafns Vesturamtsins 400 —	1,300	1,300	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. til landsskjalasafnsins:			
a. laun skjalavarðar, sem landshöfðingi skipar	1,200	1,200	
b. til að koma safninu fyrir og til viðhalds	500	200	
Flyt:	10,150	9,850	252,016

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	10,150	9,850	252,016
4. til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
5. til Þjóðvinafélagsins	750	750	
6. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 600 —			
c. til húsnæðis og hita..... 2000 —			
d. til að flytja safnið og koma því fyrir alt að .... 800 —			
	4,400	3,600	
7. til Fornleifafélagsins: til útgáfu árbókar..... útborgist því að eins, að árbók fornleifafélagsins komi út hvort árið.	300	300	
8. styrkur til að gefa út bækling um Ísland með myndum og kortum vegna Parísarsýningarinnar...	1,000		
9. til Náttúrufræðisfélagsins .... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 100 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.	500	500	
10. Styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
11. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að sams konar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið.....	800	800	
12. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna ...	300	300	
Flyt...	21,000	18,900	252,016

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	21,000	18,900	252,016
13. til rannsókna á byggingaefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð, alt að ..... Fé þessu skal varið eftir tillögum búnaðarfélags Íslands.	3,000	3,000	
14. styrkur til tveggja manna til að nema dýralækningar 600 kr. til hvors	1,200	1,200	
15. styrkur til Guðjóns Guðmundssonar til landbúnaðarnáms við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn	500	500	
16. Til síra Matthíasar Jochumssonar ..... Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að síra Matthías fái lausn frá embætti eftir eigin ósk, og má veita honum þá lausn, enda þótt hin almennu skilyrði fyrir því séu eigi fyrir hendi, en haldi hann áfram prestskap, veitast honum 600 kr. hvort árið.	2,000	2,000	
17. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
18. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
19. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300	300	
20. til skólakennara Geirs Zoëga til að semja íslenzk-enska orðabók.	500	500	
21. Styrkur til yfirdómara Jóns Jenssonar og landritara Jóns Magnússonar til að gefa út lagasafn handa alþýðu 4. bindi 20 kr. fyrir örkina, gegn því að bókin verði seld með vægu verði.....	400		
22. Styrkur til amtmanns Páls Briem til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 20 kr. fyrir örkina.....	200	200	
23. til cand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
24. til kapteins í sjóliðinu Ryders til tilrauna við skógarrækt hér á landi	1,000		
Flyt ..	32,200	28,700	252,016

	1900.	1901.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	32,200	28,700	252,016
25. styrkur til Stefáns kennara Stefánssonar til að rannsaka fóður- og beitijurtir	1,000	1,000	
26. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	1,000		
27. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	1,000		
28. til Leikfélags Reykjavíkur alt að..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu helming á móts við styrkinn úr landssjóði.	300	300	
29. til snikkara Jóns Sveinssonar í Reykjavík fyrir byggingaruppdrátt til stýrimannarkólans	250		
30. til cand. theol. Haralds Níelssonar, styrkur til utanfarar til að stunda hebreska tungu og skýringar gamla testamentisins	600		
31. til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	600	600	
32. til Halldórs Lárussonar til að fullkomna sig í hraðritun og til að kenna hana	400	400	
33. Styrkur til hússtjórnarskólans í Reykjavík	800		
	38,150	31,000	69,150
Samtals ..	.....	.....	321,166

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 90,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr., sem viðbót við eftirlaun hans, til síra Þorkels Bjarnasonar 500 kr., sem viðbót við væntanleg eftirlaun hans; til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr., til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr., til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

Stjórninni er heimilt að veita kennara við lærða skólann, Dr. phil. Þorv. Thoroddsen, lausn frá embætti með eftirlaunum, enda þótt hin almennu skilyrði fyrir þeirri lausn séu eigi fyrir hendi, og skulu eftirlaunin vera 2000 kr. á ári; þó hætti eftirlaun hans, ef hann á ný fær launað embætti í hinu danska ríki.

Síra Pétur Guðmundsson frá Grímsey heldur eftirlaunum sínum óskertum, þó að hann fái prestakall á fjárhagstímabilinu.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 99,024 kr. 75 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita alt að 30,000 kr. lán hvort árið til þilskipakaupa frá útlöndum, er veitast einkum þeim mönnum eða félögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í áreiðanlegri vátryggingu og í fyrsta eða öðrum flokki. Eigi má lána meira en 4,000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til sveitarfélaga, þó ekki yfir 2000 kr. til hvers. Lán þessi ávaxtast með 3% árlega og sé afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en borgist síðan á 15 árum. Lánum þessum sé ennfremur settir þessir skilmálar:

1. Lánsfé veitist samkvæmt beiðni frá sveitarstjórn til landshöfðingja og eingöngu til jarðabóta, er sé sams konar og þær, sem styrktar eru af landssjóði.
2. Þeir, sem lánin taka fyrir milligöngu sveitarfélaga, verji hver um sig til jarðabóta fyrstu 5 árin, sem lánið stendur, auk lánsupphæðarinnar, $\frac{1}{3}$ á móti henni. Dagsverk við jarðabætur þessar skal metið 2 kr.
3. Jarðabæturnar sé samkvæmt vottorði skynbærra manna, er sýslunefnd kveður til að skoða þær, hyggilega stofnaðar og vel unnar.
4. Landshöfðingja sé, eftir nánari fyrirmælum hans, send þau skírteini, er hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að framannefndum skilmálum sé fullnægt.
5. Sé einhverjum af skilmálum þessum ekki fullnægt, er lánið þegar að sama skapi fallið í gjalddaga.
6. Lánbeiðslur sveitarstjórna sé komnar til landshöfðingja fyrir 14. dag maímán. 1900, og veitist eigi neitt af lánum fyr en þann dag.
7. Lán til einstakra manna séu aldrei lægri en 200 kr. til hvers.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 20,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum á Íslandi. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands, og gegn ábyrgð sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, sé afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist síðan á 20 árum.

Öll þessi lán veitist þó því að eins, að fé sé fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera.

19. gr.

Ef

1. Frv. til laga um skipun læknahéraða á Íslandi;
2. — — — — breyting á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla;
3. — — — — brú og ferju á Lagarfljóti;
4. — — — — eftirlaun;
5. — — — — aðflutningsgjald af tóbaki;
6. — — — — útflutningsgjald á hvalafurðum;
7. — — — — viðauka við lög 13. apr. 1894 um vegi;
8. — — — — viðauka við lög 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr. 1872;

9. Frv. til laga um undirbúning og stofnun klæðaverksmiðju á Íslandi;
10. — — — — verðlaun fyrir útflutt smjör;
11. — — — — burðareyri innanlands undir íslenzk blöð og tímarit í krossbandi;
12. — — — — breyting á 1. gr. í lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði;
13. — — — — verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi;
14. — — — — stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík;
15. — — — — breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885;
16. — — — — stofnun landsspítala í Reykjavík;
17. — — — — stofnun Ræktunarsjóðs Íslands.

öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt því.